

Skyrsla forseta

um störf Alþýðusambands Íslands 2021

45. þing ASÍ 10.-12. október 2022



SKÝRSLA FORSETA
um störf
Alþýðusambands Íslands
árið 2021

Skýrsla forseta ASÍ 2021

Skýrsla forseta um störf ASÍ er unnin af starfsfólk í skrifstofu ASÍ, á ábyrgð deildarstjóra. Nokkrir kaflar eru teknir saman með aðstoð samstarfsfólks úr verkalyðshreyfingunni, starfsfólk Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Virk-Starfsendurhæfingarsjóðs og Listasafns ASÍ.

Ritstjóri: Snorri Már Skúlason

Ábyrgðarmaður: Drífa Snædal

Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Myndir: Lárus Karl og starfsfólk ASÍ

Kápuhönnun: Tómas Bolli Hafþórsson

Skýrsla lögð fyrir 45. þing ASÍ 19.-21. október 2022

Reykjavík, október 2021 – Ísafoldarprentsmiðja

Efnisyfirlit

Inngangur	6
44. þing ASÍ 21. október 2020	8
Ávarp forseta ASÍ	9
Ávarp félags- og barnamálaráðherra	13
Ávarp varaformanns ASÍ-UNG	16
Kjörbréfaneftnd	21
Afgreiðsla kjörbréfa	22
Lagabreytingar	23
Umræður	24
Skýrsla forseta og reikningar ASÍ	34
Afgreiðsla ályktana	37
Kjör í embætti	42
Þingfulltrúar á 44. þungi ASÍ 2020	46
Ályktanir 44. þings ASÍ 2020	58
Fundargerð formannafundar ASÍ - janúar 2021	60
Ávarp forseta	61
Umræður	62
Fundargerð formannafundar ASÍ - júní 2021	74
Ávarp forseta ASÍ	75
Yfirlýsing um stuðning stjórnvalda við lífskjarasamninginn – staða mála	79
Gul stéttarfélög og staða verkalýðshreyfingarinnar	90
Starfsemi skrifstofu ASÍ – skipurit og breytingar	94
Af vettvangi miðstjórnar	98
Ályktanir miðstjórnar	106
„Það er nóg til“	118
Áherslur ASÍ fyrir alþingiskosningarnar 2021	121
Efnahagsmál	126
Kjaramál	133
Kjaradeila Flugfreyjufllags Íslands og SA vegna Icelandair	133
Starfsemi flugfélagsins Play	134
Réttarstaða atvinnubifreiðastjóra (leigubifreiðastjóra)	134
Frumvarp til nýrra starfskjaralaga og ákvæði um félíti	141
Kjaratölfræðinefnd	148
Atvinnumál	150
Húsnaðismál	154
Lífeyrismál	156
Umhverfismál	165
Verðlagseftirlit ASÍ	173
Vörukarfa ASÍ	179

Félags- og vinnumarkaðsmál	184
Baráttan gegn gulum stéttarfélögum.....	185
Jafnréttismál	186
Útlendingar á vinnumarkaði	188
Þróun búferlaflutninga til Íslands	188
Staða flóttafólks á vinnumarkaði	195
Túlkun og þýðingar.....	195
Vinnustaðaeftirlit	196
Nefnd um breytta tilhögun við skipun dómara í Félagsdóm	197
Persónuvernd og ASÍ	198
Tímabundin nefnd um ótrygg ráðningarsambönd	198
Aldursmismunun – kæra til úrskurðarnefndar um jafnréttismál	199
Nefnd um heildarendurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar.....	199
Ábyrgðasjóður launa	199
Fræðslu- og menntamál.....	201
MFA – Svið fræðslu og þekkingar	202
Kynningar í framhaldsskólum	204
Fagháskólastigð	205
Félagsmálaskóli alþýðu	207
Samstarf við Fræðslusetrið Starfsmennt	209
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	210
Námskrár og námslýsingar	211
Ráðgjöf um nám og störf	213
Kennslufræðimiðstöð	215
Mímir.....	217
Mannauður	220
Fræðsla	221
Íslenska sem annað mál	223
Ráðgjöf og stöðumat.....	225
Próunar- og samstarfsverkefni	227
Gæðamál	227
Kynningar- og markaðsmál.....	228
Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar	228
Erlend samskipti	231
Norraðna verkalýðssambandið – NFS	231
SAMAK	232
Verkalýðshreyfingin í Norður-Atlantshafi (VN).....	232
Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC	232
Ráðgjafarnefnd EFTA	233
Alþjóðasamband verkalýðsfélaga (ITUC)	234
NJFM – Samráðsfundur lögfræðinga innan aðildarsamtaka NFS	234

Alþjóðavinnumálastofnunin – ILO	234
TUAC	236
Lagabreytingar og skipulagsmál	238
ASÍ-UNG.....	240
Sjötta þing ASÍ-UNG	240
Ávarp forseta ASÍ	242
Skyrsla stjórnar	244
Lagabreytingatillögur	246
Kosning til stjórnar	253
Starfið fyrri hluta árs 2021	257
Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ	258
Starfsfólk á skrifstofu ASÍ 1. september 2021	259
Listasafn ASÍ - 2021.....	261
Bjarg - íbúðafélag	267
Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins.....	268
VIRK Starfsendurhæfingarsjóður	270
Samstarf við aðila velferðarkerfisins	272
Samstarf við lífeyrissjóði	273
Árangur VIRK.....	275
Mat á ávinnungi starfsendurhæfingar	278
UNG19 – Ungt fólk í starfsendurhæfingu	281
VelVIRK - Forvarnarverkefni VIRK	281
Umsagnir um þingmál.....	283
Fulltrúar ASÍ í nefndum og ráðum	334
Starfsnefndir miðstjórnar ASÍ	349
Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna	353
ASÍ í fréttum	354
Kynjabókhald	355
Fjöldi félagsmanna í ASÍ eftir landssamböndum/félögum/deildum ..	366
Stjórnir landssambanda, aðildafélaga og deilda.....	372
Reikningar ASÍ og stofnana	391



Inngangur

Skýrsla forseta um störf ASÍ árið 2021 er hugsuð til afnota inni í verkalýðshreyfingunni sjálfri, fyrir félögin, forystumennina og starfsfólkid á skrifstofum verkalýðsfélaganna. Hún er uppflettirit þar sem finna má á einum stað allt það helsta sem fram hefur farið á vettvangi Alþýðusambandsins frá september 2020 til september 2021.

Líkt og samfélagið allt einkenndist starf ASÍ af óvissu og viðbrögðum við veirunni og þeim takmörkunum sem sóttvarnir lögðu á daglegt líf fólks og atvinnulífið. Stefnumótun sambandsins tók mið af aðgerðum á vinnumarkaði til að tryggja afkomu fólks og viðhalda ráðningarsamböndum eins og það var hægt. Hækkan atvinnuleysisbóta og lenging tekjutengda tímabils bótanna var eitt af fjölmögum atriðum sem náðust í gegn hjá stjórnvöldum og urðu til að léttá róðurinn fyrir atvinnuleitendur. Þá skipti miklu máli verkefnið „Hefjum störf“ þar sem greitt er riflega með atvinnuleitendum sem hafa lengi verið án vinnu út á vinnumarkaðinn aftur. Hverníg þessar aðgerðir hafa reynst í raun á eftir að koma í ljós en til skamms tíma þá hefur fækkað verulega á atvinnuleysisskrá. Reynsla fyrrí niðursveiflna hefur hins vegar kennt okkur að töluvert átek fyrir marga að komast aftur út á vinnumarkað eftir langvarandi atvinnuleysi og það verkefni bíður.

Í september árið 2020 var endurskoðunarákvæði kjarasamninga en samdóma niðurstaða samninganefndar ASÍ var að standa vörð um samningana þó stjórnvöld hefðu dregið lappirnar í að uppfylla þau loforð sem gefin voru í tengslum við samningana 2019. Atvinnurekendur höfðu í hótunum að segja samningunum upp vegna breyttra efnahagsforsendna en ákváðu fyrirsjánlega að standa með samningunum eftir að hafa fengið afslátt af tryggingagjaldi hjá stjórnvöldum. Í þessum rituðu orðum er enn fram undan endurskoðunarákvæði og í raun sama staða uppi og fyrir ári síðan, stjórnvöld hafa ekki staðið við sinn hluta og útséð með að þau muni gera það á yfirstandandi kjörtímbili. Aðrar forsendur hafa þó staðist: Vaxtalækkun og kaupmáttaraukning.

Risastór loforð stjórnvalda sem skipta almenning miklu máli voru svikin og má þar nefna endurskoðun lífeyrissjóðslaganna, lög sem tryggja réttindi leigjenda og verðtryggingarmálin. Starfskjáralögin sem hefðu samþykkt hugmyndina um sektir atvinnurekenda fyrir launaþjófnað ásamt lögfestingu samráðs um eftirlit á vinnumarkaði voru ekki lögð fram en í því máli náðist ekki samstaða innan raða ASÍ, því miður. Endurskoðunin á kjarasamningunum að þessu sinni lendir ofan í þingkosningum sem mun sennilega lita niðurstöðuna.

Alþýðusambandið ákvað að leggja mikla áherslu á kosningabaráttuna til þingkosninga enda skiptir vinnandi fólk miklu máli hvaða áherslur stjórnvöld leggja hverju sinni. Áherslur ASÍ lutu að heilbrigðismálum, húsnæðismálum, að tryggja afkomu fólks og að verja velferðarkerfin okkar í gegnum niðursveiflu efnahagslífsins og áfram. Þetta verkefni hefur gefið góða raun og krafðið stjórnmálaöfl svara um þessi atriði þannig að vinnandi fólk hefur betri tekifær til að kjósa með eigin hagsmunum.

Aðför að hinni skipulögðu verkalýðshreyfingu er ekki ný af nálinni en síðastliðið ár hefur heldur betur verið krefjandi. Með tilkomu flugfélagsins Play og samninga sem gerðir voru við IFF – félag sem varla getur talist stéttarfélag, var talið tilefni til að bregðast harkalega við og hvetja til sniðgöngu gagnvart Play. Flugfélagið neitar að eiga samtal við eina raunverulega stéttarfélag flugfreyja og samningarnir sem þeir byggja launagreiðslur á standast engin viðmið sem vinnandi fólk hefur barist fyrir áratugum saman. Baráttan gegn svona skipulögðu niðurbroti á kjörum stórra hópa verður örugglega viðfangsefni næstu missera og mun lita störf okkar og samskipti við samtök atvinnurekenda.



44. þing ASÍ 21. október 2020

44. þing Alþýðusambands Íslands var haldið miðvikudaginn 21. október. Þingið var haldið rafrænt til að bregðast við samkomutakmörkunum og sóttvarnarákvæðum vegna Covid-19 faraldursins.

Fyrsti hluti þingsins, ávörp forseta ASÍ og gesta, var að venju opinn og var honum streymt á vef ASÍ.

Pinghald hófst kl. 10:00.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, 1. varافorseti ASÍ, bauð þingfulltrúa velkomna á fyrsta rafræna þing Alþýðusambandsins í rúmlega 100 ára sögu þess. Þá fór hann yfir aðstæður í samféluginu vegna Covid-19 og kynnti hann fyrirkomulag rafræns þings ásamt því að fara yfir ýmis hagnýt atriði er varðar tæknimál. Lýsti hann jafnframt forsendum þess að þingið væri stutt og einungis farið yfir helstu mál og að öll málefnavinna myndi í ljósi aðstæðna fara fram á framhaldspungi sem stefnt væri á að halda nk. vor.

Ávarp forseta ASÍ

Kærur félagar,

við höfum marga fjöruna sopið síðustu tvö ár og það er frekar dapurt að geta ekki hist í persónu núna, lagt á ráðin, gert upp síðustu ár og brýnt okkur fyrir það sem koma skal. Það er þó huggun harmi gegn að við getum hist í rafheimum með sameiginlega tilfinningu um hvað skiptir máli. Að horfa á þrjú hundruð nöfn spretta upp á skjá, mörg með mynd, er sýnileg áminning um að við erum fjöldahreyfing sem teygir anga sína um allt landið og inn í flestar starfsstéttir. Saman eיגum við þetta magnaða afl sem er verkalýðshreyfingin. Hreyfingin okkar er eins og stórfjót, rennur í farvegi sem hefur verið mótaður í áranna rás en brýtur sér stundum leið í nýjan farveg, stundum er án vatnsmikil svo jafnvel flæðir yfir bakkana en stundum er hún straumléttari. Ég veit ekki hvort þetta er besta myndlískingin en ég veit að við búum yfir afli sem hægt er að líkja við náttúruafl. Krafturinn er mikill og stundum óbeislaður, á köflum eru flúðirnar svo aferandi að það má vart greina í hvaða átt vatnið rennur. En fljótið heldur samt áfram að renna, farvegurinn markast af vatninu og markmið okkar er skýrt: bætt lífskjör og betra samfélag.

Við höfum sannarlega náð árangri síðustu tvö árin frá því við hittumst síðast. Fram að COVID í upphafi árs hafði hagur launafólks batnað tölувvert. Kjarabæturnar birtust í ýmsum myndum: Lækkun vaxta, lækkun skatta, hærri laun og hærri barnabætur eru þar á meðal. Allt þetta kom til vegna baráttu okkar og þeirra samninga sem gerðir voru fyrir okkar tilstuðlan. Við verðum að muna eftir að fagna þeim árangri sem við höfum náð á meðan við heitum því að halda áfram. Og það er mikil verk óunnið. Við erum með loforð frá stjórnvöldum um að breyta lögum um lífeyrissjóðina til að tryggja betur lífeyrissréttindi launafólks. Við eигum eftir að sjá raungerast loforð um aukna vernd fyrir leigjendur, markviss skref til að afnema verðtrygginguna og ný lög gegn félagslegum undirboðum og launajónfnaði auk aðgerða gegn mansali. Þetta er allt saman í pípunum, í sumum tilvikum bíða okkar slagir um útfærslu, en í öllum tilfellum hefur okkur þokað fram á við.

Eins og heimurinn allur fengum við risaverkefni í fangið í upphafi árs þegar heimsfaraldur skall á. Við búum í nýjum veruleika sem er ógnvekjandi og það reynir á okkur sem einstaklinga, sem hreyfingu og sem samfélag. Atvinnuleysi er eitur í okkar beinum og í gegnum tíðina höfum við lagt mikil undir í baráttunni fyrir að verja störf og afkomu fólks. Störfir eru hins vegar horfin í bili og hátt í 20 þúsund manns eru án atvinnu hér á landi. Atvinnuleysi er í sögulegum haðum og okkar stóra verkefni er að takast á við það, að knýja á um vinnumarkaðsaðgerðir sem mæta þessum vanda og tryggja afkomu fólks. Að auki hefur fjöldinn allur misst tekjur vegna minnkandi starfshlutfalls, minni yfirvinnu og hlutabóta og annarra þátta. Strax í vor hlutuðumst við til

um aðgerðir til að minnka skaðann; laun í sóttkví, hlutabótaleið, nýsköpun og laun á uppsagnarfresti voru hluti af þeim úrrædum sem stjórnvöld buðu sem viðbrögð við kreppunni. Í vor héldum við reyndar að bráðauárrædin þyrftu að dekka einn til two mánuði og ferðapjónustan myndi taka við sér fljótt og vel. Nú vitum við betur og þetta verður langhlaup en ekki sprethlaup. Það er hlutverk verkalýðshreyfingarinnar að bjóða lausnir og framtíðarsýn og í vor kynntum við stefnuskjal undir heitinu „Rétta leiðin – frá kreppu til lífsgæða“ þar sem við vörðuðum veginn út úr kreppunni til að vernda lífskjör og framfærslu og byggja upp betra samfélag. Á krepputímum eru teknar ákvárdanir sem móta framtíðina og það er okkar að sækja fram fyrir hönd almennings í landinu og tryggja að slíkar ákvárdanir séu í págu okkar allra. Markmið er að stuðla að nýrri atvinnusköpun og jafnara samfélagi, atvinnusköpun í sátt við umhverfið þar sem eru ekki bara búin til ný störf heldur góð störf með góðum aðbúnaði og sanngjörnum kjörum. Réttlát umskipti eru þema þessa þings og ganga út á að breytingar á atvinnuháttum vegna loftslagskrísunnar og tæknibreytinga séu réttlát gagnvart launafólki. Pótt málefнаstarfi okkar sé frestað til vorsins þá eignum við að taka hugmyndafræði réttlátra umskipta með okkur inn í pennan vetur. Því nú er tíminn til að byggja upp til framtíðar og það skiptir málí hvernig það er gert.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að atvinnurekendur hafa þrýst á um launalækkanir eða kjaraskerðingar með vísan til ástandsins. Petta sjónarmið hefur fengið hljómgrunn í fjölmödlum og stjórnálum og víðar í samfélaginu undir þeim formerkjum að þegar þrengi að þá verði allir að gefa eitthvað eftir. Við því er tvennt að segja: annars vegar það að launafólk hefur þegar tekið gríðarlegan skell í þessari kreppu í gegnum atvinnuleysi og kjaraskerðingar og hins vegar það að aðhaldsstefna er ekki aðeins gagnslaus á krepputímum, hún er beinlínis skaðleg. Það er ekkert sem rennir stöðum undir þá kenningu að ískaldar launafrustingar þvert á línuna séu rétta leiðin út úr kreppunni, þvert á móti.

Ef við notum sömu hagfræðina og hefur verið alls ráðandi síðustu áratugi og sumir segja að byggi á jafnvísindalegum grunni og sjálfþyngdarlögmálið þá munum við rata á haettulega braut. Meira að segja Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur nú stigið fram og ráðlagt ríkjum að ráðast ekki í aðhaldsaðgerðir en að gera fremur allt til að tryggja aðkomu fólks á erfiðum tínum. Því þau ríki sem völdu niðurskurð út úr fjármálakreppunni fyrir rúnum áratug síðan hafa komið hryllilega illa út úr því, bæði heilsufarslega og efnahagslega.

Pegar íhaldssömustu stofnanir heims eins og OECD og Alþjóðabankinn eru farin að leita lausna í aðkomutryggingu fyrir alla og meira að segja hin árlega Davos-samkoma hinna ríku og ráðandi kallar eftir auknum jöfnuði þá aðtti síðasta vígið að vera fallið. Við heyrum hins vegar enn raddir hér á landi

sem vilja fara í blóðugan niðurskurð. Þetta eru oft sömu raddirnar og segja okkur að við séum öll á sama báti. Við erum það ekki og höfum aldrei verið. Fólk sem vinnur á strípuðum töxtum eða hefur misst lífsviðurværið er ekki á sama báti og fjármálaráðherra eða forstjórar. Bara engan veginn!

En hitt er ljóst og það er að sérhagsmunaöflin eru alltaf tilbúin til að stökkva á tækifærð til að hafa afkomuöryggið af fólk. Í þessu landi eru beinlínis öfl sem vilja losna við lágmarksvernd launafólks, sem telja atvinnuleysi tryggingar ýta undir leti og að fólk sé fullur sómi sýndur með því að ætla því innan við 300 þúsund krónur til mánaðarlegrar framfærslu. Og þetta er einmitt hættan þegar harðnar á dalnum, að réttindi verði gefin eftir og ójöfnuður aukist. Það eru margir sem vilja nýta ferðina og kreppur hafa í áranna rás aukið misrétti.

Í september síðastliðnum þegar forsendur kjarasamninganna voru undir þá voru það ekki við sem sköpuðum óvissu og ófrið. Það voru atvinnurekendur sem ætluðu að nýta ferðina til að knýja á um launalækkanir eða skerðingar. Við bárum gæfu til þess að standa saman gegn brýstingi og atvinnurekendur urðu uppvísir að ótrúlegum vinnubrögðum í einhvers konar störukeppni sem stóð þar til stjórnvöld stigu inn og skáru atvinnurekendur úr snöru sem þeir hengdu sjálfir.

Verkalýðshreyfingin stóð sameinuð: okkar mat var að farsælast væri fyrir launafólk og samfélagið í heild að halda frið á vinnumarkaði og standa við kjarasamninga, sem við skulum muna að voru gerðir á óvissutímum í kjölfar falls wow-air og tóku mið af óvissu efnahagsástandi.

Kæru félagar,

þessi kreppa verður ekki til að auka ójöfnuð – við munum ekki líða það að skútunni sé sight eftir úreltum hugmyndum sem hafa skaðað vinnandi fólk um heim allan og mulið undir fjármálaöflin. Við bjóðum lausnir sem felast í að tryggja afkomu og lífsgæði allra en ekki fárra. Við vinnum okkur ekki út úr þessari kreppu með niðurskurði í velferðarkerfunum okkar eða stórfelldum kjaraskerðingum. Við vinnum okkur út úr þessu með því að sækja fram, verja kjörin og verja velferðina. Við krefjumst þess að ríkisfjármálum sé beitt af fullum þunga til að lágmarka skaðann af kreppunni. Við krefjumst þess að þeir sem eru aflögufærir leggi meira af mörkum til samfélagsins; þar get ég nefnt stórfjármagnseigendur og kvótaeigendur, ef kallað er eftir dæmum!

Við erum afar misjafnlega stödd en eins og yfirleitt gerist þá eru það einstaklingar sem síst mega við því sem kreppan bitnar harðast á. Einstaklingar sem hafa ekki sterka rödd í samféluginu, ungt fólk, fólk af erlendum uppruna og fólk sem hefur verið á jaðri vinnumarkaðarins. Það er okkar hlutverk að ljá þeim rödd, gefa þeim pláss í umræðunni, tala þeirra máli þar sem það á við. Verkalýðshreyfingin er stofnuð til að einstaklingar þurfi ekki

að berjast einir, að krafturinn og styrkurinn í fjöldanum veiti skjól og vörn og við megum aldrei missa sjónar á því. Það er erfitt að taka einn hóp út fyrir sviga því það eru mjög margir í erfiðri stöðu. Ég ætla þó að leyfa mér að minna á ábyrgð okkar gagnvart fólk af erlendum uppruna sem hefur lagt þungt lóð á vogaskálarnar síðustu ár til að auka hér lífsgæði og vinna þau verk sem þarf að vinna til að halda samfélagit gangandi. Atvinnuleysi er sláandi hátt meðal erlendra ríkisborgara og verkalýðshreyfingunni ber að taka á því af fullum þunga. Við þau ykkar af erlendum uppruna vil ég segja, verið velkomin til landsins, verið velkomin í hreyfinguna og við erum heppin að njóta krafta ykkar á vinnumarkaði og í okkar góðu hreyfingu – í því felst styrkur fyrir okkur öll.

Kæru félagar,

það er aldrei meiri þörf á sterkri verkalýðshreyfingu heldur en þegar völd atvinnurekenda aukast á kostnað launafólks. Við erum í þannig stöðu núna að óþrúttir atvinnurekendur geta boðið örvaentingarfullu fólk laun og aðstæður sem teljast ekki boðlegar. Þá kemur það til okkar kasta að heyja baráttuna gegn félagslegum undirboðum og fyrir því að samningarár séu virtir. Það þarf að vera refsívert og ekki áhættunnar virði að svína á launafólk. Við eignum enn töluvert í land þar og sú baráttu stendur yfir.

Kæru félagar,

þó að hart sé í ári núna þá munu koma betri tímar og það veltur á okkur hvernig framtíðin lítur út. Verkefnin til skamms tíma eru áframhaldandi baráttu fyrir haekkun atvinnureysisbóta, að kerfin sem launafólk á undan okkur bardist fyrir virki sem skyldi þegar virkilega reynir á. Við verðum að verja þau heimili sem hafa fengið harðan skell á þessu ári og við verðum að styðja okkar félagsmenn í vörnum geirunni.

Til lengri tíma skulum við muna það að þegar einhver býður einfaldar lausnir eins og að selja ríkiseignir eða „nýta einkaframtakið“ í heilbrigðisþjónustu þá skulum við ekki pissa í skóinn okkar. Þessi öfl eru komin á fullt skrið en það alversta sem við getum gert núna er að arðvæða okkar grunnsstoðir. Pannig eykst misréttið og ójöfnuðurinn, þannig gerist það að fólk þarf að kaupa heilbrigði og menntun og aðeins þau sem hafa efni á því njóta. Petta er hin stóra baráttu fram undan, að vernda það sem við höfum byggt upp og láta ekki eina kreppu brjóta það niður. Við skulum líka vera stórhuga og hvika hvergi í okkar kröfum um að allir njóti velferðar og lífsgæða, hvort sem það eru aldraðir eða veikir, vinnandi fólk eða fólk utan vinnumarkaðar. Við skulum byggja upp atvinnu í sátt við náttúru og umhverfi og láta tækniframfarir og framleiðniaukningu verða til góðs fyrir alla en ekki fáa.

Í daglegu amstri og átökum skulum við muna eftir stóru myndinni og að hvert og eitt okkar er lítið þeð í sögubókunum en saman getum við skrifð

góðan kafla. Ábyrgð okkar er mikil á tímum þar sem félagsstarfi eru skorður settar og fjöldafundir hreinlega bannaðir. Við þurfum vissulega rými til að takast á um stefnur og strauma innþyrðis, en í veturnar berum við vonandi gæfu til að beina orkunni út á við, þar sem hennar er sannanlega þörf.

Ég vona að við fáum tækifæri til að hittast fljótlega í raunheimum því það sárvarntar eitthvað þegar við getum ekki fundið nálægðina og sprengikraftinn í samtalinni. Þangað til verðum við að nýta tæknina og senda hlýja strauma hvert til annars yfir netheima.

Ég óska okkur öllum velfarnaðar, heilsu og baráttuanda og segi 44. þing ASÍ sett.

Framsögur gesta

Kristján Þórður Snæbjarnarson bauð félags- og barnamálaráðherra, Ásmund Einar Daðason, velkominn til þingsins.

Ávarp félags- og barnamálaráðherra

Góðir áheyrendur.

Það er óhætt að segja að í upphafi ársins 2020 bjóst enginn við því að stóra verkefnið okkar þetta árið yrði að berjast gegn heimsfaraldri kórónuveiru sem hefur svo sannarlega haft áhrif á líf okkar allra svo um munar síðustu misseri.

Ein af afleiðingum faraldursins er að vinna okkar allra hefur tekið miklum breytingum á síðustu mánuðum hvort sem litið er til atvinnuöryggis, vinnuaðstæðna eða verkefna.

Við höfum því þurft að sýna mikla aðlögunarhaefni og hefur samtakamáttur þjóðarinnar verið nánast ápreisanlegur þar sem við höfum öll verið samstiga í því að gera okkar besta til að kveða niður þennan vágest sem allra fyrst.

Það er deginum ljósara að við stöndum frammi fyrir gríðarlegum áskorunum á vinnumarkaði og það er óumflyjanlegt að komandi veturn muni litast af því.

Í þeim tilgangi að minnka skaðann og fleyta ólíkum hópum yfir mestu erfiðleikana hafa stjórnvöld staðið fyrir ýmsum aðgerðum en í því sambandi má nefna hlutabótaleiðina, greiðslur í sóttkví, lokunarstyrki, uppsagnarstyrki, brúarlán, framlengingu tekjutengdra atvinnuleysisbóta og svo mætti lengi telja.

Prátt fyrir allar aðgerðir stefna atvinnuleysisstölur í eitthvað sem við höfum aldrei séð áður og algjört hrún í ákveðnum atvinnugreinum er eitt af því sem blasir við.

Atvinnuþáttaka er í mínum huga gríðarlega mikilvæg, þæði fyrir andlega og líkamlega líðan fólks og ekki sítður fyrir efnahag heimilanna.

Í því mikla atvinnuleysi sem við erum að glíma við núna hef ég því áhyggjur af börnunum okkar sem upplifa nú mörg hver minni ráðstöfunartekjur foreldra sinna sem þau finna fyrir með einum eða öðrum hætti.

Öll vildum við fyrir á árinu trúá því að þegar komið væri fram á haust væri lífið aftur orðið samt og áður og faraldurinn á bak og burt en ljóst er að við munum þurfa að lifa með honum eitthvað áfram.

Petta er ekki búið.

Óvissuástandið sem ríkt hefur á vinnumarkaði undansfarna mánuði mun því vara lengur en við gerðum ráð fyrir í fyrstu og við getum því miður gert ráð fyrir því að fjöldaatvinnuleysi muni dragast á langinn.

Í þessu ástandi öllu verðum við í sameiningu að standa vörð um þá sem einhverra hluta vegna standa höllum fæti því það er ávinnungur samfélagsins í heild þegar upp verður staðið.

Í því sambandi vil ég nefna að innflytjendur eru um 14% af samfélagini, um 19% af þáttakendum á vinnumarkaði og um 40% atvinnulausra eins og staðan er í dag.

Það þarf ekki blöðum um það að fletta að næstu misseri verða krefjandi fyrir mörg heimili í landinu en eitt af því sem við höfum gert til að auka virkni og koma í veg fyrir einangrun peirra sem eiga undir högg að sækja á vinnumarkaði er að gera þeim kleift að stunda nám í tiltekinn tíma án þess að missa rétt sinn til atvinnuleysisbóta.

Pannig komum við meðal annars til móts við atvinnuleitendur þegar þrengir að á vinnumarkaði með markvissum aðgerðum og sköpum þannig þekkingu á sama tíma og við virkjum kraft til framtíðar.

Það er skynsamlegt fyrir okkur sem samfélag að verja fjármunum í að virkja atvinnuleitendur eins mikið og við getum, meðal annars til náms.

Slíkar aðgerðir skila sér í aukinni færni, þekkingu og verðmætum fyrir samfélagið allt til lengri tíma litið.

Í því sambandi langar mig einnig að nefna átakið sem ráðist var í síðasti-liðið summar til að fjölgja tímabundnum störfum fyrir námsmenn en verkefnið tókst mjög vel og skipti sköpum fyrir námsmenn.

En það hefur ýmislegt fleira verið gert en eingöngu það sem snýr beint að vinnumarkaði.

Frumvarp um svokölluð hlutdeildarlán sem nýlega var samþykkt á Alþingi er ný og róttækari nálgun í húsnæðismálum en við höfum séð undanfarin ár en með henni erum við að taka mikilvægt skref í þá átt að lækka þröskuld ungs fólks og tekjulágra inn á fasteignamarkaðinn.

Hlutdeildarlánin eru mikilvægt innlegg inn í lífskjarasamningana en þeir

sem hafa laun sem falla innan lægstu tekjutíundanna hafa verið fastir á leigu-markaði og við vitum að mikill meirihluti þeirra vill komast í eigið húsnæði.

Með hlutdeildarlánum er stigið myndarlegt skref til þess að aðstoða þetta fólk við það að eignast eigið húsnæði.

Í mínum huga eru þetta skilaboð okkar allra um það að við sem samfélag sættum okkur ekki við að einungis þeir sem eru með sterkt bakland geti eignast eigið húsnæði.

Prátt fyrir að mér hafi í máli mínu verið tíðrætt um kórónufaraldurinn og þá erfiðleika sem honum fylgja megum við ekki gleyma að horfa á björtru hlíðarnar og þakka fyrir það sem vel gengur.

Í því sambandi langar mig að nefna fyrstu skýrslu kjaratölfraðinefndarinnar sem kom út á dögunum en þar lyftu menn grettistaki að mínu viti.

Ég fagna því innilega að innan nefndarinnar hefur náðst góð samstaða um þann grunn upplýsinga og tölulegra gagna sem settur er fram í skýrslunni og er ég sannfærður um að vinna hópsins mun í framtíðinni nýtast hagaðilum vel og skila okkur skilvirkari kjarasamningsviðræðum en við höfum átt að venjast til þessa.

Pá hefur nefndin sem unnið hefur að heildarendurskoðun á lögum um fæðingar- og foreldraorlof skilað tillögum sínum í formi frumvarps en í ár eru tuttugu ár liðin frá gildistöku laganna.

Lögin voru griðarlega framsækin á sínum tíma svo vægt sé til orða tekið og enn líta aðrar þjóðir til okkar við móton sinna reglna.

Það er því miður samt þannig að það verður aldrei hægt að móta fæðingarorlofskerfið með þeim hætti að það falli nákvæmlega að þörfum hverrar fjölskyldu fyrir sig en markmiðin eru skyr.

Við viljum áfram skapa gott umhverfi fyrir fólk sem eignast börn og veita báðum foreldrum jafna möguleika á því að njóta dýrmætra stunda með barninu sínu á fyrstu mánuðum þess en frumvarpið sem fyrir liggar er stórt skref í pá átt.

Einnig vil ég nefna styttingu vinnuvikunnar en stórt og jákvætt skref að mínu mati hefur verið stigið í kjarasamningum í þá átt að samræma betur fjölskyldu- og atvinnulíf en verið hefur til þessa með því að samið hefur verið um styttingu vinnuvikunnar.

Það er von míni að með einhverjum skrefum í þá átt, þó stutt séu, getum við hugsanlega komið í veg fyrir einhver tilvik þar sem kulnun í starfi veldur því að þáttakendur á vinnumarkaði heltast úr lestinni.

Þá er á lokametrunum vinna við gerð frumvarps sem meðal annars er ætlað að sporna gegn brotarstarfsemi á vinnumarkaði en í frumvarpinu eru breytingar sem í mínum huga geta orðið til góðs fyrir vinnumarkaðinn í heild sinni og eiga eflaust eftir að hjálpa okkur mikið í baráttunni við ólíðandi brot á vinnumarkaði hvaða nöfnum sem þau nefnast.

Góðir gestir. Komandi vetur verður erfiður fyrir marga, við vitum það, ekki síst vegna þess er mikilvægt að gera allt sem í okkar valdi stendur til að standa vörð um fólkid í landinu.

Kemur verkalýðshreyfingin þar sterkt inn, ekki síst í því mikla atvinnuleysi sem blasir við okkur, en síðu ríkisstjórn sem nú situr hefur lagt ríka áherslu á samvinnu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins líkt og verið hefur hingað til.

Í mínum huga er það eina leiðin til að við náum árangri.

Að lokum þakka ég fyrir mig um leið og ég vonast til að mér auðnisti hér eftir sem hingað til að eiga gott samstarf við verkalýðshreyfinguna.

Aðlögunarhæfni okkar er sterkt en ljóst er að við munum þurfa að kljást við mörg stór verkefni á komandi misserum.

Við klárum þetta saman – eitt skref í einu – og með samstilltu átaki okkar allra munum við komast í gegnum skaflinn.

Kristján Þórður Snæbjarnarson þakkaði ráðherra fyrir og bauð Ásthórá Jón Ragnheiðarson, varaformann ASÍ-UNG, velkominn í pontu.

Ávarp varaformanns ASÍ-UNG

Pingfulltrúar og aðrir góðir gestir.

Ég heiti Ásthórá Jón Ragnheiðarson. Ég starfa sem þjálfari og er varaformaður ASÍ-UNG.

ASÍ-UNG eru samtök ungs fólks innan verkalýðshreyfingarinnar sem sjá til þess að hagsmunamál ungs fólks á vinnumarkaði séu ávallt á dagskrá Alþýðusambandsins.

Síðastliðið starfsár hefur verið ákaflega viðburðaríkt hjá ASÍ-UNG. Við höfum staðið fyrir hinum ýmsu viðburðum sem miða að ungu, vinnandi fólk. „Ertu með vinnuna í vasanum“ - pallborðsumræður og fundur um skilin milli vinnu og einkalífs var haldinn í stúdentakjallaranum. Tekið var þátt í „ungir leiðtoga“-námskeiðinu CPow, sem er heimsáttak alþjóðaverkalýðshreyfingarinnar ITCU gegn hamfarahljýnun, en þar er af nógu að taka.

Þá hefur ASÍ-UNG einnig átt fulltrúa í hinum ýmsu nefndum innan verkalýðshreyfingarinnar. Ásthórá Jón var settur fulltrúi ASÍ í ETUC-Youth Committee, sem er nefnd innan evrópsku verkalýðshreyfingarinnar og hefur hann verið okkar málsvari þar, og sótti meðal annars ráðstefnu í Portúgal í lok janúar.

Innan ASÍ eignum við svo fulltrúa í öllum fastanefndum og einnig situr formaður fundi miðstjórnar ASÍ.

Ég get sagt, fullur sjálfstrausts, að ASÍ-UNG hefur haft í nógu að snúast og svo sannarlega gætt hagsmuna ungmenna innan verkalýðshreyfingarinnar. Fyrstur manna skal ég viðurkenna að við hefðum getað verið sýnilegri, en það

veltur líka á því hve sýnileg heildarsamtökin leyfa okkur að vera. Hve mikil rauveruleg áhrif við fáum að hafa.

Það er nefnilega þannig, að til þess að ASÍ-UNG geti haft áhrif á hagsmunamál ungs fólks, þurfa heildarsamtökin að gera okkur kleift að hafa þau áhrif.

Nú liggur fyrir frumvarp um breytingu á fæðingarorlofslögum. ASÍ hefur komið að vinnu við þetta frumvarp og styður það, en það gerir ASÍ-UNG ekki. Það vill nefnilega svo til að þó svo að við eignum að sjá til þess að málefni ungs fólks séu ávallt á dagskrá, fáum við ekki alltaf að taka þátt í þeim málum, sem er ákaflega slæmt, sérstaklega þegar um er að ræða málefni af þessari stærðargráðu.

Ég held að ekki sé hægt að finna grímulausara dæmi um skort á samstarfi og samráði heldur en akkúrat í þessari vinnu. Málefni sem varðar ungt fólk, fyrir ungt fólk, en án aðkomu ungs fólks.

Í grunninn hljóðar þetta frumvarp þannig að:

- fæðingarorlof lengist upp í 12 mánuði
- orlofinu er jafnskipt milli foreldra eða 6 mánuðir á hvort
- tökkutími styttist úr 24 mánuðum niður í 18

Fljótt á litið er þetta flott, þarna er verið að auka jafnrétti kynjanna með jafnri skiptingu. En þegar betur er að gáð þá koma ýmsir vankantar í ljós. Jafnrétti er nefnilega mikilvægt, en velferð barnsins á ávallt að vera í forgrunni.

Þannig er mál með vexti að þetta er frumvarp sem hentar hálauna- og forréttindafólk vel.

Velferð barns, jafnréttissjónarmið og þar fram eftir götum, eru ekki höfð í fyrirrúmi, þrátt fyrir tilraunir til þess að láta okkur halda það, staðreyndirnar eru einfaldlega:

- Tökkutími fer úr 24 mánuðum niður í 18.
- Börn einstæðra mæðra fá styttra orlof, ekki er gert ráð fyrir að þær fái 12 mánaða orlof, heldur mesta lagi 7.
- Petta hentar vel tekjumiklu fólk, sem þolir skerta innkomu í nokkurn tíma, þar sem fyrir eru góðir sjóðir.

Þetta er akkúrat ekkert annað en sparnaðaraðgerð, færri koma til með að fullnýta rétt sinn. Einstæðar mæður fá minna og feður munu taka minna orlof, því miður blasir það við. Síðan er þessi orðræða um skiptingu orlofs fáranleg. Petta á að vera jafnt? Faðirinn á jafn mikinn rétt á orlofi og þar fram eftir götum? Sá eini sem á rétt á orlofinu er barnið, hvort sem það sé tekið jafnt eða meirihluta með öðru foreldri.

Það að ASÍ taki þátt í aðgerðum sem hentar forréttinda- og hálaunafólk vel, í nafni jafnréttis og á kostnað þeirra sem minna mega sín, er með öllu

óássættanlegt. Við eignum að vera málsvari jaðarsettra hópa, en ekki forréttindahópa.

Í fjölmöldum er því gjarnan halddið fram að verkalýðshreyfingin sé ósamstiga og ósammála, að við göngum ekki í takt og séum klofin. En það er líka akkúrat það sem gerist þegar ekki er unnið saman, eins og í þessu máli hér. Til þess að koma fram sem sterkt, sameinuð heild, þá verðum við að vinna saman og eiga samtalið, til þess erum við hér, málsvarar ungs fólks.

En við skulum ekki dvelja í fortíðinni. Það er okkur unga fólkiniu eðlislaegt að horfa fram á veginn. Horfumst í augu við það sem hefur farið á mis, lærum af mistökum okkar og setjum okkur það markmið að gera betur í framtíðinni, með þátttöku allra. Aðeins þannig myndast sterkt og sameinuð heild sem gætir hagsmuna vinnandi fólks.

Petta eru skilaboðin frá unga fólkiniu í hreyfingunni, í þessu máli sem svo sannarlega varðar okkur. Ekkert um okkur án okkar.

Takk fyrir.

Kristján Þórður Snæbjarnarson þakkaði Ásthóri ávarpið og leggur áherslu á mikilvægi þátttöku ungs fólks í starfi hreyfingarinnar. Því næst kynnti hann Sharan Burrow, framkvæmdastjóra Alþjóða verkalýðssambandsins (ITUC) og bauð hana velkomna á þingið og í pontu.

Ávarpið var flutt á ensku en birtist hér í þýddri útgáfu.

Ávarp Sharan Burrow, framkvæmdastjóra ITUC

Réttlát umskipti

Ég sendi ykkur samstöðukveðjur á þessum erfiðu tímum í heiminum. Drífa, miðstjórn og þingfulltrúar, ekkert málefni er mikilvægara fyrir okkur heldur en framtíð vinnunnar.

Það er þörf á nýjum samfélagssáttmála. Það er þörf á samfélagssáttmála sem tryggir fólk fulla atvinnu, mannsamandi störf, félagslega vernd og þau grundvallarréttindi sem eru undirstaða þess að fólk skilji að það á rétt á lágmarkslaunum sem haegt er að lífa af, á kjarasamningum og félagslegrí vernd.

Þessi réttindi knýja áfram hagkerfi, bæta og jafna lífskjör og veita okkur styrkinn sem þarf til að halda úti sjálfbær hagkerfi. Vinnumarkaðir heimsins eru sundraðir. Ætlað er að vinnuafhl heimsins telji um þrjá milljarða manna og 60 prósent þeirra eru nú í óhefðbundnum ráðningarsamböndum. Þetta á sér ekki aðeins stað í þróunarhagkerfum heldur öllum hagkerfum og sér í lagi með uppgangi netvangsstarfa og annarra eftirlitslausra viðskiptamódel.

Við vitum að meira að segja áður en COVID-19 skall á hafði vaxandi ójöfnuður og loftslagsneyð gert það ljóst að við yrðum að skapa nýtt atvinnumódel, að skapa nýjan vinnumarkað sem byggðist á réttindum, á

félagslegum skoðanaskiptum á samkomulagi milli atvinnurekenda, launafólks og ríkisstjórnar, svokallað þríhliða samkomulag, til að skapa réttláta framtíð.

Í aldarafmælisýfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í fyrra var lögð áhersla á einmitt þetta. Í fyrsta lagi var sjónum beint að því að aðeins 40 prósent vinnuflsins störfuðu á hefðbundnum vettvangi og meira að segja innan þess hóps væru ráðningasamningar ýmist til skamms tíma eða laun væru lág eða fólkis væri mismunað. Konur fengju enn þá ekki sömu laun og karlar og atvinnuþátttaka þeirra væri ekki eins mikil og við viljum að hún sé. Fjöldi vinnustunda hefði jafnframt haekkað upp úr öllu valdi. Atvinnurekendur, ríkisstjórnir og stéttarfélög ættu að semja um lágmarksréttindi sem allt launafólk, óháð ráðningasamningi, ætti að njóta, þar á meðal félagafrelsí og rétt til að semja sameiginlega, sem og öryggi og vernd á vinnustað. Við berjumst nú fyrir því að þessi réttindi séu gerð að grundvallarréttindum vinnandi fólks. Lágmarkslaun ættu jafnframt að vera nægilega há til að hægt sé að lífa á þeim með mannlegri reisn. Og kveða ætti á um hámarksfjölda vinnustunda.

Það er margt fleira sem launafólk á Íslandi glímir við en ef öllum íbúum heimsins væru tryggð þessi lágmarksvinnuréttindi ásamt félagslegri vernd, þá ættum við vinnumarkað sem einkenndist af réttindum og styrk, sem styddi við mannsæmandi störf og jafnframt við kjarnann í sjálfbærni markmiðum Sameinuðu þjóðanna. En við viljum meira og í yfirlýsingunni var einnig kveðið á um stórtæka áætlun í máléfnum kvenna. Við verðum að tryggja að konur séu með í réttlátri enduruppbyggingu. Við viljum líka réttlát umskipti í loftslagsmálum og í tækni því að þótt við séum vissulega að glíma við neyðarástand í loftslagsmálum þurfum við líka að beina sjónum að tæknipróun, þeði að baráttunni fyrir tækifærum sem búa í tæknipróun, færninni sem verður nauðsynleg í störfum sem tengjast nýrri tækni, en ekki síður að baráttunni gegn þeim tækninýjungum sem koma til með að eyðileggja sum störf, grafa undan friðhelgi einkalífsins með því að skapa enn öflugra efstirlitskerfi en það sem við búum við í dag.

Við höfum tekið þetta saman í kröfum um nýjan samfélagssáttmála því samfélagssáttmálinn rofnaði um allan heim í kringum upphaf níunda áratugarins. Við vitum sannarlega að jafnvel fyrir þann tíma náði hann að mjög litlu leyti til þróunarríkja. Vónin var að okkur tækist að tryggja að þessi grundvallarréttindi, félagsleg vernd fyrir alla jarðarbúa, félagsleg skoðanaskipti og þríhliða viðræður næðu til þróunarríkja. En í upphafi níunda áratugarar ýtti ofurhnattvæðingin af stað þróun þar sem hluti launafólks af heildartekjum hrapaði eins og rússibani í ranga átt. Viðskiptalíkanið er sundrað, laun hafa lækkað og við sitjum uppi með afleiðingarnar af skaðlegum niðurskurði sem farið var í eftir síðustu kreppu í félagslegum innviðum og það er þörf á nýjum samfélagssáttmála. Samfélagssáttmála sem tryggir fjármagn fyrir uppbygginguna,

tryggir lágmarks vinnuréttindi, grundvallarréttindi í víðari skilningi og félagslega vernd fyrir alla svo að hægt sé að byggja upp viðnámsprótt.

Hvað viljum við hafa í nýjum samfélagssáttmála? Við viljum störf, störf og aftur störf. Loftslagsvæn störf. Við viljum almenna félagslega vernd og eina leiðin til að ná því fram í þróunarhagkerfum er með baráttunni sem ITUC hefur leitt, með stuðningi ykkar allra, baráttu fyrir sjóði um almenna félagslega vernd fyrir fátækustu ríkin. Samhlíða því þarf að verða skuldnidurfelling, endurskipulagning skulda og að hætt verði að setja skilyrði um niðurskurð. Eina skilyrðið sem ætti að setja varðar sjálfbærni markmiðin, að fjárfest sé í fólkí heimsins.

Við viljum auðvitað að markmið 1.3 um félagslega vernd, markmið 8, markmið 5 er varðar jafnrétti kynja og einnig markmið 3 og 4 um heilsu og menntun, verði í lykilhlutverki í aðgerðum er varða loftslagsmál og sjálfbærni. Við viljum sjá endalok eftirlitshagkerfisins og stóru tæknifyrirtækjanna. Við viljum að friðhelgi einkalífsins sé tryggð og forræði fólks yfir persónuupplýsingum sínum. Verkefnin eru næg en okkur tekst ekkert af þessu ef ríkisstjórnir bregðast almenningi. Ég vil óska stéttarfélögum og ríkisstjórn Íslands til hamingu því ásetningur um aukna ábyrgð og gagnsæi af hálfu ríkisstjórnarinnar skiptir öllu máli. Fólk verður að bera traust til lýðræðisins og til þess þarf að vera traust til ríkisstjórnarinnar.

ITUC birti lykilskýrslu nú í vikunni, sem ber titilinn „What Really Matters“ og fjallar um það sem skiptir máli umfram verga landsframleiðslu. Það fjöllum við um vísa sem ég hef að hluta til talað um hér og varða störf og lífskjör, réttindi og skatta og nýja skatta sem eru nauðsynlegir til að fjármagna enduruppbrygginguna. Og til að tryggja að aldrei framar verði heilbrigðis-, mennta- og umönnunarkerfi okkar undirfjármögnuð. Það þarf auðvitað líka að tryggja að réttindi verði aukin og það verði skjalfest, að gripið verði til aðgerða í loftslagsmálum og að það verði skjalfest, og að aðkoma almennings sé tryggð með félagslegum skoðanaskiptum, með pólitískri þátttöku og sramráði umfram kjörkassann.

Við í verkalýðshreyfingunni erum staðföst í að beita afli vinnandi fólks, í að vinna í átt að nýjum samfélagssáttmála, að endurheimta traust á lýðræðinu og að tryggja öryggi loftslags og vinnumarkaðar til framtíðar. Það er svo margt sem ég myndi vilja ræða við ykkur um því Ísland fer alltaf skapandi leiðir í samstöðu sinni með launafólkí við að byggja upp og rækta atvinnugreinar.

Þið gegnið sannarlega mikilvægu hlutverki gagnvart verkalýðshreyfingunni og ITUC því þið eruð meðal þeirra landa þar sem jöfnuður er hvað mestur. Við getum lært margt af ykkur og við höfum þörf fyrir hugmyndir ykkar og samsstöðu er við byggjum upp og móturnum nýjar undirstöður sem einkennast af viðnámsprótti og nýjan samfélagssáttmála í þeim sjálfbæra heimi sem við krefjumst.

Gangi ykkur vel og takk fyrir. Ég hlakka til að sjá útkomuna og ég vildi svo gjarnan vera með ykkur.

Vonandi getum við aftur komið saman á árinu 2021. Samstöðukveðjur.

Kristján Þórður Snæbjarnarson þakkaði Sharan og öllum gestum sem sátu þingsetninguna fyrir komuna. Hann vekur athygli á því að þingfulltrúar þurfa að vera skráðir inn fyrir 11.30 til þess að vera tryggir á kjörskrá. Ef breytingar verða á milli aðal- og varafulltrúa þurfi að tilkynna það formlega fyrir þann tíma.

Hlé gert til 11.30.

Kristján Þórður Snæbjarnarson hefur fund og bauð formann kjörbréfaneftndar, Georg Pál Skúlason, í pontu til að gera grein fyrir áltí nefndarinnar.

Kjörbréfaneftnd

Georg Páll Skúlason, formaður kjörbréfaneftndar, gerði svohljóðandi grein fyrir áltí nefndarinnar. „Ágætu félagar – Í samræmi við ákvæði 32. gr. laga ASÍ skipaði forseti eftirtalda fulltrúa í kjörbréfaneftnd vegna þings sambandsins; Önnu Júlíusdóttur, Einingu-Iðju, Georg Pál Skúlason, Grafíu og Guðmund Gils Einarsson, VR. Í upphafi fundar var Georg Páll kjörinn formaður. Nefndin samþykkti eftirfarandi álit til 44. þings ASÍ:

Kjörbréfaneftnd kom saman til fundar 20. október til að fjalla um innkomu kjörbréfa og verklag vegna sambandsþings ASÍ. Í samræmi við 2. mgr. 30. gr. laga ASÍ var landssamböndum og landsfélögum með beina aðild úthlutað alls 290 fulltrúum, þá samþykkti miðstjórn ASÍ að úthluta tveimur aðildarfélögum sem ekki náðu inn fulltrúa á grundvelli 2. mgr. 30. gr. laganna einum fulltrúa hvoru skv. 4. mgr. 30. gr. Samkvæmt ákvörðun miðstjórnar og úthlutunum landssambanda innan ASÍ höfðu 46 aðildarfélög og deildir rétt til að senda samtals 292 fulltrúa til þingsins, einnig eiga stjórnarmenn ASÍ-UNG 9 talsins rétt til setu á þinginu með full réttindi á grundvelli 5. mgr. 29. gr. laga ASÍ. Eitt aðildarfélag Samiðnar, Iðnsveinafélag Skagafjarðar, ákvað að senda ekki fulltrúa á þingið og var því sæti úthlutað til FIT. Því hafa 45 aðildarfélög og 6 deildir sent inn kjörbréf vegna 292 fulltrúa og þá hefur ASÍ-UNG sent inn kjörbréf vegna 7 stjórnarmanna. Pað geta því alls 299 þingfulltrúar kosið ef allir eru til staðar.

Kjörbréfaneftnd ákvað að viðhafa eftirfarandi verklag; á vef þingsins hefur verið birtur listi með nöfnum þeirra þingfulltrúa sem kjörbréfum hefur verið

skilað inn fyrir með aðal- og varamönum raðað eftir aðildarfélögum og landssamböndum. Þar sem fulltrúar eru kjörnir af aðildarfélögum á grundvelli aðildar á landssambandi kann sama félag að vera með fulltrúa hjá fleiri en einu landssambandi. Uppfærður listi með áorðnum breytingum sem kynntar hafa verið fyrir kl. 11:30 verður birtur sérstaklega á vefnum. Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf í samræmi við framlagða lista verði öll samþykkt. Komi fram ábendingar eða athugasemdir við samþykkt kjörbréfa er þess óskað að því verði komið á framæri við starfsmann kjörbréfanefndar en starfsmaður nefndarinnar er Ástríður Andrésdóttir, starfsmaður ASÍ.

Takk fyrir.“

Afgreiðsla kjörbréfa

Kristján Þórður Snæbjarnarson bar upp tillögu kjörbréfanefndar og var hún samþykkt samhljóða.

Kjör starfsmanna þingsins og afgreiðsla þingskapa og dagskrár

Kristján Þórður Snæbjarnarson bar fram tillögu um Finnboga Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, sem þingforseta. Engar aðrar tillögur bárust og var því tillagan um Finnboga samþykkt samhljóða. Kristján fól í kjölfarið Finnboga stjórn þingsins.

Finnbogi Sveinbjörnsson tók við stjórn þingsins og bar fram tillögu um Helgu Ingólfssöttur frá VR og Vilhjálm Gunnarsson frá FIT sem annan og þriðja þingforseta. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Pingforseti upplýsti að vegna aðstæðna væru engir skrifrarar á þinginu en það væri þó ritað að venju.

Pingforseti kynnti og fór yfir þingvefinn, viðfangsefni þingsins, atkvæðagreiðslur og kosningar. Þá fór hann stuttlega yfir hvernig kosningum og rafrænum atkvæðagreiðslum skyldi háttáð þar sem fólk skráir sig inn með rafrænum skilríkjum eða íslykli.

Pingforseti boðaði því næst tilraunaatkvæðagreiðslu og hvatti þingfulltrúa til að taka þátt í henni til þess að kynnast kerfinu.

Pingforseti ítrekaði að framboð skuli berast fyrir kl. 12.00. Þau skuli send í tölvupósti á asi@asi.is. Áríðandi er að listi 15 meðmælenda, tilgreindra með nafni, fylgi með. Einnig er áréttáð að breytingatillögur við lagabreytingar og ályktunardróg þurfa að berast í gegnum „chat-gluggann“ á Zoom með tilgreindum 15 meðmælendum.

Pingforseti vísaði því næst í þingskjal nr. 5, þar sem fjallað er um tímabundin frávik og aðlögun á þingsköpum sem sett eru fram vegna rafræns þings. Þeir sem hafa athugasemdir eru beðnir um að rétta upp hönd og biðja um orðið.

Pingforseti bar því næst upp tillögu um frávik frá þingsköpum. Fulltrúar beðnir um að greiða atkvæði rafrænt.

Ónafngreindur þingfulltrúi gerði athugasemd á vefsvæðinu við að ekki sé hægt að nýta „Chat“ glugga til að safna meðmælendum. Pingforseti benti á að þær upplýsingar hafi legið fyrir í leiðbeiningum sem sendar voru út fyrir fund og ættu því ekki að koma á óvart.

Hlé var gert á þingfundni til kl. 12:35 vegna tæknilegra vandamála.

Fundur hófst aftur kl. 12.35 og var ákveðið að endurtaka rafræna atkvæðagreiðslu um tímabundna breytingu á þingsköpum. Pingforseti ítrekaði fyrir fulltrúum að sýna þolinmæði.

Niðurstöður atkvæðagreiðslu um tillögu um frávik frá þingsköpum (þing-skjal 5) vegna rafræns þings voru á þá leið að „já“ sögðu 217; „nei“ sögðu 13; og 16 sátu hjá og var tillagan því samþykkt.

Pingforseti kynnti því næst dagskrá þingsins. Tillaga miðstjórnar um að mál-efnastarfi og öðrum dagskrárlíðum verði frestað til nk. vors í ljósi aðstæðna. Bar þingforseti því upp til atkvæðagreiðslu dagskrá þingsins eins og lá fyrir þingið skv. tillögu miðstjórnar. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru á þá leið að „já“ sögðu 229; „nei“ sögðu 9 og 8 sátu hjá. Tillagan var því samþykkt.

Lagabreytingar

Pingforseti kynnti næsta dagskrárlíð, lagabreytingatillögur miðstjórnar. Lýsti hann að í samræmi við breytt þingsköp verði aðeins ein þingumræða en eftir sem áður gildi reglan um að til þess að tillögur séu samþykktar þarf 2/3 atkvæða á bak við það. Um sé að ræða tillögu sem sé að finna á þingskjali 6 og er svona:

a. 4.mgr. 33.gr. breytist og hljóði svo:

Miðstjórn skal kosin til tveggja ára í senn, þannig að á sambandsþingi skulu forseti, fyrsti, ~~og annar og þriðji~~ varaforseti kosin sérstaklega og ~~eltefjórfold~~ meðstjórnendur. Þessi mynda miðstjórn Alþýðusambands Íslands.

b. 8. mgr. 33.gr. breytist og hljóði svo:

Forfallist forseti eða varaforsetar svo að þeir geti ekki gegnt störfum sínum, skal miðstjórn þegar koma saman til fundar og kjósa varaforseta úr höpi miðstjórnarmanna en ella gegrn fyrsti varaforseti störfum fosaða í forföllum hans, annar varaforseti í forföllum fyrsta varaforseta, ~~og þriðji varaforseti í forföllum annars varaforseta~~.

Drífa Snædal forseti ASÍ þakkaði Finnboga þingforseta, og þingfulltrúum þolinmæðina. Nú þurfum við öll að leggjast á eitt til að láta þetta ganga í fyrsta sinn. Ég ætla að kynna lagabreytingu sem miðstjórn ASÍ leggur fram. Hún er afar einföld og lýtur að því að fjölga varaforsetum úr tveimur í þrjá en miðstjórn heldur fjölða, þ.e.a.s. að enn séu 15 manns í miðstjórn en þar sem

varaforsetum fjöldi í þrjá sé gerð tillaga um að meðstjórnendum fækki úr 12 í 11. Að þessari tillögu leiðir að þriðji varaforseti gegnir þá störfum annars varaforseta í hans fjarveru til þess að tröppugangurinn í forstu ASÍ haldi sér. Fyrir þessari tillögu að breytingum á lögum ASÍ eru ákveðin rök. Það eru þessar þrjár meginstoðir innan ASÍ og breikkun í forystunni er talið verða til hins betra. Pannig að, kæru þingfulltrúar, þetta eru tillögur frá miðstjórnum og við leggjum til að þetta verði samþykkt á þessu þingu.

Takk fyrir.

Þingforseti opnar fyrir umræður um breytingatillögur.

Umræður

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir – AFL stéttarfélag Ágætu þingfulltrúar og þingforseti, mig langar að leggja orð í belg varðandi tillögu um breytingu á lögum um fjölgun forseta. Við fórum frá síðasta þungi Alþýðusambandsins fyrir tveimur árum sigri hrósandi þar sem við kusum að kalla nýja forstu. Þrátt fyrir það virðist ósættið hafa náð hærri hæðum en nokkru sinni áður í sögu Alþýðusambandsins á síðasta starfstímabili því þessi nýja forysta hefur ekki enst betur en svo að um þriðjungur miðstjórnar hefur gengið út á tímabilinu. Einhverjur reyndar af gildum ástæðum en flestir hafa hlaupið undan merkjum vegna ósáttar með að þurfa að vinna eftir lýðræðislegum reglum. Að starfa eftir lýðræðislegum reglum er niðurstaða meirihluta sú lína sem mörkuð er í hverju máli fyrir sig. Þetta virðist vera eitthvað sem hluti af nýju hreyfingunni eigi erfitt með að sætta sig við og því síður að vinna eftir.

Að fjölda forsetum Alþýðusambandsins mun ekki breyta neinu í þessum efnum. Við erum stödd í djúpri efnahagskreppu þar sem hlutverk verkalýðs-hreyfingarinnar er enn mikilvægara en oft áður og ég leyfi mér hér að vísa í setningarræðu forseta um þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir. Að fjölda forsetum Alþýðusambandsins mun ekki breyta neinu þar um.

Tillagan um að fjölda forsetum hefur ekkert með innra starf ASÍ að gera að mínu viti. Tillagan um fjölgun forseta hefur þann eina tilgang að því er virðist að einhver þingfulltrúi, sennilega einhver formaður, upplifir sig ekki sem nógu stóran kall og langar í forsetatitil. Ég hafna slíkum framsetningum og slíkum tillögum og ég skora á þingfulltrúa að fella svona tillögu. Góðar stundir.

Ástþór Jón Ragnheiðarson – Verkalýðsfélag Suðurlands/ASÍ-UNG Pingforseti og ágætu þingfulltrúar. Ég vil byrja á að taka undir orð Hjördísar. Hún sagði að mörgu leyti það sem mig langaði að segja. Mér finnst sérstakt þegar ég fer yfir þessi þingsköt og tillögur að með flestum tillögum sem eru alla jafna á þingum ASÍ og í félagsmálum almennt fylgir einhver greinargerð

fyrir breytingum. Inni í þessu skjali er engin greinargerð fyrir breytingunum eða af hverju varafersetunum skyldi fjölgæð úr tveimur og upp í þrjá. Það er ekkert sem mælir með því annað en, eins og Hjörðís kom inn á, að einhvær vantar forsetatitil. Þetta titlatog er ekki gott fyrir hreyfinguna í heild sinni. Ég velti því þá fyrir mér næst þegar einhvær stóran karakter langar í forsetatitil, eignum við þá að fjölgja upp í fjóra, og svo fimm? Þetta er gjörsamlega tilhæfu laust og ég legg til að við fellum þetta. Takk fyrir.

Helga Ingólfssdóttir – VR Mig langar aðeins að ræða þessa tillögu. Ég undrast andstöðu vegna þess að í mínum huga sem VR félaga, og í miðstjórnum síðustu tvö ár þar til í vor, finnst mér þessi tillaga góð hvað varðar það að þetta samstöðuraðir. Ég horfi ekki á það að einhverjir geti gert sig stóra eða að þetta snúist um titlatog eða eitthvað slíkt. Þetta snýr að því að vægi VR innan miðstjórnar og verkalyðshreyfingarinnar sé í samræmi við okkar félagafjölda og okkar áherslur. Ég fagna þessari tillögum mjög vegna þess að mér finnst hún sýna skynsemi miðað við þær aðstæður sem við erum í. Við höfum verið að ræða það innan VR hvort við eignum heima innan ASÍ. Ég tel að með þessari aðgerð, að það séu fjórir í framkvæmdastjórnum sem ég kalla að séu þessir fjórir forseti og varafersetar, sé vægi þeirra starfsgreina sem mynda ASÍ jafnara og við séum komin með betri stjórnsýslu. Þetta geti verið góður taktur og við eignum að passa það að halda utan um okkar einingar og standa saman. Nóg er nú úti á markaðnum af öflum sem sækja að okkur.

Pannig að ég styð þetta mjög og mæli með því að við þéttum raðirnar með því að við fjölgum forsetum og mín rök fyrir því eru að VR fái sterkara vægi innan ASÍ. Það snýst ekki um neina titla eða persónur. Þetta snýst um völd og áhrif samtals fyrir okkur öll. Takk fyrir.

Páll Heiðar – VM Ég minnist þeirrar umræðu sem var hérra þegar annar varaferseti var skipaður og ég er að velta fyrir mér hvort ekki sé rétt að við fórum alla leið á þessu þingi og skipum alla miðstjórnarfulltrúa sem einhvers konar varaferseti, fjórða, fimmta, sjötta eða sjöunda. Takk fyrir.

Pingforseti sprýr Pál hvort hann sé með breytingatillögu að lagabreytingatillögu miðstjórnar. Ef svo er þurfi hún að berast skriflega með 15 meðmælendum.

Páll Heiðar – VM segist ekki vera með breytingatillögu heldur varpi hann þessari hugmynd fram sem umræðugrundvelli fyrir þingið.

Pingforseti heldur umræðum áfram og kynnir Ragnar Pór í pontu.

Ragnar Þór Ingólfsson – VR Já, það er eins og ég segi, það var svo sem alveg viðbúið að það kæmu pillur úr ákveðinni átt sem mörg hver ykkar af þingfulltrúum okkar þekkja orðið.

Enn og aftur finnst mér fólk aðeins misskilja út á hvað þetta gengur. Ég persónulega hef engan metnað í að taka sæti sem varaferseti eða hafði ekki

hug á að taka sæti í miðstjórn vegna þess að þetta umhverfi hefur mér þótt mannskemmandi. Parna er fólk sem er, hvað á maður að segja, eins og Hjörðis tók til máls áðan og byrjaði á þessum hefðbundnu árásum á mig sem persónu eins og hún hefur staðið fyrir gegn öðrum líka sem hafa reynt að gera sig gildandi í orðræðunni og reynt að gera félögum sínum gagn. Þetta er ástæðan fyrir því að ég hef ekki haft áhuga á að sitja í miðstjórn eða vera á vettvangi ASÍ. Að vera innan um fólk sem gerir lítið annað en að reka rýting á bak félaga sinna, gera ekkert gagn í því að koma félögum sínum til hjálpar þegar hart er að þeim sótt í orðræðunni, hafa lítið sem ekkert til málanna að leggja á opinberum vettvangi og að mínu mati hafa lengi verið hreyfingunni til ævarandi skammar.

Það var aldrei míin hugmynd að fara þessa leið að víkka út forsetateymið. Og það var ekki ætlun míin að bjóða mig fram til frekari trúnaðarstarfa innan miðstjórnar. Það var hins vegar sóst eftir því að ég kæmi inn í miðstjórnina, að við reyndum að þéttu raðirnar, sérstaklega á þessum erfiðu tínum þar sem hart er að okkar tilveru sótt, og að ég tali nú ekki um okkar félagsmönnum. Peir eru að lenda í alvarlegum tekjumissi og tekjufalli. Það eru mörg verk að vinna og líklegast aldrei verið mikilvægara en núna fyrir hreyfinguna að standa saman.

Ég skal alveg viðurkenna það að ég hef í gegnum tíðina alveg hlaupið á mig og sagt hluti sem hefði kannski betur mátt láta ósagða. En mér finnst svona allavega á fyrstu tveimur frummælendum gagnvart þessum, bæði dagskránni og þeim breytingum sem eru fyrirhugaðar, ekki vera mikill sáttatónn í þessari klíku sem hefur haft gríðarlega mikil horn í síðu okkar sem höfum viljað breyta áherslum hreyfingarinnar úr því sem var þegar hreyfingin skrapaði botninn í trausti í íslensku samfélagi. En sem betur fer var haegt að ná að krafsa því eitthvað upp. Það er greinilega lítt vilji til þess að gera breytingar eða þéttu raðirnar. Það er miklu meiri vilji, og ég finn það alveg, að halda áfram með rýtingana í bakið á sínum félögum en að gera gagn út á við til þess að reyna að rífa þessa hreyfingu svoltið upp á rassgatinu og gera eitthvað sameinuð heldur en að vera í þessu orðaskaki alltaf hreint. Og ég verð bara að segja það að ég hef eiginlega bara voðalega líttinn áhuga á frekari sáttum innan hreyfingarinnar eftir þessar pillur. En þær koma ekki á óvart og ég segi bara verði ykkur að góðu í þessu miðstjórnarsamstarfi. Ég ætla aðeins að leyfa mér að hugsa málid hérna næstu tíma.

Að því sögðu þá var þetta ekki að mínu frumkvæði sem ákveðið var að útvíkka forsetateymið. Ég var beðinn um að koma inn í þetta aftur og mér leist vel á þann grunn sem við ætluðum að reyna að byggja á. En ég verð að viðurkenna það að ég sé það að það mun ekkert breytast í þessu skítaumhverfi sem miðstjórnin hefur verið oft að vinna í af fólk sem gerir lítið gagn fyrir verkalýðshreyfinguna annað en að drulla yfir félaga sína og ætlað að gera það áfram. Ég segi bara verði ykkur að góðu.

Takk fyrir mig.

Friðjón Víðisson - Eflingu Ég ætla að byrja á því að þakka Ragnari fyrir það sem hann sagði. Ég skil hann að mjög mörgu leyti. Ég upplifi oft eins og menn séu að tala á móti hver öðrum.

Ég lít ekki á þessa tillögu varðandi varaforsetana sem eitthvert titlatog. Ég held að þetta snúist meira um, eins og kom fram áðan, að sameina kraftana. Því eins og dæmin sýna í samfélagini, að ef það er einhver tími til þess að þetta raðirnar og standa saman þá er það einmitt núna. Eins og í sambandi við endurskoðun á kjarasamningum þegar SA kemur og ætlar hreinlega að ráðast á tekjulægsta hóp landsins. Það er því mikilvægt að standa saman og þetta raðirnar. Ég held því að tilgangurinn með þessari breytingatillögu sé að þetta raðirnar. Einnig að veita stjórnvöldum aðhald.

Mér finnst alveg bilað að núna þegar við horfum fram á gríðarlegt atvinnuleysi í samfélagini skuli atvinnuleysisbætur ekki vera hækkaðar. Ef það er einhver tími til að hækka atvinnuleysisbætur þá er það einmitt í kreppu þegar allir eru að missa vinnuna, til þess að hjálpa fólk meðan það versta gengur yfir. Mig langaði að impra á samstöðu því ef það er einhver tími sem við þurfum á því að halda þá er það núna.

Takk fyrir.

Aðalsteinn Árni Baldursson – Framsýn Þingforseti og ágætu þingfulltrúar, ég vil aðeins blanda mér inn í þessa umræðu. Ég verð að viðurkenna það að ég er ekki fylgjandi því að fjölgja forsetunum.

Ég velti líka fyrir mér lögum Alþýðusambands Íslands og af hverju menn sendu ekki út upplýsingar um þetta þannig að stjórnir félaganna gætu tekið þetta fyrir formlega. Það er svoltíð undarlegt að koma hér á síðustu metrunum og ætla að fjölgja forsetunum.

Ég tek það skýrt fram að ekki er verið að vega að nokkrum manni. Ég því miður reiknaði ekki með því að menn kæmu með þetta skítkast á Ragnar Pór Ingólfsson sem hefur unnið vel og við skulum líka hafa það í huga að frá því þessi svokallaða nýja forysta var kosin á síðasta þingi með glæsibrag hefur traust fólks til ASÍ, hreyfingarinnar, fólkssins sem við erum að vinna fyrir, stóraukist. Það er allt annað að skoða tölur í dag en voru á þessum tíma áður en þessi breyting varð til. En innan okkar raða er ákveðið fólk sem vill halda í gömlu gildin, sömu íhaldsgömlu gildin, og ég held að það fólk ætti kannski að fara að stíga til hliðar og hleypa nýju fólk að í auknum mæli. Það er full þörf á því að menn skoði það.

Traust mitt til Ragnars Pórs Ingólfssonar er mikið og hefur verið til Vilhjálms Birgissonar. Við höfum verið félagar og unnið vel að verkalýðsmálum í gegnum tíðina. Ég hefði viljað sjá þessa menn halda áfram í miðstjórn og var ósáttur við það þegar þeir fóru út á sínum tíma. En hvað þetta varðar hins vegar tel ég enga lausn í því að vera að fjölgja forsetum.

Pá vil ég benda á, þar sem ég þekki orðið söguna, að þegar menn voru að stilla upp í embætti forseta og fyrsta og annars varaforseta var ekki síst horft til þess að skanna hreyfinguna. Þá var það yfirleitt þannig að annar forsetanna kom af landsbyggðinni. Nú er það þannig að tillagan sem liggur fyrir frá miðstjórn um breytingu og menn þarna inn að það eru fjórir úr 101. Það er búið að gleyma landsbyggðinni. Það er búið að gleyma því að það var talað um það á sínum tíma að forystusveit ASÍ ætti á hverjum tíma að endurspeglar þjóðina, þ.e.a.s. höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina. En þarna gleyma menn því. Í morgun hlustuðum við á ungan mann sem var með mjög góða ræðu um fæðingarorlof og annað. Af hverju á unga fólkvið okkar ekki rétt að eiga mann inni í forystusveit sambandsins? Þetta er stórt mál sem við eignum að skoða betur og reyna að koma þeim aðilum sem eru talsmenn annað hvort stórra samtaka eins og hjá VR og Eflingu og fleiri félögum inn, ásamt unga fólkini, landsbyggðinni og sem flestum svo þeir hópar hafi einhverja rödd. Þetta á ekki að vera þetta titlatog eins og þetta er í dag og mun greinilega verða áfram.

Varðandi þetta þing vil ég velta upp hvort það sé löglegt og standist. Það er mjög sérstakt að vera hér með reglur um að það þurfi að skila inn 15 meðmælendum. Hvernig eiga menn að fara að því verandi í tölvum út um land allt, heima hjá sér, í vinnu eða annars staðar? Þetta er bara ekki hægt eða mjög erfitt nema menn hafi undirbúið sig gríðarlega vel og vita hvað færí fram á þessu þingi umfram aðra eins og mig.

Það er mjög sérstakt að vera með þessar kröfur um meðmælendur og ég efast um að þetta standist hreinlega lög. Þá endurtek ég að mér finnst með ólíkendum að menn hafi ekki gefið sér tíma til þess að senda þetta allt út á félögin svo þau gætu skoðað þetta, komið með tillögur og verið búin að safna meðmælendum ef menn vissu þá hverjir væru að fara frá öðrum félögum og annað slíkt. Takk fyrir.

Þingforseti lokar mælendaskrá.

Sólveig Anna Jónsdóttir – Efling Sæl verið þið, kæru félagar. Það er búið að vera mjög áhugavert að vera hér með ykkur á þessum 300 manna Zoom fundi sem þing Alþýðusambandsins er að þessu sinni. Ég ætlaði bara að fá að segja nokkur orð um þessa tillögu um fjölgun varaforseta.

Að mínu viti er hún sett fram í mjög góðri og einlægri trú í þeim tilgangi að tryggja eftir bestu getu, þó aldrei sé hægt að fulltryggja neitt, að þessi hreyfing geti farið fram sameinuð. Að við getum komist út úr þeim erfiða tíma sem við höfum verið að upplifa með ýmsum átkum sem engu að síður eru skiljanleg. Það tekur á að vera í þessari baráttu, sérstaklega um þessar mundir þar sem árásir á vinnandi verða sí harðari. Óvinir hreyfingar vinnandi fólks eru mjög valdamiklir og hafa mikið pláss í allri umræðu. Vegna þess hve erfiður vetur er fram undan og mögulega lengri tími með fjöldaatvinnuleysi og óvissu þá veit

ég að þessi tillaga var lögð fram í mikilli og djúpri von um að með henni væri hægt að stíga næstu skref í samstöðu, sáttum og samvinnu. Það voru engar annarlegar hvatir þar að baki að mér vitandi.

Pessi tillaga var samþykkt af miðstjórn, og það er miðstjórn sem leggur hana fram hér. Ég bið fólk um að hugleiða hvort því finnist sennilegt að valdapot einhverra einstaklinga sé þannig að það sé hægt að fá alla miðstjórn til þess að samþykkja að leggja þessa tillögu fram. Hlutirnir virka einfaldlega ekki svoleiðis.

Mér þykir að vissu leyti skiljanlegt að fólk skuli sjá fyrir sér að þarna séu einhverjar hvatir þar að baki af því að hlutirnir hafa verið erfiðir hjá okkur. En ég fullyrði að það er ekki svoleiðis, þetta er lagt fram af eins góðri trú og hægt er að hugsa sér, og af mikilli og góðri löngun að með þessu verði hægt að halda samstiga áfram þann erfiða veg sem við verðum engu að síður að feta.

Takk fyrir.

Jóhann R. Sigurðsson – Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri Kærð þingfulltrúar og þingforseti, ég vil byrja á að þakka ykkur fyrir þennan fund þó tæknivandamálin stríði okkur aðeins. Þetta er ekkert auðvelt í framkvæmd. Ég lagði það til á formannafundi að við frestuðum öllum kosningum vegna þess að ég teldi þetta alls ekki nágu félagslegt, þ.e.a.s. að við næðum nágu félagslegum umræðum í gegnum fjarfund.

Pegar fólk kemur fram með svona orðræðu eins og var finnst mér það ekki viðeigandi. Við þurfum alltaf að takast á og menn hafa gert það úr pontu, við erum ekkert alltaf sammála um vinnubrögð og svoleiðis en við skulum vanda orðalag. Ég er ekki í miðstjórn og þekki ekki þau vinnubrögð sem þar fara fram eins og Ragnar lýsti áðan.

Lýðræði snýst um það að meirihlutaákvörðun er tekin og þá þurfa fulltrúar miðstjórnar og forsetar og aðrir að vinna eftir því. Það er miðstjórn sem er í raun með valdið. Mín skoðun á þessu er að verið er að reyna að ná sátt og Ragnar er með stóran hluta af ASÍ þarna inni, með marga félagsmenn á bak við sig. Þar af leiðandi þarf hann að sýna það að hann sé því starfi vaxinn og rjúka ekki út þegar hans tillaga nær ekki fram. Þetta þurfa allir fulltrúar í miðstjórn að gera. Menn taka að sér embætti og þá gegna menn þeim embættum til endaloka kjörs.

Ég er sammála því sem Sólveig var að segja rétt áðan. Við berum ábyrgð á þeirri stöðu sem við tökum að okkur. Ég held að þarna sé verið að reyna að ná sáttum innan hreyfingarinnar og ég hvet Ragnar til þess að sluga það á þann hátt að við erum að reyna að vinna saman. Við þurfum öll sjónarmið á borðið.

Ég vil þó taka fram, eins og Helga sagði áðan, að þarna er ekki verið að kjósa framkvæmdastjórn. Ég hef aldrei litið á það þannig og það hefur aldrei verið kynnt á þann hátt. Það er hins vegar mikilvægt að þarna komi allir frá

stóru félögunum og samböndunum, þeir ræði saman og forsetarnir séu sterkari heild út á við og til miðstjórna.

Ég tek undir það sem Aðalsteinn sagði um að við þurfum að gæta að því að týna ekki landsbyggðinni og í miðstjórnum þurfum við að gæta þess hvernig það er gert og endurspeglar samfélagið. Samstaða er lykillinn okkar og við erum á þannig tínum að við þurfum að sýna samstöðu núna og vanda vinnubrögð. Ég ítreka einnig að við skulum vanda orðalag, og þetta er ekki framkvæmdastjórnum.

Takk fyrir.

Kristján Þórður Snæbjarnarson – RSÍ/fyrsti varaforseti Pingforseti og þingfulltrúar. Mig langar að koma aðeins inn í þessa umræðu sökum þess að ég hef komið aðeins að henni í aðdraganda þingsins. Við höfum auðvitað verið að glíma við gríðarlega erfiðar aðstæður og þessi átok sem við erum að glíma við, bæði varðandi veiruna og aðstæður í samfélagini, aukið atvinnuleysi.

Pað er gríðarlega mikilvægt að við komum út af þessu þingi sem samstæður hópur þar sem við náum að þetta okkar raðir í baráttunni fram á við og út á við og náum að sameina krafta okkar í stað þess að vera í slagsmálum innandyra. Hugmyndin var síú að gera hvað við getum til þess að ná auka sáttina og samstöðuna og við gætum unnið í þessum málum sem ein heild.

Hugmyndin er í grunninn ekkert ný, og mig minnir að þetta hafi verið skipulagið einhvern tímann á árum áður og ég held að það sé jákvætt að við tökum slík skref. Hugmyndin er s.s. síú að veita þemur stoðum Alþýðusambandsins aðkomu að þessu teymi, Starfsgreinasambandinu, verslunarmönnum í heild og iðnaðarmönnum. Ég veit að það eru fleiri hópar innan ASÍ en þetta er hugmyndafræðin sem unnið var út frá. Að reyna að tryggja aðkomu fleiri og auka samráð og samstarf í þessum hópi.

Ég held við ættum því ekki að tapa okkur í umræðunni um einstaklinga eða þau mál sem hafa komið fram þó auðvitað blandist það inn í þetta. Við þurfum að taka þetta í meiri samvinnu fram á við. Pað er míni von að okkur takist að styrkja Alþýðusambandið með þessari tillögu og með því að koma út af þessu mjög svo sérstaka þingi sem sterkari heild. Ég vona að það verði niðurstaðan að þessi breyting verði samþykkt og okkur gangi betur að starfa í takt næstu tvö árin.

Takk fyrir.

Vilhjálmur Birgisson – Verkalýðsfélag Akraness Ég var búinn að ákveða að taka ekki til málss á þessu þingi. Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað um mikilvægi þess að Alþýðusambandið sé samstiga og það ríki mikil samstaða innan okkar vébanda. Pað er hart sótt að okkur út um allt. Ástæða þess að ég tek til málss er að þessar fyrstu tvær ræður sem hér birtust áðan eru með þeim hætti að ... ég veit það ekki. Þetta kemur mér ekkert á óvart. Ég held að fáir innan verkalýðshreyfingarinnar hafi átt jafn marga „fjandmenn“ innan

hreyfingarinnar eins og sá sem hér talar. Það má eiginlega orða það þannig að maður þarf ekki að eiga óvini þegar maður er í verkalýðshreyfingunni.

Ég ætla að leyfa mér að segja það. Oft og tiðum hafa árásirnar sem á mér hafa dunið verið með svo miklum ólíkendum að mig setur oft hljóðan. Eftir að ég var kosinn fyrsti varaforseti á síðasta þingi tel ég mig hafa lagt mig gríðarlega fram um að sinna verkefnum sem lúta að því að bæta hag okkar fólks af kostgæfini. Ég held að síðasti samningur sem var gerður, ásamt 42 atriðum sem stjórnvöld komu með, beri þess merki. Að sjálfsögðu lentum við í þessum skelfilegu aðstæðum í mars þar sem mjög skiptar skoðanir voru um hvaða leiðir ætti að fara. Um þetta væri hægt að skrifa heila bók.

Ég skal fúslega viðurkenna það og bið þingfulltrúa afsökunar á því að ég gerði þau mistök að segja af mér. Ég átti ekki að gera það. Ég áttáði mig fljótt á því að þarna gerði ég mistök, og sennilega míin stærstu mistök frá því ég hóf þáttóku í verkalýðshreyfingunni. Í kjölfarið ákvádum við að svara ákalli margra forystumanna í verkalýðshreyfingunni sem kallaði eftir mikilvægi þess að hreyfingin stæði saman. Við myndum þetta raðirnar. Á þeirri forsendu ákvað ég, ásamt Ragnari Þór, að athuga hvort það væri virkilegt tækifæri til þess að slíðra sverðin og mynda þessa órjúfanlegu keðju sem Alþýðusambandið þarf að vera og óskuðum eftir því að koma inn aftur. Þá komum við aftur að því sem ég sagði áðan, að enginn í þessari verkalýðshreyfingu á eins marga fjandmenn og ég hef upplifað þetta. Enda kom það í ljós að ég mátti ekki koma inn en Ragnar mátti koma inn. Ástæðan fyrir því að Ragnar fékk inngöngu laut bara að einu, ótta forystunnar um að VR myndi víkja út úr Alþýðusambandi Íslands. Það var ekki út af neinu öðru. Ragnar sagði af sér á undan mér. Rökin áttu að hafa verið þau að ég hafi sagt af mér á undan honum. En þetta skiptir engu máli.

Að upplifa núna ræður frá fólk i þar sem heiftin og persónulega hatrið ríður ekki við einteyming og að fólk geti ekki hamið sig í reiðinni í garð sinna eigin samherja er þyngra en tárum taki. Ég tek undir með félaga Ragnarí í því að ég er sannfærður um það að það mun ekki nokkur skapaður hlutur breytast. Ég dred reyndar æði margt hér í efá að standist lög af því að menn vísuðu í lög og hefðir þegar var neitað að taka í sáttahönd okkar þegar við vildum koma inn aftur.

Rafrænt þing, drottinn minn dýri, þetta rafræna þing, ef einhver ætlar að halda því fram að þetta standist einhverja skoðun þar sem er verið að breyta lögum þannig að það fari bara fram ein umræða um þessar veigamiklu lagabreytingar sem hér eru, en ekki tvær. Og það er gert í gegnum þingsköpin. Á kosningaseðlunum kemur ekki einu sinni fram hvað kosið er um. Það þarf að hlusta á það sem þingforseti er að segja. Það er æði margt sem stenst ekki skoðun. Ég ætla samt að segja það að ég skora á alla að standa saman, því ég

held að við þurfum ekkert fleiri óvini en við erum nú þegar með úti á meðal atvinnurekenda. Ég skora á fólk að taka höndum saman og reyna að fara af þessu þingi í eins mikilli sátt og samlyndi eins og kostur er. Ég ber þó gríðarlegan kvíðboga fyrir því að heiftin og óvildin í garð einstakra forystumanna í verkalýðshreyfingunni að þetta fólk muni aldrei nokkurn tímann geta hamid sig.

Takk fyrir.

Gunnar Karl Ólafsson – VR Góðan daginn. Mig langaði bara að lýsa því yfir að ég tel þessa lagabreytingu illa ígrundaða, ekki sé nægjanlega búið að fara yfir kosti hennar og hvet því alla til þess að fella þessa tillögu.

Arnþór Sigurðsson – VR Ágætu félagar og þingforseti. Ég er stjórnarmaður í VR og var mjög ósáttur með úrsagnirnar í vor af hálfu minna félaga og tel að það hafi verið mistök af þeirra hálfu að segja sig úr miðstjórn.

Ég er maður sáttá og vill hvetja fólk til þess að slíðra sverðin. Alþýðusambandið skiptir okkur gríðarlegu máli þegar á heildina er litið. Við erum öll samherjar í sömu baráttu. Það eru lagðar fram breytingar um að fjölga um einn varaforseta. Við erum á árinu 2020 og Alþýðusambandið hlýtur að taka breytingum. Að menn séu að velta því fyrir sér hvort þetta sé gott eða vont finnst mér minna mál en að við hreyfum okkur bara áfram með straumnum og höfum raðirnar eins og við viljum hafa þær hverju sinni. Horfum ekki í flokkadrætti eða persónur. Mig langar að hvetja alla sem eru að hlusta á þessu þingi að samþykkja þessa tillögu og líta fram hjá persónuerjum því við þurfum virkilega á því að halda að standa saman.

Takk fyrir.

Bjarni Þór Sigurðsson – VR Takk fyrir, kæru félagar og forseti. Ég missti af fyrstu tveimur ræðunum og veit því ekki alveg hvað var sagt. Ég vil þó minna fólk á að VR hefur starfað á 19., 20. og 21. öldinni og fljótlega eftir að 20. öldin hóf innreið sína var ASÍ stofnað og hefur sambandið því starfað bæði á 20. og 21. öldinni. Og vonandi eiga bæði þessi félög eftir að starfa margar aldir áfram. Ég hef verið þeirrar skoðunar að VR ætti að eiga rödd í forsetateymi ASÍ og tek undir með Sólveigu, Kristjáni og fleirum sem hafa talað hérla, um að þessi tillaga sé sett fram í einlægni. Það var líka ánægjulegt að menn skyldu geta viðurkennt mistök. Það má hrósa Vilhjálmi Birgissyni fyrir að segja að þetta væru stærstu mistök sem hann hafi gert á þessum vettvangi á sama tíma og það er leiðinlegt að það hafi gerst. Pó það þurfi kannski ekki að halda áfram að ítreka það sem menn hafa sagt hér þá tel ég að það skipti gríðarlegu máli að það sé sátt innan hreyfingarinnar, að menn séu samstiga, og við komum sterkt fram á völlinn. Ég ætla að hvetja alla til þess að samþykkja þessa tillögu. Meira hef ég ekki að segja í bili.

Takk fyrir.

Ástþór Jón Ragnheiðarson – Verkalýðsfélag Suðurlands/ASÍ-UNG

Takk kærlega fyrir, þingforseti og þingfulltrúar. Ég veit tæplega hvar ég á að byrja eftir þessar miklu umræður en glæsilegt hjá þér, Ragnar Þór, að skella þér sjálfur í fórnarlambahlutverkið. Þú ert að sjálfsögðu hinn eini sanni réttlætisriddari verkalýðsmála á Íslandi. Og allir sem hafa í rúmlega 100 ára sögu ASÍ starfað innan verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi hafa gert það af annarlegum hvötum. Hér kastar þú steini úr glerhúsi, Ragnar.

Hún Helga úr VR sagði það grímulaust áðan, þessi breyting snýst einungis um VR og ykkar vægi. Í félagsmálum og pólitík á enginn neitt og VR innan ASÍ er engin undantekning. Fjölgun varaforseta er óþörf. Og enn frekar nú á tækniold þegar forföll þurfa ekki að vera í eins miklum mæli. Ég kem frá litlu félagi, Verkalýðsfélagi Suðurlands, en ég kem einnig frá ASÍ-UNG. Pessi tillaga lyktar af reykfylltum bakherbergjum, hrossakaupum og egói stórra karaktera. Unga fólkið vill breyta þessum leiðindakúltúr sem oft hefur einkennt verkalýðshreyfinguna.

Pá er rétt að taka fram að það að þetta raðirnar og moka undir egó stóru karakteranna í óþökk við til að mynda minni félög er ekki raunveruleg þéttинг raða. Það eru bolabrogð og sérhagsmunagæsla. Ef VR vill eiga fulltrúa innan forsetateymis ASÍ skuluð þið bjóða fram fulltrúa og hann nái kjöri. Þannig er lýðræði. Hentugleikabreytingar eru ekki lýðræði. Petta minnir mig á enska hugtakið, ef ég leyfi mér að sletta aðeins „My way or the highway“. Hafðu skömm fyrir, Ragnar Þór, fyrir þessa orðræðu og yfirdrull. Þú ert ekki fyrir-myndin sem ungt fólk innan verkalýðshreyfingarinnar, framtíð hreyfingarinnar, þarfnað. Ég mæli með að þú finnir þér annan starfsvettvang ef þú höndlar ekki lýðræði. Mér, unga manninum, hreinlega blöskrar hve barnalega þið látið, upp til hópa. Petta snýst um fólkið okkar en ekki þá titla sem þið berið.

Takk fyrir mig.

Drífa Snædal – forseti ASÍ Kæru félagar. Ég legg til að við vöndum orð okkar í garð hvert annars og reynum að gera það að okkar einkunnarorðum nú í dag og framvegis því einungis þannig komumst við áfram veginn. Pessi tillaga er til að auka breiddina í forystunni. Pessi tillaga snýst ekki um að búa til framkvæmdastjórn innan miðstjórnar. Vald miðstjórnar er óskert eftir sem áður en þessi tillaga er hugsuð til að ná sáttum og auka breidd forystunnar, út á það gengur hún. Ég veit að við getum þurft að aðlaga okkar hreyfingu oft. Valdið er í ykkar höndum, þing ASÍ er æðsta vald þannig að við getum náð samstöðu hér og ákveðið hvernig við viljum hafa forystuna og til þess erum við stödd hér í netheimum í dag. Ég hvet til þess að tillagan verði samþykkt. Takk.

Pingforseti sagði að það væri smá seinkun á auglýstri dagskrá sökum vandkvæða með tækni.

Engar breytingatillögur bárust við tillögu miðstjórnar. Því næst var laga-breytingartillaga miðstjórnar borin upp til atkvæðagreiðslu.

Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru á þá leið að 161 sögðu „já“; 79 sögðu „nei“; og 12 sátu hjá. Lagabreytingartillaga miðstjórnar var því samþykkt enda hlaut hún samþykki meira en 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Hlé gert á þinginu til kl. 14:10.

Skýrsla forseta og reikningar ASÍ

Pingforseti hóf þingið að nýju. Næst væri komið að skýrslu forseta ASÍ og kynningu á reikningum en áður en það hæfist kvaðst hann vilja gefa Magnúsi Norðdahl, lögræðingu ASÍ, orðið til þess að lýsa betur kosningakerfinu sem notast væri við vegna fjölmargra fyrirspurna.

Magnús Norðdahl, „Pingforseti og góðir þingfulltrúar. Um væri að ræða tvær spurningar, annars vegar hvort að kosningin væri fullnægjandi og leyningleg. Það kerfi sem notað er við þessa kosningu er það kerfi sem við stóðum sjálf að, tókum þátt í að smíða á sínum tíma með Advania sem síðan hefur verið þróað og margnotað og viðurkennt að það uppfylli allar kröfur hvað varðar persónuvernd og aðskilnað þess hverjir greiði atkvæði og hvernig þeir greiði atkvæði. Petta kerfi hefur jafnframt hlotið viðurkenningu hjá embætti Ríkissáttasemjara og sama kerfið og við notum við afgreiðslu kjarasamninga þannig að ég tel engum vafa undirorpíð að kosningin sé fullnægjandi og leyningleg. Síðan varðandi hvað þarf til þess að ná tilskildum meirihluta þá er það þannig að lög ASÍ eru hljóð um þessar kröfur, tala bara um greidd atkvæði. Aftur á móti taka þingsköpin á þessu og þingsköpin eru skýr um það að til greiddra atkvæða teljast einungis þau atkvæði þar sem tekin er afstaða. Petta á sér þá einföldu skýringu að ef slíkt ákvæði væri ekki í lögum ASÍ eða almennt í lögum þá væri það þannig að fólk gæti komið í veg fyrir ákvarðanir með því að sitja hjá, taka ekki afstöðu eða eithvað þess háttar. Það er margþekkt í bandarískum stjórmálum en lög og þingsköp ASÍ eru skýr um þetta. Greidd atkvæði eru þau sem taka afstöðu, já eða nei.“

Takk fyrir.“

Pingforseti þakkaði Magnúsi fyrir og kvað það alveg skýrt að sínu mati að hér væri verið að fara eftir því sem fyrir er lagt í lögum og reglum ASÍ.

Tilkynnti þingforseti því næst að kjörstjórn hafi ekki hafi borist önnur framboð vegna kosninga sem fara fram á eftir. Bauð hann því næst Drífu Snædal að fjalla um skýrslu forseta.

Drifa Snædal forseti ASÍ: „Kæru félagar, þetta hafa verið afar viðburðarísk ár og við gætum verið hér vel fram eftir degi ef ég ætlaði að tíunda allt það sem á daga okkar hefur drifið. Það sem allt snýst um þessa dagana er að sjálfssögðu viðbrögð við ástandinu og hvernig við ætlum að koma launafólki og almenningi öllum í gegnum kófið næstu mánuði.

Síðustu tveimur árum má í raun skipta upp í two kafla:

Annars vegar voru það kjarasamningarnir sem voru óvenju umfangsmiklir enda lögðum við allt undir í þeim, ekki bara samninga við atvinnurekendur heldur vorum við í samningaviðræðum við stjórnvöld jafnhliða um grundvallarbreytingar á húsnæðismálum, aðbúnaði launafólks á íslenskum vinnumarkaði, varnir gegn brotararfsemi á vinnumarkaði, skattamálum og jöfnunarkerfum, fæðingarorlofsmálum, vaxta- og verðtryggingarmálum svo eitthvað sé talið. Samningarnir sem undirritaðir voru á vormánuðum 2019 áttu því langan aðdraganda og úrvinnsla þeirra er enn í gangi þó margt hafi nú þegar gengið eftir.

Við tókumst á hendur stór verkefni við þessa kjarasamninga en enn stærra verkefni beið handan hornsins, hinn kaflinn á þessum tímabili – nefnilega kófið. Við ákváðum hins vegar strax, í samtali við stjórnvöld að leggja ekki til hliðar áherslurnar sem voru lagðar í lífskjarasamningunum heldur halda þeim einnig til streitu jafnhliða öðrum risaverkefnum. Ég vil líka ítreka það á þessum tímapunkti að ástæða þess að við getum verið í virku samtali og beitt þrýstingi gagnvart stjórnvöldum er stærð okkar og samheldni um stóru málin. Ef við værum í smærri einingum eða ósamstiga í stóru málunum þá yrði okkur ekkert ágengt.

Á þessu ári höfum við því unnið áfram úr lífskjarasamningum, tekið þátt í smíðum og eftirfylgni frumvarpa til að minnka skaðann af kófinu, unnið að stefnu í virkni atvinnuleitenda, aðstoðað aðildarfélög sem hafa borið mest tjón af kófinu í kjaradeilum og úrlausnarmálum gagnvart sínum félagsmönnum svo eitthvað sé nefnt.

Mig langar hins vegar að minnast á tvennt sem ég lagði meðal annars áherslu á þegar ég var kjörin fyrir tveimur árum síðan: Upplýsingar og aðbúnadur fólks af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði og aukin þekking á vinnumarkaði til að efla okkur í okkar störfum. Í tengslum við lífskjarasamningana voru gefin fyrirheit um aukið upplýsingaflæði til fólks af erlendum uppruna og á skrifstofu ASÍ höfum við einnig styrkt þennan þátt með auknum túlkunum, þýðingum og sérfraðiþekkingu. Ekki er vanþörf á því eins og við sjáum núna þá kemur ástandið verst niður á þeim sem ekki eru af íslenskum uppruna og það skiptir máli fyrir okkur öll og samfélagið til framtíðar að við búum ekki til tvískipt þjóðfélag – þeirra sem eru innfæddir og hinna sem eru aðkomufólk. Það ber vanda í sér til lengri tíma.

Um aukna þekkingu á vinnumarkaði ber vitni stofnun Vörðu – rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins þar sem ASÍ og BSRB leiða saman krafta sína til að búa til nýja þekkingu og auka yfirsýn yfir það sem verið er að gera á svíði vinnumarkaðarins. Ég vona að þið hafið notið þeirra strauma frá öllum heiminum sem Varða hefur borið hingað til lands og fleira er að vænta í þekkingarskópun og miðlun á forsendum launafólks.

Aðrir þættir í okkar starfsemi hafa dafnað vel síðustu tvö árin: Bjarg Íbúðarsélag mun innan tveggja ára vera búið að byggja um 1000 Íbúðir – það þýðir eitt þúsund fjölskyldur sem eiga möguleika á að búa í framtíðarleigu-húsnæði á sanngjörnum kjörum og munar um minna. Virk hefur fengið enn stærra hlutverk í kófinu og mun mæða verulega á næstu árin. Listasafnið heldur áfram að finna nýjar og skemmtilegar leiðir til að miðla til okkar þeim ótrúlegu menningarverðmætum sem okkur er gert að vernda. Að auki höfum við verið í miklum og góðum alþjóðasamskiptum sem síðustu árin hafa litast mjög af umræðu um réttmæti þess að setja lög um lágmarkslaun eða hvort laun á að semja um í frjálsum samningum á milli aðila vinnumarkaðarins. Petta er lifandi og brýn umræða í Evrópu. Ég vil líka minnast á það að við höfum nú í fyrsta sinn fengið stjórnarmann í æðstu stofnun vinnumarkaðarins í heimi: Alþjóða vinnumálastofnuninni þar sem Magnús Norðahl situr nú í stjórn. Fræðslumálin eru brýn sem aldrei fyrr og trúnaðarmannanámskeið hafa verið sótt en auðvitað þarf að finna nýjar leiðir á kóftímum. Fræðsludeild ASÍ hefur líka verið öflug í þýðingum til að gefa félögum okkar af erlendum uppruna tækifæri til þátttöku í okkar góðu hreyfingu. Að auki höfum við lagt áherslu á að styðja við ungt fólk í hreyfingunni, bæði með áheyrnaraðild að miðstjórn og með öðrum ráðum. Ég hef sérstakan áhuga á að efla unga fólk ið okkar, ekki af því það eigi að vera eitthvert sérstakt félag, heldur til þátttöku í allri hreyfingunni, innan aðildarfélaganna og hvar sem er.

Verðlagseftirlitið hefur unnið protlaust að miðlun verðs á nauðsynjavöru, en verðvernd er stór þáttur í kjaramálum og verðlagseftirlitið fyrir löngu orðinn fastur liður í neytendavítund landans. Vinnustaðaeftirlitið er einnig stöðugt að festa sig betur í sessi og við erum komin með stórt net af hæfu og góðu fólk til að tryggja réttindi starfsfólks og upplýsa vinnandi fólk um sín réttindi. Pað þarf að efla enn frekar.

Kæru félagar, ég hef stiklað á mjög stóru í skýrslu forseta en vísa í frekari upplýsingar í bókunum góðu sem eru hluti af þingskjölunum.“

Halla Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri ASÍ, gerði grein fyrir formlegri afgreiðslu miðstjórnar og endurskoðenda á reikningum ASÍ og stofnana fyrir árin 2018 og 2019. Í máli Höllu kom fram að rekstrarafgangur hefði verið tölverður bæði árið 2018 og 2019, eða sem nemur samtals rúmum 80 milljónum. Á árinu 2018 hefðu heildareignir samstæðunnar verið um 891 milljón og á

árinu 2019 stæðu þær í rúmlega 964 milljónum. Sé litioð á eignir á móti skuldum þá megi sjá að eigið fé var í lok árs 2019 rúmar 883 milljónir. Fór Halla því næst yfir nánari sundurliðun reikninganna eftir afkomu og stöðu einstakra stofnana samstæðunnar. Um reikningana að öðru leyti vísaði Halla til skýrslu forseta þar sem þeir væru birtir.

Pingforseti gaf því næst orðið laust en þar sem enginn kvaddi sér hljóðs um skýrslu forseta eða reikningana bar hann því næst reikningana upp til samþykktar. Peir sem gætu samþykkt þá segja „já“ og þeir sem vilja ekki samþykjkja segja „nei“.

Niðurstöður atkvæðagreiðslu voru á þá leið að „já“ sögðu 208, „nei“ sögðu 3 og 17 sátu hjá. Lýsti þingforseti því yfir að reikningar sambandsins teljist samþykktir.

Afgreiðsla ályktana

Þingforseti bauð Drífu Snædal í pontu til að kynna ályktanir miðstjórnar.

Drífa Snædal, forseti ASÍ „Pingforseti og kæru félagar. Ég ætla fyrst að fara yfir almenna ályktun um vinnumarkaðsmál. Það er ómögulegt að halda þing þó í rafheimum sé án þess að heyrist frá okkur um stöðuna og ég ætla að leyfa mér að lesa þessi ályktunardrög upp sem er á bingskjali nr. 7.

Almenn ályktun um vinnumarkaðsmál

44. *þing ASÍ krefst þess að stjórnvöld beiti ríkisfjármálum í þágu almannahagsmuna og tryggi með aðgerðum sínum að kreppan af völdum Covid-19 skerði ekki afkomu- og húsnæðisöryggi almennings. Dregið verði úr atvinnuleysi og komið í veg fyrir langtímaatvinnuleysi. Þing ASÍ krefst þess jafnframt að grunnatvinnuleysisbætur verði hækkaðar þegar í stað til samræmis við þróun lægstu launa og að þak vegna tekjutengingar lág- og millitekjurfólks verði hækkað. Þá verði bótatímabilið lengt úr 30 í 36 mánuði. Samhlíða verði tryggt að þau heimili sem lenda í tekjusamdrætti vegna lækkunar tekna eða atvinnuleysis komist í greiðsluskjól og þannig komið í veg fyrir skuldavanda til frambúðar.*

Þingið lýsir yfir áhyggjum af stöðu viðkvæmra hópa sem geta farið sérstaklega illa út úr kreppunni. Ungmennum sem eru hvorki starfandi né í námi hefur fjölgæð og hætt er við að heimsfaraldurinn muni auka á þá þróun. Erlent launafólk hefur orðið fyrir þungu höggi á vinnumarkaði og er hlutfall þeirra hátt í röðum atvinnuleitenda. Fólk sem starfar í ferðapjónustu og störfum sem tengjast ferðapjónustu hefur orðið sérstaklega illa úti og sama á við um starfandi fólk í lista-, menningar- og viðburðageirunum. Ótrygg ráðningasambönd hafa aukið enn frekar á vandann og úrræði stjórnvalda hafa ekki mætt

þeim hópum sem hafa þurft að treysta á slík ráðningasambönd. Fjölgæð hefur í hópi langtímaatvinnulausra og því brýnt að stórefla þjónustu og atvinnu- og menntunarúrræði til að koma til móts við atvinnuleitendur og þá sérstaklega til að mæta þörfum viðkvæmra hópa. Stjórnvöldum, í nánu samráði við heildarsamtök launafólks, ber að móta atvinnustefnu sem hafi að markmiði, auk þess að vera stefna um fulla atvinnu, sköpun mannsæmandi starfa og hrinda henni í framkvæmd þegar í stað. Hún á að styrkja réttlát umskipti, skjóta styrkum stöðum undir fjölbreytt atvinnulíf til framtíðar og efla grunninnviði landsins. Opinber fjárfesting hefur dregist saman þráttr fyrir gefin fyrirheit stjórnvalda um stórauknar fjárfestingar.

44. þing ASÍ krefst þess að ríkisfjármálum verði beitt af fullum þunga til að milda höggið af kreppunni og því er með öllu hafnað að almenningur eigi að bera kostnaðinn af björgunaraðgerðum stjórnvalda með niðurskurði á opinberri þjónustu og hærri tekjusköttum og gjaldtöku. Prátt fyrir auknar skuldir er ríkissjóður sterkur, vextir eru í sögulegu lágmarki og gjaldeyrisvaraforði Seðlabanka Íslands aldrei verið meiri. Verkefni hins opinbera er að koma í veg fyrir atvinnuleysi og tryggja að möguleg verðbólga og gengisfall valdi ekki afkomu- og skuldavanda fyrir einstaklinga og heimili. Par skiptir sköpum að stjórnvöld og Seðlabanki gangi í takt. Atvinnurekendur sem þegar hafa þegið verulega aðstoð úr ríkissjóði og aðra fyrirgreiðslu banka og lánastofnana, þurfa jafnframt að axla sína ábyrgð, virða gerða kjarasamninga, halda atvinnustigini uppi og koma í veg fyrir óþarfar verðlagshækkanir sem geta kynt undir verðbólgu. Þing ASÍ gerir kröf til þess að fjármunum úr ríkissjóði verði ráðstafað með gagnsæjum hætti út í samfélagið með það að markmiði að styðja við launafólk og við heimilin í landinu. Stöndum vörð um heimilin!

Þing ASÍ áréttar að ákvarðanir sem teknar eru á krepputímum geta haft úrslitaáhrif til framtíðar. Þær geta sagt til um afkomu- og skuldavanda til ára og jafnvél áratuga; þær geta aukið ójöfnuð en þær geta einnig, ef rétt er á haldið, dregið úr ójöfnuði. Verkalýðshreyfingin á skýlausu kröf til aðkomu að öllum stórum ákvörðunum sem nú eru teknar. Ákvarðanir verður að taka eftir skýrri framtíðarsýn, í samræmi við tillögur ASÍ, undir yfirskriftinni Réttarleiðin: frá kreppu til lífsgæða og öryggis fyrir okkur öll, sem byggja á stefnu ASÍ og kveða á um bráðaaðgerðir, upphagygingu til framtíðar og eftirfylgni.

Til þess að gefa ákveðin skilaboð frá þinginu inn í hreyfinguna sjálfa og þau verkefni sem við stöndum frammi fyrir þá erum við líka með drög að ályktunum um innra starf ASÍ. Rétt að nefna það að þessi tvenn drög að ályktunum hafa verið samþykktar af miðstjórn til að leggja fyrir þingið.

Ályktun um innra starf ASÍ

44. þing ASÍ er haldið við óvenjulegar aðstæður vegna heimsfaraldurs af völdum kórónuveirunnar og stefnumótun frestað til vorsins. Ábyrgð miðstjórnar ASÍ og verkalýðshreyfingarinnar allrar er sérstaklega mikilvæg á slíkum tímum.

Þing ASÍ beinir því til nýrrar miðstjórnar að tryggja að ASÍ rísi undir þessari ábyrgð í hvívetna. Því er sérstaklega beint til miðstjórnar að vinna að eftirfarandi verkefnum og málefnum:

- Að setja á laggirnar nefnd með þátttöku landssambandanna og stærstu aðildarfélaga og í ríku samráði við aðildarfélögini, sem verður falið að móta tillögur ASÍ í tengslum við boðaða vinnu stjórnvalda um Grænbók í lífeyrismálum.
- Að standa fyrir samráði meðal aðildarsamtaka ASÍ um áherslur ASÍ vegna vinnu við Grænbók um umhverfi kjarasamninga og vinnumarkaðsmála.
- Að hefja vinnu við endurskoðun á skipulagi ASÍ og leggja drög að áætlun um þá vinnu fyrir framhaldsþingið sem haldið verður 11. og 12. maí 2021. M.a. verði horft til laga ASÍ, hlutverks fastanefnda, þjónustu við aðildarsamtökum, slagkrafts í kjarasamningum, fjármögnum ASÍ og fjölbreytni og styrks hreyfingarinnar.
- Að móta tillögur um fjölmíðlastarfsemi sem miðar að því að styrkja málstað verkalýðshreyfingarinnar.
- Að útfæra leiðir til að efla vinnustaðaeftirlit stéttarfélaganna. Vinnustadæftirlitið er alltaf mikilvægt og ekki síst á krepputímum.
- Að fylgja eftir loforðum sem gefin voru í tengslum við Lífskjara-samninginn og hvika í engu frá kröfum ASÍ um nauðsynlegar lagabreytingar til að koma í veg fyrir launajófnað og félagsleg undirboð.
- Að halda áfram að tryggja öfluga þjónustu við aðildarfélögini og efla enn frekar þekkingu ASÍ á málefnum vinnumarkaðar, efnahagsmálum og velferðarmálum.“

Hjörðís Þóra Sigurþórsdóttir – Afl starfsgreinafélag „Ágætu félagar. Mig langar aðeins að ræða þingskjal nr. 7. Í fyrstu málsgreininni er setning sem segir: Dregið verði úr atvinnuleysi og komið í veg fyrir langtímaatvinnuleysi. Mér finnst þessi setning ekki nægilega innihaldsmikil og það er enginn hvati í gangi hjá hinu opinbera t.d. með því að hvetja atvinnulífið til þess að ráða frekar atvinnulaust fólk til starfa heldur en að flytja nýtt fólk erlendis frá eins og verið er að gera enn þá. Vinnumálastofnun þarf að mínu mati að fara að beita sér t.d. með því að höfða til þess að þetta fólk fái frekar vinnu en fólk sem kemur nýtt inn í landið. Það má líka benda á að mér finnst skjóta skökku

við að nú sé ríkið að segja upp starfsfólki. Þá er ég að vísa til þjóðgarðsvarða á Pingvöllum sem verið var að segja upp fyrir stuttu. Ég er ekki með breytingatillögu við framkomna tillögu en vil beina því til flytjenda tillögunnar hvort ekki sé hægt að gera þessa setningu innihaldsríkari.“

Friðjón Víðisson – Efling „Varðandi húsnæðismarkaðinn fannst mér gott það sem Drífa talaði um. Það eina sem mér finnst vanta í þetta er það sem talað var um fyrir einhverju síðan, þ.e. leiguvernd. Að það sé eithvert leiguþak. Í lögum standi að það sé leiguþak á leighuhúsnæði þannig að okurfyrtækni geti ekki bara hækkað leiguna endalaust án þess að nokkur geri neitt. Mér finnst það vanta þarna inn. Ég er sammála þessu með störfin, þ.e. að fjölgja hlutastörfum. Ég er hjartanlega sammála síðasta ræðumanni með það að hjálpa fólk sem er atvinnulaust. Hjálpa því af stað og leita þangað til að efla fólk í stað þess að leita annað. Ég er alveg hjartanlega sammála því og langar að taka undir það. Takk fyrir mig.“

Pingforseti tilkynnti á þessum tímapunkti að mælendaskrá um dagskrárlíðinn hefði verið lokað.

Jóhann Sigurbjörnsson – VR „Ég sprýr mig með þessar ályktanir af því að þetta kemur frá miðstjórnum og allt í lagi með það en ég sprýr mig af því að engin vinna fer fram um að breyta þessu og sprýr mig þá með umboðið. Það þarf 15 meðmælendur til að geta breytt ályktunardrögum og venjulega hefur þingvinnan verið þannig að þetta er unnið í nefndum og þar eru yfirleitt ekki 15 meðmælendur fyrir hverri breytingu þannig að ég velti því nú fyrir mér. Fyrir utan það þá langar mig líka að benda aðeins á að þarna er mikil talað um varðandi vinnumarkaðsmálin, tekjurnar, og það er nú góðra gjalda vert, en það sem mig langaði að benda á er Seðlabankinn og fall krónunnar. Mér finnst að Seðlabankinn ætti að verja krónuna töluvert betur en hann hefur verið að gera. Peir eru með gríðarlegan varaforða sem virðist ekki vera notaður og enn þá fellur krónan og það hefur gríðarleg áhrif á útgjöldin. Þó að fólk sé að fá hærri tekjur þá eru útgjöldin orðin töluvert meiri. Ég velti því fyrir mér hvort við ættum ekki að reyna að bæta því þarna einhvers staðar inn í. Þá er ég búinn í bili.“

Sigmundur Halldórsson – VR „Mic langar til þess að hrósa ASÍ sérstaklega fyrir að nefna þessa viðkvæmu hópa í þessari yfirlýsingi sem nú standa frammi fyrir atvinnuleysi á íslenskum vinnumarkaði. Það er grafalvarleg staða þegar 10% vinnandi handa hafa ekki verkefni og það er sérstaklega erfið staða fyrir þá félaga okkar sem eru af erlendum uppruna og búa ekki við það sama stuðningsnet og við hin sem erum það heppin að hafa fæðst hér búum við. Við skulum ekki heldur gleyma því að þegar við tölum um að hugsa fyrst um okkar

fólk að þá er þetta sannarlega okkar fólk. Petta eru félagar okkar í þeim verkalýðsfélögum sem þeir eru þáttakendur í og ég bara frábið mér þá hugmynd að við ætlum að fara að skilgreina ákveðna hópa innan verkalyðsfélaganna sem einhvers konar minni félaga heldur en aðra. Petta er allt okkar fólk. Við eignum að styðja það allt eins vel og hægt er og við eignum að gera okkur fulla grein fyrir því að það eru ákveðnir hópar sem eru í viðkvæmari stöðu en aðrir og það á sannarlega við um þennan hóp. Mig langar rétt að lokum til þess að fagna því sem mér hefur fundist vera tónnninn frá ýmsum félögum okkar varðandi málefni þeirra okkar sem eru í atvinnuleit. Við þurfum virkilega á öllum þeim stuðningi að halda sem við getum fengið og mig langar að fagna þessari tillögu sem fram er komin. Takk fyrir.“

Drifa Snædal, forseti ASÍ, „Góðir félagar. Takk kærlega fyrir góðar athugasemdir. Við tökum þær inn að hjarta okkar og höldum áfram með það. Fínar athugasemdir um að það vanti meira kjöt á beinin um hvaða úrræði við viljum fyrir atvinnuleitendur. Það er verið að vinna að því og við höfum tekið þátt í því ásamt félagsmálaráðuneytinu að vinna það áfram. Sama með leiguverndina. Frumvarp er tilbúið sem við tökum þátt í að vinna og við höfum vissu fyrir því að það verði lagt fyrir á þingi núna í október. Það er hluti af þeim málum sem við höfum verið að vinna eftir lífskjarasamninginn. Takk fyrir þá ábendingu, Friðjón. Varðandi ábendingar Jóhanns um vinnu og nefndir þá mun sú vinna fara fram í maí, vona ég alveg innilega, 11.–12. maí og við getum hist þá. Og þá förum við í þessa sprekikraftsumræðu sem við getum farið í þegar við komum saman af öllu landinu og vinnum málefnnin. En það er engu að síður mikilvægt að það heyrist eitthvað frá okkur og að sjálfsögðu þurfum við að fylgjast með inngrípum Seðlabankans til að styrkja krónuna og styðja við hana af því að við vitum að annað kemur niður á neytendum og það sem fer út úr vasanum. Takk kærlega fyrir hrósið, Sigmundur, það er gott að heyra svona. Takk fyrir.“

Pingforseti sagði að ekki hefðu komið fram neinar breytingatillögur og því væri hægt að fara í afgreiðslu á tillögnum.

Bar þingforseti upp til afgreiðslu ályktun um vinnumarkaðsmál eins og hún var kynnt á þingskjali nr. 7. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru þær að 216 sögðu „já“; 5 sögðu „nei“; og 12 sátu hjá. Lýsti því þingforseti yfir að ályktunin teldist samþykkt.

Bar þingforseti því næst upp til afgreiðslu ályktun um „innra starf ASÍ“, eins og birtist þingfulltrúum í þingskjali nr. 8. Niðurstöður atkvæðagreiðslu voru þær að 211 sögðu „já“; 4 sögðu „nei“; og 11 sátu hjá. Lýsti því þingforseti yfir að ályktunin teldist samþykkt.

Kjör í embætti

Pingforseti minnti á að framboðsfrestur væri ekki liðinn og þeir sem væru kjörgengir og hefðu áhuga á að bjóða sig fram geti haft samband við fulltrúa kjörnefndar. En því næst bauð hann formann kjörnefndar í pontu til að gera grein fyrir störfum nefndarinnar.

Kolbeinn Gunnarsson, formaður kjörnefndar lýsti störfum og skipan kjörnefndar. Kynnti hann því næst tillögu nefndarinnar að uppstillingu í embætti forseta ASÍ og gerð væri tillaga um Drífu Snædal.

Pingforseti lýsti því að engin önnur framboð hefðu borist og því teldist Drífa Snædal réttkjörinn forseti ASÍ til 45. þings 2022.

Drífa Snædal, forseti ASÍ, „Kæru félagar, takk kærlega fyrir traustið til að leiða þessa merkilegu hreyfingu áfram næstu tvö árin. Nú hefst nýr kafli í okkar hreyfingu og ég hlakka til að eiga gott samtal og samband inni í hreyfingunni í þeim risaverkefnum sem bíða okkar. Þið þekkið störf mín og hafið sem betur fer flest skoðun á þeim. Ég mun leggja mig fram um það hér eftir sem hingað til að tala máli launafólks, allra í okkar góðu hreyfingu, efla samstarf við þau sem eru okkur sammála og félagar í baráttunni, hvort sem það eru aðrar hreyfingar eða fólk í öðrum áhrifastöðum.

Takk aftur fyrir traustið!“

Pingforseti óskaði Drífu til hamingju með kjörið og bauð formanni kjörnefndar að gera grein fyrir tillögu um 1. varaforseta ASÍ.

Kolbeinn Gunnarsson, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tillögu kjörnefndar um Kristján Pórð Snæbjarnarson í embætti 1. varaforseta ASÍ til 45. þings.

Pingforseti lýsti því að engin önnur framboð hefðu borist og því teldist Kristján Pórður réttkjörinn 1. varaforseti til næstu tveggja ára.

Kolbeinn Gunnarsson, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tillögu kjörnefndar um Sólveigu Önnu Jónsdóttur í embætti 2. varaforseta ASÍ til 45. þings.

Pingforseti lýsti því að engin önnur framboð hefðu borist og því teldist Sólveig Anna réttkjörinn 2. varaforseti til næstu tveggja ára.

Kolbeinn Gunnarsson, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tillögu kjörnefndar um Ragnar Pór Ingólfsson í embætti 3. varaforseta ASÍ til 45. þings.

Pingforseti lýsti því að engin önnur framboð hefðu borist og því teldist Ragnar Pór réttkjörinn 3. varaforseti til næstu tveggja ára.

Kolbeinn Gunnarsson, formaður kjörnefndar, kynnti því næst eftirfarandi tillögu um 11 aðalmenn í miðstjórn ASÍ til næstu tveggja ára:

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Afl – starfsgreinafélag
Hörður Guðbrandsson, Verkalýðsfélag Grindavíkur
Valmundur Valmundsson, Sjómannafélagið Jötunn
Guðmundur Helgi Þórarinsson, VM
Björn Snæbjörnsson, Eining-Iðja
Eiður Stefánsson, FVSA
Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Halldóra Sveinsdóttir, Báran-stéttarfélag
Hilmar Harðarson, Félag iðn- og tæknigreina
Harpa Sævarsdóttir, VR
Helga Ingólfssdóttir, VR

Pingforseti lýsti því að engin önnur framboð hefðu borist og því teldust framangreindir einstaklingar réttkjörnir aðalmenn í miðstjórnum ASÍ til næstu tveggja ára.

Kolbeinn Gunnarsson, formaður kjörnefndar, kynnti því næst eftirfarandi tillögu um 15 varamenn í miðstjórnum ASÍ til næstu tveggja ára:
Þórarinn G. Sverrisson, Aldan
Agnieszka Ewa Ziolkowska, Efling-stéttarfélag
Guðrún Elín Pálsdóttir, Verkalýðsfélag Suðurlands
Bjarni Þór Sigurðsson, VR
Margrét Halldóra Arnardóttir, FÍR
Mikill ágreiningur er innan hreyfingarinnar. Óljóst er hvort stuðningur sé við áframhaldandi vinnu. Getum ekki haldið áfram án þess að fá lýðræðislega niðurstöðu og umboð til þess.

Þar eð formannafundurinn er ekki ályktunarbær er lagt til að boðað verði til annars fundar svo fljótt sem verða má þar sem kosið verði um framhald

málsins. Við hljótum að geta sæst á þessa lendingu og að við fáum úr þessu skorið.

Daníel Örn Arnarson, Efling:

Pakkar fyrir góða umræðu. Tekur undir með VR og Sólveigu Önnu. Fundurinn ætti að geta ályktað þó svo sú ályktun væri ekki bindandi. Mikilvægt er að fá fram afstöðu og skrýtið að sitja fund sem getur ekki sent neitt frá sér.

Drífa Snædal, forseti ASÍ:

Eðlilegra er að sú ályktun verði þá send út með löglegum fyrirvara þannig að félög geti tekið til umfjöllunar og gefið formönumnum umboð.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, RSÍ:

Ítrekar að í fyrra innleggi var verið að lýsa aðferðafræði sem notuð er fyrir hóppinn, þeirri vinnu er ekki lokið. Áhersla er lögð á að fanga efnisatriði sem þarf að ræða. Ekki er verið að taka efnislega afstöðu til mála.

Vegna ummæla Aðalsteins um vinnumarkaðinn er rétt að taka fram að ekki er til neitt norrænt módel – þau eru mjög ólfk landa í millum. Sumir þættir eru sambærilegir milli landa – verkefnið er að finna bestu þættina íslensku launafólki til heilla. Hér á landi má ýmislegt klárlega bæta.

Hjördís Póra Sigurþórsdóttir, Afl Starfsgreinafélag:

Athygli vekur hversu ósamstæðir forsetar eru um form fundarins. Í framtíð fer best á því að þeir ákveði form funda.

Vegna grænbókar gætir misskilnings í umræðunni. Ekki er verið að ákveða hvort þessi vinna fer fram eða ekki. Hún fer fram með eða án hreyfingarinnar. Ekki er hægt að láta aðra um að móta umgjörð vinnumarkaðar. Hreyfingin verður að taka þátt í þeirri vinnu. Hér hefur komið fram að stjórnmalamenn vilji breyta umhverfi samninga. Með hvaða rökum verður því þá halddið fram að sú vinna muni ekki fara fram? Við gætum ekki hagsmuna launafólks með því að sitja heima.

Sólveig Anna Jónsdóttir, Efling:

Vegna ummæla Hjördísar Póru – telji einhver að stærstu hreyfingu vinnandi fólks í landinu verði halddið utan vinna um vinnumarkað er það svo undarlegt að ímyndunarafl skortir til að draga fram þá stöðu. Gerðist það myndi Efling gera allt til að benda almenningi á Íslandi á þá ósvinnu og aðför að lýðrædinu.

Merkilegt er það og til marks um vanþroskað lýðræði í landinu að fulltrúi stjórnvalda kalli eftir afstöðu einstakra félaga til grænbókar og vinnumarkaðar en ekki afstöðu ASÍ. Stjórnvöld hafa fengið færí til að spila á hreyfinguna.

Þetta er verulega slæmt. Ítrekar að þessi vinna vegna grænbókar var ekki rædd í aðdraganda samninga 2019.

Pingi ASÍ var frestað vegna veirufaraldursins – engin málefnavinna átti sér stað á þinginu í október 2020. Ef vinnu við grænbók lýkur í apríl verður það fyrir framhaldsþing ASÍ í maí.

Drifa Snædal, forseti ASÍ:

Við vitum að 2019 var yfirlýsing stjórnvalda í tengslum við samningana ekki lögð fyrir eitt einasta félag en var á höndum forseta og varaforseta að hafa áhrif á hana á lokametrunum, þar var yfirlýsingunni breytt á þann veg að rituð verður grænbók en ekki hvítbók.

Hlutverk ASÍ er m.a. að eiga samskipti við stjórnvöld og atvinnurekendur. Óráðlegt er að segja að við ætlum í tiltekið samtal en ekki annað. Það að vera ekki til í samtal er hreyfingunni ekki til sóma. Látum steyta á málefnum en ekki samtalinu.

Hreyfingin er vel nestuð í mörgum málaflokkum sem tengjast grænbók og vinnumarkaði. Önnur vinna er í gangi. Ekki er mikill ágreiningur í þessum hópi um málefnin – t.d. þau sem Kristján Pórður nefndi í upphafi.

Samstaða er um nauðsynlegar breytingar á starfskjáralögum.

Norræna módelið er ekki fasti. Íslenska hreyfingin er hluti af módelinu sem fjallar um sterka verkalýðshreyfingu, viðsemjendur og aðkomu stjórnvalda. Við teljum okkar útgáfu þá bestu – mikla aðild og nálægð við félagsfólk. Hin Norðurlöndin með ólíka útgáfu. Pannig gerir norræna líkanið ráð fyrir því að útflutningsgreinar fari á undan og móti grunninn hvað launaþróun varðar. Við höfum hafnað því – höfum hafnað því, það liggur alveg ljóst fyrir.

Vinna í tengslum við íslenska vinnumarkaðinn tengist ekki SALEK. Við viljum halda í það góða. Sterk hreyfing er grundvöllur lífsgæða.

Ítreka ber að ASÍ er gert að vera í sambandi við stjórnvöld og atvinnurekendur, það er eitt af skilgreindum hlutverkum sambandsins.

Ef taka þarf ákvörðun um samtalið og hvaða málefni eigi að leggja til grundvallar fer best á því að fyrir formannafundi liggi tillaga þar um. Boðað verði þá til stefnumarkandi formannafundar með lögglegum tveggja vikna fyrirvara.

Kolbeinn Gunnarsson, Verkalýðsfélagið Hlíf:

Erindi vegna grænbókar hefur verið tekið fyrir á stjórnarfundi. Okkar hlutverk er að gæta hags félagsmanna. Rétt er að stjórnvöld standi við sín fyrirheit og ljúki við það sem út af stendur áður en farið er á fullum krafti í þessa vinnu. Verkalýðshreyfingin verður að taka þátt í henni.

Huga ber að því að byggja upp traust. Ekkert gerist án þess að samtal eigi

sér stað. Hættan er sú að gerðar verði einhliða breytingar eigi hreyfingin ekki aðkomu að málínú.

Á hinn bóginn er það svo að verði þessum forsendum verkalýðshreyfingarinnar hafnað verður að slíta viðræðum. En fyrst þarf að halda af stað.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA:

Ef ASÍ með 120 þúsund manns innanborðs tekur ákvörðun um að hafna vinnu vegna grænbókar mun engin slík vinna fara fram. Styður tillögu Ragnars Þórs um formannafund. Teldi skynsamlegast að fresta þessu máli fram að þingi ASÍ í vor. Par megi móta stefnu á æðsta vettvangi.

Pórarinn Sverrisson, Verkalýðsfélag Vestfjarða:

Fær ekki séð að unnt verði að stöðva vinnu vegna grænbókar. Hún sé þegar hafin. Kallað hafi verið eftir upplýsingum frá hverju félagi. Ætlar ASÍ sem félagasamtök að koma fram með sameiginlega sýn til verkefnisins? Verði ekki svo muni efnistökin koma héðan og þaðan í hreyfingunni. Grænbók verður skrifuð með verkalýðshreyfingunni eða án hennar.

Sólveig Anna Jónsdóttir, Efling:

Kröfugerð gagnvart stjórnvöldum var unnin með markvissri vinnu samninganeftnar Eflingar og annarra. Láglunafolk lagði niður störf til að knýja á um bætt lífskjör. Grænbók var aldrei krafa frá Eflingu. Er það svo að vilji forseta ASÍ að lagt verði upp í gerð grænbókar er kominn til vegna þess að samið var um þetta og því þurfum við að taka þátt í því starfi til að svíkja ekki gerða samninga?

Uppgjöf í málflutningi sumra formanna gagnvart ástandi og samstöðu vinnandi fólks vekur furðu. Erum tilbúin að sýna fram á það ef þörf krefur að breytingar á vinnumarkaði verða ekki gerðar einhliða og án aðkomu launa-fólks. Tal um annað er fráleitt.

Drífa Snædal, forseti ASÍ:

Grænbókin kom ekki frá okkur og við lögðum aldrei til að hún yrði gerð. Frumkvædið var stjórnvalda og hluti af málamiðlun í lok samninga. Sér ákveðin tækifæri í þessu fyrirkomulagi. Ef hreyfingin tekur ekki þátt í ferlinu munu stjórnvöld segja að þá þurfi að vinna verkið með öðrum hætti. Ef ásetningur stjórnvalda er sterkur er þeim í lófa lagið að halda áfram og vísa til þvermóðsku verkalýðshreyfingarinnar.

Ítrekar að málefnalegur ágreiningur hvað varðar málefni vinnumarkaðar er ekki fyrir hendi innan hreyfingarinnar.

Leggur til að forsetateymi fái það verkefni að halda áfram með málið og

jafnvel að boðað verði til nýs formannafundar. Aðildarfélög innan ASÍ eru byrjuð að taka þátt í vinnu með því að senda inn athugasemdir og afstöðu til grænbókarnefndar. Betur fer að gera þetta sameiginlega á vettvangi ASÍ.

Ragnar Pór Ingólfsson, VR:

Er að mörgu leyti sammála Drífu en spurning er um aðferðafræðina.

Hafni verkalyðshreyfingin aðkomu að vinnu á ákveðnum forsendum er það áhrifameiri leið til að sýna að ekkert verði gert án aðkomu hennar. Á meðan traust er ekki til staðar getur svona vinna ekki farið fram.

Minnir á samráðsfundi um verðtryggingu sem hann sat með Vilhjálmi Birgissyni. Ekkert var á þá hlustað – það var allt samráðið.

Yfirlýsing frá verkalyðshreyfingunni þess efnis að ekki verði farið í þessa vinnu fyrr en gefin loforð hafa verið efnd gæti verið sterkur leikur. Hitt er rétt að muna að kröfur verkalyðshreyfingarinnar um féviti vegna launaþjófnaðar hafa verið hundsaðar og nú er svo komið að breytingar á starfskjalarögum myndu skila verri niðurstöðu en nú er nái þær fram að ganga á þingi.

Getur skilið rök og málflutning hinna en þegar tvær leiðir liggja að sama markmiði verður að kjósa um þær á viðeigandi vettvangi. Kveðst sammála Drífu að vísa framhaldi málsins til forsetateymis. Lýðræði er farsælasta lausn-in, hreyfingin má ekki við þessum ágreiningi.

Sólveig Anna Jónsdóttir, Efling:

Gerir athugasemd við vinnubrögð sem hér hefur verið lýst. Spyrt forseta ASÍ um hvaða atriði var í raun búið að semja um við stjórnvöld? Hvers vegna var tittnefnt grænbókarmál ekki rætt við forystu Eflingar? Af hverju var ekki tækifærð notað? Þetta er virðingarleysi við baráttu og fórnir fólks. Virðingarleysi að upplýsa ekki um viðræður að fullu og niðurstöður. Mikilvægt er að slík vinnubrögð tíðkist ekki framar. Kveðst ætla að gæta þess að hún og samninganefnd Eflingar fái í hendur allar upplýsingar og gögn í samningaviðræðum. Fólk þurfi að læra af reynslunni.

Drífa Snædal, forseti ASÍ:

Við getum öll lært mikið af ferlinu. Hún var í þeirri stöðu að búið var að boða til blaðamannafundar vegna samninganna. Yfirlýsing stjórnvalda var ekki yfirlýstur þríhliða samningur. Við höfðum tækifæri til að hafa áhrif á yfirlýsinguna – en tekur undir að þetta ferli var ekki gott.

Ítrekar að hún telur ekki ágreining um málefni vegna grænbókarvinnu. Ágreiningur snýst um samtalið. Ítrekar þá skoðun að alltaf eigi að taka það og láta þá steyta á málefnum. Pannig megi sýna fram á styrk hreyfingarinnar og tryggja kröftuga aðkomu að hagsmunamálum launafólks.

Forsetateymi tekur málið áfram en síðan er það miðstjórnar að boða til formannafundar. Leggur áherslu á mikilvægi þess að áfram verði unnt að boða til slíkra samráðsfunda þótt fyrir þeim liggi ekki formlegar ályktanir. Það fundafyrirkomulag sé viðbragð við ósk um aukið lýðræði og samráð innan hreyfingarinnar. Hvetur fundarmenn til að senda henni framlög til grænbókarnefndar, athugasemdir og ábendingar.

Verkalýðshreyfingin stendur frammi fyrir miklum verkefnum. Alþingi er að störfum og ekki hefur tekist að sveigja frumvarp til starfskjaralaga að kröfum og hagsmunum launafólks. Peirri vinnu verður haldið áfram.

Að svo mæltu sleit Drífa fundi kl. 11:49.

Fundargerð formannafundar ASÍ - júní 2021

Formannafundur Alþýðusambands Íslands haldinn á Hilton Nordica í Reykjavík 15. júní 2021.

Fundur hófst kl. 11:00.

Fundi lauk kl. 14:45.

Fundarstjóri: Flosi Eiríksson, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins.

Fundarritari: Ásgeir Sverrisson, skrifstofu ASÍ.

Fundinn sátu:

Samúel Ingvason, Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir, Friðrik Rafnsson, Berglind Kristófersdóttir, Ragnar Pór Ingólfsson, Hjörtur S. Geirmundsson, Eiður Stefánsson, Margrét Halldóra Arnarsdóttir, Hörður Bragason, Jakob Tryggvason, Georg Páll Skúlason, Hilmar Harðarson, Jónas Kristjánsson, Jóhann Rúnar Sigurðsson, Sólveig Anna Jónsdóttir, Kolbeinn Gunnarsson, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Hörður Guðbrandsson, Magnús Sigfús Magnússon, Vilhjálmur E. Birgisson, Signý Jóhannesdóttir, Guðmundur Finn-bogason, Vignir Smári Maríasson, Finnbogi Sveinbjörnsson, Pórarinn Guðni Sverrisson, Björn Snæbjörnsson, Aðalsteinn Árni Baldursson, Hjördís Póra Sigurþórsdóttir, Arnar G. Hjaltalín, Guðrún Elín Pálsdóttir, Halldóra Sigríður Sveinsdóttir, Hrund Karlsdóttir, María Hrund Guðmundsdóttir, Vigdís Edda Guðbrandsdóttir, Margrét Jóhanna Birkisdóttir, Lars Jóhann Andrésson Imsland, Viðar Kristinsson, Baldur Magnússon, Bjarki Elmar Tryggvason, Sævar Kristinn Gestsson, Drífa Snædal, Kristján Pórður Snæbjarnarson, Valmundur Valmundsson, Agnieszka Ewa Ziolkowska, Daníel Örn Arnarsson, Guðmundur Gils Einarsson, Gundega Jaunlina.

Gestir:

Flosi Eiríksson, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands.

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri LÍV.

Starfsmenn:

Arnaldur Grétarsson, Ástríður Andrésdóttir, Benjamín Julian, Saga Kjartansdóttir, Halla Gunnarsdóttir, Halldór Oddsson, Eyrún Björk Valsdóttir, Snorri Már Skúlason, Ásgeir Sverrisson.

Ávarp forseta ASÍ

„Kæru félagar, velkomin á formannafund ASÍ þar sem við fáum loksnsins að njóta þess að vera saman í einu rými eftir erfiðan vetur. Nú horfir til bjartari tíma, bólusetninga, meiri atvinnu og meiri samveru. Það hefur verið veruleg áskorun að halda uppi félagsstarfi í okkar hreyfingu síðan í byrjun síðasta árs en okkur hefur samt tekist það og fundið leiðir til að veita þjónustu, styðja okkar félaga og eiga samtal. En það er ekkert sem jafnast á við raunverulegan hitting og ég vonast til að geta heimsótt öll aildarfélögin fyrir framhaldsþingið í haust.

Pegar harðnar á dalnum á vinnumarkaði er aldrei mikilvægara að vera með sterka verkalýðshreyfingu, sterk stéttarfélög og sterk heildarsamtök. Við erum í miðju slíku ástandi og þá er hollt að rifja upp kjarnann í tilvist okkar. Við byggjum á samtryggingu fyrst og fremst; það að launafólk bindist samtökum en þurfi ekki að standa eitt gegn ofurefli er ekki bara grundvöllur lífsgæða einstaklings heldur velferðar samfélagsins alls. Í þessu felst líka að baráttan gegn hvers kyns félagslegum undirboðum og sniðgöngu á stéttarfélögum er barátta okkar allra, því undirboð hafa sterka tilhneigingu til að smitast hratt og örugglega til allra stéttá. Sömuleiðis er það afar mikil skammsýni að höggva í okkar sameiginlegu grunnstoðir til hagsbóta fyrir þá sem eru betur settir eða fyrir einstaka hópa sem geta komið vel út tímabundið. Við höfum því miður alvarlegt dæmi um það, eins og þegar verkamannabústaðirnir voru leystir upp gegn hörðum mótmælum verkalýðshreyfingarinnar. Launafólk hefur heldur betur bitið úr nálinni með þá ákvörðun sem ég tel hafa verið skilgetið afkvæm- ið einstaklingshyggju og skort á samtryggingarhugsuninni.

Við höfum vítin til að varast í þeim löndum sem lengst hafa gengið gegn samtryggingu launafólks og fyrir nýfrjálshyggju. Kaupmáttur launa í Bandaríkjunum hefur farið minnkandi í jöfnu fylgi við niðurbrot stéttarfélaga. Það má ekki gleymast að niðurbrotið er ekki tilviljanakennt, það er skipulagt og til eru ráðgjafarfyrirtæki sem sérhæfa sig sérstaklega í slíku niðurbroti. Fólk er beint og óbeint bannað að vera í stéttarfélögum eða það sannfært um að stéttarfélög séu ekki til hagsbóta fyrir launafólk. Fyrirtæki hafa einnig tekið

yfir stéttarfélög eða stofnað sín eigin félög. Gjarnan er viðkvæðið að hagsmunir atvinnurekenda og launafólks fari saman – að „í grunninn viljum við öll það sama“ – og því þurfi ekki átök þar á milli. Auðvitað geta hagsmunir atvinnurekenda og launafólks farið saman í ýmsum atriðum, til dæmis gegn félagslegum undirboðum og fyrir öflugu endur- og símenntunarkerfi. En slík samlegð verður aðeins til þegar launafólk stendur styrkum fótum og á ekki allt undir einstaka atvinnurekanda. Grundvöllur lífskjara er sjálfstæði launafólks til að vera í stéttarfélögum óháð atvinnurekendum. Láta sverfa til stáls þegar það er nauðsynlegt og almennt reka sín félög og reisa sínar kröfur á forsendum launafólks, en ekki þeirra sem hagnast á vinnuaflinu. Pégars vegið er að þessum réttindum – eins og dæmi eru nú um á Íslandi – rísum við upp til varnar, öll sem eitt.

Tvö dæmi:

Kópur heitir félag sem þykist vera stéttarfélag. Það hefur enga kjarasamninga gert og er ekki stofnað af vinnandi stéttum. Félagið herjar á fólk sem er ekki alið upp við hina sterku íslensku verkalyðshreyfingu líkt og dagblaði leit að áskrifendum. En félagið bregst í stórum atriðum í vörn fyrir vinnandi fólk. Pégars farið er inn á heimasíðuna lítur þetta frekar út fyrir að vera tryggingafélag en stéttarfélag og því dýpra sem grafið er í starfsemina, þeim mun ljósara verður að þetta félag getur ekki boðið upp á þau dýrmætu réttindi og umgjörð sem hin hefðbundna hreyfing getur. Par með er fólk sem skráir sig í það félag að verða af réttindum sem vinnandi fólk hefur barist fyrir áratugum saman.

Annað dæmi er ÍFF – hið íslenska flugstéttarfélag – sem er ekkert annað en alvarleg aðfør að réttindum alls vinnandi fólks. Í fundargerðum félagsins kemur fram að eftir að félagið, sem þá var félag flugmanna hjá WOW-air, var nánast gjaldþrota eftir fall flugfélagsins var ákveðið að breyta samþykktum þannig að hægt væri að semja líka fyrir flugfreyjur og -þjóna. Petta var gert til að bjarga stéttarféluginu frá gjaldþroti og freista þess að semja fyrir alla áhöfninga við endurreist flugfélag sem þá gekk undir heitinu WAB – eða we are back. Engin flugfreyja eða flugþjónn kom að þessari ákvörðun eins og fundargerðin staðfestir. Undirritaðir eru samningar áður en flugfreyjur og -þjónar gengu í félagið og „We Are Back“ byrjar að kynna sig fyrir fjárfestum sem „fyrsta íslenska lággjalfaflugfélagið“ og að launakostnaður flugstéttu verði á bilinu 20-40% lægri en var hjá WOW air.

WAB er síðan breytt í Play sem tekur yfir þessa ömurlegu kjarasamninga og stærir sig af þeim. Við reyndum lengi að fá afrit af kjarasamningunum en ÍFF neitaði að láta þá af hendi. Sem betur fer höfum við þá nú undir höndum og vitum hvernig launakjörin líta út. Flugmennirnir seldu flugfreyjur og flugþjóna í örvaentingarfullri tilraun til að skapa sér áframhaldandi atvinnu. Kynja-

vinkillinn er sláandi. Nú á að sækja aukið fjármagn og ég ætla rétt að vona að enginn lífeyrissjóður taki þátt í útboði nema að Play gangi til kjarasamninga á félagslegum grunni við raunverulegt stéttarfélag.

Pað skal því engan undra að við stígum fast til jarðar í þessu máli og fyrir fundinum núna liggja drög að ályktun um gul stéttarfélög. Við þurfum á öllum okkar sameinuðu kröftum að halda í þessari baráttu, að kjarasamningar séu gerðir á félagslegum grunni við stéttarfélög sem semja fyrir fólk sem á að vinna samkvæmt kjarasamningnum. Pað er hið íslenska módel og það þurfum við að verja fram í rauðan dauðann enda er það grundvöllur lífskjara í landinu. Ef við gerum það ekki þá get ég sannfært ykkur um að fleiri fyrirtæki fylgja í kjölfarið og leika þennan sama leik og Play er að gera núna. Við höfum heldur ekki gleymt hótunum Icelandair síðasta sumar í erfiðum samningaviðræðum við flugfreyjur og flugbjóna. Í þessu samhengi vil ég líka hvetja okkur öll til að halda fókus í umræðunni, því það verður reynt að rugla hana fram og til baka. Að vanda munu fulltrúar atvinnurekenda reyna að brjóta upp okkar samstöðu, hafa samband við einstaklinga innan okkar raða og reyna að tala þá á sitt band. Gegn þessu skulum við standa sameinuð.

Íslenskir kjarasamningar skulu gerðir fyrir fólk sem vinnur í hinu íslenska efnahagskerfi. Pað er ekki ástæða til að lækka laun að þau séu lægri í öðrum löndum eða hjá erlendum flugfélögum. Ekki frekar en það er ástæða til að lækka laun í íslenskum fataiðnaði af því það eru lægri laun í Bangladesh. Við sem búum hér á landi erum með útgjöld sem laun hér á landi eiga að duga fyrir – punktur!!

Käru félagar,

í síðustu viku héldu ASÍ og BSRB málþing um einkavæðingu, eða öllu heldur arðvæðingu, í öldrunarþjónustu. Við fengum prófessor Szebehely, frá Svíþjóð, til að ræða reynsluna þar og ein setning sem hún sagði situr enn þá í mér: Það varð pólitísk breyting upp úr 1990 þegar hætt var að líta á fólk sem borgara með réttindi og farið að líta á fólk sem viðskiptavini í heilbrigðisþjónustunni. Fram að þessari breytingu var grundvallarhugmyndafræðin sú að allir skyldu hafa rétt á sömu góðu þjónustunni óháð fjárhag. Petta er hugmyndafræði sem við þekkjum vel úr okkar baráttu, ekki síst á húsnæðismarkaðnum, í menntakerfinu og í velferðarþjónustu. Hvað gerist svo þegar farið verður að líta á fólk sem viðskiptavini en ekki borgara? Jú, krafan um að þú sem einstaklingur getir borgað þig fram fyrir röðina og keypt aukna og betri þjónustu verður áberandi. Petta eru þrátt fyrir allt frjáls viðskipti, ekki satt? Nei – grunnþjónusta fyrir alla eru ekki frjáls viðskipti. Og þegar við þurfum á heilbrigðisþjónustu að halda erum við ekki neytendur á markaði sem veljum hvort okkur langar frekar í jarðarberjaís eða súkkulaðiís þann daginn.

Petta er þróun sem leiðir til þess að grunnþjónustustigin lækkar, rof verður á milli þeirra stofnana sem gera vel við fólk og þeirra sem lág- og millitekjuhópar þurfa að sætta sig við. Þau sem ekki geta greitt fyrir bað tvisvar í viku þurfa að sætta sig við bað einu sinni í viku og jafnvel sjaldnar. Þau sem ekki geta greitt fyrir mjaðmaskiptaaðgerð þurfa að þjást í fleiri mánuði en aðrir. Þau sem ekki geta greitt fyrir betri mat fá skyr í kvöldmat. Og hvers vegna að stoppa þar? Er ekki allt í lagi að sum börn fái betri menntun en önnur? Petta er módel nýfrjálshyggjunnar. Hún ætti að vera dauð, svo skaðleg hefur hún verið, en í umræðu um öldrunarþjónustu á Íslandi og reyndar heilbrigðisþjónustu almennt lifa þessar hugmyndir góðu lífi. Kjör vinnandi fólks hanga líka á spýtunni, því ef þú ætlar að ná arði út úr almannajónustu er fyrsta skrefið að vera með minni mönnun, verr menntað starfsfólk, fólk á tímakaupi sem skortir sérhæfingu. Það er ódýrara og þannig er hægt að skapa arðinn sem fjárfestarnir krefjast. Það er ekki endilega gert með beinum hætti heldur er það fóðrað í gegnum önnur félög sem eiga húsnaðið sem starfsemin fer fram í. Leigan er há, starfsemin sjálf sýnir engan hagnað en arðurinn er tekinn út í gegnum hagnað fasteignafélagsins. Nicholas Shaxson, sem er einn þeirra fyrirlesara sem hafa talað í veffundaröðinni um réttu leiðina út úr kreppunni, hefur fjallað um þetta í skrifum sínum. Hann hefur sýnt fram á hvernig almannafé sem á að fjármagna grunninnviði samfélagsins endar í skattaskjólum í gegnum gríðarlega flókin eignatengsl með tilheyrandi skúffufyrirtækjum.

Við skulum aldrei vanmeta hugmyndaflug kapítalista til að maka krókinn á kostnað skattgreiðenda, þeirra sem þurfa þjónustu eða vinnandi fólks.

Okkar krafra er einföld: grunnþjónusta á að vera gjaldfrjáls og almenn. Við greiðum sameiginlega innviði með sköttum og þar náum við í fjármagnið frá þeim sem eru aflögufærir.

Vörn okkar er krafan um góða þjónustu fyrir allan almenning og skiptir þá ekki máli hvort þú ert láglauðmanneskja eða hefur eitthvað umleikis. Að slá af þeim kröfum er að slá af kröfum til handa þeim sem höllum fæti standa og þegar fram í sækir að slá af kröfum fyrir okkur öll.

Kæru félagar,

þetta hefur verið erfiður vetur fyrir vinnandi fólk. Tæplega 18 þúsund voru á atvinnuleysissskrá í lok maí og þótt fækki á skránni dag frá degi þá er þetta miklu alvarlegri staða en við höfum áður séð. Rúmlega sex þúsund manns hafa leitað vinnu í meira en ár og það er alvarleg staða á mörgum heimilum þar sem tekjufall hefur orðið mikið. Það er því örurlegt að heyra raddir um að hér séu bætur of háar og hvatinn til vinnu of líttill. Það er álfka fyrirlitning sem felst í þessu eins og þegar atvinnurekendur beinlínis unnu gegn því að hækka

atvinnuleysisbætur í upphafi niðursveiflunnar. Unnu gegn því að tryggja lágmarksafkomu fólks á tínum þar sem enga vinnu var að fá. Í þeirri umræðu sem nú stendur kemur líka fram viðhorf um að launafólk eigi að vera eins og einhver lagervara, sem hægt er að sækja í bunkum um leið og hentar. Þetta er hættulegt viðhorf og engum til framdráttar þegar fram í sækir. Það þarf að vanda til ráðninga, gera þær af virðingu og skilningi á því að fólk hefur misjafna reynslu, menntun og möguleika til að sinna ólíkum störfum. Fólk er ekki búfínaður eða vélmenni. Ég hef líka heyrт frá atvinnurekendum sem gengur ljómandi vel að ráða fólk til starfa, gera það almennilega og ætla ekki að tjalda til einnar nætur í ráðningum. Þá er rétt að minna á að atvinnurekendur hafa fengið myndarlegan stuðning til að viðhalda ráðningasamböndum, það skyldi þó ekki vera að það hafi reynst heillavænlegasta leiðin þegar á reyndi?

Í september komandi er komið að endurskoðun kjarasamninga sem annars gilda til loka árs 2022. Endurskoðunin kemur á sama tíma og gengið er til þingkosninga sem er sérstakt en varpar líka ljósi á forsendur samninganna sem út af standa, nefnilega loforð stjórnvalda. Ég fer betur yfir það á eftir undir þeim dagskrálið en það eru óneitanlega vonbrigði að ekki tókst að leiða stórmál sem varða aðbúnað vinnandi fólks til lykta. Það er ekki síst þess vegna sem er gott að við hittumst og ræðum málin hér í dag því haustið mun fela í sér ýmsar áskoranir svo ekki sé meira sagt.

En kæru félagar, nýtum þennan tíma sem við eיגum saman í dag vel og ég hvet sem flesta til að láta skoðun sína í ljós á þessum vettvangi. Hér er rétti staðurinn fyrir deiluefnin samhliða því að við skerpum á öllu því sem okkur sameinar. Ærin eru verkefnin eins og fyrri daginn en munum að árangurinn ræðst af samstöðu okkar og samtryggingu og þaðan kemur slagkrafturinn!

Ég segi fundinn settan og við göngum til dagskrár.

Til að auðvelda okkur öllum þáttöku í umræðunni vil ég leggja til að Flosi Eiríksson, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins og margreyndur fundarstjóri, stýri þessum fundi og legg það hér með fyrir fundinn.“

Fundarmenn samþykktu Flosa Eiríksson sem fundarstjóra með lófaklappi.

Flosi Eiríksson fundarstjóri:

Minnir á að í þingsköpum ASÍ, grein 4.3, er kveðið á um að frummælendur megi taka til málss þrisvar sinnum um málefni það er þeir flytja, að hámarki 10 mín. í senn. Aðrir þingfulltrúar mega ekki tala oftar en tvíssvar við sömu umræðu um sama mál og í 10 mínutur í senn. Markmiðið er ekki að takmarka umræður en fundarmenn eru beðnir um að hafa þessar viðmiðunarreglur í huga. Göngum til dagskrár.

Yfirlýsing um stuðning stjórnvalda við lífskjara-samninginn – staða mála

Drífa Snædal, forseti ASÍ:

Kærur félagar,

það er engum blöðum um það að fletta að síðasti vetur þessa þings olli töluberðum vonbrigðum. Þetta var síðasti séns fyrir þessa ríkisstjórn til að efna þau loforð sem þau gáfu í tengslum við lífskjarasamningana. Á þeirri spýtu héngu loforð um mikilsverðar kjarabætur fyrir launafólk og almenning og ég ætla að fara yfir það í nokkrum orðum. Til að gæta sanngirni þá voru ýmis loforð í yfirlýsingunni uppfyllt að fullu og munar þar mest um skattbreytingar, lengingu fæðingarorlofs og auknar barnabætur. En það eru stór og mikilvæg mál sem út af standa.

Húsnæðismál

Í fyrsta lagi vil ég nefna húsnæðismálin en nú í nær þrjú ár hefur verið tilbúið frumvarp til breyttra húsaleigulaga sem gerir ráð fyrir svokallaðri leigubremsu, að ekki sé hægt að hækka leigu sjálfkrafa án skýringa – svo sem verðbólgu eða endurbóta. Leigusamningar skulu vera skráðir í gagnagrunn til að fylgjast með leigumarkaðnum og möguleikar á útleigu húsnæðis verði auknir. Að auki átti að vera til kæruleið fyrir leigjendur sem þurfa að verja sína hagsmuni. Frumvarpið fór inn í samráðsgátt og fékk holskeflu af athugasemnum og stjórnvöld höfðu ekki kjarkinn til að keyra málið áfram, ekki einu sinni hluta þess. Það þarf ekki að segja það í þennan hót hvað húsnæðismál eru stór hluti af lífskjörum almennings. Það sem var uppfyllt af loforðunum í tengslum við húsnæðismál voru aukin stofnframlög til Bjargs, framlenging núverandi heimildar til að nýta séreignarsparnað inn á lán og hlutdeildarlán til að auðvelda fyrstu kaup. Að auki hefur töluberð vinna verið lögð í baráttuna gegn óleyfisbúsetu og við erum í þéttu og góðu samráði við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun í þeim málum.

Lífeyrismál

Ég verð að segja að það er þyngra en tárum taki að ekki hafi auðnast að lögfesta 15,5% skyldutryggingariðgjald á síðustu metrum þingsins þrátt fyrir þrýsting minn og okkar. Vegna þessa er launafólk á Íslandi verr varið gagnvart þeim kjarasamningum sem nú er verið að gera, svo ég tali ekki um muninn á almenna markaðnum og hinum opinbera. Á þessari spýtu hékk líka heimild til að ráðstafa tilgreindu séreigninni inn á húsnæði. Það má í raun segja að stjórnvöld hafi svikist um að lögbinda þessi lágmarkskjör þrátt fyrir ítrekað ákall eftir lífeyrissamningana 2016 þar sem lífeyrisréttindi voru aukin. Eins og svo mörg önnur veigamikil mál var þessu máli vísað til ríkisstjórnarinnar á síðustu metrunum en í aðdragandanum var unnin mikil vinna í lífeyrisnefnd

ASÍ og miðstjórni til að koma með sameiginlega umsögn frá ASÍ um málið. Fyrir dyrunum er svokölluð grænbók lífeyrismála þar sem fjalla skal um kerfið í heild, sjálfbærni þess, örorkubyrdi, lífeyristökualdur og síðast en ekki síst samspil skerðinga sem er eitt mikilvægasta réttlætismál okkar tíma. Vegna þessarar endurskoðunar ákvað miðstjórni að stækka lífeyrisnefnd ASÍ og mun hún hafa veg og vanda að umræðunni í okkar hópi í framhaldinu.

Félagsleg undirboð

Á síðustu dögum þingsins voru samþykktar breytingar á hegningarlögum um þar sem mansalsákvæðið var útvíkkað miðað við nýjustu reynslu og þekkingu. Það skiptir máli að viðurkenna að vinnuþrælkun getur átt sér stað inni á heimilum fólks og í skipulagðri glæpastarfsemi svo eitthvað sé nefnt. Petta verður vonandi til þess að fjölga tækjunum til að taka á mansali. Að auki var samþykkt keðjuábyrgð í opinberum innkaupum í kjölfar yfirlýsingar stjórnvalda. Kennitöluluflakið er óklárað og höfum við ekki fengið neinar haldbærar skýringar á á hverju strandar þar.

Hið viðfræga – eða á ég að segja alræmda – starfskjaralagafrumvarp var hins vegar ekki lagt fram og er það orðin löng og erfið saga. Að öðrum ólöstuðum lagði Halldór Grönvold líf og sál í þetta frumvarp sem býður upp á ýmsar mikilvægar réttarbætur. Auknar skyldur lagðar á herðar atvinnurekendur til gagnaöflunar, upplýsingaskyldu og vinnutímaskráningu, stóraukið samstarf á milli stofnana sem fara með valdheimildir á vinnumarkaði og möguleika þeirra til að vinna saman, betri skilgreiningar á launafólk, hvað starfsnám felur í sér og afmörkun sjálfboðaliðastarfs. Um þetta hafði náðst samstaða í nefnd á vettvangi félagsmálaráðuneytisins. Að auki voru í frumvarpinu heimildir til stjórnvalds-sekta og dagsekta til öflunar gagna og svo auðvitað útfærsla á févítísákvæðinu sem við höfum barist fyrir í langan tíma. Eftir óskir þar um fékk ég heimild hjá ráðherra til að dreifa því frumvarpi sem var tilbúið til ykkar en það frumvarp var aldrei lagt fram og kom því aldrei til umræðu í þinginu.

Í loforðapakka stjórnvalda stóð skrifðað: „Heimildir til refsinga verði auknar í samráði við aðila vinnumarkaðarins, ef atvinnurekandi brýtur gegn lágmarkskjörum launamanns“. Síðan þessi yfirlýsing var gefin höfum við þrýst að inn í lög komi ákvæði um féviti þannig að launamaðurinn sem brotið er á fái bætur vegna þess. Við höfum vélað út úr ráðherra loforð um slíkt og lagt mikinn þrýsting á málið. Það hefur allan tímann verið ljóst hvað við vildum sjá inni í þessum lögum en það var jafnframt ljóst að ráðherra myndi ekki leggja fram frumvarp nema sátt næðist á milli ASÍ og SA um útfærsluna. Margir samningafundir hafa verið haldnir, ýmsar tilraunir hafa verið gerðar en síðustu mánuði var það ljóst að frumvarpið myndi ekki líta dagsins ljós nema við kæmumst að samkomulagi við SA. Í lokatilraun til að gera þetta mikilvæga mál að veruleika, auk annars sem frumvarpið felur í sér, gekk ég til samninga

við SA um útfærslu. Hún er ekki eins og við vildum hafa hana en hún er engu að síður niðurstaða sammingaviðræðna og ég er þess fullviss að útfærslan er sú besta sem hægt var að ná á þessum tímapunkti auk þess sem inn í frumvarpið varritað endurskoðunarákvæði eftir tvö ár. Þetta ákvæði hefði náð til allra atvinnurekenda, hvort sem þeir eru innan SA eða ekki. Það varð hins vegar ljóst að mikil andstaða var um málið innan okkar raða og því var frumvarpið ekki lagt fram sem ég tel miður. Næsta skref er því að taka févitismálin upp í tengslum við kjarasamninga.

Almennt um þetta þá tel ég að við höfum orðið af ýmsum tækifærum til að bæta umgjörð vinnandi fólks vegna mismunandi viðhorfs okkar til þess hvenær eigi að setja afarkosti og hvenær er tími samninga og málamiðlana. Við göngum ekki í takt þar og starfskjarylagafrumvarpið er skýrt dæmi um það. Ég áréttu þó að innan okkar raða var ekki ágreiningur um hvert skyldi stefna.

Frumvarp um takmarkanir á notkun verðtryggingar í lánssamningum til neytenda hefur einnig verið tilbúið um nokkurn tíma og við höfum sent umsagnir á öllum stigum ferilsins. Það fór fyrir því eins og öðrum stórmálum á lokametrum þingsins að því var vísað til ríkisstjórnarinnar. Enn og aftur er ríkisstjórnin því komin með stórmál í fangið en umboð hennar nær einungis til 25. september næstkomandi og þessi mál koma því til kasta nýrrar ríkisstjórnar, hvernig sem hún nú verður saman sett.

Baráttu okkar fyrir framfaramálum heldur engu að síður áfram og ljóst að það eru margar brekkur eftir. Á þeiri vegferð verðum við að munu að stundum þurfum við að taka stóru stökkin en stundum að mjaka framfaramálum hægt og örugglega í minni skrefum í rétta átt og taktföstum ávinningi. Pessa taktík kunna fjármagnseigendur mætavel og leika stöðugt þann leik að breyta litlu hér og þar fyrir eigin ávinning eins og skattalöggjöf okkar er til vitnis um. Eftir stendur hins vegar að þau loforð sem stjórnvöld gáfu í tengslum við lífskjarysamningana hafa ekki verið efnd og út af standa stórmál er varða líf og kjör fólks í landinu nánast sama hvar drepið er niður fæti. Það skiptir því öllu máli að sú ríkisstjórn sem tekur við völdum eftir kosningar (sem ræðst augljóslega af úrslitum kosninganna) verði ríkisstjórn vinnandi fólks og almennings, heyri kröfur okkar og vinni með okkur í framhaldinu.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar:

Takk fyrir þessa yfirferð. Er sammála um mjög margt og um þær ógnir sem að steðja. Er sammála greiningu á ríkjandi ástandi.

Vegna starfskjarylaga skal áréttuð að andstaða Eflingar við sumt í frumvarpinu var málefnaleg og vel rökstudd. Hún var ekki byggð á persónulegri afstöðu formanns eða annarra heldur var niðurstaðan þessi eftir að rætt hafði

verið við kjaramálafulltrúa og lögmenn Eflingar. Það er leitt að samstaða hafi ekki ríkt um málið en það er bara eins og það er. Vel skiljanlegt er að forseta og öðrum þyki leitt að ekki hafi tekist að ljúka málínunum en því miður var 14. grein frumvarpsins um féviti óásættanleg fyrir okkur í Eflingu. Því var skilmerekilega komið á framfæri að ekki yrðu gerðar athugasemdir við annað í þessu frumvarpi. Baráttan heldur áfram og verður tekin upp af fullri hörku í kjarasamningum.

Frumvarpið veitti þolendum launajófnaðar enga vernd og ákvæði um refsingar gekk allt of skammt. Hugtakið févítí hefur tiltekna merkingu og ekki var fjallað um það í réttum skilningi í frumvarpinu. Gert var ráð fyrir sjálfðæmi atvinnurekenda með nefnd sem koma átti á sem færði þeim í raun neitunarvald í málum varðandi launajófnað. Einhver misskilningur hefur verið á ferð um megingiltgang lagasetningar; hann var alltaf sá að skapa fælingarmátt og bregðast við svikum og prettum sem eru svo ráðandi í businessmódeli atvinnurekenda.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkamannafélags Akraness:

Pað er rétt sem forseti sagði í ávarpi sínu – þetta er vettvangur skoðana-skipta vegna hagsmuna félagsmanna. Í umfjöllun um starfskjaralög sagðist forseti hafa gengið til samninga við SA og harmaði að málið hefði ekki hlotið framgang. Pað er undrunarefni. Pakka ber Eflingu og VR fyrir að hafa staðið vaktina fyrir okkur hin. Í greinargerðum lögmannna Eflingar og VR/VLFA kemur skýrt fram að þetta frumvarp hefði verið afturför að þeirra mati. Pað vekur undrun að við skulum nú ræða þetta mál þar sem við vorum einni mínuðu frá því að frumvarpið yrði að lögum. Pað fór tvívegis inn á borð ríkisstjórnar og fyrir lágu skýr fyrirmæli frá forseta ASÍ að þetta frumvarp ætti að fara í gegn. Pað var ekki fyrr en fyrir lá afstaða lögmannna að ákvæðið var að fara ekki áfram með málið.

Koma starfskjaralög okkur hinum ekki við? Er þetta einkamál forseta ASÍ og einhverra annarra? Að sjálfsögðu ekki – þetta mál er risastórt. Tekur ekki þátt í meðvirkni og hjarðhegðun. Sama gildir um lífeyrissjóðsfrumvarpið, málið var aldrei klárað þegar Vilhjálmur var 1. varaforseti ASÍ en síðan dúkk-aði upp fullbúið frumvarp með ákvæðum um að hækka byrjunaraldur lífeyr-isgreiðenda úr 16 árum í 18 og tilgreindu séreignina. Pessi frumvörp bárust ekki til stéttarfélaga. Pessi vinnubrögð eru fyrir neðan allar hellur og efast má um umboð ASÍ til að gera þetta án formannafundar þar sem innihald er kynnt. Alvarlegt ef frumvarp til starfskjaralaga hefði orðið að lögum – ef tvö stærstu aðildarfélög ASÍ hefðu verið andvíg þessu.

Févítíð átti samkvæmt frumvarpinu aðeins að ná yfir lágmarksлаун og huglægt mat atvinnurekenda átti að ráða um vinnslu mála. Aðeins örfa mál

um launaþjófnað og féviti hefðu náð í gegn. Eftir tvö ár þegar löginn hefðu komið til endurskoðunar hefðu atvinnurekendur sagt að þessi litli málafjöldi sýndi að enginn launaþjófnaður ætti sér stað á Íslandi. Þessi vinnubrögð voru ekki í lagi.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR:

Þessi formannafundur er í grunninn kominn til sem beiðni um að ræða starfskjalarlög. Við dreifðum álti lögmanna VR. Svona stór mál sem taka í raun til alls umhverfis stéttarfélaga þurfa opnara ferli og meira samráð. Vegna umræðu um meðvirkni er Ragnar hugsi yfir stöðu verkalýðshreyfingarinnar gagnvart SA og öðrum hagsmunavörðum (lobbí-istum). Við erum eins og aumingjar. Rökstuðningur fyrir þessu er m.a. eftirfarandi: sértækar Covid-aðgerðir ríkisstjórnar hafa falið í sér 353 milljarða króna fyrir fyrirtækin og hagsmunaoflin í landinu en einungis 88 milljarðar króna hafa runnið til fólksins og heimilanna. Hvaða dómur er þetta yfir okkur? Starfskjalarlöginn, lífeyrisfrumvarpið, leiguvernd, verðtryggingarmálið, lóðaskortur, staða á húsnæðismarkaði – þetta er sami listi og við vorum með þegar líffskjarasamningar voru gerðir.

Svik stjórnvalda eru algjör. Við eignum að hvetja félagsmenn til að fella þessa ríkisstjórn vegna svikanna. Það er ekki að marka orð af því sem þetta fólk segir. Petta eiga að vera skilaboðin frá þessum fundi.

Nú er þörf á einhverri breytingu hvað varðar nálgun okkar gagnvart þingkosningum í haust. Tekur undir ummaði um ámælisverð vinnubrögð – það vantar samráð og kjark. Almenningur stendur undir kreppunni eins og úttekt á séreignarsparnaði er til marks um og falið hefur í sér 10 milljarða króna til ríkisins í formi tekjuskatt? Ekki voru fyrirtækin látin nota fyrst hagnað síðustu ára áður en þau fengu styrki.

Hvað ætlum við að gera – láta flengja okkur áfram eða ætlum við að rísa upp og tala um hlutina eins og þeir eru? Nú er tilefni til að standa í lappirnar. Ekkert hlustað á okkur. Ályktanir duga skammt, við þurfum að gera eitthvað róttækt.

Hörður Guðbrandsson, formaður Verkalýðsfélags Grindavíkur:

Tekur undir með fyrri ræðumönnum. Svik ríkisstjórnarinnar eru margvisleg; húsnæðismál, lífeyrir, verðtrygging. Þessi fundur á að senda frá sér ályktun og mótmæla svikum stjórnvalda. Setja þarf af stað auglýsingaherferð um svik ríkisstjórnarinnar. Petta er ekki í fyrsta skipti sem það gerist en við þurfum að vera mun harðari gagnvart svikum stjórnvalda. Hörður var eindregið mótfallinn starfskjalaralagafrumvarpi. Það var afturför, einkum 14. greinin um féviti. Almennt gekk frumvarpið of skammt og miklar efasemdir voru

uppi um aðkomu Vinnumálastofnunar samkvæmt ákvæðum þess. Það er rétt að lýðræði og samráði innan ASÍ er stórlega ábótavant. Pví þarf að breyta.

Hilmar Harðarson, formaður Samiðnar:

Ekkri rétt að allt sé í kaldakoli. Við stóðum í lappirnar þegar átti að þvinga fram að ekkert yrði af umsömdum launahækjunum vegna faraldursins. Með þessu tryggðum við eftirsurn og gang í hagkerfinu. Þjóðin kemur mun betur út úr þessari kreppu en spáð var. Það er leitt að ekki tókst að koma lífeyrisfrumvarpinu í gegn. Í stórra hreyfingu er alltaf til staðar einhver ágreiningur. Oftast tekst þó að vinna málin með sómasamlegum hætti. Við megum ekki tala okkur sjálf niður.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar:

Tekur undir með Hilmari að samdráttur mælist mun minni hér á landi en auðvaldið spáði. Það er vegna þess að verkalyðshreyfingin stóð í vegi þess að byrðum kreppunnar yrði enn frekar kastað yfir vinnandi fólk. Efling átti í mikilli baráttu fyrir því að umsamdar launahækkanir yrðu ekki teknar af fólk. Sú samstaða gerði að verkum að kreppan varð ekki dýpri en þetta. Samstaðan í miðstjórn var mikilvæg.

Röksemadir sem henta ekki atvinnurekendum ná ekki í gegn og frá þeim er ekki sagt í fjölmöldum. Byrðar hafa engu að síður verið skelfilega þungar. Fjárhíslur skattgreiðenda hafa verið opnaðar til að halda bissnessköllum og -kerlingum gangandi. Sagan á eftir að dæma þessa framgöngu ríkisvaldsins. Við erum sammála um þetta.

Um vinnubrögð og skort á aðkomu hagsmunaaðila skal það sagt að raunverulegt tækifæri er nú til úrbóta. Og betra er fyrir alla að hlutirnir séu unnir með opnari og dýnamískari hætti en gert er. Það er vissulega tímafrekara og erfiðara en þá þurfa allir að fallast á málamiðlanir og hlíta lýðræðislegri niðurstöðu. Við eignum að gera þá kröfu til okkar allra að reyna að tryggja að aðgangur að ákvörðunum og upplýsingum sé markvissari og betri.

Agnieszka Ewa Ziolkowska, varaformaður Eflingar:

Nokkur orð um loforð ríkisstjórnarinnar og starfskjarylögini. Það þarf jafnán að vinna út frá sjónarhorni láglunaafólks og ferlið má ekki vera of flókið. Þegar fólk fær ekki greidd laun á það í nógum vanda án þess að þurfa um leið að glíma við Vinnumálastofnun. Þetta lagafrumvarp fól í sér færri tæki fyrir stéttarfélög að vinna með. Við þurfum fleiri verkfæri. Ferlið þarf að vera einfalt þannig að það kosti ekki miklu meiri vinnu til að ná aftur launum þegar þeim hefur verið stolið. Ég bið ykkur um að íhuga stöðu láglunaafólks sem fær ekki laun og getur ekki greitt reikninga sem síðan taka að safna vöxtum.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR:

Á ræðumönnum er að heyra að ákall sé um breytingu á vinnubrögðum. Vill áréttu að aðgerðir stjórnvalda hafa falið í sér 353 milljarða króna til fyrirtækja en aðeins 88 milljarða til almennings. Fólkis borgar sína kreppu sjálf – og hverjir fá reikninginn? Verið er að selja Íslandsbanka á niðursettu verði fyrir fjármagnseigendur. Stundum velti ég fyrir mér hversu langt er hægt að ganga gagnvart almenningi og okkur sem eignum að vera málsvarar fólks. Innviðir eru seldir á niðursettu verði – þetta er ekkert annað en skipulögð glæpastarfsemi. Ætti að skoða miklu frekar að stofna samfélagsbanka. Íslenskir bankar skila gríðarlegum hagnaði og eigendastefnu og arðsemiskröfu þeirra er ekkert breytt. Okkar félagsmenn fá reikninginn. Hér verða engar breytingar nema að ríkisstjórn fari frá.

Skipuð var nefnd um aðgerðir fyrir heimilin. Við lögðum fram góðar tilögur. Þær voru settar í nefnd. Meira að segja fjármálafyrirtæki vildu fara þá leið sem lögð var til en fjármálaráðuneytið kom í veg fyrir að starfið skilaði einhverju sem ekki var þegar búið að ákveða.

Kreppan á eftir að koma niður á okkur af fullum þunga. Leiga mun hækka vegna verðbólgu. Hrávörur eru að hækka mikið. Áhrifin verða mikil á vörumerð og staða láglunaafólks og atvinnulausra mun versna. Hvaða áhrif verða hér af verðbólgu næstu misseri? Nú er ráð að undirbúa okkur og brýna sverðin. Nú er tækifæri til að láta í okkur heyra. Ríkisstjórnin hefur lagt grunnt að því að hér verði á næstu árum mesta kaupmáttarrýrnun á síðari tínum. Íslandsbanki er nú seldur. Hvað fer næst á sölulistann – Landsvirkjun?

Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga:

Okkur ber skylda til að tala okkur saman. Þetta er ekki meðvirknihópur. Við höfum öll okkar skoðanir og sannfæringu. Verkalýðshreyfingin snýst um samvinnu og lýðræðisleg skoðanaskipti – að við töldum okkur saman að lýðræðislegri niðurstöðu. Nú er þörf á því. Haustið sem er fram undan mun leggja línum um framtíðina. Við verðum að koma sameinuð inn á þing ASÍ í haust og ganga sameinuð frá því. Öll erum við mannleg og okkur verður öllum á. Málamiðlun er lykillinn að farsælli lýðræðislegri umræðu.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, fyrsti varaforseti ASÍ:

Sú niðurstaða að starfskjalaralagafrumvarpið fór ekki lengra var ágæt. Frumvarpið var til umræðu í miðstjórn og ákveðið var að berjast ekki fyrir því að það færí áfram. Ekki er ljóst að frumvarpið hefði bætt stöðuna. Ákveðin atriði hefðu falið í sér afturför – t.d. ákvæði um hlutverk Vinnumálastofnunar. Ástæða til að efa að stofnunin réði við það hlutverk sem henni átti að færa samkvæmt frumvarpinu. Stofnunin hefur t.d. í ótrúlega mörgum tilvikum

verið rekin til baka með ákvarðanir gagnvart atvinnuleitendum.

Nokkur atriði í frumvarpinu hefðu verið til góðs og má nefna tómlætismál, skráningu á hvíldartíma starfsfólks, frítökurétt en að öðru leyti var ekki margt jákvætt við frumvarpið.

Horft til framtíðar er ljóst að kjarabaráttu er fram undan sem kann að reynast erfið. Endurskoðun kjarasamninga fer fram í haust – annars renna þeir út á næsta ári. Næstu samningar verða gríðarlega erfiðir gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum og þar munum við þurfa að standa saman. Barlómur atvinnurekenda á borð við þann sem þeir hafa boðið upp á vegna umsaminna launahækkan mun halda áfram. Næsti veturnar verður erfiður ef við náum ekki að snúa bökum saman í þeirri baráttu sem fram undan er.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkamannafélags Akraness:

Orð Finnborga um nauðsyn samtals eru ágæt en til þess að geta talað saman þurfa að liggja fyrir upplýsingar. Um hvað á þá annars að tala? Félögin vissu ekkert um þá vinnu sem fór fram. Starfskjaramálið var ofboðslega stórt og algjört lágmark að aðildarfélög séu höfð með í ráðum.

Um meðvirkni er það að segja að skoðun Finnborga er virðingarverð. En hvert var megininntak í Rannsóknarskýrslu Alpingis á bankahruninu? Hún var sú að ríkt hefði meðvirkni, hjarðhegðun og þöggun í aðdraganda hrunsins. Allir þurfa að læra af þeim hörmungum.

Lífeyrismálið er risamál. Það væri vel til fundið að spryrja félagsmenn hver vilji þeirra er. Það gerði VR og var það virðingarvert framtak. Er ekki tímabært að ráðast í allsherjar úttekt á því hvað félagsmenn okkar vilja? Vilja þeir t.d. fá þessi 3,5% í frjálsa séreign? Könnun VR sýnir að fólk vill hafa val. Flækjustig í lífeyrisskerfinu er nú slíkt að það þarf minnst fimm háskólagráður til að skilja það. Og við tökum alltaf þátt í því að flækja það enn frekar. Við eignum að einfalda kerfið. Samtryggingarkerfið gagnast ekki láglunaafólk og er lítils virði. Það tryggir fátækt frá vörgu til grafar. En það er frábært fyrir hátekjufólk. Lífeyriskerfið elur á óréttlæti og ójöfnuði. Við erum ekki sjálfum okkur samkvæm. Örorkubyrðin er meiri hjá lágtækjufélögum og við ættum þá í nafni samtryggingar að láta hana ná alla leið.

Fólk verður tíðrætt um að landsmenn ætti að fara betur út úr kreppunni en ætlað var. Trúið mér, þessir 353 milljarðar sem hafa runnið til fyrirtækja og hagsmunaafla verða lagðir á launafólk – alveg eins og gerðist í bankahruninu 2008. Það kostaði skattgreiðendur 475 milljarða króna að endurreisa bankakerfið. Verðtryggð lán stökkbreyttust um tæplega 600 milljarða króna núvirt. Þess vegna gerði ASÍ þá kröfu að tekið yrði á verðtryggingu. Á síðustu 12 mánuðum hafa verðtryggðar skuldir heimila hækkað um 63 milljarða króna. Brátt verður öskrað á vaxtahækkanir. Okkar stærsta hagsmunamál er vaxtakjör

og kostnaður við að eiga húsnaði. Þessi útgjöld gætu hækkað um tugi þúsunda á mánuði.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar:

Pað er satt og rétt sem Kristján Pórður sagði – risaslagur er í vændum og við verðum að búa okkur undir brútal átok um hagvaxtaraukann í lífskjaramningnum sem nýst hefur láglunaafólk. Í maí á næsta ári eiga að koma til hagvaxtartengdar launahækkanir sem ákvæða á út frá vergri landsframleiðslu. Pað er einnig kveðið á um hækkanir í maí 2023. Parna eru mögulega viðbótarhækkanir fyrir okkar félagsmenn. Í ljósi baráttu SA gegn launafólk og viðleitni til að stöðva fyrri umsamdar hækkanir má gera ráð fyrir rosalegum átökum.

Við þurfum að samræma orðræðu okkar og vera undir það búin að verja hagvaxtartengdar hækkanir sem reynt verður að taka af okkur.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar - Iðju:

Lífskjaramningar eru farsælustu samningar launafólks um langa tíð. Hörmulegt er að yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við lífskjaramninga skuli ekki hafa náð fram að ganga í öllum atriðum. Við tölum gjarnan um hið neikvæða en gleymum að fjalla um þann góða árangur sem við þó náum. Pað á líka við um yfirlýsing ríkisstjórnarinnar því mörg góð atriði er búið að efna. Vegna styrks okkar í ASÍ og hreyfingunni náðum við þessum atriðum í gegn. Með því að einblína á það neikvæða gleymum við að hæla okkur af þeim árangri sem við þó náum. Okkur er alveg óhætt að gera það en við erum alltaf í varnarstöðu. Kosningaáherslur ASÍ eru góður grunnur fyrir baráttuna fram undan og við þurfum að sýna meiri samstöðu á þinginu í haust.

Hvað lífeyrismálin varðar var ég á móti áformum um tilgreinda sameign, vildi að öll viðbót rynni í samtryggingu en féllst á málamiðlun. Um starfskjarylög er það að segja að ýmislegt gott mátti finna í frumvarpinu en ekki er þó ástæða til að gráta að það hafi ekki orðið að lögum. Áform um hlutverk Vinnumálastofnunar í því nýja umhverfi voru ekki traustvekjandi en févítisákvæðið fól þó í sér að loksins hafði náðst að stíga yfir þróskuldinn í því langa baráttumáli hreyfingarinnar.

Horft til framtíðar ríður nú á að ná saman fyrir ASÍ-þingið og eftir það. Næstu kjarasamningar verða erfiðir og ljóst að við þurfum að sækja allt og vera föst fyrir. Um samráð og lýðræði er það að segja að við ákváðum á þinginu síðasta haust að breikka forystu ASÍ með fjölgun varaforseta. Pað var rétt ákvörðun en áhrif hennar hafa ekki orðið þau sem við vonuðumst eftir. Forsetarnir eru verkfæri fyrir okkur hin og þurfa að vinna betur saman. Meiri samhljómur er nauðsynlegur í miðstjórn og út á við. Við þurfum að tala meira

einni röddu, draga úr deilum og sundrungu. Petta þarf að laga ef stefnt er að árangri í pólitík og samningum.

Pórarinn Guðni Sverrisson, formaður Öldunnar:

Eigum að gefa okkur tíma til að tala okkur niður á niðurstöðu. Það var ekki gæfuspor að bæta við 3. varaforseta ASÍ því eru formenn frekar fulltrúar ákvæðinna landssambanda en ekki hreyfingarinnar allrar. Við eigum að treysta fólk i að fara með umdeild mál út í samböndin, við verðum að hafa þor og bera traust til okkar félagsmanna. Tekur undir með Ragnari Þór um ágæti samfélagsbanka. Það þarf að verja launafólk og passa upp á að ekki sé sífellt gengið í vasa þess. Aukinn frjáls sparnaður mun verða til þess að auðvaldið mun herða sóknina í þá peninga og alþingismenn munu nota þá til að borga niður kreppur. Nýting séreignarsparnaðar í húsnæðislán er dæmi um það. Er stoltur af samtryggingu og um skoðanaskipti er það að segja að stundum verða menn bara undir. Pórarinn kveðst oft hafa lent í þeirri stöðu. Hverjur áttu peninga eftir hrunið? Það voru lífeyrissjóðirnir enda ætluðu stjórnámamenn að sealast í þá vasa. Við eigum að efla og treysta okkar samtryggingar. Sá lífeyrissjóður sem tapaði mestu í hruninu var lífeyrissjóður verkfræðinga, áhættusækinn og einsleitur hópur háskólamanna sem þóttist allt vita. Snýr óánægja okkar með lífeyriskerfið ekki fyrst og fremst að tekjutengingunni? Par er um að ræða ákvarðanir sem teknar eru á Alþingi.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness:

Tekur undir með Birni. Eigum að vera ánægð með þann árangur sem við náum og berja okkur á brjóst. Lífskjarasamningurinn er einn sá besti á síðari tímum. Er einnig sammála Sólveigu Önnu um að hagvaxtartengdar hækkanir muni skila launafólk einhverjum tekjuauka. Við eigum að segja meira frá því sem við gerum vel og því sem tekst vel. Mjög góður ávinningur náiðist í lífskjarasamningum enda sýna allar mælingar að kaupmáttaraukning lágluna-fólk er raunveruleg. Við eigum að slá skjaldborg um félaga okkar í ferðaþjónustu sem orðið hafa fyrir miklum búsiðum.

Drífa Snædal, forseti ASÍ:

Kveðst innilega ósammála þeim sem hallmæla frumvarpi um starfskjara-lög. Það hefði falið í sér framfaraskref og fátt hefur verið meira til umræðu í okkar hópi en starfskjarylög og févitísákvæðið. Það er ekki rétt að starfskjarylög hefðu fært atvinnurekendum neitunarvald. Par urðu aðilar sammála um ákvæðna málamiðlun. Ég bauð ýmsum að koma að þessum samningaviðræðum sem vildu það ekki og gætti þess jafnan að halda miðstjórn upplýstri um gang málssins.

Petta mál er ekki að fara frá okkur og það hefði verið gæfuspor að ná að fara með það lengra en hún þarf að lúta fyrirliggjandi niðurstöðu. Lýðræði í hreyfingunni er mikilsvert en samt er það svo að stundum þarf forseti að höggva á hnúta. Ákall um lýðræði er gott og hávært en stundum kemur meira að segja fram þrýstingur um að leggja það til hliðar, sem er miður. Við reynum okkar besta á hverjum tíma.

Um lífeyrismálin ber að rifja upp að við ákváðum að styrkja lífeyrisnefndina og lýðræðisleg umræða fer fram í starfsnefndum sem skipaðar eru fulltrúum frá öllum heildarsamtökum.

Ljóst er að grundvallarumræða bíður okkar um lífeyrismál. Lífeyrir er afkomutrygging eftir vinnu. Lífeyrir er ekki til þess að tryggja afkomendum arf. Hann er ekki til að fjármagna húnsnæðiskaup. Við höfum gert ýmsar málamiðlanir sem fært hafa okkur frá kjarna lífeyriskerfisins. Ég hef lotið þeim málamiðlunum sem við höfum komist að. Síðan er sérstök ástæða til að huga að því að frjálsir lífeyrissjóðir setja lítið í samtryggingu og stýra svo því hvernig útgreiðslum er hátt að þannig að séreignin er tekin fyrst til að hækka greiðslur úr almannatryggingum. Það er rétt, við getum ekki rætt lífeyrismál án þess að taka fyrir harkalegar og ósanngjarnar skerðingar.

Kjarasamningar nálgast, haustið verður upptaktur þeirra. Atvinnurekendur ætla að taka snúning eins og síðasta haust. Hollt að er að hugsa til þess hvernig staðan væri ef verkalýðshreyfingarnar nytí ekki við. Það er rétt, við megum alveg vera montin – á stundum.

Síðan er það hin hlið baráttunnar sem lýtur að stjórnvöldum. Hættan er ekki mest á fyrsta eða öðru ári eftir kreppu – hún verður að veruleika á þriðja ári. Við höfum sagt að ekki liggi á að greiða þessa kreppu. Ekki má selja opinberar eignir, hækka skatta á launafólk eða draga úr velferðarþjónustu. Sveitarfélög og ríkið einkavæða nú velferðarþjónustuna með ódýrara starfsfólki. Baráttá er gegn niðurskurði í velferðarkerfum, gegn sölu ríkisfyrirtækja og fjölgun einkavæddra heilbrigðisfyrirtækja. Allt heggur þetta í sjálfar grunnstoðirnar og það er okkar að verja velferðarkerfið.

Gul stéttarfélög og staða verkalýðshreyfingarinnar

Flosi Eiríksson fundarstjóri vekur athygli á að drög að ályktun liggja fyrir fundinum.

Drífa Snaedal, forseti ASÍ:

Í gögnum sem flugfélagið Play hefur birt vegna fyrirhugaðs hlutafjárútbodðs kemur skýrt fram að það hyggst fjölgla vinnutímum starfsfólks og greiða

því laun undir gildandi samningum hér á landi. Ég vona að enginn lífeyris-sjóður komi nálgægt þessu.

Ég fæ send bréf sem mörg eru nafnlaus af ótta við að ella setji fólk starf sitt í hættu. Þar kemur m.a. fram að Play er að ráða yfirmenn á sæmilegum kjörum á kostnað hinna óbreyttu sem njóta lélegra kjara. Útreikningar okkar á kjörum starfsfólks Play hafa ekki verið hraktir.

Haft hefur verið fullt samráð við Flugfreyjfélag Íslands sem hyggst upplýsa Alþjóðasamtök flugliða um framferði Play. Alþjóðasamtökin eru mjög öflug. Fara þarf formlega leið og krefja félagið um löglegan kjarasamning. Ella fer málid á borð ríkissáttasemjara. Við erum að vinna í þessu og mikilvægt er að við stöndum föst fyrir. Við þekkjum hvernig Amazon og fleiri stórfyrirtæki hafa skipulega brotið niður stéttarfélög. Bandarísk fyrirtæki sem sérhæfa sig í niðurbroti verkalýðshreyfingarinnar hafa verið fengin til ráðgjafar hér á land. Pessi veruleiki er kominn inn fyrir dyrnar hjá okkur. Þetta er eitt stærsta hagsmunamál vinnandi fólks. Takist að brjóta niður verkalýðshreyfinguna er okkar vinnumarkaðarlíkan fallið.

Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfjarða, Signý Jóhannesdóttir, formaður Stéttarfélags Vesturlands og Daníel Örn Arnarson, Eflingu gera athugasemdir við orðalag ályktunar og eru drögin uppfærð jafnóðum.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness:

Mál Play er athyglisvert. Útreikningar sýna að verið er að setja kjörin niður um 30-40% sem er skelfilegt. En þurfum við ekki að líta okkur nær? Ekkert nýtt nema síður sé. Rifjar upp 1998 þegar risafyrirtæki með 650 manns í vinnu í dag samdi um kjör sem reiknað var út að voru 32% lakari en í Straumsvík, auk þess sem starfsmenn áttu ekki verkfallsrétt. Öllum bar að hætta störfum 62 ára. Enginn hér inni bar ábyrgð á þessu. Sem betur fer hefur tekist að vinda ofan af þessum atriðum og laun eru nú betri en hjá ÍSAL. Nefni einnig United Silicon í Keflavík. Þar reiknaði ég að laun væru 40% lakari en hjá Elkem á Grundartanga.

Vilhjálmur rifjar upp að einmitt vegna þess hóf hann afskipti af verkalýðsbaráttu. Þegar Hvalfjarðargöng komust í notkun var öllum hásetum á Akraborg boðin vinna í gjaldskýlinu í göngunum. Samningur var undir lágmarkslaunum. Starfsmenn fengu ekki að greiða atkvæði um samninginn. Það gerðu Norðurálsmenn ekki heldur. Við megum ekki líta í hina áttina þegar það hentar okkur. En styður svo sannarlega harkaleg viðbrögð þegar laun eru gjalfelld með þeim hætti sem Play hyggst gera.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR:

Tekur upp þráð frá Vilhjálmi varðandi samkvæmni. Gerir ekki athugasemd við þau ummæli að lífeyrissjóðir muni ekki snerta á Play með priki – en sprýr á móti: Lífeyrissjóðir starfa samkvæmt alþjóðlegum reglum m.a. um að fjárfesta ekki í fyrirtækjum sem stunda félagsleg undirboð, mansal, peningaþvætti eða annars konar skipulagða glæpastarfsemi. Skerpt hefur verið á þessum reglum m.a. hvað varðar náttúruvernd og flestir lífeyrissjóðir hafa samþykkt þær en vandinn er sað að enginn fer eftir þeim. Við rjúkum stundum til í einu máli en samþykkjum önnur. Hvað með t.d. Síldarvinnsluna? Fyrirtækið sækir í ofveidda stofna, það er grunað um félagsleg undirboð, launabjófnað, mút-ugreiðslur í mörgum löndum, alþjóðlega glæpastarfsemi, en samt fjárfesta lífeyrissjóðir í þessu fyrirtæki. Sömu aðilar eru á ferð í Eimskipi sem fremur umhverfisglæpi með förgun skipa. Verkalýðshreyfingin og lífeyrissjóðirnir bregðast ekki við á neinn hátt. Fagnar viðbrögðum við Play en ætlum við ekki að fara fram í öðrum málum? Ef ekki er þetta allt harla marklaust.

Nú er rokið upp til handa og fóta vegna gulra stéttarfélaga. Mörg gul félög hafa verið starfandi hér á landi. Fagna ber að hreyfingin vakni til lífsins en horfa ber á málin í víðara samhengi. Við þurfum líka að taka upp hanskann fyrir önnur félög og láta í okkur heyra þegar lífeyrissjóðir fjárfesta í félögum sem tikka í öll varnaðarboxin í alþjóðareglunum. Við þurfum að setja okkur stefnu og stíga einnig niður fæti gagnvart því sem ég hef talið hér upp. Það eykur trúverðugleika hreyfingarinnar.

Daníel Órn Arnarson, Eflingu:

Tekur undir með Ragnari. Hann vill herskárr hreyfingu í þessum málum. Of algengt er að ekkert heyrist frá formönnum í félögum.

Aðalsteinn Baldursson, formaður Framsýnar stéttarfélags:

Kærkomið er að fá loks tækifæri til að hittast. Ályktunin er góð og fagnar henni. Getum og eignum að álykta út og suður því eftir því er tekið. Hins vegar hefði ég viljað vísa til ábyrgðar SA og samtaka ferðaþjónustunnar sem hafa gagnrýnt hreyfinguna fyrir sambandsleysi. Erlent verkafólk er kúgað, okrað er á húsaleigu. Gul stéttarfélög eru krabbamein sem þarf að uppræta. Samtök atvinnulífsins krefjast þess að fyrirtæki í ferðaþjónustu séu innan samtakanna. Höfum á hreinu að við látum aldrei draga kraftinn úr íslenskri verkalýðshreyfingu.

Hörður Guðbrandsson, formaður Verkalýðsfélags Grindavíkur:

Er sammála því sem komið hefur fram um ábyrgð SA og Play. Verði þetta látið óátalið fylgia Flugleiðir í kjölfar Play og síðan Einskipafélagið. Áhrifavalд atvinnurekenda í lífeyrissjóðum er óþolandí. Eru iðnaðarmenn virkilega enn inni í lífeyrissjóðnum Birtu?

Hilmar Harðarson, formaður Félags iðn- og tæknigreina:

Birta fjárfesti í Play en við settum fyrirvara um löglega samninga og ekki færð fram félagsleg undirboð. Það verður að koma í ljós hverjar lyktir málsins verða.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR:

Loforð Birtu liggar fyrir. Vill hnippa í Hilmar, nýkjörinn formann stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða, að senda sterkt skilaboð úr þessum hópi að sjóðir fari eftir alþjóðlegum reglum og viðmiðum um fjárfestingar. Sem flestir þurfa að láta í séi heyra sökum þessa. Íslenska flugstéttafélagið (ÍFF) neitaði að afhenda ASÍ kjarasamning. Stéttarfélagið er í skúffu hjá fyrirtækinu Play. Þess vegna er ekki unnt að fallast á einhverjar tilslakanir. Við erum að berjast fyrir því að vinnandi fólk sé í frjálsum félögum og það kjósi um kjarasamninga.

Ályktunin var borin upp og handaupprétting viðhöfð. Ályktunin var samþykkt samhljóða.

Ályktun um tilraunir til niðurbrots á verkalýðshreyfingunni

Formannafundur ASÍ fordæmir með öllu tilraunir til niðurbrots á skipulagðri verkalýðshreyfingu á Íslandi og varar sterklega við uppgangin gulra stéttarfélaga. Einkenni slíksra félaga er að þau eru undir áhrifavalldi atvinnurekenda, ýmist beint eða óbeint, sækja sér ekki styrk til heildarsamtaka launafólks heldur standa utan þeirra og gera aldrei ágreining í kjaradeilum. Slík félög eru þekkt fyrir að gera lakari kjarasamninga en frjáls og skipulögð verkalýðshreyfing og grafa þannig undan almennum launakjörum í landinu. Gríðarlegur munur er á lífskjörum almennings í löndum þar sem skipulögð verkalýðshreyfing hefur verið brotin á bak aftur annars vegar og í löndum þar sem verkalýðshreyfingin stendur styrkum fótum hins vegar. Alþýðusamband Íslands og aðildarfélög þess munu standa hart gegn hvers konar tilraunum til að brjóta á bak skipulagða verkalýðshreyfingu, enda á verkalýðshreyfingin ríkan þátt í þeim lífsgæðum sem almennингur nýtur á Íslandi. Það er fyrir tilstilli verkalýðshreyfingarinnar að vinnandi fólk á rétt til launaðs sumarleyfis og þorri almennings hefur aðgengi að bæði heilbrigðispjónustu og menntu.

Nýjasta dæmið um tilraunir til að fara gegn skipulagðri verkalýðshreyfingu eru samningar milli Play og hins Íslenska flugstéttafélags sem ætlað er að móta ramma utan um kjör flugfreyja og flugbjóna hjá flugfélaginu Play. Samningarnir kveða á um lakari kjör og réttindi en hafa þekkst á íslenskum vinnumarkaði og enn er á huldu hvort þeir hafa verið sampykktir af vinnandi fólk sem á allt sitt undir þeim, líkt og lög og leikreglur á vinnumarkaði gera ráð fyrir. Formannafundur ASÍ kallar einnig eftir því að Samtök atvinnulífsins

og Samtök aðila í ferðapjónustu fordæmi framgöngu Play og sendi út skýr skilaboð um að þessi háttsemi verði ekki liðin á íslenskum vinnumarkaði.

Krafan er skýr: að Play gangi til kjarasamninga við það launafólk sem á að vinna samkvæmt þessum kjarasamningum, sá samningur verði lagður í dóm starfsfólks og þar með verði leikreglur á íslenskum vinnumarkaði virtar.

Starfsemi skrifstofu ASÍ – skipurit og breytingar

Halla Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ:

Gott er að fá tækifæri til að fara yfir breytingar á skrifstofu og starfsmannahaldi. Þær eiga sér langan aðdraganda sem nær aftur fyrir minn dag. Stefnumótunardagur var haldinn í október 2019 þar sem greindar voru áskoranir og tækifæri. Verklag á skrifstofu var gagnrýnt sem og skipurit hennar. Þá þótti fjöldi yfirmanna of mikill. Tækifæri voru m.a. talin felast í að innleiða teymisvinnu í auknum mæli, bæta stjórnun og framkvæmd verkefna.

Pessi atriði hef ég tekið mjög alvarlega með áherslu á hvernig bæta megi þjónustu skrifstofu ASÍ. Við hönnuðum nýtt og einfaldara skipurit þar sem fimm deildum var fækkað í þrjú svið. Sambærilegur starfsmannafjöldi er á hverju sviði og stöðugildum hefur fjlögað um samanlagt 2,6 í samræmi við ný verkefni og breyttar áherslur.

Laun forseta og framkvæmdastjóra voru lækkuð og starf aðstoðarframkvæmdastjóra var lagt af og þannig dregið úr launakostnaði stjórnenda.

Skrifstofan varð fyrir miklu höggi þegar Halldór Grönvold aðstoðarframkvæmdastjóri veiktist og féll síðan frá. Missir hans var gríðarlegur, persónulega fyrir starfsfólk og faglega fyrir skrifstofuna. Að auki hætti einn starfsmaður, annar gerði það sökum aldurs og einn þurfti að fara í veikindaleyfi. Nýtt fólk á skrifstofu þurfti að ganga í fleiri verkefni en til stóð. Það hefur sýnt mikinn sveigjanleika og staðið sig mjög vel.

Hvað er svo allt þetta fólk að gera á skrifstofunni? Skoðum nokkur helstu verkefni vetrarins 2020-2021.

Fjöldi umsagna til Alþingis: 41.

Námskeið fyrir trúnaðarmenn og starfsfólk stéttarfélaga: 60 á ári - 900 nemendur.

Lögfræðilegar fyrirspurnir: 1.450.

ASÍ í fréttum (2020): 2.451.

Fréttauátsendingar til aðildarfélaga: 107.

Föstudagspistlar forseta: 39.

Ráðstefnur og veffundir: 28.

Skyrslur um vinnumarkaðsmál og efnahagsmál: 13.

Hlaðvarpsiðtöl: 17.

Skyrslum og greiningum hefur fjöldað verulega og má þar nefna:

Skyrslur sérfræðingahóps verkalýðshreyfingarinnar um efnahagsleg áhrif COVID-faraldursins á vinnumarkað, ríkisfjármál og fleira.

Mánaðaryfirlit stefnumótunar og greiningar.

Nefnd um uppbyggingu ferðaþjónustu. Petta er sterk greining og við gætum gert meira af með því að þjónusta nefndir og undirbyggja stefnumótun hreyfingar.

Kortlagning á stöðu útlendinga á vinnumarkaði.

Réttu leiðin út úr kreppunni – stefnuplagg og leiðarljós og grunnur að veffundum um kreppuna.

„Það er nóg til“ – sérverkefni vegna þingkosninga á hausti komanda.

Stafræn miðlun hefur verið tekin föstum tökum; hlaðvarp, aukin notkun samfélagsmiðla o.fl.

Vinnustaðaeftirlit; fundað með formönnum um land allt og treyst samband við eftirlitsfulltrúa. Túlkaþjónusta hefur verið stórefld. Pólskumælandi starfsmáður hefur verið ráðinn sem markar mikilvæg þáttaskil fyrir skrifstofuna.

Við sjáum frekari sóknarfæri. Svið skrifstofunnar eru í þróun, teymin eru enn í móttun, við munum auka enn áherslu á teymisvinnu til að nýta mannauðinn sem best. Leggja þarf meiri áherslu á vinnuvernd og greiningar og stefnumótun vegna vinnumarkaðar framtíðar. Við þurfum að taka fræðslumálin föstum tökum. Við viljum fjölgja greiningum fyrir nefndir ASÍ. Við getum nú einnig lagt aukinn þunga í tiltekin átaksverkefni á borð við „Það er nóg til“ og aukið þjónustu við aðildarfélögin, útbúið „pakk“ fyrir félögini til aðstoðar í einstökum verkefnum eða málum, aðstoðað við samræmd skrif og fleira.

Hugsun okkar beinist alltaf að því hvernig við getum þjónað hreyfingunni og við fögnum öllum ábendingum.

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs Starfsgreinafélags:

Kærar þakkið fyrir flotta kynningu. Vantar að ASÍ var stofnað til að þjónustu félögini. Þegar mikil liggur við eins og í COVID-faraldrinum með tilheyrandí á lagi eru alls kyns lög og reglugerðir sett í miklum flýti um mál sem varða okkar félagsmenn miklu. Við áttum oft í erfiðleikum með að svara spurningum þeirra.

Skiptiborði ASÍ er lokað yfir sumartímann og sama gerðist í upphafi COVID, þá var skiptiborði lokað og vísað á GSM númer starfsmanna úti í

bæ. Við hringjum aðeins í GSM síma starfsmanna í neyð. Ráðinn hefur verið gífurlegur fjöldi fólks og allt er það titlað sérfræðingar. Þetta virkar ekki vel á almenna félagsmenn.

Halla Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ:

Takk, Hjörðís, fyrir ábendingar. Um lokun skiptiborðs vegna COVID einfaldlega veit ég ekki. Það var áður en ég kom til starfa en var að líkendum til bara rétt á meðan greitt var úr tæknilegu hliðinni á að svara í símann utan úr bæ. Í gegnum þennan veturn hefur starfsemi skrifstofu verið haldið að fullu gangandi og skiptiborð verið opíð. Skiptiborðinu er lokað í þrjár vikur í júlí vegna þess að þá liggar svo margt niðri í landinu, pólitíkin fer í frí og engir fundir fara fram í miðstjórn. Ég tek við öllum símtölum og þjónusta verður ekki skert.

Um sérfræðingatitlana er það að segja að þessir titlar eiga rætur sínar í starfaflokkun vegna jafnlaunavottunar en þetta er réttmæt ábending og titlnir þurfa ekkert að vera með þessum hætti.

Félög nýta þjónustu skrifstofunnar mismikið en hún er fyrir alla og við viljum endurgjöf frá öllum og þjóna öllum sem best.

Önnur mál

Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands:

Kveðst vilja segja fundarmönnum tvær sögur:

Í veturn kom fram frumvarp á Alpingi um nýja íslenska skipaskrá sem snýst um að gera skip með erlendum áhöfnum íslensk. Ég fór ásamt Magnúsi M. Norðdahl, lögfræðingi ASÍ, á fund um málið með skrifstofustjóra í ráðuneytinu og lögfræðingi. Magnús spyr hvort lögfræðingurinn starfi fyrir Samherja. Nei, svo var ekki. En Eimskip? Jú, það kvaðst lögmaðurinn gera. Starfsmaður Eimskipar var sem sagt einn af höfundum frumvarpsins. Við gerðum fyrirvara við þetta og sem betur fer hlaut þetta mál ekki þinglega afgreiðslu. En þessi saga sýnir hvernig málum er komið. Það átti að lauma þessu í gegn.

Síðan er það saga sem tengist togaranum Júlíusí Geirmundssyni og COVID-smitinu þar um bord. Félag skipstjórnarmanna bauð skipstjóranum vernd félagsins og lögfræðinga þess gagnvart útgerðinni. Hann afþakkaði það boð. Þá tóku skipstjórnarmenn á Akureyri sig til og skrifuðu harðorða grein um félagið sem birtist á heimasíðu Samherja. Tíu dögum seinna hringir einn skipstjórnarmaður í félagið og sprýr hvenær hann eigi að taka við af formanninum. Þeir ætluðu að taka félagið yfir og krefjast þess að löglegur formaður, nýkjörinn til fjögurra ára, viki. Stöndum saman gagnvart þessu.

Friðrik Rafnsson, formaður Leiðsagnar:

Pakkar fyrir fundinn sem er sá fyrsti sem hann situr sem formaður innan ASÍ. Hann hlakkar til samstarfsins og færir skrifstofu þakkir fyrir aðstoð á nýafstöðnum auka-aðalfundi félagsins. Að baki er skelfilegt ár en við höfum nýtt tímann til að taka í gegn ýmsa faglega og félagslega þætti. Við hlökkum til frekara samstarfs á vettvangi ASÍ.

Signý Jóhannesdóttir, formaður Stéttarfélags Vesturlands:

Sem ein af þeim gömlu – ég er búin að vera í þessu í meira en 25 ár – langar mig að setja fram hugleiðingu í framhaldi af umræðu á fundinum.

Hvers vegna er þörf fyrir lággjalfaflugfélög? Hvers vegna er glæsifatnaður eftir þekkta hönnuði framleiddur í verksmiðjum þar sem fátækt fólk striðar myrkranна á milli? Hverjir eru það sem annast uppskeruna á framandi ávöxtum á borðum okkar?

Hvað er að gerast í málefnum aldraðra og þjónustu við þá? Hvað kemur í ljós varðandi arðgreiðslur úr fyrirtækjum sem þjónusta sjúka? Tugir jafnvel hundruð milljóna eru greiddir í arð.

Við þurfum að velta fyrir okkur hvers vegna þetta er svona og hvernig hægt er að snúa þessu ástandi við.

Drífa Snædal, forseti ASÍ:

Kærar þakkir fyrir góðan fund. Það er alltaf betra þegar við fáum tækifæri til að koma saman. Þetta var mjög gagnlegur fundur. Pakkar Flosa Eiríkssyni fyrir góða fundarstjórn og starfsfólki fundarins fyrir framlag þess. Verum góð hvert við annað og gleðilegt sumar!

Fundi er slitið.

Af vettvangi miðstjórnar

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá seinni hluta júní fram í seinni hluta ágústmánaðar ár hvert. Miðstjórn stýrir daglegri starfsemi Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess og samþykktir sambandsþinga og reglulegra formannafunda eftir því sem við á.

Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana á vegum þess. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins og samskipti við aðildarsamtök-in, önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila er varða starfsemi verkalýðshreyfingarinnar og hagsmuni launafólks. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktu þinga og reglulegra formannafunda ASÍ.

COVID raskar fundahöldum

Sóttvarnaraðgerðir stjórnvalda vegna COVID-faraldursins höfðu mikil áhrif á fundahöld miðstjórnar. Þann 17. febrúar 2021 var haldinn fyrsti staðfundur miðstjórnar frá því í ágústmánuði árið áður. Næsti fundur miðstjórnar sem haldinn var 3. mars var einnig staðfundur. Þá skelltu stjórnvöld aftur í lás vegna veirunnar og fjarfundir töku við allt fram til 2. júní.

Á fundi miðstjórnar 3. mars var samþykkt sú almenna regla að fyrri fundur hvers mánaðar verði staðfundur en sá síðari fjarfundur. Fundir fara fram fyrsta og þriðja miðvikudag hvers mánaðar.

44. þing ASÍ

Rafrænt þing ASÍ var haldið 21. október 2020 þar sem kjarnaatriðin, samkvæmt lögum ASÍ, voru afgreidd en þinginu svo frestað fram á vor þegar áfórmáð var að málefnavinna færi fram. Þau áform urðu að engu vegna veirunnar og var málefnavinnunni frestað fram í september 2021. Þenn og aftur hrönnuðust óveðurskýin upp í júlí og ágúst þegar fjórða bylgja Covid-19 skall á þjóðinni. Á fyrsta fundi miðstjórnar eftir sumarfrí, þann 18. ágúst 2021, var ástandið í þjóðféluginu og komandi þingstörf rædd. Samkomutakmarkanir voru enn í gildi og því ekki hægt að halda framhaldsþingið með venjubundnu sniði og þeirri nálægð og samvinnu sem málefnaþing krefst. Pótt notast yrði við sóttvarnahólf og ítrустu sóttvarnaráðstafna gætt, væri eftir sem áður umtalsverð hætta á að þingfulltrúar gætu þurft að sæta sóttkví eftir þingið og einnig mögulegt að sýkingar breiddust út á þinginu sjálfa. Þá yrði félagslíf í

kringum þingið af skornum skammti. Af þessum sökum taldi miðstjórn ekki forsvaranlegt að halda þingstörfum til streitu og ákvað því að leggja til að frekari þingstörfum yrði aflýst og þinginu slitið.

Miðstjórn ASÍ hefur ekki einhliða heimild til að slíta þingi sem löglega situr. Til þess þarf samþykki kjörinna þingfulltrúa. Þess vegna var nauðsynlegt að kalla til framhaldspings þar sem borin var upp sú tillaga miðstjórnar að slíta þinginu og taka út af dagskrá þau mál sem ekki voru afgreidd 21. október 2020. Því var boðað til framhaldspings ASÍ 9. september 2021 þar sem lagðar voru fram tvær tillögur. Í fyrsta lagi tillaga miðstjórnar um framleiningu frávika frá þingsköpum sem varða rafræna framkvæmd þess og sem giltu til loka fyrri hluta þingsins í október og í öðru lagi tillaga um að fyrirliggjandi mál verði tekin af dagskrá og þingi slitið. Í samræmi við þingsköp Alþýðusambandsins (gr. 5.16) fór atkvæðagreiðsla um þessar tillögur fram með þeim fulltrúum sem mættir voru. Í kjölfarið var efnt til pallborðs með formönnunum stjórnmálflokkanna í tengslum við „Pað er nóg til“ – átak ASÍ vegna Alþingiskosninganna og var það sent út í beinu streymi.

Ný miðstjórn og forsetum fjöldað

Á 44. þingi Alþýðusambands Íslands var samþykkt að breyta lögum sambandsins þannig að varaforsetar eru nú þrí i stað tveggja áður. Lagabreytingartillagan var samþykkt með naumum mun eftir fjarugar umræður. Ekki bárust nein mótframboð í embætti forseta ASÍ, 1. varaforseta né 2. varaforseta og voru Drífa Snædal, Kristján Þórður Snæbjarnarson og Sólveig Anna Jónsdóttir því sjálfkjörin í þau embætti.

Í kosningu um embætti 3. varaforseta var aðeins Ragnar Þór Ingólfsson í framboði og var hann því sjálfkjörinn.

Pá voru 11 einstaklingar sem kjörnefnd gerði tillögu um til setu í miðstjórn sjálfkjörnir þar sem engin mótframboð bárust. Miðstjórn ASÍ fram til október 2022 er þannig skipuð:

Drífa Snædal, forseti

Kristján Þórður Snæbjarnarson, RSÍ, 1. varaforseti

Sólveig Anna Jónsdóttir, Efling, 2. varaforseti

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, 3. varaforseti

Aðalmenn

Björn Snæbjörnsson, Eining-Iðja

Eiður Stefánsson, Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri

Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Guðmundur Helgi Þórarinsson, Félag vélstjóra og málmtæknimanna

Halldóra Sveinsdóttir, Báran
Harpa Sævarsdóttir, VR
Helga Ingólfssdóttir, VR
Hilmar Harðarson, FIT - Félaf iðn- og tæknigreina
Hjörðís Póra Sigurþórsdóttir, Afl starfsgreinafélag
Hörður Guðbrandsson, Verkalýðsfélag Grindavíkur
Valmundur Valmundarson, Sjómannasamband Íslands

Starfskjaralög

Eitt fyrirferðarmesta málið á fundum miðstjórnar þetta árið var frumvarp félagsmálaráðherra til starfskjaralaga sem kynnt var fyrir ríkisstjórn 15. desember 2020.

Mál þetta á sér talsverða forsögu og hefur ASÍ barist fyrir ákvæði um féviti til handa þolendum launaþjónaðar í um áratug. Í tengslum við kjaraviðræður vegna lífskjarasamninganna var féviti til umræðu af hálfu ASÍ en ekki tókst að fléttu það inn í kjarasamninga. Í yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við samningana segir hins vegar: „Heimildir til refsinga verði auknar, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, ef atvinnurekandi brýtur gegn lágmarkskjörum launamanns.“

Í nefnd á vegum félagsmálaráðherra um undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði reyndu fulltrúar ASÍ að ná niðurstöðu um ákvæði um féviti en það gekk ekki eftir vegna andstöðu Samtaka atvinnulíffsins (SA). Var því af hálfu ASÍ þrýst á stjórnvöld um að þau stæðu við sínar yfirlýsingar: Stjórnvöld sögðu á móti að ASÍ yrði að ná samkomulagi við SA til að ákvæði um féviti geti ratað inn í lög.

Ýmsar útgáfur af starfskjaralagafrumvarpinu litu dagsins ljós, m.a. ein sem félagsmálaráðuneytið vann án samráðs við ASÍ og SA á meðan engar viðræður fóru fram. Þegar þeirri útgáfu var mótmælt harðlega kallaði ráðuneytið ASÍ og SA til sín og áttu forseti og Magnús Norðahl, lögfraeðingur ASÍ, fjölda funda með fulltrúum SA og ráðherra.

Niðurstaða þess samráðs birtist í frumvarpi til starfskjaralaga sem ráðherra áformaði að leggja fram með stuðningi ASÍ og SA. Mjög skiptar skoðanir reyndust um frumvarpsdrögin innan miðstjórnar og var það einkum en ekki einvörðungu ákvæði um féviti sem deilt var um. Fór svo að ráðherra lagði málið ekki fyrir þingheim og má því ætla að reynt verði á ný að fléttu það inn í kjarasamninga.

Grænbókarnefnd um kjarasamninga og vinnumarkaðsmál

Formannafundur ASÍ var haldinn föstudaginn 22. janúar. Um samráðsfund var að ræða um ákvæði í yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við Lífskjarasamning-

ana um gerð grænbókar um framtíðarumhverfi kjarasamninga og vinnumarkaðsmála. Grænbók er almennt samtal um stöðuna og vangaveltur, eins konar kortlagning á stöðunni á meðan svokölluð hvítbók er stefnumarkandi skjal.

Töluluverð umræða varð um það á fundinum hvort rétt væri að taka þátt í þessari vinnu og sýndist sitt hverjum. Sumir fundarmenn töldu að þarna væri verið að teyma hreyfinguna út í umræðu sem myndi aldrei enda vel meðan aðrir sögðu mikilvægt að eiga sæti við borðið og láta rödd og sjónarmið ASÍ heyrast.

Á fundi miðstjórnar 13. apríl 2021 var rædd samantekt sem gerð var í kjölfar bréfs sem grænbókarnefnd forsætisráðuneytisins um kjarasamninga og vinnumarkaðsmál sendi aðildarfélögum ASÍ. Í samantektinni er kostum íslenska vinnumarkaðslíkansins lýst og áréttuð öll helstu áhersluatriði hreyfingarinnar hvað umhverfi kjarasamninga varðar, m.a. andstaða við að gildandi lögum verði breytt. Samþykkt var að senda grænbókarnefnd forsætisráðherra samantektina ásamt bréfi forseta.

Af hálfu ASÍ er í samantektinni lögð áhersla á mikilvægi þess að stuðningar við íslenska vinnumarkaðslíkanið og viðhald þess sé í stöðugri skoðun og almennt að efnahagslífið skuli einkennast af skipulögðum vinnumarkaði þar sem aðild að stéttarfélögum sé útbreidd og kjarasamningar gildi um langstærstan hluta starfa. Slíkt fyrirkomulag sé lýðræðislegt og valdeflandi fyrir almennt launafólk. Pað er óumdeilanleg fylgni á milli öflugrar stéttarfélagastarfsemi og skipulags vinnumarkaðar annars vegar og almenns jafnaðar, víðtækis jafnréttis og afkomuöryggis hins vegar. Pað sé skylda stjórnvalda að huga að því með virkum hætti að skipulagður vinnumarkaður og sterk staða stéttarfélaga verði varin með öllum tiltækum ráðum þegar að þeim er vegið með ólögmætum hætti.

Samantektin hefur að geyma greinargott yfirlit um íslenska vinnumarkaðslíkanið þar sem skýrt kemur fram að innan verkalýðshreyfingarinnar er ekki vilji til að ráðast í breytingar á grundvallaratriðum þess.

Gul stéttarfélög

Málefni gulra stéttarfélaga voru ítrekað til umræðu á fundum miðstjórnar. Innan miðstjórnar ríkir eining um að berjast beri af fullri hörku gegn félagslegum undirboðum.

Play

Á fundi miðstjórnar 19. maí 2021 voru til umfjöllunar kjarasamningar flugfélagsins Play við flugmenn og flugliða sem lágu frammi sem fundargögn. Ljóst var að Íslenska flugstéttarfélagið (IFF), sem flugmenn og flugliðar Play eiga aðild að, væri rekið af flugfélagini sem þannig semdi við sig sjálft. Kjara-

samningarnir þóttu óhemju lakir og var þungt hljóð í miðstjórnarfólki. Ályktun miðstjórnar þar sem almenningur á Íslandi var hvattur til að sniðganga félagið vegna framgöngu stjórnenda þess vakti mikla athygli og deilur. Í því efni veitti miðstjórni forseta afdráttarlausan stuðning. Í útværpsþætti þar sem hart var tekist á um málið sagðist forseti ASÍ fagna tilkomu Play en ólíðandi væri að félagið stundaði skipulögð félagsbrot á íslenskum vinnumarkaði.

Á fundi miðstjórnar 2. júní kom fram að kjarasamningur Play væri þannig tilkominn að tveir einstaklingar hefðu verið fengnir til að undirrita hann. Viðkomandi hefðu hvorki verið í stéttarfélaginu né starfsmenn Play.

Kópur

Kópur, meint stéttarfélag, kom ítrekað til umræðu á fundum miðstjórnar. Enginn vafi leikur á að þar er á ferð gult stéttarfélag.

Á fundi miðstjórnar 4. nóvember 2020 var fjallað um beiðni Kóps um inngöngu í ASÍ. Fram kom sú afstaða að ekki væri unnt að líta á Kóp sem raunverulegt stéttarfélag, m.a. sökum þess að það væri ekki með neina kjarasamninga í gildi, en það er skilgreiningin á stéttarfélagi. Jafnframt gæti framganga Kóps verið tilefni löggreglurannsóknar vegna fjárlógsstarfsemi þar sem Kópur innheimti iðgjöld á villandi forsendum.

Minnt var á að síðastliðið vor hefði yfirlýsing á íslensku, ensku og pólsku verið birt sökum framgöngu Kóps. Málefni Kóps komu til umræðu á fleiri fundum miðstjórnar og vöktu áhyggjur fregnir af framgöngu forráðamanna þess. Miðstjórni fól vinnumarkaðs-, atvinnumála- og jafnréttisnefnd ASÍ auk framkvæmdastjóra Eflingar, VR og SGS að taka til umfjöllunar málefni Kóps, meints stéttarfélags, og vinna tillögur um aðgerðir gagnvart starfsemi þess. Jafnframt var í apríl efnt til fundar með fulltrúum Vinnumálastofnunar og voru þeir upplýstir um vitneskju ASÍ um starfsemi Kóps.

Bláfugl

Enn ein tilraun til félagslegra undirboða í flugrekstri hér á landi var gerð í desember 2020 þegar flugfélagið Bláfugl með fulltingi SA sagði upp flugmönnum í miðri kjaradeilu með hótun um að „leita annarra leiða“ til að lækka launakostnað. Miðstjórni ASÍ brást hart við og minnti á að atvinnurekendum er óheimilt að reyna að hafa áhrif á vinnudeilur eða stéttarfélagsaðild með uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn en um það er skýrt kveðið á um í 4 gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Fram hefur komið að Bláfugl nýtir sér þjónustu starfsmannaleiga sem þrátt fyrir skýr ákvæði laga nr. 139/2005 hafa ekki skráð sig hér á landi og enga grein gert fyrir kjörum starfsmanna sinna sem eiga að vera þau sömu og kjarasamningar hér á landi mæla fyrir um.

Ótímabundið verkfall félagsmanna FÍA sem störfuðu hjá Bláfugli hófst 1.

febrúar, en flugfélagið hafði í nóvember ráðið tíu nýja flugmenn sem sjálfstætt starfandi verktaka og í desember sagt upp átta flugstjórum og tveimur flugmönnum sem höfðu starfað hjá féluginu. Í maí 2021 úrskurðaði Landsréttur að verkfallsaðgerðir Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) gegn Bláfugli væru lögmætar.

Önnur bylgja #metoo

Önnur bylgja #metoo var til umræðu á fundi miðstjórnar 19. maí. Tilefnið var ekki síst að í síðustu bylgju komu upp á yfirborðið fjölmargar sögur af kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi sem átti sér stað inni á vinnustöðum eða í tengslum við vinnu. Gripið var til ýmissa aðgerða og verkalýðshreyfingin stóð fyrir og tók þátt í umræðum og aðgerðum um vitundarvakningu, rannsóknir og þekkingu og verkferla.

Með vísan til þess að þolendur áreitni, ofbeldis og eineltis á vinnustöðum leita oft til stéttarfélaga eftir ráðum og stuðningi samþykkti miðstjórni að fela Vörðu - rannsóknastofnun vínumarkaðarins að gera könnun sem send verður stéttarfélögnum til að grennslast fyrir um umfang, eðli, meðhöndlun og lyktir einstaka mála sem rata inn til stéttarfélaganna. Sérstaklega verður skoðað hversu vel í stakk búin stéttarfélögum eru til að takast á við þessi mál sem oft eru vandasöm og flókin og með hvaða hætti væri hægt að styðja við þau.

Kolefnisfótspor verkalýðshreyfingarinnar

Miðstjón ræddi kolefnisfótspor verkalýðshreyfingarinnar á fundi í júní. Tilefnið var minnisblað frá umhverfis- og neytendanefnd þar sem m.a. er lagt til að aflað verði upplýsinga um kolefnisfótspor verkalýðshreyfingarinnar. Samstaða er um það innan nefndarinnar að móta þurfi stefnu ASÍ í umhverfis- og loftslagsmálum. Ljóst er talið að það muni taka tíma að bæði minnka fótspor hreyfingarinnar og kolefnisjafna það.

Miðstjórnarfólk lýsti yfir almennri ánægju með þetta framtak. Málið verður unnið áfram á vettvangi nefndarinnar.

1. maí í sjónvarpinu

Annað árið í röð gat íslenskt launafólk ekki safnast saman 1. maí til að leggja áherslu á kröfur sínar. Líkt og árið áður var brugðist við þessari stöðu með útsendingu frá sérstakri skemmti- og baráttusamkomu í ríkissjónvarpinu.

Í þættinum komu fram nokkrir af þekktustu tónlistarmönnum landsins auk annarra skemmtiatriða sem blandað var saman við hugleiðingar launafólks víða að af landinu. Pátturinn þótti takast sérlega vel og höfðu margir á orði að stefna bæri að því að bjóða landsmönnum á hverju ári upp á slíkan þátt auk hefðbundinna hátíðarhalda þegar veirufaraldurinn er genginn yfir.

Það er nóg til

Á baráttudegi verkalyðsins var einnig hleypt af stokkunum sérstöku átaki ASÍ sem miðar að því að halda á lofti hagsmunum launafólks og krefja stjórn-málamenn og -flokka um skýr svör í aðdraganda þingkosninga 25. september. Yfirschrift átaksins er Það er nóg til.

Átakið, sem var viðamikið og stóð fram að alþingiskosningum, hafði áður verið samþykkt í miðstjórn. Fulltrúar þar fengu kynningu á tímalínu verkefnisins og ríkti almenn ánægja með hana.

Ólíðandi einkavæðing velferðarþjónustu

Miðstjórn ræddi 29. apríl tilfærslu á verkefnum hjúkrunarheimila víða um land á undanliðnum mánuðum til ríkisins eða einkafyrirtækja. Fulltrúar voru sammála um að breytingin fæli í sér umfangsmikla einkavæðingu þessarar starfsemi sem væri ósættanlegt. Jafnframt lægi fyrir að þessi umskipti í rekstrinum myndu fela í sér mikla kjaraskerðingu fyrir láglunaafolk því fengju nýráðnir greitt samkvæmt lægstu töxtum Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu gæti munad allt að 48.000 krónum á mánuði í grunnlaunum.

Samþykkt var ályktun þar sem segir að einkavæðing velferðarþjónustu verði ekki liðin enda feli hún í sér kröfu um hagræðingu og komi niður á starfsfólk, skjólstaðingum og opinberum sjóðum þegar upp er staðið. Þá er því hardlega mótmælt að tilfærsla hjúkrunarheimila feli í sér kjaraskerðingu lægst launuðu stéttanna.

Lífeyrismál og samningsumboð miðstjórnar

Lífeyrismál og umboð miðstjórnar ASÍ til að semja um þau við Samtök atvinnulífsins voru á dagskrá fundar miðstjórnar 5. maí. Tilefnið var að Verkalyðsfélag Akraness hefur sent bréf með afturköllun umboðs til að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna Verkalyðsfélags Akraness er varða iðgjald í lífeyrissjóði og fyrirkomulag lífeyrisréttinda. Forseti ítrekaði fyrri ummæli þess efnis að enginn vafi leiki á að umboð ASÍ um kjarasamninginn sem ASÍ gerir við SA liggur hjá miðstjórn, samningurinn er virkur og undir friðarskyldu og verður ekki tekinn upp nema í gegnum ákvörðun miðstjórnar.

Blær hefur starfsemi

Miðstjórn samþykkti í febrúar að stofna undirbúningshóp til virkjunar leigu-félagsins Blævar. Upphaflega var ætlunin sú að hefja rekstur Blævar samhlíða rekstri Íbúðafélagsins Bjargs en það reyndist ekki unnt.

Hlutverk undirbúningshópsins var að nýta eldri og þróa nýjar tillögur um uppbyggingu húsnaðisleigufélags fyrir félaga innan ASÍ og BSRB án skilyrða

um tekjur leigjenda. Hópurinn skilaði frá sér minnisblaði í aprílmánuði.


Í júní var frá því skýrt á miðstjórnarfundi að lögfræðingar myndu senn ljúka við gerð samþykkta vegna leigufélagsins Blævar. Þá var upplýst að VR mun fjármagna fyrsta verkefni Blævar að fullu auk lóðar og hafa verið gerðir samningar þar um.

Kynjabókhald ASÍ 2020

Á fundi í desember 2020 voru helstu niðurstöður Kynjabókhalds ASÍ fyrir árið 2020 kynntar miðstjórnarfólki. Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttis- og umhverfismálum, sinnti þessu verkefni af elju í mörg ár og var þetta síðasta bókhaldsskýrsla hennar áður en hún létt af störfum.

Miðstjórn ASÍ var sögð hafa tekið á sig rögg og endurspeglar hún nú ágætlega hlutfall kynja innan ASÍ. Hið sama á við um ASÍ-UNG. Sömu þróunar hefur því miður ekki orðið vart í stjórnum aðildarfélaga og deilda. Þar er hlutfallið í stjórnum 31% konur en 69% karlar. Hlutfall kynja innan ASÍ er hins vegar 56% karlar og 44% konur. Þarna vantár verulega upp á að hlutur kvenna sé réttur. Lítill breyting hefur orðið á kynjahlutfalli á vettvangi ASÍ síðustu 10 ár, að miðstjórn frá taldri.

Fjörlegar umræður urðu um þennan dagskrárlið. Fullyrt var að á heildina lítið hefði ASÍ náð góðum árangri á sviði jafnréttismála. Stærstu félögin innan hreyfingarinnar hefðu náð réttu hlutfalli kynja í stjórnum sínum, þ.e. hlutfalli í samræmi við hlutfall félagsmanna. Erfitt væri fyrir félög sem nær eingöngu væru skipuð karlmönnum að ná slíku jafnvægi. Ekki væri unnt að breyta karla-stéttum; staðreynindin væri sú að karlmenn væru í miklum meirihluta t.a.m. í hópum sjómanna og iðnaðarmanna. Nefnt var að í einu félagi væru um 4.000 félagar en aðeins eitt prósent þeirra væri konur. Fram kom vilji til meiri jöfnunar kynjahlutfalla og kváðust margir fundarmanna markvisst leita til kvenna þegar kæmi að skipun í ráð og nefndir.



Ályktanir miðstjórnar ASÍ

Ályktun miðstjórnar ASÍ um afkomuöryggi, 4. nóvember 2020

Miðstjórn Alþýðusambandsins styður kröfу Öryrkjabandalags Íslands um að endurhæfingar- og örorkulífeyrir verði hækkaður svo að hann fylgi kjarasamningsbundnum taxtahækkunum. Ekki er hægt að samþykkja að stórum hópi fólks sem býr við skerta starfgetu sé haldið í fátækt. Slíkt er ekki sæmandi á landi sem kennir sig við velferð og jöfnuð. Einnig er mikilvægt að samstundis verði dregið úr skerðingum í örorkulífeyriskerfinu svo að fólk með skerta starfgetu eigi möguleika á því að vera á vinnumarkaði og bæta kjör sín með launaðri vinnu.

Allt fólk á rétt á að lifa frjálst undan efnislegum skorti. Fólk með örorku, fjölskyldur þeirra og börn hafa þurft að bíða allt of lengi eftir réttlæti. Miðstjórn ASÍ krefst þess að stjórnvöld axli pólitíská ábyrgð og mæti kröfum ÖBÍ af sanngirni og skilningi.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um skýrslu OECD um samkeppnismat á regluverki á sviðum byggingarstarfsemi og ferðaþjónustu á Íslandi, 18. nóvember 2020

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir furðu á þeim tillögum um

skerðingar á kjörum og réttindum launafólks sem er að finna í nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) um samkeppnismat á regluverki á sviðum byggingarstarfsemi og ferðaþjónustu á Íslandi. Tillögurnar hljóma sem bergmál frá liðinni öld og eru lítt dulbúin viðleitni til að grafa undan velferðarríkinu í þágu atvinnurekenda og auðmagns.

Miðstjórn ASÍ telur það ámælisvert að íslensk stjórnvöld hafi árið 2019 gert samning við OECD um „framkvæmd á sjálfstæðu samkeppnismati á því regluverki sem gildir á sviðum byggingarstarfsemi og ferðaþjónustu á Íslandi“. Sú ákvörðun að birta tillögur þessar nú þegar alvarlegasta efnahag-skreppa í manna minnum ríður yfir með gríðarlegu atvinnuleysi er sem blaut tuska framan í launafólk í landinu. Ekki er ljóst hvort dómgreindarbrestur fremur en óskammfeilni ræður þar fór.

Miðstjórn ASÍ lýsir yfir eindreginni andstöðu við tillögur OECD þess efnis að feld verði niður lögverndun tiltekina starfsgreina og að hark-hagkerfið verði innleitt á Íslandi á sviði leigubíflareksturs. Hörmulegar afleiðingar hark-hagkerfisins eru vel þekktar í nágrannaríkjjunum þar sem grafið er undan öryggi og þjónustu við neytendur, lækkun kostnaðar við þjónustu er alls ekki í hendi og vinnandi fólk býr við algert öryggisleysi.

Miðstjórn ASÍ leggur áherslu á að hvergi verði vikið frá reglum um lágmargmarksgæði bygginga og aðgengi fyrir alla. Tillögur OECD á sviði byggingar-iðnaðar miðast allar við hagsmuni verktaka og óráðlegt er að ganga að því sem vísu að lækkun byggingarkostnaðar komi íslensku launafólk til góða.

Miðstjórn ASÍ varar launafólk og landsmenn alla við tillögum OECD um breytt eignarhald á rekstri Keflavíkurflugvallar. Reynslan kennir að slíkar breytingar eru ekki gerðar í nafni almannahagsmunu enda er markmiðið jafnan að hleypa útvöldum og innmúruðum að almannagæðum í nafni „samkeppnishæfni“ og „hagræðingar“.

Miðstjórn ASÍ áréttar varðstöðu um velferð og réttindi launafólks. Tillögur OECD eru til marks um hversu mjög fjármagnsöflunum er umhugað um að efna til „kapphlaups á botninn“ undir yfirskini „arðsemi“ og „samkeppnishæfni“ á kostnað launafólks. Telji íslensk stjórnvöld og atvinnurekendur að tillögur OECD endurspegli á einhværn veg afstöðu landsmanna til atvinnumála í ljósi reynslu af COVID-faraldrinum og þeim erfiðleikum sem honum fylgja eru þeir hinir sömu í furðu litlu sambandi við umhverfi sitt og samtíma. Almenningur á Íslandi gerir sér vitanlega ljóst að efnahagsþrengingar vegna COVID-faraldursins verða ekki linaðar með því að grafa undan afkomuöryggi og réttindum fólk og að þörf er fyrir samstöðu frekar en tillögur sem miða að því að sundra og veikja stoðir velferðar.

Miðstjórni ASÍ krefst þess að lækkun vaxta skili sér til almennings, 18. nóvember 2020

Miðstjórni ASÍ mótmælir harðlega lækkun vaxtaálags banka og krefst þess að fjármálastofnanir skili vaxtalækkunum og lægri bankasköttum til neytenda.

Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði 2019, Lífskjarasamningunum, var samið um launahækkanir þar sem einkum var hugað að lægstu launum. Samið var um krónutöluhækkanir með það að markmiði að tryggja efnahagslega velseld og aukna verðmætasköpun, bæta lífskjör almennings í landinu og skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta.

Í kjölfar kjarasamninganna vorið 2019 skapaðist svigrúm til lækkunar vaxta eins og til stóð. Vaxtalækkanir hafa gengið eftir en meginvestir Seðlabanka Íslands eru nú 0,75% og hafa lækkað um 3,75 prósentustig frá byrjun síðasta árs. Fyrir komu kórónuveirunnar til landsins lækkuðu meginvestir Seðlabanka Íslands um 1,75 prósentustig, niður í 2,75%.

Pví til viðbótar hafa stjórnvöld forgangsraðað þannig að bankaskattur verði lækkaður. Meginrökin fyrir lækkun skattssins eru þau að hann leiði til hærri vaxta til heimilanna. Með lagasetningu er unnið að lækkun bankaskatts sem nemur 7,7 milljörðum króna í fjórum þrepum á árunum 2020–2023 og ákveðið var að flýta þessari lækkun vegna Covid-19.

Pað skýtur því skökku við að bankarnir ákveði við þessar aðstæður að hækka vaxtaálag. Gengur sú aðgerð þvert gegn markmiðum Lífskjarasamningsins og vinnur beinlínis gegn viðspyrnu í kjölfar COVID-kreppunnar. Með þessu taka bankarnir til síн stóran hlut af lækkun vaxta og axla ekki ábyrgð á erfiðum tínum. Á sama tíma eru bankarnir að auka hagnað sinn og eigið fé á kostnað heimila og fyrirtækja í landinu.

Miðstjórni ASÍ krefst þess að lækkun vaxta skili sér til almennings og að bankar hverfi frá áformum um hækku vaxtaálags þegar í stað. Að öðrum kosti þarf að endurskoða nálgun stjórnvalda og hverfa frá áformum um lækkun bankaskatts en beita heldur öðrum aðferðum við að tryggja lága vexti til almennings.

Alþýðusamband Íslands tekur undir kröfу Landssambands eldri borgara, 16. desember 2020

Miðstjórni ASÍ tekur undir gagnrýni Landssambands eldri borgara (LEB) á 3,6% hækku ellilífeyris og telur að sú hækku gangi gegn markmiðum kjarasamninganna síðasta vor um bætta stöðu hinna tekjulægstu og gegn því markmiði að verja lífskjör í kófinu. Verðbólga mælist 3,5% um þessar mundir og verð á dagvöru hefur hækkað um 7,4% milli ára.

Alþýðusamband Íslands benti á nauðsyn þess í umsögn sinni um fjár-

lagafrumvarpið að lífeyrir og atvinnuleysistryggingar tækju sömu hækkunum og laun samkvæmt kjarasamningum. Með því að nota viðmið um meðaltaxtaþróun gengur fjármála- og efnahagsráðuneytið gegn markmiðum kjarasamninganna sem byggðu á því að brýn þörf væri að rétta stöðu hinna tekjulægstu í samfélagini. Sú þörf er ekki síðri hjá atvinnulausum, öryrkjum og eldri borgurum sem til viðbótar við þrónga fjárhagsstöðu horfast nú í augu við hratt hækkandi verð á matvöru og öðrum innflutnum nauðsynjavörum. Stuðningur við hina tekjulægstu hefur jákvæð efnahagsleg áhrif og mun skila sér í aukinni neyslu.

Miðstjórn ASÍ tekur undir eftirfarandi ályktun stjórnar LEB:

„Stjórn LEB mótmælir harðlega að ellilífeyrir hækki aðeins um 3,6% í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021. Það er skýlaus krafa LEB að ellilífeyrir hækki um 15.750 kr. vegna ársins 2021 eins og aðrir fá. Eldri borgarar hafa ekki samningsrétt og verða að treysta að Alþingi fari að lögum við ákvörðun um hækkun ellilífeyris og tryggi sambærilegar hækkanir.“

Ályktun miðstjórnar ASÍ um sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka, 20. janúar 2021

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega áformum um sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka við þær óvissuaðstæður sem eru uppi. Miðstjórn ASÍ gagnrýnir þann flýti sem einkennir ferlið og telur ekki hafa verið færðar fram fullnægjandi röksemadir fyrir sölunni. Mikilvægt er að ríkið, fyrir hönd almennings, sé með aðkomu að fjármálamarkeði og haldi uppi samfélagslegum sjónarmiðum við endurreisn efnahagslífsins. Sérstaklega þarf að gæta að hagsmunum lántakenda sem margir ganga í gegnum tímabundna erfiðleika vegna COVID-kreppunnar. Einnig leikur vafi á hversu stóran hlut ríkið ætlar sér að selja og stjórvöld hafa ekki útskýrt hvað þau telja ásættanlegt verð.

Sérfræðingahópur verkalýðshreyfingarinnar um efnahagsleg áhrif COVID-faraldursins birti föstudaginn 15. janúar 2021 greinargerð um áformaða sölu Íslandsbanka. Niðurstaða hópsins var að röksemadir skorti fyrir þeirri ákvörðun að hefja sölu bankans nú. Óvist sé hvort salan myndi auka samkeppni á fjármálamarkeði og númerandi tímapunktur sé ekki ákjósanlegur í ljósi efnahagslegrar óvissu.

Miðstjórn ASÍ hafnar því að selja þurfi hlut ríkisins til að bæta stöðu ríkissjóðs eða fjármagna fjárfestingar í samfélagslegum innviðum. Nýlegar skattalækkanir á fjármagnseigendur benda ekki til þess að ríkisstjórnin hafi þungar áhyggjur af afkomu ríkissjóðs. Ákall um sölu á banka kemur ekki frá almenningi sem að miklum meirihluta er mótfallinn slíkri sölu og jákvæður í garð ríkisins sem eiganda banka.

Miðstjórni ASÍ fordæmir félagsleg undirboð og krefur

Vinnumálastofnun um aðgerðir, 20. janúar 2021

Alþýðusamband Íslands fordæmir enn eina tilraunina til félagslegra undirboða í flugrekstri hér á landi. Nú er það Bláfugl með fulltingi SA sem hefur sagt upp flugmönnum í miðri kjaradeilu með hótun um að „leita annarra leiða“ til að lækka launakostnað. Með slíkri framgöngu er vegið að grundvallarréttindum stéttarfélaga og þar með öllu launafólk í Íslandi. Atvinnurekendum er óheimilt að reyna að hafa áhrif á vinnudeilur eða stéttarfélagsaðild með uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn en um það er skýrt kveðið á um í 4 gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Fram hefur komið að Bláfugl nýtir sér þjónustu starfsmannaleiga sem þrátt fyrir skýr ákvæði laga nr. 139/2005 hafa ekki skráð sig hér á landi og enga grein gert fyrir kjörum starfsmanna sinna sem eiga að vera þau sömu og kjarasamningar hér á landi mæla fyrir um. Bláfugli er ekki heimilt að eiga viðskipti við starfsmannaleigur sem ekki sinna lögbundnum skyldum sínum og ASÍ skorar á Vinnumálastofnun að rísa undir hlutverki sínu og nota allar þær heimildir sem hún hefur til þess að tryggja að ekki séu stunduð félagsleg undirboð og lögþrótt á íslenskum vinnumarkaði.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um opnari landamæri, 17. mars 2021

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands varar við áformum um opnari landamæri meðan bólusetningar hafa ekki náð þeim markmiðum sem að er stefnt. Ávinningurinn af þeim áformum er óljós. Horfa ber til þess að smit eru enn afar útbreidd í fjölmörgum löndum heims og þar á meðal eru nýrri afbrigði af veirunni sem enn er takmörkuð þekking á. Það er til mikils að vinna fyrir samfélagið á Íslandi að fólk sé frjálst ferða sinna innanlands í sumar og geti notið sumarleyfa og samvista án hertra aðgerða. Hætt er við að ferðaþjónustan og tengdar greinar geti borið meiri skaða af en ella ef opnunin verður til þess að grípa þurfi til harðari sóttvarnaraðgerða innalands.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um ábyrgð ríkisins á kjörum starfsfólks hjúkrunarheimila, 21. apríl 2021

Tilfærsla á verkefnum hjúkrunarheimila víða á landsbyggðinni síðustu mánuði til ríkisins eða einkarekinna fyrirtækja hefur opinberað verulegan launamun innan starfsgreina sem starfa við aðhlynningu. Töluverður árangur hefur náðst í samningum við sveitarfélög og stofnanir síðustu ár víða um land en sá árangur er í hættu. Við breytingar á rekstri er greinilega ætlunin að miða við lægstu mögulega taxta á höfuðborgarsvæðinu við nýráðningar og getur þar munað allt að 48.000 krónum í grunnlaunum. Krafan er að hækka laun þeirra lægst launuðu en ekki að fáera aðra niður í launum.

Einkavæðing velferðarþjónustu verður ekki liðin enda felur hún í sér kröfu um hagræðingu og hefur ítrekað sýnt sig að einkavæðing grunnstoða kemur niður á starfsfólk, skjólstæðingum og opinberum sjóðum þegar upp er staðið.

ASÍ mótmælir því harðlega að tilfærsla hjúkrunarheimila feli í sér kjaraskerðingu lægst launuðu stéttanna sem hafa barist fyrir sínum kjörum í áratugi. Daggjöld hjúkrunarheimila eru of lág og fela beinlínis í sér hvata til að greiða lægstu hugsanlegu laun. Það er því á ábyrgð ríksins að tryggja að laun haldist og greidd séu sömu laun fyrir sömu störf óháð búsetu.

Ályktun miðstjórnar ASÍ til stuðnings Palestínu, 19. maí 2021

Miðstjór Alþýðusambands Íslands krefst þess að íslensk stjórnvöld bregðist af fullum þunga við linnulausum árásum Ísraelshers á Palestínu. Miðstjórn tekur undir með félaginu Ísland-Palestína og fer fram á að íslensk stjórnvöld beiti hnitmiðuðum viðskiptaþvingunum gegn Ísrael þar til árásir á Palestínu hafa verið stöðvaðar og þjóðernishreinsunum hætt.

Íslensk stjórnvöld hafa viðurkennt sjálfstæði Palestínu og aðgerðir verða að fylgja slfkri viðurkenningu. Miðstjórn ASÍ lýsir yfir fullum stuðningi við sjálfstæði Palestínu og telur að viðskiptaþvinganir eigi að vera í gildi þar til hernámi er lokið og tilvist Palestínu að fullu viðurkennd.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um undirboð Play, 19. maí 2021

Flugfélagið Play ætlar að bjóða lægri flugfargjöld með því að greiða starfsfólk sínu lægri laun en þekkist á íslenskum vinnumarkaði. Grunnlaunin eru töluvert undir grunn atvinnuleysisbótum. Sá samningur sem Play hefur skilað til ríkissáttasemjara er óundirritaður og ekki ljóst hvernig hann er til kominn. Þó er ljóst að hann var gerður áður en hafist var handa við að ráða inn flugfreyjur og -þjóna og enn fremur er ljóst að Play fjármagnar stéttarfélagið (IFF) sem gerir þennan samning. Það er því með engu móti hægt að segja að Play fari eftir hefðum og reglum á íslenskum vinnumarkaði og með því að neita að gera kjarasamning við Flugfreyjufélag Íslands seigir félagið sig úr samfélagi hins skipulagða vinnumarkaðar. Við það verður ekki unað og er félagið að boða til ófriðar og deilna um ófyrirsjánlega framtíð ef ekki verður gengið til raunverulegra kjarasamningsviðræðna við félag sem sannanlega er skipulagt af þeim sem eiga að vinna samkvæmt kjarasamningnum.

Í samningi Play við IFF, sem óljóst er af hverjum er undirritaður, eru lægstu laun 266.500 krónur. Til samanburðar eru lægstu laun flugfreyja og -þjóna hjá Icelandair 307.000, atvinnuleysisbætur eru 307.430 krónur og lægsti taxti verkafólks er 331.735 krónur. Flugtímar innifaldir í grunn-

launum eru fleiri hjá Play en hjá Icelandair, greiddir yfirvinnutímar færri, greiðslur í lífeyrissjóð eru lægri, dagpenningar lægri og sömuleiðis bifreiðastyrkur og desemberuppbót svo eitthvað sé nefnt. Í samningnum er ekki kveðið á um framlög til starfsendurhæfingar, í orlofssjóð, starfsmenntasjóð eða sjúkrasjóð og ekki gert ráð fyrir launagreiðslum vegna veikinda barna.

Allar stoðir í kjaraumhverfi launafólks á Íslandi eru virtar að vettugi.

Alþýðusamband Íslands krefst þess að Play gangi til kjaraviðræðna við raunverulegt stéttarfélag flugfreyja og -þjóna á Íslandi – Flugfreyjufélag Íslands – og ætlast jafnframt til þess að Samtök atvinnulífsins, sem Play er hluti af, beiti sér fyrir raunverulegum kjarasamningi.

Alþýðusamband Íslands hvetur landsmenn til að sniðganga félagið þang-að til það hefur sýnt að það ætli að vera hluti af íslenskum vinnumarkaði og bjóða starfsfólki sínu kaup og kjör sem gilda hér á landi.

Alþýðusamband Íslands hvetur lífeyrissjóði og aðra fjárfesta að sniðganga félagið sömuleiðis en félagið hefur reynt að gera sig gildandi gagnvart fjárfestum með því að stæra sig af óboðlegum launakjörum.

Alþýðusambandið telur vafa vera um lögmæti þess samnings sem Play vísar til sem kjarasamnings og mun beita þeim úrræðum sem tæk eru samkvæmt lögum nr. 80/1938 til þess að verja grunnréttindi launafólks á Íslandi og knýja á um kjarasamning.

Ályktun miðstjórnar ASÍ þar sem stýrivaxta hækjun Seðlabankans er mótmælt, 19. maí 2021

Seðlabanki Íslands tilkynnti í morgun um 0,25 prósentu hækjun stýrivaxta og eru meginvextir bankans nú 1%. Pótt farið sé að rofa til í efnahagslífinu mælist atvinnuleysi enn yfir 10% og fjöldi heimila hefur orðið fyrir verulegu tekjufalli. Verðbólga hefur farið vaxandi en aukning verðbólgu skýrist að stærstum hluta af veikingu á gengi krónunnar, hækjun á hrávöruverði og mikilli hækjun húsnæðisverðs. Enn eru miklar takmarkanir á atvinnumöguleikum atvinnulausra og fjölmörg fyrirtæki glíma við rekstrarferfiðleika vegna sóttvarnarráðstafana. Miðstjórni ASÍ mótmælir hækjun vaxta í slíku efnahagsástandi og telur það geta haft neikvæð áhrif á hag heimila og fyrirtækja og hægt á bata á vinnumarkaði og þar með í samfélaginu öllu. ASÍ hefur ítrekað bent á mikilvægi þess að sýna þolinmæði og þrautseigju á meðan tekist er á við heimsfaraldurinn og efnahagslegar afleiðingar hans. Í miðjum storminum er mikilvægast að tryggja afkomu fólks og efnahagslega virkni. Hækjun stýrivaxta getur gengið gegn því markmiði og getur enn fremur ýtt undir verðbólgu fremur en að draga úr henni.

Vaxta hækjun er ekki eina leiðin til að takast á við vaxandi verðbólgu,

ekki síst í ljósi þess hversu stórt hlutverk hækkan á húsnæðiverði gæti leikið. Minnt er á að Seðlabankinn hefur önnur tæki til að grípa inn á húsnæðismarkaði og hefur ekki fullnýtt þær heimildir. Seðlabankinn og stjórnvöld geta jafnframt gripið til margvíslegra aðgerða til að draga úr þrýstingi á verðbólgu fremur en úreltra aðferða sem geta verið skaðlegri til lengri tíma litið. Þá þarf að skoða aðgerðir til að draga úr spákaupmennsku og gróðabréaski á húsnæðismarkaði, til dæmis með strangari lánaþilyrðum gagnvart kaupendum sem eiga fleiri en eina eign.

Miðstjórn ASÍ áréttar einnig að nú verður horft til viðbragða banka og fjármálastofnana sem hafa ratað í fréttir að undanförnu vegna milljarða hagnaðar. Miðstjórn hefur áður gagnrýnt hækkan vaxtaálags samhliða vaxtalækkun þar sem bankarnir tóku til sín hluta af vaxtalækkun Seðlabankans.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um meiðandi umræðu um atvinnuleitendur, 2. júní 2021

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands harmar sleggjudóma í opinberri umræðu um málefni atvinnuleitenda. Sú umræða er ekki studd gögnum og er úr hófi fram neikvæð og einhliða. Miðstjórn varar við því að ýtt sé undir fordóma í umfjöllun um vanda þeirra sem glíma við atvinnuleysi.

Miðstjórn ASÍ vísar til fullyrðinga nokkurra atvinnurekenda sem birst hafa í tilteknum fjölmíðlum síðustu daga og rætt um meint áhugaleysi atvinnuleitenda um að þiggja boð um vinnu. Látið er að því liggja að atvinnuleysisbætur séu nú svo háar að þær letji fólk til að taka þau störf sem í boði eru.

Miðstjórnin minnir á að atvinnuleysi er í sögulegu hámarki. Þau dæmi sem hafa verið nefnd og fjölmíðlar hafa gert að fréttæfni heyra til undantekninga og ekki hafa komið fram fullnægjandi skýringar á þeim, hvorki af hálfu atvinnurekenda né Vinnumálastofnunar. Átakið Hefjum störf hefur nú þegar skilað miklum árangri og fjöldi fólks þegið vinnu á þeim grundvelli. Tal um að atvinnuleysisbætur séu úr hófi fram háar í landinu stenst enga skoðun. Grunnbætur nema 88% af lágmarkstekjutryggingu en á árunum 2006–2010 var það hlutfall á bilinu 90–100%. Tekjufall atvinnulausra í COVID-kreppuni er að jafnaði 37% og því augljóst að fólk gerir það ekki að gamni sínu að hafna vinnu.

Miðstjórn ASÍ vekur athygli á því að aðflutt verkafólk er í meirihluta þeirra sem nú eru án atvinnu og varar við fordóum í garð þessa hóps sem auðveldlega má lesa úr orðum þeirra atvinnurekenda sem fram hafa komið í fjölmíðlum. Forkastanlegt er að veitast með þessum hætti að fólk í sérlega erfíðri og viðkvæmri stöðu.

Miðstjórn ASÍ vekur athygli á skýrum merkjum þess að einstaka atvinnurekendur hyggist hefja rekstur á ný með því að þrýsta niður launum starfsfólks. Miðstjórnin krefst þess að ferðaþjónusta verði ekki endurreist á grundvelli lakari kjara og starfsumhverfis en áður.

Miðstjórn ASÍ minnir á að þeir atvinnurekendur sem nú veitast að atvinnuleitendum hafa um margra mánaða skeið notið margvíslegra opinbera styrkja. Þeir hinir sömu geta nú að auki ráðið starfsfólk með beinum stuðningi. Með öðrum orðum er það almenningur á Íslandi sem haldið hefur fyrirtækjum atvinnurekenda á lífi.

Miðstjórn ASÍ hvetur atvinnurekendur og fjöldi til að láta af neikvæðri og beinlínis fordómafullri umfjöllun um atvinnuleitendur. Góðar og gildar ástæður geta verið fyrir því að atvinnuleitandi geti ekki þegið tiltekið starf. Með því að einblína á undantekningar sem kunna að eiga við færri en 2% atvinnuleitenda er dregin upp röng og meiðandi mynd af þeim þúsundum manna sem leita vinnu á Íslandi og hafa loks fengið von um að brátt taki við betri tíð.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um heilbrigðismál, 1. september 2021

Fjárframlög til heilbrigðisþjónustu hafa ekki haldist í hendur við aukna þörf vegna hækkandi lífaldurs, fjölgunar ferðamanna og fjölbreyttari þarfa almennings. Heilbrigðiskerfið tók þungan skell eftir bankahrundi og hafði fram að því sætt miklum aðhalds- og hagræðingarkröfum. Fjárframlög til heilbrigðismála miðað við mannfjölda hafa aðeins nýlega orðið sambærileg því sem var fyrir hrun. Frá árinu 2001 hafa framlög til Landspítalans aukist um 11,5% á meðan fjármagnsþörfin hefur aukist um 38% með tilliti til aukinna útgjalda. Uppbygging heilbrigðisþjónustunnar er því rétt að hefjast.

Viðvarandi fjárskortur hefur dregið úr trausti á heilbrigðiskerfinu. Petta hefur búið til farveg fyrir aukinn skriðbunga þeirra sem aðhyllast hugmyndafræði einkareksturs, þrátt fyrir að yfirgnæfandi meirihlutí Íslendinga vilji að hið opinbera eigi og reki heilbrigðisþjónustuna. Á Íslandi er löng hefð fyrir því að óhagnaðardrífin félög reki hluta heilbrigðisþjónustunnar en það gegnir öðru máli þegar um arðdrífin „viðskipti“ er að ræða þar sem fjármagnseigendur sjá tækifæri til að ávaxta sitt pund í gegnum „rekstur“ sem fjármagnaður er af hinu opinbera. Eftir því sem auður vex og safnast á færri hendur, vex þrýstingur fjármagnseigenda til innreiðar í velferðarkerfi sem fjármögnað eru af hinu opinbera. Markaðsdrífin heilbrigðiskerfi eru dýrar fyrir skattgreiðendur og kostnaði er haldið í lágmarki með lakari launum og meiri greiðsluþátttuðu sjúklinga. Á sama tíma er auðvelt að sýna fram á aukna „framleiðni“ með oflækningum, undirmönnun eða færibandavinnu í umönnun.

Farsælustu heilbrigðiskerfin og þau sem eru best í stakk búin til að gæta jöfnuðar og mæta óvæntum áföllum, svo sem stórslysum, náttúruhamförum og heimsfaröldrum, eru kerfi sem byggjast á samfélagslegri hugsun frekar en grðahugsun. Ójöfnuður í heilsu er viðvarandi verkefni sem verður einungis mætt með skilvirku opinberu kerfi með jöfnu aðgengi allra. Nú þegar hafa tekjur og búseta fólks áhrif á möguleika til að leita sér heilbrigðispjónustu og við slíkt verður ekki unað.

Ef þörf fyrir uppbygginu innviða og aukna þjónustu er ekki mætt með viðeigandi fjármögnun er hætt við að heilsufari þjóðarinnar haldi áfram að hraka og að ójöfnuður í heilsu haldi áfram að aukast. Áframhaldandi einkavæðing kerfisins myndi fela í sér samskonar hættu, auk meiri kostnaðar og minni árangurs til lengri tíma. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands geldur varhug við arðvæðingu heilbrigðispjónustunnar og skorar á stjórnmálflokkja sem bjóða fram til Alþingis að tjá sig með skýrum hætti gegn slíkum hugmyndum og fyrir uppbyggingu öflugs, opinbers heilbrigðiskerfis – sem þjónar okkur öllum.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um stuðning við sjómenn í kjaradeilu þeirra, 15. september 2021

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) lýsir yfir fullum stuðningi við sjómenn í kjaraviðræðum þeirra við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Framganga útgerðarinnar í viðræðum við sjómenn vekur furðu og er með öllu óásættanleg.

Pann 6. september slitu sjómenn kjaraviðræðum við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi hjá ríkissáttasemjara. Sýnt var að vilji stórútgerðarinnar til að finna lausn á kjaradeilunni var ekki fyrir hendi. Sérhverri tillögu sjómanna var svarað með gagntilboðum sem voru með öllu óaðgengileg.

Steininnt tók úr þegar útgerðin lýsti sig ekki tilbúna til að auka framlag í lífeyrissjóð nema sá kostnaður yrði að fullu bættur með skertum kjörum sjómanna. Minnt skal á að krafan um aukið framlag í lífeyrissjóð felur það eitt í sér að sjómenn njóti þess sama og samið hefur verið um við aðra hópa.

Vart getur það talist undrunarefni að sjómenn neiti að taka á sig meiri kostnað en ávinnungur þeirra yrði með undirritun samningsins.

Sjómenn hafa nú verið samningslausir í 19 mánuði. Miðstjórn ASÍ telur þá stöðu mála ólíðandi og krefst þess að Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi láti af þvermóðsku og óbilgirni í viðræðum við sjómenn. Álögur á sjávarútveginn eru ekki slíkar að sú framganga geti með nokkru móti talist réttlætanleg, hvað þá eðlileg.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um hugmyndafræði réttlátra umskipta og orkuskipti í sjávarútvegi, 15. september 2021

Miðstjórn Alþýðusambands Ísland leggur þunga áherslu á að hugmyndafræði réttlátra umskipta sé höfð að leiðarljósi við útfærslu og framkvæmd aðgerða í loftslagsmálum. Því mótmælir miðstjórn þeim áformum stjórnvalda að velta kostnaði við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í sjávarútvegi yfir á ríkissjóð og þar með almenning á Íslandi.

Réttlát umskipti fela í sér að aðgerðir í loftslagsmálum byggi á réttlæti og stuðli að jöfnuði og að þeim tækifærum og byrðum sem umskiptin fela í sér, sé skipt með sanngjörnum hætti. Áhrif af loftslagsbreytingum og af aðgerðum til að stemma stigu við þeim eru misjöfn eftir því um hvaða hópa samfélagsins ræðir. Útfærsla og framkvæmd aðgerða stjórnvalda ræður mestu um hvaða áhrif breytingarnar munu hafa á velferð, jöfnuð og lífskjör.

Pann 10. júní kom út skýrsla starfshóps fjármála- og efnahagsráðherra um græn skref í sjávarútvegi þar sem m.a. er að finna tillögur að leiðum til að draga úr losun frá sjávarútvegi. Tillögurnar fela einkum í sér beitingu hagrænna hvata, í formi skattalegra ívlnana, styrkja og fjárfestingar, til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í sjávarútvegi.

Á sama tíma og stjórnvöld áfórum að beita fjárhagslegum hvötum til að auðvelda sjávarútveginum að draga úr losun felast aðgerðir stjórnvalda gagnvart almenningi einkum í íþyngjandi aðgerðum svo sem álögum í formi kolefnisgjalds. Talsmenn sjávarútvegsins hafa ítrekað fullyrt að kolefnisgjald sé óhóflegt og leggist þungt á fyrirtækin. Sama málflutningi er halddið uppi um nauðsyn þess að veiðigjöld haldist lág með þeim rökum að ella geti greinin ekki staðið undir fjárfestingu sem sé m.a. nauðsynleg til að sjávarútvegurinn geti dregið úr olíunotkun og minnkað sótspor greinarinnar.

Sjávarútvegurinn skilar gríðarlegum hagnaði á ári hverju. Á sama tíma nýtur greinin mikils ávinnings af lágum veiðigjöldum (greiðslur í formi veiðigjalda námu 4.9 milljörðum árið 2020) og öðrum aðgerðum stjórnvalda, t.a.m. lækkun tryggingagjalds til að auðvelda fyrirtækjum að mæta hækkuðu mótframlagi í lífeyrissjóð sem samið var um árið 2016.

Sjávarútvegurinn ætti því að hafa bolmagn til að standa straum af kostnaði sem fylgir því að fjárfesta í grænum lausnum til að draga úr eldsneytisnotkun. Par að auki hefur sjávarútvegurinn mikilla hagsmuna að gaeta við draga úr losun því súrnun sjávar er hráðari í nágrenni Íslands en víðast hvar annars staðar og líklegt er að áhrif hennar komi fyrr fram hér á landi en að jafnaði í heimshöfunum.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands styður markmið stjórnvalda um samdrátt í útlosun gróðurhúsalofttegunda en mótmælir því að enn á ný séu

uppi áform um að tryggja sjávarútveginum sérkjör á kostnað almennings í landinu. Til að sátt ríki um aðgerðir í loftslagsmálum verða þær að vera réttlátar og stuðla að jöfnuði og velferð. Hið sama á við um nýtingu á sam-eiginlegri auðlind þjóðarinnar og þann hagnað sem hún skapar.





„Pað er nóg til“

Í aðdraganda alþingiskosningana 25. september 2021 réðst Alþýðusambandið í sérstakt átok til að koma áherslumálum sínum vegna alþingiskosninganna á framfæri. Hallur Helgason var ráðinn í stöðu verkefnastjóra fyrir átakið frá 1. mars til loka september.

Á fundi sínum þann 17. mars samþykkti miðstjórn ASÍ tillögu Halls að yfirskrift fyrir 1. maí 2021 sem jafnframt yrði notuð fyrir átaksverkefnið vegna kosninganna; „Pað er nóg til“. Mánuði síðar, hinn 21. apríl, samþykkti miðstjórn svo skjal undir sömu yfirskrift þar sem áhersluatriði vegna kosninganna voru tíunduð. Jafnframtað var kynnt tímálfna til viðmiðunar fyrir þær aðgerðir sem hrinda ætti í framkvæmd.

Samkomutakmarkanir sem settar voru á vegna Covid faraldursins urðu til að riðla fundahaldi stjórnmálauflokka á vormánuðum, landsfundum og þingum sem fyrirhuguð voru var frestað. Að auki frestaði ASÍ þinghaldi sem vera átti í maí fram í september og endaði á að aflýsa því alfaríð um miðbik ágústmánaðar vegna ástandsins. Covid fárið ásamt því að í lok mars hófst eldgos á Reykjanesi tók nánast alla athygli landsmanna og fyllti upp í þörf fyrir umræðuefni um skeið. Þeir atburðir auk áðurnefndra frestana ollu því að stjórnmálaumræðan var með öðru sniði en búast mátti við og innlend stjórnmal varla á dagskrá nema hvað varðaði viðbrögð hins opinbera við þessum vám.

Það er nóg til - tímalína





Alþýðusambandið brást við þessu með því að halda blaðamannafund um áherslur sínar vegna þingkosninganna 3. maí og í kjölfarið var ákveðið að setja strax í framkvæmd hugmynd um röð beinna sjónvarpsútsendinga þar sem Drífa Snædal, forseti ASÍ, fékk forystufólk stjórnmálasamtaka í viðtal eitt og eitt í einu. Pessum viðtölum var streymt beint samtímis á Facebook-síðu samtakanna og á vísir.is þar sem þau eru aðgengileg áfram. Upptökurnar af þessum samtölum fengu mikil uppsafnað áhorf en að auki varð sá ávinningur af framtakinu, að athygli forystufólks í stjórnmálum og samstarfsfólks þeirra á áherslum ASÍ var rækilega vakin. Þess mátti strax sjá merki í opinberum skrifum og ummælum.

Áherslunum hefur verið fylgt eftir með auglysingum, greinaskrifum og framleiðslu efnis fyrir hlaðvarp og net. Haldið var málþing um heilbrigðismál og pallborðsumræður með formönnum stjórnmálahreyfinganna í beinu streymi frá Hótel Nordica.

„Samtal við flokkana“, viðtöl Drífu við forystufólk stjórnmálaflokkanna, má sjá á Youtube rás ASÍ en hlekk á hana er að finna á asi.is.

Á heimasiðunni er einnig hlekkur á hlaðvarp ASÍ. Undir yfirskriftinni „Það er nóg til“ er að finna viðtöl starfsmanna samtakanna við fólk með innsýn í málefnum og stöðuna í stjórnþáunum.

Áherslur ASÍ fyrir alþingiskosningarnar 2021

„Það er nóg til“ er orðatiltæki sem flestir Íslendingar þekkja og nota gjarnan þegar gest ber að garði. Fólk er boðið að njóta veitinga með viðkvæðinu „fáðu þér, það er nóg til“. En undirliggjandi meining er ekki síður „ekki vera feimin við að fá ykkur, við viljum deila með ykkur“.

Jafnvel þegar þú heldur að ekki sé nóg til, þá fá hin sér bara aðeins minna svo öll fái eitthvað.

Afkoma samfélagsins á Íslandi á fyrri hluta 21. aldarinnar er þrátt fyrir allt með því allra besta sem þekkt er í sögunni. Við búum í landi sem er ríkt af auðlindum – bæði af hendi náttúrunnar og mannauði. Með góðum vilja og réttum ákvörðunum getum við öll notið mannsæmandi lífskjara á Íslandi.

Hægur er vandinn, það er nóg til.

Kjósum!

Nú þegar kosningar eru í nánd er mikilvægt fyrir okkur öll að huga að því hvernig næsta þing verður samansett. Það ríður á að velja fulltrúa sem treystandi er fyrir heildarhagsmunum samfélagsins, fulltrúa sem hafa kunnáttu, vilja og getu til að feta veginn til farsældar þegar tekist verður á við eftirleik COVID-kreppunnar.

Hartnær 135 þúsund félagar gera Alþýðusamband Íslands að stærstu fjöldahreyfingu landsins. Stjórnmalin geta ekki litið framhjá þeim málefnum sem varða þennan hót mestu. Æðsta vald samfélagsins, valdið til að velja hvaða einstaklingar setjast á þing, er í höndum kjósenda. Í aðdraganda kosninga verður tilvonandi fulltrúum á Alþingi að vera ljóst að vilji þjóðarinnar stendur til þess að byggja samfélagið upp með sjálfbærni, jöfnuð og jafnrétti að leiðarljósi. Kjósendur verða líka að nýta atkvæðisréttinn og kjósa með réttindum sínum. Virkt lýðræði dregur úr misskiptingu og ýtir undir jöfnuð.

Virkjum lýðræðið – kjósum með réttindum okkar.

Hvernig samfélag viljum við að rísi upp úr COVID?

Alþýðusamband Íslands hefur frá upphafi heimsfaraldursins unnið eftir skýrri sýn um hvernig eigi að bregðast við bráðavanda vegna efnahagskreppunnar og með hvaða hætti megi tryggja að aðgerðir sem gripið er til núna varði veginn til sjálfbærrar framtíðar. Líkt og alþjóðlega verkalýðshreyfingin og flestar alþjóðastofnanir, hefur ASÍ lagt áherslu á að fyrst beri að bjarga lífum, næst að tryggja afkomu fólks og í þriðja lagi að koma fyrirtækjum til hjálpar. Ýmsar af þeim ráðstöfunum sem stjórnvöld hafa gripið til eru í samræmi við tillögur ASÍ, einkum er varða úrbætur á atvinnuleysistryggingum, menntunar- og símenntunarúrræði, atvinnusköpun og aðrar vinnumarkaðsáðgerðir. Hins vegar hefur ASÍ

gagnrýnt þær aðgerðir stjórnvalda sem hafa verið of almenns eðlis og að skort hafi á sértækari, en um leið stórtækari, aðgerðir til að mæta vandanum á þeim landsvæðum og hjá þeim hópum sem hafa orðið verst úti í kreppuni.

Framtíðarsýnin er fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf þar sem verkfúsar hendur hafa aðgang að fullri atvinnu fyrir sanngjörn laun og auðlindir landsins eru nýttar í þágu samfélagsins. Réttindi aldraðra og öryrkja til mannsæmandi kjara eiga að vera tryggð, um leið og börnum og ungmennum eru búnar heilbrigðar og innihaldsrískar aðstæður til uppvaxtar og þroska. Íslenskt samfélag þarf jafnframt að aðlagast breyttri samsetningu íbúa landsins.

Grunnþjónusta sem lýtur að menntun, velferð og heilbrigði á að vera gjaldfrjáls og öllum aðgengileg. Þannig tekst Ísland á við loftslagsbreytingar og býr sig undir tæknibreytingar og nýja atvinnu- og lifnaðarhætti.

Frá faraldri til farsældar.

Afkoman

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðasamband verkalyðsfélaga tala ekki oft einum rómi en þetta hafa þau sagt: tryggið afkomu fólks í gegnum COVID-kreppuna. Alþjóðastofnanir sem fyrir rúmum áratug sögðu ríkjum að skera niður velferð og selja sameiginlegar eignir hafa allar horfið frá þeim ráðleggingum, enda er slóðin blóði drifin. Niðurskurðaraðferðin hefur hægt á efnahagsbata, ýtt undir ójöfnuð og aukið á fátækt. Lærum af reynslunni, sleppum takinu á niðurskurðarhnífnum og látum heimilunum ekki blæða þegar kemur að því að rétta úr kútnum eftir COVID-19.

Örugg afkoma heimilanna kemur í veg fyrir fjárhagsvanda til frambúðar og stuðlar að því að halda uppi kaupmætti sem er lykilþáttur í viðspyrnu fyrir efnahagslífið. Íslenskt samfélag, með auðlindirnar og mannaudinn í burðarvirki sínu, hefur styrk til að taka höggið og milda það. Hér er ekki þörf á að fara í stórfelldan niðurskurð í velferðarkerfinu eða að hækka skatta og gjöld á þá sem fyrir hafa úr litlu að spila. Afkoma fólks verður best tryggð með öruggum ráðningasamböndum, öflugu velferðarkerfi og traustu öryggisneti. Enn fremur er núna rétti tíminn til að bæta kjör þeirra sem minnst bera úr býtum fyrir vinnu sína og draga úr skerðingum almannatrygginga; það skilar sér margfalt til baka til samfélagsins. Þegar atvinnuleysi er í sögulegum hæðum nægir ekki að bíða eftir að ferðabjónustan rétti úr kútnum. Atvinnumál verða eitt stærsta viðfangsefni þessara kosninga.

ASÍ kallar eftir skýrri sýn stjórnmálaflokkanna á afkomutryggingu, atvinnuuppbryggingu og aðgerðir sem gagnast þeim landsvæðum og hópum sem verst hafa orðið úti.

Réttu leiðin út úr kreppu er að tryggja afkomu fólks og verja heimilin.

Húsnaðismál

Frá Ísafirði til Egilsstaða, Akureyri til Reykjavíkur, alls staðar er viðkvæðið hið sama: það skortir húsnæði og bæði kaupverð fasteigna og leiguverð er alltof hátt. Ungt fólk, sem getur, býr lengur heima og þröskuldurinn á milli leigumarkaðar og eignarmarkaðar er mörgum óyfirlíganlegur. Forskot þeirra sem eiga eykst og það verður sífellt dýrara að vera fátækur. Pörfir fyrir íbúðir var og er fyrirsjáanleg og það á ekki að koma stjórnvöldum og sveitarstjórnum hverju sinni á óvart hversu margar íbúðir skortir. Þetta er eitt af stærstu pólitísku viðfangsefnum 21. aldarinnar og um leið eitt mikilvægasta kjaramálid. Hærrí laun gagnast lítið ef þau fara beina leið í hækkaðar afborganir eða óhóflegar leigugreiðslur.

Pað á að heyra sögunni til að fólk þurfi að vera í öngum sínum um hver mánaðamót vegna sligandi húsnæðiskostnaðar. Öruggt íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum léttir óhóflegu vinnuálagi af launafólk og skapar því tíma og tækifæri til jafnari fjölskylduábyrgðar, aukinnar menntunar, fjölbreyttari tækifæra og innihaldsríkara lífs. Verkalýðshreyfingin hefur lagt sín lóð á vogarskálnarnar í húsnæðismálum, en á sama tíma skortir heildarsýn af hálfu stjórnvalda.

ASÍ fer fram á að stjórmálaflokkar sem bjóða fram til Alþingis skýri áform sín í húsnæðismálum.

Húsnæðisöryggi er grundvallarréttindi.

Heilbrigðismál

Heilbrigðiskerfið hefur ekki náð að rétta úr kútnum eftir niðurskurð eftirhrunsárunna og viðvarandi sveltistefnu nýfrjálshyggjuáranna. Pað á ekki að koma neinum í opna skjöldu að fólk veikist bæði á líkama og sál, fólk eldist og börn fæðast. Þetta á við um allt land og þörfir fyrir heilbrigðisþjónustu, fæðingarþjónustu og öldrunarþjónustu breytist ekki þótt dregið sé úr þjónustunni og hún færð úr heimabyggð. Engum vandkvæðum er bundið að spá fyrir um hversu mörg pláss þurfa að vera á hjúkrunarheimilum, en samt er skorturinn mikill og viðvarandi. Þótt endurgreiðsla á ferða- og dvalarkostnaði hafi verið aukin hefur hún ekki mætt þeiri þörf sem skapaðist með niðurskurði á þjónustu á landsbyggðinni, íbúar þar bera talsverðan kostnað umfram aðra af því að sækja sér heilbrigðisþjónustu. Líta má á þetta sem aukaskatt á landsbyggðina og þá gjaldheimtu ber að stöðva strax.

Heilbrigðiskerfið er bæði grunnþjónusta sem við eignum öll rétt á og einn stærsti vinnustaður landsins. Niðurskurður, sem einnig er kallaður hagræðing, í heilbrigðiskerfinu er því ógn við bæði heilsu og grundvallarréttindi fólks og við atvinnuöryggi, kjör og aðbúnað í vinnu. Krafan um hagræðingu má ekki örðlast sjálfstætt líf enda getur hún verið dýrkeypt fyrir fólk og samfélagið allt.

ASÍ styður þá stefnu að draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga og stýra flæð-

inu úr krananum sem sérfræðilæknar hafa einir aðgang að. ASÍ mun aldrei fallast á frekari áform um að draga úr framlögum til heilbrigðismála. Hvað þá að lækka launakostnað með útvistun starfa og með því að láta lægst launaða starfsfólkið hlaupa hraðar fyrir lægri laun.

ASÍ kallar eftir stefnu stjórnmálaflokkanna í heilbrigðismálum – fyrir allt landið.

Heilbrigðisþjónustu á að efla, ekki skerða.

Menntun og réttlát umskipti

Velferð þjóða byggir á góðri, almennri menntun frá leikskóla til grunnskóla og í gegnum framhaldsskóla og háskóla fyrir þau sem það kjósa. Formlega skóla-kerfið er þó ekki upphaf og endir menntunar. Sí- og endurmenntun er lykillinn að öflugu atvinnulífi og jafnframt leiðarljós í gegnum tímabil nýsköpunar og tæknibreytinga. Nýjar atvinnugreinar og störf verða til á meðan önnur leggjast af.

Launafólk gerir kröfu um réttláta hlutdeild í verðmætum sem skapast við breytingar á vinnumarkaði. Um það snýst hugmyndafræðin um réttlát umskipti. Pegar ódýrara verður að framleiða vörur og þjónustu með nýrri tækni á það að skila sér í bættum kjörum og styttri vinnuviku. Starfsfólk í störfum sem leggjast af á skilyrðislaust að fá tækifæri til að bæta við menntun sína og þekkingu án þess að framfærslu þeirra sé ógnað. Sérstaklega þarf að huga að þeim sem hafa litla grunnenntun, fólk sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, útlendingum á vinnumarkaði og einstaklingum með skerta starfsgetu.

Óflugt menntakerfi þar sem bókgreinum og iðn- og tæknimenntun er gert jafnhátt undir höfði og sí- og endurmenntun er samofin við formlega skóla-kerfið, er hornsteinninn að réttlátari framtíð.

ASÍ vill fá skýr svör frá stjórnmálaflokkunum um sýn þeirra á menntamál í samhengi við breytingar á vinnumarkaði.

Mennt er máttur.

Jöfnuður

Skipting auðs í heiminum er að verða eins ójöfn og hún varð verst á 19. öld. Mikil misskipting auðs kemur öllu samféluginu illa. Til lengri tíma dregur hún úr verðmætasköpun, skerðir lífsgæði og getur í versta falli leitt til ófriðar. Reikniformúlur kauphallanna eru fjarri því að ná utan um hin raunverulegu verðmæti og má þar nefna lífvænlegt hitastig á jörðinni og heilnæmt loft.

Á Íslandi eiga ríkustu 5% landsmanna um 40% af allri hreinni eign í samféluginu og nýr auður ratar hlutfallslega mest til hinna ríku. Ósangjörn uppbygging skattkerfisins ýtir undir þennan ójöfnuð þar sem hinum eignamestu er gert kleift að greiða lægra hlutfall til samfélagsins. Í sögulegu ljósi

ýta kreppur undir ójöfnuð. Þess vegna verður að grípa til aðgerða til að draga úr honum og það verður eitt mikilvægasta verkefni nýrrar ríkisstjórnar og nýkjörins Alþingis. Samfélög jöfnuðar eru sterkustu samfélög í heimi. Réttlát stefna í ríkisfjármálum er öflugasta tæki stjórvalda til að stuðla að jöfnuði. Í henni felast: framsækin skattastefna, öflugt eftirlit, nýting auðlinda í allra þágu, sterkir og gjaldfrjálsir opinberir innviðir og öflugar almannatryggingar.

ASÍ krefst þess að stjórnálflokkarnir skýri hvernig þeir ætla að vinna að auknum jöfnuði og tryggja að yfirstandandi kreppa auki ekki á ójöfnuð.

Jöfnuður skapar sterkt samfélag.

Að lokum

Á þeim 105 árum sem liðin eru frá stofnun Alþýðusambandsins hefur þjóðfélagið tekið gríðarlegum breytingum og vissulega eru lífskjörin allt önnur en þau voru á öðrum áratug 20. aldar. Þau kjör náðust ekki baráttulaust. Fyrir ASÍ liggur nú, eins og þá, að berjast fyrir mannsæmandi launum, að í boði sé íbúðarhúsnaði á viðráðanlegum kjörum, að allir fái notið lífsgæða eins og hvíldar og frítíma og að til sé öryggisnet sem grípur þau sem þurfa þegar út af ber.

Pann 25. september verður kosið til Alþingis. Það er krafa ASÍ að allir flokkar sem bjóða fram setji fram skyra framtíðarsýn og stefnu um þau mál sem skipta launafólk og almenning mestu máli: afkomu, heilbrigðismál, húsnæðismál, menntamál og jöfnuð. Við samþykjur ekki þá hugmynd að í íslensku samfélagi sé slíkur skortur á fjármunum að ekki sé hægt að standa með viðunandi hætti að rekstri samfélagsins.

Á Íslandi á enginn að líða skort – það er nóg til.



Efnahagsmál

Helstu kennitölur

Hlutfallsleg breyting	2017	2018	2019	2020	2021*
Einkaneysla	8,0	4,8	1,9	-3,3	5,2
Samneysla	2,9	4,7	3,9	3,1	1,5
Fjármunamynndun	10,6	1,2	-3,7	-6,8	4,9
<i>þar af atvinnuvegir</i>	6,8	-10,0	-12,8	-8,7	0,7
<i>þar af húsnæði</i>	20,7	16,1	31,1	-1,2	-3,1
<i>þar af hið opinbera</i>	20,3	38,7	-10,8	-9,3	32,0
Pjóðarútgjöld	7,1	4,3	0,7	-1,9	3,5
Útflutningur	5,1	1,7	-4,6	-30,5	11,2
Innflutningur	11,8	0,5	-9,3	-22,0	12,4
Landsframleiðsla	4,2	4,7	2,6	-6,6	3,1
Launavísitala	6,8	6,5	4,9	6,3	/
Kaupmáttur launa	5,0	3,7	1,8	3,4	/
Verðbólga ¹	1,8	2,7	3,0	2,8	4,1
Atvinnuleysi ²	2,1	2,4	3,6	7,9	6,7
Gengisvíitalsa ³	160	167	181	201	196

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

² Hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal


* Spá Seðlabankans maí 2021

6,6% samdráttur árið 2020

Hagstofan áætlað að verg landsframleiðsla hafi dregist saman um 6,6% á síðasta ári og er þar um minni samdrátt að ræða en spár höfðu gert ráð fyrir skömmu eftir að heimsfaraldur braust út. Margir greiningaraðilar höfðu spáð um kringum 8% samdrætti þegar árið lægi fyrir. Minni samdráttur skýrist meðal annars af minni samdrætti þjóðarútgjálda sem óttast var í fyrstu en þjóðarútgjöld drögust saman um 1,8% árið 2020 en þjóðarútgjöld eru samtala einkaneyslu, fjárfestinga og samneyslu. Niðurstaðan er að einhverju leyti til marks um að fjárhagur heimila og fyrtækja hafi verið sterkt áður en heimsfaraldur braust út en heimili hafa getað haldið uppi meiri neyslu en eftir fjármálahrunið 2008.

Borið saman við nágrannalönd mældist samdráttur meiri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum þar sem samdráttur var á bilinu 3-4%. Skýrist þetta meðal annars af miklu vægi ferðaþjónustu í landsframleiðslu Íslands. Sé Ísland hins vegar borið saman við önnur hagkerfi sem treysta á ferðaþjónustu, t.d. Grikkland, Portúgal og Spán, hefur mælst hér minni samdráttur. Munurinn liggur í minni samdrætti einkaneyslunnar á Íslandi en í hinum löndunum. Mestur mældist samdráttur á Spáni þar sem verg landsframleiðsla dróst saman um tæplega 11% milli ára.

Samdráttur minni en spáð var




ASÍ gaf út hagspá í nóvember 2020 en þá var spáð 7,9% samdrætti og hægum viðsnúningi á árinu 2021. Spái var unnin ádur en tilkynnt var um að viðtækar bólusetningar væru að hefjast en gerði þó ráð fyrir því að afléttung sóttvarnaaðgerða myndi hefjast um mitt ár 2021 og ýta undir hægan viðsnúning. Pegar spái var gerð lá fyrir að verulegur samdráttur hefði átt sér stað á fyrrí helmingi ársins, en þar sagði „*Ahrif efnahagslegra takmarkana komu skýrt fram í þjóðhagsreikningum á öðrum ársfjórðungi. Samdráttur í vergri landsframleiðslu á öðrum ársfjórðungi var 9,3% (10,7% árstíðarleiðrétt) þegar útflutningur dróst saman um 38,8%. Á sama tímabili drögust þjóðarútgjöld saman um 7,1% þar sem verulegur samdráttur mældist bæði í einkaneyslu og fjármunamyndun. Samdráttur á öðrum ársfjórðungi reyndist þó minni hér á landi en í mörgum öðrum ríkjum, þá sérstaklega ríkjum með mikla ferðajónustu líkt og Ísland. Borið saman við önnur ríki mældist árstíðarleiðréttur samdráttur 10,7% á öðrum ársfjórðungi en það er undir meðaltali OECD ríkja.*”

Á haustmánuðum hafði önnur bylgja Covid-19 komið fram og gripið hafði verið til aukinna sóttvarna í lok sumars og á haustmánuðum. Í spánni sagði: „*Harðar aðgerðir urðu þó til þess að hægja hratt á útbreiðslu COVID-19 og skapa grundvöll fyrir aukinni efnahagslegrar starfsemi innanlands á sumarmánuðum og tímabundinni fjölgun ferðamanna. Horfur breyttust þó hratt síðsumars þegar smitum fjöldaði að nýju og urðu jafnframt áminning um að hömlur og takmarkanir á starfsemi myndu verða til staðar um lengra skeið en gert var ráð fyrir í fyrstu.*” Áhrif aukinna takmarkana áttu þó eftir að hafa minni áhrif á neyslu heimila í annarri bylgju en í þeirri fyrstu. Heimili og fyrirtæki voru því að mörgu leyti búin að aðlagast takmörkunum. Pegar þjóðhagsreikningar lágu fyrir hafði einkaneyslan dregist saman um 3,3% milli ára. Í samhengi við stærð efnahagsáfallsins var neysla heimilanna sterkt í krísunni. Borið saman við fjármálahrunið 2008-2009 dróst neysla hins vegar saman um að jafnaði 9,6% á ári. Ljóst er að lækkun vaxta, aðgerðir stjórvalda og geta heimila til að ganga á sparnað hafa stuðlað að auknum neysluútgjöldum.

Fjármunamyndun dróst saman um 6,8% milli ára og minnkar fjárfesting í öllum undirliðum fjármunamyndunar milli ára. Samdráttur í fjármunamyndun atvinnuveganna er áætlaður 8,7%, fjármunamyndun hins opinbera dróst saman um 9,3% og ísbúðafjárfesting um 1,2%. Á fjórða ársfjórðungi mælist þó vöxtur í ísbúðafjárfestingu, um 11,6% sem vegur upp á móti samdrætti í atvinnuvegafjárfestingu og fjárfestingu hins opinbera.


Sögulegt hrun í útflutningi



Neikvæðust efnahagsáhrif tengd útbreiðslu kórónaveirunnar hafa komið fram í áhrifum á utanríkisviðskipti. Stærstu áhrifin birtast í afleiðingum ferðatmarkana og minni ferðavilja, en aðrar greinar verða þó einnig fyrir áhrifum vegna takmarkana á fjölbreyttri starfsemi um heim allan. Má þar nefna áhrif á útflutning sjávarafurða vegna lokana veitingahúsa. 30,5% samdráttur mældist í útflutningi á síðasta ári og þar af 51,2% samdráttur í útfluttri þjónustu. Samdráttur í vöruútflutningi mældist hins vegar 8,5%. Innflutningur dróst einnig verulega saman, eða um 22%, sem dró úr neikvæðum áhrifum útflutnings á landsframleiðslu.

Fá dæmi eru um viðlíka áföll á utanríkisviðskipti og urðu á síðasta ári. Sé útflutningur skoðaður frá árinu 1947 er samdráttur síðasta árs sá langdýpst. Samanborið mældist samdráttur 13% árið 1967 og 6% árið 1968 þegar síldarlausu árin fóru að gera vart við sig.

Vaxtalækkunarýtt undir herra húsnæðisverð



Seðlabankinn brást skjótt við versnandi efnahagshorfum með verulegum stýrivaxtalækkunum á síðasta ári. Stýrivextir voru 3% í upphafi árs 2020 en voru orðnir 0,75% í nóvember. Pessar vaxtalækkunar voru meðal þess sem örvaði efnahagslífið, og gerðu heimilum m.a. kleift að endurfjármagna lán við betri kjör. Ein afleiðing þessara vaxtalækkana var örvun húsnæðismarkaðar þar sem velta jókst þrátt fyrir heimsfaraldur og efnahagslega óvissu. Pessi þróun var m.a. til umfjöllunar í Mánaðaryfirliti stefnumótunar og greiningar í apríl en þar sagði: „Íbúðarverð á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um 8,9% á síðustu tólf mánuðum. Húsnæðisverð stóð í stað skömmu eftir að útbreiðsla Covid-19 gerði vart við sig en frá því í apríl í fyrra hefur húsnæðisverð hækkað jafnt og þétt. Hækkunartakturinn síðustu mánuði er sá mesti frá árinu 2018. Meðalsölutími eigna hefur styrt verulega og tekur nú að jafnaði mánuð að selja fasteignir ásamt því að íbúðum fjölgar sem seljast á yfirverði.“


Fjárhagsstaða heimila

Ljóst er að heimsfaraldur hefur haft afar misjöfn áhrif á ólíka hópa. Ferðaþjónustan og tengdar greinar hafa orðið fyrir þungu höggi á meðan aðrar greinar hafa orðið fyrir minni áhrifum. Sumar atvinnugreinar hafa jafnvel orðið fyrir jákvæðum áhrifum og þeim neyslubreytingum sem orðið hafa í kjölfar sóttvarnaraðgerða og ferðatakmarkana. Það sama gildir um heimilin. Heimilin sem heldið hafa atvinnu hafa ekki orðið fyrir tekjufalli og í raun notið jákvæðra

áhrifa af lækkun vaxta og auknum kaupmætti. Höggjí hefur lent á þeim heimilum sem lent hafa í atvinnumissi og tengdu tekjufalli. Tekjufall atvinnulausra var kortlagt í Vinnumarkaðsskýrslu stefnumótunar og greiningar en þar var meðal annars bent á að atvinnulausir yrðu að verulegu tekjufalli bara við það að lenda á tekjutengdum bótum á fyrstu sex mánuðum atvinnumissis. Fyrir einstaklinga með tekjur á bilinu 300-500 þús. á mánuði fyrir atvinnuleysi var tekjufall um 27%. Eftir því sem tekjur fyrir atvinnumissi voru hærri þeim mun meira verður tekjufallið, en sem dæmi var tekjufall einstaklinga með 500-700 þús. á mánuði um 30% við það að falla á tekjutengdar bætur og um 48% við að lenda svo á grunnbótum.

Afléttung ferðatakmarkana styður við efnahagsbata

Í fyrrnefndri hagspá var spáð hægum hagvexti á árinu 2021 og að viðsnúnингur væri alfarið háður afléttingu ferðatakmarkana og fjölgun ferðamanna á Íslandi. Par sagði: „Ólkt samdrættinum eftir fjármálahrunið 2008 eru forsendur fyrir skammvinnu samdráttarskeiði og að viðsnúnингur geti átt sér stað strax á næsta ári. Hversu hraður sá viðsnúnингur verður ræðst þó af því hverjar takmarkanir verða á ferðalögum á næsta ári en spá ASÍ gerir ráð fyrir því að ferðamönnum taki ekki að fjlöga að ráði fyrr en á síðari hluta ársins.”



Bólusetningar hófust í lok árs 2020 og þó þær hafi farið hægt af stað var kominn töluverður gangur í bólusetningar vorið 2021. Um miðjan júní var yfir helmingur Íslendinga 16 ára og eldri orðinn fullbólusettur og yfir fjórðungur orðinn hálfbólusettur. Pessar bólusetningar og auk aukins fjölda bólusettra erlendis gerði stjórnvöldum kleift að opna landamæri fyrir bólusettum ferða-

mönnum. Sú afléttung hafði fljótt jákvæð áhrif og ferðamönnum tók strax að fjölga. Yfir 40 þúsund ferðamenn fóru um Keflavíkurflugvöll í júní og hélt aukeningin áfram í júlí og ágúst þó opinberar tölur liggi ekki fyrir að svo stöddu.

Afléttung sóttkvíar fyrir bólusetta ýtti einnig undir bjartari væntingar meðal almennings og fyrirtækja og sást það skjótt í fjölgun auglýstra starfa og fjölgun ráðningar (sjá nánar í kafla um Atvinnumál). Þar spilaði einnig inn í vinnumarkaðsúrræði sem sköpuðu sterka ráðningahvata, t.d. í gegnum átakið „Hefjum störf“.



Kjaramál

Kjaradeila Flugfreyjfélags Íslands og SA vegna Icelandair

Eins og fram kemur í síðustu skýrslu forseta var ákveðið að höfða mál fyrir Félagsdómi gegn SA og Icelandair vegna framgöngu fyrirtækisins í kjaradeilu þess við FFÍ sumarið 2020. Til þess kom ekki og gáfu Icelandair, Samtök atvinnulífsins, Flugfreyjfélag Íslands og Alþýðusamband Íslands sameiginlega út yfirlýsingu af því tilefni í september 2020. Þar segir: „Aðilar eru sammála um að lögmæt og rétt viðbrögð atvinnureknda og stéttarfélaga í erfiðum og langdregnum kjaradeilum eigi að fara eftir þeim leikreglum og lögum sem gilda í samskiptum aðila vinnumarkaðar og sem koma fram í lögum nr. 80/1938. Þau viðbrögð Icelandair, með stuðningi SA, þegar félagið taldi vonlaust að ná árangri í viðræðum við Flugfreyjfélag Íslands, að segja upp öllum starfandi flugfreyjum og flugbjónum þann 17.7.2020 eru hörmuð enda ekki í samræmi við þær góðu samskiptareglur sem aðilar vinnumarkaðarins vilja viðhafa. Icelandair telur nauðsynlegt fyrir framtíð félagsins að virða stéttarfélög og sjálfstæðan samsningsrétt starfsfólks síns sem tryggir frið um starfsemi félagsins á gildistíma kjarasamninga og á meðan leitað er lausna í kjaraviðræðum. Aðilar munu leggja sig fram um að halda góðu samstarfi og munu leggja sitt af mörkum til þess að endurvinna og efla traust sín í milli.

Með yfirlýsingu þessari eru aðilar sammála um að með henni ljúki öllum deilum milli þeirra um þá atburði sem áttu sér stað í samskiptum þeirra þann 17.7 2020 og mun hvorugur aðila gera kröfur á hinn vegna þeirra.“

Starfsemi flugfélagsins Play

Áður en Covid-19 faraldurinn lokaði Íslandi veturinn 2020 hafði staðið um nokkurt skeið undirbúnингur að stofnum nýs lággjalfaflugfélags, Play, sem hugðist starfa á íslenskum vinnumarkaði og hafa heimahöfn hér á landi. Í september 2019 hafði fyrirtækið gengið frá kjarasamningi um störf flugmanna og flugfreyja við ÍFF (Íslenska flugstéttarfélagið) en samningurinn aldrei gerður opinber. Honum var skilað til ríkissáttasemjara vorið 2021 og hann þar með gerður opinber. Samkvæmt mati FFÍ eru grunnlaun, yfirvinna, greiðslur vegna vinnu á frídögum, orlof, tryggingar, framlög til lífeyrissjóðs, desemberuppbót, orlofsuppbót, hvíldartímareglur, vakttímaþásmörk, vakttími o.fl. mun verri en skv. kjarasamningi FFÍ við Icelandair. Forseti ASÍ óskaði ítrekað eftir fundi með forstjóra Play en öllum beiðnum þar að lútandi var hafnað með vísan til þess að varaformaður FFÍ og fulltrúi í miðstjórni ASÍ yrði einn fundarmanna. Í júní 2021 gerði FFÍ formlega kröfu um að PLAY gangi til viðræðna við félagið um gerð kjarasamnings vegna starfa núverandi og væntanlegra flugfreyja/-þjóna um borð í flugvélum félagsins sem fljúga áætlunar- og leiguflugi til og frá Íslandi. FFÍ kvaðst reiðubúið til þess í viðræðum að aðlaga væntanlegan kjarasamning að rekstrarumhverfi PLAY en án þess að víkja frá lágmarks- og grundvallarréttindum sem þegar hefur verið samið um í öðrum kjarasamningum félagsins. Tekið var fram að hefði fundur ekki verið ákveðinn eða þessu erindi svarað yrði deilan um málið send ríkissáttasemjara eins og krafist er í lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Play hafnaði viðræðum í lok júní 2021 og ljóst að deilan mun enda á borði ríkissáttasemjara.

Réttarstaða atvinnubifreiðastjóra (leigubifreiðastjóra)

Í janúar 2020 var lagt fram á Alþingi frumvarp sem skv. markmiðum sínum átti að afnema fjöldatamarkanir á leigubifreiðum og skyldi öllum gert frjálst að sækja um sjálfstætt leyfi kjósi þeir að veita leyfisskylda þjónustu samkvæmt lögnum. Í sinni einföldustu mynd var um að ræða heimild til þess að hefja hér á landi farveitubjónustu eins og Uber veitir víða um heim en í henni felst einfaldlega að hver sem er getur að nokkrum skilyrðum uppfylltum hlaðið niður forriti frá fyrirtæki eins og Uber sem eftir það miðlar ferðum til viðkomandi gegn þóknun og án allrar ábyrgðar á kjörum bifreiðastjórans. Í umsögn ASÍ um málið kom fram að ráðuneytið setti fram rangar og villandi upplýsingar um lagaþróun í Noregi sem átt hafði í samskiptum við ESA um breytingar þar í landi. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu en var síðan lagt fram

að nýju í október 2020 með breytrri greinargerð. Ekki tók betra við og frásögn af norskri löggjöf full af staðreyndavillum og blekkingum. Í umsögnum ASÍ er farið ítarlega ofan í bæði viðeigandi Evrópulöggjöf og tengsl hennar við íslenskan rétt auk þess sem hin norska löggjöf og meinta fyrirmynnd þeirrar íslensku er greind. Frumvarpið var ekki afgreitt á Alþingi. Að jafnaði er ekki gerð grein fyrir einstökum umsögnum um lagafrumvörp í þessum kafla um kjaramál en það gert nú vegna þeirra vinnubragða sem stjórnvöld sýndu við gerð þess.

Alþjóðleg íslensk skipaskrá

Á undanförnum árum hefur nokkrum sinnum verið gerð atlaga að því að stofna hér á landi alþjóðlega íslenska skipaskrá og freista þess þannig að íslensk farskip verði skráð hér á landi. Í sinni einföldustu mynd snýst slík skrá um að kaup og kjör áhafnarめđlima fari eftir ríkisfangi þeirra en ekki hvaðan skipið er gert út og lagðist ASÍ af miklum þunga gegn þeim áformum að svipta íslensk stéttarfélög samningsrétti. Í greinargerð frumvarpsins voru alvarlegar og villandi staðhæfingar. Í umsögn ASÍ í samráðsgátt segir: „Í upphafi er vakin athygli á því, að í 4. kafla greinargerðar með frumvarpsdrögunum er fjallað um „Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar“. Þar er fullyrt í lokamálgrein kaflans að það sé „mat ráðuneytisins að frumvarp þetta sé í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins.“ Eins og leitast verður við að rökstyðja hér á eftir þá er þetta mat rangt og umfjöllunin villandi. Frumvarpið er andstætt 74. og 65. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins, 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sbr. l. 62/1994, 8.ngr. Alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sbr. auglýsingur nr. 10/1979, 22.ngr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórmálaleg réttindi sbr. auglýsingur nr. 10/1979, 19.ngr. b. lið 4.tl. Félagsmálasáttmála Evrópu sbr. auglýsingur nr. 3/1976 og ákvæðum Samþykktar ILO um vinnuskilyrði farmanna frá 2006 sem fullgilt var hér á landi 4. apríl 2019. Í kaflanum um meginnefni frumvarpsins segir m.a.: „Í 12. gr. er gerð tillaga um ákvæði þess efnis að um kjör skipverja í áhöfn kaupskips fari eftir þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið við stéttarfélög viðkomandi ríkja þar sem skipverji á lögheimili. Líkt og rakið hefur verið í 2. kafla greinargerðarinnar er talið að staða skráninga muni ekki breytast nema ákvæði af þessu tagi verði samþykkt. Í 2. mgr. ákvædisins er kveðið á um tiltekin lágmarkskjör, að þau skuli aldrei vera lakari en þau kjör og réttindi sem mælt er fyrir um í samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) um vinnuskilyrði farmanna frá árinu 2006 (Maritime Labour Convention (MLC) 2006) eins og þau eru á hverjum tíma og þau lágmarkskjör sem Alþjóðaflutningaverkamannasambandið (ITF) miðar við á hverjum tíma.“ Í kaflanum Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar segir síðan m.a.: „Jafnframt hefur íslenska ríkið fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar

um vinnuskilyrði farmanna (e. Maritime Labour Convention – MLC). ... Í reglu 2.2 er mælt fyrir um laun farmanna. ... Þá fjallar ákvæðið um lágmarkslaun farmanna. Þar segir að grunnkaup eða -laun fyrir þjónustu fullgilds farmanns í almanaksmánuð eiga ekki að vera lægri en sú fjárhæð sem er ákveðin reglulega af hálfu siglingamálaneftndar eða annarrar stofnunar í umboði stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Að fenginni ákvörðun stjórnarnefndarinnar skuli forstjóri tilkynna aðildarríkjum stofnunarinnar um endurskoðaða fjárhæð. Með lögum um breytingu á ýmsum lögum vegna alþjóðasamþykktar um vinnuskilyrði farmanna, nr. 82/2018, voru breytingar gerðar á lögum til samræmis við kröfur samþykktarinnar.“ Hér eru staðreyndir settar fram með afskaplega villandi hætti og látið líta út sem svo að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), MLC samþykktin, mæli með skuldbindandi „reglu“ fyrir um lágmarksþjör á farskipum og að með setningu laga nr. 82/2018 hafi öllum kröfum samþykktarinnar verið fullnaegt. Hið rétta er að grundvallarregla samþykktarinnar og sú sem skuldbindandi er, er sú að um laun fari skv. kjarasamningum sbr. 3. gr. hennar þar sem segir um grundvallarréttindi og reglur: „Hvert aðildarríki skal tryggja að í ákvæðum eigin laga og reglugerða séu virt, að því er varðar þessa samþykkt, grundvallarréttindi til:

- a) félagafrelsis og virk viðurkenning á réttinum til aðildar að kjarasamningum;
- b) afnáms hvers konar nauðungar- og skylduvinnu;
- c) afnáms vinnu barna; og
- d) afnáms misréttis með tilliti til atvinnu eða starfa.“

Í 5.tl. 4. gr. segir síðan um starfsréttindi og félagsleg réttindi farmanna: „Hvert aðildarríkiskal tryggja, innan marka lögsögu sinnar, að starfsréttindi og félagsleg réttindi farmanna sem kveðið er á um í framangreindum málsgreinum þessarar greinar séu framkvæmd í samræmi við kröfur þessarar samþykktar. Hrinda má slíku í framkvæmd með landslögum eða reglugerðum, með viðeigandi kjarasamningum, með öðrum ráðstöfunum eða samkvæmt venju, nema kveðið sé á um það með öðrum hætti í samþykktinni.“ Hér á landi gildir sú meginregla, að kjarasamningar ráða kaupi og kjörum vegna allra starfa sem unnin eru innan lögsögu íslenska ríkisins þ.m.t. um borð í loftförum og skipum sem skráð eru hér á landi en hvorki erlendir kjarasamningar eða leiðbeiningar alþjóðastofnana. Í MLC samþykktinni segir síðan í þessu samhengi í 6. gr. þar sem fjallað er um „Reglur ásamt A- og B-hlutum kóðans“ að ákvæði B-hluta kóðans, séu ekki skuldbindandi en öll umfjöllun greinargerðarinnar með frumvarpinu um laun og starfsþjör byggir einmitt á þeim hluta þ.e. leiðbeiningum B2.2.3. – Lágmarkslaun, og þannig gefið í skyn að verið sé að fullnaðgja

„reglum“ samþykktarinnar. Tilgangur þeirra B-hluta kóðans er að tryggja að um bord í farskipum sem skráð eru í ríkjum þar sem réttarstaða launafólks og stéttarfélaga er lítil eða engin og þar sem kjarasamningar eru jafnvel hvorki gerðir eða virtir þá skuli beita tilteknunum viðmiðum um starfskjör og laun. Almennt eru slík ríki kölluð hentifánaríki en nýlega hefur í íslenskum fjöldum verið fjallað um hvernig skipafélag í íslenskri eigu hefur nýtt sér slík ríki til þess að losa sig við skip til niðurrifs með tilheyrandi mannréttinda- og umhverfisbrotum. Þá hefur einnig nýlega verið fjallað um hvernig fyrirtæki í eigu Íslendinga misnotuðu alþjóðlegu skipaskrána í Færejum með því að skrá áhafnir á fiskiskipum sínum í Afríku á farskip í færeysku skránni til þess eins að losna undan skattgreiðslum í einu fátækasta ríki heims. Um leiðbeiningar B-hluta kóðans er jafnframt skýrt tekið fram í „Leiðbeiningum B2.2.3-Lágmarkslaun“ að „Með fyrirvara um grundvallarregluna um frjálsa kjarasamninga ætti hvert aðildarríki að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna, að mæla fyrir um málsmeðferð til að ákveða lágmarkslaun farmanna. Hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og farmanna ættu að taka þátt í að viðhalda slískri málsmeðferð.“ Hér er meginreglan kjarasamningar og undantekningin samráð en frumvarpsdrög þau sem nú er veitt umsögn um virða ekki einu sinni þessar leiðbeiningar en mæla fyrir um lægstu finnanlegu viðmið til þess að koma í veg fyrir þrælahald og mansal um bord í faskipum.“ Loks var ítrekað að 2007 gaf ASÍ umsögn um frumvarp til laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá sem þá var til umfjöllunar. Í þeirri umsögn var m.a. vísað til umfjöllunar ILO um framkvæmd Danmerkur á samþykkt nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja samteinlega sem Ísland er einnig bundið af, hvað varðar dönsku alþjóðlegu skipaskrána (DIS). Það mál er enn til meðferðar innan eftirlitskerfis ILO, síðast á árinu 2019, og þar segir nú eftir nýjustu samskipti aðila: “While welcoming the step taken through the amendment of the DIS Act, the Committee requests the Government to continue, in consultation with the social partners, to make every efforts to ensure the full respect of the principles of free and voluntary collective bargaining so that Danish trade unions may freely represent in the collective bargaining process all their members and that collective agreements concluded by Danish trade unions may cover all their members – working on ships sailing under the Danish flag whether they are within or beyond Danish territorial waters or continental shelf, and regardless of their activities. The Committee requests the Government to provide information on any developments in this regard.” Í þessu felst að Danmörku er í reynd skylt að tryggja erlendum áhöfnum á farskipum í þeirra alþjóðlegu skipaskrá, rétt til aðildar að dönskum stéttarfélögum og þá um leið rétt þeirra stéttarfélaga til þess að semja um kaup þeirra og kjör. Í samráðsferli um þetta þingmál kom einnig fram að

einn helsti ráðgjafi ráðuneytisins var lögfræðingur stærstu íslensku skipafélaganna sem augljóslega var vanhæfur til umfjöllunar um málið.

Sótt að forgangsréttarákvæðum

Um langt árabil hafa sérfræðingar Evrópuráðsins talið forgangsréttarákvæði íslenskra kjarasamninga ósamrýmanleg 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu. Var sú afstaða t.a.m. ítrekuð í ályktunum ráðsins hvað varðar framkvæmd Íslands árið 2018. Í ljósi þess var því lýst yfir við síðustu fyrirtöku málsins á vettvangi félagsmálasáttmála Evrópu haustið 2019 að félags- og barnamálaráðherra myndi hefja formlegt samtal við aðila vinnumarkaðarins um tilgang slíks ákvæða á vinnumarkaði í dag sem og hvaða áhrif það hefði á vinnumarkaði ef þau yrðu afnumin. Það var þó jafnframt gerð grein fyrir því að slík ákvæði ættu sér langa sögu hér á landi og að stjórnvöld leggi ríka áherslu á samráð við aðila vinnumarkaðarins hvað þetta varðar. Vorið 2021 lá fyrir að stjórnvöld þyrfu að gera grein fyrir stöðu mála í skýrslu sem skila skal haustið 2021. Ráðuneytið óskar því eftir skriflegu álti Alþýðusambands Íslands annars vegar og Samtaka atvinnulífsins hins vegar hvað varðar framangreind atriði, þ.e. hvaða tilgangi forgangsréttarákvæði kjarasamninga þjóna á vinnumarkaði í dag og hvaða áhrif það hefði ef forgangsréttarákvæði kjarasamninga yrðu afnumin. Erindi ráðuneytisins var svarað formlega á eftirfarandi hátt: „Hvaða tilgangi þjóna forgangsréttarákvæði kjarasamninga á vinnumarkaði í dag? Spurningin krefst skýringa á forgangsréttarákvæðum íslenskra kjarasamninga sem eru ólík þeim ákvæðum sem sætt hafa athugasemdum ráðsins. Rétt er að taka fram, að samkvæmt lögum ASÍ eru ákvæði um aðildarskyldu í lögum aðildarfélaga óheimil, sbr. 2. mgr. 12. gr. Þar segir orðrétt: „Í samþykktum aðildarfélaga mega ekki vera ákvæði um félagsskyldu né ákvæði sem takmarka aðild að félögum með tilliti til búsetu og lögheimilisfesti.“ Hér áður fyr voru í kjarasamningum sumra aðildarfélaga ASÍ ákvæði um aðildarskyldu en þau er nú hvorki að finna í lögum eða kjarasamningum þeirra. Um gildandi forgangsréttarákvæði. Kjarasamningar hér á landi hafa flestir ákvæði um forgangsrétt. Er þá samið um forgang félagsmanna þess félags sem kjarasamninginn gerir að störfum hjá viðsemjanda samningsins. Launafólk hér á landi er ekki skyldað samkvæmt lögum að vera í stéttarfélagi, eins og sjá má af 3. og 45. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og beinlínis er gert ráð fyrir að starfsmenn geti verið utan stéttarfélaga. Samkvæmt meginreglum íslensks vinnuréttar verður atvinnurekandi ekki dæmdur til að taka einstakling í starf gegn vilja sínum og þriðji aðili, það er einstaklingur, sem sækist eftir starfinu getur ekki fengið fólk dæmt úr störfum sem það hefur verið ráðið til. Atvinnurekandi hefur frjálst val um það hvern félaga viðkomandi stéttarfélags hann kýs að hafa í vinnu. Hann verður ekki bundinn af ákvörðun stéttarfélags

um vinnumiðlun, samanber Félagsdóm 3/1959 (IV:196). Þótt svo að forgangsréttarákvæði sé að finna í flestum kjarasamningum eru þau nokkuð mismundandi. Í aðalkjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands (SGS) segir til dæmis að vinnuveitendur skuldbindi sig til þess að láta verkamenn sem eru fullgildir meðlimir í viðkomandi félögum á viðkomandi félagssvæði hafa forgangsrétt til allrar almennrar verkamannavinnu, þegar þess er krafist og félagsmenn bjóðast, er séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu, sem um er að ræða. Í samningnum segir enn fremur að vinnuveitendur hafi ávallt frjálst val um það, hvaða félaga viðkomandi stéttarfélaga þeir taka til vinnu. Vilji vinnuveitandi ráða til sín mann í vinnu, sem ekki er félagi í viðkomandi félögum, skulu þau skyld til þess að veita þeim manni inngöngu, ef hann sækir um það og það kemur ekki í bága við samþykktir félagsins. Þá skuldbinda félögin sig til þess ef hörgull er á fólk til vinnu, að láta meðlimi Samtaka atvinnulífsins hafa forgangsrétt á að fá fullgilda félagsmenn til vinnu, enda skal stjórna félagsins tilkynna um það, að verkamenn vanti. Í aðalkjarasamningi VR/LÍV og SA (2008) er mælt fyrir um forgangsrétt félagsmanna til vinnu annars vegar og réttar utanfélagsmanna hins vegar til aðildar að VR/LÍV. Segir í samningi aðila að vinnuveitendur skuldbindi sig til þess að láta verslunarmenn sem eru félagsmenn VR eða viðkomandi aðildarfélags LÍV hafa forgangsrétt við ráðningu til allrar almennrar verslunarmannavinnu skv. samningi þessum, þegar þess er krafist og félagsmenn bjóðast, er séu hæfir til þeirrar vinnu sem um er að ræða. Þá segir að vinnuveitendur hafi frjálst val um það hvaða félagsmenn viðkomandi félaga þeir taka til vinnu. Vilji vinnuveitandi ráða til sín mann í vinnu sem ekki er félagsmaður og er félagið þá skylt til þess að veita þeim manni inngöngu ef hann sækir um það og það brýtur ekki í bága við samþykktir félagsins. Forgangsréttarákvæði af þessum toga eru í fullu samræmi við samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar – ILO nr. 87 og 98 sbr. Freedom of association, Sixth edition, 2018 bls. 102-103 (para 551-559) en báðar hafa verið fullgiltar hér á landi og mynda grunninn að starfsemi frjálsra samtaka launafólks. Dómaframkvæmd hér á landi. Oft hefur reynt á gildi forgangsréttarákvæða kjarasamninga fyrir Félagsdómi og hefur það sjónarmið verið viðtekið í íslenskri réttarframkvæmd að forgangsréttarákvæði í frjálsum kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins standist að lögum. Í Félagsdómi 1/1945 (II:146) var deilt um réttmæti forgangsréttarákvæðis í kjarasamningi. Maður, sem ekki var félagsmaður í stéttarfélagi, taldi þetta ákvæði útiloka sig frá verkamannavinnu og það bryti í bága við tilgang laganna um stéttarfélög og vinnudeilur um félagafrelsi og krafðist ógildingar ákvæðisins. Félagsdómur félst ekki á kröfum mannsins. Studdi dómurinn niðurstöðuna meðal annars með þeim rökum að ákvæði í kjarasamningum milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda, um forgangsrétt félagsmanna verkalýðsfélags og atvinnurekenda til

vinnu hjá viðkomandi atvinnurekendum, yrði að teljast falla undir þann tilgang, sem lýst væri í 1. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur að vinna að hagsmunamálum verkalýðssréttarinnar. Styddist þessi skýring og við það að áður en greind lög voru sett, tíðkuðust slík forgangsréttarákvæði nokkuð í kjarasamningum. Hefði því í lögnum frá 1938 beinlínis átt að banna forgangsréttarákvæði, ef löggjafinn teldi þau ekki samrýmast löglegum tilgangi stéttarfélaga. Þetta var ekki gert, enda hefði forgangsréttarákvæðum fjölgad mjög í kjarasamningum eftir gildistöku laganna. Af þessu væri ljóst að ákvæði það sem ógildingar væri krafist á í málinu yrði talið samræmast ákvæðinu í 1. gr. laga nr. 80/1938 og þá einnig þágildandi 73. gr. stjórnarskráinnar nú 74.gr. Sjá enn fremur dóma Félagsdóms: 2/1939 (I:6), 6/1939 (I:45), 2/1940 (I: 52) 12/1940 (I:120), 15/1943 (II:19), 1/1949 (III:36), 2/1949 (III:42), 8/1949 (III:66), 13/1948 (III:77) 8/1951 (III:193), 7/1952 (IV:15), 9/1952 (IV:34), 6/1953 (IV:49), 6/1954 (IV:87), 8/1954 (IV:96), 5/1955 (IV:113), 1/1955 (IV:146), og 9/1956 (IV:183), 1/1965 (V:193), 1/1974 (VII:154), 4/1974(VII:255), 10/1975 (VIII:1), 17/1997 (XI:166). Forgangsréttarákvæði kjarasamninga verða hins vegar ekki túlkuð með þeim hætti, að utanfélagsmaður sem þegar er í vinnu hjá atvinnurekanda verði sagt upp, einungis vegna þess að félagsmaður sækist eftir vinnu. Félagsdómur hefur komist að þeirri niðurstöðu að forgangsréttarákvæði kjarasamninga geti hins vegar gilt við uppsögn þegar starfsmönnum er fækkað. Sjá hér Félagsdóma 2/2002, Bifreiðastjórafélagið Sleipnir gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar vegna Kynnisferða sf. og 7/2006, Flugvirkjafélag Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar vegna Flugfélagsins Atlanta ehf. Sums staðar í kjarasamningum er það tekið fram að þetta sé háð því að þeir félagsmenn sem bjóðist séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu sem um er að ræða. Pótt slíkt sé ekki tekið fram verður almennt að ganga út frá því að þeir félagsmenn sem í boði séu geti leyst af hendi þau störf sem verið er að ráða til. Haldi atvinnurekandi því fram að hann geti ekki ráðið tiltekkinn félagsmann til almennra starfa þar sem hann sé ekki fullfær til þeirrar vinnu sem kjarasamningur kveður á um og ráði utanfélagsmann í starfið þarf atvinnurekandi að sýna fram á að félagsmaðurinn hafi ekki verið fær til starfans. Sjá einnig Félagsdóm 8/1951 (III:193). Slík hæfisskilyrði er að jafnaði að finna í samþykktum félaga iðnaðarmanna.

Tilgangur forgangsréttarákvæðanna er því fyrst og fremst sá að stuðla að almennri aðild launafólks að stéttarfélögum og til þess að gera þeim fært að gæta hagsmuna alls launafólks. Löng hefð er fyrir því hér á landi að stéttarfélögini gegna veigamiklu velferðarhlutverki í þágu alls launafólks. Þannig annast stéttarfélögini mikilvægan þátt í velferð hér á landi. Byggist það fyrirkomulag fyrst og frest á kjarasamningum en einnig að hluta á lögum. Pað á t.d.

við um veikindarétt launafólks sem tryggður er sjúkrasjóðum stéttarfélaganna, rétt til sí- og endurmenntunar í menntasjóðum, orlofsrétt og loks endurhæfingu og virkniúrræði á vegnum Virk-starfsendurhæfingarsjóðs. Af þessum ástæðum greiðir allt launafolk og/eða atvinnurekendur iðgjöld til félaganna og sjóða þeirra sem annast velferðarhlutverk. Jafnframt eiga stéttarfélögin aðild að flestum nefndum, stjórnum og ráðum hins opinbera þar sem fjallað er um réttindi launafólks. Á það m.a. við um: Vinnueftirlit ríkisins, Vinnumálastofnun, Atvinnuleysistryggingasjóð, Ábyrgðarsjóð launa, Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt, Félagsdóm, Verkefnastjórn um ráðgjafarstofu fyrir innflyttjendur, Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd, Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, Samstarfsnefnd um atvinnuréttindi útlendinga, Stjórn Hús-næðismálasjóðs, Stjórn Vinnuverndarstofnunar Evrópu, Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta, Jafnréttisráð, Vísinda- og tækniráð, Fræðslusjóð, Vinnumálastofnun, Loftslagsráð, Pjóðhagsráð, Ráðgjafarnefnd EFTA og er þá ekki allt upp talið. Petta hlutverk byggir á mikilli þátttöku í stéttarfélögum sem forgangsréttarákvæðin stuðla m.a. að auk fleiri aðgerða. Tilgangur forgangsréttarákvæðanna eins og þeim er skipað hér á landi er því jafnmikill, ef ekki meiri en hann var á fyrrí árum.

Hvaða áhrif það hefði ef forgangsréttarákvæði kjarasamninga yrðu afnumin. Í ljósi þess mikla hlutverks sem íslensk stéttarfélög gegna í þágu alls launafólks og í þágu þróunar og ákvæðanatökum á vinnumarkaði myndi afnám þeirra geta dregið úr hlutverki stéttarfélaga og getu til þess að sinna því. Samhliða myndi réttarstaða verkalyðsfélaga gagnvart atvinnurekendum og samtökum þeirra og gagnvart stjórnvöldum veikjast. Þá ber að hafa í huga að Ísland er lítið ríki, byggðakjarnar litlir og dreifðir. Staða launafólks í smáum samfélögum með fábrotna atvinnuvegi og ef til vill einn eða fáa atvinnurekendur yrði mjög veik ef ekki væri fyrir fjölmenn stéttarfélög og aðgerðir til þess að viðhalda þeirri félagsþétti m.a. með forgangsréttarákvæðum. Ákvæðin er jafnframt að finna í frjálsum kjarasamningum og bann á þeim með setningu laga myndi fela í sér ólögmætt inngríp í starf frjálsa verkalýðsfélaga og kjarasamninga þeirra. Slík aðgerð gæti með afgerandi hætti raskað friði á íslenskum vinnumarkaði og yrði jafnframt tilefni málaferla og kæra á hendur íslenska ríkinu.

Frumvarp til nýrra starfskjaralaga og ákvæði um féviti

Í skýrslum forseta 2019 og 2020 er ítarleg grein gerð fyrir vinnu við endurskoðun starfskjaralaga í ljósi yfirlýsingar ríkisstjórnar í tenglum við gerð kjar-

samninga 2019. Haustið 2020 lá fyrir að mestu tilbúið frumvarp en án þess að tekið hefði verið tillit til kröfu ASÍ um almennt og skýrt ákvæði um févít vegna brota á lágmarkskjörum. Í mars 2021 var þess freistað að ná samkomulagi í þríhliðaviðræðum ASÍ, SA og félagsmálaráðuneytisins. Staðan var þá sú, að frumvarp til starfskjaralaga hafði verið afgreitt frá ríkisstjórn og var til umfjöllunar innan þingflokkja stjórnarflokkanna. Haft var samráð við ASÍ á fyrra stigum málsins en ekki við gerð þeirrar útgáfu sem send var til stjórnarflokkanna og verður ekki gerð opinber fyrr en þeir hafa allir afgreitt frumvarpið til framlagningar á Alþingi. Með frumvarpinu var ráðgert að skerpa á réttindum og skyldum á vinnumarkaði og á heimildum Vinnumálastofnunar og annarra stofnana ríkisins. Það fól Vinnumálastofnun nýtt hlutverk og valdheimildir á sviði einstaklingsbundinna ráðningarsamninga og kynnti leik- og samskiptareglur sem aldrei hafa tíðkast á íslenskum vinnumarkaði.

Í minnisblaði lögfræðings ASÍ kemur fram að sá hluti frumvarpsins sem laut að eftirliti og eftirfylgni með greiðslu lágmarkslauna skv. kjarasamningum væri sniðinn utan um virk ráðningarsambönd. Frumvarpið tekur því ekki á þeim kröfum sem til verða við eða eftir slit ráðningar en yfirgnæfandi meirihluti allra krafna launafólks vegna brota á kjara- og ráðningarsamningum varða ráðningarsamninga sem þegar hefur verið slitið eða sem launamenn hafa rift vegna vanefnda. Tillögur í frumvarpinu um sérstakar skaðabætur vegna brota muni því fyrirsjánlega ekki virka sem sérstakur hvati til þess að lágmarksákvæði kjarasamninga eða ráðningarsamningar verði virtir. Pvert á móti gætu þær beinlínis virkað sem hvati til þess að leysa ráðningarsambönd upp í stað þess að leita samkomulags um leiðréttingu. Í þeim tilvikum þar sem ágreiningur rís milli launamanna og atvinnurekenda um hvort lágmarkskjör skv. kjarasamningum hafi verið virt og þar sem atvinnurekandi er ekki að brjóta af ásetningi á starfsmönnum sínum, þá leysast slík mál að jafnaði eftir aðkomu stéttarfélaganna og í þeim tilvikum þar sem deilt er um túlkun viðeigandi kjarasamningsákvæða er leitað úrlausnar Félagsdóms. Stór hluti af þjónustu stéttarfélaganna við félagsmenn sína og reyndar einnig stór hluti af þjónustu lögfræðinga ASÍ við aðildarsamtökum er á þessu sviði. Það verður með öðrum orðum ekki séð að mikil þörf sé á nýju og sérstöku opinberu eftirlits- og úrræðakerfi til þess að tryggja eftirfylgni með kjarasamningum þar sem starfsmenn halda ráðningarsambandi sínu og hefur ekki verið refsad með uppsögn fyrir að leita aðstoðar stéttarfélags síns. Að fela stjórnvaldi aukið hlutverk í þeim efnum getur til lengri tíma leitt til veikingar frjálsrar verkalýðshreyfingar sbr. röksemadir og afstöðu aðildarfélaga NFS um fyrirhugaða tilskipun ESB um lágmarkslaun. Jafnframt ber að hafa í huga, að mjög stór hluti þeirrar þjónustu sem aðildarfélög ASÍ veita er aðstoð við félagsmenn í deilum við einstaka atvinnurekendur. Það eitt og sér stuðlar að mikilli félags-

aðild og jákvæðu viðhorfi til hennar og greiðslu iðgjalda. Pau úrræði sem vanti eru fyrst og fremst virk úrræði og hvatar til þess að laun í vanskilum, hvort heldur um er að ræða lágmarkslaun eða ekki séu réttilega greidd. Ástæðan er einföld. Launafólk á allt sitt undir því að laun séu réttilega greidd á gjalddaga. Vanskil launa hafa snögg og alvarleg áhrif á framfærslu og greiðslugetu alls þorra launafólks. Peim fylgja vanskil og söfnun dráttarvaxta hjá bönkum og lánastofnunum, leikskólum og skólum o.fl. Vanskil á launum lágtekjufólks hafa augljóslega mest fjárhagsleg og félagsleg áhrif og því eðlilegt og rétt að þau sæti sérstökum viðurlögum. Ákvæði um dagsektir eða stjórnvaldssektir sem renna í ríkissjóð bæta ekki stöðu eða tjón þess launafólks sem fyrir verður. Núverandi úrræði sem felast í því að leita til hinna almennu dómstóla og fylgja síðan kröfum eftir með hefðbundnum fullnustugerðum er tímafrekur og þær tillögur sem frumvarpið geymir bætir þar ekki úr. Það var álit ASÍ að lögbundnum lágmarkslaunum og öðrum lágmarksstarfskjörum þurfi að fylgja eftir féviti. Algengt er í íslensku réttarkerfi að brotum gegn lögbundnum skyldum fylgi sérstök refsikennd viðurlög. Féviti sem rennur beint til þess aðila sem brotið er gegn, er eitt slíkt. Hugtakið féviti er annars vegar notað yfir fjárhæð sem aðila er gert að greiða á grundvelli stjórnvaldsákvörðunar eða dóms og hins vegar fjárgreiðslu sem skuldara ber að greiða kröfuhafa á grundvelli samningsákvæðis vegna vanefnda á samningi. Einkenni févitis er að kröfuhafi þarf ekki að sanna raunverulegt og tiltekið tjón sitt líkt og á við í skaðabótarétti. Auk þess að vera í þessum skilningi bótaákvæði, hvetja féviti til þess að samningar og skyldur skv. þeim séu virtar. Úrræðið er einfalt, fyrirsjánlegt og skýrt og beiting þessi ekki vandkvæðum bundin þegar skýrar laga- eða samningsskyldur eiga í hlut. Skyldur skv. lágmarkslaunaákvæðum kjarasamninga séu bæði samningsskyldur skv. kjarasamningum og lögbundnar skyldur á grundvelli laga nr. 55/1980. Lágmarkslaun og önnur lágmarksstarfskjör skv. kjarasamningum eru opinberar upplýsingar sem liggja fyrir við lok hvers kjarasamnings og eru trygglega auglýst og kynnt. Féviti sem hvati til efnda þessum ákvæðum kjarasamninga sé því úrræði sem ekki ætti að vera íslensku réttarkerfi framandi. Hvað aðrar launakröfur varði geti vanskil og ágreiningur valdið launamanni tjóni en oftast fjallar ágreiningur aðila ekki um það hvort lágmarkslaunaákvæði kjarasamninga hafi verið virt eða ekki. Vegna mikilvægis þess að úr ágreiningi um kröfur af þessum toga sé leyst fljótt og vel koma nokkrar leiðir til greina. Ein þeirra leiða er féviti en þar sem ekki er um eins skýra lagaskyldu að ræða eins og þegar lágmarkslaun eiga í hlut eru forsendur févitis ekki eins skýrar. Pörf er eftir sem áður á hvata til þess að þessar kröfur fáist greiddar fljótt og vel. Til þess mætti búa til ferla innan réttarkerfisins. Ein leið gæti verið að víkka verksvið Félagsdóms þ.a. hann taki við því hlutverki að fjalla um launakröfur á fljótan og skilvirkan hátt. Með því

að aðilar vinnumarkaðar eigi aðild að dóminum má tryggja réttari og skýrari túlkun á kjarasamningum í stað þess að eiga það undir héraðsdómstólum um land allt. Hin leiðin væri sú að tryggja launakröfum flýtimeðferð innan almenna dómskerfisins auk þess sem tryggja mætti greiðslu ógreiddra launa að hluta til í gegnum Ábyrgðasjóð launa.

Staða málsins á þessum tíma var jafnframt sú að frumvarpið sem farið hafði í gegnum ríkisstjórn hafði ekki verið í endanlegu samráði aðila. Skilst var við efni þess þannig að ekki hafði verið leyst úr frumkröfum ASÍ um einkarettarlegt féviti. Fleiri breytingar hafi og verið gerðar sem ekkert samráð hafi verið haft um, hvorki við SA eða ASÍ. SA hafði einnig alfarið og ítrekað hafnað kröfum ASÍ um að féviti mætti beita á öll laun í vanskilum og ágreining um starfskjör skv. kjarasamningum og ráðningarsamningum.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar kvað á um að samráð skuli haft við aðila vinnumarkaðarins við útfærslu þessa atriðis en þar segir: „Heimildir til refsinga verði auknar, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, ef atvinnurekandi brýtur gegn lágmarkskjörum launamanns.“ Því má halda fram, að ekki sé sanngjart að annar samningsaðilanna geti stöðvað framkvæmd yfirlýsingarinnar. Með vísun til samráðs er stjórnvöldum í reynd lögð sú skylda á herðar að finna ásættanlega lausn. Félagsmálaráðuneytið tók boltann og efndi til samráðs um fyrirliggjandi frumvarp í þeirri von að ásættanleg niðurstaða fengist sem afgreiða mætti fyrir þinglok vorið 2021.

Á samningafundum forseta ASÍ, framkvæmdastjóra SA undir forsæti Félagsmálaráðuneytisins tókst samkomulag um eftirfarandi:

Féviti

Atvinnurekandi, sem af ásetningi hefur greitt launamanni lakari laun en samkvæmt viðeigandi kjarasamningi, sbr. 5. gr., skal að kröfu launamanns greiða viðkomandi launamanni féviti, geri launamaðurinn um það rökstudda kröfu, séu gjaldfallin laun ekki greidd innan 18 daga frá því launamaður sjálfur eða stéttarfélag hans í hans umboði gerði kröfu um greiðslu gjaldfallinna launa.

Féviti skv. 1. mgr. kemur ekki til álíta ef um er að ræða réttmætan ágreining um kröfu launamanns, ágreining aðila kjarasamnings um túlkun hans sem og ef málefnalegar ástæður liggja að baki því að atvinnurekandi greiddi viðkomandi launamanni lakari laun en kjarasamningur kveður á um, sbr. 5. gr., eða aðrar sambærilegar ástæður eru fyrir hendi.

Ef ágreiningur er um rétt launamanns til févítis skv. 1. mgr. skal launamaður skjóta kröfunni til samráðsnefndar til úrlausnar ágreiningsmála, sbr. 6. gr., sem ákvarðar hvort skilyrði séu fyrir greiðslu almenns eða sérstaks févítis. Niðurstaða samráðsnefndar skal liggja fyrir innan 30 daga frá því að leitað er til nefndarinnar, sbr. 1. málsl. Hafi mál verið höfðað fyrir dómstólum þar sem

févití er krafist, án þess að ágreiningur hafi komið upp um rétt launamanns til févití, er launamanni ekki skylt að leita eftir ákvörðun samráðsnefndar. Atvinnurekanda er þá heimilt, innan 30 daga frá birtingu stefnu, að bera ágreining um skilyrði févití undir samráðsnefnd til ákvörðunar.

Févití skiptist í almennt févítí og sérstakt févítí. Almennt févítí skal greiða þegar ekki teljast skilyrði fyrir sérstöku févítí og getur það numið allt að tvöföldum dráttarvöxtum af höfuðstól gjaldfallinna launa. Sérstakt févítí skal greiða þegar háttsemi atvinnurekanda er talin sérlega vítavert og getur það numið allt að 80% af höfuðstól gjaldfallinna launa.

Við mat á upphæð févití skal meðal annars líta til alvarleika brots, hve lengi það hefur staðið yfir, fjölda þeirra launamanna sem eiga í hlut hverju sinni sem og samstarfsvilja hlutaðeigandi atvinnurekanda.

Komist meirihluti samráðsnefndar að þeirri niðurstöðu að skilyrði séu fyrir greiðslu févití er ákvörðun nefndarinnar bindandi fyrir aðila auk þess sem nefndinni er þá jafnframt heimilt að gera tillögu að upphæð févití.

Í greinargerð með ákvæðinu sagði m.a.:

Lagt er til að atvinnurekandi, sem af ásetningi hefur greitt launamanni lakari laun en samkvæmt viðeigandi kjarasamningi, sbr. 5. gr., skuli að rökstuddri kröfu launamanns greiða févítí séu gjaldföllnu launin ekki greidd innan 18 daga frá því launamaður sjálfur eða stéttarfélag hans í hans umboði gerði kröfu um greiðslu launanna, enda séu tilteknar forsendur fyrir hendi. Í 14. gr. og í skýringum með ákvæðinu er nánar tilgreint hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi þannig að févítí komi til sem og í hvaða tilvikum févítí kemur ekki til álita. Auk þess er í ákvæðinu og í skýringum með því tilgreint nánar hvernig og með hvaða hætti forsendur fyrir févítí skulu metnar. Ákvæði þetta byggir á samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um þau tilvik þar sem févítí kemur til álita og hvernig skorið verði úr ágreiningi um forsendur févití en markmiðið með févítí er að sporna gegn því að á vinnu-markaði hér á landi séu greidd lakari laun en kjarasamningum er ætlað að tryggja, sbr. 5. gr. Markmið 14. gr. er að sporna gegn brotarstarfsemi á vinnu-markaði þar sem brotið er gegn þeim lágmarkskjörum sem kjarasamningum er ætlað að tryggja, sbr. 5. gr. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar dags. 4. apríl 2019, sem gefin var í tengslum við undirritun svokallaðra Lífskjarasamninga, var því heitið að brot gegn lágmarkskjörum kjarasamninga yrðu gerð refsiverð. Í vinnu við gerð frumvarpsins lagði Alþýðusamband Íslands áherslu á að í stað opinberra viðurlaga yrðu viðurlög einkaráttarlegs eðlis í formi févití sem rynni til þess launamanns sem brotið hafi verið gegn, meðal annars til að bæta honum ætlað tjón. Ákvæði þetta byggir á samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um þau tilvik þar sem févítí kemur til álita og hvernig skorið verði úr ágreiningi um forsendur févití. Er gert ráð fyrir að

atvinnurekandi, sem af ásetningi hefur greitt launamanni lakari laun en samkvæmt viðeigandi kjarasamningi, sbr. 5. gr., skuli að rökstuddri kröfу launamanns greiða viðkomandi launamanni féviti séu gjaldföllnu launin ekki greidd innan 18 daga frá því launamaður sjálfur eða stéttarfélag hans í hans umboði gerði kröfу um greiðslu launanna. Hið sama á við um gjaldfallnar launakröfur hafi atvinnurekandi sannanlega áskilið launamanni lakari laun en samkvæmt viðeigandi kjarasamningi, sbr. 5. gr., þótt krafan sé enn ógreidd. Krafa um leiðréttingu launa telst sannanlega hafa verið gerð viðurkenni atvinnurekandi eða fulltrúi hans móttökum hennar en ella miðast upphafsdagur við póstlagningu rekjanlegs kröfubréfs. Með launum er í þessu sambandi átt við lágmarkskauptaxta kjarasamninga og aðra launaliði sem að lágmarki skal greiða samkvæmt kjarasamningi. Ákvæðið nær því ekki til hugsanlegra vanefnda á ráðningarsamningsbundnum kjörum umfram lágmark kjarasamninga eða þegar umsamiðin kjör starfsmanns eru metin jafn hagstæð eða hagstæðari en kjarasamningur áskilur. Ætla má að einhver tilvik þar sem atvinnurekandi greiðir launamanni lakari laun en kjarasamningur kveður á um megi rekja til misskilnings eða mistaka en einnig geta aðrar ástæður leitt til þess að ekki eru greidd réttlakari laun en samkvæmt kjarasamningi, svo sem vegna galla eða bilunar í launa- og/ eða tímaskráningarkerfum, og er þá eðlilega ekki um að ræða ásetning af hálfu atvinnurekanda í slíkum tilvikum. Er því gert ráð fyrir að í framangreindum tilvikum geti atvinnurekandi leiðrétt launagreiðslur að kröfу launamanns án þess að til greiðslu févití komi. Lagt er til að féviti komi ekki til álita við tilteknar aðstæður, svo sem þegar atvinnurekandi byggir framkvæmd sína á túlkun kjarasamnings sem nýtur stuðnings annars aðila kjarasamningsins. Ágreiningur um túlkun kjarasamnings verður leystur fyrir Félagsdómi eða eftir atvikum almennum dómstólum. Þótt niðurstaða verði launamanni í hag þá verður ekki talið að atvinnurekandi hafi í þeim tilvikum brotið kjarasamning af ásetningi. Að sama skapi getur verið ágreiningur um réttmæti eða fjárhæð kröfу launamanns, svo sem vegna fjarvista frá vinnu, lögmæti uppsagnar eða riftunar ráðningarsamnings, þar sem reynir á túlkun reglna vinnuréttar, löggjafar eða samninga. Í slíkum tilvikum er um kröfuréttarlegan ágreining að ræða þar sem meðal annars reynir á sönnun atvika eða efni skjala. Eðlilegt er að málساðilar fái leyst úr ágreiningi sínum fyrir dómstólum án þess að annar aðili deilumáls eigi yfir höfði sér féviti gangi dómur ekki honum í vil. Í slíkum tilvikum er ekki gert ráð fyrir að féviti komi til álita. Féviti getur þó átt við séu mótbárur atvinnurekanda metnar halldlausar. Einnig geta aðrar málfnalegar ástæður legið að baki því að atvinnurekandi greiddi eða áskildi viðkomandi launamanni lakari laun en kjarasamningur kveður á um. Frumvarpið gerir ráð fyrir þeirri meginreglu að ágreiningi um féviti sé skotið af hálfu launamanns til samráðsnefndar til úrlausnar ágreiningsmála, sbr. 6. gr., sem ákvarði um rétt

launamanns til almenns eða sérstaks févítis. Vikið er frá þeirri reglu hafi atvinnurekandi ekki andmælt kröfu um féviti en þá er launamanni hins vegar heimilt að leita beint til dómistóla með kröfu um féviti. Atvinnurekanda er þá innan 30 daga frá birtingu stefnu heimilt að skjóta ágreiningi um féviti til samráðsnefndar sem metur hvort féviti komi til álita. Niðurstaða samráðsnefndar skal liggja fyrir innan 30 daga frá því að leitað var til nefndarinnar. Telja verður að samráðsnefnd til úrlausnar ágreiningsmála skv. 6. gr. sé best til þess fallin að meta hvort forsendur séu fyrir greiðslu févitis, svo sem hvort um sé að ræða túlkunarágreining milli aðila kjarasamnings eða gild sjónarmið af hálfu atvinnurekanda að greiða ekki kröfu launamanns um gjaldfallin laun. Forsenda févitis skv. 1. mgr. ákvæðisins er að greidd hafi verið lakari laun en samkvæmt kjarasamningi og því hlutverk samráðsnefndar skv. 6. gr. að meta hvort laun launamanns hafi verið lakari en kjarasamningur kveður á um, með sama hætti og þegar beiðni berst frá Vinnumálastofnun til nefndarinnar skv. 7. mgr. 9. gr. Féviti kemur aðeins til álita í þessum tilvikum ef meirihluti samráðsnefndar er því samþykkur en dómistólar dæma hins vegar um fjárhæð févitis ef samráðsnefnd telur forsendur vera fyrir féviti. Dómstólum er ætlað að meta hæfilega fjárhæð févitis. Gert er ráð fyrir að annars vegar geti verið um að ræða almennt féviti til að bæta launamanni ætlað tjón vegna vanefnda atvinnurekanda og hins vegar sérstakt féviti. Ákvæðið gerir ráð fyrir að almennt féviti geti í alvarlegum tilvikum numið allt að tvöföldum dráttarvöxtum sem atvinnurekanda ber að greiða af höfuðstól gjaldfallinna launa. Að jafnaði má gera ráð fyrir að viðurlög vegna brota sem uppfylla skilryði almenns févitis varði einföldum dráttarvöxtum meðan þau alvarlegri í þessum flokki brota geti sett allt að tvöföldum dráttarvöxtum. Sérstakt féviti kemur til álita í alvarlegustu tilvikunum þar sem um sérlega vítaverða háttsemi hefur verið að ræða af hálfu atvinnurekanda en í slíkum tilvikum þykir rétt að leggja til sérstök viðurlög við bætur vegna ætlaðs tjóns launamanns vegna háttsemi atvinnurekanda. Við mat á því hvort um sérlega vítaverða háttsemi hefur verið að ræða af hálfu atvinnurekanda skal litid til þess hvort brotið hafi verið framið í auðgunarskyni með misneytingu, nauðung, fjárvíkum, fjárkúgun, fjárdraði eða annari sambærilegri háttsemi við framkvæmd þess. Er meðal annars höfð hliðsjón af hvort brot geti fallið undir verknaðarlýsingu skv. XXVI. kafla almennta hegningarlaga. Áréttar skal í því sambandi að brot á lágmarksákvæðum kjarasamninga fela ekki í sér þjófnað í skilningi almennta hegningarlaga. Þar sem féviti er ætlað að koma í stað opinberra viðurlaga er gert ráð fyrir að sérstakt féviti geti numið allt að 80% af höfuðstól gjaldfallinna launa, enda í slíkum tilvikum um að ræða brot sem geta fallið undir verknaðarlýsingu almennta hegningarlaga. Við mat á fjárhæð févitis, hvort sem um er að ræða almennt féviti eða sérstakt féviti, skal auch þess að líta til

alvarleika brots samkvæmt framansögðu, líta til þess hve lengi það hefur staðið yfir, fjölda þeirra launamanna sem eiga í hlut hverju sinni sem og samstarfsvilja hlutaðeigandi atvinnurekanda. Þá er gert ráð fyrir að ákvörðun samráðsnefndar skv. 6. gr. um forsendur févítis skuli vera bindandi fyrir aðila og er nefndinni jafnframt heimilt að gera tillögu að fjárhæð févítis að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem hér að framan hafa verið rakin.

Lok málsins

Niðurstaða viðræðna fékk ekki brautargengi í miðstjórn ASÍ og frumvarpið var því aldrei lagt fram á Alþingi og ekki opnað á af hálfu félagsmálaráðherra leggja frumvarpið fram án ákvæðis um féviti. Athugasemdir lutu fyrst og fremst að takmörkuðu gildissviði (lágmarkskjör en ekki öll kjör) og aðkomu samráðsnefndar.

Kjaratölfræðinefnd

Kjaratölfræðinefnd er nýr samstarfsverttvangur um gerð og hagnýtingu tölfræðigagna um laun og efnahag. Lagt er upp með að nefndin gefi út tvær skýrslur á ári, að vori og hausti. Í skýrslunum er fjallað um yfirstandandi kjarasamningslotu, sem hófst árið 2019, umfang kjarasamningagerðar og þróun efnahagsmála og launa. Nefndin gaf út tvær skýrslur frá skipun, haustið 2020 og vorið 2021, og áformuð er útgáfa í október 2021.

Kjaratölfræðinefndin var skipuð af félags- og barnamálaráðherra 21. nóvember 2019 og samkvæmt skipunarbréfi skal hún draga saman og vinna úr talnaefni um launa- og efnahagsmál til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum. Markmiðið er að stuðla að sameiginlegum skilningi á eðli, eiginleikum og þróun hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga. Áformað er að skýrslur nefndarinnar komi út tvívar á ári.

Aðild að kjaratölfræðinefnd eiga forsetirsáðuneyti, félagsmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, BSRB, Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins og Hagstofa Íslands. Tekist hefur góð samstaða um þann grunn upplýsinga og tölfræði sem sett eru fram í skýrslum nefndarinnar sem miða að því að nýtast hagsmunaaðilum. Fulltrúi ASÍ við gerð fyrstu skýrslu kjaratölfræðinefndar var Henný Hinz, deildastjóri hagdeilda ASÍ, og tók Þórir Gunnarsson, hagfræðingur hjá ASÍ, við sæti hennar í nefndinni í lok árs 2020.

Fyrsta skýrsla nefndarinnar skiptist í fjóra megincafla sem fjalla um efnahagsmál, umgjörð kjarasamninga, kjarasamninga gerða í yfirstandandi

kjaralotu og mælingar Hagstofu Íslands á launaþróun sem flokkaðar eru eftir heildarsamtökum launafólks og launagreiðenda.

Meginefni skýrslna kjaratölfræðinefndar er um breytingar og dreifingu launa í yfirstandandi kjarasamningalotu. Fjallað er um helsta inntak kjarasamninga, þ.á.m. launabreytingar og styttingu vinnutíma. Þá fjallaði nefndin í sérstökum kafla í fyrstu skýrslu sinni um umgjörð kjarasamninga og lýsti skipulagi samtaka á vinnumarkaði, lagaumhverfi og hlutverki ríkissáttasemjara. Meðal nýjunga í vorskýrslu 2021 var samanburður á launaþróun karla og kvenna og á launaþróun innflytjenda og annarra. Skýrslur nefndarinnar, myndir úr þeim og tölfraðögum má finna á [ww.ktn.is](http://www.ktn.is).



Atvinnumál

Covid-19 faraldurinn hafði í för með sér slíkar hamfarir á vinnumarkaði að almennt atvinnuleysi á Íslandi náði sögulegu hámarki í kjölfar hans. Hátt stig atvinnuleysis á Íslandi sem fylgdi í kjölfar fjármálahrunsins hafði dvínað frá árinu 2010 og var mánaðarlegt atvinnuleysi í nokkuð stöðugu lágmarki á árunum 2015 til 2018, eða tæp 2,5% að jafnaði skv. töluvin Vinnumálastofnunar. Eins og fjallað var um í skýrslu ASÍ um vinnumarkaðinn 2019 tók atvinnuleysi þó að vaxa á ný þegar á upphafsmánuðum þess árs og atvinnuhorfur að versna vegna efnahagssamdráttar og viðsnúnings í ferðaþjónustu í kjölfar falls WOW flugfélagsins. Rétt áður en Covid-19 faraldurinn skall á, við upphaf árs 2020, hafði stig atvinnuleysis þegar risið í 5%. Hámarkinu var náð í lok árs 2020 og á upphafsmánuðum 2021 þegar stig atvinnuleysis varð um og yfir 11%. Ferðaþjónustan og tengdar greinar urðu hvað harðast úti en fækkun starfa gætti þó í öðrum greinum. Eins og kemur fram í skýrslum sérfræðingahóps ASÍ og vinnumarkaðsskýrslu stefnumótunar og greiningar 2021 hefur atvinnuleysið fremur bitnað á tekjulágum og hefur jafnframt haft í för með sér verulegan tekjumissi þeirra sem fyrir því verða. Byrðar samdráttarins hafa fyrst og fremst komið fram í atvinnumissi og tekjufalli atvinnulausra og þannig dreifst á minni og viðkvæmari hóp en í öðrum íslenskum kreppum. Bati hefur átt sér stað í efnahagslífini og störfum fjölgæð þvert á atvinnugreinar frá vormánuðum 2021. Eftir stendur að enn eru fjöldamargir án atvinnu og óvist hve fljótt tekst að vinna á þeim vanda.

Atvinnuleysi minnkaði með vorinu

Eins og fjallað var um í skýrslum ASÍ um vinnumarkaðinn 2020 og 2021 jókst atvinnuleysi hratt í kjölfar sóttvarnaraðgerða á síðasta ári en til viðbótar var gríðarlegur fjöldi atvinnulaus að hluta, alls 33 þúsund þegar mest var. Áhrif Covid-19 héldu áfram að koma fram á vinnumarkaði fram á síðari hluta 2020. Meðal annars leiddu uppsagnarfrestir og orlof til seinkunar þess að áhrif uppsagna í upphafi faraldurs kæmu fram í töluum um atvinnuleysi. Atvinnuleysi jókst úr 7,5% í júní 2020, í 9% í lok september, 10,7% í lok síðasta árs og náði hámarki í febrúar 2021 þegar það mældist 11,6%, þá meira en tveimur prósentustigum meira en mest var í fjármálahruninu í febrúar 2010. Á fyrsta ársfjórðungi 2021 voru að jafnaði um 21 þúsund einstaklingar án atvinnu. Fjöldinn fór svo stigminnkandi frá apríl og fram á sumarið þegar bólusetningar komust á skrið innanlands og losna tók um sóttvarnaraðgerðir, ferðaþjónusta við innlenda og erlenda ferðamenn tók við sér og fjöldi ráðninga í gegnum ráðningarástyrki frá stjórnvöldum óx með hverjum mánuði með átakinu „Hefjum störf“.



Umfangsmestu úrræði ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum voru hlutabótaleið annars vegar og ráðningarástyrkir til fyrirtækja sem ráða fólk inn af atvinnuleysiskrá hins vegar. Hlutabótaleiðin tók gildi í mars á síðasta ári en úrræðið heimilaði Vinnumálastofnun að greiða hlutabætur atvinnuleysis-trygginga á móti minnkuðu starfshlutfalli. Markmið með úrræðinu var fyrst og fremst að tryggja ráðningarsamband og koma í veg fyrir uppsagnir á tímabili mikillar óvissu. Úrræðið var í upphafi tímabundið og átti að gilda til loka maí 2020 en var fram lengt um ár og rann út í lok maí 2021. Alls voru 24 þúsund einstaklingar í minnkuðu starfshlutfalli fyrsta mánuðinn sem úrræðið gilti en 33 þúsund þegar mest létt. Fljóttlega dró þó verulega úr aðsókn í úrræðið en að jafnaði voru 3.500 einstaklingar atvinnulausir að hluta yfir sumarmánuðina.

Hlutaatvinnulausum fjöldaði á haustmánuðum með hertum sóttvarnaraðgerðum og var fjöldinn nokkuð stöðugur á bilinu 4-5 þúsund manns yfir veturninn og fækkaði svo aftur þegar nær dró sumri þar til því lauk í júní.

Opnað var fyrir umsóknir fyrirtækja um styrki frá hinu opinbera til ráðningar atvinnuleitenda að hausti 2021. Styrkirnir fela í sér 6 mánaða ráðningarástyrk að því sem nemur upphæð atvinnuleysisbóta, eða 307.430 kr. á mánuði að viðbættu framlagi í lífeyrissjóð. Nýting úrræðisins var dræm framan af þar til ráðist var í sérstakt kynningarátak. Tegundum styrkja var fjöldað þar sem sérstaklega var boðið upp á leiðir og hvata fyrir stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök til að ráða inn langtímaatvinnulausa og er hámark þeirra styrkja nokkuð hærra, eða 472.835 kr. á mánuði í 6 mánuði. Nýtingin var þó mest á almennum ráðningarástyrkjum þó að merki um viðsnúning megi sjá á tölum fyrir ágúst sl.

"Hefjum störf" - ráðningar eftir tegund ráðningarástyrks:
mars-ágúst 2021



Heildarfjöldi ráðninga með styrk frá byrjun mars til-loka ágúst á þessu ári var um 5850. Þáttur úrræðisins í dvíndandi atvinnuleysi hefur því verið þónokkur. Á haustmánuðum mun koma í ljós hver árangur af úrræðinu verður út frá því hve margir atvinnuleitendur fara aftur inn á atvinnuleysiskrá þegar fjöldi ráðningarástyrkja tekur að renna á enda.

Langtímaatvinnuleysi verulegt

Borið hafði á vaxandi langtímaatvinnuleysi áður en útbreiðsla Covid-19 hófst. Það hefur svo aukist verulega eftir að meginþungi uppsagna tengdum Covid-19 kom fram í langtímaatvinnuleysi í mars á þessu ári og síðar. Fjöldi þeirra

sem höfðu verið 12 mánuði eða lengur á skrá tók kipp í mars en byrjaði að minnka í júní. Þar sem almennt atvinnuleysi minnkaði á sama tíma hélt þó hlutfall langtímaatvinnulausra áfram að hækka og var orðið riflega 43% í júlí, en það er hærra en þegar hæst létt eftir fjármálahrundið 2008.



Bati, óvissa og áskoranir


Horfur í atvinnumálum einkennast í eina röndina af bata og dvíndandi atvinnuleysi en í hina röndin af óvissu og verulegum áskorunum við að vinna bug á langtímaatvinnuleysi. Óvissa og gengi í ferðatengdum greinum heldur áfram að vera einn stærri ákvardandi þáttá þess hvernig þróun á atvinnumarkaði mun verða á næstu misserum. Eins og bent var á í vinnumarkaðsskýrslu ASÍ á árinu er hætta á að langvarandi kerfislægt atvinnuleysi festist hér í sessi með tilheyrandí kostnaði fyrir samfélagið og skertri félagslegri velferð. Því er nauðsyn, samfara uppbyggingu atvinnulífsins, að efla og stuðla að endurbótum á atvinnuleysistryggingakerfinu og forgangsraða aðgerðum gegn því að langtímaatvinnuleysi festist í sessi.



Húsnæðismál

Íbúðarverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 15,7% að nafnverði frá júní 2020 til júní 2021, eða 11% leiðrétt fyrir verðlagsþróun. Húsnæðisverð stóð í stað skömmu eftir að útbreiðsla heimsfaraldurs kórónuveiru gerði vart við sig en frá því í apríl í fyrra hækkaði húsnæðisverð jafnt og þétt. Hækkunartakturinn síðustu mánuði er sá mesti frá árinu 2018. Töluberð velta hefur verið á íbúðarmarkaði eftir að farsóttin barst til landsins. Í fyrstu fækkaði kaupsamningum á meðan sóttvarnartakmarkanir voru í gildi en þeim fjölgæði hratt frá hausti 2020. Á ársgrundvelli hefur fjöldi kaupsamninga ekki verið hærri síðan 2007. Lágir húsnæðisvextir ásamt auknum sparnaði ýttu undir húsnæðiskaup og gerði fyrstu kaupendum kleift að koma auðveldar á markaðinn, a.m.k. til skamms tíma. Eftirspurn óx á húsnæðismarkaði en á sama tíma var framboð á húsnæði takmarkað. Aðstæður þrýstu því á húsnæðisverð.

Raunverð húsnæðis - vísalala



Meðalsölutími eigna styttist verulega og tók framan af ári að jafnaði mánuð að selja fasteignir ásamt því að íbúðum fjölgar sem seljast á verði yfir ásettu verði. Íbúðarfjárfesting jókst að jafnaði um 17% á árunum 2013-19 en mannvirkjagerð var þó lítil á árunum eftir hrun. Prátt fyrir aukningu á fullgerðum íbúðum heldur framboðið ekki í vaxandi þörf á húsnæði, m.a. vegna fólksfjölgunar og stærri árganga fyrstu kaupenda. Íbúðum í byggingu fækkaði í fyrra og töldu Samtök iðnaðarins að íbúðum í byggingu fækkaði um 20% á tólf mánaða tímabili til vorsins 2021. Þá spáði Hagstofan því að samdráttur yrði á íbúðarfjárfestingu í ár.


Íslenskur húsnæðismarkaður tók verulegum breytingum í kjölfar fjármálahruns og sú þróun hélt áfram í takt við lýðfræðilega þróun og með búferlaflutningum. Umfang leigumarkaðar vex og eru allar líkur á að umfang hans sé meira en greinist í opinberum mælingum. Mikill aðflutningur erlends launafólks samhliða vexti ferðaþjónustunnar jók eftirspurn eftir húsnæði á sama tíma og margar langtímaleigueignir færðust í skammtímaleigu til ferðamanna. Talið er að allt að 5-7 þúsund séu búsettir í svokölluðum óleyfisíbúðum, þ.e. húsnæði sem skipulagt er fyrir atvinnustarfsemi.

Uppgangur ferðaþjónustu, fólksfjölgun og vaxandi spurn eftir leiguþús-næði ýtti undir verulega hækkun leiguverðs og hækkaði vísitala leiguverðs um 57% á árunum 2013- 2019. Sú hækkun var með því mesta innan OECD á tímabilinu. Áhrif kórónuveiru náðu þó nú til leigumarkaðar, eins annars í samféluginu, og leiguverð lækkaði. Vísitala leiguverðs náði hámarki í upphafi árs 2020 en lækkaði eftir það.




Lífeyrismál


Á árinu 2020 var afkoma lífeyrissjóða umtalsvert góð annað árið í röð, vel yfir meðaltali síðustu tíu ára. Hrein raunávöxtun samtryggingadeilda 2020 var 9,6% samanborið við 5,9% meðaltal síðustu tíu ára. Síðustu fimm ár var meðaltal raunávöxtunar 5,7% og er árangur bæði síðustu fimm og tíu ár því talsvert yfir 3,5% langtíma ávöxtunarviðmiði lífeyrissjóða. Áfram sem áður er verulegur munur á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóða launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði. Halli opinberu sjóðanna vex enn þó dragi úr hraða aukningar hallans. Hvað varðar lífeyrissjóði launafólks innan ASÍ batnaði tryggingafræðileg staða samtryggingadeilda sjóðanna umtalsvert á árinu 2020 og var í árslok jákvæð um 205 milljarða, um 75 milljarða betri staða en ári áður þegar í árslok 2019 var staðan jákvæð upp á 130 milljarða, frá árinu 2010 er staðan um 330 milljörðum betri. Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða launafólks innan ASÍ er jákvæð því sem samsvarar 4,7% af skuldbindingum þeirra. Sama hlutfall samtryggingadeilda opinberu sjóðanna er neikvætt um tæp 30% sem er þó skárra en fyrir ári þegar hlutfallið var rúm 32%. Neikvæð tryggingafræðileg staða samtryggingadeilda opinberu sjóðanna var upp á 855 milljarða í árslok 2020 og hefur frá árinu 2010 versnað um 354 milljarða.



Síðustu ár fjölgar lífeyrisþegum lífeyrissjóðanna nokkuð árlega þar sem fjölmennir árgangar ná eftirlaunaaldri og mun sú þróun halda áfram næstu árin. Lífeyrissjóðirnir greiddu samtals um 106 þúsund manns ellilífeyri á árinu 2020, um 51 þúsund konur og tæp 55 þúsund karlar, en nokkuð er um að einstaklingar séu tvítaldir vegna réttinda í fleiri en einum sjóði. Par af fengu um 67 þúsund manns greiddan ellilífeyri úr almennu lífeyrissjóðunum sem aðildarfélög ASÍ eiga aðild að. Frá árinu 2014 hefur þeim sem fá greiddan ellilífeyri úr lífeyrissjóðunum fjölgæð um riflega 35 þúsund, eða um helming, og þar af rúm 21.000 í almennu lífeyrissjóðunum. Sé tekið tillit þess að margir fá greitt úr fleiri en einum lífeyrissjóði fengu um 51 þúsund einstaklingar greiddan lífeyri úr lífeyrissjóði á árinu 2020, sem er fjölgun um tæp 12 þúsund manns frá árinu 2014. Á sama tíma hefur þeim einstaklingum sem fá greiddan ellilífeyri almannatrygginga frá Tryggingastofnun ríkisins fjölgæð um tæplega fimm þúsund, úr 33 í tæp 38 þúsund.



Heildargreiðslur lífeyrissjóða til ellilífeyris vaxa hratt og námu þær árið 2020 rúnum 128 milljörðum króna, tólf milljörðum meiri en árið áður. Hlutfall lífeyrissjóða í heildargreiðslum ellilífeyris er nokkuð stöðugt, um 60% síðasta áratuginn, en gera má ráð fyrir að sú hlutdeild fari vaxandi.



Breytingar á stjórnerfiskafla kjarasamnings ASÍ-SA - afturköllun umboðs og sjálfstæði stjórnamanna

Pann 3. september 2020, í kjölfar kjaradeilu vegna samninga flugfreyja við Icelandair, sendi fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (SÍ) lífeyrissjóðum bréf. Í bréfunum óskaði fjármálaeftirlitið eftir upplýsingum í tengslum við sjálfstæði stjórnamanna lífeyrissjóða. Áréttáði SÍ ósk sína að lífeyrissjóðir skýrðu í samþykktum hvort og við hvaða aðstæður umboð stjórnamanna gæti verið afturkallað. Samskiptin voru framhald þeirra sem hófust sumarið 2019 eftir afturköllun VR á umboði stjórnamanna í Lífeyrissjóði verzlunarmanna sem voru rakin í *Skýrslu forseta um störf ASÍ 2019*. Endurtók SÍ mat sitt um nauðsyn þess að sjálfstæði stjórnamanna lífeyrissjóða væri tryggt þannig að ytri aðilar s.s. tilnefningaraðilar, gætu ekki hlutast til um ákvarðanir stjórnamanna.

Eftir að svör lífeyrissjóða bárust SÍ með mati á eigin samþykktum varðandi sjálfstæði stjórnamanna sendi stofnunin bréf dagsett 23. október 2020 um sjálfstæði stjórnamanna. Dró SÍ þá saman að svör lífeyrissjóða við bréfi *Fjármálaeftirlitsins hafa leitt í ljós að samþykktir lífeyrissjóða eiga það flestar sameiginlegt að skortur er á ákvæðum um afturköllun umboðs stjórnamanna lífeyrissjóða. Prátt fyrir það eru túlkanir mismunandi á milli lífeyrissjóða um hvort og þá með hvaða hætti heimild til afturköllunar umboðs sé til staðar. Óvissa um hvort og þá hvernig víkja megi stjórnamanni frá störfum, getur skapað þær aðstæður að aðilar sem koma að skipun eða kjöri stjórnamanna og stjórnamennirnir sjálfir líti á möguleika til slíks með mismunandi hætti. Atriði sem pessi eiga ekki að velta á því hvernig aðilar sem koma að skipun stjór-*

armanna eða stjórnarmenn sjálfir túlka samþykkir sjóðsins á hverjum tíma.

Í niðurlagi bréfa SÍ til lífeyrissjóða send 23. október 2020 sagði:

Með vísan til alls framangreinds og fyrirliggjandi gagna telur Fjármálaeftirlitið að í samþykktum sjóðsins sé ekki að finna sbr. ákvæði sem lúta að því hvort mögulegt sé að afturkalla umboð stjórnarmanna sjóðsins og, ef svo er, hvernig staðið skuli að slíkri afturköllun. Fjármálaeftirlitið telur að það gæti leitt til þess að starfsemi lífeyrissjóðsins yrði talin óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust [...] Hefur Fjármálaeftirlitið því til skoðunar að fara fram á viðeigandi úrbætur. Við mat á framangreindu ber sérstaklega að hafa í huga stöðu lífeyrissjóða sem einingar tengdar almannahagsmunum.

Í svörum til SÍ vísuðu lífeyrissjóðir á samningssviði SA/ASÍ til þess að lífeyrisnefndir sammingsaðila ætti í samtali um erindi eftirlitsins varðandi afturköllun umboðs og sjálfstæði stjórnarmanna. Nokkrir þeirra bentu á að enginn áskilnaður væri í lífeyrissjóðalögum um að í samþykktum lífeyrissjóða ætti að finna ákvæði sem lúta að því hvort mögulegt sé að afturkalla umboð stjórnarmanna eða hvernig staðið skuli að því. Þá kom fram hjá sjóðum að lagalegur grundvöllur SÍ að fara fram á úrbætur hvað þetta varðar væri nokkuð veikur. Svör sjóða voru að einhverju leyti ólík hvað varðaði heimildir, getu og ferli við að afturkalla umboð en ljóst var að í engum samþykktu þeirra mátti finna bein ákvæði þar að lútandi.

Forsetateymi ASÍ fundaði með fulltrúum SA í lífeyrismálum í nóvember 2020 um erindi SÍ um endurskoðun á samþykktum m.t.t. að tryggja sjálfstæði stjórnarmanna og hvort og hvenær mætti afturkalla umboð þeirra. Í kjölfarið rýndu aðilar kjarasamning þeirra um lífeyrismál og tóku til athugunar að hnykkja á ákvæðum um sjálfstæði stjórnarmanna og hvort bæta mætti við ákvæðum varðandi afturköllun umboðs stjórnarmanna.

Leiddi það til þess að í mars síðastliðnum gerðu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins breytingar á kjarasamningi aðila um lífeyrismál, en samningurinn er stofnskjal og bakhjarl lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði. Breytingarnar fólust í umgjörð fyrir hugsanlega afturköllun tilnefningaraðila á umboði stjórnarmanna, auk skerpingar ákvæða um sjálfstæði stjórnarmanna í lífeyrissjóðum.

Sjálfstæði stjórnarmanna var áréttar með eftifarandi viðbótargrein í kjarasamninginn:

Stjórnarmenn skulu rækja skyldur sínar af heilindum, hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa sem slík seta krefst og taka sjálfstæðar ákvæðanir í hverju máli fyrir sig.

Tvö ákvæði um hugsanlega afturköllun tilnefningaraðila á umboði stjórnarmanna bættust við samninginn og varða formlegt ferli og aðkomu fulltrúaráðs lífeyrissjóða að þeirri ákvörðun:

Tilnefningaraðila er heimilt að afturkalla umboð stjórnarmanns á grundvelli laga og samþykkta lífeyrissjóðs. Tilkynna skuli stjórн sjóðsins með formlegum hætti rökstudda ákvörðun með tilvísun í viðeigandi lagaákvæði, samþykktir og reglur.

Afturkalli tilnefningaraðili umboð stjórnarmanns skal fulltrúaráð staðfesta þá ákvörðun ásamt tilnefningu nýs stjórnarmanns fram að næsta ársfundi.

Lífeyrismál í stuðningsfirlýsingu ríkisstjórnar v. lífskjarasamninga og tilgreind séreign

Á grundvelli rammasamkomulags aðila vinnumarkaðarins frá því í október 2015, og bókunar um jöfnun lífeyrisréttinda frá 2011, sömdu aðildarfélög ASÍ og SA í janúar 2016 um hækjun á framlagi launagreiðenda í lífeyrissjóð um 3,5 prósentustig í áföngum til ársins 2018. Í júní 2016 var nánara fyrirkomulag hækunar iðgjaldal útfært með samkomulagi þar sem kveðið var á um heimild sjóðfélaga til þess að ráðstafa allt að 3,5% af lágmarksíðgjaldi í bundinn séreignarsparnað sem síðar hefur fengið heitið tilgreind séreign. Samningsaðilar treystu á að í kjölfar samkomulags yrðu gerðar nauðsynlegar breytingar á lífeyrissjóðalögum áður en kæmi að því að opnað væri á að verja mætti hluta skylduðgjalds í bundinn eða tilgreindan sparnað.

Frá skýrslu forseta fyrir árið 2016 hefur árlega verið að finna umfjöllun um hvernig miði í að klára breytingar á lífeyrissjóðalögum til uppfyllingar á samkomulögum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar sem rekja má til ársins 2011 vegna jöfnunar lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Svo megi fá fulla innsýn í hve hægt og illa miðast víast í skýrslur undanfarinna ára.

Samningur um hækjun á lágmarksíðgjaldi í lífeyrissjóð frá því í janúar 2016 var liður í jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins og má rekja til yfirlýsingar um lífeyrismál í kjarasamningum aðila frá því í maí árið 2011. Samningarnir voru nánar útfærðir í samkomulagi ASÍ og SA frá júní 2016 þar sem samið var um fyrirkomulag hækunar á iðgjaldi og kveðið á um heimild sjóðfélaga til þess að ráðstafa allt að 3,5% af lágmarksíðgjaldi í bundinn séreignarsparnað sem síðar fékk heitið tilgreind séreign.

Mikilvægur liður í loforðum í yfirlýsingu stjórnvalda vegna lífskjarasamnings í apríl 2019 varðaði að ganga frá því að uppfæra lífeyrislöggjöf m.a. til samræmingar og upptöku á ákvæðum kjarasamnings aðildarfélaga ASÍ og SA um hækjun á lágmarksíðgjaldi til lífeyrissjóðs í 15,5%.

Í apríl, þegar leið að lokum vorþings, lagði fjármálaráðherra, Bjarni Benediktsson, fram frumvarp um *Breytingu á ýmsum lögum vegna hækunar lágmarksíðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæða um tilgreinda séreign* (mál 700., 151. löggjafarþing 2020–2021). Framlagning frumvarpsins var óvænt og kom

flatt upp á forystu Alþýðusambandsins í hve litlu samráði það var gert þar sem aðilar vinnumarkaðarins byggðu upp þessa stoð lífeyriskerfisins. Ríkt hefur sátt á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar um uppbyggingu sjóðanna og regluverkið sem stýrir lífeyrissjóðum. Framlagning frumvarps þar sem sátt þessi væri rofin var alvarlegt mál að mati ASÍ og ekki til þess gert að stuðla að sátt aðila um þau mikilvægu mál sem lífeyrismál eru. Af því tilefni sendu forseti ASÍ og formaður lífeyrisnefndar fjármála- og forsætisráðherra bréf.



Alþýðusamband Íslands

Fjármála- og efnahagsráðherra,
Bjarni Benediktsson
Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík 9. apríl 2021

Efni: Alvarlegar athugasemdir við samráðsleysi

Á fundi hjóðhagerðs síðasthlönnin miðvikudag var lagt fram frumvarp um lífeyrismál til umræðu og þótt að þar voru kynntar nýjungar sem ekki höfði verið ræddar við fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar. Á fundinum gerði ðig athugasemdir við samráðsleysi auk þess sem ég kerfið að svara um tiltekin efni frumvarpsins, að færri aldarsmíkileiki ár 16 í 18 ár og að setja inn verðbætur sínri sinni á ári. Engin svárt fengust við því auk þess sem grænlargerðin býður ekki uppá skýringar. Það var okkar skilningur að frumvarpið væru ófulburða og það ætti eftir að bregðast við þessum athugasemdirum.

Það veikur því fyrðu að frumvarpið er nú komin fram á Alþingi með þeim ágöllum sem óg hef rakist. Skortur á samráði við heildarsamtök launafolks er sérstakt áhyggjuefn og brýtur í berhöggi við yfirlysingu stjórnvalda í tengslum við Kjárasamningana árið 2019. Við gerum alvarlegar athugasemdir við íramgang þessa máls.

Vicþingarálfylst,

Birna Snædal,
Forseti ASÍ

Hilmar Harðarson,
Formaður lífeyrisnefndar ASÍ

Samrit sent:
Forsætisráðherra,
Katrínu Jakobsdóttur

Forseti Alþýðusambandsins sendi umsögn um frumvarpið sem áður fór bæði í gegnum lífeyrisnefnd og miðstjórn ASÍ. Talið var rétt að frumvarpið hlyti brautargengi, þó að teknu tilliti til alvarlegra athugasemda. Mikilvægar og nauðsynlegar breytingar fólust í frumvarpinu til að framfylgja yfirlýsingum ríkisstjórnar og breytingum á kjarasamningum ASÍ og SA um lífeyrismál þá væri lögfesting frumvarpsins liður í því að jafna lífeyrisréttindi á milli markaða. Frumvarpið samræmdist yfirlýsingu stjórnvalda en þó fjallaði það um atriði utan yfirlýsingarinnar. Ný atriði voru hvergi nefnd í fyrrí drögum og um þau var ekki haft samráð við fulltrúa launafólks. Í greinargerð skorti rök fyrir breytingum frá áður framkomnum drögum að frumvarpi og þá skortir algjörlega allt mat á áhrifum breytinganna í greinargerð. Umsögn ASÍ um frumvarpið er að finna, ásamt öðrum umsögnum, í heild á öðrum stað í þessari skýrslu.

Þau atriði sem ASÍ krafðist að numin væru á brott úr frumvarpinu luttu að lækkun upphafsviðmiðunaraldurs réttindaávinnslu úr 18 í 16 ár, að dregið væri úr innheimtuöryggi með afnámi skilaskyldu iðgjalds til skyldutryggingarsjóðs og loks að áformum um að verðtryggja lífeyrisgreiðslur árlega í stað mánaðarlega.

Af ASÍ var rík áhersla lögð á að hækkun á iðgjaldi til samræmis við kjarasamning ASÍ og SA frá því í janúar 2016 yrði tafarlaust leidd í lög til að tryggja samræmt skyldutryggingariðgjald á öllum vinnumarkaðnum. Eins lagði ASÍ áherslu á að klára að ganga frá því hvernig fara megi með tilgreinda séreign og studdi í því efni frumvarpið en með nokkrum athugasemdum sem finna má í umsögn.

Með frumvarpinu var stuðlað að auknu jafnræði gagnvart réttindum almannatrygginga og lagði ASÍ ríka áherslu á að þau atriði frumvarps yrðu lögfest. Sjóðfélagar frjálsu lífeyrissjóðanna, sem setja aðeins hluta skyldu-iðgjaldsins í samtryggingu og hefja margir hverjir ekki útgreiðslur úr samtryggingadeild fyrr en um og eftir 80 ára aldur, standa mun betur að vígi gagnvart tekjuskerðingum almannatrygginga en sjóðfélagar almennu og opinberu lífeyrissjóðanna. Frjálsu lífeyrissjóðirnir ná þannig lágmarkstryggingarvernd með því að setja hluta skyldutryggingariðgjaldsins í séreign og stærri hluti lífeyris sjóðfélaga þeirra sjóða kemur því úr séreign sem er að fullu undanskilin tekjuskerðingum almannatrygginga ólíkt lífeyri úr samtryggingu. Alþýðusambandið hefur ítrekað vakið athygli stjórnvalda á því óréttlæti og ójafnræði sem felst í tekjuskerðingareglum almannatrygginga hvað þetta varðar og hvernig þær hygla sjóðfélögum frjálsu sjóðanna, sem í mörgum tilvikum eru tekjuháir hópar á vinnumarkaði sem sæta umtalsvert minni tekjuskerðingum almannatrygginga en lágtekjuhópar í sjóðum almenns launafólks.

Frumvarpið var seit lagt fram á kjörtímabili þingsins og takmarkaður tími fyrir þingmenn til að setja sig vandlega inn í svo umfangsmikið og tæknilegt

mál. Viðbúið mætti frumvarpið mikilli andstöðu hinna svokölluðu frjálsu sjóða, var meðal annars vísað til þess þegar frumvarpinu var vísað frá þinginu í annarri umræðu. Stjórnvöld eiga því enn eftir að standa við sinn hlut í að skerpa á lögum um lífeyrissjóði til samræmis við breytingar á kjarasamningum aðila vinnumarkaðar, samkomulögum um jöfnun lífeyrisréttinda milli markaða og yfirlýsingar stjórnvalda.

Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd ASÍ

Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd ASÍ fundaði þrisvar 2020 og jafn oft það sem af er 2021. Vinna nefndarinnar sneri einkum að fyrirhuguðum breytingum á lögum um lífeyrissjóði ásamt því að nefndin vann að breytingum á kjarasamningum ASÍ og SA um lífeyrismál sem farið hefur verið yfir.



Umhverfismál

Umhverfismál vega sífellt þyngra í starfi og stefnumótun Alþýðusambands Íslands og enn þyngra eftir því sem loftslagsbreytingar og aðgerðir vegna þeirra taka meira pláss í samfélagsumræðunni með tilheyrandi áhrifum á stefnumótun stjórnvalda og hugsunarhátt og hegðun almennings. Það verður sífellt ljósara að meginorsök loftslagsbreytinga eru athafnir mannkyns og að áhrif loftslagsbreytinga á náttúru, lífríki og veðurkerfi jarðar sem og á samfélag, vinnumarkað og efnahagslíf eru geigvænleg. Samkvæmt 6. skýrslu IPCC (Vinnuhópur sérfraeðingahóps Milliríkjanefnar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar), sem kom út þann 9. ágúst 2021, liggja enn ítarlegri gögn fyrir en áður sem staðfesta þetta. Gögnin gefa til kynna að loftslagsbreytingar muni koma til með að fjölgja aftakaatburðum tengdum öfgum í veðurfari eins og aukinni rigningu, fellibyljum, hitabylgjum og þurrkum og að þessir atburðir munu verða afdrifaríkari. Pessar víðtaeku og hröðu breytingar hafa þegar haft og munu koma til með að hafa enn meiri áhrif á lofthjúp, haf, freðahvolf og lífríki og eru fordæmalausrar ef litioð er til síðustu alda og árbúsunda. Skýrsla IPCC sýnir þó einnig að það er mögulegt að takast á við hröðum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og vörunum gegn loftmengun.

Samkvæmt útreikningum skýrslunnar, sem eru þróaðri en þeir sem hafa áður verið framkvæmdir, er áætlað að meira en helnings líkur séu á að hlýnu

nái 1,5 gráðu snemma á fjórða áratug þessarar aldar sem er fyrr en áður hefur verið gert ráð fyrir. Hver áratugur síðustu fjóra áratugina hefur verið hlýrri en allir fyrri áratugir síðan mælingar hófust (mælingar hófust 1850) og var meðalhiti jarðar fyrstu two áratugi þessarar aldar tæplega 1 gráðu hærrí en meðaltal áranna 1850-1900. Síðasti áratugur var enn heitari, eða um 1,1 gráðu heitari að meðaltali.

Til að setja þessar hitabreytingar í samhengi má geta þess að Parísarsamkomulagið skuldbindur aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna til að halda hlýnun vel undir 2 gráðum og leita leiða til að takmarka hlýnun við 1,5 gráður. Ísland er aðili að Parísarsamkomulaginu og samkvæmt aðgerðaráætlun í loftslagsmálum hefur Ísland skuldbundið sig til að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda á tímabilinu 2021-2030, miðað við árið 1990. Þann 25. júní 2021 samþykkti Alþingi frumvarp sem festir í lög markmið um að Ísland verði kolefnishlutlaust eigi síðar en árið 2040.

Áhrif loftslagsbreytinga eru nú þegar komin fram og munu versna til muna ef ekkert verður að gert. Loftslagsbreytingar munu koma til með að hafa mest áhrif á þróunarlönd sem reiða sig að miklu leyti á náttúru og hafa takmörkuð úrræði til að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga. Líf og heilsa manna hefur orðið fyrir og mun koma til með að verða fyrir áhrifum loftslagsbreytinga vegna öfga í veðurfari og náttúrvár þeim tengdum svo ekki sé minnst á dauðsföll vegna mengunar. Þá munu loftslagsbreytingar hafa í för með sér skemmdir á innviðum og eignum með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélag og atvinnulíf.

Prátt fyrir að áhrif loftslagsbreytinga verði mest í fátækari löndum munu Íslendingar ekki komast hjá afleiðingum af loftslagsbreytingum. Nú þegar má merkja áhrif loftslagsbreytinga hér á landi. Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra hér á landi var gefin út 3. maí 2018 af Veðurstofu Íslands. Í henni er fjallað um afleiðingar loftslagsbreytinga á náttúru, umhverfi, samfélag og atvinnuvegi á Íslandi. Í skýrslunni er farið yfir áhrif loftslagsbreytinga á lífríki á landi og í sjó, súrnun sjávar, sjávarstöðubreytingar, aukna náttúrvá vegna loftslagsbreytinga, áhrif þeirra á samfélagslega innviði og nauðsynlega aðlögun vegna þessa. Í skýrslunni kemur fram að líklegt sé að loftslagsbreytingar muni koma til með að hafa áhrif á fráveitu- og ofanvatnskerfi, eftirspurn, framboð og gæði vatns og rennsli í virkjuðum jökulám. Þá muni loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar hafa áhrif á sjávarútveg og fiskeldi en umfang áhrifanna velti á því hversu hægfara breytingarnar verða. Áhrif súrnunar sjávar á lífríki hafssins muni þó að öllum líkindum koma fyrr fram á íslenskum hafsvæðum en annars staðar. Áhrif á ferðaþjónustuna eru óljósari, en hún er í dag ein stærsta útflutningsgrein Íslands auk sjávarútvegsins.

Afar líklegt er að loftslagsbreytingar muni koma til með að hafa aukinn kostnað með sér í för fyrir íslenskt þjóðfélag. Samfélagsleg áhrif loftslagsbreytinga og viðbragða við þeim muni að öllum líkendum verða umtalsverð vegna kostnaðar sem felst í mótvægisáðgerðum og alþjóðlegum skuldbindingum auk aðlögunar að loftslagsbreytingum. Ljóst er að loftslagsbreytingar munu koma til með að hafa áhrif á atvinnuvegi, vinnumarkað og samsetningu starfa á vinnumarkaði. Þá munu tekjutilfærslur í formi skatta og ívílnana tengdum aðgerðum í loftslagsmálum auk annarra aðgerða og uppbyggingar innviða hafa víðtæk áhrif á hagsæld, velferð, lífskjör og jöfnuð. Hver áhrif fyrrnefndra aðgerða og tekjutilfærslna verða veltur á því hvaða markmið verða höfð að leiðarljósi við hönnun þeirra og framkvæmd.

Umhverfis- og neytendaneftnd

Umhverfisneftnd hefur verið ein af fastanefndum miðstjórnar ASÍ frá 2008 og var umhverfisstefna samþykkt af miðstjórn ASÍ árið 2012. Í upphafi voru helstu verkefni nefndarinnar að efla þekkingu og umræðu um málaflokkinn meðal forystu og talsmanna sambandsins. Einnig var eitt af hlutverkum nefndarinnar að fylgjast með og veita aðhald vinnu stjórnvalda um Rammaáætlun - áætlun um vernd og nýtingu landsvæða, auk þeirra mála sem snúa að umhverfis- og atvinnumálum og að standa vörð um jöfnuð og félagslegt réttlæti aðgerða. Vinnan sem nefndin hefur unnið undanfarinn áratug gerir ASÍ vel í stakk búið til að takast á við þau krefjandi verkefni sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir varðandi loftslagsbreytingar, gert sig gildandi í umræðu um loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra og ekki síst að veita stjórnvöldum virkt aðhald. Umhverfisneftnd hefur verið ein af fastanefndum miðstjórnar ASÍ frá 2008 og var umhverfisstefna samþykkt af miðstjórn ASÍ árið 2012. Aukin áhersla er nú lögð á neytendamál hjá Alþýðusambandinu og eru þau nú orðin hluti af nefndarstarfi Alþýðusambandsins og falla undir umhverfis- og neytendaneftnd. Nánar er fjallað um neytendamál í kaflanum um verðlagseftirlit ASÍ.

Í upphafi voru helstu verkefni nefndarinnar að efla þekkingu og umræðu um málaflokkinn meðal forystu og talsmanna sambandsins. Einnig var eitt af hlutverkum nefndarinnar að fylgjast með og veita aðhald vinnu stjórnvalda um Rammaáætlun - áætlun um vernd og nýtingu landsvæða, auk þeirra mála sem snúa að umhverfis- og atvinnumálum og að standa vörð um jöfnuð og félagslegt réttlæti aðgerða. Vegna loftslagsbreytinga og aukinnar áherslu hins opinbera á aðgerðir til að stemma stigu við þeim hefur aukinn þungi færst yfir í stefnumótun og aðgerðir tengdum réttlátum umskiptum. Hugmyndafræðin um réttlát umskipti snýr að því að tryggja að loftslagsaðgerðir byggi á réttlæti og jöfnuði og ávinningi af breytingum á samfélagi og efnahag vegna loftslags-

breytinga sé skipt með réttlátum hætti. Aðgerðir til að stemma stigu við loftslagsbreytingum munu koma til með að hafa víðtæk áhrif á vinnumarkað og efnahag landsins og er nauðsynlegt að tryggja að þeim tækifærum og byrðum sem felast í breytingunum verði dreift með réttlátum og sanngjörnum hætti.

Loftslagsráð

Loftslagsráð hefur það meginhlutverk að veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir og markmið Íslands sem tengjast loftslagsmálum. Í breytingum á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012, sem gerðar voru árið 2019, fékk Loftslagsráð stjórnsýsluhlutverk og á þeim tímapunkti fékk ASÍ fulltrúa í ráðið og er hann eini fullrúua launafólks í ráðinu. Með aðkomu ASÍ að Loftslagsráði hefur verkalýðshreyfingin tækifæri til að móta og hafa áhrif á umræðu um og stefnumótun í tengslum við loftslagsmál sem og hugmyndafræði og ráðgjöf stjórnavalda í loftslagsmálum með hagsmuni launafólks og réttlát umskipti að leiðarljósi. Pátttaka verkalýðshreyfingarinnar í Loftslagsráði sem og önnur vinna tengd réttlátum umskiptum er gríðarlega mikilvæg til þess að stefnumótun í umhverfis- og loftslagsmálum og aðgerðir taki mið af hagsmunum launafólks og stuðli að réttlæti, hagseld, velferð og jöfnuði.

Áhersla á réttlát umskipti og vægi félagsvínsinda í vísindaráðgjöf

Á árinu 2021 létt Loftslagsráð vinna fyrir sig greiningu á fyrirkomulagi vísindaráðgjafar á Íslandi með það að markmiði að gefa yfirsýn og leggja grunn að sókn í átt að þverfræðilegri og öflugri vísindaráðgjöf um loftslagsmál á Íslandi sem skili skýrri stefnu og ákvörðunum sem byggja á traustri þekkingu. Við greininguna var rætt við fjölbreyttan hóp aðila sem koma að vísindaráðgjöf í loftslagsmálum á mismunandi stöðum í virðiskeðju hennar, m.a. við fulltrúa launþegahreyfingarinnar, háskólasamfélagið, Náttúrufræðistofnun, Landgræðsluna, Skógræktina, Orkustofnun, Veðurstofuna, Umhverfisstofnun, Matís og Hafrannsóknastofnun, Landsvirkjun, Orkuveit Reykjavíkur, Rannís og Seðlabankann.

Helstu niðurstöður greiningarinnar fólu í sér ákveðin meginþemu sem viðmælendur töldu að þyrfti að efla þegar kemur að vísindaráðgjöf í loftslagsmálum. Pemun eru eftirfarandi:

Skýra hlutverk og ábyrgð

Byggja upp mannaúð og tryggja sveigjanleika

Auka rannsóknir og vöktun

Styrkja fjármögnun

Auka aðkomu félags- og hugvísinda

Auka samvinnu, samráð og samþættingu

Eins og fyrr sagði gafst fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar færi á að koma sjónarmiðum sem varða hagsmuni launafólks á framfæri auk þess sem fulltrúi Alþýðusambandsins hélt þeim á lofti í ráðinu og við áframhaldandi vinnu við skýrsluna. Í skýrslunni er skýrt kveðið á um að kerfislæg umskipti séu nauðsynleg til að tryggja kolefnislaust samfélag og til að aðlagast breytingum sem verða vegna loftslagsbreytinga en til að slík umskipti verði réttlát þurfi að vera til staðar öflug vísindaráðgjöf um áhrif umskiptanna í samféluginu. Þá þurfi að stórefla aðkomu félags- og hugvísinda að rannsóknun og greiningum þar sem tæknilegar lausnir raunvísinda geti ekki tekist á við samfélagsleg vandamál sem er stór ástæða þess að við stöndum frammi fyrir loftslagsbreytingum. Til að ryðja brautina fyrir umskiptunum þurfi að skapa sátt um nauðsynlegar aðgerðir, auk þess sem umskiptin þurfi að vera réttlát á þann hátt að þeim tækifærum og byrðum sem felast í umskiptunum og aðgerðum þeim tengdum sé dreift með réttlátum og sanngjörnum hætti. Öflug vísindaráðgjöf þurfi að vera til staðar um áhrif umskiptanna á jöfnuð og réttlæti og það hvernig réttlát umskipti verða tryggð. Samhliða mati á skilvirkni aðgerða þurfi að framkvæma þjóðhagslega greiningu á áhrifum loftslagsbreytinga og aðgerðum til að stemma stigu við þeim og slík greining þurfi að taka tillit til áhrifa á atvinnulífi, vinnumarkað, afkomuöryggi, velferð og jöfnuð. Þá þurfi kostnaðar- og ábatagreiningar einnig að ná til samfélagslegra þáttta.

Samtal og sókn – Sjávarútvegur og ferðaþjónusta

Á síðasta starfsári, 2020-2021, bauð Loftslagsráð aðilum úr atvinnulífi til samtals og sóknar í loftslagsmálum í formi funda með aðilum frá mismunandi atvinnugreinum, að þessu sinni sjávarútveginum og ferðaþjónustunni. Markmiðið með verkefninu er að varpa ljósi á þau sóknarfæri atvinnulífsins sem felast í markmiðasetningu og loftslagsvænum fjárfestingum, koma á virkara samtali innan atvinnulífsins um nýsköpunarstarf og að setja í samhengi við loftslagsmál og markmið kolefnishlutleysi.

Á fundinum með sjávarútveginum var ljósi varpað á losun gróðurhúsalofttegunda frá greininni og á ástæður fyrir samdrætti gróðurhúsalofttegunda frá greininni síðustu ár. Þá var rætt með hvaða hætti greinin getur aukið metn-aðinn og dregið áfram úr losun og hvaða áskoranir og tækifæri í því felast fyrir greinina. Svipaðar áherslur voru á fundinum með ferðaþjónustunni með áherslu á loftslagsvæna uppybyggingu greinarinnar til framtíðar.

Kolefnishlutleysi og kolefnisjöfnun

Kolefnisjöfnun er mikilvægur þáttur í samdrætti á útlosun gróðurhúsalofttegunda, loftslagsstefnu og vegferð Íslands í átt að kolefnishlutleysi. Með kolefnisjöfnun er átt við þá aðgerð þegar einhver aðili, fyrirtæki, einstaklingur

eða stjórnvöld, hlutast til um aðgerðir annarra aðila með það að markmiði að nota staðfestingu á samdrættinum til að jafna út sína eigin útlosun. Meðfram samdrætti útlosunar hjá fyrirtækjum, einstaklingum og stjórnvöldum sem felst í aðgerðum, breytingum á rekstri og hegðun er haegt að jafna út losun koltvíssýrings með því að draga úr útlosun annars staðar í aðfangakeðjunni. Vegna þess hversu mikill samdráttur í útlosun þarf að eiga sér stað til að draga úr áhrifum af loftslagsbreytingum getur kolefnisjöfnun ekki komið í staðinn fyrir aðgerðir tengdar breytingum á lifnaðarháttum, rekstri og hegðun fyrirtækja, almennings og stjórnvalda.

Í nóvember 2020 sendi Loftslagsráð frá sér álit um ábyrga kolefnisjöfnun en ráðið hafði ádur sent frá sér greinargerð um innviði kolefnisjöfnunar. Í álitinu segir að úrbóta sé þörf varðandi aðferðarfræði, mælingar og útgáfu kolefniseininga sem og yfirlýsingar tengdar kolefnisjöfnun. Stuðla þurfi að því að viðskipti með kolefniseiningar hér á landi standist kröfur um gæði eininga, gagnsæi og rekjanleika og tryggja þurfi að yfirlýsingar um kolefnisjöfnun standist kröfur um samkeppnislöggjöf og viðmið um eðlilega viðskiptahætti. Kolefnisjöfnun þurfi að vera ábyrg, vísindalega staðfest og vottuð. Í maí 2021 bauð Loftslagsráð í samstarfi við Staðlaráð Íslands til vinnustofu um ábyrga kolefnisjöfnun. Tilgangur hennar var að varpa ljósi á áskoranir, hindranir og möguleika í tengslum við kolefnisjöfnun og ná fram sameiginlegum skilningi á stóðu kolefnisjöfnunar hér á landi. Á fundi vinnustofunnar var ákveðið að stofna tækninefnd undir hatti Staðlaráðs. Verkefni hennar er að rýna þá staðla og þau viðmið sem eru þegar í notkun til að nýta eins þekktar og viðurkenndar aðferðir og mögulegt er til að ná markmiði um ábyrga kolefnisjöfnun.

Skýrsla heildarsamtaka verkalýðshreyfingarinnar um Réttlát umskipti

Í mars 2021 kom út skýrsla á vegum heildarsamtaka íslenskrar launþega-hreyfingar (ASÍ, BSRB og BHM) en skýrslan er hluti af samstarfsverkefni „Leiðin að kolefnislausu samfélagi. Samstarf samtaka launafólks á Norðurlöndunum og í Pýskalandi um réttlát umskipti“. Að samstarfinu stóðu Norræna verkalýðssambandið (NFS), Friedrich- Ebert Stiftung (FES) og þýska alþýðusambandið (DGB) ásamt þrettán heildarsamtökum launafólks í gegnum norræna verkalýðssambandið. Landsskýrslur voru unnar í þátttökulöndunum sex (Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð og Pýskaland) þar sem gerð er grein fyrir stefnu stjórnvalda í í loftslagsmálum, efnahagslegum og félagslegum áhrifum aðgerða auk þess sem lagt er mat á þau stjórntæki sem yfirvöld hafa til umráða og niðurstöður skýrslnanna eru

settar í evrópskt samhengi. Höfundar íslensku landsskýrslunnar voru Henný Hinz (ASÍ), Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (BSRB) og Pórunn Sveinbjarnardóttir (BHM).

Í skýrslunni kemur fram að útlosun gróðurhúsalofttegunda hér á landi er hátt í tvöfalt meiri en meðaltal ESB landa en stærstan hluta losunar íslenska hagkerfisins má rekja til flugrekstrar, flutninga á sjó, málframleiðslu, landbúnaðar, sjávarútvegs og vegasamgangna. Rekja má 90% útlosunar í íslenska hagkerfinu árið 2017 til atvinnugreina sem skapa 25% af heildarframleiðsluvirði og 20% allra starfa. Í skýrslunni er farið yfir aðgerðir stjórnvalda í loftslagsmálum sem finna má í aðgerðaráætlun íslenskra stjórnvalda frá árinu 2020. Í skýrslunni kemur fram að útfærsla markmiðs stjórnvalda um 55% samdrátt til 2030 og aðgerðir sem styðja við markmiðið liggi ekki fyrir. Þá vanti upp á trúverðugleika um samdrátt í losun í landbúnaði og fiskveiðum auk þess sem alþjóðlegar skuldbindingar um samdrátt í flug- og sjóflutningum séu enn ekki til staðar. Aðgerðir stjórnvalda sníu aðalalga að því að draga úr útlosun frá vegasamgöngum með skattlagningu jarðefnaeldsneytis og ívilnum um fyrir vistvænum farartækjum og rafhleðslustöðvum. Slík skattlagning sé mest íþyngjandi fyrir lágtekjuhópa og að ívilnanir sem þessar gagnist helst fólk i í efri tekjuhópum.

Í skýrslunni er fjallað um helstu móttunarþætti á íslenskt efnahagslíf og vinnumarkað næstu áratugina eins og sjálfvirknivæðingu, hækkandi lífaldur og loftslagsbreytingar. Vegna þessara breytinga sé brýn þörf að íslensk stjórnvöld vinni markvisst að því að móta heildstæða stefnu fyrir hagkerfi framtíðarinnar sem taki mið af atvinnumálum, nýsköpun, vinnumarkaði, menntun og færni. Þá þurfi fjárfestingarstefnu sem tekur mið af þessum þáttum og stuðli að réttlátum umskiptum í lágkolefnishagkerfi. Þannig þurfi framtíðarstefna fyrir íslenskan vinnumarkað og efnahagslíf að stuðla að sjálfbærni, grænu hagkerfi og fjölda góðum grænum störfum sem séu jafnframt mannsæmandi störf. Með mannsæmandi störfum er átt við störf sem stuðla að sjálfbærni og eru á sama tíma launuð með sanngjörnum hætti, veiti launafólki félagslega vernd, frelsi til að tjá skoðanir sínar og bindast samtökum og tryggi öllum jöfn tækifæri og sanngjarna meðferð.

Par sem kerfisbreytingarnar muni koma til með að hafa víðtæk áhrif á launafólk þurfi stéttarfélög að hafa aðkomu að og taka þátt í allri stefnumótun, undirbúnungi, eftirliti og uppfærslu á áætlunum í tengslum við loftslagsmál. Huga þurfi að menntun, endurmenntun, starfsþjálfun og símenntun til að umskiptin verði árangursrík þar sem sköpun nýrrar þekkingar, hæfni og færni séu lykilatriði í að undirbúa launafólk fyrir ný verkefni og störf. Þá sé nauðsynlegt að tryggja sterka félagslega vernd og afkomu- og atvinnuöryggi til að greiða veginn

fyrir umskiptunum. Að uppfylla markmið um kolefnishlutleysi mun krefjast umfangsmikilla fjárfestinga og mikil tækifæri felast í útflutningi á grænum tæknilausnum sem munu örva hagvöxt og skapa góð og græn störf. Nauðsynlegt er að ákvarðanir um fjárfestingar taki mið af félagslegum áhrifum, ekki síður en efnahagslegum, og fjárhagsleg stjórntæki þurfi því að taka mið af hagsmunum launafólks þannig að þær stuðli að atvinnusköpun, endurmenntun, félagsvernd, starfspjálfun og þáttöku launafólks í umskiptunum.



Verðlagseftirlit ASÍ

Verðlagseftirlit ASÍ er hluti af reglugundnu starfi skrifstofu Alþýðusambandsins og hefur það hlutverk að veita neytendum upplýsingar um verðlag og verðþróun á helstu neytendamörkuðum. Með því er fyrirtækjum og verslunar-eigendum veitt aðhald sem í kjölfarið eykur samkeppni og kemur í veg fyrir óhóflegar verðhækkanir. Verðlagseftirlitið leggur áherslu á að gera verðkannanir á þeiri vöru og þjónustu sem vegur hvað þyngst í bókhaldi heimilanna. Verðkannanir á matvöru vega því þungt hjá Verðlagseftirlitinu enda hefur sá liður mikil áhrif á útgjöld heimilanna. Aðrir útgjaldaliðir sem Verðlags-eftirlitið leggur áherslu á að kanna og vega þungt í útgjöldum heimilanna eru t.d. bankakostnaður, tryggingar, síma- og internetkostnaður, opinber útgjöld eins og fasteignagjöld, dagvistunargjöld fyrir frístundaheimili, skólamatur og leikskólagjöld.

Þær verðkannanir sem hafa verið gerðar síðastliðið ár, eða á tímabilinu 31. ágúst 2020 til 1. júlí 2021, eru eftirfarandi:

2 verðkannanir á matvöru í lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum um land allt

- 1 verðkönnun á matvöru í öllum lágvörugerðsverslunum og stórmörkuðum landsins auk minni verslana sem eru ekki hluti af keðju og eru staðsettar í dreifbýli
- 1 verðkönnun á páskaeggjum
- 2 samanburðarkannanir á vörukörfu ASÍ
- 1 verðkönnun á bókum fyrir jól
- 1 verðkönnun á borðspilum fyrir jól
- 1 úttekt á verði á ýmsum sumarnámskeiðum og umfjöllun um sérs-taka Covid tómstundastyrki – gefið út á ensku og pólsku
- 1 verðkönnun á dekkjaskiptum, umfelgun og jafnvægisstillingu
- 1 verðkönnun á algengum heimilisvörum og byggingavörum í bygginga-vörugerðsverslunum
- 1 úttekt á og samanburðarumfjöllun um verð á mismunandi ferðamátum sem birtist í Neytendablaðinu og Vinnuni

Útgáfa skýrslu með niðurstöðum úr verðathugunum á innflutnum og inn-lendum landbúnaðarvörum í matvögerðsverslunum fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Umfjöllun um og greining á vísitölu neysluverðs

Par að auki hefur Verðlagseftirlitið gert eftirfarandi úttektir á opinberum gjöldum:


- 1 úttekt á breytingum á fasteignagjöldum 2020-2021
 - 1 úttekt á breytingum á leikskólagjöldum 2020-2021
 - 1 úttekt á breytingum á gjöldum fyrir skóladagvistun og skólamat 2020-2021
 - 1 úttekt á hverjir tilheyra forgangshópum sveitarfélaga og borga lægri gjöld fyrir skóladagvistun og leikskóladvöl
- Skýrsla með niðurstöðum úr verðathugunum á landbúnaðarvörum sem verðlagseftirlit ASÍ framkvæmdi fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.*

Breytingar á tollkvóta skiluðu sér í auknu framboði og minni verðhækjunum á landbúnaðarvörum

Í desember 2020 skilaði verðlagseftirlit ASÍ af sér skýrslu sem unnin var fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Skýrslan innihélt niðurstöður úr 9 verðkönnunum á landbúnaðarvörum á tímabilinu desember 2019-september 2020. Niðurstöðurnar benda til þess að neytendur hafi notið góðs af þeim breytingum sem gerðar voru á lögum um úthlutun á tollkvótum í desember 2019 í formi minni verðhækkaná á ýmsum landbúnaðarvörum en höfðu orðið á annarri matvöru á sama tímabili. Þá jókst framboð á mörgum innflutnum og innlendum landbúnaðarvörum töluvert á tímabilinu.

Verðbólga ársins og helstu drifkrafter


Verðbólga jókst töluvert á árinu og mælist 4,3% á ársgrundvelli í ágúst 2021 samanborið við 3,2% í ágúst 2020. Á tímabilinu ágúst 2020-ágúst 2021 fór verðbólgan mest upp í 4,6%, í apríl. Verðbólga án húsnaðis á ársgrundvelli í ágúst er 3,3% samanborið við 3,4% í ágúst 2021.



Ef breytingar á verðlagi á síðasta ári eru skoðaðar eftir eðli og uppruna má sjá að hækjun á húsnaði um 7,5% var stærsti drifkraftur verðbólgu á árinu (áhrif á vísitölu 1,6%). Ef undirliðir í vísitölu neysluverðs eru skoðaðir má sjá að hækjun á reiknaðri húsaleigu (kostnaður við eigin húsnaði) um 8,9% vegur þyngst, en eins og fram kom hér að ofan hafa vaxtalækkani ýtt undir hærra húsnaðisverð.

Visitala neysluverðs eftir eðli og uppruna ágúst '20-'21

Ársbreyting



Annar stærsti áhrifabátturinn á verðbólgu á árinu (ágúst 2020-ágúst 2021) er önnur þjónusta sem hækkaði um 4% (áhrif 0,94%). Peir liðir sem vega þyngst til hækunar á annari þjónustu eru flugfargjöld til útlanda sem hækkuðu um 16,7%, hótel- og veitingastaðir sem hækka um 4,3% og tryggingar sem hækka um 7,2%. Áhrif hækkana á innfluttar vörur, annarra en mat- og drykkjarvöru, á ársverðbólguna eru einnig töluberð (áhrif 0,5%). Þá hækkaði bensín um 14,1% á árinu sem gerir bensín fjórða stærsta áhrifabáttinn í verðbólgunni (áhrif 0,44%). Hærra verð á bensíni má að mestu rekja til hækkana á heimsmarkaðsverði á olíu sem hefur hækkað mikið síðan í byrjun faraldursins.

Visitala neysluverðs eftir eðli og uppruna ágúst '20-'21


Áhrif á visitólu



Verðlag águst 2020-2021	
Visitala neysluverðs	4,3%
01 Matur og drykkjavarður	1,5%
021 Áfengi	3,2%
03 Föt og skór	0,0%
04 Húsnæði, hiti og rafmagn	6,5%
05 Húsgogn, heimilisbúnaður o.fl.	5,0%
06 Heilsa	2,1%
07 Ferðir og flutningar	6,6%
08 Póstur og sími	-3,9%
09 Tómtastundir og menning	2,5%
10 Menntun	1,5%
11 Hótel og veitingastaðir	4,3%
12 Aðvar vorur og þjónusta	3,9%

Krónan veiktist tölувart í faraldrinum sem hefur haft einhver áhrif á innflutningsverð en á liðnu ári hefur gengisveikingin gengið nokkuð til baka og hafa áhrif gengisins á verðbólgu dvínad í takt við það. Gengisvíslan er 5,4% lægri í ágúst 2021 en í febrúar 2020, áður en faraldurinn fór af stað. Veiking krónunnar í kjölfar Covid faraldursins náði hámarki í september 2020 þegar gengisvíslan var 14% lægri en í febrúar 2020. Auk gengisveikingar hafa truflanir á framleiðslu á hrávöru á alþjóðavísu og truflanir í flutningum


þýtt undir hærra verðlag hér á landi vegna hærra verðs á innfluttri vöru og aðföngum.



Á liðnu ári hefur verðlagseftirlit ASÍ fjallað um og bent á áhrif aukinnar eftirspurnar á verðlag hér á landi í Covid faraldrinum. Þrátt fyrir að verg landsframleiðsla hafi dregist saman í faraldrinum má rekja meirihluta samdráttarins til ferðaþjónustunnar. Ýmis verslun hefur þó notið góðs af faraldrinum og í

raun blómstrað vegna aukinnar neyslu innanlands. Þeir Íslendingar sem misstu ekki vinnuna vegna Covid og þeir sem eiga húsnæði hafa haft meira á milli handanna en oft áður. Lágir vextir hafa bætt stöðu margra og skapað svigrúm til aukinna útgjaldla og þá eyddu flestir minni pening í ferðalög sem skapaði svigrúm til annarra útgjaldla. Þá færðist sú verslun sem annars hefði átt sér stað í útlöndum hingað heimg vegna minni ferðalaga.

Samkomutakmarkanir höfðu einnig áhrif á eftirspurn í faraldrinum og gerði m.a. það að verkum að eftirspurn eftir veitingastöðum og mótmuneytum færðist að miklu leyti yfir til matvöruverslana. Þá jókst innlend eftirspurn eftir fótum, húsgögnum, heimilisbúnaði og raftækjum einnig mikið, sem og eftirspurn eftir ýmissi annarri vörum sem sést á aukinni innlendri kortaveltu í stöplaritinu hér fyrir neðan.



Samkvæmt gögnum frá Rannsóknarsetri verslunar og þjónustu jókst samanlögð velta í verslun, innlend og erlend, um 50 milljarða króna, eða 11% 2019-2020, þrátt fyrir 60% samdrátt í verslun erlendra ferðamanna. Þá var heildarvelta í smásöluverslun (í milljónum króna samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum, án vsk) 9,6% meiri árið 2020 en 2019 og heildarvelta fyrstu 7 mánuði ársins 2021 14,4% meiri en fyrstu 7 mánuði ársins 2020. Aukning í innlendri verslun hefur því vegið upp samdrátt í verslun erlendra ferðamanna hér á landi vegna Covid. Ef smágreiðslumiðlun innanlands er skoðuð má sjá mikla aukningu hjá ýmsum tegundum verslun-

ar. Pannig var 19% aukning í innlendri kortaveltu í stórmörkuðum og dagvöruverslunum á árunum 2019-2020 og 30% meiri fyrstu 7 mánuði ársins 2021 en 2019. Tollfrjáls verslun dróst aftur á móti saman um 75% 2019-2020 vegna færri ferða Íslendinga erlendis.



Vörukarfa ASÍ



Frá árinu 2008 hefur verðlagseftirlit ASÍ mælt reglulega vörukörfu ASÍ í öllum helstu matvöruverslunarkeðjum landsins í þeim tilgangi að skoða hvernig verð þróast yfir tíma hjá einstaka verslunum. Vörukarfan á að endurspeglar innkaup meðalheimilis á öllum almennum matar- og drykkjarvörum, t.d. brauðmeti, morgunkorni, pasta, kjöti, fiski, grænmeti, ávöxtum, pakkavörum, kaffi, gosi, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara. Við samsetningu körfunnar eru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísítölu neysluverðs. Benda má á að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanakeðjunum á milli verðmælinga, ekki er um beinan verðsamanburð að ræða.

Tvær mælingar á vöruköfunni voru framkvæmdar á liðnu ári. Fyrri mælingin náði yfir fimm og hálfs mánaðar tímabil, frá lok maí 2020 fram í byrjun nóvember sama ár. Á því tímabili hækkaði vörukarfan um 0,5%-2,6% í sjö verslunarkeðjum. Í seinni mælingunni á yfirstöðnu ári sem náði yfir 5 mánaða tímabil, frá byrjun nóvember 2020 þangað til í lok mars 2021, lækk-aði vörukarfa ASÍ í sex verslunum af áttu, lítillega í flestum tilfellum. Í annarri mælingu sem náði yfir fyrstu mánuði Covid faraldursins hækkaði vörukarfan um 2,3%-15,6% í 8 verslunarkeðjum. Breytingar á vöruköfunni voru í takt við hækkanir á mat- og drykkjarvöru í vísítölu neysluverðs sem námu 4,9% á sama tímabili. Á liðnu ári, frá ágúst 2020-ágúst 2021, hefur dregið úr verðhækjunum á mat- og drykkjarvöru og hækkaði liðurinn um 1,5% samanborið við 6,2% árið áður.



Verðkönnun á matvöru á landsbyggðinni

Síðustu ár hefur nokkur umræða verið um hátt matvöruverð á landsbyggðinni, takmarkaða möguleika fólks í minni byggðalögum til að kaupa mat á hagstæðu verði og veikan rekstrargrundvöll matvöruverslana í dreifbýli. Í september 2020 framkvæmdi verðlagseftirlit ASÍ verðkönnun á matvöru í 15 minni matvöruverslunum á landsbyggðinni og í stórmörkuðum og lágvöruverðsverslunum. Mikill verðmunur var á hæsta og lægsta verði í öllum vöruflokkum. Á mörgum þeim stöðum á landinu sem verðkönnunin fór fram eru langar vegalengdir í næstu verslun og reiða margir heimamenn sig því á þær.

Í febrúar 2020 var skýrslan „Verslun í heimabyggð – greining á sóknartækifærum dreifbýlisverslana“ gefin út. Skýrslan var styrkt af byggðarannsóknarsjóði og unnin af Emil B. Karlssyni, en markmið rannsóknarinnar var að kanna hvaða stuðningsaðgerðir væru skilvirkastar til að styrkja litlar verslanir í dreifbýli. Skýrslan byggir m.a. á upplýsingum og reynslu dreifbýlisverslana sem og á gögnum úr fyrnefndri verðkönnun verðlagseftirlits ASÍ sem framkvæmd var á landsbyggðinni. Samkvæmt skýrslunni felst vandi matvöruverslana í dreifbýli helst í óhagkvæmum innkaupum, háum flutningskostnaði, samkeppni við lágvöruverðsverslanir og áhættufórн eigenda. Helstu aðgerðir sem lagðar eru til til að styrkja matvöruverslun á landsbyggðinni eru samstarf við stærri verslunarkeðjur til að lækka innkaupsverð, opinber fjárstuðningur og ráðgjöf í formi fræðslu, kynninga, bókhaldsþjónustu en slík þjónusta hefur reynst íþyngjandi fyrir rekstur þessara verslana.

Aðeins tvö af fimmtán sveitarfélögum bjóða upp á lægri leikskólagjöld fyrir atvinnulausa

Í kjölfar úttektar verðlagseftirlits ASÍ á leikskólagjöldum og gjöldum fyrir skóladagvistun í byrjun árs 2020 gerði verðlagseftirlitið úttekt á hverjir tilheyra forgangshópum sveitarfélöganna og greiða lægri leikskólagjöld og gjöld fyrir skóladagvistun. Niðurstöður úttektarinnar voru þær að einungis tvö sveitarfélög af þeim 15 sem úttektin náði til bjóða upp á lægri leikskólagjöld fyrir atvinnulausa. Ekkert sveitarfélag er með lægri skóladagvistunargjöld fyrir atvinnulausa. Í tveimur sveitarfélögum, Hafnarfirði og Mosfellsbæ, eru afslættir af leikskólagjöldum reiknaðir út frá tekjuviðmiðum og geta atvinnulausir mögulega fallið undir þau viðmið og hlotið afslátt. Öll fimmtán sveitarfélögin bjóða upp á lægri leikskólagjöld fyrir forgangshópa en það er misjafnt eftir sveitarfélögum hverjir tilheyra forgangshópum. Algengast er að það séu einstæðir foreldrar og námsmenn en sjaldgæft er að öryrkjar og atvinnulausir tilheyri forgangshópum. Vegna þess að einungis fjögur sveitarfélög bjóða upp á lægri skóladagvistunargjöld breytast gjöld foreldra og kostnaður þeirra

eykst þegar börn færast milli skólastiga og fara úr leikskóla yfir í grunnskóla vegna þess að gjöld fyrir skóladagvistun eru hærri en leikskólagjöld sem er afsláttur af. Mest hækka gjöld hjá fólki með mestan afslátt. Pannig hækka gjöldin í mörgum tilfellum um yfir þriðjung, í nokkrum tilfellum um yfir helming. Ólíkt gjöldum fyrir forgangshópa lækka almenn gjöld í flestum tilfellum milli skólastiga, eða í 11 sveitarfélögum af 15.

Breytingar á lögum um Neytendastofu

Árið 2020 lagði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um Neytendastofu og fleiri lögum (stjórnsýsla neytendamála). Samkvæmt greinargerðinni sem fylgdi frumvarpinu er frumvarpið fyrsta skrefið í endurskoðun á fyrirkomulagi neytendamála. Markmiðið með endurskoðuninni er að fára verkefni Neytendastofu nær kjarnastarfsemi í örðum stofnunum þar sem skyldleiki og samlegð verkefna er meiri. Í stað einnar miðlægrar stofnunar sem fari með neytendamálum verði verkefni stofnunarinnar færð til annarra ríkisstofnana þar sem neytendamál séu nú þegar dreifð. Þá segir að með því að fækka ríkisstofnunum megi auka skilvirkni og hagkvæmni eftirlits í págu atvinnulífs og neytenda. Sameining stofnana auki bolmagn vegna meiri sérhæfingar sem auki fagmennsku og hækki þekkingarstig. Frumvarpið fól í sér tilfærslu verkefna á sviði vöroruðgjgis og markaðseftirlits auk mælifræði frá Neytendastofu til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Í greinargerðinni sagði að gert væri ráð fyrir því að samþykkt frumvarpsins muni auka hagkvæmni og skilvirkni í eftirliti til hagsbóta fyrir atvinnulíf og neytendur og að tilfærsla verkefna til annarra stofnana og niðurlagningu Neytendastofu hafi með sér í hug sparnað fyrir ríkissjóð.

Í umsögn Alþýðusambandsins um frumvarpið segir að þrátt fyrir að neytendamál séu dreifð víða um stjórnkerfið hafi ekki verið færð nægilega sterk rök fyrir því að það sé til hagsbóta að þeim verkefnum sem snúa að neytendavernd sé dreift enn frekar um stjórnsýsluna. Ekki sé víst að það sé nægilega mikil samlegð með þeim verkefnum sem á að fára og starfsemi þeirra stofnana sem verkefni eigi að færast til. Tilfærslan geti þvert á móti dregið úr skilvirkni og leiða megi líkur að því að yfirsýn stjórnvalda yfir málaflokkinn verði minni. Í umsögninni segir einnig að Alþýðusambandið geldi varhug við markmið frumvarpsins um hagræðingu og sparnað og telji þau ekki til þess fallin að efla starfsemi neytendamála sem þó sé þörf á. Alþýðusambandið telji ekki ljóst að áætlaðar breytingar séu til hagsbóta fyrir neytendur og að endurskoðun á skipulagi neytendamála þarfnið frekari skoðunar og yfirlegu í samráði við og með samtali við þá aðila sem vinni að neytendamálum hér á landi. Frumvarpið var samþykkt á Alþingi þann 16. mars 2021 og munu taka gildi 1. október 2021.

Áframhaldandi samfélagsumræða um samkeppnismál

Á árinu var töluverð umræða í samfélagini um samkeppnismál og sótt hefur verið að starfsemi Samkeppniseftirlitsins af ýmsum aðilum í samfélagini sem hafa talað fyrir veikingu stofnunarinnar. Umræðan er ekki ný af nálinni en samkeppniseftirlitið hefur í lengri tíma legið undir gagnrýni, þá aðallega frá aðilum frá atvinnulífinu auk einhverra stjórnmálamanna. Í kjölfarið voru gerðar breytingar á lögum um Samkeppniseftirlitið sem fjallað var um í síðustu skýrslu forseta. Umræða um samkeppniseftirlit hefur haldið áfram eftir það og í maí á þessu ári (2021) lögðu níu þingmenn úr röðum Sjálfstæðis-, Framsóknar- og Miðfloksins fram beiðni um skýrslu frá ríkisendurskoðanda um starfsemi Samkeppniseftirlitsins. Í beiðninni var óskað eftir að mati á árangri af eftirlitishlutverki stofnunarinnar og að kannað yrði hvernig framkvæmd samrunamála hafi verið á árunum 2018-2020.

Í ljósi umræðunnar sendu hagfræðingar heildarsamtaka launafólks á vinnumarkaði frá sér grein í apríl 2021 þar sem þeir fjölluðu um mikilvægi samkeppniseftirlits og virkrar samkeppni fyrir kaupmátt launafólks, hagsæld og lífskjör á Íslandi. Í maí 2021 stóðu heildarsamtökin, Alþýðusamband Íslands, BHM og BSRB, sameiginlega að fyrirlestri þar sem franski hagfræðingurinn Thomas Philippon sagði frá bók sinni „The Great Reversal: How America Gave Up on Free Markets”. Thomas Philippon var valinn einn af merkstu hagfræðingum undir 45 ára af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum árið 2014 og er nú professor við New York University. Bókin fjallar um áhrif aukinnað fákeppni í Bandaríkjunum og hvernig sérhagsmunagæsla hefur veikt samkeppnisyfirvöld og regluverk með tilheyrandí áhrifum á lífsgæði.



Félags- og vinnumarkaðsmál

Félags- og vinnumarkaðsmál eru eðli málsins samkvæmt mikilvægur hluti af kjarnastarfsemi Alþýðusambandsins og skrifstofu þess. Petta gildir jafnt um viðfangsefni sem Alþýðusambandið stendur eitt að og verkefni í samstarfi við aðra aðila, s.s. önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda og stjórnvöld. Með aðild sinni að stjórnum Vinnumálastofnunar, Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ábyrgðasjóðs launa, Vinnueftirlitsins og Jafnréttisráði, auk fjölmargra nefnda og starfshópa á svíði félags- og vinnumarkaðsmála, vinna fullrúuar ASÍ einnig að því að hafa áhrif á móton og framkvæmd stefnu stjórnválda á þessu svíði til hagsbótar fyrir launafólk.

Eins og áður hefur Alþýðusambandið lagt mikla áherslu á jafnréttismálin og að vera leiðandi á því svíði, bæði innan verkalyðshreyfingarinnar og í samstarfi við aðra aðila. Vinnan við innleiðingu jafnlaunastaðalsins og endurskoðun hans hefur verið hluti af því verkefni.

Íslenskur vinnumarkaður hefur síðustu ár vaxið sem aldrei fyrr og mikil fjölgun starfsmanna hefur verið í greinum eins og byggingariðnaði og mannvirkjagerð, ferðaþjónustu og þjónustustarfsemi af ýmsu tagi. Um leið hafa félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði vaxið hratt.

Mikilvægur þáttur í baráttunni gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði er að treysta lagarammann og fylgja eftir af festu í framkvæmd. Í þeim tilgangi

hefur verið lögð sérstök áhersla á að styrkja löggjöf og alla framkvæmd sem miðar að því að sporna við og uppræta brotastarfsemina.

Hér á eftir er gerð grein fyrir nokkrum helstu málaflokkum á sviði félags- og vinnumarkaðsmála sem unnið var að á vettvangi ASÍ frá hausti 2020 til hausts 2021. Í sumum tilfellum var jafnframt um að ræða eftirfylgni með kjarasamningum og yfirlýsingum ríkisstjórna í tengslum við þá.

Málefni atvinnuleitenda

Alþýðusambandið hefur unnið að málefnum atvinnuleitenda með margvíslegum hætti á undanförnu starfsári. Prýst hefur verið á stjórnvöld um að tryggja framfærslu þeirra sem lenda í atvinnumissi og sertækjar aðgerðir vegna atvinnuleysis á tímum heimsfaraldurs. Alþýðusambandið á aðild að stjórn Vinnumálastofnunar og hefur viðhaft virka rýni á starfsemi þeirrar stofnunar á liðnum vetri. Meðfram þessu tekur ASÍ þátt í heildarendurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar á vettvangi nefndar á vegum félagsmálaráðuneytisins ásamt fulltrúum annarra aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda. Löginn voru síðast endurskoðuð árið 2006 og hefur Alþýðusambandð þrýst á um endurskoðunina. Nefndin tók til starfa í febrúar á þessu ári og á að skila tillögum sínum fyrir haustþing 2022. Viðmið í þeirri vinnu eru að lagabreytingar stuðli að aukinni sanngirni og mannúð gagnvart fjölbreyttum hópi atvinnuleitenda. Enn fremur að virkni og möguleikum til starfsþróunar sé forgangsraðað í kerfinu. Vinnumarkaðs-, atvinnumála- og jafnréttisnefnd léttaka saman minnisblað um misbresti í kerfinu og stöðu atvinnuleitenda og innihaldi þess var komið á framfæri við Vinnumálastofnun. Varðandi starfshætti Vinnumálastofnunar var fjallað um mikilvægi persónuverndar og misbresti við meðferð persónuupplýsinga í kerfinu, ósanngjarnt vinnulag vegna ofgreiddra bóta, aðgengi að upplýsingum og þjónustu fyrir fólk af erlendum uppruna og kallað eftir skýrum vinnubrögðum sem tryggja jafna meðferð atvinnuleitenda í samræmi við lög um jafna meðferð á vinnumarkaði. Hvað varðar þátt laganna var þar sérstaklega fjallað um dvalarskilyrði atvinnuleysistrygginga í samhengi alþjóðavædds vinnumarkaðar, slæma stöðu atvinnuleitenda hvað varðar veikindarétt og skilgreiningu Íslands sem eins atvinnusvæðis.

Baráttan gegn gulum stéttarfélögum

Baráttan gegn uppgangi gulra stéttarfélaga fór annars vegar fram í aðgerðum gagnvart flugfélaginu PLAY sem gert hafði ógildan samning við gula stéttarfélagið Íslenska flugstéttarfélagið (IFF) að mati Alþýðusambandsins. Aðgerðir gegn PLAY og IFF tóku á sig mynd kjaradeilu þegar Flugfreyjufélag

Íslands gerði kröfu um að gera kjarasamning við flugfélagið sem var hafnað af hendi flugfélagsins. Sú deila er óleyst. Hins vegar var fjallað sérstaklega um málefni stéttarfélagsins Kóps sem einkum hefur laðað til sín félaga úr röðum pólsks verkafólks. Alþýðusambandið hafði áður hafnað aðildarumsókn félagsins á þeim forsendum að félagið geri ekki kjarasamninga, sem er grundvallarhlutverk stéttarfélaga. Vinnumarkaðs-, atvinnumála- og jafnréttisnefnd ásamt sérstökum starfshópi skipuðum af miðstjórnum fór yfir málefni Kóps. Niðurstaðan var m.a. sú að takmarkaðar kröfur eru gerðar í stjórnsýslu á Íslandi gagnvart félögum sem vilja láta skrá starfsemi sína sem stéttarfélag. Áhersla var einnig lögð á það í umfjöllun um málið að mikilvægur liður í að tryggja það að slík félög öðlist ekki starfsgrundvöll er að stéttarfélög um land allt sinni vel öllum hópum félagsmanna. Sjá nánar í kafla um kjaramál.

Jafnréttismál

Ýmis verkefni á sviði kynjajafnréttis hafa verið unnin á árinu. Maríanna Traustadóttir, sem hafði stýrt málaflokknum um árabil af krafti, settist í helgan stein. Guðrún Margrét Guðmundsdóttir tók við keflinu og gegnir nú hlutverki jafnréttisfulltrúa. Starfið hefur falist í þáttöku í hinum ýmsu verkefnum í samstarfi við kvennahreyfinguna, setu í nefndum á vegum forsætisráðuneytis sem fer fyrir málaflokknum, samráði á vettvangi UN Women í verkefni sem lýtur að pólitískri valdeflingu kvenna og skil á umsögnum um frumvörp sem lúta að kynjajafnrétti.

Endurmat á virði kvennastarfa

Eitt umfangsmesta verkefni í málaflokknum á árinu var aðild í starfshópi forsætisráðuneytis um endurmat á kvennastörfum, en forseti ASÍ á sæti í starfshópnum og er Guðrún Margrét varamaður. Í starfshópnum sitja jafnframt fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytis og félagsmálaráðuneytis, SA og aðrir fulltrúar launafólks, þ.á m. BSRB, BHM og KÍ. Hópurinn var stofnaður á grunni bókunar í kjarasamningum BSRB við ríki og sveitarfélög og hlutverk hans er að leggja fram tillögur að aðgerðum til að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði og skipulögðu vanmati á kvennastörfum. Til stuðnings þessu starfi var stofnuð tímabundin nefnd um endurmat á kvennastörfum skipuð fulltrúum landssambanda og félaga með beina aðild, líkt og aðrar nefndir miðstjórnar. Kynbundinn launamunur hefur verið útskýrður með því að konur vinni minna, þær velji sér annars konar nám og starfsvettvang, þær séu síður stjórnendur, þær hverfi af vinnumarkaði vegna barneigna, þær sinni umönnun veikra eða aldraðra ættingja auk umönnunar barna o.s.frv. Pannig hefur launamunurinn bæði verið skýrður og réttlættur í

gegnum tíðina með vali kvenna og jafnvel eiginleikum í stað þess að líta til verðmætamats starfanna. Með breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna á síðasta ári var áherslan færð frá því að jafna laun fyrir sambærileg störf og til þess að meta jafnt virði starfa. Á þeim grunni er hægt að bera saman virði ólíkra starfa. Brýnt er að verkalýðshreyfingin horfist í augu við skipulagt vanmat á störfum kvennastéttu og berjist fyrir því að þessum launamuni verði útrýmt. Þegar þetta er skrifað er skyrsla með tillögum starfshóps væntanleg.

8. mars – Alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna, þann 8. mars 2021, var haldinn fundur í samstarfi við BSRB, KÍ, BHM og Kvenréttindafélag Íslands, venju samkvæmt. Fundurinn var haldinn á Zoom vegna samkomutakmarkana. Yfirskrift fundarins var Konur á kafi: Fundur um kynjajafnrétti á tímum heimsfaraldurs á alþjóðadegi kvenna. Pema fundarins sneri að því stóraukna á lagi sem lagst hefur á konur á tímum faraldursins; hvernig yfirumsjón kvenna á heimilishaldi afhjúpaðist á tímum heimavinnu og sóttkvíar, hvernig framlínustörfin urðu enn erfiðari vegna strangra sóttvarna og hvernig ástandið knúði kennara til að tileinka sér nýja tækni og aðferðir í kennslu án undirbúnings eða fyrirvara.

#MeToo og stéttarfélögin

Í ljósi nýrrar bylgju #MeToo á vordögum sköpuðust umræður um hlutverk stéttarfélaga þegar þeim berast mál sem varða kynbundið og kynferðislegt áreitni og ofbeldi og einelti. Að beiðni miðstjórnar ASÍ og formannaráðs BSRB, var farið þess á leit við Vörðu – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins að kanna umfang og eðli slíkra mála og viðbrögð við þeim.

Niðurstöður könnunarinnar sýndu að erfitt er að leggja mat á raunfjölda þeirra mála sem berast stéttarfélögnum vegna kynbundinnar/kynferðislegrar áreitni og ofbeldi á vinnustað en skráning eineltismála virðist vera í betra horfi. Á hinn bóginn veita stéttarfélögini stórum hluta sem til þeirra leita einhvers konar aðstoð, hvort sem um ræðir almennar ráðleggingar, stuðning eða sértæka aðstoð á bord við lögfræðirádgjöf og sálfraðiaðstoð. Í könnuninni kemur fram ákall af hálfu stéttarfélaganna um samræmda skráningu og einnig er bent á þörf fyrir formleg verkferli og aðstoð við að taka á þessum flóknú málum.

Upplifanir og reynsla kvenna í hópi ungmenna sem hvorki eru í vinnu né námi (NEET)

Líkt og fram kemur í vinnumarkaðsskýrslu ASÍ frá því í haust á síðasta ári hefur orðið mikil fjölgun í hópi óvirkra ungmenna, þ.e.a.s. ungmenna hvorki í atvinnu né námi. Sérstaklega eru þungar áhyggjur af háu hlutfalli ungra kvenna af erlendum uppruna í þeim hópi. Aftur var leitað til Vörðu – rann-

sóknastofnunar vinnumarkaðarins, sem útbjó rannsóknarverkefni til að kanna upplifanir og reynslu ungra kvenna af erlendum uppruna sem eru hvorki í atvinnu né námi. Rannsóknarverkefnið byggði á frásögnum ungra kvenna af erlendum uppruna í rýnihóp og veitir innsýn í upplifanir hópsins og raunverulegar áskoranir þeirra.

Vegna skorts á rannsóknum á sviðinu er lítið vitað um stöðu þessa hóps og því nauðsynlegt að skapa yfirgrípsmikla vísindalega þekkingu til að hægt sé að mæta þörfum hans. Verkefnið er því liður í mikilvægri þekkingarsköpun.

Útlendingar á vinnumarkaði

Á undanförnu ári hefur ASÍ sett aukinn þunga í málefni útlendinga á vinnumarkaði. Í þessum kafla verður farið yfir breytingar á samsetningu á íslenskum vinnumarkaði og þá vinnu sem nú stendur yfir innan ASÍ í málafloknum.

Þróun búferlaflutninga til Íslands

Innflytjendum hefur fjöldað til muna í íslensku samfélagi og raunar hefur fjöldi þeirra nær sexfaldast á síðustu tveimur áratugum. Innflytjendur eru um 15% þjóðarinnar og hafa undanfarin ár verið tæpur fimmtungur fólks á vinnumarkaði. Nýjustu tölur gefa þó til kynna að einhver fækken hafi orðið vegna kórónuveirukreppunnar og að fjöldi innflytjenda á vinnumarkaði hafi lækkað úr 19% í 16%. Pólderjar eru langfjölmennastir í hópi innflytjenda á Íslandi, eða tæp 21 þúsund manns og 37% af heild. Næst koma Litháar, um 4600, Rúmenar um 2300 og Lettar um 2200 manns.

Íslenskar rannsóknir sýna að stór hluti erlends launafólks á Íslandi vinnur við einhæf láglunaastörf. Það vinnur almennt lengri vinnudag, fær að meðaltali lægri laun en Íslendingar og á oft erfitt með að fá menntun sína og starfsreynslu metna. Petta er í samræmi við það sem Alþjóðavinnumálastofnunin heldur fram á alþjóðavísu. Störfin sem um ræðir eru oft bundin við sveiflukenndar greinar atvinnulífsins, s.s. í byggingariðnaði og ferðaþjónustu, en einnig við framleiðslu og umönnun. Ljóst er að erlent launafólk býr við hlutfallslega mikið óþryggi og óstöðugleika á vinnumarkaði og er einnig hlutfallslega fjölmennt í hópi láglunaafólks.

Framangreindar breytingar á samsetningu launafólks gerast ekki í tómarúmi. Skoða þarf sögu búferlaflutninga til Íslands undanfarna tvo áratugi í samhengi við þrjá meginþætti sem valdið hafa straumhvörfum innan vinnumarkaðarins sl. áratugi: Aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) með tilheyrandi frjálsri för launafólks, alþjóðavæðingin sem fól í sér breytta heimsmynd í átt að markaðshyggu og nýfrjálshyggu og síaukin þörf fyrir starfsfólk í þensludrifnu hagkerfi.

Innganga í EES

Lengst af var hlutfall innflytjenda á Íslandi afar lágt, eða um 2%, langt undir því sem gerðist í nágrannalöndunum. Það breyttist með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) fyrir um aldarfjórðungi síðan, Schengen-samstarfinu árið 2001, sem gerði flutninga hingað til lands enn auðveldari með afnámi eftirlits á innri landamærum ríkjanna, og einnig með inngöngu nýrra ríkja í Evrópusambandið árið 2006, þ.m.t. Eistlands, Lettlends, Litháen og ekki síst Póllands. Petta þýddi að fólk frá þessum nýju aðildarríkjum þurfti ekki lengur atvinnuleyfi til að starfa hér á landi og jókst flutningur hingað til lands til muna. Fyrir þann tíma voru flestir innflytjendur frá nágrannalöndunum og voru Danir þar í meirihluta, en í dag eru flestir frá Austur-Evrópu. Fólk kom hingað fyrir margar sakir, m.a. vegna skorts á starfsfólk í fiskvinnslu víða um land og öðrum framleiðslustörfum. Fyrir utan það að hafa farið rólega af stað er þróun fólksflutninga hér í takti við það sem gengur og gerist í Evrópu.

Aðild Íslands að EES hafði í för með sér grundvallarbreytingar fyrir íslenskan vinnumarkað sem færðist í átt að alþjóðavæddum vinnumarkaði. Samkvæmt rannsóknnum þeirra Unnar Dísar Skaptadóttur og Önnu Wojtynsku, mannfræðinga, er flæði vinnuafs fyrst og fremst drifið áfram af þörf atvinnureknda fyrir ódýrt og tímabundið vinnufl á uppsveiflutímum, sem auðvelt er að losa sig við um leið og harðnar í ári. Misskipting gæða og ójöfnuður eru talin veigamiklir áhrifapættir er kemur að flutningi fólks milli landa. Vinnufl leitar þangað sem kaup og kjör eru betri en í heimalandinu og fólk frá láglauunasvæðum fær tækifæri til að starfa í löndum þar sem laun eru hærri og starfskjör geta verið betri. Því miður festist þetta sama fólk oft í láglaunstörfum á Íslandi og jafnvel í fátæktargildru sem það á litla möguleika á að vinna sig upp úr.

Pess ber að geta að á sama tíma og íbúar svæðisins öðluðust rétt til að búa og starfa á Íslandi varð erfiðara fyrir fólk utan EES að fá atvinnuleyfi hér á landi.

Alþjóðavæddur vinnumarkaður

Hugtakið alþjóðavæðing, stundum kallað hnattvæðing, vísar í vaxandi tengsl á milli fólks þvert á landamæri og flæði hugmynda, tækni, fjármagns og viðskipta og afnám hafta. Leiðin út úr efnahagsþrengingum er þannig talin liggja í auknu frelsi á mörkuðum og minni ríkisafskiptum. Í raun má segja að hinn hnattræni vinnumarkaður byggi á því að fólk sé tilbúið að flytja á milli landa til að starfa fyrir fyrirtæki sem bjóða upp á kjör sem innfæddir myndu síður sætta sig við.

Í þessum anda hefur verið talið eðlilegt að manna störf sem annars gengur illa að fá starfsfólk til með erlendu verkafólk, þar á meðal í gegnum starfsmannaleigur.

Ferðaþjónusta og hrun

Á árunum 2006 til 2008, eftir fyrrgreinda stækken Evrópusambandsins, fjögðaði innflytjendum úr 4,6% af heildarfjölda landsmanna í 7,4%. Innflytjendum fækkaði tölvert eftir efnahagshrunið árið 2008, en þó kusu tölvert margir að dvelja hér áfram.

Innflytjendum tók aftur að fjölgja upp úr 2010 samfara fjölgun ferðamanna. Ferðamannastraumurinn leiddi til fjölgunar starfa í vinnuaflsfrekum atvinnugreinum. Þörf fyrir starfsfólk jókst verulega, þ.m.t. til að manna ört vaxandi ferðaþjónustu, sístækkandi byggingariðnað sem og framleiðslu- og umönnunarstörf. Ljóst er að án aðkomu erlends launafólks hefði ekki verið hægt að bregðast við síaukinni vinnuaflsbörf á uppbyggingar- og góðærístínum. Á tímabilinu 2017–2018 varð metfjölgun í búferlaflutningum til landsins en þá fjölgadi erlendum ríkisborgurum um tæp 14 þúsund manns á aðeins einu ári, eða um tæp 46% á milli ára. Á þessu tímabili var atvinnupátttaka innflytjenda hærri en meðal innfæddra Íslendinga. Hægja tók á góðærinu árið 2019 m.a. með gjaldþrofi flugfélagsins WOW og á sama tíma dró úr fjölgun innflytjenda. Við kólnun hagkerfisins fóru atvinnuleysistölur haekkandi. Kórónuveirkreppan veitti áralangri þenslu í hagkerfinu svo endanlega náðarhöggid í byrjun árs 2020. Þó að dregið hafi úr búferlaflutningum til Íslands miðað við þegar mest var hefur erlendum ríkisborgurum fjölgad á Íslandi frá því að kórónuveiran skall á, þótt vísbendingar gefi til kynna að þeim hafi fækkað á vinnumarkaði. Fátt bendir til þess að innflytjendur komi til með að yfirgefa landið í stórum stíl á tímum heimskreppu, fjöldi fólks hefur myndað tengsl við landið og stungið niður rótum og áunnið sér inn réttindi. Það sama gerðist í kjölfar hrunsins 2008.

Þróun fólksflutninga til Íslands sl. 70 ár

Atvinnuleysi og hrakandi velferð á tímum heimsfaraldurs

Atvinnuleysistölur gefa glögglega til kynna viðkvæma stöðu innflytjenda á vinnumarkaði. Atvinnuleysi í þeirra röðum er þrisvar til fjórum sinnum meira en meðal innfæddra Íslendinga. Þegar atvinnuleysi mældist hvað mest í upp-hafi þessa árs í miðjum heimsfaraldri var 24% erlends launafólks atvinnulaust miðað við 11,6% almennt atvinnuleysi. Ef tímabilið frá janúar 2020 til janúar 2021 er skoðað er fjölgun atvinnulausra mest í ferðatengdri starfsemi, m.a. í farþegaflutningum og gistipiðjónustu, þar sem innflytjendur eru þrefalt líklegrir til að starfa heldur en innfæddir. Nú hefur atvinnuleitendum fækkað m.a. vegna tilslakana á sóttvarnarreglum í sumar og var almennt atvinnuleysi í júlí sl. komið niður í 6,1%. Ef innflytjendur eru teknir út fyrir sviga er atvinnuleysi

þeirra á meðal 14%. Innflytjendur eru nú um 40% þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá, sama hlutfall og á sl. tveimur árum. Hátt atvinnuleysi á meðal erlends launafólks er því ekki nýtt af nálinni. Atvinnuleysi meðal innflytjenda fram að bankahruni árið 2008 var undir því sem gerðist á meðal innfaedra en upp frá því jókst það hröðum skrefum, úr 18% 2012, í 32% árið 2018 og er nú komið upp í 40% eins og fyrr segir. Fjölmennustu hópar atvinnuleitenda í röðum innflytjenda eru í samræmi við fjölda þeirra hér á landi. Pólderar voru tæpur helmingur þeirra í júlí 2021 og því næst koma Litháar, Lettar og Rúmenar en færri meðal annarra þjóðerna.

Kreppan vegna heimsfaraldursins hefur bitnað harðar á innflytjendum en öðrum og er full ástæða til að gefa velferð innflytjenda sérstakan gaum á þessum krepputínum. Fyrir utan umtalsvert tekjufall, sem áætlað er um 37% á fyrstu mánuðum atvinnuleysis og afkomuöryggi því tengdu, sýnir rannsókn Vörðu – rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins frá því í byrjun árs að andleg heilsa innflytjenda er mælanlega verri en hjá innfæddum Íslendingum. Almenn fjárhagsstaða innflytjenda er einnig verri og þeir eiga erfiðara með að ná endum saman. Þeir líða frekar efnislegan skort og hafa frekar þegið matar-og/eða fjárhagsaðstoð.

Jaðarsetning og gul stéttarfélög

Líkt og Alþýðusamband Íslands hefur á undanförnum árum sýnt fram á hefur jaðarsetning og brotastarfsemi á vinnumarkaði aukist jafnt og þétt samfara fjölgun erlends launafólks. Í skýrslu ASÍ um erlent launafólk og brotastarfsemi frá árinu 2019 segir að brotastarfsemi lýsi sér í „stórfelldum launapjófnaði, alvarlegum brotum gagnvart öryggi og aðbúnaði, illri meðferð og framgöngu fyrirtækja sem þegar verst lætur verður ekki lýst nema sem nauðungarvinnu og vinnumansali“. Ný stéttskipting sé að myndast á íslenskum vinnumarkaði þar sem fólk af erlendum uppruna lendir á botninum, ásamt öðrum viðkvæmum hópum í íslensku samfélagi. Samfara breytingum í íslensku atvinnulífi hefur undirverktökum svo og innlendum og erlendum ráðningarskrifstofum fjölgð marfalt. Ráðningafyrirkomulag er fjölbreyttara en áður og hefur útsendum starfsmönnum, einkum í byggingariðnaði, fjölgð töluvert. Komið hafa fram vísbindingar um að þeim hafi fjölgð sem standa utan hins formlega vinnumarkaðar og eru hvorki skráð í verkalýðsfélög né með gildandi ráðningasamninga. Gul stéttarfélög hafa einnig verið sérstakt áhyggjuefni með tilkomu Kóps o.fl. Brugðist hefur verið við þessari varhugaverðu þróun hjá ASÍ og aðildarfélögum með stórfelldri upplýsingamiðlun og með eflingu vinnustaðaeftrirlits.

Nýir starfskraftar í málefnum útlendinga

Vegna breytinga á vinnumarkaði og stöðu erlends launafólks hefur skrifstofa

ASÍ sett aukinn þunga í málaflokkinn. Fyrir ári síðan tóku til starfa á skrifstofunni sérfræðingur á svíði útlendinga og flóttafólks á vinnumarkaði og hins vegar túlkur. Á vormánuðum 2021 var í fyrsta sinn ráðinn pólskumælandi starfsmaður til ASÍ og starfar á svíði fræðslu og þekkingar. Pessari viðbót við starfslið ASÍ er ætlað að efla þekkingu á málefnum erlends launafólks, tala máli þeirra með skýrari hætti og veita aðildarfélögum ASÍ bætta þjónustu á því málefnaðsviði.

Verkefni sem lúta að erlendum félagsmönnum

Segja má að samráð og samtal hafi einkennt verkefni ársins í málefnum útlendinga. Starfsfólk fundaði með aðildarfélögum, opinberum stofnunum, samtökum og einstaklingum sem vinna að málefnum útlendinga, í því skyni að fræðast og kanna flöt á samstarfi. Það þarf ekki alltaf að finna upp hjólið og oft næst árangur í samstarfi við aðra, þar sem hver aðili nýtir sína styrkleika, málaflokknum til hagsbóta. Einnig var lögð áhersla á að skilgreina hvaða aðferðir félögin hafa notað í þjónustu við erlenda félaga sína, sem hugsanlega geta nýst víðar um hreyfinguna og hvernig ASÍ getur stutt við félögini að þessu leyti. Að auki var kapp lagt á að ná til innflytjenda sjálfra til að öðlast innsýn í stöðu og aðstæður þeirra hér á landi. Það er ljóst að bágur aðstæður margra innflytjenda eru innfæddum Íslendingum oft og tíðum hulin. Því er dýrmætt og nauðsynlegt að fá innflytjendur að borðinu í vinnu sem þau snertir. Auk þess ber að nefna kennslu og kynningar um innflytjendamál á ýmsum vettvangi og umsagnir um frumvörp tengd málaflokknum.

Fundir með formönnum og starfsfólki stéttarfélaga um þjónustu við erlent félagsfólk

Starfsfólk ASÍ fundaði með formönnum og starfsfólki stéttarfélaganna til að greina betur þjónustu við aðildarfélögini og tillögur til úrbóta. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu voru fundirnir að mestu á Zoom. Tilgangur fundanna var að fræðast um samsetningu félagsfólks, þjónustu félaganna við erlenda félagsmenn og athuga hvernig ASÍ gæti stutt félögini betur að þessu leyti. Athugun sýnir að stór hluti aðildarfélaga ASÍ vinnur sérstaklega að þjónustu við erlent launafólk, til dæmis með notkun túlka og með því að birta fréttabréf og/eða annað efni á ensku eða öðrum málum. Nokkur félög hafa ráðið starfskraft sem á að sinna málaflokknum sérstaklega og þá í sumum tilfellum starfsfólk af erlendum uppruna. Þessir einstaklingar gegna gjarnan lykilhlutverki í að þjónusta erlent launafólk og nýta til þess þekkingu sína á tungumálum, menningu og vinnumarkaðsmálum. Hjá mörgum félögum hefur álag aukist í atvinnuleysinu og oft leituðu erlendir félagar til stéttarfélaganna eftir aðstoð við til dæmis

umsóknir um atvinnuleysisbætur. Afar lítið er um trúnaðarmenn af erlendum uppruna og jafnframt lýstu margir formenn því að erfitt væri að fá fólk til að taka að sér trúnaðarmannahlutverkið og að þörf væri á átaki í þeim málum. Aðspurð um hvað skrifstofa ASÍ gæti gert til að styðja félögini í þjónustu við erlenda félaga voru svörin nánast einróma: miðlægt upplýsingaefni á erlendum tungumálum.

Þá komu einnig fram eftirfarandi óskir um annan tungumálastuðning frá ASÍ, á borð við miðlæga túlka- og þýðingaþjónustu og orðalistu.

Ráðgjafarhópur (óformlegur)

Á haustmánuðum var settur saman hópur fólks af erlendum uppruna sem á það sameiginlegt að þekkja vel íslenskt samfélag og hafa sterkar tengingar í samfélög samlanda sinna. Meginmarkmið með ráðgjafarhópnum er að fá dýrmæta innsýn í stöðu erlends launafólks og fá fram þeirra sjónarmið um hvernig sé best að bæta þjónustu og hag innflyttjenda almennt í íslensku samfélagi. Um er að ræða 16 manns af 14 þjóðernum. Fundir eru haldnir á tveggja mánaða fresti og haldnir hafa verið sex fundir alls, þrír staðfundir og þrír fjarfundir. Í byrjun árs var stofnuð FB síða til að auðvelda enn frekar samskipti innan hópsins.

Upplýsingasiða fyrir erlenda atvinnuleitendur – www.asi.is/unemployed/

Á haustmánuðum var sett upp dálkur á heimasíðu Alþýðusambandsins ætladur erlendum atvinnuleitendum sem ekki tala íslensku. Síðan er á þremur tungumálum – ensku, pólsku og íslensku – og var sett upp til að bregðast við fjölmörgum frásögnum og ábendingum um erfiðleika innflyttjenda við að sækja sér upplýsingar og sækja um atvinnuleysisbætur. Eins og getið var hér að ofan eru innflyttjendur þrisvar til fjórum sinnum líklegri til að vera atvinnulausir en innfæddir en upplýsingum á öðrum tungumálum en íslensku var ábótavant á heimasíðu Vinnumálastofnunar. Hugmyndin með síðunni var að safna á einn stað sem mestum upplýsingum sem gætu nýst atvinnuleitendum. Vegna þeirrar holskeflu sem hvolfdist yfir Vinnumálastofnun eftir að kórónuveirufaraldurinn skall á heimsbyggðina voru þjónustuver lokað og á tímabili afar erfitt eða ómögulegt að fá upplýsingar í gegnum síma. Þetta skapaði oft og tíðum örvaentingu í röðum innflyttjenda sem voru óruggir með rafræn skil á umsóknum um atvinnuleysisbætur og áttu erfitt með að komast að því hvort umsóknin hafi skilað sér og hvenær þeir mættu vænta greiðslu. Forseti ASÍ sendi bréf til forstjóra Vinnumálastofnunar og greindi frá áhyggjum ASÍ af ofangreindu og bauð fram aðstoð ASÍ á þessum fordæmalausu tínum og var framtakinu tekið með þökkum af hálfu Vinnumálastofnunar.

Staða flóttafólks á vinnumarkaði

Settur var á laggirnar óformlegur samstarfsvettvangur með fulltrúum frá ASÍ, Reykjavíkurborg, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Rauða krossinum. Fulltrúarnir sem sitja í hópnum eiga það sameiginlegt að hafa lengi unnið í málefnum flóttafólks. Litlar upplýsingar liggja fyrir um aðstæður flóttafólks í samféluginu, stöðu þeirra á vinnumarkaði og almenna velferð og tilgangurinn með samstarfi þessara ólíku aðila er að ráða bót á því. Um er að ræða viðkvæman hóp og nauðsynlegt er að fylgjast með samlögum þeirra að íslensku samfélagi (integration). Hópurinn hefur nú þegar sent erindi til Fjölmennungarseturs með beiðni um aukna söfnun tölfræði. Á grundvelli tölfræði um stöðu á vinnumarkaði getur ASÍ fundið leiðir til að styrkja þennan viðkvæma hóp.

Stuðningur og samvinna við ráðgjafarstofu innflyttjenda

Ráðgjafarstofa innflyttjenda var opnuð í byrjun árs til að mæta þörf fyrir stað þar sem innflyttjendur geta sótt upplýsingar og aðstoð á fjölda tungumála. ASÍ hefur frá upphafi stutt við verkefnið – sem er tilraunaverkefni – og einsett sér að tryggja að grundvöllur ráðgjafarstofunnar verði tryggður til frambúðar. ASÍ á aðild að stjórn stofunnar og þar að auki hefur ASÍ lagt til fræðslu fyrir starfsfólk stofunnar um réttindi launafólks og útvegað þeim lista yfir tengiliði í stéttarfélögum um allt land.

Upplýsingaátak fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu

Það er eilist verkefni verkalýðshreyfingarinnar að koma upplýsingum um réttindi til launafólks og sérstaklega erlends launafólks, sem þekkir síður íslenskan vinnumarkað og rétt sinn gagnvart atvinnurekanda. Með þetta að sjónarmiði var sett af stað í vor samfélagsmiðlaherferð á þremur tungumálum: ensku, pólsku og íslensku. Um var að ræða stutt myndbönd með hnitmiðuðum upplýsingum um þrjú af algengustu launatengdu brotum gegn starfsfólk í ferðaþjónustu. Atriðin voru valin eftir víðtækt samráð við starfsfólk stéttarfélaga, þar á meðal eftirlitsfulltrúa og voru: vinnutími, mikilvægi ráðningarsamnings og rétt laun. Auglýst var á Facebook og Instagram og markhópurinn var fólk sem starfar í ferðaþjónustu.

Auglýsingar á Keflavíkurflugvelli

Tekið var upp að nýju samstarf við ISAVIA um birtingu skjámyndar í komusal á flugstöðinni. Einnig er reglulega fyllt á bæklinga ASÍ með samantekt um réttindi á vinnumarkaði, á ensku og pólsku. Hugmyndin með samstarfinu er að ná til erlends starfsfólks strax við komuna til landsins og vekja athygli þeirra

á rétti sínum gagnvart atvinnurekanda og hlutverki stéttarfélaganna. Það er ánægjulegt að sjá að tölverð hreyfing er á bæklingunum.

Innlegg í Vinnunni 2021

Í Vinnunni, tímariti ASÍ, sem gefið er út 1. maí á ári hverju, voru birt viðtöl við sex konur af erlendum uppruna sem starfa í stéttarfélögum um allt land. Þær eiga það sameiginlegt að veita ómetanlega þjónustu við erlent félagsfólk og tala fjölda tungumála. Þær hafa skotið hér rótum og kosið að leggja íslenskri verkalyðsbaráttu lið.

Einnig var fjallað um stöðu atvinnulausra innflytjenda á Suðurnesjum, þar sem ástandið var sérstaklega grafalvarlegt. Þar er hlutfall innflytjenda langhæst á landinu og hefur verið um árabil, meðal annars vegna nálægðar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Bláa lónið. Tekið var viðtal við atvinnulausa pólska konu um stöðu atvinnulausra á svæðinu og við formann Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis.

Túlkun og þýðingar

Aukin áhersla var lögð á túlkun og þýðingar á árinu og er það liður í því að gera starf sambandsins aðgengilegra fleirum en áður. Vegna ástandsins í heiminum var mikið stuðst við túlkun gegnum Zoom, með góðum árangri. Fræðsluerindi og opnir fundir á vegum ASÍ voru flest túlkuð milli ensku og íslensku á starfsárinu og þá voru fundir í innra starfi sambandsins, meðal annars nefndarfundir, túlkaðir eftir þörfum. Þá var boðið upp á túlkun á flestum fundum með eftirlitsfulltrúum verkalýðshreyfingarinnar.

Á haustmánuðum var haldið veferindi á vegum Vörðu - rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins, ASÍ og BSRB með yfirskriftinni Rétta leiðin til að skilja hvert annað þar sem fjallað var um sögu túlkunar og hlutverk hennar í samfélaginu. Hluti erindisins fór fram á pólsku og erindið var túlkað milli pólsku og íslensku.

Sú nýlunda varð á árinu að Vinnan, tímarit ASÍ, sem kemur út 1. maí á ári hverju, kom út að hluta í enskri útgáfu, samhliða þeirri íslensku.

ASÍ hafði aðkomu að gerð þriggja fræðslumyndbanda fyrir flóttafólk sem fjalla um vinnurétt, jafnrétti og réttindi barna. Það voru Amnesty á Íslandi og Mannréttindaskrifstofa Íslands sem stöðu að baki gerð myndbandanna. ASÍ hafði umsjón með þýðingum og textun allra myndbandanna á sex tungumál: íslensku, ensku, pólsku, arabísku, farsi og spænsku. Þar að auki leikur lög-fræðingur ASÍ stórt hlutverk í myndbandinu um vinnurétt og ljóst að myndbandið mun gegna mikilvægu hlutverki við að fræða nýja fbúa landsins um íslenskan vinnumarkað.

Vinnustaðaeftirlit

Reglulegar eftirlitsheimsóknir lágu niðri stóran hluta af starfsárinu vegna heimsfaraldursins. Það er miður, þar sem vinnustaðaeftirlitið er ekki síst mikilvægt á umbrotatínum á vinnumarkaði, miklu atvinnuleysi og erfiðleikum í rekstri fyrirtækja. Það var þó samhugur meðal eftirlitsfulltrúa og verkefnisstjórnar á skrifstofu ASÍ um að heilsa og öryggi ætti að vera í fyrríumi. Tvisvar leitaði verkefnisstjórn til sóttvarnaryfirvalda eftir yfirlýsingu fyrir hönd eftirlitsfulltrúanna – sem fékkst í báðum tilvikum – um að óhætt væri að hefja eftirlit að nýju, þegar rofaði til í faraldrinum, í febrúar og aftur í maí.

Samráð við eftirlitsfulltrúa

Verkefnisstjórn vinnustaðaeftirlitsins var í miklu og nánu samráði við eftirlitsfulltrúa viða um land í vetur. Vinnuhópar, skipaðir áhugasómum og reyndum eftirlitsfulltrúum, ásamt verkefnisstjórn, mótuðu tillögur að uppfærðri handbók eftirlitsfulltrúa, með sérstökum viðmiðunarreglum um samstarf milli félaga og hlutverk verkefnisstjórnar ASÍ í eftirlitinu. Afurð úr vinnuhópunum – uppfærð handbók eftirlitsfulltrúa – leit svo ljós í lok sumars og var send í prenti og rafrænu formi á öll aðildarfélögin. Handbókinni er ætlað að vera nýjum sem og reyndari eftirlitsfulltrúum til stuðnings í störfum sínum en í henni er áréttáður tilgangur eftirlitsins og áherslur, leiðbeiningar veittar fyrir framkvæmd eftirlitsins auk þess sem hún inniheldur nokkra viðauka. Ensk útgáfa af handbókinni er væntanleg á haustmánuðum.

Stöðufundir

Að beiðni eftirlitsfulltrúa var komið á reglulegum stöðufundum á tveggja vikna fresti. Fundirnar eru haldnir á Zoom og þar geta virkir eftirlitsfulltrúar ráðfært sig við hvert annað, við verkefnisstjórn á skrifstofu ASÍ og lögfræðing ASÍ um þau mál sem eru á borði eftirlitsfulltrúanna hverju sinni. Fundunum er ætlað að auka samtal milli eftirlitsfulltrúa um allt land, skiptast á upplýsingum og stuðla að varðveislu þekkingar og reynslu.

Fræðsluerindi

EKKI gafst tækifæri til að halda starfs- og fræðsludag eftirlitsfulltrúa eins og gert hefur verið síðastliðin ár. Í staðinn voru haldin fimm fræðsluerindi á Zoom fyrir eftirlitsfulltrúa og aðra áhugasama. Umfjöllunarefnin voru meðal annars félagafrelsi og samstarf í eftirlitinu, saga vinnustaðaeftirlitsins, mansal og hlutverk Bjarkarhlíðar í mansalmálum, fólkスflutningar og breytt samsetning vinnumarkaðar og gul stéttarfélög. Erindin voru vel sótt og miklar og góðar umræður sköpuðust á eftir erindum.

Aukinn fjölbreytileiki og tungumálakunnáttu í eftirlitinu

Síðustu ár hefur fjölgæð þeim eftirlitsfulltrúum sem eru af erlendum uppruna. Er það mjög af hinu góða að eftirlitsfulltrúar séu með fjölbreyttan uppruna og tali mörg tungumál, enda stór hluti af starfi margra eftirlitsfulltrúa að eiga í samskiptum við erlent launafólk. Peim hefur því fjölgæð til muna tungumálum sem töluð eru í hópi eftirlitsfulltrúa og sú kunnáttu hefur þegar gagnast vel. Allir stöðufundir eftirlitsfulltrúa á árinu, sem og fræðsluerindi, voru túlkuð milli íslensku og ensku, til að gera öllum eftirlitsfulltrúum kleift að taka þátt.

Öryggi í búsetu

ASÍ tók virkan þátt í stýrihópi um kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnaði (áður kallað óleyfisbúseta) og mun leggja til two af eftirlitsfulltrúum hreyfingarinnar sem munu starfa við verkefnið í einn mánuð. Verkefnið er ein af þrettán úrbótatillögum sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vann í kjölfar á mannskæðum bruna við Braðraborgarstíg á síðasta ári. Stýrihópurinn mótaði verkefnisáætlun og spurningalistu sem notuð verða í sjálfri kortlagningunni, sem hefst á haustmánuðum þessa árs. ASÍ hefur átt aðild að verkefninu frá upphafi og hefur lagt kapp á að styrkja verkefnið með öllum ráðum svo hægt sé að tryggja öryggi fólks. ASÍ hefur lagt áherslu á félagslegan þátt verkefnisins, að verkefnið verði vel kynnt og að íbúana í atvinnuhúsnaði sé nálgast af næргætni og þess gætt að verkefnið hafi ekki slæmar afleiðingar fyrir íbúana. Þar mun reynsla í vinnustaðaefstírliti verkalýðshreyfingarinnar koma að góðum notum og ASÍ hyggst nýta þá þekkingu til að koma að þjálfun eftirlitsfulltrúanna sem verða ráðnir í kortlagninguna.

Nefnd um breytta tilhögun við skipun dómara í Félagsdóm

Ríkjahópur Evrópuráðsins gegn spillingu (GRECO) kom fyrst fram með skýrslu um Ísland þann 28. mars 2103, í tengslum við fjórðu úttekt (e. Fourth Evaluation Round) hópsins þar sem lögð var áhersla á forvarnir gegn spillingu hvað varðar þingmenn, dómara og saksóknara. Í skýrslunni var meðal annars fjallað um hæfisskilyrði dómara við Félagsdóm og fyrirkomulag við skipun þeirra lýst. Var lagt til að tekið yrði til endurskoðunar fyrirkomulag við tilnefningar og skipun dómara í Félagsdóm, sér í lagi varðandi þá dómara sem tilnefndir eru af Hæstarétti, með það að markmiði að tryggja sjálfstæði, óhlutdrægni og gagnsæi. Í framhaldi af því skipaði félagsmálaráðherra starfshóp sem ætlað var að gera tillögur að tilhögur skipunar sem kæmi til móts við athugasemdir GRECO. ASÍ tilnefndi Halldór Oddsson fyrir sína hönd í starfshópinn.

Starfshópurinn lauk störfum á vormánuðum 2020 og lagði félagsmálaráðherra í kjölfarið fram frumvarp inn á Alþingi. Frumvarpið dagaði hins vegar uppi í þinginu og er málið því enn óklárað. Því hefur nefndin verið kölluð saman á ný til að ræða næstu skref.

Persónuvernd og ASÍ

Frá því að reglugerð ESB um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (EU 2016/679 – General Data Protection Regulation „GDPR“) var samþykkt og gefin út í apríl 2016 hefur legið fyrir að umrædd reglugerð myndi er hún tæki gildi hafa talsverð áhrif á einstaklinga, fyrirtæki sem og ýmiss konar starfsemi sem með einum eða öðrum hætti vinnur með persónuupplýsingar frá þeim degi í maí 2018 sem ætlast var til að innleiðingu væri lokið. Frá sjónarhlíð verkalýðshreyfingarinnar var breytingunum tekioð fagnandi enda helsta markmið hennar að styrkja friðhelgi einstaklinga gagnvart ofríki stórfyrirtækja. Jafnframt var ljóst að þar sem stéttarfélög vinna með talsvert mikið magn af persónuupplýsingum um sína félagsmenn og stéttarfélagsaðild hefur verið skilgreind sem viðkvæmar persónuupplýsingar, að nýja reglugerðin kallaði á það að gengið yrði úr skugga um að starfsemi stéttarfélaga yrði aðlöguð að þeim kröfum sem nýja reglugerðin leggur á ábyrgðaraðila.

Nú þegar hafa komið upp talsvert mikið af álitamálum varðandi Covid-19 og persónuvernd launafólks. Fregnir hafa nú þegar komið fram um að talsvert sé um að atvinnurekendur krefji starfsmenn sína um bólusetningarárvottorð og eins staðfestar niðurstöður úr prófunum við ákveðin tilefni. Búast má við að talsvert muni færast í aukana að reyni á réttmæti og lögmæti slíkrar vinnslu. Mikið hefur verið ritað um gildi samþykksis sem vinnsluheimildar skv. persónuverndarlögum og í því ljósi má búast við vöxt í árekstrum og álitamálum hvað þetta varðar.

Halldór Oddsson, lögmaður hjá ASÍ, sinnir hlutverki hins lögformlega persónuverndarfulltrúa hjá meirihluta aðildarfélaga ASÍ og er auk þess til ráðgjafar um hin ýmsu mál sem upp koma á þessu ört vaxandi réttarsviði.

Tímabundin nefnd um ótrygg ráðningarsambönd

Á formannafundi ASÍ í júní 2020 var samþykkt að setja á laggirnar tímabundna fastaneftnd miðstjórnar um ótrygg ráðningarsambönd. Tilefnið er rakið í fundargerð þess fundar en í breyttum heimi vinnunnar sem og erfíða stöðu margra sem t.d. vinna í skapandi greinum var samþykkt að fjalla sérstaklega um þetta. Ekki síst í kjölfar þess að Covid-19 faraldurinn skall á og í ljós kom að margir þeirra sem starfa í ótryggum ráðningarsamböndum lentu á

milli skips og bryggju hvað varðar stóran hluta þeirra afkomuöryggistrygginga sem grípa á vinnandi fólk.

Nefndin er enn að störfum enda viðfangsefnið margslungið og flókið. Nefndin hefur komið saman á alls fjórum fundum og áætlað að ljúka störfum með skýrslu til miðstjórnar í lok árs 2021.

Aldursmismunun – kæra til úrskurðarnefndar um jafnréttismál

Lögmenn ASÍ hafa unnið að fyrsta aldursmismununarmáli á íslenskum vinnumarkaði sem upp kemur í kjölfar gildistöku laga nr. 84/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Að svo stöddu er ekki við hæfi að upplýsa um málsatvik né neitt nánar um ágreininginn í málinu. En um er að ræða kæru f.h. einstaklings til kærunefndar jafnréttismála. Búist er við niðurstöðu í málinu síðla árs 2021 og mun niðurstaðan skýra mjög túlkun ákvæðisins sem hefur verið til mikillar umræðu í öllum aðildarríkjum ESB þar sem að stoð þess er að finna í tilskipun sambandsins.

Nefnd um heildarendurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar

Á fyrri hluta ársins hóf störf nefnd skipuð af félagsmálaráðherra um heildarendurskoðun laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Frá gildistöku laganna árið 2006 hafa orðið töluverðar breytingar á vinnumarkaði, bæði á samsetningu starfa og samsetningu þeirra einstaklinga sem vinna störfin út frá aldri, menntun, þjóðerni o.s.frv. Allt þetta kallar á endurskoðun á kerfinu og hefur ASÍ sem stærstu samtök launafólks hér á landi eðli málsins skv. skoðun á þessu.

Engin tímasetning er á verkefni nefndarinnar. Halldór Oddsson lögræðingur situr í nefndinni f.h. ASÍ en hann mun vinna náið með vinnumarkaðsnefnd ASÍ sem og öðrum séfræðingum á skrifstofu ASÍ enda verkefnið stórt og margþætt og hagsmunirnir gríðarlegir.

Ábyrgðasjóður launa

Í samræmi við viðeigandi lög hefur ASÍ tilnefnt sinn fulltrúa í stjórn Ábyrgðasjóðs launa en sjóðurinn ábyrgist greiðslu vinnulauna og lífeyrissjóðsiðgjalda í tilvikum gjaldþrota. Þegar þetta er ritað ligga ekki fyrir upplýsingar um heildargreiðslur sjóðsins árið 2020 en ætla má að önnur úrræði stjórnvalda í tengslum við Covid-19 kreppuna hafi létt mjög á álagi á sjóðinn, og má í þeim

efnum nefna sérstaklega styrk vegna greiðslna á launum í uppsagnarfresti. Eftir sem áður er sjóðurinn þó áfram mikilvægt öryggisnet einstaklinga á vinnumarkaði og mikilvægi sjóðsins hefur margsannað sig enda hafa greiðslur úr honum bætt eða takmarkað tjón fjölda launafólks sem ella hefði tapað launum sínum og réttindum vegna gjaldprots atvinnurekanda. Er rétt að nefna í því samhengi mikilvægi hækunarinnar á hámarksgreiðslum sem kom til með lagabreytingu sumarið 2018 en fram að því hafði hámarkið staðið í stað um árabil með tilheyrandi tjóni fyrir stóran hóp launafólks sem leita þurfti til sjóðsins.



Fræðslu- og menntamál

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess ásamt aðildarfélögnum taka virkan þátt í menntastarfi hér á landi, bæði með stefnumótun og þátttöku í framkvæmd á fjölmögum sviðum menntamála. Það á við bæði um formlega menntakerfið og það óformlega. Þá standa MFA-fræðsludeild ASÍ og Mímirsímenntun, sem er í eigu ASÍ, fyrir öflugu fræðslustarfi. Einnig á Alþýðusambandið aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóði, auk þess að tilnefna í starfsgreinaráðin á framhaldsskólastigi.

Aukinni áherslu Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar á menntun og mikilvægi hennar, bæði góðrar grunnmenntunar og símenntunar, hefur fylgt aukið starf á þessu sviði á vettvangi samtakanna og vænta má þess að sú þróun haldi áfram enda mikilvægi öflugs menntastarfs fyrir launafólk og samfélagið allt öllum ljóst.

Eins og efni þessa kafla ber með sér hefur starf ASÍ og tengdra stofnana að menntamálum sjaldan verið umfangsmeira en nú og ekkert bendir til annars en að það mikla starf haldi áfram í fyrirsjánlegrí framtíð. Sem dæmi má nefna félagslegu fræðsluna á vettvangi ASÍ og Félagsmálaskólans og stöðugt öflugri framhaldsfræðslu. Þá ber að geta starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Fræðslusjóðs og Mímis-símenntunar sem aldrei hefur verið mikilvægari en nú.

MFA – Svið fræðslu og þekkingar

Eftir að nýtt skipurit skrifstofu ASÍ leit dagsins ljós í september 2020 breyttist *Fræðsludeild ASÍ í Svið fræðslu og þekkingar*. Sviðið veitir stéttarfélögum þjónustu varðandi uppbryggingu fræðslu og hvernig þau geta nýtt sér hana til að efla og móta starf þeirra, þar sem áhersla er lögð á að styrkja talsmenn og trúnaðarmenn verkalýðshreyfingarinnar. Þá aðstoðar sviðið félögin við að skipuleggja hóp- og vinnufundi. Auk þess hafa félögin leitað til sviðsins um erindi á trúnaðarmannaráðstefnur, félagsfundi og starfsmannadaga.

Sviðið rekur Félagsmálaskólan og er sviðsstjóri jafnframt skólastjóri hans. Starfsmenn sviðsins eru alls sjö. Aðildarfélög ASÍ hafa möguleika á að fá sértæka fræðslu eftir þörfum til að móta starf og stefnu. Ráðgjöfin miðar að því að styrkja talsmenn stéttarfélaganna, efla innra starf félaga og samskipti út á við. Tekið er mið af aðstæðum á vinnumarkaði og í samfélaginu hverju sinni. Menntanefnd ASÍ er stjórn MFA. Sú breyting var gerð á haustmánuðum 2020, samhliða breytingum á skipuriti skrifstofu ASÍ, þar sem deildir voru afnumdar og svið stofnuð, að kynningarmál voru tekin út úr nefndinni og búin til ný fjölmíðlanefnd. Menntanefndin hefur haldið tvo fundi, báða á vormisseri 2021.

Fjarfundarerindi

Yfir vetrartímann eru reglulega haldin stutt fjarfundarerindi þar sem tekið er fyrir það sem er efst á baugi hverju sinni. Jafnframt hefur verið leitað til félaganna eftir óskum um fræðslu. Síðasta veturn voru sex erindi þar sem meðal annars var fjallað um vinnumarkaðsskýrslur, reglur um fjarvinnu í sambandi við Covid-19 og vinnumarkaðsátak VMST, *Hefjum störf*. Fjarfundarerindin má flest nálgast á heimasíðu Alþýðusambandsins.

Þýðingarapp

Undanfarið ár hefur staðið yfir vinna við gerð þýðingarapps sem inniheldur helstu orð og hugtök vinnumarkaðarins. Um er að ræða APP sem þýdir orð úr íslensku á ensku og öfugt og kemur með dæmi um umbeðin orð í setningum. Appið var tilbúið í janúar 2021 og ber heitir *Orðakista ASÍ* og táknið er OK. Þá er nú þegar hafin vinna við næstu útgáfu, en þar verður m.a. pólskri þýðingu bætt við.

Fræðslumyndbönd

Í samstarfi við félagsmálaráðuneytið var í ársbyrjun 2021, skipaður vinnuhópur sem hefur það hlutverk að útbúa fræðsluefnir um ofbeldi. Áhrif ofbeldis eru ekki einungis á einstaklinga og heimilin í Covid-19 heimsfaraldrinum heldur einnig á vinnustaðina. Jafnframt er lagt til að farið verði í markvissar aðgerðir

til að ná til fólks af erlendum uppruna auk þess sem staðið verði að fræðslu um úrræði um ofbeldi fyrir þolendur á landsvísu. Þar skipta aðgerðir gegn ofbeldi á vinnustöðum miklu máli.

Fræðsluefnið verður útbúið í formi tveggja myndbanda, annars vegar um *heimilisofbeldi og vinnustað* og hins vegar um *mansal og vinnustað*.

Verkefninu er stýrt af Vörðu, rannsóknastofnun vinnumarkaðarins fyrir hönd Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu, Samtök um kvennaathvarf, Jafnréttisstofu, Vinnueftirlitið og Neyðarlínuna. Fyrirhugað er að myndböndin verði tilbúin í lok árs 2021.

Samhæfingarhópur um atvinnu- og menntauðræði

Í tengslum við COVID-19 var settur á laggirnar samhæfingarhópur, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra og félags- og barnamálaráðherra, sem hafði það hlutverk að skoða stöðu námsmanna og atvinnuleitenda, ásamt því að skoða atvinnu- og menntauðræði, við þær breyttu aðstæður sem orðnar eru í íslensku samfélagi. Skipunartími hópsins var út árið 2020 og sátu tveir fulltrúar ASÍ í samhæfingarhópnum. Fundað var reglulega og skýrslu skilað í lok árs 2020. Verkefni hópsins voru m.a. að:

- Skilgreina þær atvinnugreinar sem verst verða úti og hvernig megi mæta því með fjölbreyttu og viðeigandi námi og þjálfun.
- Kortleggja námsframboð og námsþjónustu sem nú er í boði innan framhaldsskóla, háskóla og framhaldsfraðslu, hvernig þau nýtast til að mæta breyttum aðstæðum og hvernig megi auka aðgengi að kynningu og ráðgjöfum um nám og störf.
- Leggja mat á hvar sérstakra námsaðgerða er þörf, m.t.t. aldurs, uppruna, búsetu og efnahags.
- Skoða hvernig megi tryggja og útfæra réttarstöðu einstaklinga, s.s. til atvinnuleysisbóta samhliða námi og töku námslána, þar sem horft er til jafnræðissjónarmiða.
- Meta stöðu námsmanna og atvinnuleitenda með tilliti til sumarstarfa.

Vísinda- og tækniráð

ASÍ á two fulltrúa í Vísinda- og tækniráði. Með setu í ráðinu hefur ASÍ tæki-færi til að koma áherslum í mennta- og atvinnumálum á framfæri og í framkvæmd. Vísinda- og tækniráð hefur það hlutverk að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tæknijrótum í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Ráðið markar stefnu stjórvalda í vísinda- og tæknimálum til þriggja ára í senn. Ráðið er skipað af

forsætisráðherra og samanstendur af fimm ráðherrum, fulltrúum aðila vinnu-markaðarins, fulltrúum úr atvinnulífi og fulltrúum menntastofnana.

Innan Vísinda- og tækniráðs er starfað í tveim nefndum, vísindaneftnd þar sem fulltrúar menntastofnana sitja og svo tæknineftnd þar sem fulltrúar úr atvinnulífi sitja. Störf vísindaneftndar snúa að mestu að rannsóknum og störfum háskóla á meðan störf tæknineftndar snúa að tæknijróun. Jafnframt bera nefndirnar ábyrgð á skipun stjórnar og fagráðs fyrir þá sjóði sem heyra undir nefndirnar. Vísinda- og tæknineftndir hittust tólf sinnum á sameiginlegum fundum og vísindaneftnd fundaði þrisvar sinnum og tæknineftnd tvisvar sinnum á árinu. Á fundi ráðsins í september var Vísinda- og tæknistefna fyrir tímabilið 2020–2022 samþykkt.

Genfarskólinn

Norræni lýðháskólinn í Genf, Genfarskólinn, er haldinn samhliða Alþjóðavinnumálaþinginu í Genf. Nemendur kynnast þinghaldinu og Alþjóðavinnumálastofnuninni ILO. Stofnunin starfar að vinnumálum á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þáttakendur kynnast norrænu samstarfi á vettvangi ILO og geta kynnt sér ýmis alþjóðasamtök verkalýðshreyfingarinnar sem starfa í tengslum við ILO. Námið fer fram í formi fjarnáms, fyrirlestra, hópastarfs og þátttakendur fylgjast með fundum Alþjóðavinnumálaþingsins og nefndarstarfi þess. Fornámskeið eru haldin í upphafi í Svíþjóð, oftast í mars, ár hvert. Að því loknu tekur við fjarnám sem stendur þar til þáttakendur fara út til Genfar, í lok maí. Íslensku þáttakendurnir í Genfarskólanum hafa verið tveir undanfarin ár. Þeir hafa sótt kynningarfundinum hér á landi, sem haldnir hafa verið til undirbúnings þátttöku í skólanum. Á kynningarfundinum hitta þáttakendur fulltrúa Íslands sem sækja ILO þingið, ásamt þáttakendum síðasta árs. Sviðsstjóri fræðslu og þekkingar situr í stjórn Genfarskólans. Vegna Covid-19 var kennslan ekki með hefðbundnu sniði, heldur fór fram í fjarnámi, ásamt því að skipulagi var breytt. Að þessu sinni var ákveðið að hafa námið í fjórum lotum. Í fyrstu lotu voru 6 fjarfundir þar sem þáttakendur kynntu sig, farið var yfir efni ILO og nemendur völdu sér viðfangsefni til að vinna með í kringum þingið. Í annarri lotu var unnið í hópum (stafrænt) að verkefnum. Í þriðju og fjórðu lotu verður annars vegar farið til Brussel og hins vegar til Genfar. Þegar þetta er skrifad þá er óvissan enn mikil í þjóðfélaginu vegna Covid, en vonandi fá nemendur tækifæri til að hittast í Brussel og Genf.

Kynningar í framhaldsskólum

Undanfarin ár hefur fræðsludeild Alþjóðusambandsins boðið framhaldsskólum upp á fræðsluerindi um vinnumarkaðinn og kjarasamninga og eftirspurn sifellt að aukast. Um er að ræða klukkustundar löng erindi þar sem farið er yfir helstu

atriði er varða stöðu ungs fólks á vinnumarkaði, réttindi þeirra og skyldur, enda hafa rannsóknir leitt í ljós að þessi hópur er í hvað mestri hættu að á honum sé brotið. Megináhersla hefur verið á veikindarétt, ráðningarsambönd, lestur launaseðla, vinnutíma og orlof. Myndbönd sem fjalla um þessi málefni má nálgast á heimasíðu ASÍ, www.asi.is.

Takmarkanir á skólastarfi vegna sóttvarnarðaðgerða í samfélaginu höfðu mikil áhrif á kynningar í framhaldsskólam Þar sem gestir voru ekki leyfðir innan veggja þeirra stóran hluta árs. Heimsóknir voru 10, í fjóra ólíka skóla, og var talað við tæplega 300 nemendur. Ein kynningin var haldin í fjarfundabún-aði til þess að mæta sóttvarnarráðstöfunum. Flestir nemenda eru á aldrinum 16-20 ára. Fræðsludeildin vinnur í nánu samstarfi við stéttarfélögin á landinu, sem mörg hver sinna þessari fræðslu í sinni heimabyggð.

Kynningar í vinnuskóla Kópavogs

Síðastliðið sumar voru haldnar kynningar hjá Vinnuskóla Kópavogs eins og undanfarin ár. Allir grunnskólar bæjarins voru heimsóttir og rætt var við nemendur 9. bekkjar sem voru starfandi á þeim tíma. Heimsóknirnar gengu vel og var erindinu vel tekið af bæði krökkum og flokksstjórum.

Jafningjafræðslan

Samvinna ASÍ og Jafningjafræðslunnar hófst árið 2009 og hefur hún verið farsæl frá upphafi og báðum aðilum til góðs. Leiðbeinendur Jafningjafræðslunnar uppfræða krakka í Vinnuskóla Reykjavíkur, Vinnuskóla Kópavogs og Vinnuskóla Seltjarnarness og víðar um landið um verkalyðshreyfinguna og helstu réttindamál á vinnumarkaði. Auk þess styrkir ASÍ starf Jafningjafræðslunnar fjárhagslega.

Sumarið 2021 fræddu 17 ungir leiðbeinendur um 1.400 ungmenni í Reykjavík, Kópavogi, Akranesi, Mosfellsbæ og Grindavík. Í byrjun sumars var haldið þriggja vikna undirbúningsnámskeið Þar sem leiðbeinendur fá fræðslu á málefnum líðandi stundar og leiðtogaþjálfun frá fagaðilum og fyrirlesurum. Halldór Oddsson frá ASÍ hélt erindi á námskeiði Jafningjafræðslunnar og fór yfir mikilvæga þætti í starfsemi stéttarfélaga og réttindamál á vinnumarkaði.

Starf Jafningjafræðslu Hins hússins er mikilvægt og hefur það sýnt sig að fræðsla á jafningjagrundvelli skilar góðum árangri og ávinnungurinn mikill.

Fagháskólastigið

Í byrjun árs 2019 tilnefndi Alþýðusamband Íslands fulltrúa í verkefnastjórn og samstarfsráð um fagháskólanám. Fulltrúar ASÍ eru Finnbjörn A. Hermannsson og Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir.

Samstarfsráðinu var ætlað að fjalla um og meta verkefni sem nutu styrkja þróunarsjóðs fagháskólanáms og nýta niðurstöður þeirra til þess að móta tillögur um framtíðartilhögun námsins. Samhliða samstarfsráðinu starfaði verkefnastjórn um fagháskólanám sem fylgdi verkefnunum eftir. Verkefnastjórnin skilaði greinargerð til ráðherra og til samráðshóps í desember 2019 með tillögum um framtíðarfyrirkomulag fagháskólanáms. Í mars 2020 fjallaði samstarfsráðið um tillögur verkefnastjórnarinnar og tekur undir þær í meginatriðum.

Pað er skemmst frá því að segja að síðan í mars 2020 hefur ekkert gerst. Lítið hefur orðið úr samráði og samstarfi menntastofnana og verkalýðshreyfingarinnar um uppbyggingu fagháskólanáms ef frá er talið samstarf um nám í viðskiptafræðum og verslunarstjórnun, sem er samstarfsverkefni VR, Samtaka verslunar og þjónustu, Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks, Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík. Námið er fyrsta fagháskólanám sem þroað er á Íslandi. Fyrsta útskrift í náminu var í febrúar 2020.

Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins

Með kjarasamningum SGS/Eflingar og LÍV/VR í maí 2015 fylgdi bókun um mat á námi til launa og var óskað eftir að fulltrúi ASÍ tæki þátt í þeirri vinnu og hefði með höndum ákveðna verkstjórn. Í skýrslu forseta 2018 er fjallað um vinnuna við bókunina og stöðu málsins. Raunfærnimat á móti viðmiðum starfa er tilraunaverkefni sem stýrt var af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) í samstarfi við Samtök atvinnulífsins (SA) og Alþýðusamband Íslands (ASÍ). Verkefnið var styrkt af Fræðslusjóði. Í verkefnastjórn sitja fulltrúar þessara aðila. Í verkefninu var sérstaklega horft til starfa sem ekki krefjast formlegrar menntunar en eru líkleg til að taka miklum breytingum í náinni framtíð. Á síðasta ári var unnið að raunfærnimati fyrir eftirfarandi starfsgreinar: matvælavinnslu, þjónustu í veitingasal, fulltrúa í opinberum störfum, verslunarstörf (matvara, lyf, byggingarvörur) og móttöku á gististöðum. Helstu markmið tilraunaverkefnisins voru:

- Að þroa aðferðafræði við mat og staðfestingu á færni sem aflað hefur verið utan formlega skólakerfisins en nýtist á vinnumarkaði.
- Að þroa starfspjálfun og leiðir til færniuppbyggingar í kjölfar raunfærnimats.
- Að byggja grunn að sjálfbæru kerfi sem nýtur trausts atvinnulífs og fræðsluaðila.

Verkefnastjórnin skilaði lokaskýrslu í desember 2020. Helstu niðurstöður eru að viðurkenning á hæfni í gegnum raunfærnimat er valdeflandi fyrir einstak-

linga, hvetur til frekari þróunar í námi og starfi og styrkir um leið samkeppn-
ishæfni fyrirtækja.

Pað er mikill áhugi innan verkalýðshreyfingarinnar að halda þessari vinnu
áfram og nú er verkefnahópurinn að vinna að næstu skrefum um áfram-
haldandi vinnu.

Félagsmálaskóli alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu er rekinn af MFA og er sviðsstjóri fræðslu og
þekkingar jafnframt skólastjóri Félagsmálaskólans. Talsmenn BSRB hafa
einnig aðgang að Félagsmálaskólánnum. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu
ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Haldnir voru þrír fundir í
skólanefnd á síðasta skólaári. Félagsmálaskólinn hefur verið að mestu fjármagnaður af
framlagi frá ríkissjóði. Framlagið er nú um 16,5 milljónir á ári.
Sú breyting var gerð á fjárlögum 2017, að nú er skólinn ekki lengur á sér
fjárlagalið, heldur fær nú úthlutað fjármunum af safnlið. Þetta skapar aukna
óvissu um fjármögnun skólans, frá ári til árs. Leyfi Félagsmálaskólans til
að vera viðurkenndur fræðslaðili rann út í júní 2021. Verið er að sækja um
endurnýjun. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðslu-
aðilans uppfylli á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði
laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Í byrjun árs 2019 hófst þróunarvinna við nýtt kennslukerfi í samstarfi við
hugbúnaðarfyrirtækið Costner ehf. Sérstök áhersla er á notendavænt viðmót
og ekki þörf á sértækri tæknikunnáttu þeirra sem nýta sér fræðsluna. Þetta
nýja kerfi býður upp á mikla möguleika í allri kennslu og utanumhaldi, s.s.
fjarkennslu í lotum, spjallþræði, námsmat, rafræn námskeið svo eithvað sé
nefnt. Kerfið hefur verið tekið í notkun.

Námskeið

Skólaárið 2020-2021 voru í boði samtals 97 námskeið í öllum flokkum, en
haldin voru 48 námskeið á vegum Félagsmálaskólans, (skólaárið á undan voru
haldin 52). Heildarfjöldi þátttakenda var 717. Af þessum fjölda þátttakenda
voru 529 konur en 190 karlar.

Trúnaðarmannanámskeið

Trúnaðarmannanámskeiðin voru með hefðbundnum hætti á síðasta skólaári.
Voru þau allt frá einum degi upp í þrjá daga, allt eftir þörfum og óskum félag-
anna.

Skólaárið 2020-2021 voru haldin 37 trúnaðarmannanámskeið en í
boði voru alls 66 námskeið. Er þetta töluvert færra en skólaárið á undan

þegar haldin voru 64 námskeið en skýringar má rekja til aðstæðna í þjóðféluginu.

Á haustmisseri voru haldin 13 trúnaðarmannanámskeið en á vormisseri voru haldin 24 trúnaðarmannanámskeið. Heildarfjöldi þátttakenda á trúnaðarmannanámskeiðunum var 580 (443 konur og 137 karlar). Þá voru haldin 10 trúnaðarmannanámskeið fyrir Félag grunnskólakennara. Pátttakendur voru alls 176.

Almenn námskeið

Félagsmálaskólinn býður upp á almenn námskeið sem eru opin öllum talsmönnum og trúnaðarmönnum verkalýðshreyfingarinnar. Á haustönn 2020 var boðið upp á fimm almenn námskeið, sem voru: *Félagsörvun, Umhverfismál 101, The rights and obligations of workers, society and the labour market, Skiptir málí hvað við gerum - hugsum upp á nýtt og Stjórnskipulag og starfshættir ASÍ.*

Aðeins eitt var haldið en það var Stjórnskipulag og starfshættir ASÍ. Pátttakendur á því námskeiði voru 30 (17 konur og 13 karlar).

Á vorönn 2021 voru í boði 11 almenn námskeið, sem voru: *Prautseiga í lífi og starfi, Taktu skrefið (undirbúningur atvinnuumsóknar), Virk hlustun og krefjandi samskipti, The rights and obligations of workers, the society and labour market, Take a step forward, Fjölmennung á vinnustaðnum, áskoranir og tækifæri, Félagsörvun, Lestur ársreikninga fyrir starfsfólk og fólk í stjórnun stéttarfélaga, Fundarritun og góðar fundargerðir, Ungt fólk og vinnumarkaðurinn - hvað þarf ég að vita?, og Styrttri - samtalið um styrttri vinnuviku.* Aðeins voru þrjú haldin, en það voru *Lestur ársreikninga fyrir starfsfólk og fólk í stjórnun stéttarfélaga, Fundarritun og góðar fundargerðir og Virk hlustun og krefjandi samskipti.* Pátttakendur voru alls 29 (17 konur og 12 karlar).

Hafa ber í huga að ástandið í þjóðféluginu vegna Covid-19 setti strik í reikninginn og óvenjulegur fjöldi námskeiða var felldur niður. Reynt var að bjóða upp á námskeið í fjarfundí þar sem við átti.

Námskeiðið Ungir leiðtogar

Fyrirhugað var að bjóða í þriðja sinn upp á námskeiðið *Ungir leiðtogar* fyrir ungt fólk (18-35 ára) í verkalýðshreyfingunni. Námskeiðinu er ætlað að auka þekkingu þátttakenda á verkalýðshreyfingunni ásamt því að efla ræðumennsku, framkomu og sjálfsstyrk. Þá er áhersla á að styrkja enn frekar tengsl og samvinnu ungs launafólks þvert á starfsgreinar og landshluta. Vegna óvissu og þess ástands sem skapaðist í þjóðféluginu og á vinnumarkaði vegna COVID-19 var ákveðið að fresta námskeiðinu um sinn. Þá hefur verið ákveðið að bjóða ungu leiðtogum innan BSRB þátttökum en fram að þessu hefur námskeiðið aðeins verið í boði fyrir félagsmenn ASÍ.

Lífeyrissjóðsnámskeið

Haldin voru þrjú lífeyrissjóðsnámskeið, skólaárið 2020–2021, fyrir starfsmenn og stjórnir lífeyrissjóða.

Á haustönn 2020 var boðið upp á fjögur lífeyrissjóðsnámskeið en öll voru feld niður, bæði vegna þátttökuleysis og aðstæðna í þjóðfélaginu. Það voru námskeiðin: *Lífeyrisréttindi - uppbygging og samspil, Undirbúningsnámskeið vegna hæfismats FME, Persónuvernd í lífeyrissjóðum, Áhættustýring og innra eftirlit.*

Á vorönn 2021 var boðið upp á fimm námskeið. Það voru: *Ársreikningar og skýrslur lífeyrissjóðanna, Yfirlitsnámskeið um lífeyriskerfið og starfsemi lífeyrissjóðanna, Hvernig geta lífeyrissjóðir verið ábyrgir fjárfestar, Tryggingafræðilegt mat og Undirbúningsnámskeið vegna hæfismats FME.* Tvö af fimm námskeiðum voru feld niður, en það voru *Ársreikningar og skýrslur lífeyrissjóðanna* og *Tryggingafræðilegt mat*. Páttakendur voru samtals 33.

Samstarf við Fræðslusetrið Starfsmennt

Undanfarin ár hafa Félagsmálaskólinn og Fræðslusetrið Starfsmennt starfað saman og boðið upp á námslínú sem kallast Forystufræðsla fyrir stjórnir og starfsfólk stéttarfélaga. Forystufræðslan er heildstæð námsleið sem skiptist í 9 námsþemu með 30 námskeiðum sem spanna alls 192 klukkustundir. Í ljósi þess að hópurinn hefur fjölbreyttar fræðsluparfir og mismunandi starfsreynslu þá eru námskeiðin valfrjáls.

Á haustönn 2020 var boðið upp á þrjú námskeið í Forystufræðslunni. Það voru: *Sprengikraftur orðsins - að koma hugsunum á blað, Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna í stéttarfélögum, og Að koma fram af öryggi - örugg tjáning.* Aðeins eitt var haldið, en það var *Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna í stéttarfélögum*.

Á vormisseri 2021 voru fjögur námskeið í boði, þ.e. *Fjölbreytileiki í verkalyðshreyfingunni, Sprengikraftur orðanna, Persónuvernd launafólks og Um jafna meðferð á vinnumarkaði.* Tvö voru feld niður, en það voru: *Sprengikraftur orðanna* og *Um jafna meðferð á vinnumarkaði*.

Páttakendur voru alls 45, 31 kona og 14 karlar. Frá aðildarfélögum ASÍ voru 29 þáttakendur og 15 frá aðildarfélögum BSRB.

Handbók trúnaðarmannsins

Handbók trúnaðarmannsins kom fyrst út vorið 2004 og hefur selst í 4833 eintökum. Mörg félög hafa keypt handbókina fyrir alla trúnaðarmenn sína. Allt efni hennar er aðgengilegt á heimasíðu Félagsmálaskólans, www.felagsmalaskoli.is. Þýðingu handbókar á ensku er nú lokið og hefur verið birt á heimasíðu skólans. Þýðing handbókar á pólsku stendur nú yfir.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, FA, er samstarfsvettvangur og verkfærasmiðja í fullorðins- og starfsmennun á íslenskum vinnumarkaði. Hlutverk FA er að veita fólk á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi tækifæri og hvatningu til að afla sér menntunar og/eða bæta stöðu sína. Þessu hlutverki sinnir FA með því að vera leiðandi í að greina, meta og þróa leiðir og aðferðir til að auka hæfni vinnandi fólks í samstarfi við atvinnulíf og samstarfsaðila. FA nýtir erlend tengslanet um nám fullorðinna í þróunarvinnu sinni og er áhersla lögð á vandaðar afurðir og lausnamiðaða ferla til að stuðla að eflingu hæfni í landinu. Starfað er á grundvelli þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið um verkefni á sviði framhaldsfræðslu samkvæmt lögum nr. 27/2010. Í þjónustusamningi er FA sömuleiðis falin umsýsla með Fræðslusjóði sem starfar á grundvelli sömu laga. FA er í eigu SA, ASÍ, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. FA sinnir markhópnum ekki með beinum hætti, heldur í gegnum samstarfsaðila, sem eru fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar innan KVÁSIS, í iðngreinum og á vegum opinbera vinnumarkaðarins. Alls eru þetta 14 fræðsluaðilar, sem jafnframt eru samstarfsaðilar Fræðslusjóðs.

Gerð er starfsáætlun fyrir hvert ár sem nálgast má á heimasíðu FA og byggir hún á þjónustusamningnum við mennta- og menningarmálaráðuneytið og er lögð fyrir það til samþykktar.

Í upphafi árs 2021 tók nýr framkvæmdastjóri, Sigríður Guðmundsdóttir, til starfa. Hún tók við af Sveini Aðalsteinssyni sem starfað hafði hjá FA frá árinu 2016.

Listi yfir stjórnarmenn og starfsfólk er að finna á www.frae.is. Formaður stjórnar frá aðalfundi 2021 er Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir fyrir SA og varaformaður Eyrún Björk Valsdóttir fyrir ASÍ.

Í byrjun árs 2021 voru 17 starfsmenn hjá FA í rúmlega 15 stöðugildum.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnastofnum FA á árinu 2020 og markverðum áföngum sem hafa náðst það sem af er ári 2021. Ítarlega umfjöllun um starfsárið 2020 er að finna í ársskýrslu FA og Fræðslusjóðs á www.frae.is.

Fræðslusjóður

Fræðslusjóður starfar samkvæmt lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipar sjóðnum stjórn til fjögurra ára í senn. Skipunartími núverandi stjórnar er til 2023. Nánari upplýsingar um skipan stjórnar Fræðslusjóðs eru á www.frae.is/fraedslusjodur.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að þróun viðeigandi námstækifæra fyrir

markhóp framhaldsfræðslunnar og skapa skilyrði fyrir hópinn til að geta nýtt sér námstækifæri sem í boði eru. Það gerir sjódurinn með því að veita framlög til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar, raunfærnimats og nýsköpunar- og þróunar. Framlög til Fræðslusjóðs eru ákveðin í fjárlögum hvers árs.

Árið 2020 úthlutaði Fræðslusjóður 804,5 milljónum til samstarfsaðila. Skiptust greiðslur þannig að til kennslu og námskeiðahalds voru greiddar 475,9 milljónir, til raunfærnimats 162,7 milljónir og til ráðgjafar um nám og störf voru greiddar 127,9 milljónir.

Alls bárust 26 umsóknir um nýsköpunar- og þróunarstyrki, samtals að upphæð tæplega 81 milljón. Úthlutun fór fram í maí og var veitt til 10 verkefna, samtals rúmlega 28,1 milljón.

Í upphafi árs 2021 gerði FA fyrir hönd Fræðslusjóðs samning við Vinnumálastofnun í tengslum við verkefni stjórnvalda „Nám er tækifæri“. Í samningi var Fræðslusjóði falið að stýra úthlutun viðbótarfjármagns til framhaldsfræðslaðila til kennslu vottaðra námsleiða og raunfærnimats fyrir fólk á atvinnuleysissskrá. Heildarfjárhæð úthlutunar er 500 milljónir sem koma til greiðslu á árinu 2021 og haustönn 2022.

Samstarfsaðilar Fræðslusjóðs sem kenna vottaðar námsleiðir eru eftirfarandi eftir landshlutum:

Höfuðborgarsvæðið	Mímir, IDAN-fræðslusetur og Framvegis
Norðurland	Símey og Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
Suðurnes	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Vesturland og Vestfirðir	Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi og Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Suðurland og Vestmannaeyjar	Fræðslunet Suðurlands og Viska Vestmannaeyjum
Austurland	Austurbrú og Pekkingarnet Pingeyinga

Námskrár og námslýsingar

Stöðugt er unnið að þróun verklags og framsetningar námskráa og námslýsinga. Endurskoðaðar voru þrjár bóklegar námskrár FA; Menntastoðir, Nám og þjálfun í almennum greinum og Grunnumenntaskólinn. Endurskoðunin er

unnin í samráði við símenntunarmiðstöðvar sem hafa reynslu af námsleiðnum. Niðurstaðan var að unnar voru tvær námskrár upp úr þessum þremur og sendar til vottunar hjá Menntamálastofnun. Samhlíða námskrárskrifum sinna sérfræðingar FA stuðningi og ráðgjöf til símenntunarmiðstöðva sem vinna að gerð námskráa.

Pað sem af er ári 2021 hafa námskrárnar Sterkari starfskraftur og Félagsliði, sem eru unnar í samráði við Borgarholtskóla og símenntunarmiðstöðvar, verið uppfærðar. Pví til viðbótar voru gefnar út; Ferðaþjónusta I og II, Ferðaþjónusta – móttaka á gististöðum og Ferðaþjónusta – veitingasalur sem byggja á hæfnigreiningum starfa í ferðaþjónustu.

Í tengslum við verkefni Hæfniseturs ferðaþjónustunnar, sem er hýst hjá FA, var unnið að námslínú í ferðaþjónustu í samvinnu við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu. Vinnan hefur gengið vel og gert ráð fyrir að námsbraut verði að fullu tilbúin fyrir framhaldsskóla til að vinna eftir í upphafi árs 2022.

Á árinu 2020 voru vottaðar námsleiðir kenndar hjá 12 samstarfsaðilum Fraðslusjóðs og luku 2452 einstaklingar námi. Kenndar voru 29 mismunandi námsleiðir og sóttu 72% nemenda námið á landsbyggðinni og 28% á höfuðborgarsvæðinu. Konur eru í meirihluta, eða 67% þeirra sem sækja vottaðar námsleiðir og er það í samræmi við hlutföll undanfarinna ára.

Hæfnigreiningar

Hæfnigreiningar eru aðferð til að greina hvaða hæfni starfsfólk þarf að búa yfir til að gegna ákveðnu starfi. Hæfnikröfur sem koma út úr greiningu eru nýttar í raunfærnimat og við skrif námskráa.

Framkvæmd hæfnigreininga hefur verið í höndum FA og samstarfsaðila sem hafa hlotið þjálfun í að nota aðferðina. Reglulega býður FA námskeið fyrir nýja umsjónarmenn greininga.

Vinna við hæfnigreiningar krefst þess að aðilar úr ólíkum fyrirtækjum í sömu störfum hittist og meti saman kjarnahæfni starfs. Vegna aðstæðna tengdum heimsfaraldri var ekki möguleiki að koma slíkri vinnu við á árinu en tíminn var nýttur til að þróa rafræna aðferðarfræði við hæfnigreiningu.

Raunfærnimat

Eitt af hlutverkum FA er að þróa aðferðir við mat á raunfærni og styðja við gæði þess í samstarfi við hagsmunaaðila. Framkvæmd raunfærnimatsverkefna er í höndum samstarfsaðila FA, sem eru fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar viða um land. Helsta hlutverk FA er að tryggja gæði við framkvæmd raunfærnimats, með því að þjálfa fagaðila, miðla og veita ráðgjöf um viðurkennda aðferðafræði og aðstoða við innleiðingu í nýjum greinum.

Haldin voru sex hefðbundin námskeið fyrir fagaðila í raunfærnimati árið 2020 og það sem af er 2021.

Alls fóru 638 einstaklingar í gegnum raunfærnimat á vegum framhaldsfræðslunnar árið 2020. Hlutfall karla var 64% og kvenna 36%. Meðalaldur þátttakenda í raunfærnimati var 37,5 ár. Raunfærni var metin á móti formlegu og óformlegu námi sem og hæfniviðmiðum starfa, alls 38 leiðir. Sífellt bætast inn ný svið þar sem hægt er að fá reynslu af vinnumarkaði metna. Frá árinu 2004 hafa 6.162 einstaklingar lokið raunfærnimati á móti námskrám framhaldsskólanna og viðmiðum atvinnulífsins.

Fjöldi sem lauk raunfærnimati 2018 - 2020			
	2018	2019	2020
Almennar bóklegar gr.	10	16	17
Löggildar iðngreinar	243	241	269
Starfsnám	304	275	253
Viðmið atvinnulífsins	20	24	99
ALLS	577	556	638

Tilraunaverkefni FA, ASÍ og SA „Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins“ lauk formlega á árinu með útgáfu skýrslu um helstu niðurstöður. Markmið verkefnisins var að leita leiða til að koma á fót heildstæðu raunfærnimatskerfi sem tekur mið af hæfnikröfum starfa og gefur af sér vottun á færni sem hefur gildi á vinnumarkaði. Unnið var að raunfærnimati í fimm störfum: matvælavinnslu, móttöku á gistiheimilum, þjónustu í sal, fulltrúi í opinberri þjónustu og verslun. Raunfærnimat starfsmanna í ferðaþjónustu hefur tafist vegna áhrifa Covid en í öðrum störfum er raunfærnimati lokið. Starfsmenn fá vottaða hæfni með Fagbréfi sem tengir hæfni við íslenska hæfnirammann. Unnið hefur verið að tillögum um sjálfbært kerfi fyrir raunfærnimati í atvinnulífinu og handbók um framkvæmd í samstarfi við SA og ASÍ. Á næstu vikum og mánuðum verður haldið áfram að kynna þetta verkefni og tækifæri sem felast í því fyrir einstaklinga og atvinnulíf.


FA er í samstarfi við Háskóla Íslands um þróun aðferðafræði við styttingu náms í Leikskólakennarafræðum og kemur að þjálfun fagaðila og útfærslu matsgagna.

Sérfræðingar FA hafa tekið þátt í norrænum og evrópskum verkefnum um raunfærnimat og eftir því er tekið að við Íslendingar erum að ná árangri. Beiðni kom frá Svíþjóð um að fulltrúi FA myndi kynna íslenska raunfærnimatskerfið og var því teftl fram sem fyrirmýndardæmi á ráðstefnunni. Í kjölfar erlends samstarfs kom einnig beiðni til FA um að halda stóra alþjóðlega ráðstefnu um raunfærnimat, svokallaðan raunfærnimats- tvíæring sem var síðast haldinn í Pýskalandi. Undirbúningur er hafinn og verður ráðstefnan í maí 2022 í Reykjavík.

Ráðgjöf um nám og störf

FA er í samstarfi við ráðgjafa fræðslu- og símenntunarmiðstöðva um land allt til þess að þróa og stuðla að gæðum á sviði starfsferilsráðgjafar. Jafnframt heldur FA úti vefnum Næstaskref.is sem er upplýsingakerfi um nám og störf. Eitt af markmiðum FA er að efla sérfræðiþekkingu í náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar með því að halda utan um samstarf ráðgjafa, ásamt því að leita leiða til að efla gæði þjónustunnar í gegnum þróun aðferðafræði og endurgjöf frá notendum. Í samstarfsneti FA eru um 30 ráðgjafar. Haldnir eru samstarfsfundir með ráðgjöfum tvisvar á ári og skýrslur um framkvæmd og helstu verkefni ráðgjafarinnar á miðstöðvunum koma inn til FA árlega.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að efla þjónustu við fólk af erlendum uppruna og gera ráðgjöf um nám og störf aðgengilega. Fjöldi þeirra sem nýta sér ráðgjöf hefur vaxið milli ára en það vekur athygli þegar skoðaðar eru tölur yfir þjóðerni að Pólverjum fækkaði um helming miðað við árin á undan en hlutfall annarra erlendra ríkisborgara helst nokkuð svipað og árin á undan.



Á árinu voru tekin 8231 ráðgjafarviðtol hjá samstarfsaðilum Fræðslusjóðs og er það nokkur fækkan frá árunum á undan en árið 2019 voru þau 9448 og 9473 árið 2018.

Hraðar breytingar urðu á formi ráðgjafarviðtala árið 2020 þar sem um mitt ár var rétt um helmingur viðtala á rafrænu formi en á síðasta ársfjórðungi 70%. Að mati ráðgjafa gekk þessi breyting heilt yfir vel og ljóst að breytingin er að einhverju leyti varanleg þó hún komi aldrei að fullu í stað hefðbundinna ráðgjafarviðtala.

Á vormánuðum 2021 leitaði FA, í samstarfi við NVL og Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafar, í reynslubanka Norðmanna og bauð upp á kynningu á rafrænni ráðgjöf sem þeir hafa opnað endurgjaldslaust fyrir alla (karrier-eveiledning.no).

Meirihluti þeirra sem sækja viðtol ráðgjafa í framhaldsfræðslunni tilheyra stéttarfélögum ASÍ.



Vefur FA, www.næstaskref.is hefur haldið áfram að vaxa og á árinu 2020 voru 69.551 heimsóknir þangað. Á vefnum er hægt að nálgast aðgengilegar lýsingar á námi og störfum. Á málþingi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) fékk vefurinn hrós fyrir jákvæða þróun hvað varðar framsetningu upplýsinga og aðgengi hins almenna notanda. Til að vefurinn haldi áfram að þróast og verði það heildstæða safn upplýsinga sem honum er ætlað er ljóst að fleiri aðilar þurfa að koma að rekstri hans og þróun. Viðræður eru hafnar við mennta- og menningarmálaráðuneyti og Menntamálastofnun um samstarf.

Kennslufræðimiðstöð

Samstarf FA og Menntavísindasviðs HÍ um þróun viðmiða um hæfni leiðbeinenda í framhaldsfræðslu hélt áfram á árinu. Í kjölfar þess að starfið var greint voru unnir matslistar til notkunar í raunfærnimati, matsaðilar þjálfaðir og framkvæmt raunfærnimat til að láta reyna á hæfniviðmiðin með reyndum leiðbeinendum m.a. úr atvinnulífinu.

FA hefur leitt samtal um þróun og uppbyggingu miðlægrar efnisveitu sem heldur utan um nám, hæfniviðmið, verkfæri, ferli og hæfniþróun einstaklinga á vettvangi framhaldsfræðslunnar. Markmiðið er að efla samstarf og auka nýtingu á efni sem verður til í kringum verkfæri framhaldsfræðslunnar, m.a. fyrir styrki úr Próunarsjóði Fræðslusjóðs. Niðurstaða samráðs og funda var að FA taki að sér að leiða áframhaldandi þróun rafræns samvinnuvettvangs og fái til liðs við sig fulltrúa frá símenntunarmiðstöðvum.

Söfnun upplýsinga og nemendabókhald

FA heldur utan um tölfræði fyrir alla þátttakendur í framhaldsfræðslunni. Uppgjör á framkvæmd ársins 2020 í vottuðum námsleiðum, raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf fór fram samkvæmt skráningum í INNU, miðlægu upplýsinga- og kennslukerfi fyrir fræðsluaðila. Allar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar sem eru í samstarfi við FA hafa aðgang að kerfinu og skrá þar

upplýsingar. Þeir sem nýta sér námsúrræði framhaldsfræðslunnar eða fara í raunfærnimat geta séð árangur sinn á [island.is](#).

Skráning á því hvaða heildarsamtökum stéttarfélaga nemendur framhaldsfræðslunnar tilheyrar breyttist við að INNA var tekin upp og er meira um að þessar upplýsingar eru ekki skráðar.

Erlent samstarf

FA hefur frá upphafi stýrt eða tekið þátt í fjölda Evrópuverkefna sem hafa leitt af sér lærðóm inn í starfið, víkkað sjóndeildarhringinn og eftt tengslanetið. Flest verkfæranna í verkfærakistu FA hafa sprottið upp úr slíku samstarfi.



Samhliða ferðatakmörkunum undanfarið hafa flest verkefni tafist eitthvað og nauðsynlegt hefur verið að aðlaga þróunarvinnuna nýjum aðstæðum.

Samstarfsverkefni 2021	
Heiti verkefnis	VISKA
	UP-AEPRO
	Enterprised
Starfsþróun starfsmanna	
	Com(m)-online
	NOVA
Starfsferilsráðgjöf og hæfni í atvinnulífinu	

NVL – norrænt tengslanet um fræðslu fullorðinna

NVL er samstarfsverkefni fyrir fullorðinsfræðslu á Norðurlöndunum með áherslu á forgangsröðun Norrænu ráðherranefndarinnar. FA hefur vistað NVL á Íslandi frá upphafi eða frá árinu 2005.

FA á fulltrúa í fjórum netum á vegum NVL. Starfsemi netanna raskaðist tölvert á árinu þar sem ekki var hægt að ferðast en reynt var að breyta viðburðum, þar sem mögulegt var, í vefviðburði. Á árinu voru þrír viðburðir haldnir þar sem fjöldi þátttakenda var 340, þar á meðal var ársfundur FA sem er styrktur af NVL.

Gæða- og kynningararmál

Eitt af hlutverkum FA er að efla gæði í starfsemi framhaldsfræðslunnar. Það gerir FA m.a. með því að bjóða upp á gæðakerfið EQM/EQM+. EQM er vottun á fræðslustarfsemi fræðsluaðila og geta jafnt fræðsluaðilar og fræðslu-

deildir fyrirtækja sótt um slíka vottun. EQM+ nær einnig til ráðgjafar um nám og störf, raunfærnimats auk fræðslustarfsemi. Ráðist var í heildarendurskoðun á kerfinu á árinu. Markmiðið var að samræma og skýra nánar gæðakröfur í fræðslu, ráðgjöf og raunfærnimati, fækka leyfilegum frávikum og uppfæra viðmiðin í samræmi við breytingar á kennsluháttum. Árið 2021 eru 18 aðilar sem starfa samkvæmt vottun EQM/EQM+.

Hafin er vinna við endurskoðun heimasíðu FA. Markmiðið er að gera hana nútímalegri og aðgengilegri í notkun þar sem skýrari aðgreining verður á gögnum sem eru til notkunar fyrir fagaðila og þeirra sem nýta síðuna til upplýsinga um starfsemi FA.

Hæfnisetur ferðaþjónustunnar

Nýr þjónustusamningur var undirritaður við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið í lok árs um áframhaldandi starf Hæfniseters ferðaþjónustunnar. Samningurinn felur í sér áframhaldandi uppbyggingu á hæfni starfsmanna í íslenskri ferðaþjónustu með auknum stafrænum verkfærum í fræðslu sem og uppbyggingu þrepaskipts náms í samstarfi við fræðsluaðila. Samningurinn gildir til loka árs 2023 og nema framlög ráðuneytisins 50 m.kr. á ári.

Stefna og verkefni Hæfniseters ferðaþjónustunnar eru mörkuð af stýrihópi þar sem sitja fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis og starfsgreinaráðs, og fulltrúar fræðsluaðila og skóla víðsvegar af landinu.

Nánari upplýsingar um Hæfnisetur ferðaþjónustunnar er að finna í ársskýrslu 2020 á haefni.is.

Mímir

Á heildina litið var árið 2020 farsælt í starfsemi Mímis. Nemendastundum fjölgæði á milli ára þratt fyrir þá gríðarlega óvissu sem ríkti um rekstur og starfsemi Mímis vegna heimsfaraldurs kórónaveiru sem hrellti samfélög um allan heim og ógnaði lífi og heilsu fólks. Skólahald í Mími tók breytingum í takti við þær sóttvarnarreglur sem yfirvöld boðuðu hverju sinni auk þess sem allt kapp var lagt á fjarkennslu og rafræna ráðgjöf. Hin tæknilega framtíð varð því allt í einu í nútíð, kannski mun fyrr en reiknað hafði verið með.

Skólastarf í stafrænum heimi

Nemendastundum fjölgæði um 6% á milli ára sem telst ákveðið afrek á tímum Covid-19 og sýnir vel hversu vel tókst til í Mími við umbyltingu skólastarfs inn í himm stafræna heim. Hjá Mími var ráðist í umfangsmikla vinnu í því augnamiði að tryggja nemendum mikilvæga samfellu í námi þratt fyrir lokun skólans og/eða samkomutakmarkanir og minnka þannig líkur á mögulegu

brottfalli úr námi. Fjarkennsla var tekin upp hjá Mími í námsbrautum og námskeiðum sem áður voru kennd í staðnámi. Að sama skapi urðu viðtöl hjá náms- og starfsráðgjöfum rafræn, sem og raunfærnimat. Þá unnu starfsmenn til skiptis heiman frá sér að miklu og stundum öllu leyti og fengu þann tækjakost og tæknibúnað sem til þurfti. Stærsta verkefnið var að styðja við bæði kennara og nemendur við þessa umþyldingu og gæta þess að starfsfólk, kennarar og nemendur réðu við það álag sem kom til vegna Covid-19. Mikil vinna fór í að breyta verkferlum og sóttvarnarviðmiðum hjá Mími í takti við það sem yfirvöld boðuðu hverju sinni. Kynningarþátturinn var ekki síður krefjandi því ný viðmið þurfti sífellt að kynna bæði innan og utan Mímis og helst á fleiri tungumálum en íslensku. Þá var viðmiðunum fylgt eftir og kapp lagt á að tryggja að eftir þeim væri farið.

Fáir heltust úr lestinni

Pókk sé áherslu undanfarinna ára á innleiðingu á tækni hjá Mími var skólinn ágætlega búinn hvað tæknibúnað og kennslukerfi til fjarkennslu varðar. Bæði kennarar og nemendur sýndu aðdáunarvert frumkvæði og seiglu við að mæta nýjum kröfum um stafræn samskipti og á sama tíma tryggja gædi kennslunnar. Þá sýndi starfsfólk Mímis, kennarar, samstarfsaðilar og nemendur samstöðu sem aldrei fyrr og tókust á við verkefnin af ábyrgð og æðruleysi. Árangurinn létt ekki á sér standa og heltust færri nemendur úr lestinni en óttast var enda þótt oft sé um að ræða viðkvæma hópa námslega. Við slíka umþyldingu skólastarfs sem veiran krafðist mætti Mímir vissulega nýjum áskorunum en ekki síður nýjum lausnum. Sumt virkaði vel en annað síður og er dreginn mikilvægur lærðómur af reynslunni sem nýtist til framtíðar. Þá tókst Mími að sinna nýsköpun í námsframboði samhlíða stafrænni umþyldingu og setti á laggirnar ný námskeið bæði tengt fjórðu iðnþyldingunni og auknu atvinnuleysi vegna Covid-19.

Skortur á fyrirsjáanleika í rekstrarumhverfinu


Rekstrarafgangur varð hjá Mími upp á rúmar fjórar milljónir króna miðað við um þrjár milljónir árið á undan. Félagið Mímir er rekið til almennaheilla og er afgangur frá rekstri notaður til að efla mennta- og fræðslumál fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði. Lögð er áhersla á að skila lítils háttar afgangi frá rekstri hvert ár því mikilvægt er að geta mætt mögrum árum sem virðast koma með reglulegu millibili. Eigið fé Mímis er nú 50,5 milljónir, þar af er hlutafé 16 milljónir.

Reksturinn gengur vel með stöðugu utanumhaldi og eftir umfangsmikla endurskoðun verkferla, sem og innleiðingu línulegrar stjórnunar. Mímir hlaut í annað sinn viðurkenningu Creditinfo sem Framúrskarandi fyrirtæki árið 2020

auk þess að uppfylla þriðja árið í röð ströng skilyrði Viðskiptablaðsins og Keldunnar til að teljast Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2020.

Rekstrartekjur voru 440,1 milljón á móti 436,2 milljónum árið 2019. Tekjur af námskeiðahaldi drögust saman um 4,5% á milli ára. Framlag til námskeiðahalds hjá Mími gegnum Fræðslusjóð dróst enn og aftur saman á milli ára sem stendur í beinu sambandi við að fjárfamlög stjórvalda til framhaldsfræðslunnar minnka ár frá ári. Árið 2019 kenndi Mímir 7.138 klukkustundir á grundvelli samnings við Fræðslusjóð um námsbrautir en 6.695 klukkustundir árið 2020, eða 443 klukkustundum minna. Það er 6,2% samdráttur á milli ára. Petta jafngildir andvirði heils Menntastoðahóps (440 klst.) Tekjur af öðrum verkefnum hækkuðu á móti áðurnefndum samdrætti samtals um 20% á milli ára.

Hlutfallsleg skipting rekstrartekna árið 2020



Fjárfamlög stjórvalda til framhaldsfræðslunnar hafa því miður ekki gengið í takt við eftirsprun í nám. Framlag Fræðslusjóðs til vottaðra námbrauta hjá Mími árið 2020 stóð undir 6,2% færri klukkustundum en árið 2019, sem er samdráttur upp á heila önn í fullu námi fyrir einn nemendahóp. Pannig hefur þróunin verið niður á við frá árinu 2017 og hefur framlag til vottaðra námsbrauta hjá Mími lækkað um 19% frá því ári. Fjölgun nemendastunda á árinu 2020 skýrist fyrst og fremst af stærri hópum og meiri áherslu á

lengri námsbrautir en styttri. Aðkomu stjórvalda að íslensku kennslu fyrir útlendinga minnkar að verðgildi með hverju árinu sem líður. Það gerist þrátt fyrir aukna eftirsprun í námið, aukinn fjölda útlendinga á íslenskum vinnu-markaði og þrátt fyrir yfirlýstan vilja stjórvalda til að gera betur. Stuðningur stjórvalda við íslenskunám útlendinga minnkar því stöðugt sem leiðir til þess að námið verður dýrara fyrir þá sem það sækja.

Fyrirsjánleiki er ekki orðið til að lýsa rekstrarumhverfi framhaldsfræðslunnar. Allt árið ríkti fullkomin óvissa um stóran tekjulið hjá Mími en það er framlagið frá stjórnvöldum sem aðilar vinnumarkaðarins sömdu um í kjarasamningum árið 2015 til þess að styrkja möguleika fullorðinna á vinnumarkaði til náms. Enda þótt fjárlög vegna ársins 2020 hafi áfram gert ráð fyrir viðþótarframlaginu barst það Mími ekki fyrr en í lok árs, eða 10. desember, samtals 37,8 milljónir króna. Mörg verkefni komust því ekki á kopinn á árinu sem hefði verið hægt að ráðast í ef fjármagnið hefði legið fyrir í byrjun árs. Viðþótarfjármagnið hefur gert gæfumuninn fyrir rekstrargrundvöll Mímis enda hafa fjárfamlög úr ríkissjóði til Mímis undanfarin ár ekki endilega haldist í hendur við stærð markhópsins sem Mímir sinnir.

Liðsheild sem aldrei fyrr

Árið 2020 var vonandi einstakt með tilliti til faraldursins. Á sama tíma var einstakt að starfa með stjórnendum og starfsfólki fyrirtækisins við að halda úti þeirri grunnþjónustu sem Mímir veitir á afar krefjandi tímum. Mér er efst í huga þakklæti og er ég stolt yfir þeim forréttindum að fá að vera hluti af Mímishópnum sem er í senn þrautseigur, metnaðarfullur og dugmikill. Góðan árangur Mímis er fyrst og fremst öflugu og metnaðarfullu starfsfólki að þakka, sem og okkar traustu kennurum og nemendum.

Ég er stolt af því hvernig starfsfólk, kennrarar og nemendur í Mími tókust á við ný verkefni af yfirvegun, voru úrræðagóðir og ekki síður skynsamir. Liðsheildin sýndi styrk sinn sem aldrei fyrr. Óhætt er að segja að mikið hafi reynt á stoðir Mímis sem sannarlega stoðst prófið. Gildi Mímis um samvinnu, fagmennsku og framsækni voru þar gott og mikilvægt veganesti. Eins og áður er mikill hugur í Mímisfólki sem horfir til framtíðar björtum augum.

Mannauður


Í stjórn Mímis sitja fimm aðalmenn og þrír varamenn. Stjórnina skipuðu Eyrún Björk Valsdóttir formaður, Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir varaformaður, Ragnar Ólason meðstjórnandi, Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir meðstjórnandi og Eyþór Árnason meðstjórnandi. Varamenn eru Sólveig Anna Jónsdóttir, Hilmar Harðarson og Ingibjörg Ósk Birgisdóttir.

STJÓRN



Mannauður Mímis samanstendur af öflugum starfsmönnum og leiðbeinendum sem skila því faglega og góða starfi sem unnið er hjá Mími. Stöðugildi hjá Mími voru 18,4 árið 2020 og er það svipað árinu á undan. Þá voru um 125 í verktökum hjá Mími meðal annars við kennslu og er það einnig svipaður fjöldi og árið 2019.

SKIPURIT MÍMIS



STEFNA MÍMIS



Fræðsla

Starfsemi Mímis fór ekki varhluta af þeirri óvissu sem Covid-19 veiran olli á árinu 2020 og breyttist skólahald í takti við þær sóttvarnarreglur sem yfirvöld boðuðu hverju sinni.


Nemendastundum fjölgaði um 6% á milli ára sem telst ákveðið afrek á tínum Covid-19 og sýnir hve vel tókst til við umbytingu skólastarfs inn í hinn stafræna heim. Munar þar mestu um fjölgun nemendastunda í starfstengdum og almennum námsbrautum. Þá dróst fjöldi nemendastunda saman um 9% í íslensku fyrir útlendinga á milli ára sem skýrist af fækku nemendastunda á íslenskunámskeiðum fyrir vinnustaði en eftirspurn eftir þeim dróst töluvert saman við upphaf faraldursins þegar skólalokun og samkomutakmarkanir tóku fyrst gildi. Prátt fyrir tímabundna minni eftirspurn nægði árlegur fjárvíkurstyrkur mennta- og menningarmálaráðuneytisins til íslenskunámskeiða hjá Mími ekki að mæta eftirspurn eftir námskeiðunum heilt yfir árið 2020. Þá fækkaði viðtölum í náms- og starfsráðgjöf á milli ára sem skýrist fyrst og fremst af lægra framlagi frá Fræðslusjóði til ráðgjafar. Samtals fóru 80 manns í gegnum raunfærnimat árið 2020 en 45 árið 2019. Skýrist það af fjölda þeirra er fóru í gegnum raunfærnimat í fagnámi verslunar og þjónustu sem er fyrir starfandi verslunarfólk þar sem kunnáttu og hæfni hvers og eins er metin til eininga á móti kenndum áföngum í Verzlnarskóla Íslands.

Hjá Mími var ráðist í umfangsmikla vinnu í því augnamiði að tryggja nemendum mikilvæga samfellu í námi þrátt fyrir lokun skólans og minnka þannig líkur á mögulegu brottafalli úr námi. Á um tveimur sólarhringum færðist almenn þjónusta, nám og kennsla í fjarkennslu og fjarþjónustu í gegnum vef. Að sama skapi fóru viðtöl hjá náms- og starfsráðgjöfum fram í gegnum fjarfundarbúnað, sem er raunfærnimat.

Bæði kennrarar og nemendur sýndu aðdáunarvert frumkvæði og seiglu við að mæta nýjum kröfum um stafræn samskipti og á sama tíma tryggja gæði kennslunnar. Árangurinn létt ekki á sér standa og heltust mun færri nemendur úr lestinni en óttast var.

Stærsta verkefnið var að styðja við bæði kennara og nemendur í þessari umbytingu og gæta þess að starfsfólk, kennrarar og nemendur réðu við það álag sem kom til vegna Covid-19. Starfsfólk myndaði tæknipróunarteymi sem hafði það hlutverk að aðstoða bæði kennara og nemendur í þessu skyni. Kennrarar voru hvattir til að leita til tæknipróunarteymis til að fá aðstoð við að gera kennsluna stafræna. Þá stóð bæði kennurum og nemendum til boða að fá lánaðan tæknibúnað til náms og kennslu. Náms- og starfsráðgjafar skipuðu svokallað nemendateymi til þess að styðja við bakið á nemendum við námið. Neyðarstjórn Mímis fundaði daglega og hélt vikulega upplýsingafundi með starfsfólk Mímis.

Við umbyltingu skólastarfs vegna Covid-19 mætti Mímir vissulega nýjum áskorunum en ekki síður nýjum lausnum. Sumt virkaði vel en annað síður og er dreginn mikilvægur lærdómur af reynslunni.



Íslenska sem annað má.

Mikil breyting varð á framboði á fjarnámskeiðum á öllum stigum í kjölfar Covid-19 faraldursins. Á árinu 2020 voru alls haldin 111 íslenskunámskeið með 1362 þátttakendum sem luku námskeiðum með 75% mætingu að lágmarki. Af þeim fóru 52 námskeið fram í fjarnámi að hluta til eða að öllu leyti. Ljóst þykir að fjarnám á öllum stigum hafi í kjölfarið fest sig í sessi hjá Mími.

Almenn námskeið

Námskeiðin árið 2020 voru á fimm stigum auk sérstakra talþjálfunarnámskeiða og voru í boði bæði morgun- og kvöldnámskeið. Boðið var upp á stig 1 og 2 í íslensku fyrir tíu mismunandi tungumálahópa þar sem kennarinn styðst við móðurmál nemenda, til dæmis arabísku, kúrdísku og farsí. Meðal nýjunga á árinu var fjarnámskeið fyrir Taílendinga þar sem stuðst var við taílensku til útskýringa fyrir nemendur.

Kennsla á almennum íslenskunámskeiðum fór fram á tveimur stöðum; í Höfðabakka og í húsnæði Mímis að Öldugötu 23. Kennsla og námsefni taka mið af námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir, rafrænar leiðir auk hefðbundinna verkefna sem efla almenna íslenskuþekkingu og færni í að nota tungumálið í daglegu lífi.

Íslenskunámskeið fyrir fyrirtæki

Starfstengdum námskeiðum í íslensku fækkaði um 46% á milli ára en alls voru haldin 15 námskeið hjá fimm fyrirtækjum í samanburði við 28 námskeið árið áður.

Í samstarfi Mímis og fyrirtækja var lögð áhersla á markviss og árangursrík íslenskunámskeið sem koma til móts við þarfir bæði vinnustaða og starfsmanna. Áframhaldandi samstarf var við Landspítalann um íslenskunámskeið fyrir erlent starfsfólk sem starfar við umönnun, fyrir fagmenntað fólk, svo sem lækna, hjúkrunarfræðinga, geislafræðinga og fleiri stéttir.

Nokkur fyrirtæki bjóða árlega upp á íslenskunámskeið fyrir starfsfólk sitt í samstarfi við Mími og voru nokkur námskeið hafin þegar Covid-19 faraldurinn skall á. Komið var til móts við fyrirtækin með fjarkennslu eða með því að fresta námskeiðum tímabundið. Engin fyrirtæki, utan Landspítalans, buðu upp á íslenskunámskeið á seinni hluta ársins. Hjá Landspítalanum varð að fára öll íslenskunámskeiðin bæði á vor- og haustönn yfir í fjarnám og tókst að ljúka þeim öllum með ágætum árangri, eða alls níu námskeiðum. Skipti þar jákvæðni og góð samvinna Mímis, spítalans og kennara miklu máli.

Námskeið fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna í samstarfi við Vinnumálastofnun

Tvö almenn íslenskunámskeið fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna voru haldin í samstarfi við Vinnumálastofnun á móti 16 námskeiðum árið á undan. Í kjölfar aukinnar áherslu á einstaklingsbundna þjónustu urðu breytingar hjá Vinnumálastofnun á námsframboði fyrir þjónustuþega sína á árinu. Atvinnuleitendur af erlendum uppruna, sem hafa til þess rétt, eru nú hvattir til að taka þátt í almennum íslenskunámskeiðum að eigin vali eftir því sem hentar hverjum og einum. Hjá Mími hefur tæknileg vinna og vinna vegna skráninga og upplýsingagjafar til Vinnumálastofnunar aukist vegna þessa. Námsbrautin Að lesa og skrifa á íslensku var einnig nýtt fyrir þjónustuþega Vinnumálastofnunar en alls luku fjórir slíkir hópar námi á árinu.

Próf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgarárétt

Einstaklingum sem þreyttu próf sem hluta af umsókn um íslenskan ríkisborgarárétt fækkaði um tæp 12% á milli ára en 384 einstaklingar tóku prófið árið 2020 miðað við 435 árið 2019. Rekja má fækjun próftaka til áhrifa af Covid-19, sérstaklega um vorið þegar próftakar voru 141 en uppsöfnuð þörf kom í ljós á haustönn þegar 243 einstaklingar tóku prófið í alls 12 prófalotum. Framkvæmd íslenskuprófa vegna umsókna um íslenskan ríkisborgarárétt er hjá Mími en prófin eru á vegum Menntamálastofnunar. Prófað er í skilningi, ritun, hlustun og tali. Tvær prófalotur fóru fram á árinu, önnur í lok maí og hin í lok nóvember. Prófin fóru fram í húsakynnum Mímis í Höfðabakka en einnig hjá Símey á Akureyri og Austurbrú á Egilsstöðum.

Nánari upplýsingar um fjölda nemendastunda í einstökum námskeiðum og námsbrautum hjá Mími má sjá í ársskýrslu Mímis 2020.

Ráðgjöf og stöðumat


Náms- og starfsráðgjöf

Fjöldi viðtala hjá náms- og starfsráðgjöfum dróst saman um 17% milli ára en 1283 viðtöl voru tekin árið 2020 á móti 1551 árið 2019. Fækkun viðtala skýrist fyrst og fremst af lægra framlagi frá Fræðslusjóði til ráðgjafar. Stöðugildi náms- og starfsráðgjafa voru þrjú framan af ári en fjórði ráðgjafinn bættist við í hlutastarfí í september.

Mímir er með þjónustusamning við Fræðslusjóð um náms- og starfsráðgjöf og tekur umfang þjónustunnar mið af þeim samningi. Allir starfsmenn Mímis eru samstarfsaðilar ráðgjafa og beina fólk í ráðgjöf ásamt því að leita ráða um hin ýmsu málefni tengd nemendum.

Meginmarkmið náms- og starfsráðgjafar Mímis er að efla vitund einstaklinga um hæfileika sína, viðhorf og áhuga þannig að þeir geti notið sín í námi og starfi. Ráðgjöfinni er ætlað að auðvelda fólk í að átta sig á styrkleikum sínum, færni og áhuga til að eiga auðveldara með að ákveða næstu skref í námi og starfi. Náms- og starfsráðgjafar hafa sérfraðiþekkingu á því svíði að aðstoða einstaklinga við að kortleggja hvar viðkomandi er staddur, með því að laða fram þá hæfni, færni og reynslu sem viðkomandi hefur og aðstoða þannig við ákvörðunartöku um næstu skref.

Verkefni náms- og starfsráðgjafa tóku litlum breytingum þrátt fyrir heimsfaraldur Covid-19 og voru sem áður ráðgjöf til einstaklinga og stjórnun verkefna í raunfærnimi. Hins vegar var minna um hópráðgjöf, kennslu í námsbrautum og ráðgjöf til fyrirteikja. Þá færðust einstaklingsviðtöl að mestu yfir á rafrænt form. Með rafrænni ráðgjöf jókst aðgengi að náms- og starfsráðgjöf óháð því hvar og hvenær viðkomandi leitaði eftir upplýsingum. Enda þótt ráðgjöfin væri rafræn var áfram farið yfir náms- og starfsferil ráðþega og veittar upplýsingar um nám sem í boði er. Náms- og starfsráðgjafar hjá Mími höfðu samband við nemendur, bentu þeim á leiðir til að takast á við hindranir í námi og tileinka sér árangursrík vinnubrögð þrátt fyrir faraldurinn. Þegar faraldurinn var í niðursveiflu fóru náms- og starfsráðgjafar inn í nemendahópa eftir þörfum í því skyni að vinna gegn brotthvarfi nemenda úr námi.



Pegar atvinnuleysi tók að aukast sökum samdráttar í samfélagini vegna Covid-19 var aukin áhersla lögð á ráðgjöf sem snerti starfspróun og atvinnuleit, svo sem áhugasviðsgreiningu, gerð ferilskrár, skipulagningu starfsleitar og að leiðbeina atvinnuleitendum um að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Raunfærnimat

Alls fóru 80 einstaklingar í gegnum raunfærnimat hjá Mími árið 2020 en 45 árið á undan. Raunfærni er samanlögð færni sem náð er með ýmsum hætti í námi, starfi eða einkalffi. Raunfærnimat er staðfesting og mat á raunfærni. Eins er það gott tæki til starfsþróunar og sjálfseflingar hvort sem metið er á móti námskrá eða viðmiðum atvinnulífsins. Ávinningurinn skilar sér bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Mímir hefur aðgang að framúrskarandi matsaðilum í öllum greinum raunfærnimats sem fram fer hjá Mími úti í skólum og fyrirtækjum. Nýtt raunfærnimat fór af stað á árinu; raunfærnimat í fagnámi verslunar og þjónustu, sem er fyrir starfandi verslunarfólk þar sem kunnáttu og hæfni hvers og eins er metin til eininga á móti kenndum áföngum í Verzlunarskóla Íslands.

Raunfærnimat er stór þáttur í verkefnum náms- og starfsráðgjafa en þeir sjá um verkefnastjórn og ráðgjöf í því. Eftirfarandi raunfærnimat fór fram árið 2020:

- Raunfærnimat á móti viðmiðum félags- og tómstundabrautar, leikskólaliðabrautar og félagsliðabrautar. Fór fram í rafrænni ráðgjöf.
- Raunfærnimat í almennum bóklegum greinum (ensku, íslensku, stærðfræði og dönsku). Fór fram í rafrænni ráðgjöf.
- Raunfærnimat á móti almennri starfshæfni. Hefðbundið, þ.e. fór fram á staðnum.
- Raunfærnimat á móti fagnámi í verslun og þjónustu. Fór fram ýmist rafrænt eða á staðnum.

Að auki var samstarf við Visku fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja um raunfærnimat í skipstjórn. Ráðgjafar Mímis voru þáttakendum innan handar í matsviðtölum. Haldið verður áfram að vinna að raunfærnimati á árinu 2021 samkvæmt samningi við Fræðslusjóð fyrir árið 2020 sem ekki tókst að ljúka fyrir áramót.

Stöðumat í íslensku

Hjá Mími er væntanlegum þáttakendum á almennum íslenskunámskeiðum boðið að sækja stöðumat í íslensku svo hægt sé að ráðleggja það námskeið sem hentar best. Stöðumat í íslensku er bæði skriflegt og munnlegt. Stöðumat er auglýst og haldið áður en vor- og haustönn hefst en einnig geta nemendur

sótt stöðumatið fyrir einstakar lotur í íslenskunámskeiðunum. Hjá Mími er einnig hægt að taka próf í íslensku sem hægt er að nýta til umsóknar um ótímabundið dvalarleyfi hér á landi. Staðfestingar frá Mími þar að lútandi eru viðurkenndar af Útlendingastofnun. Á árinu þreyttu alls 34 einstaklingar slíkt stöðumat. Að auki hefur Mímir í mörg ár boðið hjúkrunarfræðingum af erlendum uppruna upp á að taka sérstakt próf í íslensku til að meta getu sína í íslensku áður en þeir sækja um starfsleyfi til Landlæknisembættisins til að starfa sem hjúkrunarfræðingar á Íslandi.

Prófamiðstöð

Einn af þáttunum í starfsemi Mímis er að bjóða upp á aðstöðu til próftöku fyrir fjarnema í Háskólanum á Akureyri. Árið 2020 tóku 204 próf hjá Mími. Engin próf voru haldin á vorönn vegna Covid-19. Háskólinn á Akureyri og Mímir hófu samstarfið haustið 2019 sem gengur út á það að veita nemendum háskólans aðstöðu til próftöku bæði á símatsdögum, sem og í prófatíðum háskólans.

Þróunar- og samstarfsverkefni

Þróunar- og samstarfsverkefni eru mikilvægur þáttur í starfsemi Mímis. Unnið var að átta slíkum verkefnum með fyrirtækjum og stofnunum sem styrkt eru af opinberum aðilum, aðilum vinnumarkaðarins, Erasmus+, sem og Nordplus. Áhersla var lögð á verkefni sem miða að því að efla þekkingu og færni á ýmiss konar tækni sem snertir nám og kennslu. Í kjölfar Covid-19 var nokkrum erlendum samstarfsverkefnum frestað en flest héldu áfram samkvæmt áætlun en þó með breyttu formi funda sem urðu rafrænir.

Í ársskýrslu Mímis 2020 má sjá yfirlit þróunar- og samstarfsverkefna Mímis á árinu.

Gæðamál

Frá upphafi hefur mikil áhersla verið lögð á gæði í öllu starfi Mímis og var árið 2020 þar engin undantekning. Fyrirtækið hefur hlutið vottun á fræðslustarfseminni og einnig formlega viðurkenningu á að starfsemin standist evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfs, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar, EQM+ (European Quality Mark). Á árinu var gerð áætlun um innra mat sem framkvæmt var í desember og fóru umbætur fram í lok árs. Gæðateymi vann áfram að útgáfu nýrra gæðaskjala og endurnýjun annarra. Að öðru leyti var vinna við gæðamál hliðstæð árinu á undan. Líkt og undanfarin árlaut Mímir viðurkenningar sem Framúrskarandi fyrirtæki hjá Creditinfo og Fyrirmynadarfyrirtæki hjá Viðskiptablaðinu og Keldunni.



Kynningar- og markaðsmál

Gerðir voru kynningarbæklingar bæði um nám og raunfærnimat sem flestir voru á rafrænu formi. Þjónusta við viðskiptavini var þróuð enn frekar í gegnum vef og áfram var notast við samfélagsmiðla; Facebook, Instagram, Youtube og Google til að kynna starfsemi Mímis. Þá voru námsbrautir kynntar í útvarpi í samstarfi við K100, RÚV og Sýn.

Birtar voru auglýsingar og greinar í fréttablöðum Eflingar stéttarfélags. Þá voru birtar auglýsingar á strætóskýlum til að kynna íslenskunámskeið. Mímir var í samstarfi við Birtingahús um birtingu auglýsinga. Þá tók Mímir þátt í þeim viðburðum sem þóttu henta til að nálgast markhóp sinn hverju sinni. Aðgengi á vef Mímis var bætt, meðal annars með því að setja upp netspjall þar sem hægt er að ná beinu sambandi við verkefnafulltrúa, fá upplýsingar um þjónustu eða bóka tíma í ráðgjöf.

Miningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar

Miningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður árið 1983 til minningar um Eðvarð Sigurðsson, formann Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Sjóðurinn er í umsjá Alþýðusambands Íslands. Sjóðurinn veitir styrki til að efla rannsóknir og útgáfú á verkum sem varða vinnumarkaðinn, hagsmuni launafólks og starfsemi verkalýðshreyfingarinnar. Stjórn sjóðsins skipa: Drífa Snædal, forseti ASÍ, Grétar Þorsteinsson, fyrverandi forseti ASÍ, og Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar-stéttarfélags.

Vorið 2021 veitti sjóðurinn fimm styrki. Peir eru eftirfarandi:

Haukur Már Haraldsson, í forsvari f. Prentsögusetur, fær 500.000 kr. til verkefnisins „Hönnun og uppsetning sýningar um sögu prentverks og bókagerðar á Íslandi 1535-1850“. Verkefnið felst í hönnun og uppsetningu sýningar um sögu prentverks og bókagerðar á Íslandi frá 1535 til miðrar nítjándu aldar. Sýningin verður sett upp í Gestastofu Skálholts, þar sem verða til sýnis verk-

færi og prentgripir frá þeim stöðum sem prentað var fyrstu 300 árin. Þeir voru reyndar ekki margir, enda má segja að obbann af þessu tímabili hafi aðeins verið ein prentsmiðja í landinu, ýmist að Hólum eða Skálholti, rekin af þessum biskupsstöðum eftir áhuga sitjandi biskups hverju sinni. Óhætt er að fullyrða að íslenskir bókagerðarmenn, setjarar, prentarar og bókbundrarar, hafi verið leiðandi í kjarabaráttu íslenskra launamanna. Sýningin á að sýna þann jarðveg sem frumherjarnir eru sprottnir úr.

A. Hildur Hákonardóttir, f.h. Starfshóps Rauðsokka, fær 500.000 kr. til verkefnisins „Rauðsokkar – verkalýðshreyfingin – kvennafríð 1975“. Verkefnið felst í að safna saman efni og skrá og miðla aðkomu verkalýðsfélaganna að kvennafrínu 1975, þeim tímamótandi viðburði. Þetta er einn stærsti þátturinn í viðamikilli skráningu og miðlun Rauðsokka á starfi sínu á áttunda áratug síðustu aldar. Afraksturinn verður í formi vefsíðu um Rauðsokkahreyfinguna þar sem frumheimildir verða gefnar út í stafrænu formi. Grunnskráningu skal lokið fyrir október 2021. Rannsókn, skráningarvinna og úrvinnsla fer fram í samvinnu við Kvennasögusafn Íslands á Landsbókasafni og þar verða gögnin geymd. Kvennasögusafn og Landsbókasafn tryggja að vefurinn lifi um ókomna tíð og verður hluti af stafrænum gagnasöfnum sem Landsbókasafnið starfrækir, á borð við tímarit.is og bækur.is.

Dr. Árelíá Eydís Guðmundsdóttir, ásamt dr. Svölu Guðmundsdóttur og Herdísí Pálu Pálsdóttur, fær 250.000 kr. til rannsókna á vinnumarkaðstengslum til framtíðar, gigg-vædingu og breyttum ráðningarsamböndum. Miklar breytingar hafa orðið á vinnumarkaði undanfarið. Færa má rök fyrir því að heimsfaraldurinn hafi hraðað breytingum á vinnulagi, störfum og starfsumhverfi og fjölbreyttum ráðningarsamböndum. Pví er nauðsynlegt að byggja undir frekari rannsóknir á vinnumarkaðstengslum til framtíðar. Samkvæmt rannsóknum er helsti vöxtur í störfum í Bandaríkjum og Bretlandi í svokölluðum gigg-störfum (afmörkuð og tímabundin verkefni sem leyst eru af fólk sem ekki er í hefðbundnu ráðningarsambandi). Á Íslandi er skortur á þekkingu á framtíðarvinnumarkaði og leitast umsækjendur við að bæta það, með viðurkenndum rannsóknaraðferðum, fókusgrúppum og megin-dlegum spurningakönnunum. Útkoman úr rannsókninni verður m.a. birt í fræðilegum skrifum og í bók sem ætluð er fólk á íslenskum vinnumarkaði.

Dr. Katrín Ólafsdóttir fær 250.000 kr. til rannsóknarverkefnisins „Konur og karlar á vinnumarkaði: Hver vinnur og hver tapar?“. Verkefnið Konur og karlar á vinnumarkaði og þróun atvinnugreina á Norðurlöndunum: Hver vinnur og hver tapar? er hluti af samnorræna rannsóknarverkefninu Gendered labor

markets and occupational change in the Nordics: Who wins and who loses? Verkefninu er ætlað að varpa ljósi á þróun atvinnugreina frá 2012-2019. Víða um heim eru merki um að hlutfall hálaunastarfa fari hækkandi á meðan að hlutfall starfa í miðju launadreifingarinnar hafi minnkað. Meðal láglauastarfa hefur ýmist komið fram hlutfallsleg fækkun starfa eða hlutfallsleg fjölgun starfa. Því hefur ýmist verið talað um skautun á vinnumarkaði (polarization) eða „upskilling“. Á Norðurlöndunum eru vísbendingar um að hvort tveggjá hafi átt sér stað, eftir löndum, en þessi þróun hefur ekki verið rannsokuð hér á landi. Jafnframt mun rannsóknin bera saman þróun á almennum vinnumarkaði og opinberum og bera saman þróun kynjasamsetningar í einstökum atvinnugreinum.

Jóna Sigurlaug Friðriksdóttir fær 42.000 kr. til ritunar á ágripi um ævi og störf Jóns Ingimarssonar, formanns Iðju – félags verksmiðjufólks. Verkefnið er unnið fyrir Iðnaðarsafnið á Akureyri. Safninu barst stytta af Jóni að gjöf. Við styttna er æskilegt að hafa aðgengilegar upplýsingar um Jón og áratugalanga baráttu hans fyrir verkalýðinn. Verkefnið felst í heimildaöflun og munu börn Jóns verða umsækjanda innan handar í þeim eftum.



Erlend samskipti

Alþýðusamband Íslands er virkur þátttakandi í alþjóðastarfí bæði á vettvangi verkalyðshreyfingarinnar og alþjóðastofnana. Páttaka ASÍ endurspeglar hvort tveggja, alþjóðlegan uppruna samtaka launafólks og vaxandi mikilvægi alþjóðastarfars fyrir verkalyðshreyfinguna og félagsmenn hennar. Vegna heimsfaraldursins hafa fundarhöld fulltrúa ASÍ erlendis verið með minnsta móti frá því í mars 2020 en það alþjóðlega samstarf sem þó hefur verið í gangi er tíundað í þessum kafla.

Norræna verkalyðssambandið – NFS

Í upphafi árs 2020 tók Drífa Snædal sæti í framkvæmdastjórn sambandsins en Finnland fer nú með formennsku í ráðinu.

Starfsár NFS hefur umfram flest einkennst af Covid ástandinu og eðli málsins samkvæmt hafa ekki verið haldnir staðfundir undanfarið eitt og hálftr ár. Umræðu um setningu tilskipunar um lágmarkslaun í Evrópu hefur enn verið á dagskrá en það hefur orðið þess valdandi að samskiptin við Evrópusamtök launafólks, ETUC, og áherslur þess hafa tekið afar mikinn tíma í starfinu. Fjöldi funda hafa verið haldnir með ETUC, ýmist með fulltrúum NFS innan sambandsins eða með framkvæmdastjóra ETUC, Luca Vicenti. Norðurlöndin hafa verið eindregin í afstöðu sinni til aukins lýðræðis innan Evrópusamtakanna og þrýst mjög á endurbætur.

NFS hefur haldið tvö framkvæmdastjórnarfundi á árinu og einn stjórnarfund, en á stjórnarfundum eiga sæti formenn og framkvæmdastjórar allra aðildarsamtakanna 15 í Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Að auki hafa verið haldnir fjölmargir samráðsfundir með fulltrúum alþjóðasamtaka.

Áherslur NFS í starfi síðustu ár hafa verið sjálfbært og inngilt atvinnulíf, velferð og fræðsla og sjálfbær hagvöxtur og samkeppnisstaða Norðurlandanna. NFS hefur það markmið að vernda það skipulag Norðurlandanna að semja í frjálsum kjarasamningum, auka möguleika vinnandi fólks til að færa sig á milli landa og styrkja jafnrétti og jafnræði á norrænum vinnumarkaði.

SAMAK

Um er að ræða samstarf alþýðusambandanna á Norðurlöndunum og jafnaðarmannaflokkanna. Almennt er rætt um og skipst á upplýsingum um samstarf aðila og helstu mál sem uppi eru á vinnumörkuðum og í pólitík. Kristján Þórður Snæbjarnarson, fyrsti varaprofessor ASÍ, hefur tekið þátt í þessu samstarfi. 3 fundir voru haldnir á starfsárinu og stefnt að leiðtogaþundi í september 2021.

Verkalýðshreyfingin í Norður-Atlantshafi (VN)

Til Verkalýðshreyfingarinnar í Norður-Atlantshafi, VN, tilheyra heildarsamtök verkalýðsfélaga á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi. Gert er ráð fyrir einum fundi á ári sem haldinn er til skiptis í löndunum. Áætlað var að halda fund á haustdögum 2021 en vegna heimsfaraldursins varð ekkert af þeim fundi. Því hafa fulltrúar í VN ekki komið saman síðustu tvö starfsárár.

Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC

Fastir fundir framkvæmdastjórnar ETUC eru fjórum sinnum á ári, en síðustu misseri hefur það færst í aukana að haldnir eru aukafundir um afmörkuð viðfangsefni sem ekki hefur tekist að ná samstöðu eða niðurstöðu um á föstum fundi framkvæmdastjórnarinnar. Flestum fundum á árinu 2021 hefur verið aflýst en fjarfundir hafa verið haldnir til að ná sátt á milli Norræna verkalýðssambandsins (NFS) og yfirstjórnar ETUC vegna umræðunnar um tilskipun um lágmarkslaun og vinnubrögð innan ETUC. Flest Norðurlöndin líta svo á að samræmd Evrópulöggjöf um lágmarkslaun sé aðför að þeirri skipan mála að kjör séu ákvörðuð í kjarasamningum og viðræðum aðila á milli.

Þessi umræða öll hefur orðið þess valdandi að Norðurlöndin hafa gagnrýnt mjög lýðræðislega ferla innan ETUC og vaxandi ólga er vegna yfirstjórnar

sambandsins. Nú eru í endurskoðun lög sambandsins og standa Norðurlöndin sameinuð að baki tillögum sínum um aukið lýðræði og aðhald gagnvart stjórnun sambandsins.

Forysta ETUC var kjörin 2019 til fjögurra ára.

Ráðgjafarnefnd EFTA

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsvertvangur aðila vinnumarkaðarins í EFTA löndunum, þ.e. Ísland, Noregur, Liechtenstein og Sviss. Nefndin hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar er í tengslum við fund nefndarinnar haldinn fundur með Stjórnarnefnd EFTA (Standing Committee). Að vori eru í tengslum við fund nefndarinnar haldnir fundir með ráðherrum EFTA-ríkjanna og Pingmannaneftnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA-EES ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar ráðgjafarnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC). Í ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda. Sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Liechtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildarsamtökunum í einstaka málum. Halldór Oddsson tók við af Halldóri Grönvold sem fulltrúi ASÍ í nefndinni eftir fráfall þess síðarnefnda.

Pau mál sem nú brenna mest á nefndinni lúta annars vegar að svokölluðum „TSD“ (e. Trade and Sustainable Development Chapters) kafla fríverslunar-samninga; og svo hins vegar að fríverslunarsamningi EFTA við Bretland í kjölfar útgöngu þeirra úr ESB. Hvað varðar „TSD“ kaflana þá hafa þau verið í brennidepli í kjölfar mikillar umræðu í Evrópu um fríverslunarsamning við MERCOSUR svæðið (sunnanverð Suður-Ameríka) en samtök launafólks og samtök umhverfissinna hafa viðrað áhyggjur sínar af þróun mála og þá sérstaklega í Brasilíu þar sem núverandi stjórnvöld þar hafa sýnt lítinn metnað og vilja til að axla ábyrgð á umhverfismálum sérstaklega. Ljóst er að að svo stöddu er ólíklegt að samningurinn verði fullgildur og einskorðast sú umræða ekki eingöngu við EFTA ríkin heldur líka ESB ríkin en margir af leiðtogum þar hafa lýst yfir áhyggjum af stöðu mála. Í þessu samhengi má líka nefna að ESB hefur virkjað ágreiningsferli „TSD“ kafla fríverslunarsamnings síns við Suður-Kóreu vegna meintra brota Suður-Kóreu á grundvallarsamþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO). Umræða lýtur þá að gildi þessara kafla, eru þetta kaflar og ákvæði sem hægt er að byggja á og eru ríki reiðubúin að setja gildandi fríverslunarsamninga í uppnám til að stuðla að bættari kjörum verkafólks og/eða betri umgengni gagnvart umhverfinu. Ljóst er að þessi mál og

umræða munu líta störf ráðgjafarnefndarinnar um komandi misseri. Covid-19 heimsfaraldurinn hefur þó vissulega haft áhrif á starf ráðgjafarnefndarinnar sem hefur ekki náð að koma saman í eiginlegum skilningi síðan í lok árs 2019. Fundir hafa verið rafrænir og þó svo að það hafi gengið ágætlega er erfitt að vinna að framgangi viðkvæmra pólitískra mála líkt og „TSD“ kaflar eru á því formi.

Alþjóðasamband verkalýðsfélaga (ITUC)

ITUC eru alþjóðasamtök launafólks sem stofnuð voru í byrjun nóvember 2006 með sameiningu tveggja alþjóðasambanda og svæðasambanda launafólks sem staðið höfðu utan alþjóðasamtakanna. ITUC nýtur almennrar og viðtækra viðurkenningar í alþjóðasamfélagini sem fulltrúi launafólks á alþjóðavettvangi. Meginverkefni samtakanna er að samræma afstöðu aðildarsamtakanna og koma fram fyrir þeirra hönd á alþjóðavísu og í ýmsum alþjóðastofnunum. Þunginn í starfi ITUC beinist að baráttunni fyrir alþjóðlegri viðurkenningu á réttindum launafólks til að stofna og starfa í verkalýðsfögum og rétt þeirra til að gera kjarasamninga. Þá berjast þau fyrir grundvallarréttindum launafólks í starfi og almennum mannréttindum. Eðli málssins samkvæmt beinist starf ITUC að því að styðja verkalýðshreyfinguna og mannréttindabaráttu í þróunarrikkjunum, innan alþjóðastofnana og í einstaka þróunarríkjum.

ITUC hefur leitt samtalið um réttlát umskipti (just transition) og hefur komið upp vettvangi fyrir þjóðir heims til að sækja sér upplýsingar og reynslu fyrir þau umskipti á vinnumarkaði sem verða vegna tæknி- og loftslagsbreytinga. Shara Burrow er kjörin framkvæmdastjóri ITUC og hefur ekki legið á liði sínu í umræðum um réttlát umskipti og flutti hún ræðu um það efni á rafrænu þingi ASÍ í október 2020. ASÍ fékk boð um setu á tveimur ITUC fundum á árinu 2021 en fulltrúar ASÍ áttu ekki heimangengt á þá.

NJFM – Samráðsfundur lögfræðinga innan aðildarsamtaka NFS

Árlegur fundur var haldinn þetta árið í Oslo í lok ágúst. Áttu fulltrúar ASÍ ekki heimangengt vegna Covid-19 kvaða á landamærum Íslands.

Alþjóðavinnumálastofnunin – ILO 109. þing ILO 2021

Á þinginu var kjörin ný stjórn ILO til þriggja ára. Norðurlönd endurheimtu aðalsæti sitt í stjórnarnefnd með kjöri Magnúsar M. Norðdahl fyrir tímabilið 2021-2024. Norðurlönd misstu sætið þegar Ulf Edström (Svíþjóð) gekk úr

stjórnarnefndinni árið 2008 og Trine Lise (Noregur) og Jens Erik (Danmörk) voru kjörin varamenn í næstu kosningum af lista ITUC, við mótmæli frá norrænu sendinefndunum. Nú hefur þetta breyst. Magnús var jafnframt skipaður í nefnd um félagafrelni, nefnd um endurmat Samþykktta og skipaður talsmaður launafólks í málefnum starfsfólks og mannaúðsstjórnunar innan ILO. Magnús tók sæti í stjórnarnefndinni þegar Jens Erik gekk úr nefndinni árið 2019 og kom í hans stað út kjörtímabilið, en því lauk 2020. Kjörtímabilið var svo lengt til ársins 2021 þar sem þingi ILO var aflýst. Petta er því fyrsta kjörtímabil hans sem kjörinn meðlimur í stjórnarnefnd. Á þinginu var Ísland jafnframt kjörið á varamannalistu ríkisstjórnanna til eins árs en það er í fyrsta sinn sem stjórnvöld hér taka þá stöðu.

Pinginu var að þessu sinni skipt í tvennt og var það að mestu haldið rafraent en þó þannig að formenn samninganefnda voru til staðar í Genf. Magnús M. Norðdahl, lögræðingur ASÍ, var fulltrúi íslenskrar verkalýðshreyfingar á þinginu og hafði jafnframt verið kjörinn til þess að leiða samninganefnd launafólks í nefnd þingsins um velferð og félagslega vernd. Niðurstöður nefndarinnar ítreka mikilvægi opinberrar velferðarþjónustu á sviði heilbrigðis- og félagsmála, gefa ILO umboð til þess að efna til og taka þátt í samstarfi við aðrar alþjóðlegar stofnanir á þeim grundvelli og heimila ILO að taka þátt í samstarfi um stofnun sérstaks alþjóðlegs Velferðarsjóðs sem fái það hlutverk að byggja upp lágmarks velferðarkerfi í þróunarlöndunum. Hin samninganefnd þingsins fjallaði um áhrif Covid-19 faraldursins og endurreisn í kjölfar hans. Að venju fjallaði þingið einnig um framkvæmd samþykktta.

Á fyrsta fundi nýkjörinna stjórnar ILO var Anna Jardfelt Melvin, sendiherra Svíþjóðar, kjörinn formaður stjórnar og þær Renate Hornung-Draus (Atvinnurekendur) og Catelene Passchier (Launafólk) kjörnar varaformenn. Í fyrsta sinn í sögu ILO skipa konur þessar stöður á sama tíma.

Stjórnarnefnd ILO (GB) og Félagafrelsисnefnd ILO (CFA)

Stjórnarnefndin og Félagsfrelsисnefndin komu þrisvar saman á starfsárinu, í október, mars og júní. Skýrslur af fundum stjórnar eru lagðar fram í miðstjórn ASÍ. Allir fundirnir voru rafrænir. Á tímabilinu stendur upp úr að atvinnurekendur hafa beitt sér af mikilli hörgu gegn Guy Rider, framkvæmdastjóra stofnunarinnar, samhliða því að stefna að því að talsmaður þeirra verði næsti framkvæmdastjóri hennar en hann verður kjörinn í október 2021. ITUC býður ekki fram einstakling til embættisins en Guy Rider er fyrsti talsmaður hennar til þess að gegna embætti framkvæmdastjóra. Helstu mál stjórnarinnar lutu að fjármálum hennar og málefnum næstu þinga. Í kjölfar Covid 19 má merkja ákveðna breytingu á viðhorfum ríkisstjórnanna til opinbers rekstrar og ábyrgðar. Þær breytingar endurspeglast mjög vel í niðurstöðum þingnefndar

um velferð og félagslega vernd. Atvinnurekendur hafa svarað þessu með því að reyna að takmarka áhrif ILO og aðkomu stofnunarinnar að alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði.

Þríhliðanefnd ILO á Íslandi

Nefndin hefur hist á 4 fundum á síðasta starfsári. Samþykkt nr. 186 um farmann hefur verið staðfest en enn þá er unnið að greinargerðum um Samþykktir nr. 185, 188 og 189. Prátt fyrir þá ákvörðun félagsmálaráðherra að Ísland skuli staðfesta Samþykkt nr. 190 um aðgerðir gegn einelti og ofbeldi á vinnustöðum (2019) hefur utanríkisráðuneytið ekki lokið afgreiðslu málsins. Töfin er sögð vera vegna þess að nauðsynlegum lagabreytingum sé ekki lokið. Skv. reglum ILO er slíks ekki þörf og hefur athugasemd um það efni verið komið á framfæri. Á 325. fundi nefndarinnar var BHM boðin aðild og hún samþykkt en fyrir sitja ASÍ og BSRB en ASÍ fer með atkvæðisrétt fyrir þeirra hönd sem stærst samtakanna.

Norræna ILO samstarfið

Fulltrúar aðildarsamtaka NFS sem ábyrgð bera á málefnum ILO hittast að jafnaði í aðdraganda hvers stjórnarfundar og í aðdraganda hvers þings. Prír fjarfundir voru haldnir að þessu sinni. Fjallað var um dagskrá næsta fundar, niðurstöður þess síðasta og þátttaka í þingnefndum skipulögð. Á þessum vettvangi kom fram, að aðildarsamtök NFS urðu sammála um að Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, skyldi tilnefndur af hálfu NFS til þess að taka sæti á þeim lista sem ITUC myndi setja fram við stjórnarkjör ILO í júní 2021. Það gekk eftir og var Magnús kjörinn sem atkvæðisbær aðalfulltrúi í stjórn ILO til næstu 3 ára. Tveir síðustu fulltrúar Norðurlandanna (Noregur og Danmörk) höfðu verið óatkvæðisbærir varafulltrúar með málfrelsi og embættisgengi.

TUAC

Framkvæmdastjóri ASÍ á sæti í stjórnarnefnd TUAC, fyrir hönd Norrænu samtakanna (NFS), en nefndin ber ábyrgð á starfi ráðgjafarnefndar stéttarfélaganna við OECD í París. Ráðgjafarnefndin á í viðamiklu samráði við OECD um efnahagsleg málefni og ýmis verkefni sem OECD fjallar um. Á vettvangi TUAC starfa líka fjölmargar nefndir sem hagfræðingar ASÍ fylgjast með og taka þátt í eftir föngum. Þá eru haldnir netviðburðir á vegum TUAC sem eru öllum opnir.

Stjórnarfundir TUAC eru haldnir tvisvar á ári, snemmssumars og í lok árs. Vegna sóttvarnaráðstafana hafa síðustu fundir verið rafrænir. Fundir TUAC

eru þrískiptir. Fyrst kemur framkvæmdastjórn saman þar sem farið er yfir dagskrá og helstu mál. Við tekur síðan fundur stjórnarinnar þar sem sama dagskrá liggur fyrir og endanleg afgreiðsla tillagna er tekin. Síðasti hluti fundarins er síðan sameiginlegur með fulltrúum OECD og fulltrúum ríkisstjórna aðildarlanda OECD.

Starf TUAC undanfarið ár hefur litast af efnahags- og heilsufarslegum afleiðingum yfirstandandi heimsfaraldurs. TUAC hefur sent inn ábendingar og viðbrögð til OECD sem lúta að því að tryggja afkomu fólks í gegnum heimsfaraldurinn. Loftslagsmál hafa einnig verið til umræðu og breytingar á vinnunni í tengslum við þær.

Skipun nýs framkvæmdastjóra OECD setti einnig mark sitt á starf TUAC á árinu. TUAC lagði áherslu á að fá til starfsins félagslega þenkjandi framkvæmdastjóra. ASÍ setti þrýsting á íslensk stjórnvöld að styðja slíka umsækjendur og féllu atkvæði Íslands í samræmi við áherslur verkalýðshreyfingarinnar. Mathias Corman, fjármálaráðherra Ástralíu, varð þó fyrir valinu en hann hefur á sínum pólitíkska ferli verið gagnrýndur fyrir harkalega niðurskurðarstefnu og fyrir að berjast gegn nauðsynlegum aðgerðum í loftslagsmálum. Athygli vakti að Corman mætti ekki til fyrsta fundar síns með TUAC heldur sendi upptekið ávarp.

Richard Trumka, forseti TUAC og einn þekktasti verkalýðsleiðtogi í Bandaríkjunum, lést í byrjun ágúst 2021, 72 ára að aldri. Hann hafði gegnt embætti forseta TUAC frá árinu 2010. Forseti ASÍ sendi bæði AFL-CIO og TUAC samúðarkveðjur.

Lagabreytingar og skipulagsmál

Laganefnd

Haldinn var einn fundur í laganefnd á tímabilinu og á honum afgreiddar til miðstjórnar án athugasemda lagabreytingar fjögurra aðildarfélaga.

Skipulags- og starfsháttanefnd

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman á fjórum fundum á starfsárinu. Nefndin staðfesti á árinu breytingar á reglugerðum 5 sjúkrasjóða aðildarfélaga og fylgdi að venju eftir skilum á ársreikningum og skýrslum. Jafnframt hefur nefndin nú sem áður haft eftirlit og yfirsýn með því að aðildarfélög framkvæmi tryggingarfræðilegt mat á sjúkrasjóðum sínum sbr. lög ASÍ en þau mál eru komin í fastar skorður og skil hafa gengið vel. Nefndin starfar nú sem áður skv. metnaðarfullri og ítarlegri starfsáætlun um ýmis mál er varðar innri málefni og skipulag verkalýðshreyfingarinnar.

Aðildarumsókn Kóps

Í ágúst 2020 sótti Kópur - stéttarfélag um aðild að Starfsgreinasambandi Íslands (SGS) og Sjómannasambandi Íslands (SSÍ). Samböndin framsendu erindið til ASÍ enda var ekki sótt um aðild að ASÍ samhliða. Samkvæmt lögum ASÍ, er ASÍ þannig skipulagt að einstök stéttarfélög eiga aðild að ASÍ en skipuleggja sig innan ASÍ með aðild að landssamböndum en stéttarfélög með virka kjarasamninga sem taka til landsins alls geta átt beina aðild að ASÍ. Ekkert stéttarfélag sem ekki á aðild að ASÍ getur átt aðild að landssambandi innan þess. Af þessum ástæðum er einstökum landssamböndum ekki heimilt að veita stéttarfélagi utan ASÍ aðild án þess að aðild þess að ASÍ hafi fyrst verið staðfest. Af þessum ástæðum var svarað þannig að þeim væri óheimilt að taka aðildarumsóknir Kóps til efnislegrar meðferðar. Niðurstaðan var tilkynnt félaginu. 17. september barst síðan formleg umsókn um aðild að ASÍ. Áður en erindi félagsins var tekið til frekari skoðunar var óskað eftir upplýsingum um virka kjarasamninga félagsins á félagssvæði félagsins. Fram kom í svari félagsins að félagið væri ekki með í gildi neina kjarasamninga og í framhaldinu var erindi félagsins hafnað. Í svarinu kemur fram að Alþýðusamband Íslands er samband stéttarfélaga og um hlutverk þess segi í 3. gr. laga þess: „Að hafa forystu í stéttabaráttu launafólks, koma fram fyrir hönd aðildarfélaga í sameiginlegum málum gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum, innanlands og á alþjóðavettvangi. Móta og samræma heildarstefnu samtakanna í atvinnu-, mennta-, umhverfis- og kjaramálum. - Að samræma og tryggja framkvæmd þjónustu aðildarfélaganna við félagsmenn þeirra. - Að standa að gerð kjarasamninga um sameiginleg mál sem aðildarsamtókin fela sambandinu skv.

9. gr. - Framkvæmdir í þessu skyni annast aðildarfélögin sjálf, eða sambönd þeirra í umboði félaganna ásamt þingi ASÍ, miðstjórn Alþýðusambandsins og formannafundi aðildarfélaga ASÍ.“ Alþýðusambandinu sé skv. þessu ætlað að samræma og styrkja starf aðildarfélaga sinna og fara með kjarasamningum-boð fyrir þau eftir því sem við á. Í þessu felist að viðkomandi aðildarfélög hafi í gildi kjarasamninga við atvinnurekendur sem þau geta deilt umboði um með ASÍ eða aðildarsamtökunum. Það eitt að félag taki upp í heiti sitt hugtakið „stéttarfélag“ og inn lög sín svipuð ákvæði og lög stéttarfélaga geyma, leiði ekki til þess að þar með njóti það þeirrar réttarstöðu að geta átt rétt til þess að sækja um eða öðlast aðild að samtökum stéttarfélaga sem starfa skv. lögum nr. 80/1938 og með þeim hætti öðlast sjálfkrafa aðild að kjarasamningum þeirra. Af þessum ástæðum var umsókn félagsins ekki tekin til meðferðar miðstjórnar ASÍ.



ASÍ-UNG

Sjötta þing ASÍ-UNG

6. þing ASÍ-UNG var haldið þann 20. september 2020 og hófst það kl. 10.00. Til þess að virða þær samkomutakmarkanir sem voru í gildi í samfélagini vegna heimsfaraldurs Covid-19 var þingið haldið rafrænt og tók dagskrá þess mið af því.

Gundega Jaunlinina, starfandi formaður ASÍ-UNG, setur þingið og býður þingfulltrúa velkomna. Hún fer yfir fyrirkomulag þingsins sem sé rafrænt vegna Covid-19 og mikilvægt sé að allir sýni ábyrgð með því að fylgja samkomutakmörkunum og nýta þau verkfæri og tækni sem eru til staðar til að koma saman. Það sé mikilvægt að ASÍ-UNG vinni áfram sitt starf varðandi málefni ungs fólks á vinnumarkaði, bæta og efla starfið bæði inná og útávið.

Gundega fer yfir dagskrána og ítrekar að þetta sé afgreiðsluþing og að því muni öll fræðsla, hópefli og málefnavinna bíða betri tíma.

Kosning fundarstjóra og ritara

Lagt er fyrir fundinn að Róbert Farestveit verði fundarstjóri og Halldór Oddsson ritari. Báðir starfsmenn skrifstofu ASÍ. Kosning fer fram með handauppréttingu og eru tillögurnar samþykktar.

Gundega þakkar fyrir sig og gefur Róberti orðið.

Róbert Farestveit tekur þá við fundarstjórn.

Róbert byrjar á að fara yfir praktísk atriði varðandi framkvæmd rafræns fundar og biður fulltrúa m.a. að gæta þess að rétt nafn sé skráð hjá hverjum og einum. Til þess að þingið teljist marktækt í rafrænu formi þurfi einnig að samþykkja frávik frá þingskópun þingsins.

Þing ASÍ-UNG samþykkir eftirfarandi frávik á þingskópum ASÍ-UNG vegna sérstakra aðstæðna.

1. Tryggja skal á hverjum tíma að fundarstjóri geti gengið úr skugga um hvaða þingfulltrúar séu viðstaddir þannig að atkvæðagreiðsla geti farið fram.
2. Alls staðar þar sem í þingskópum er fjallað um leynilegar atkvæðagreiðslur er nú átt við rafrænar atkvæðagreiðslur sem byggja á rafrænum skilríkjum og Íslykli og sem framkvæmdar eru eftir því sem á við skv. reglugerð ASÍ varðandi rafrænar atkvæðagreiðslur.
3. Talning rafrænna atkvæða fer fram undir eftirliti fundarstjóra eða þeirra sem hann hefur skipað til starfsins og taka þeir stöðu teljara.
4. Alls staðar þar sem í þingskópum er fjallað um kröfur fulltrúa um leynilega atkvæðagreiðslu skal tillögu þar að lútandi skilað til fundarstjóra með rafrænum hætti á netfang starfsmanns, berghora@asi.is. Tillagan skal tilgreina nöfn þeirra sem slíka tillögu styðja og skal fundarstjóri staðfesta stuðning þeirra með nafnakalli sé þess óskað.
5. Auk þess að hljóðrita til varðveislu allt talað orð skal varðveita öll rafræn samskipti, upplýsingar og gögn sem verða til við rafræna framkvæmd athafna.
6. Pingfulltrúar sem óska eftir að taka til máls skulu beina ósk þar um til fundarstjóra skv. þeim reglum sem hann ákveður.
7. Þar sem fjallað er um atkvæðagreiðslu með handauppréttingu skal fundastjóri tryggja með afgerandi hætti að allir þingfulltrúar geti sýnt fundarstjóra afstöðu sína og hann geti talið atkvæði þeirra.

Pessi tillaga er lögð fyrir fundinn til samþykktar og telst hún svo samþykkt. Fundarstjóri áréttar að framboðsfrestur til stjórnar renni út kl. 10.40. Þá liggi fyrir tillaga kjörnefndar og sé hún svohljóðandi:

Til aðalstjórnar:

Pessir aðilar verði kjörnir til eins árs nái lagabreytingatillögur stjórnar fram að ganga.

Alma Pálmadóttir, Efling

Gundega Jaunlinina, Verkalýðsfélagið Hlíf

Sindri Már Smárasón, AFL starfsgreinafélag

Ásthór Jón Tryggvason, Verkalýðsfélag Suðurlands

Pessir aðilar verði kjörnir til tveggja ára.

Guðmundur Bek, Stéttarfélag Vesturlands

Lilja Hrönn Gunnarsdóttir, VR

Aron Máni Nindel Haraldsson, Félag tæknifólks í rafiðnaði

Guðmundur Salbergsson, VM

Magdalena Samsonowicz, Efling

Til varastjórnar:

Birkir Snær Guðjónsson, AFL starfsgreinafélag

Elín Ósk Sigurðardóttir, Stéttarfélag Vesturlands

Kjörnefnd:

Pórir Gunnarsson, VR, starfsmaður ASÍ

Auður Alfa Ólafsdóttir, VR, starfsmaður ASÍ

Pessu til viðbótar sé rými fyrir einn í varastjórn og einn í kjörnefnd séu einhverjur þingfulltrúar sem vilji bjóða sig fram.

Fundarstjóri býður forseta ASÍ, Drífu Snædal, velkomna.

Ávarp forseta ASÍ

Drífa Snædal ávarpar þingið og byrjar á að minnast á að ASÍ-UNG sé í raun frumkvöðull í rafrænum þingum í hreyfingunni en nýverið hafi verið tekin ákvörðun um að halda 44. þing ASÍ með sama hætti. Hún sé því spennt að fylgjast með hvernig þetta gangi fyrir sig. Drífa ítrekar að þetta sé þó síðri kostur en staðþing þar sem mikilvægur þáttur þingstarfa sé einmitt að koma saman í málefnavinnu. ASÍ stefni að því að halda afgreiðsluþing að hausti en svo framhaldsþing að vori þar sem málefnavinna muni fara fram. Í málefnavinnunni verði umræða um réttlát umskipti í forgrunni.

Því næst snýr hún máli sínu að grunnhugmyndafræði verkalýðshreyfingarinnar. Hún sé stofnuð til að bæta kjör, en einnig að ein manneskja þurfi ekki að standa í baráttu við sinn atvinnurekanda, ekki sé hægt að etja fólk saman til að

undirboða, stofnuð séu samtök þar sem þeir sem veikir standa á vinnumarkaði hafi rödd. Petta hafi verið erfitt en afar mikilvægt skref þegar það var tekið í upphafi. Eitt af meginhlutverkum hennar sé að ljá þeim sem hafa veika rödd stuðning í gegnum samtakamátt hreyfingarinnar.

Drífa segir þetta mjög mikilvægt enn í dag og vísar í þá stöðu sem sé á vinnumarkaði vegna heimsfaraldurs Covid-19, með miklu atvinnuleysi. Atvinnulausir hafi veika rödd á vinnumarkaði. Þá fylgi því einnig stimpill í samfélaginu að vera atvinnulaus þar sem sjálfsmynd Íslendinga tengist mjög störfum þeirra.

Þá segir hún mjög mikilvægt að halda því til haga að íslenska verkalýðs-hreyfingin sé ein sú sterkasta í heimi, hér sé hæst hlutfall vinnandi fólks í stéttarfélögum, 85-90%. Í löndunum í kringum okkur hafi þetta hlutfall farið hríðlækkandi. Hreyfingin hafi þó verið missterk og misjöfn í gegnum tíðina, róttæk, íhaldssöm og stofnananavön. Það sé eðli svona hreyfinga að rísa og hníga. Alltaf hafi verið hugmyndafræðileg átök innan hreyfingarinnar enda félagsmenn um 140 þúsund.

Hreyfingin á heimsvísu semur þó ekki bara um kaup og kjör heldur fjallar hún um lífskjör í stóru samhengi. Í þessu samhengi segir hún frá því að þegar, í upphafi, atvinnurekendur á Norðurlöndum hafi haft áhyggjur af því hvað fólk ætti að gera í sumarfríi hafi hreyfingin brugðist við með því að kaupa og byggja sumarhús, leigja hjól og auðvelda fólk að nýta tímann. Þaðan hafi upphafið að okkar orlofshúsum hér á Íslandi komið. Þá eignum við einnig glæsilegt listasafn, fræðslusjóði og -kerfi. Lífeyriskerfi hafi einnig verið byggt upp, og bæði Virk og Bjart á síðari árum. Vinnandi fólk eigi að njóta góðs húsnæðis, góðra lífskjara og þess fallega í lífinu. Peir sem starfa innan hreyfingarinnar beri ábyrgð á þessu fjöreggi sem hreyfingin er og eigi að vera auðmjúk gagnvart vinnunni.

Í lokin leggur forsetinn áherslu á mikilvægi þess að ungt fólk taki þátt í störfum hreyfingarinnar. Innan hennar geti ungt fólk haft mjög mikil áhrif. Einnig sé það mikilvægt út frá því að fá nýjar raddir inn í hreyfinguna. Þá segist hún hafa mikinn metnað til að byggja upp ASÍ-UNG. Það sé mikilvægt og starfið þar skili fólkí áfram í störf í hreyfingunni. ASÍ-UNG eigi að veita aðhald, vera með „þönk“, senda frá sér róttækar ályktanir og vera gagnrýnin á Alþýðusambandið og krefjast þess að á það sé hlustað. Hún vilji þó gjarnan vera vöruð við ef gagnrýna eigi hana á opinberum vettvangi en hún poli það vel. Unga fólkid eigi að teygja rammana og veita aðhald. Þá sé mikilvægt að byggja upp tengslanet innan hreyfingarinnar enda séu þau hópurinn sem muni taka við.

Drífa þakkar fyrir sig.

Skýrsla stjórnar

Starfandi formaður ASÍ-UNG, Gundega Jaunlinina, fer yfir skýrslu stjórnar og helstu verkefni síðustu tveggja ára.

Verkefni og viðburðir

Stjórn ASÍ-UNG kom að fjölda viðburða þar sem fjallað var um málefni ungs fólks á vinnumarkaði út frá ólíkum forsendum. Viðburðirnir voru ýmist staðbundnir eða stafrænir.

Vinnuhelgi stjórnar á Selfossi

Stjórn hélt vinnuhelgi á Selfossi í byrjun febrúar þar sem starfið næsta árið var skipulagt. Meðal þess sem var ákveðið var að hefja vinnu við nýja vefsíðu, standa að viðburðum um hugðarefni ungs fólks á vinnumarkaði, efla viðveru á samfélagsmiðlum og sýnileika innan hreyfingarinnar. Þá var einnig lögð áhersla á að styrkja innviði ASÍ-UNG til þess að efla starfið.

Ertu með vinnuna í vasanum?

ASÍ-UNG efndi til fundar og pallborðsumræðu um skilin milli vinnu og einkalífs í Stúdentakjallaranum, þann 26. mars 2019. Á fundinum var reynt að draga fram ólík sjónarmið og bjóða gestum að ræða við ólíka hópa um hvort og þá hvaða áhrif tæknin hafi á skilin milli vinnu og einkalífs. Á málþinginu var ætlunin að draga fram ólík sjónarmið og bjóða gestum að ræða við fulltrúa ólíkra hópa um hvort tæknin sé farin að hafa áhrif á mörkin milli vinnu og einkalífs.

Með erindi og í pallborði voru Helgi Dan Stefánsson, sérfræðingur hjá BHM, Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, Ragnheiður Kolviðsdóttir, félagsfræðingur, Halldór Oddsson, lögfræðingur ASÍ og Ingibjörg Loftsdóttir, sérfræðingur hjá Virk. Fundarstjóri var Eiríkur Pór Theodórsson, formaður ASÍ-UNG.

Ungir leiðtoga – námskeið

Ungir leiðtoga er námskeið sem ætlað er að fræða ungt fólk um verkalýðshreyfinguna og efla það sem leiðtoga, bæði á vinnumarkaði og breiðari vettvangi. Námskeiðið sem var nú haldið í annað sinn var unnið í samvinnu við Félagsmálaskóla alþýðu. Efnið er sniðið að ungum félögum í verkalýðshreyfingu, starfsfólki stéttarfélaga og ungu fólk i trúnaðarráðum. Þáttakendur voru öflugir og áhugasamir einstaklinger frá stéttarfélögum víðs vegar um landið og þótti námskeiðið heppnast vel.

Námskeiðið sem áætlað var að halda vorið 2020 fíll niður vegna Covid-19

Hamfarahlýnun / Cpow

ASÍ-UNG tók virkan þátt í CPOW, heimsátaki alþjóðaverkalýðshreyfingarnar, ITCU, gegn hamfarahlýnun af mannavöldum. Um var að ræða herferð á samfélagsmiðlum þar sem þáttakendur voru hvattir til að vekja máls á efninu á sínum vinnustað.

PubQuiz/spurningaleikir

ASÍ-UNG stóð fyrir nokkrum spurningakeppnum (e. PubQuiz) á árinu. Í tengslum við 43. þing ASÍ var öllum þingfulltrúum boðið til þátttökum á sportbarnum Ölfveri, í tengslum við 1. maí hátíðahöld í Borgarnesi var fólkvi boðið til leiks á B59 og svo í tengslum við Lýsu á Akureyri í september 2019 var áhugasönum boðið á Götubarinn í léttan leik.

Hringrásarhagkerfið

ASÍ-UNG efndi til sófaspjalls um hringrásarhagkerfið í Stúdentakjallaranum þann 13. nóvember. Fjallað var um hringrásarhagkerfið og hvaða áhrif það gæti haft á vinnumarkað framtíðarinnar. Birgitta Stefánsdóttir, sérfræðingur á svíði loftslagsmála og græns samfélags, flutti opnunarerindi og að því loknu tók við sófaspjall þar sem gestir tóku þátt í umræðum með spurningum og/eða athugasemdu.

Fulltrúi í ETUC-Youth Committee

Ástþór Jón Ragnheiðarson, stjórnarmaður í ASÍ-UNG, var settur fulltrúi ASÍ í ETUC-Youth Committee. Um er að ræða nefnd innan evrópsku verkalýðshreyfingarnar sem hefur það hlutverk að efla ungt fólk á vinnumarkaði og tryggja að rödd þess heyrist. Í tengslum við það tók hann þátt í námskeiði/ráðstefnu í Portúgal í lok janúar þar sem þessi mál voru til umfjöllunar.

Covid-19 – kynningarefni á samfélagsmiðlum

Á vormánuðum lét ASÍ-UNG útbúa kynningarefni fyrir samfélagsmiðla þar sem fjallað var um réttindi ungs fólks á vinnumarkaði í því ástandi sem skapaðist vegna Covid-19. Meðal þess sem tekið var á voru réttindi vegna veikinda barna, réttindi til launa í sóttkví, réttur til hlutabóta og réttindi námsmanna í hlutastörfum.

Fundarstjóri ítrekar að frestur til framboðs renni út kl. 10.40. Næsti liður séu lagabreytingatillögur stjórnar. Að því loknu verði svo farið yfir fyrirkomulag rafrænna kosninga áður en opnað verði fyrir umræður um breytingatillögur.

Bergþóra Guðjónsdóttir, starfsmaður ASÍ-UNG, kveður sér hljóðs og biður um að fá að fara yfir fyrirkomulag kosninga áður en breytingatillögur verði

kynntar. Hún fer yfir fyrirkomulag rafrænna kosninga þar sem hlekkur verði settur inn í spjall fundarins, fulltrúar smelli á hann og skrái sig svo inn í gegnum rafræn skilríki. Þá eru allir hvattir til að hafa samband ef þeir lendi í vandræðum. Opnað verði fyrir kosningar um hverja tillögu fyrir sig.

Lagabreytingatillögur

Gundega Jaunlinina og Birkir Snær Guðjónsson, fulltrúar úr stjórn ASÍ-UNG, kynna eftirfarandi lagabreytingatillögur.

Núgildandi 4. gr. er svohljóðandi:

Ping ungs launafólks skal halda a.m.k. einum mánuði fyrir reglulegt þing. Aðildarfélög ASÍ hafa rétt til að senda einn fulltrúa hvert með full réttindi á þing ASÍ-UNG. Aðildarfélögum er heimilt að senda einn aukafulltrúa á þingið.

Aukafulltrúar eru með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.

Tillaga er um að 4. gr. verði svohljóðandi:

Ping ungs launafólks skal halda árlega, fyrir lok nóvembermánaðar og ákveður stjórn ASÍ-UNG þingstað og þingtíma. Aðildarfélög ASÍ hafa rétt til að senda einn fulltrúa hvert með full réttindi á þing ASÍ-UNG. Aðildarfélögum er heimilt að senda einn aukafulltrúa á þingið.

Aukafulltrúar eru með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.

Fundarstjóri opnar á umræður um fyrstu breytingatillögu. Þingfulltrúar kveðji sér hljóðs með því að skrá nafn sitt í spjall þingsins.

Aron Máni Nindel Haraldsson, FÍR/RSÍ-UNG, segir RSÍ-UNG samþykkja breytingu um að halda þing árlega en leggi til að það verði áfram haldið í aðdraganda þings ASÍ en ekki eftir það.

Birkir Snær Guðjónsson, ASÍ-UNG, segir eina helstu ástæðu þess að lagt sé til að færa þingið þar til eftir þing ASÍ sé að stjórn telji að með því þekkist hópurinn betur og geti því mætt sterkari til leiks á næsta þing Alþýðusambandsins. Vill að það komi skýrt fram.

Halldór Óli Kjartansson, Fél. verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni, segist velta fyrir sér hvort þing ASÍ-UNG vilji ekki frekar leggja áherslu á að geta komið með málefni líðandi stundar inn á þing ASÍ. Það sé langt að bíða í eitt ár. Óskar eftir svari frá stjórn og formanni.

Ástþór Jón Ragnheiðarson, ASÍ-UNG, segir tímasetningu tvíeggja sverð, annars vegar að hafa það fyrir þing ASÍ og stjórn geti þá lagt tillögur fyrir þingið, og hins vegar að hafa það eftir þingið til þess að stjórn ASÍ-UNG geti tekið afstöðu til þess sem er til umfjöllunar á þinginu. Segir sína reynslu vera að glæný stjórn nái ekki að móta tillögur fyrir þingið þar sem hópurinn þekkist illa. Betra sé að hafa þingið í kjölfar hins og stjórn geti þá tekið afstöðu til þess hvernig þingið var og undirbúið endurbætur fyrir næsta þing ef þörf sé á.

Aron Máni Nindel Haraldsson, FÍR/RSÍ-UNG, segir reynslu frá RSÍ vera þá að betra sé að menn hittist fyrir stóra þingið frekar en 11 mánuðum fyrir það. Það sé of langur tími. Telur það ekki góða hugmynd.

Fundarstjóri ítrekar að ef þingið vilji gera breytingatillögu þurfi hún að berast fullmótuð og að orðið sé enn laust til frekari umræðna.

Gundega Jaunlinina, formaður ASÍ-UNG, tekur undir með Ástþóri, að erfitt sé að mæta inn á þing þegar stjórnin hafi ekki mótað neina stefnu. Það sé því reynsla stjórnar ASÍ-UNG að betra væri að halda þingið í kjölfar þings ASÍ.

Pór Hinriksson, Félag íslenskra rafvirkja, segir stjórn ASÍ-UNG vísa í nýja stjórn í þessari umræðu en bendir á að einnig liggi fram lagabreytingatillaga um skipan í stjórn sem muni tryggja að sú staða verði ekki uppi þar sem hluti stjórnar sé enn starfandi frá fyrra tímabili. Það sé því betra að mæta með ferskar tillögur en að bíða í 11 mánuði með þær.

Fundarstjóri býður stjórn að bregðast við.

Gundega Jaunlinina, formaður ASÍ-UNG, bendir á að vinnan fari ekki aðeins fram á þingi og því ekkert sem segi að tillögur sem lagðar séu fram séu 11 mánaða gamlar. Þá ítrekar hún að hún telji betra að geta unnið að málefnum saman fyrir þing ASÍ.

Fundarstjóri ítrekar að hægt sé að leggja fram breytingatillögur.

Ástþór Jón Ragnheiðarson, ASÍ-UNG, tekur undir með Gundegu um að stjórn fundi ekki aðeins fyrir þing ASÍ heldur sé vinnan ávallt í gangi. Svarar einnig þeirri vísun að stjórn verði ekki nema að hluta ný með því að það sé aðeins tillaga sem óvist sé hvort verði samþykkt og taka þurfi afstöðu til út frá núgildandi lögum.

Halldór Óli Kjartansson, Fél. verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og

nágrenni, segist styðja tillögu RSÍ-UNG. Telur að það mætti huga að annarri tímasetningu þar sem ekki sé hægt að koma með breytingatillögu nú. Það sé þeirra að skila því inn á tilsettum tíma. Gott væri að hafa þing ASÍ-UNG í september og þá væri hægt að taka það fyrir á næsta þingi ASÍ. Þá kæmi saman hálf ný stjórn og hálf gömul. Pessi vettvangur, þing ASÍ-UNG, sé stærsti vettvangur ungliðahreyfingarinnar. Þingið sé vettvangur ungs fólks til að koma tillögum inn á þing ASÍ. Styður einnig þá tillögu að hluti stjórnar verði kjörinn hverju sinni.

Fundastjóri minnir á að ef tillaga verði samþykkt verði þing haldið aftur á næsta ári.

Pór Hinriksson, Félag íslenskra rafvirkja, leggur til að beðið verði með kosningu á þessari breytingatillögu þar til búið verði að kjósa um breytingu á kosningu í stjórn. Pannig sé einnig gefið tækifæri til að móta breytingatillögu á þessum breytingum. Þá verði hægt að bera báðar tillögurnar upp.

Fundarstjóri leggur til að allar lagabreytingatillögur verði kynntar áður en til kosninga komi. Spyrt hvort einhver andmæli því.

Ástþór Jón Ragnheiðarson, ASÍ-UNG, spyr hvort ekki verði eftir sem áður kosið um tillögur í þeirri röð sem þær séu kynntar.

Fundarstjóri segir svo vera. Þetta fyrirkomulag gefi þó meira rými fyrir gerð breytingatillagna. Hann ítrekar þó að um sé að ræða afgreiðsluþing og rými fyrir breytingatillögur sé ávallt meira á hefðbundnum þingum þar sem menn koma saman. Par sé betri tími til að fara í tvær umræður.

Ástþór Jón Ragnheiðarson, ASÍ-UNG, ítrekar að þetta sé stutt afgreiðsluþing og breytingatillögur stjórnar hafi legið frammi í talsverðan tíma. Ef fólk sé alvara með því að koma inn með nýjar og stórar breytingar á starfinu hefði það betur kynnt sér tillögurnar fyrir þingið.

Þorvarður Bergmann, VR, segist telja eðlilegt að kjósa fyrst um breytingu á fyrirkomulagi um stjórnarkjör ef ákvörðun um tímasetningu þings sé háð þeirri niðurstöðu.

Guðmundur Hermann Salbergsson, VM Félag vélstjóra og málmtækni-manna, segist hafa lesið aftur yfir tillögurnar. Par komi ekkert fram um hvort þing ASÍ-UNG sé fyrir eða eftir þing ASÍ heldur aðeins að það sé haldið fyrir nóvember. Stjórn geti því ávallt ákveðið hvenær þing sé haldið hverju sinni.

Fundarstjóri leggur til að næsta lagabreyting verði kynnt og beðið með kosningar.

Birkir Snær Guðjónsson, ASÍ-UNG, kynnir eftifarandi lagabreytinga-tillögu.

Núgildandi 15. gr. er svohljóðandi:

Ping ASÍ-UNG kýs í níu manna stjórni til tveggja ára. Auk þess skal kjósa fimm varamenn til sama tíma.

Kjörgengir sem formaður og í stjórni ASÍ-UNG eru fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ á aldrinum 18-35 ára.

Kjörnefnd gerir tillögu um níu einstaklinga til stjórnar og fimm til vara.

Þegar tillaga kjörnefndar liggur fyrir er öðrum þingfulltrúum heimilt að lýsa yfir framboði til stjórnar eða varastjórnar innan þess frests sem fundarstjóri veitir. Berist ekki önnur framboð er sjálfkjörið til stjórnar og/ eða varastjórnar.

Berist fleiri framboð fer fram leyнileg kosning um öll sæti í stjórni ASÍ-UNG. Peir níu einstaklingar sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir í stjórni ASÍ-UNG. Með sambærilegum hætti er kosið vegna varamanna til stjórnar.

Við kjör stjórnar ASÍ-UNG skal leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og landsvæða og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.

Enginn er löglega kosinn í stjórni eða varastjórn ASÍ-UNG nema hann fái a.m.k. helming greiddra atkvæða.

Fulltrúar aðildarfélaga fara með atkvæðisrétt í samræmi við þann úthlut-aða fjölda fulltrúa aðildarfélaga á næsta sambandsþingi ASÍ sem aðildarfélag hefði hlotið sé miðað við félagsmenn á aldrinum 16-35 ára.

Tillaga er um að 15. gr. verði svohljóðandi:

Stjórni ASÍ-UNG skipa níu stjórnarmenn. Varamenn í stjórni eru þrír.

Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn á þingi ASÍ-UNG. Skal kjósa á víxl annars vegar fimm stjórnarmenn og hins vegar fjóra stjórnarmenn. Varamenn í stjórni eru þrír og skal kosið í þær stöður á hverju þingi til eins árs í senn.

Kjörgengir í stjórni ASÍ-UNG eru fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ á aldrinum 18-35 ára.

Kjörnefnd gerir tillögu um aðal- og varamenn í stjórni í samræmi við þau sæti sem eru í kjöri hverju sinni sbr. 2. mgr. Í kjörnefnd skal kjósa á hverju þingi þrjá einstaklinga.

Þegar tillaga kjörnefndar liggur fyrir er öðrum þingfulltrúum heimilt að lýsa yfir framboði til stjórnar eða varastjórnar innan þess frests sem fundarstjóri veitir. Berist ekki önnur framboð er sjálfkjörið í embætti.

Berist fleiri framboð fer fram leyнileg kosning um öll sæti í stjórn ASÍ-UNG. Peir einstaklingar sem flest atkvæði fá í þau stjórnarsæti sem kosið er um hverju sinni teljast rétt kjörnir í stjórn ASÍ-UNG. Með sambærilegum haetti er kosið vegna varamanna til stjórnar.

Við kjör stjórnar ASÍ-UNG skal leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og landsvæða og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.

Enginn er löglega kosinn í stjórn eða varastjórn ASÍ-UNG nema hann fái a.m.k. helming greiddra atkvæða.

Fulltrúar aðildarfélaga fara með atkvæðisrétt í samræmi við þann úthlut-
aða fjölða fulltrúa aðildarfélaga á næsta sambandsþingi ASÍ sem aðildarfélag
hefði hlotið sé miðað við félagsmenn á aldrinum 16-35 ára.

Bráðabirgðaákvæði vegna breytingatillögu á tilhögun stjórnarkjörs:

Á þingi ASÍ-UNG árið 2020 skal kjósa fjóra stjórnarmenn til eins árs.

Fundarstjóri gefur orðið laust um ofangreinda lagabreytingatillögu.

Pór Hinriksson, Félag íslenskra rafvirkja, lýsir yfir eindregnum stuðningi við þessa tillögu. Hún auðveldi starf stjórnar og tryggt sé að reynslan haldist innan stjórnar milli ára. Auðveldara sé að halda áfram með málefni sem taka lengri tíma.

Birkir Snær Guðjónsson, ASÍ-UNG, tekur undir með RSÍ-UNG og segist telja að þetta bæti verklag og vinnu stjórnar ASÍ-UNG og framvindu mála innan hennar.

Fundarstjóri lokar fyrir umræður um þessa tillögur og býður Birki Snæ orðið til að kynna þriðju lagabreytingatillögu, sem snýr að 16. grein.

Birkir Snær Guðjónsson, ASÍ-UNG, kynnir eftirfarandi lagabreytingatillögu.

Núgildandi 16. gr. er svohljóðandi:

Stjórn ASÍ-UNG skiptir með sér verkum á fyrra fundi stjórnar eftir kjör hennar á þingi ASÍ-UNG. Kjósa skal formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Stjórn ASÍ-UNG heldur fundi, þegar formaður kallar hana saman, eða ef minnst 3 stjórnarmenn æskja þess.

Fundur stjórnar er lögmætur, þegar meirihluti stjórnarmanna er viðstaddir.

Tillaga er um að 16. gr. verði svohljóðandi:

Stjórн ASÍ-UNG skal skipta með sér verkum á fyrsta fundi stjórnar eftir hvert þing ASÍ-UNG. Kjósa skal formann og varafonnur úr hópi stjórnarmanna.

Stjórн ASÍ-UNG heldur fundi, þegar formaður kallar hana saman, eða ef minnst þrír stjórnarmenn æskja þess.

Fundur stjórnar er lögmætur, þegar meirihluti stjórnarmanna er viðstaddir.

Fundarstjóri opnar fyrir umræður um ofangreinda tillögu. Enginn kveður sér hljóðs og því verði ekki frekari umræður um þessar síðari tillögur. Næst verði því kosið um breytingatillöguna áður en kosið verði um aðaltillöguna sjálfa. Opnað er aftur á umræður um eftirfarandi breytingatillögu sem hefur borist þinginu. Óskað er eftir því að Pór Hinriksson, FÍR, kynni tillöguna en eina breytingin felist í tímasetningu þings ASÍ-UNG.

Pór Hinriksson, Félag íslenskra rafvirkja, kynnir eftirfarandi tillögu.

Tillaga er um að 4. gr. verði svohljóðandi:

Þing ungs launafólks skal halda árlega, fyrir lok septembermánaðar og ákvæður stjórн ASÍ-UNG þingstað og þingtíma. Aðildarfélög ASÍ hafa rétt til að senda einn fulltrúa hvert með full réttindi á þing ASÍ-UNG. Aðildarfélögum er heimilt að senda einn aukafulltrúa á þingið. Aukafulltrúar eru með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.

Pór leggur áherslu á að ástæður þessarar breytingatillögu séu að auðvelda ASÍ-UNG að koma málefnum inn á þing ASÍ. Þá telji hann að þessi tillaga skuli ekki vera háð fyrirkomulagi stjórnarkjörs. Ef þing ASÍ-UNG sé haldið fyrir lok septembermánaðar sé um mánuður fram að þingi ASÍ sem eigi að duga til að vinna mál þar inn.

Fundarstjóri bendir á að eina breytingin felist í því að þing skuli haldið árlega fyrir lok september en snúi ekki að öðrum þáttum, s.s. að þing sé haldið árlega. Þá ítrekar hann einnig ábendingu Guðmundar síðan í umræðum að í raun sé stjórn heimilt að halda þingið í lok september kjósi hún að gera svo.

Gundega Jaunlinina, formaður ASÍ-UNG, tekur undir með fundarstjóra að skv. tillögum stjórnar geti stjórн hverju sinni ákvarðað tímasetningu þingsins. Það telji hún mikilvægt.

Pór Hinriksson, Félag íslenskra rafvirkja, segist skilja hlið stjórnar að svigrúm- ið sé til staðar en telur þó að með þessu sé opnað fyrir möguleikann á að málefni nýrrar stjórnar ASÍ-UNG komist ekki inn á þing fyrr en að tveimur árum liðnum.

Birkir Snær Guðjónsson, ASÍ-UNG, ítrekar það svigrúm sem lagabreytingatillaga stjórnar felur í sér. Það geti verið erfitt að koma meirihluta stjórnar saman og miðað við núverandi fyrirkomulag sé það hægara sagt en gert. Séu ekki að leggja til að stjórn fari í einræðisgír til að tryggja ákveðin málefni inn á þing umfram önnur, mikilvægt sé að halda því til haga.

Halldór Óli Kjartansson, Fél. verslunar- og skrifstofufolks á Akureyri og nágrenni, lýsir yfir stuðningi við breytingatillöguna. Mikilvægt sé að halda þingið í aðdraganda ASÍ þingsins. Svigrúmið sé enn til staðar. Ekki sé verið að setja út á neinn og hann telji að þingfulltrúar treysti stjórn til að vinna starf sitt vel. Telur það góða hugmyndafræði að þing ASÍ-UNG sé ávallt haldið í aðdraganda þingsins ASÍ.

Fundarstjóri segir að nú þegar sé hafið ígildi síðari umræðu um tillögur. Hann leggi því til að umræðum verði lokað og opnað verði fyrir kosningar um þá breytingatillögu sem RSÍ-UNG lagði fram.

Bergþóra Guðjónsdóttir, starfsmaður ASÍ-UNG, opnar fyrir kosningu og ítrekar að aðeins aðalfulltrúar hafi kosningarétt í kosningum þingsins. Kosning um breytingatillögu fari fram með handauppréttingu en til þess nýti þingfulltrúar þar til gerðan valkost í rafrænum fundarbúnaði. Tillögu er varpað upp á skjá á meðan á kosningu stendur.

Fundarstjóri fer yfir niðurstöður kosninga. Breytingatillagan telst samþykkt með 13 atkvæðum gegn sex á móti. Sú tillaga verði því borin upp til kosninga sem aðaltillaga.

Fundastjóri opnar því næst fyrir seinni umræður um aðrar lagabreytingatillögur. Enginn hafi kvatt sér hljóðs í fyrrri umræðum og sé enginn sem kveðji sér hljóðs nú verði farið í að kjósa um allar þrjár lagabreytingarnar eins og þær standa nú. Kosið verði fyrst um samþykkt breytingatillögu á 4. grein, svo seinni tvær varðandi 15. og 16. grein.

Fundastjóri lokar fyrir umræður og opnar fyrir kosningar. Að því loknu gefur hann orðið til starfsmanns ASÍ-UNG sem stýrir kosningu.

Starfsmaður deilir hlekk að kosningum í spjallþráð þingsins. Hún ítrekar að kosið sé um lagabreytingatillögu á 4. gr. með þeim breytingum sem lagðar voru fram í breytingatillögu og samþykktar. Tillögu er varpað upp á skjá á meðan á kosningu stendur.

Fundarstjóri fer yfir og kynnir niðurstöður kosninga. Hann áréttar að tillögur þurfi að fá 2/3 hluta atkvæða til að teljast samþykktar. Tillagan telst samþykkt með 17 atkvæðum gegn 2.

Að því loknu opnar fundarstjóri fyrir kosningu á næstu lagabreytingu, sem snýr að 15. gr. og 16. gr. Kosið er um báðar greinar í einu þar sem breytingin á 16. gr. er aðeins orðalagsbreyting til samraemis við breytingar á 15. grein. Hlekkur að rafrænum kosningum er settur inn á spjall þingsins og tillögunni varpað upp á skjá meðan á kosningu stendur. Endurtaka þarf kosninguna vegna villu sem upp kom í kosningakerfinu. Þingfulltrúar eru því beðnir að kjósa aftur.

Á meðan niðurstöðu er beðið fer fundarstjóri yfir fyrirkomulag stjórnar-kosninga sem hefst í kjölfar þessarar kosningar.

Fundarstjóri fer yfir og kynnir niðurstöður kosninga á 15. og 16. grein sem telst samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Kosning til stjórna

Fundarstjóri kynnir framboðslista til aðal- og varastjórna. Tvö nöfn bættust við uppstillingu kjörnefndar til framboðs til aðalstjórna, Porvarður Bergmann Kjartansson, VR og Hulda Björnsdóttir, FVSA.

Framboðslisti er eftirfarandi:

Aðalstjórn

Alma Pálmadóttir	Efling
Gundega Jaunlinina	Verkalýðsfélagið Hlíf
Sindri Már Smárason	AFL Starfsgreinafélag
Ásthór Jón Tryggvason	Verkalýðsfélag Suðurlands
Guðmundur S. Bek	Stéttarfélag Vesturlands
Lilja Hrönn Gunnarsdóttir	VR
Aron Máni Nindel Haraldsson	Félag tæknifólks í rafíðnaði
Guðmundur Hermann Salbergsson	VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna
Magdalena Samsonowicz	Efling stéttarfélag
Porvarður Bergmann Kjartansson	VR
Hulda Björnsdóttir	FVSA

Varastjórn

Inga Fanney Rúnarsdóttir	Verkalýðsfélag Grindavíkur
Birkir Snær Guðjónsson	AFL Starfsgreinafélag
Elín Ósk Sigurðardóttir	Verkalýðsfélag Suðurlands

Kjörnefnd	
Margrét Júlía Óladóttir	FSVA
Pórir Gunnarsson	VR – starfsmaður ASÍ
Auður Alfa Ólafsdóttir	VR – starfsmaður ASÍ

Ástþór Jón Ragnheiðarson, ASÍ-UNG, spyr hvernig kjöri til eins og tveggja ára í þessari kosningu sé háttáð.

Halldór Oddsson, lögfræðingur ASÍ, svara fyrirspurn á þann veg að það sé fundarins að ákveða en hann leggur til að gert sé eins og hefðin boðar að raðað sé eftir röð, þeir fimm efstu sem fá flest atkvæði séu kosnir til tveggja ára en næstu fjórir þar á eftir til eins árs.

Fundarstjóri ber upp þessa tillögu varðandi fyrirkomulag stjórnarkjörs og er hún samþykkt af fundinum og verður því fylgt við kjörið. Fundarstjóri opnar kosningu og minnir þingfulltrúa á að kjósa þurfi 9 nöfn til þess að seðill teljist gildur.

Halldór Oddsson, lögfræðingur ASÍ, tekur til máls og ítrekar að skrá þurfi níu nöfn, hvorki fleiri né færri, til þess að kjörseðill teljist gildur.

Starfsmaður deilir hlekk á kosningu í spjall þings og kosning hefst.

Ábending berst frá Karen Birnu Ómarsdóttur, stjórn ASÍ-UNG, þess efnis að þeir sem eru í framboði fái að kynna sig fyrir fundinum. Fundarstjóri ber það upp við fundinn og er það samþykkt.

Arnar Helgi Magnússon, Báran, tekur undir orð Karenar og óskar eftir kynningu frá frambjóðendum.

Starfsmaður ASÍ-UNG tekur að sér að kynna frambjóðendur til leiks sem segja þá nokkur orð um sig.

Alma Pálmadóttir, Efling, kynnir sig. Hún hafi setið í stjórn ASÍ-UNG í fjögur ár. Hún hafi verið trúnaðarmaður á sínum gamla vinnustað þar sem hún var í 14 ár í þjónustu við aldraða. Hún starfi nú sem félagsfulltrúi hjá Eflingu, stéttarfélagi. Hún sé því bæði félagsmaður og starfi á skrifstofunni. Mjög skemmtilegt sé að starfa í stjórn ASÍ-UNG og hún mæli fyllilega með því.

Gundega Jaunlinina, Verkalýðsfélagið Hlíf, kynnir sig og segist hafa verið í stjórn ASÍ-UNG undanfarin tvö ár. Hún hafi lært mikið og finnist það bæði spennandi og gaman enda nauðsynlegt að raddir ungs fólks heyrist í verkalýðshreyfingunni.

Sindri Már Smárasón, AFL Starfsgreinafélag, kynnir sig en hann hefur setið í stjórn í tvö ár. Segir þetta bæði fróðlegt og skemmtilegt. Var áður trúnaðarmaður í starfi.

Ástþór Jón Ragnheiðarson, Verkalýðsfélag Suðurlands, byrjar á að hrósa þeim sem fara gegn uppstillingu, þær séu í eðli sínu leiðinlegar. Segist sjálfur hafa komist í stjórn á þann hátt fyrir tveimur árum. Hefur verið í tvö ár í stjórn, einnig í ETUC Youth Committee og setið í efnahags- og skattanefnd ASÍ. Hann hafi lært mikið á þessum tveimur árum.

Guðmundur S. Bek, Stéttarfélag Vesturlands, segist vilja komast inn í stjórn ASÍ-UNG til þess að halda áfram góðu starfi.

Lilja Hrönn Gunnarsdóttir, VR. Er ekki fulltrúi á fundinum og kynnir sig því ekki. Starfsmaður segir þó frá því að hún hafi komið fram óskum um að starfa með ASÍ-UNG ásamt því að hún hafi tekið þátt í námskeiðinu Ungir leiðtogað á síðasta ári.

Aron Máni Nindel Haraldsson, Félag tæknifólks í rafiðnaði, kynnir sig sem formann RSÍ-UNG. Hann sé rafvirk og hann vilji halda áfram góðu starfi RSÍ-UNG í gegnum starf ASÍ-UNG.

Guðmundur Hermann Salbergsson, VM Félag vélstjóra og málmtækni-manna, tók þátt í námskeiðinu Ungum leiðtogum og kynntist þannig bæði starfinu og stjórn ASÍ-UNG. Þetta hafi ávallt heillað hann og segist tilbúinn að taka þátt í því starfi.

Magdalena Samsonowicz, Efling stéttarfélag, er ekki fulltrúi á þinginu en býður sig fram til stjórnar. Hún er starfsmaður Eflingar.

Þorvarður Bergmann Kjartansson, VR, kynnir sig. Er tölvunarfræðingur. Hefur setið í stjórn VR á annað ár og hefur þar unnið að atvinnulýðræði.

Hulda Björnsdóttir, FVSA, kynnir sig. Hefur verið trúnaðarmaður í fjögur ár og sat í trúnaðarráði fyrir og er nú í varastjórn félagsins. Hefur mikinn áhuga á starfinu, finnst það bæði skemmtilegt og áhugavert.

Inga Fanney Rúnarsdóttir, Verkalýðsfélag Grindavíkur, kynnir sig. Er 29 ára og vinnur á sambýli. Er formaður ungmannaráðs Verkalýðsfélags Grindavíkur. Hefur áhuga á að taka þátt í starfi ASÍ-UNG og sjá hvernig þetta virkar innan frá.

Birkir Snær Guðjónsson, AFL Starfsgreinafélag, hefur verið í stjórn í tvö ár, situr einnig í stjórn Afls starfsgreinafélags. Fór á námskeiðið Ungir leiðtogar og getur ekki mælt nógu mikil með því námskeiði. Hvetur alla til að taka þátt í því.

Elín Ósk Sigurðardóttir, Verkalýðsfélag Suðurlands, kynnir sig. Er búin að vera í varastjórn ASÍ-UNG í tvö ár og langar að halda áfram í því. Starfar einnig sem félagsliði og er trúnaðarmaður og í stjórn Stéttarfélags Vesturlands, formaður deildar ríkis- og sveitarfélagsstarfsmanna.

Margrét Júlíja Óladóttir, FSVA. Hefur setið í stjórn ASÍ-UNG í tvö ár og er einnig í stjórn FSVA og fór einnig á Unga leiðtoga og mælir eindregið með því. Segir þetta hafa verið mjög gefandi starf.

Starfsmaður kynnir Þóri Gunnarsson og Auði Ölfu, sem séu starfsmenn ASÍ en uppfylli öll skilyrði þess að sitja í kjörnefnd.

Fundarstjóri kynnir niðurstöðu kosninga. Sjálfkjörið var í varastjórn og kjörnefnd en niðurstaða í kosninga til aðalstjórnar er eftirfarandi:

Aðalstjórn		Kjörtímabil
Gundega Jaunlinina	Verkalýðsfelagið Hlíf	2020-2022
Alma Pálmadóttir	Efling	2020-2022
Guðmundur Hermann Salbergsson	VM	2020-2022
Aron Máni Nindel Haraldsson	Félag tæknifólks í rafiðnaði	2020-2022
Hulda Björnsdóttir	FVSA	2020-2022
Magdalena Samsonowicz	Efling	2020-2021
Lilja Hrönn Gunnarsdóttir	VR	2020-2021
Ásthþór Jón Tryggvason	Verkalýðsfélag Suðurlands	2020-2021
Þorvarður B. Kjartansson	VR	2020-2021

Varastjórn		
Inga Fanney Rúnarsdóttir	Verkalýðsfélag Grindavíkur	2020-2021
Birkir Snær Guðjónsson	AFL Starfsgreinafélag	2020-2021
Elín Ósk Sigurðardóttir	Verkalýðsfélag Suðurlands	2020-2021

Kjörnefnd	
Margrét Júlíja Óladóttir	FSVA
Þórir Gunnarsson	VR – starfsmaður ASÍ
Auður Alfa Ólafsdóttir	VR – starfsmaður ASÍ

Önnur mál

Fundarstjóri opnar á liðinn önnur mál.

Gundega Jaunlinina, stjórn ASÍ-UNG, þakkar fyrir þingið og segist hlakka til að vinna áfram með stjórninni næsta kjörtímabil. Nú séu allir reynslunni ríkari með rafræna uppsetningu á þingi.

Formaður RSÍ-UNG hafði samband símleiðis við Halldór Oddsson og óskaði eftir að færð yrði til bókar athugasemd um fyrirkomulag kosninga á þingum ASÍ-UNG þar sem velja þurfi níu frambjóðendur til aðalstjórnar. Ekki er nánar gerð grein fyrir athugasemd hér þar sem samtalið fór aðeins fram milli tveggja aðila.

Pingslit

Fundarstjóri slítur 6. þingi ASÍ-UNG.

Starfið fyrri hluta árs 2021

Starf stjórnar var með nokkuð hefðbundnu sniði þó sóttvarnaraðgerðir hafi haft nokkur áhrif. Fundað var reglulega og málefni ungs fólks á vinnumarkaði rædd en sú hefð hefur skapast að bæði aðal- og varamenn í stjórn eru boðaðir á fundi stjórnar. Hér er stiklað á stóru í starfi stjórnar.

I febrúar stóð ASÍ-UNG fyrir veffundi undir yfirskriftinni *Hefur þú efni á að eignast barn?* Á fundinum, sem var vel sóttur, var fjallað um fæðingarorlof og kostnað við barneignir frá ólkum hliðum.

Stjórn ASÍ-UNG tók einnig þátt í kynningarfundum á verkefninu Spretti hjá Háskóla Íslands, en verkefnið styður og undirbýr efnilega nemendur með innflytjendabakgrunn til háskólanáms.

Formaður ASÍ-UNG, Gundega Jaunlinina, fór í viðtöl hjá RÚV þar sem fjallað var um stöðu ungs fólks og innflytjenda á vinnumarkaði á tímum Covid. Varaformaðurinn, Ástþór Jón Ragnheiðarson, skrifaði einnig greinar í blöð og vefmiðla um málefni ungs fólks á vinnumarkaði.

Gundega tók þátt í tveimur ráðstefnum í Lettlandi. Þann 10. ágúst 2021 var hún með kynningu um uppbyggingu verkalýðshreyfingarinnar og sagði frá kjarasamningum á Íslandi á LSAB PRO Course - North and Integrating Model. Þann 13. ágúst tók hún þátt í LSAB PRO Youth Forum þar sem hún kynnti starf ASÍ-UNG innan verkalýðshreyfingarinnar.

Sjöunda þing ASÍ-UNG er fyrirhugað 24. september 2021.



Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ

Starfsemi á skrifstofu ASÍ byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af forseta og framkvæmdastjóra ASÍ í samráði við starfs- og fjárhagsnefnd og síðan samþykkt af miðstjórn ASÍ. Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið var lögð fyrir miðstjórn um miðjan desember til fyrri umræðu og hún síðan samþykkt að lokinni síðari umræðu á fyrsta fundi miðstjórnar í janúar 2021.

Skipulag og verkefni ASÍ ásamt verkaskiptingu milli þess og aðildarsamtakanna hefur mótað undanförnum árum og áratugum þar sem hlutverk ASÍ felst í samráði og samstarfi um stefnumótun í sameiginlegum málum innan samtakanna, við önnur samtök launafólks og við stjórnvöld og við samtök atvinnurekenda. Hlutverk ASÍ er jafnframt að tala fyrir réttindum og kjörum launafólks í opinberri umræðu og gæta hagsmunu launafólks við setningu laga á Alþingi og í annarri stefnumarkandi ákvæðanatöku. Þá sinnir ASÍ samstarfi við norræna, evrópska og alþjóðlega verkalýðshreyfingu ásamt því að þroa og móta nýja þekkingu um samfélagsmál og stöðu og réttindi launafólks.

Pessi sýn og verkaskipting mótar rammann um starfsemi skrifstofu ASÍ hverju sinni. Skrifstofan aðstoðar forseta og miðstjórn sambandsins við að sinna þessu hlutverki og tryggir góða og skilvirka þjónustu við landssamböndin og aðildarfélögini. Þá er það hlutverk skrifstofu að byggja upp þekkingu á réttindum og kjörum launafólks og tryggja virkt aðhald með stjórnvöldum og atvinnurekendum.

Fjölmörg mál koma til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess á

hverju ári. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga og laga, útreikningum og ýmsum hagfræðilegum úrlausnarefnum. Skrifstofa Alþýðusambandsins vinnur umsagnir við frumvörp í Samráðsgátt stjórnvalda og við málsmeðferð á Alþingi og tekur þátt í stefnumarkandi nefndum og starfshópum á vegum hins opinbera. Skrifstofan aðstoðar einnig kjörna fulltrúa í tengslum við fjölmíðaviðtöl og aðra þátttöku í opinberri umræðu eftir því sem óskað er eftir og heldur úti viðamiklu fræðslustarfi. Frekari verkefnum skrifstofu ASÍ eru gerð skil í öðrum köflum þessarar skýrslu.

Starfsfólk á skrifstofu ASÍ 1. september 2021

Starfsfólk Alþýðusambands Íslands var þann 1. september síðastliðinn sem hér segir: Aðalheiður Fanney Arnarsdóttir, aðstoðarmaður í mótuneyti, Aleksandra Leonardsdóttir, sérfræðingur í málefnum pólskumælandi launafólks, Arnaldur Grétarsson, sérfræðingur í stafrænni miðlun, Arnaldur Sölví Kristjánsson, hagfræðingur, Auður Alfa Ólafsdóttir, verkefnastjóri í verðlagseftirliti, Ása Jónsdóttir, gjaldkeri, Ásgeir Sværissón, sérfræðingur í greiningum, Ástríður Andrésdóttir, fulltrúi, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, sérfræðingur í fræðslu- og kynningarmálum og starfsmaður ASÍ-UNG, Drífa Snædal, forseti ASÍ, Eyrún Björk Valsdóttir, sviðsstjóri sviðs fræðslu og þekkingar, Friðrik V. Hraunfjörð, matreiðslumaður, Guðrún Edda Baldursdóttir, sérfræðingur í fræðslumálum, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, sérfræðingur í málefnum útlendinga og flóttafólks á vinnumarkaði, Halla Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri, Gundega Jaunlina, starfandi formaður ASÍ-UNG, Halldór Oddsson, lögfræðingur, Hallur Helgason, verkefnastjóri verkefnisins Pað er nóg til, Kristján Pórður Snæbjarnarson, 1. varافorseti ASÍ, Magnús Norðahl, lögfræðingur og sviðsstjóri kjarasamninga- og þjónustusviðs, María Lóa Friðjónsdóttir, sérfræðingur í vinnustaðaftirliti, Ólöf Brynja Jónsdóttir, bókari, Ragnar Pór Ingólfsson, 3. varaforseti ASÍ, Róbert Farestveit, sviðsstjóri sviðs stefnumótunar og greiningar, Saga Kjartansdóttir, túlkur, Sara S. Öldudóttir, sérfræðingur í vinnumarkaðsmálum, Sigrún Huld Guðmundsdóttir, starfsmaður verðlagseftirlits, Snorri Már Skúlason, sérfræðingur í upplýsinga- og kynningarmálum, Sólveig Anna Jónsdóttir, 2. varaforseti ASÍ, Sif Ólafsdóttir, verkefnastjóri skjala- og gæðamála, Sigurlaug Gröndal, verkefnisstjóri Félagsmálaskólangs, og Pórir Gunnarsson, hagfræðingur.

Pær breytingar sem orðið hafa á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ári eru að Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur, létt af störfum vegna aldurs og eru henni þökkuð góð störf í þágu hreyfingarinnar. Sigurlaug Hreinsdóttir, aðstoðarmaður í mótuneyti, létt einnig af störfum og fær hún þakkir fyrir samfylgdina.

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, lést eftir stutt veikindi í

nóvember 2020. Við fráfall hans var höggið stórt skarð í raðir starfsfólks ASÍ og er hans minnst með mikilli hlýju og söknuði.

Nýir liðsmenn á skrifstofunni eru Aðalheiður Fanney Arnarsdóttir, aðstoðarmaður í mótneyti, Aleksandra Leonardsdóttir, sérfræðingur í málefnum pólskumælandi launafólks, Arnaldur Grétarsson, sérfræðingur í stafrænni miðlun, Arnaldur Sölvi Kristjánsson, hagfræðingur, Ragnar Pór Ingólfsson, 3. varaforseti ASÍ, og Sara S. Öldudóttir, sérfræðingur í vinnumarkaðsmálum. Tímabundnir starfskraftar á skrifstofunni eru Hallur Helgason, verkefnastjóri Alþingiskosningaverkefnis, og Sigrún Huld Guðmundsdóttir, starfsmaður verðlagseftirlits. Bjóðum við þau öll hjartanlega velkomin í hópinn.

Skipurit skrifstofu ASÍ byggir á þremur sviðum, auk skrifstofu framkvæmdastjóra, sem eru: svið stefnumótunar og greiningar, svið fræðslu og þekkingar og svið kjarasamninga og þjónustu við aðildarfélög.



Listasafn ASÍ - 2021

Rekstrarstjórn Listasafns ASÍ skipa: Halla Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, sem er formaður rekstrarstjórnar, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Hilmar Harðarson formaður FIT – Félags iðn- og tæknigreina.

Listráð Listasafns ASÍ skipa sýningstarstjórarnir Dorothée Kirch og Heiðar Kári Rannversson auk safnstjórans, Elísabetar Gunnarsdóttur, sem jafnframt er formaður. Listráðið er skipað til tveggja ára í senn og er rekstrarstjórn til ráðuneytis um innkaupastefnu og val á listafólk.

Safnið á aðild að alþjóðaráði safna, ICOM, sem er hluti af UNESCO, og starfsemi safnsins tekur mið af samþykktum og siðareglum þess.

Safnið hefur hlotið viðurkenningu Safnaráðs samkvæmt safnalögum nr. 141/2011. Viðurkenndum söfnum ber að starfa í samræmi við ákvæði safnalauga og skilyrði reglugerðar um viðurkenningu safna. Safnaráð hefur lögum samkvæmt eftirlit með safnastarfsemi í landinu.

Heimasíða safnsins er www.listasafnasi.is

Starfsmenn

Starfsmenn safnsins eru tveir í samtals einu stöðugildi. Safnstjórin, Elísabet Gunnarsdóttir, í 60% starfi og Hanna Hlíf Bjarnadóttir, sem hefur umsjón með vinnustaðasýningum og safnbúð í 40% starfi. Auk þeirra vinnur lausráðið fólk að ýmiss konar verkefnum fyrir safnið.

Sýningar safnsins í samvinnu við önnur söfn og sýningarstaði

UPPHAF ALDAUDANS október–nóvember 2020

Listasafn ASÍ stóð fyrir myndlistarsýningum og barnanámskeiðum í tengslum við útkomu bókar Gísla Pálssonar sem ber heitið FUGLINN SEM GAT EKKI FLOGID og fjallar um örlög geirfuglsins. Sýningarnar og barnanámskeiðin voru haldin í samstarfi við fjölmarga aðila víðs vegar um landið. Sýnd voru verk eftir Ólöfu Nordal, Ragnhildi Ágústsdóttur og Örlyg Kristfinnsson auk verka barna sem tóku þátt í barnanámskeiðum á hverjum stað fyrir sig. Sýningarnar fóru fram í Ásmundarsal í Reykjavík, Mjólkurbúðinni á Akureyri og Eldheimum í Vestmannaeyjum. Fella þurfti niður fyrirhugaða sýningu í Listasafni Reykjanesbæjar í Keflavík vegna samkomutakmarkana. Verkefnið var styrkt af Barnamenningarsjóði, Myndlistarsjóði og Safnasjóði. Barnanámskeið á Akureyri var unnið í samvinnu við Listasafnið á Akureyri með styrk frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra. Geirfuglinn og útdauði tegunda var aðalþema og umræðuefni námskeiðanna. Par sem vinnustofur barna voru mikilvægur hluti verkefnisins og samkomutakmarkanir komu í veg fyrir að börn gætu tekið þátt inni á sýningunni voru prentaðar teiknibækur fyrir börn sem þau gátu tekið með sér heim og unnið með þar.

BIBENDUM vinnustaðasýningar desember 2020–mars 2021

Bibendum-sýningarnar eru ný tegund vinnustaðasýninga hjá Listasafni ASÍ, þ.e. myndlistarsýningar á dekkjaverkstæðum. Sýningarnar eru settar upp í samvinnu við eigendur og starfsmenn viðkomandi dekkjaverkstæðis. Gefin er út póstkorta-sería fyrir hverja sýningu. Hugmyndin að þessum nýju vinnustaðasýningum kemur upphaflega frá lögfræði- og hagfræðimenntuðum starfsmönnum Alþýðusambandsins sem vildu víkka út svíð vinnustaðasýninga safnsins og gera tilraun til að ná til breiðari hóps á vinnumarkaði. Þeir töldu myndlistarsýningar á vinnustöðum, sem bjóða starfseminnar vegna upp á takmarkaða möguleika fyrir myndlist, sérstaklega áhugaverðar. Sýning Eyglóar Harðardóttur, VÍSBENDINGAR, var í vinnusöldum Gúmmívinnustofunnar Skipholti 35 og sýning Kristínar Gunnlaugsdóttur, GIMSTEINAR, var í vinnusöldum Nesdekkja á Fiskislóð 30 í Reykjavík. Samstarfið var einstaklega ánægjulegt öllum sem að því komu.

Sýningar Bjarka Bragasonar

Einkasýning Bjarka Bragasonar, SAMTÍMIS, í Svavarssafni á Höfn í Hornafirði 15.5–30.6 2021.

Bjarki Bragason er þriðji listamaðurinn sem velst til þátttöku í sýningaráð Listasafns ASÍ þar sem skipulagðar eru einkasýningar valinna listamanna á tveimur stöðum á landinu.

Sýning Bjarka Bragasonar, SAMTÍMIS, fjallaði um skörum á jarðsögulegum og mennskum tíma. Í verkunum á sýningunni birtust annars vegar trjáleifar sem fundust við rætur sífellt hopandi Breiðamerkurjökuls og hafa verið grafnar í jarðvegi þar í um þrjú þúsund ár og hins vegar leifar af fornu fréttum í Sagehen skóginum í Sierra Nevada fjöllum Kaliforníu. Sýningin var haldin í samstarfi við Svavarssafn.

Skipulagðar voru leiðsagnir og vinnustofur barna og unglings í tengslum við sýninguna.

Seinni einkasýning Bjarka Bragasonar verður haldin í Kópavogi á næstu misserum.

Vinnustaðasýningar

Mikilvægur þáttur í starfsemi safnsins eru vinnustaðasýningarnar sem safnið setur upp í fyrirtækjum og stofnunum gegn gjaldi og hefur safnið boðið upp á þessa þjónustu um langt árabil. Nú eru í gangi um 25 vinnustaðasýningar með hátt í 300 verkum víðs vegar um landið, flestar á höfuðborgarsvæðinu hjá opinberum aðilum og einkafyrirtækjum. Rík ástæða er til að kynna þennan möguleika fyrir stofnunum og fyrirtækjum víðar en á höfuðborgarsvæðinu. Engin teljandi breyting hefur orðið á vinnustaðasýningum á yfirstandandi ári en safnið getur sinnt mun fleiri viðskiptavinum um þessa þjónustu en nú er.

Vinnustofur fyrir börn og unglings

Safnið skipuleggur vinnustofur barna og unglings í tengslum við flestar sýningar á vegum safnsins.

Í tengslum við sýningarverkefnið UPPHAF ALDAUÐANS voru haldnar tvær vinnustofur fyrir leikskólabörn. Kennari var Þór Sigurþórsson myndlistarmaður. Vinnustofurnar voru haldnar utandyra við Ásmundarsal í Reykjavík og Listasafn Reykjanesbæjar í Keflavík. Nemendur Grunnskóla Vestmannaeyja tóku einnig þátt í sama verkefni undir handleiðslu myndmenntakennara skólans og voru verkefni þeirra hluti af sýningu í Eldheimum í Vestmannaeyjum.

Bjarki Bragason kenndi tveimur hópum vatnslitun í Vinnuskóla Hornafjörðar í tengslum við einkasýningu hans í Svavarssafni sl. vor. Vegna samkomutakmarkana fóru námskeiðin fram utandyra eins og fleiri vinnustofur safnsins á undanförnum mánuðum.

Miðlun safneignar með hjálp prentlistarinnar

Bókin GJÖFIN TIL ÍSLENZKRAR ALPÝÐU, sem safnið gaf út í tengslum við sýningu með sama nafni í Listasafni Árnesinga í Hveragerði sumarið 2019, er enn fáanleg í bókabúðum og safnbúðum víða um land. Bókin fjallar

um safnarann og velgjörðarmanninn Ragnar í Smára og listaverkagjöf hans til Alþýðusambands Íslands/Listasafns ASÍ. Í bókinni eru myndir og umfjöllun um öll verkin 147 sem tilheyra stofngjöfinni. Bókin hefur fengið mjög góða viðtökur og var sæmd gullverðlaunum FÍT (Félags íslenskra teiknara) fyrir hönnun þegar hún kom út.

Undanfarin misseri hefur safnið látið framleiða veggspjöld og eftirprentanir í gjafapakkningu með verkum úr stofngjöfinni frá 1961. Þúð er að prenta fleiri veggspjöld í stað þeirra sem hafa selst upp og bæta við fleiri verkum auk nýrra gjafakorta með myndum úr stofngjöfinni. Varningurinn er seldur í vefverslun á heimasíðu safnsins og á sölustöðum um allt land.

Húsnaðismál safnsins

Safnið býr við góðan húsakost hvað varðar skrifstofur og listaverkageymslur. Skrifstofur safnsins eru í Guðrúnartúni 1 og sýningar eru skipulagðar í samstarfi við önnur söfn og fleiri aðila víðs vegar um landið. Áfram er unnið að því að finna safninu hentugt húsnaði þar sem öll starfsemi safnsins getur verið undir einu þaki. Vinnan miðast við að skerpa á sérstöðu safnsins meðal íslenskra safna með áherslu á fólkvið sem því er ætlað að þjóna. Samstarf við önnur söfn hefur gefist mjög vel og ekki ástæða til annars en að halda því samstarfi áfram þegar safnið eignast aftur sína eigin sýningaraðstöðu.

Sextíu ára afmæli safnsins

Listasafn ASÍ var stofnað árið 1961 og fagnaði því sextíu ára afmæli 17. júní í ár. Af þessu tilefni mun safnið hleypa af stokkunum nýsköpunarverkefni með þátttöku ungra hönnuða. Verkefnið verður kynnt frekar síðar á árinu.

Safneign

Auk sýningagerðar er hefðbundið safnastarf annar meginþátturinn í starfsemi safnsins svo sem skráning safngripa, varðveisla og viðhald þeirra auk rannsókna á safneigninni. Þessum þáttum er sinnt eins og hægt er í ljósi starfsmannafjölda og fjárvéitinga til safnsins.

Safneign safnsins hefur að mestu leyti verið skráð í menningarsögulega gagnasafnið SARP sem er netlægur gagnagrunnur, <http://sarpur.is/> Safnið hefur undirritað samning við Myndstef og greiðir samkvæmt honum fyrir birtingu mynda á ytri vef Sarps og annars staðar á netinu.



Frá sýningu Bjarka Bragasonar SAM-TÍMIS í Svavarssafni.

Bjarki Bragason með nemendum sínum á vatnsitanámskeiði á Höfn í Hornafirði.



BIBENDUM vinnustaðasýningar: Eygló Harðardóttir ásamt starfsmönnum Gímmívinnustofunnar, Skipholti 35.




BIBENDUM vinnustaðasýningar: Kristín Gunnlaugsdóttir ásamt starfsmönnum Nesdekkja, Fiskislóð 30.



UPPHAF ALDAUÐANS: Frá sýningunni í Ásmundarsal.



UPPHAF ALDAUÐANS: Nemandi í Grunnskóla Vestmannaeyja á sýningu í Eldheimum.



Nýsköpunarverkefni á 60 ára afmæli safnsins.



UPPHAF ALDAUÐANS: Börn í leikskólanum Grænuborg með kennara sínum, Pór Sigurbórrssyni.





Bjarg - íbúðafélag

Haustið 2021 urðu þau tímamót að Bjarg afhenti fimmhundruðustu leiguðbúð félagsins. Fyrsta íbúðin var afhent í júni 2019 og hefur verkefnið gengið samkvæmt áætlun. Allar íbúðir hafa verið afhentar á réttum tíma og verið á kostnaðaráætlun.

Íbúðir Bjargs sem eru komnar í leigu eru í Grafarvogi, Úlfarsárdal, Kirkju-sandi, Árbæ, Þorlákshöfn, Selfossi, Akranesi og Akureyri.

Fimm hundruð íbúðir á tveimur árum

Enn eru miklar framkvæmdir í gangi á vegum Bjargs en 553 íbúðir eru í byggingu eða í hönnunarferli haustið 2021. Pessar íbúðir eru í Árbæ, Bryggju-hverfi Grafarvogi, Vogabyggð Hamranesi Hafnarfirði, Urriðaholti Garðabæ, Hveragerði, Grindavík, Skerjafirði, Selási, Seljahverfi, Háaleitisbraut og Suðurnesjabæ.

Bjarg hefur átt farsælt samstarf við Búseta við uppbyggingu í Bryggju-hverfi og Garðabæ þar sem félöginn fengu úthlutað sameiginlegum lóðum.

Aukinn áhugi er hjá sveitarfélögum um samstarf við Bjarg og mun uppbygging halda áfram meðan þörf er fyrir hagkvæmar leiguðbúðir og ríki og sveitarfélög úthlutað stofnframlögum til almennra íbúða.



Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins

Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins var stofnuð í lok maí 2020 og er sjálfseignarstofnun í eigu Alþýðusambands Íslands og BSRB. Áratugum saman hafði verið talað fyrir mikilvægi þess að koma á fót rannsóknastofnun vinnumarkaðarins sem yrði leiðandi í rannsóknum á lífskjörum launafólks.

Helstu markmið Vörðu samkvæmt samþykktum er að efla og stunda fræðilegar rannsóknir á vinnumarkaði í víðum skilningi og standa fyrir miðlun þekkingar. Allt starf stofnunarinnar móttast af þessum tilgangi. Alls fundaði stjórn í 22 skipti á fyrsta starfsárinu og var stjórn hennar á þessu fyrsta starfsári skipuð þeim Drífu Snædal, forseta ASÍ og stjórnarformanni Vörðu, Sonju Ýr Þorbergsdóttur, formanni BSRB, Sólveigu Önnu Jónsdóttur, formanni Eflingar, Garðari Hilmarssyni, varaformanni Sameykis og Kolbeini Hólmari Stefánssyni, dósent við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands.

Fjármögnun stofnunarinnar er þannig háttað að skrifstofukostnaður fellur að mestu á eigendur Vörðu, ASÍ og BSRB, en skrifstofa stofnunarinnar verður staðsett hjá eigendum til skiptis, í tvö ár í senn. Eigendur fjármagna jafnframt stöðu framkvæmdastjóra. Aðrar ráðningar þarf að fjármagna sérstaklega. Á fyrsta starfsári Vörðu voru unnar 17,3 mannmánuðir við stofnunina.


Fræðslustarf var öflugt á árinu og Varða stóð í samstarfi við ASÍ og BSRB fyrir 13 rafrænum fyrirlestrum um margskonar viðfangsefni sem tengjast vinnumarkaði og lífskjörum í víðu samhengi.

Hlutverk stofnunarinnar er að efla rannsóknir á vinnumarkaði en rannsóknir þarf að fjármagna með styrkjum. Alls var sótt um 15 styrki á starfsárinu og var Varða aðalumsækjandi í níu þeirra. Fimm umsóknir hlutu styrk. Verkefnið „Samanburður á stefnu alþjóðlegra baráttusamtaka launafólks í kjölfar COVID-19 faraldursins“ fékk styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna sem fjármagnaði að hluta laun námsmanns í þrjá mánuði. Samstarfsverkefnið „Berum kennsl á ofbeldi“ sem felst í gerð fræðslumyndbanda um heimilisofbeldi og mansal fékk 4.000.000 kr. styrk frá félags- og barnamálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti. Verkefnið er unnið af Vörðu, Félagsmálaskóla alþýðu – sem jafnframt hafði frumkvæði að verkefninu – Jafnréttisstofu, Kvennaathvarfinu, Vinnueftirliti ríkisins og 112. Einnig fékk stofnunin 4.000.000 kr. styrk úr Próunarsjóði innflytjendamála til að rannsaka stöðu óvirkra ungmenna af erlendum uppruna. Verkefnið „NEET hópurinn: Upplifanir og reynsla ungra kvenna af erlendum uppruna“ fékk 3.000.000 kr. styrk úr Jafnréttissjóði Íslands. Hópur rannsakenda við Háskólann á Akureyri ásamt Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri og Vörðu fengu 4.000.000 kr. styrk úr Jafnréttissjóði Íslands til að rannsaka stöðu láglaunakvenna og áhrif velferðarkerfisins á stöðu þeirra.

Stærsta og umfangsmesta verkefni stofnunarinnar á starfsárinu var spurningakönnun sem lögð var fyrir félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Niðurstöður könnunarinnar voru birtar í febrúar og gáfu innsýn í stöðu launafólks á íslenskum vinnumarkaði, sérstaklega stöðu atvinnulausra, innflytjenda og ungs fólks. Niðurstöðurnar vöktu mikla athygli og var fjallað um þær í öllum helstu fjölmíðlum landsins.

Varða hefur einnig heimild til að selja rannsóknabjónustu. Öryrkjabandalag Íslands óskaði á árinu eftir því að kaupa spurningakönnun af Vörðu með það að markmiði að meta stöðu fatlaðs fólks á Íslandi með svipuðum hætti og stöðu fólks á vinnumarkaði, þ.e. tengsl afkomu, heilsu og lífsgæða. Þá hefur stofnunin greint niðurstöður spurningakönnunarinnar „Staða launafólks“ sérstaklega meðal félaga í Starfsgreinasambandi Íslands og unnið er að rannsókn á áhrifum uppsagna á heilsu, líðan og fjárhagsstöðu meðlima eins stéttarfélags innan heildarsamtakanna. Varða framkvæmdi einnig rannsókn meðal aðildarfélaga ASÍ og BSRB á fjölda og afdrifum mála sem berast stéttarfélögum og varða einelti, kynferðislega og kynbundna áreitni, sem og þeim úrræðum sem félögin hafa yfir að ráða í slíkum málum sem viðbragð við annarri #MeToo bylgju.

Fyrsta starfsár Vörðu hefur verið viðburðaríkt og mikill áhugi meðal stéttarfélaganna og innan fræðasamfélagsins að koma að starfi hennar.



**JÁKVÆÐNI
SMITAR ÚT
FRÁ SÉR**
Virkjum góð samskipti

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður

Hlutverk VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

- VIRK veitir markvissa og árangursríka þjónustu á sviði starfsendurhæfingar
- VIRK nýtir þekkingu, rannsóknir og reynslu til að tryggja samþætta, árangursríka og örugga þjónustu
- VIRK veitir þjónustu í samstarfi við stéttarfélög, fagaðila, fyrirtæki og stofnanir um allt land
- VIRK vinnur með atvinnulífinu að því að skapa fjölbreytt tækifæri fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu
- VIRK stuðlar að auknum rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar
- VIRK sinnir forvörnum, þróunarverkefnum og fræðslu með það að markmiði að koma í veg fyrir brottfall einstaklinga af vinnumarkaði.

VIRK er sjálfseignarstofnun undir stjórn stofnaðilanna ASÍ, SA, BSRB, KÍ, BHM, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er tryggður réttur til atvinnutengdrar starfsendurhæfingar með greiðslu iðgjalds til VIRK. Samkvæmt samningi VIRK og félagsmálaráðherra er öðrum einstaklingum einnig tryggður réttur til starfsendurhæfingar.

Rétt á þjónustu VIRK eiga einstaklingar sem ekki geta sinnt starfi sínu að hluta eða öllu leyti, eða verið þáttakandi á vinnumarkaði, vegna heilsubrests. Forsenda þjónustu er beiðni eða vottorð frá lækni og markmið hennar er að styrkja stöðu einstaklinga á vinnumarkaði.

VIRK starfar samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða í samstarfi við stéttarfélög, atvinnurekendur, lífeyrissjóði, þjónustuaðila í starfsendurhæfingu og stofnanir velferðarkerfisins.

VIRK getur einnig samkvæmt skipulagsskrá tekið þátt í verkefnum sem snúa að eflingu forvarna og velferðar á vinnustöðum sem og öðrum verkefnum sem falla að markmiðum og hlutverki sjóðsins.

Á árinu 2020 var lögð áhersla á að þróa áfram þjónustu við einstaklinga með skerta starfsgetu vegna heilsubrests. Undanfarin ár hefur sérstök áhersla verið lögð á aukna atvinnutengingu í starfsendurhæfingu og svo verður áfram á árinu 2021.

Einnig hefur hlutverk VIRK í forvörnum aukist mikið á undanförnum þremur árum og stefnt er að því að halda áfram á þeirri braut. Markmiðið er að draga úr líkum á því að einstaklingar falli brott af vinnumarkaði vegna heilsubrests.

Starfsfólk VIRK, ráðgjafar, þjónustuaðilar og þjónustuþegar glíndu við nýjar og um margt flóknar áskoranir á árinu sem fylgdu COVID-19. Frá upphafi var lögð höfuðáhersla á að tryggja sem minnst rof á starfsendurhæfingu um 2.600 þjónustuþega VIRK samhliða því að fullt tillit var tekið til tilmæla landlæknis um sóttvarnir.

Mikil áhersla var lögð frá upphafi á að bjóða þjónustuþegum upp á eins góða þjónustu og mögulegt er; framboð var aukið á fjarúrræðum, viðtölum við þjónustuþega fjölda, sveigjanleiki aukinn og framboð á efni til stuðnings á forvörnum og fræðslu á vefsíðum VIRK, www.virk.is og www.velvirk.is, stóraukið.

Á mjög skömmum tíma var tæknin nýtt til þess að koma stórum hluta starfsendurhæfingar í fjarþjónustu og í framhaldinu urðu til mörg ný rafræn úrræði og þjónustuleiðir. Þá var einnig fylgst með líðan þjónustuþega. M.a. hefur frá marsmánuði 2020 verið spurt sérstaklega í þjónustukönnun um það hversu vel eða illa þjónustuþegum finnst VIRK hafa aðlagð þjónustu að þörfum þeirra á tínum COVID-19. Það voru 85% þjónustuþega sem svöruðu sem töldu að VIRK hefði tekist vel að aðlaga þjónustuna.

Auk þess þá var unnið að krafti að því á árinu 2020 að straumlínulaga og bæta ýmsa þjónustuferla og upplýsingagjöf í takt við niðurstöður umfangsmikillar stefnumótunarvinnu sem farið var í lok árs 2019.

Mannauður VIRK

Að starfsemi VIRK kemur mikill fjöldi hæfra sérfraðinga með fjölbreytta menntun og reynslu. Á skrifstofu VIRK í Borgartúni 18, en þangað flutti VIRK starfsemi sína á árinu, starfa 59 starfsmenn í 56 stöðugildum. Á vegum

VIRK starfa 56 sérhæfðir ráðgjafar, staðsettir hjá stéttarfélögum víða um land, sem fylgja notendum þjónustunnar eftir allan starfsendurhæfingarferilinn og hvetja þá áfram.

VIRK á í samstarfi við um 500 þjónustuaðila og fagfólk um allt land og leggur áherslu á að nýta fagfólk á hverju svæði og þróa úrræði sem henta þeim fjölbreytta hópi sem nýtir sér þjónustu VIRK. Auk þess þá koma um 10 utan-áðkomandi sérfræðingar að mati á einstaklingum í þjónustu.

Á undanförnum árum hefur VIRK aukið mjög atvinnutengingu í starfsendurhæfingu og meðal starfsmanna í Borgartúni 18 eru 12 atvinnulífstenglar sem vinna markvisst að því, í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir, að finna störf fyrir einstaklinga sem útskrifast frá VIRK með skerta starfsgetu.

Á árinu 2018 hófst umfangsmikið forvarnarverkefni hjá VIRK – VelVIRK - í samstarfi við velferðarráðuneytið, Landlæknii og Vinnueftirlitið.

VIRK var framúrskarandi fyrirtæki samkvæmt Creditinfo árið 2020, fjórða árið í röð og valið Fyrirmynndarfyrirtæki VR 2021, fjórða árið í röð.



Samstarf við aðila velferðarkerfisins

VIRK hefur lagt mikla áherslu á gott samstarf við alla aðila innan velferðarkerfisins með það að markmiði að tryggja góðan og samfelldan þjónustuferil fyrir einstaklingana í starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK.

VIRK gegnir mikilvægu hlutverki innan velferðarkerfisins og hefur lagt mikið afl í að samþætta þjónustu atvinnutengdrar starfsendurhæfingar við þjónustu annarra stofnana. Áhersla er alltaf lögð á það að finna einstaklingum réttan farveg í góðu samstarfi við aðra fagaðila innan kerfisins.

VIRK leggur einnig mikla áherslu á að leiðbeina einstaklingum um mögu-

legar þjónustuleiðir innan velferðarkerfisins hvort sem einstaklingurinn getur nýtt sér þjónustu VIRK eða ekki.

Samstarf við lífeyrissjóði

VIRK er í samstarfi við flesta stærstu lífeyrissjóði landsins. Samstarfið felst í því að allar nýjar umsóknir um örorku eru rýndar af séfreðingum VIRK og einstaklingum er boðið upp á starfsendurhæfingarþjónustu ef metið er að hún sé raunhæf og geti skilað árangri fyrir viðkomandi einstakling.

Petta samstarf hefur verið í þróun undanfarin ár og fleiri lífeyrissjóðir hafa bæst inn í samstarfið. Það kemur einnig í ljós að það er mun algengara nú en áður að einstaklingar eru komnir inn í þjónustu VIRK áður en þeir sækja um örorkulífeyri og er það þróun í rétta átt.



Þjónustuþegar VIRK

VIRK hefur starfað í 13 ár og þann 19. ágúst 2021 höfðu 20.700 einstaklingar hafið starfsendurhæfingarþjónustu hjá VIRK. Rúmlega 2.500 einstaklingar voru þá í starfsendurhæfingu á vegum VIRK um allt land.

2.331 einstaklingur kom nýr inn í þjónustu hjá VIRK á árinu 2020, 11,4% fleiri en árið á undan, og hafa ekki áður svo margir hafið starfsendurhæfingu á einu ári.

Aðstæður einstaklinga

Til VIRK leitar fjölbreyttur hópur einstaklinga á öllum aldri með mismunandi menntun og úr ólíkum starfsgreinum.

Aðstæður einstaklinganna sem leita til VIRK eru misjafnar og krefjast þess að útbúin sé starfsendurhæfingaráætlun sem sniðin er að þörfum hvers og eins. Áfram leitar til VIRK mikill fjöldi einstaklinga sem hafa verið lengi frá vinnumarkaði og glímir við flókinn og erfiðan vanda.

Um 80% þeirra sem leita til VIRK hafa ekki starfsgetu vegna andlegra sjúkdóma og/eða stoðkerfisvandamála en mikil fjölgun hefur verið undanfarin ár á fjölda einstaklinga sem glíma við bæði stoðkerfisvanda og geðrænan vanda við komu til VIRK.

Konur eru 67% einstaklinganna sem nýtt hafa sér starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK frá upphafi og hefur hlutfall þeirra aukist síðustu árin.

Einstaklingar sem leita til VIRK eru í öllum starfsstéttum, á öllum aldri og með fjölbreytta menntun og reynslu.



Lok þjónustu

12% fleiri þjónustuþegar útskrifuðust frá VIRK árið 2020 en árið áður, eða 1601, sem er mettfjöldi útskrifta frá VIRK á einu ári. Í lok þjónustu fara langflestir einstaklinganna í virka þáttöku á vinnumarkaði. Tæplega 12.800 einstaklingar hafa útskrifast frá VIRK frá upphafi og 77% þeirra hafa farið í vinnu, atvinnuleit eða nám að lokinni starfsendurhæfingu.



Myndin hér að ofan sýnir hlutfall þeirra einstaklinga sem ljúka þjónustu hjá VIRK og eru að einhverju leyti í vinnu, atvinnuleit eða námi við útskrift. Sjá má að 79% einstaklinganna sem luku þjónustu á árinu 2020 voru annaðhvort að öllu eða einhverju leyti virkir í vinnu, atvinnuleit eða námi.

Peim sem ekki útskrifast frá VIRK með fulla starfsgetu er boðið að fara í starfsgetumat þar sem fagaðilar leggja formlegt mat á starfsgetu sem byggir bæði á gögnum og upplýsingum í starfsendurhæfingarferlinu sem og klínísku mati þeirra lækna og annarra sérfræðinga sem koma að matinu.


Árangur VIRK

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Markmiðið er síðan að koma fleiri einstaklingum í virka þátttöku á vinnumarkaði í samstarfi við aðra aðila velferðarkerfisins.

Það er hins vegar flókið að meta árangur af starfsemi eins og VIRK. Til að unnt sé að gera það þá þarf bæði að finna rétta mælikvarða á árangur starfseminnar og eins að vera mögulegt að greina áhrif VIRK á einstaklinga í flóknunamspili við fjölda þjónustuaðila innan velferðarkerfisins. Kerfið inniheldur þar að auki ýmsar hindranir sem koma stundum í veg fyrir að einstaklingar fari í virka þátttöku á vinnumarkaði í kjölfar starfsendurhæfingar.

Eðli málsins samkvæmt þá getum við aldrei vitað hvað yrði um þá einstaklinga sem hafa farið í gegnum þjónustu VIRK ef VIRK hefði ekki verið til

staðar. Einhverjir einstaklingar hefðu bjargað sér og náð upp vinnugetu án starfsendurhæfingarþjónustu en talsverður hópur hefði án efa ekki gert það. Hér er líka rétt að hafa í huga að einstaklingum er ekki vísað til VIRK vegna einfaldra vandamála heldur vegna þess að vandi þessara einstaklinga er það flókinn og margþættur að þjónusta heilbrigðiskerfisins ein og sér dugar ekki til að koma þeim aftur á vinnumarkaðinn.



Myndin hér að ofan sýnir hlutfall stöðugilda útskrifaðra einstaklinga með mismunandi framfærslustöðu í lok þjónustu á árunum 2018-2020. Hafa ber í huga að ekki er um að ræða fjölda einstaklinga heldur stöðugildi því hver einstaklingur getur verið með fleiri en eina tegund framfærslu við útskrift. Ef einstaklingur fer t.d. í hálf starf þegar þjónustu lýkur þá er það skráð sem hálf stöðugildi og önnur framfærsla skráð á móti.

Eins og sjá má eru 55% stöðugilda þeirra sem útskrifast árið 2020 með framfærslustöðu sem gefur til kynna starfsgetu og virka þátttöku á vinnumarkaði, þ.e. þeir eru annaðhvort í launaðri vinnu, í virkri atvinnuleit eða í lánshæfu námi. Hlutfallslegur fjöldi einstaklinga sem tekur þátt í starfi eða námi við lok þjónustu er hins vegar 79% eins og sjá mátti á fyrri mynd.

Árangur VIRK út frá þessum mælikvarða verður því að teljast góður, sérstaklega þegar haft er í huga að þeir einstaklingar sem leita til VIRK eru

undantekningarlítið að glíma við mjög flókinn og fjölpættan vanda og margir hafa verið lengi frá vinnumarkaði.

Tölur um framfærslustöðu einstaklinga við lok þjónustu geta gefið okkur ákveðnar vísbendingar en þær geta hins vegar aldrei verið algildur mælikvarði á árangur VIRK þar sem fjölmargir aðrir þættir en starfsendurhæfing hafa áhrif á framfærslustöðu einstaklinga í lok þjónustu hjá VIRK. Þannig hafa lög, reglur, kjarasamningar, venjur og hefðir mikil áhrif á starfsemi og möguleika VIRK á að koma einstaklingum til virkrar þátttöku í atvinnulífinu. Enda er raunin sú að margir einstaklingar ljúka þjónustu hjá VIRK með talsverða starfsgetu en fara samt á fulla örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Við þetta má einnig bæta að talsverður hópur kemur inn í þjónustu VIRK þar sem alls óvist er hvort starfsendurhæfing geti gagnast, t.d. vegna alvarleika veikinda. VIRK hefur hins vegar ákveðið að gefa þessum hópi tækifæri til að reyna starfsendurhæfingu sem úrræði í nokkra mánuði því mikilvægt er að einstaklingar fái að njóta vafans í slíkum tilfellum. Slíkar ákvarðanir geta haft slæm áhrif á tölfraði um framfærslu í lok þjónustu en eru án efa samfélagslega mjög hagkvæmar þar sem hver einstaklingur sem nær árangri í starfsendurhæfingu skiptir miklu máli. Því er mikilvægt að skoða árangur VIRK út frá fleiri mælkivörðum og viðmiðum.



Það skiptir einnig miklu máli hvernig einstaklingar upplifa þjónustuna sem þeir fengu hjá VIRK og hvaða áhrif hún hefur haft á þeirra líf og lífsgæði.

Pegar þjónustuþegi lýkur starfsendurhæfingu hjá VIRK þá býðst honum að

taka þátt í þjónustukönnun þar sem hann er beðinn um að svara spurningum um þjónustuna og einstaka þætti hennar.

Í þjónustukönnuninni kemur m.a. fram að þjónustuþegarnir telja að þjónusta VIRK hafi haft mikil áhrif á stöðu þeirra. Við lok þjónustu er sjálfsmynd þeirra sterkari, starfsgeta meiri og líkamleg og andleg heilsa betri eins og sést á myndinni hér að ofan.

Þá kemur einnig fram í þjónustukönnunum að 89% þjónustuþega eru ánægð með þjónustuna og mikil ánægja er með störf ráðgjafa VIRK.



Frá marsmánuði 2020 hefur verið spurt sérstaklega í þjónustukönnuninni að því hversu vel eða illa þjónustuþegum finnst VIRK hafa aðlagað þjónustuna að þörfum þeirra á tínum COVID-19 faraldursins. 85% þeirra sem svoruðu telja að VIRK hafi tekist vel að aðlaga þjónustuna.

Mat á ávinningi starfsendurhæfingar

Ráðgjafarfyrirtækið Talnakönnun hefur metið ávinning af starfsemi VIRK undanfarin átta ár og sýnir myndin hér að neðan niðurstöður þessa mats. Mat Talnakönnunar er byggt á ópersónugreinanlegum gögnum úr upplýsingakerfi VIRK ásamt öðrum upplýsingum og er miðað við tilteknar forsendar um afdrif einstaklinga án þjónustu VIRK.



Á árinu 2020 er ávinnungur af starfi VIRK metinn um 21,3 milljarðar króna og rekstrarkostnaður sama árs var um 3,5 milljarðar króna. Stærsti hluti útgjalta VIRK fer í kaup á ýmiss konar starfsendurhæfingarþjónustu af þjónustuaðilum fyrir þjónustuþeiga VIRK.

Auk þessa þá hefur Talnakönnun reiknað að ávinnungurinn af hverjum útskrifum einstaklingi frá VIRK árið 2020 hafi numið 13,3 milljónum króna. Þessi ábatí af starfsemi VIRK skilar sér til Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða og ríkisins í formi aukinna skatttekna og til einstaklinganna sem um ræðir.

Pað er auðvitað ekki einfalt að finna einhlítan mælikvarða á árangur VIRK en mikilvægt er að skoðaðar séu sömu kennitölur á hverju ári og að aðferðin byggi á skynsamlegri nálgun. Nálgun Talnakönnunar byggir á fremur varfærnum forsendum og jafnvel þó forsendum sé talsvert hnikað til þá er niðurstaða Talnakönnunar sú að starfsemi VIRK sé mjög arðbær.

Ljóst er að árangur og ávinnungur af starfsemi VIRK er mjög mikill þar sem hún hefur á undanförnum árum skilað þúsundum einstaklinga í virka þátttöku á vinnumarkaði.

VIRK atvinnutenging

VIRK hefur á undanförnum árum aukið til muna markvissa atvinnutengingu í starfsendurhæfingu. Þessi áhersla er í takt við reynslu VIRK, sem og alþjóðlega þróun í starfsendurhæfingu, þar sem sýnt hefur verið fram á að það skipti

oft mestu máli að tengja einstaklinga tiltölulega fljótt við vinnumarkaðinn í starfsendurhæfingarferlinu.

VIRK leggur áherslu á að skapa fjölbreytt tækifæri fyrir **þjónustuþega** og styðja þá til endurkomu inn á vinnumarkaðinn. Á hverju ári ljúka fjölmargir einstaklingar þjónustu hjá VIRK og eru virkir á vinnumarkaði; fara í vinnu, nám eða virka atvinnuleit.

Árið 2020 voru 79% af þeim virkir á vinnumarkaði við lok þjónustu. Umtalsverður hluti þeirra fer aftur til sinna fyrri starfa eða í ný störf með aðstoð ráðgjafa VIRK í starfsendurhæfingu.

Þó er ávallt ákveðinn hluti einstaklinga sem er enn með skerta starfsgetu við lok þjónustu hjá VIRK. Pessi hópur þarf oft aukna aðstoð við að komast inn á vinnumarkaðinn á farsælan hátt og því stendur honum til boða að þiggja þjónustu frá sérstökum atvinnulífstenglum sem starfa hjá VIRK.

Atvinnulífstenglar aðstoða meðal annars við gerð ferilskrár og kynningarbréfs, undirbúning fyrir atvinnuviðtöl og aðstoð við atvinnuleitina sjálfa. Meginmarkmiðið er að undirbúa þessa einstaklinga sem best fyrir atvinnuleit og fylgja þeim síðan eftir, jafnvel eftir að í starf er komið eða eins og þörf er á, en ferlið er sniðið eftir þörfum hvers og eins.

Árið 2020 bárust 430 tilvísanir til atvinnulífstengla frá ráðgjöfum VIRK fyrir þessa sérstöku þjónustu og voru 135 þeirra enn í virkri þjónustu hjá atvinnulífstengli við lok ársins. Á árinu fundust 188 störf og 20 einstaklingar fóru í nám.



Grundvöllur farsællar atvinnutengingar er gott samstarf við fyrirtæki og gegna atvinnulífstenglar VIRK lykilhlutverki hér. Þeir tengja einstaklinga við

fyrirtæki eða stofnanir út frá óskum beggja og aðstoða einstaklinginn, en ekki síður vinnustaðinn, við aðlögun og endurkomu til vinnu. Samstarf við fyrirtæki og stofnanir hefur gengið vel og viðtökur verið góðar en í gegnum allt þetta samstarf hafa hundruð einstaklinga fengið vinnu.

Yfir 1.300 fyrirtæki eru skráð inni í upplýsingakerfi VIRK í dag og er stór hluti þeirra með skráða tengiliði en það auðveldar öll samskipti við fyrirtækin þegar leitað er að störfum hjá þeim. Af þessum fyrirtækjum eru yfir 300 fyrirtæki búin að undirrita sérstakan samstarfssamning við VIRK.

UNG19 – Ungt fólk í starfsendurhæfingu

Árið 2019 var sett af stað samstarfsverkefni um bætt lífskjör og lífsgæði ungs fólks með skerta starfsgetu á vegum félagsmálaráðuneytisins, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Tryggingastofnunar ríkisins, velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Vinnumálastofnunar og VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs.

Markmið verkefnisins er að hækka virknihlutfall (auka atvinnuþátt-tökum) ungs fólks á aldrinum 18 til 29 ára með aukinni samvinnu þjónustu-kerfa á höfuðborgarsvæðinu. Hjá VIRK gengur hópurinn undir nafninu UNG19.

Nýtt verklag var tekið upp og sérstöku UNG19 teymi komið á laggirnar hjá VIRK þar sem ráðgjafar, sérfræðingar og atvinnulíffstenglar sérhæfa sig í málefnum hópsins og úrræðum ætluðum honum. Markmið voru sett um að ná að stytta starfsendurhæfingarferlið og að fleiri einstaklingar kæmum í vinnu eða nám.

Nýjustu niðurstöður sýna að þeir einstaklingar sem tóku þátt í UNG19 inngrípinu voru bæði skemur í starfsendurhæfingu og líklegri til að útskrifast í vinnu, nám eða virka atvinnuleit en aðrir jafnaldrar þeirra.

VelVIRK - Forvarnarverkefni VIRK

Stjórn VIRK ákvað árið 2018 að hrinda af stað sérstöku forvarnarverkefni sem hefur það markmið að draga úr líkum á því að einstaklingar falli brott af vinnumarkaði vegna heilsubrests.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Vinnueftirlitið, velferðarráðuneytið og Embætti landlæknis og er þríþætt:

1. Rannsókn á því hvaða þættir hafa áhrif á það hvort einstaklingar sem glíma við langtíma veikindi snúi til baka í vinnu. Rannsóknin er unnin í samstarfi við Vinnueftirlitið og sjúkrasjóði verkalýðsfélaga. Félagsvísdastofnun HÍ sér um framkvæmd rannsóknarinnar.

2. Vitundarvakning um þá þætti á vinnustöðum og í umhverfi einstaklinga sem geta valdið heilsubresti og óvinnufærni. Fyrsti hluti vitundarvakningarinnar voru stiklur og auglýsingar sem birtar voru fyrst í desember 2018 undir yfirschriftinni „Er brjálað að gera? Vinnum saman að jafnvægi“. Annar hluti var „Virkjum góð samskipti“ herferðin haustið 2020 þar sem minnt var á hugtökin umhyggju, jákvæðni, samkennd, þakklæti, tillitssemi og góðvild í fjölmíðlum og á netinu.
3. Vefsíða – velvirk.is - sem inniheldur ýmsan fróðleik, ráðleggingar, greinar, tæki og tól til að stuðla að auknu jafnvægi í lífinu og aukinni vellíðan í vinnu. Á vefsíðunni má finna mikid af gagnlegu efni og góð-bendingum sem nýtast starfsfólki og stjórnendum auk annarra.

Fjórði þátturinn bættist við VelVIRK þegar Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK, Alma D. Möller, landlæknir og Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, forstjóri Vinnueftirlitsins, rituðu undir viljayfirlýsingu um heilsu-eflingu á vinnustöðum vorið 2019.

Markmiðið er að stuðla að betri heilsu og vellíðan á vinnustöðum. Í samstarfinu fólst að mótuð voru viðmið fyrir heilsueflandi vinnustaði sem fyrirtæki og stofnanir geta nýtt sér til að skapa heilsueflandi umhverfi fyrir starfsfólk sitt.

Styrkir VIRK

VIRK er heimilt samkvæmt lögum að styrkja og stuðla með öðrum hætti að rannsóknum, þróun og uppbryggingu í atvinnutengdri starfsendurhæfingu. Framkvæmdastjórn VIRK úthlutar styrkjum nú einu sinni á ári í samræmi við Rannsóknarstefnu VIRK og þurfa umsóknir um styrki að hafa borist sjóðnum fyrir lok dags 15. febrúar ár hvert.

24 umsóknir bárust til VIRK fyrir lok umsóknarfrests þann 15. febrúar 2020. Allar umsóknir hlutu faglega umfjöllun hjá sérfræðingum VIRK en ákvarðanir um styrkeitingar voru í framhaldinu teknar af framkvæmdastjórn VIRK. 12 aðilar fengu styrk að þessu sinni.



Umsagnir um þingmál

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021, 1. mál

Þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025, 2. mál

Breyting á lögum um opinber fjármál, 6. mál

Frumvarp til fjárlaga er lagt fram við dökkar horfur í efnahagsmálum og þegar atvinnuleysi er í sögulegum hæðum. Það er mat ASÍ að stjórn ríkisfjármála muni gegna lykilhlutverki í að koma í veg fyrir verstu afleiðingar farsóttarinnar á samfélag, vinnumarkað og efnahagslíf. Líkt og fram kemur í umsögn ASÍ um breytingar á þingsályktunartillögu um fjármálastefnu verður að draga lærdóm af síðustu kreppu og neikvæðri reynslu þeirra þjóða sem réðust í niðurskurð og veikingu félagslegra innviða. Styrkja þarf öryggisnetin fremur en að ráðast í niðurskurð og aðhalDSAðgerðir sem myndu dýpka og lengja kreppuna.

ASÍ telur að rétt hafi verið að víkja fjármálareglum skv. lögum um opinber fjármál tímabundið til hliðar til að takast á við efnahagskrísuna, enda hefði harkaleg aðlögun að reglunum unnið gegn efnahagslegri viðspyrnu. Samfélagslegir hagsmunir verða að vera í fyrirrúmi við mat á því hvenær ríkið geti haett að auka á skuldir sínar.

Fjárlagafrumvarp og áætlun benda til þess að ákveðin viðhorfsbreyting hafi orðið hjá stjórnvöldum sem nú stefna á að beita ríkisfjármálum til að vinna gegn skaðlegum áhrifum kreppunnar. Í greinargerðum með fjárlagafrumvarpi og fjármálaáætlun er rætt um mikilvægi ríkisfjármála við það að styðja hagkerfið úr efnahagslegum þrengingum fremur en að brugðist verði við með niðurskurði. Par segir m.a.:

„Viðbrögð ríkisfjármálastefnunnar eru í samræmi við áherslur flestra annarra ríkja og alþjóðastofnana. Eru viðbrögðin nokkuð ólík því sem almennt var ráðlagt í kjölfar fjármálaáfallsins 2007/2008. Á þeim tíma var gjarnan lögð áhersla á að með því að vinna bug á hallarekstri ríkissjóðs og stöðva þannig eða snúa við skuldasöfnun væri unnt að auka tiltrú markaða á hagkerfinu og stuðla að vexti efnahagsumsvifa. Var gjarnan vísað í rannsóknir sem sýndu að háar ríkisskuldir kæmu niður á hagvexti og að skilvirkasta leiðin til að koma hjólmum efnahagslífssins í gang væri að skera niður útgjöld fremur en að hækka skatta. Síðar sýndu rannsóknir, m.a. rannsóknir Alþjóðagaldeyrissjóðsins, að svokallaðir ríkisfjármála-margfaldarar, sem lýsa sambandi ríkisfjármála og hagvaxtar, væru mun hærri en áður var talið þegar hagkerfi ganga í gegnum efnahagskreppur. Pannig kom í ljós að aðhald í opinberum fjármálum á botni fjármálakrísunnar og síðar evrukrisunnar hafði neikvæð fremur en jákvæð áhrif á hagvöxt. Opinber stuðningur við hagkerfi í árdaga kríssanna hafði sérstaklega jákvæð áhrif á efnahag.“

Alþýðusambandið fagnar þessum breyttu áherslum en þær eru í anda þess sem ASÍ hefur lagt áherslu á, m.a. í Réttu leiðinni sem kom út vorið 2020.

Líkt og sjá má í fjárlagafrumvarpi og í fjármálaáætlun verður samdrætti mætt með auknum ríkisútgjöldum þar sem svigrúm opinberra fjármála verður nýtt. Það merkir að skuldum ríkisins verður leyft að aukast en þó ekki umfram 59% á árinu 2025. Það markmið kallar hins vegar á afkomubætandi aðgerðir af hálfu stjórvalda upp á 35–40 milljarða á ári fyrir árin 2023–2025. Verði efnahagslegur bati hægari en samkvæmt forsendum yrði þörfin enn meiri en miðað við núverandi efnahagshorfur er raunveruleg hætta á að slík sviðsmynd raungerist. Þá myndi fjölgun ferðamanna verða minni en gert er ráð fyrir í forsendum og hjöðnun atvinnuleysis hægari.

ASÍ ítrekar afstöðu sína að velferð og grunnþjónusta verði ekki notuð sem afkomubætandi aðgerð í ríkisfjármálum og að niðurgreiðsla skulda verði á forsendum kröftugrar viðsprynu. Um þessi atriði mun þurfa að eiga sér stað pólitisk stefnumörkun á næstu misserum.

Greina má áherslur stjórvalda í fjárlagafrumvarpinu í áherslu á nýsköpun, rannsóknir og þróun. ASÍ telur mjög jákvætt að framlög til nýsköpunar séu aukin með það að markmiði að stuðla að verðmætasköpun framtíðar. Mikilvægt er að hafa í huga að árangur af slíkri fjárfestingu kemur fram á löngum tíma og leysir ekki þann bráðavanda sem nú ríkir á vinnumarkaði. Horfa þarf einnig til fjárfestinga og aðgerða sem fjölgja störfum til skemmri tíma.

ASÍ telur mikilvægt að mótuð sé stefna í atvinnumálum Íslands. Skýr stefna í atvinnumálum er mikilvægt skref til að styðja við efnahagsbata og mæta áskorunum sem felast í hnattrænni hlýnum og tæknibreytingum.

Tekjuöflun ríkissjóðs

Ljóst er að ríkissjóður verður fyrir verulegu tekjufalli í kjölfar efnahagslegra áhrifa útbreiðslu Covid-19. Tekjuskattar einstaklinga og virðisaukaskattar vega þyngst í tekjuöflun ríkisins en þeir tekjustofnar eru verulega háðir efnahagslegri starfsemi. Þó nokkrar skattkerfisbreytingar hafa áhrif á tekjuáætlun næsta árs. Bæði er um að ræða breytingar sem þegar hafa verið lögfestar en einnig eru breytingar sem enn á eftir að lögfesti og minna hefur farið fyrir í umræðunni. Alls nema áhrif af skattkerfisbreytingum 37,8 milljörðum króna til lækkunar á tekjum ríkisins á næsta ári, þar af 25,6 milljarðar vegna þegar lögfestra breytinga og 12,2 vegna ólögfestra breytinga.

ASÍ fagnar að boðaðar breytingar á tekjuskattkerfinu komi til framkvæmda en ítrekar, sbr. umsögn við breytingar á fjármálastefnu, að breytingarnar eigi ekki að verða nýttar til þess að lækka tekjur ríkissjóðs, draga úr getu hans til þess að standa undir velferðarþjónustu og nauðsynlegri uppbyggingu samfélagsinnviða og/eða auka áherslur á notendagjöld og nefskatta sem draga úr jöfnunaráhrifum skattkerfisins. Enn fremur telur ASÍ nauðsynlegt að samhliða þessum skattkerfisbreytingum verði aðrir tekjustofnar ríkisins styrktir með það að markmiði að styrkja tekjuöflunar- og jöfnunarhlutverk skattkerfisins. Í því miði telur ASÍ að stjórnvöld eigi að horfa m.a. til upptöku á ofurlauna-skatti, hátekjuþrepi á fjármagnstekjuskatti, auðlegðarskatti og sanngjörnu afgjaldi fyrir auðlindanýtingu.

ASÍ gagnrýnir áform um breytingar á fjármagnstekjuskatti sem boðuð eru í fjárlagafrumvarpi. Breytingar myndu fela í sér lækkun á tekjum ríkissjóðs um 2,1 milljard á ári en endanleg útfærsla liggur ekki fyrir. Stjórnvöld hafa áður boðað endurskoðun á fjármagnstekjuskatti en ASÍ gagnrýnir að sú endurskoðun hafi ekki verið í samráði við samtök launafólks og telur að skattalækkun um 2,1 milljard til fjármagnseigenda eigi ekki að vera í forgangi við núverandi aðstæður. Verkefni stjórnvalda á núna að vera að tryggja afkomu fólks. Einnig er gert ráð fyrir lækkun skattleysismarka erfðafjárfaskatts án þess að fyrir liggi útfærsla á því hvernig stjórnvöld sjá fyrir sér þróun á erfðafjárfaskatti. Þótt vel geti verið réttlætanlegt að hækka skattleysismörk erfðafjárfaskatts eigi sú aðgerð ekki að vera í forgangi við núverandi aðstæður. Þá ítrekar ASÍ þá afstöðu sína að færa þurfi skattlagningu annarra tekna þ.m.t. fjármagnstekna nær skattlagningu launa.

Mikilvægt verður að huga að styrkingu tekjustofna á komandi árum þannig að eðlilegur viðsnúningur geti náðst í ríkisrekstrinum án þess að ráðist verði í niðurskurð á grunninnviðum samfélagsins. Alþýðusambandið hefur um árabil í umsögunum sínum um opinber fjármál varað við veikingu tekjustofna á þenslu-tímum líkt og fram kom í umsögn um fjármálaáætlun 2020-2024.

„Í fyrirliggjandi tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun til næstu fimm ára raungerist að mati ASÍ vandi þeirrar fjármálastefnu sem stjórnvöld hafa mótað á undanfönum árum. Stefna stjórnvalda í ríkisfjármálum hefur byggt á því að afgangur af ríkisrekstrinum grundvallast fyrst og fremst á tímabundinni aukningu tekna vegna mikilla umsvifa á uppgangstínum sem eiga sér fá fordæmi. Pagar tekið hefur verið tillit til hagsveiflunnar hefur rekstur ríkisins í reynd verið í jánum undanfarin ár. Samhlíða þessu hafa tekjustofnar markvisst verið veiktir ss. með afnámi auðlegðarskatts, lækkun veiðigjalda og lækkun á neyslusköttum og tollum auk þess sem stjórnvöld hafa látið hjá líða að sækja auknar tekjur t.d. til ferðþjónustunnar. Sá vandi sem nú blasir við er ekki ófyrirséður og hefur ASÍ ítrekað haft uppi varnaðarorð um að afleiðingar þessa muni verða þær að þegar hægir á í efnahagslífini munu tekjur ríkissjóðs ekki duga til að fjármagna nauðsynleg útgjöld. Til að halda afkomu ríkissjóðs innan fjármálastefnunnar muni blasa við aðhald og niðurskurður í ríkisrekstrinum.“


Atvinnuleysi er stærsta efnahagsáskorunin

Alvarlegar aðstæður ríkja á vinnumarkaði og eru horfur dökkar fyrir veturinn eins og fram kemur í nýlegri skýrslu ASÍ um áhrif heimsfaraldurs á íslenskan vinnumarkað. Ólíkt aðstæðunum sem ríktu á vinnumarkaði fyrir hrn íslensku bankanna haustið 2008 hafði atvinnuleysi farið vexandi á síðasta ári og langtímaatvinnulausum, þ.e. einstaklingum sem hafa verið án atvinnu í meira en ár, farið fjölgandi. Í byrjun árs, áður en gripið er til víðtækra sóttvarnaraðgerða til að hemja útbreiðslu Covid-19, voru um 10 þúsund einstaklingar atvinnulausir og um 1800 langtímaatvinnulausir. Í september var þessi fjöldi orðinn yfir 18 þúsund atvinnulausir og þar af yfir 3 þúsund langtímaatvinnulausir. Á sama tíma eru einnig merki um að einstaklingum fjölgji utan vinnumarkaðar vegna atvinnuástands ásamt því að ungmennum sem hvorki eru starfandi eða í námi hefur fjölgæð.

Ljóst er að aðgerða er þörf til að afstýra að atvinnuleysi leiði til greiðsluvanda heimila, fátektar og ójöfnuðar með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélögð. Mikilvægt er að hafa í huga að um 40% atvinnulausra eru erlent launafólk sem að stórum hluta býr í leiguþúsnæði. Pessi hópur hefur ekki haft úrræði sambærileg við eigendur húsnæðis, t.d. greiðsluhlé, og ekki notið á sama hátt góðs af lækkun vexta á húsnæðislánum. Skilvirkasta leiðin til að styðja við atvinnuleitendur er með hækkan grunnbóta atvinnuleysistrygginga ásamt því að lengja bótatímabilið til að mæta fyrirséðri aukningu langtímaatvinnuleysis.

Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir 3,6% hækkan atvinnuleysisbóta. Er þar vísad til þess að bæturnar taki mið af meðaltaxtaþróun á vinnumarkaði en í lögum um almannatryggingar er kveðið á um að bæturnar skuli taka

mið af launaþróun. ASÍ telur vert að gagnrýna framangreint viðmið en að óbreyttu munu atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga dragast aftur úr almennri launaþróun. Í Lífskjarasamningunum var samið um sérstakar taxta-hækkanir umfram almenna launaþróun og sú leið að hækka laun um krónutölum gerir það að verkum að hlutfallslega er mest hækjun á lægstu taxta. Líkt og sést á meðfylgjandi mynd verða grunnbætur að óbreyttu um 85% af lágmarks-tekjutryggingu og því lægri en þær voru á árunum 2008–2012.



Ísland hefur góða reynslu af eflingu atvinnuleysistrygginga á krepputímum og beiingu virkra vinnumarkaðsaðgerða. Eftir bankahrundi voru bótafjárhæðir hækkaðar og bótatímabil lengt. Bættar atvinnuleysistryggingar voru studdar af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í hrúninu, t.d. í Bandaríkjunum og á Íslandi, til að draga úr brýnasta vanda atvinnulausra. Hagkvæmnið (e. efficiency argument) um að lenging tryggingatímabils myndi letja atvinnuleitendur þykja veik á tímum mikils samdráttar. Reynslan eftir bankahrundi var að betri atvinnuleysistryggingar lötti fólk ekki til að sækja út á vinnumarkaðinn samhlíða auknum vexti þegar staðan batnaði.

Helstu áherslur:

- Lengja þarf tímabil atvinnuleysistrygginga úr 30 mánuðum í 36 mánuði til að bregðast við fyrirséðri aukningu langtímaatvinnuleysis.
- Hækka þarf grunnbætur atvinnuleysistrygginga í 95% af dagvinnutekjurtryggingu til að verja afkomuöryggi atvinnuleitenda.
- Tryggja þarf að einstaklingar sem kláruðu þriggja mánaða tekjutengt tímabil ádur en það var lengt í sex mánuði fái fulla tekjutengingu í sex mánuði.
- Hlutabætur verði virkt úrræði svo lengi sem þörf er á því, minnst til 1. júní 2021.

Almannatryggingar

Líkt og í bótum atvinnuleysistrygginga er gert ráð fyrir því að bætur almanna-trygginga, þ.e. örorku- og ellilífeyrisbætur, hækki um 3,6% þar sem miðað er við meðaltaxtahækkanir á vinnumarkaði. ASÍ telur varhugavert að nota meðaltaxtahækkanir sem viðmið fyrir lægstu kjör. Líkt og atvinnuleysisbætur munu bætur almannahrygginga að óbreyttu dragast aftur úr lágtekjuhópum. ASÍ telur þá þróun óásættanlega.

Menntamál

Áherslur stjórvalda koma fram í auknum framlögum til nýsköpunar, rannsóknar, þróunar og menntamála. Útgjöld til nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina aukast um 62,5% frá gildandi fjárlögum, eða um 9,5 ma.kr. að meðtöldum verðlags- og launabreytingum. Rekstrarframlög til háskólastigsins aukast í takt við markmið stjórvalda um að framlög til háskóla verði nær því sem gerist á öðrum Norðurlöndum. Framlög til málafloksins aukast um 1,6 ma.kr. og til viðbótar bætast verðlags- og launauppfærslur upp á 1,2 ma.kr.

ASÍ ítrekar mikilvægi úrræða á borð við Nám er tækifæri en þar gefst atvinnuleitendum kostur á að sækja starfs-, iðn- og tækníam ásamt völdum fögum í háskóla. Ekki fæst þó séð að tillögur SAM hópsins hafi að fullu verið fjármagnaðar í frumvarpinu ásamt því að framlög til vinnustaðanámssjóðs hafa ekki verið aukin í takt við yfirlýsingar stjórvalda. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi munu framlög til sjóðsins dragast saman um 12,5% frá reikningi og haldast óbreytt frá fjárlögum síðasta árs.

ASÍ telur einnig vert að benda á að framlög til framhaldsfræðslukerfisins hafa um langt skeið dregist saman og munu að óbreyttu dragast saman milli ára. Ein stærsta áskorun næstu ára er áhrif tæknipróunar á vinnumarkað en í skýrslu forsætisráðuneytisins um fjórðu iðnbýtinguna var bent á að einstaklingar með litla færni væru í mestri áhættu að verða fyrir neikvæðum áhrifum af tæknibreytingum á komandi árum. Parna verður fjármagn að fylgja þeirri greiningu sem gerð hefur verið á áskorunum til að koma í veg fyrir framtíðarvanda. Í fjármálaáætlun er boðuð mótu hæfnistefnu fyrir vinnumarkað ásamt þeirri vinnu að spá fyrir um færnilþörf á vinnumarkaði. ASÍ telur þau áform löngu tímabær en stjórvöld hafa um árabil skort stefnu um menntun og færni einstaklinga á vinnumarkaði.

ASÍ hefur um langt skeið kallað eftir skýrri stefnumótun og bent á að Ísland sé eftirbátur flestra Evrópuríkja þegar kemur að málafloknum. Reynsla annarra ríkja hefur sýnt fram á mikilvægi þess að fjárfesta í rétti menntun og færni, ekki eingöngu á skólaaldri heldur yfir allan starfsaldurinn. Stefnumótun og aðgerðir sem draga úr færnimisræmi á vinnumarkaði,

endurbæta framhaldsfræðslu og símenntun ásamt því að efla færni mannauðs myndu eingöngu auka og styðja við efnahagslegan ávinning af nýsköpun, rannsóknum og þróun.

Fjárfestingar

Stjórnvöld hafa boðað sókn í innviðafjárfestingu og fjárfestingu hins opinbera á næstu árum. Eftir bankahrundið 2008 var opinber fjárfesting um langt skeið í sögulegu lágmarki og ljóst að mikil þörf var á aukinni opinberri fjárfestingu áður en útbreiðsla Covid-19 gerði vart við sig. ASÍ tekur undir ábendingar fjármálaráðs um að nauðsynlegt sé að skýr forgangsröðun sé á fjárfestingarkostum hjá hinu opinbera en við núverandi aðstæður er einnig mikilvægt að horfa til mannaflsfreks verkefna sem hafa jákvæð áhrif á atvinnustig.

Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að 75 ma.kr. verði ráðstafað í fjárfestingaframlög á árinu 2021, eða um 25 ma.kr. auknning frá gildandi fjárlögum. Langstærstur hluti, eða 37 ma.kr., er vegna fjárfestinga í samgönguinnviðum á vegum Vegagerðarinnar. Aðrar stórar fjárfestingar ríkisins eru bygging nýs Landspítala (12 ma.kr.) og ýmis önnur verkefni t.d. bygging dvalarheimila (3,7 ma.kr.), Hús íslenskunnar (1,3 ma.kr.), bygging nýs hafrannsóknarskips (2,9 ma.kr.), framkvæmdir við flugvelli (1,9 ma.kr.) o.fl.

ASÍ telur ástæðu að kalla eftir meiri stöðugleika þegar kemur að fjárfestingum hins opinbera og framlögum til fjárfestinga í innviðum. Það geti reynst samfélaginu kostnaðarsamt ef ekki er hugað að nauðsynlegri fjárfestingu og viðhaldi. Jafnframt hefur skort langtímasýn í fjárfestingum sem mæta lýðfræðilegum áskorunum, t.d. óldrun þjóðar og fjárfestingum í innviðum sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eða rafrænum innviðum.

Frumvarp til laga um leigubifreiðaakstur, 10. mál

Alþýðusamband Íslands gaf umsögn um þetta sama mál í janúar 2020, mál 421.

Frumvarpið er nú lagt fram að nýju, efnislega óbreytt. Samkvæmt greinargerð er markmiðið það sama og áður en þar segir: „Með afnámi fjöldatakmarkana í greininni er öllum sem uppfylla skilyrðin frjálst að sækja um sjálfstætt leyfi kjósi þeir að veita leyfisskylda þjónustu samkvæmt lögunum.“ Að gefnu tilefni eru gerðar eftirfarandi viðbótarathugasemdir.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hefur lögum í Noregi verið breytt í kjölfar athugasemda ESA en við fyrri meðferð þessa máls lágu fyrir drög að frumvarpi. Í greinargerðinni segir um breytingar á norskri lög-gjöf:

„Í hinu nýja regluverki felst meðal annars afnám fjöldatakmarkana utan þess að heimilt verður að takmarka fjölda leyfa á strjálbýlum svæðum þar sem

framboð svarar ekki eftirspurn. Þá fela breytingarnar í sér afnám skyldu til að hafa afgreiðslu á leigubifreiðastöð.“

Pessi lýsing á norsku löggjöfinni er í besta falli villandi.

Pau lög sem um efnið gilda í Noregi eru LOV-2002-06-21-45 Lov om yrkestransport med motorvogn og fartøy (yrkestransportlova). Lögin eru almenn á þessu sviði en geyma reglugerðarheimildir en þeim er ætlað að stýra framkvæmd laganna.

Í fyrsta lagi gildir um þetta efni almenn reglugerð, FOR-2003-03-26-401 Forskrift om yrkestransport med motorvogn og fartøy (yrkestransportforskriftan). Par segir í 37.gr.

„Dersom lövvemyndigheten ikke treffer annet vedtak, skal for drosjeløyve, selskapsvognløyve og löyve for transport for funksjonshemmede den enkelte kommune utgjøre et löyvedistrikt. Lövvemyndigheten fastsetter antall löyver i hvert löyvedistrikt.“

Á grundvelli þessarar heimildar er m.a. í gildi reglugerð fyrir Oslo, FOR-2013-05-15-490 Forskrift om godkjennung og drift av drosjesentraler og drosjeløyver i Oslo kommune (drosjforskriften). Í Oslo býr rúmlega ein milljón manns, eða 2,7 sinnum fleiri en á Íslandi öllu. Samkvæmt reglugerðinni eru ekki í gildi takmarkanir.

Á grundvelli sömu lagaheimildar er í gildi reglugerð fyrir Bergen og nágrennabyggðir (Hörðaland) sem er eitt akstursumdæmi, FOR-2016-02-25-226 Forskrift om drosjereglement for Bergen køyreområde, Bergen, Sund, Fjell og Askøy kommune, Hordaland. Bergen er næststærsta borg Noregs og þar búa rúmlega 300 þúsund manns og rúmlega 520 þúsund (2014) á Hörðalandi öllu sem reglugerðin tekur til. Par eru hins vegar í gildi verulegar takmarkanir, bæði hvað varðar fjölda leyfa og stöðvarskyldu. Í gr. 3.2. í reglugerðinni segir m.a.:

„Fylkeskommunen vil ein gong per år vurdere justering av löyvetalet i Bergen køyreområde. Eventuell justering av löyvetalet vil i hovudsak vere basert på ei vurdering av behovet for drosjetenester i køyreområdet (behovsprøving) basert på følgjande statistikk:

- Endringar i folketalet i Bergensregionen.
- Endringar i talet arbeidsplassar i Bergensregionen.
- Annan relevant informasjon som löyvestyresmaktene måtte sitje inne med, til dømes vurderingar og statistikkmateriale frå drosjesentralane.

I samband med årleg justering av löyvetalet vil talet på storbilløyve og drosjar som kan ta med rullestol og verte vurdert. ...“

Síðar í greininni segir:

„Nyoppetta løyve vert kunngjort i lokalpressa. Søkjar må godgjere og forplikte seg til at vedkommande ved uttak av løyve vil inngå formidlingsavtale med ein drosjesentral i Bergen køyreområde. Løyvedokumentet vert ikkje utferda før fylkeskommunen har fått stadfesting frå drosjesentral om at vedkommande har inngått formidlingsavtale med sentralen. Tildeling av nyoppetta løyve vert gjennomført med bakgrunn i søkjarliste med rangering av søkjearane sin ansiennitet som drosjeførar.“

Samkvæmt framansögðu er augljóst að Noregur hefur farið allt aðra leið en lagt er til í því frumvarpi sem nú er fjallað og sem engar undantekningar geymir og augjóst að Noregur heldur í fullu gildi og áskilur sér rétt til þess að beita sambærilegum takmörkunum og gilda hér á landi þegar í hlut eiga svæði þar sem búa 30% fleiri íbúar en á Íslandi öllu, 58% fleiri en búa á höfuðborgarsvæðinu og 75% fleiri en í Reykjavík einni.

Sú fullyrðing í greinargerð að undantekningar frá algjöru frelsi í Noregi eigi við á strjálbýlum svæðum er afskaplega villandi og ljóst að giltu þær undantekningar á Íslandi yrðu samkvæmt þeim settar verulegar skorður á höfuðborgarsvæðinu og á öllum þéttbýlisstöðum á landinu þar sem nú er haldið úti skipulagðri þjónustu leigubifreiða.

Í þessu ljósi og í ljósi þess að í greinargerðinni segir að „Ómögulegt er að áætla með fullri vissu hver áhrif breytinganna verða en afnám fjöldatakmarkana gæti leitt til aukinnar eftirspurnar eftir atvinnuleyfum eða jafnvel dregið úr eftirspurn með tilheyrandí fækken leigubifreiðastjóra. Þó eru, með hliðsjón af reynslu nágrannabjóða okkar, frekar taldar líkur á fjölgun en fækken rekstraraðila á markaði í ljósi afnáms takmörkunarsvæða með fjöldatakmörkunum og aukins sveigjanleika hvað varðar tilhögun starfsins“, verður ekki dregin önnur ályktun en sú, að íslensk stjórnvöld renna algjörlega blint í sjóinn um hugsanlegar afleiðingar þess að frumvarpið verði að lögum.

Jafnframt er augljóst að allur rökstuðningur frumvarpsins um samræmi við reglur EES svæðisins og athugasemdir ESA fellur um sjálfan sig þar sem breytingar Noregs samræmast væntanlega skyldum Noregs skv. EES samningnum og samkvæmt því ætti gildandi löggjöf hér á landi að samræmast kröfum EES.

Að lokum er vakin athygli á því að stjórnvöldum í Noregi er heimilt að setja reglur er varða umhverfisspor þeirra bifreiða sem notaðar eru af atvinnuleyfishöfum. Slík ákvæði er ekki að finna í íslenska frumvarpinu.

Með vísan í framanritað ítrekar ASÍ þær athugasemdir sem gerðar voru við fyrrí meðferð málsins á þingi sbr. eftirfarandi umsögn um 421. mál sem var eftirfarandi:

Eins og fram kemur í greinargerð er frumvarpinu í kjölfar frumkvæð-

isathugunar ESA, ætlað að bregðast við því sem talin eru fyrirsjáanleg og endanleg viðbrögð ESA vegna núgildandi fyrirkomulags hér á landi. Í því efni er litið til niðurstaðna ESA í máli Noregs en norska ríkið tilkynnti ESA í desember 2017 að það hefði í hyggju að breyta löggjöf sinni í þá átt að afnema fjöldatakmankir og stöðvarskyldu. Við breytingarnar yrði leitað leiða til að tryggja öryggi farþega og nægjanlegt frambod farþegaflutningabjónustu innan sveitarfélaga. Ekki kemur fram í greinargerð með því frumvarpi sem til umsagnar er hvernig hin nýja norska löggjöf muni líta út. ASÍ telur bæði rétt og skynsamlegt að bíða þeirrar niðurstöðu og endanlegrar niðurstöðu ESA. Engir sérstakir hagsmunir, kærur eða málshöfðanir reka á eftir íslenska ríkinu í þessu efni.

Athugasemdir ESA gagnvart Noregi voru í aðalatriðum eftirfarandi. Í fyrsta lagi taldi ESA ólögmæta takmörkun felast í fyrirfram ákveðnum fjölda atvinnuleyfa til leigubifreiðaaksturs. Í öðru lagi taldi stofnunin ólögmæta takmörkun felast í því að reglur um úthlutun leyfa væru ekki fyrirsjáanlegar, hlutlægar og lausar við mismunun. Úthlutun leyfa þar í landi byggist á forgangsreglum byggðum á starfsreynslu og mati stjórnvalda þegar forgangsreglum sleppir. Í þriðja lagi gerði stofnunin athugasemd við það að sumir leyfishafar væru skyldaðir til að hafa afgreiðslu á leigubifreiðastöð.

Hvað athugasemdir þessar varðar skal í fyrsta lagi tekið fram, að athugasemdir ESA fela ekki í sér endanlega niðurstöðu um samræmi landsréttar og EES réttar. Það er hlutverk EFTA-dómstólsins sem ekki hefur verið gert að láta uppi álit sitt. Viðbrögð sem einungis er ætlað að mæta kröfum ESA geta því bæði verið röng og ómarkviss. Sem dæmi má nefna að á undanförnum árum hafa verið gerðar róttækar breytingar á íslenskri löggjöf til verndar íslenskum vinnumarkaði og launafólki. Þær hafa m.a. lotið að aukinni skráningu, auknu eftirliti og skyldum þeirra sem vilja nýta sér frelsi EES-svæðisins og varða virðingu fyrir launasetningu og lágmarkslaunum í landinu. Þær hafa hagsmunir íslensks vinnumarkaðar og vinnumarkaðsmódel sem verið látnir ráða í stað þess að fylgja í blindni fyrirfram ætluðum viðbrögðum ESA. Samhliða hafa þessar breytingar, sem margar gætu hugsanlega falið í sér tæknilegar hindranir í skilningi EES-réttar hvað varðar atvinnu-, búsetu og staðfesturétt, aukið vernd erlends launafólks sem hingað leitar samhliða því að verja íslenskan vinnumarkað og íslenskt launafólk.

Í öðru lagi er hægt með umfangsminni breytingum að mæta athugasendum ESA við norska löggjöf hér á landi með því að styrkja þær forsendur sem ráða fyrirfram ákveðnum fjölda atvinnuleyfa, gera það ferli opnara, taka tillit til fleiri þáttu og koma í veg fyrir hugsanlega og ómálefna lega mismunun. Sömu sjónarmið eiga við um úthlutun leyfa. Af greinargerð með frumvarpinu er ekki hægt að ráða að hverju athugasemd ESA laut hvað varðar skyldu til

afgreiðslu af leigubifreiðastöð. Í því efni ber að sjálfsögðu, eins og í öðrum efnum, að uppræta ómálefnalega mismunun, sé hún til staðar.

Til þess að réttlæta þær breytingar sem nú eru fyrirhugaðar hefði verið rök-rett að vísa til niðurstaðna innan Evrópusambandsins (ESB) og draga ályktanir af dómum Evrópuðómstólsins um sama efni. Það er ekki gert enda fordænum ekki til að dreifa. Hins vegar segir í greinargerð með frumvarpinu að „.... Af dómaframkvæmd Evrópuðómstólsins er hægt að draga þá ályktun að aðildarríki geti ekki haft í lögum ákvæði sem útiloki beitingu stofnsetningarréttar þó að í þeim felist engin mismunun nema góð efnisrökk séu fyrir slíkri ráðstöfun.“ Á sama hátt er hægt að draga þá ályktun af dómaframkvæmd dómstólsins að aðildarríkjum sé einmitt heimilt að skilyrða stofnsetningarréttinn með ýmsum hætti án þess að í því felist mismunun ef það er gert á málefnalegen hátt og ef ekki felst í því bein eða óbein mismunun í skilningi Evrópuréttarins.

Pá ber að hafa í huga að samspil íslenskra laga og EES réttar er í grundvallaratriðum ólíkt samspili ESB réttar og landsréttar aðildarríkja ESB. Bæði Hæstiréttur Noregs og Hæstiréttur Íslands hafa áskilið Noregi og Íslandi meira svigrúm við innleiðingu EES réttar en aðildarríki ESB hafa.

Í Hrd. 10/2013 segir: „Í 3. gr. laga nr. 2/1993 er mælt á þann veg að skýra skuli lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja. Eins og greinir í dómi Hæstaréttar 9. desember 2010 í máli nr. 79/2010 tekur lögskýring samkvæmt 3. gr. laga nr. 2/1993 eðli máls samkvæmt til þess að orðum í íslenskum lögum verður svo sem framast er unnt gefin merking sem rúmast innan þeirra og næst kemst því að svara til sameiginlegra reglna sem gilda eiga á Evrópska efnahagssvæðinu. Slík lögskýring getur á hinn bóginn ekki leitt til þess að litið verði fram hjá orðum íslenskra laga eins og í dóminum segir.“ Petta þýðir einfaldlega að EES reglur hafa ekki forgangsáhrif í íslenskum rétti og sem um leið þýðir að Ísland áskilur sér og hefur meira svigrúm við innleiðingu EES réttar en aðildarríki ESB hafa.

Hæstiréttur Noregs hefur tekið svipaða afstöðu. Í máli frá árinu 2000, HR-2000-49-B var fjallað um skaðabótareglur norska umferðarlaga sem taldar voru af EFTA dómkónum í ráðgefandi álti, að hluta andstæðar EES rétti og tilteknum þremur tilskipunum ESB sem Noregur taldi sig hafa innleitt. Í niðurstöðu sinni segir Hæstiréttur Noregs: „.... i norsk rett gjelder et såkalt presumsjonsprinsipp, hvoretter en lov så vidt mulig skal tolkes i samsvar med våre folkerettslige forpliktelser, og dermed i samsvar med de tre EØS-direktivene. I dette tilfelle hadde man å gjøre med en bestemmelse som vanskelig kunne forstås på flere måter. Dersom den skulle settes til side, ville man være utenfor det som med rimelighet kunne anses som en tolkning av bestemmelser, og dette ville nærmest innebære at de ikke gjennomførte direktivene ble

gitt direkte virkning med forrang fremfor formell lov. Det ville bli problematisk for private rettssubjekter om de ikke skulle kunne innrette seg etter gjeldende norsk lov ...“ Hér er niðurstaðan sú hin sama og Hæstaréttar Íslands, þ.e. að EES réttur hefur ekki forgangsáhrif í landsrétti.

Petta samband EES réttar og landsréttar er gerólkí sambandi ESB réttar og landsréttar og þá þeim reglum sem Danmörk, Svíþjóð og Finnland búa við sem aðildarríki ESB. Pað þyðir að svigrum Íslands og Noregs til þess að haga reglum um akstur leigubifreiða með öðrum hætti en gert er innan ESB kann að vera talsvert meira og langt í frá öruggt að álit ESA gagnvart Noregi og frumkvæðisathugun gagnvart Íslandi muni að lokum leiða til þess að löggjöf EES ríkjanna þurfi óhjákvæmilega að fylgja löggjöf Evrópusambandsins.

Í umsögn Bandalags íslenskra leigubifreiðastjóra og Bifreiðastjórafélagsins Frama er bent á þá þróun sem verið hefur í Danmörku og Finnlandi en Danmörk fékk undanþágu við gerð lagabreytinga til þess að halda stöðvaskyldu og takmarka leyfafjöldann með þrepaskiptri úthlutun nýrra leyfa. Hvað Finnland varðar er bent á að afnám fjöldatakmarkana, stöðvaskyldu og skráningareglna sé til endurskoðunar auk þess sem breytingarnar hafi ekki leitt til lægra verðs og betri þjónustu. Pað gengur þvert á þá trúársætningu sem sett er fram í greinargerð með því frumvarpi sem til umsagnar er þar sem segir: „Almennt er litið svo á að þar sem framboð og eftirspurn fá að ráða verði á markaði sé neytendum tryggt sanngjarnast verð fyrir þjónustuna. Með fjöldatakmörkunum leigubifreiðaleyfa á takmörkunarsvæðum ráða önnur sjónarmið framboði en eftirspurn og má leiða að því líkur að bæði magn og verð þjónustu sé annað en það væri fengi eftirspurnin að ráða. Breytingar á regluverki um leigubifreiðar í frjálslyndisátt eru því líklegar til að vera til hagsbóta fyrir samfélagið allt. Með því að opna fyrrkomulag leyfisveitinga má sjá fyrir sér að aðgangur að leigubifreiðum aukist. Samhlíða fjölgun leyfa eykst samkeppni á markaðnum og þjónustan verður því hagkvæmari og lagar sig frekar að kröfum neytendanna.“ Pessi ályktun er andstæð reynslu Finna og órökstudd.

Pað er því álit ASÍ, að sú rýmkun sem frumvarpið felur í sér sé hvorki nægilega vel undirbúin eða rökstudd og að rétt sé að hinkra með breytingar í þá veru sem frumvarpið boðar og horfa til þeirra breytinga sem eru að verða í þessu efni og horfa þá sérstaklega til Norðurlandanna. Loks er athygli vakin á því að 1. janúar sl. tók ný löggjöf gildi í Kaliforníu, þar sem verulegar breytingar eru gerðar á starfsumhverfi bifreiðastjóra hjá fjarveitum og horfið frá fyrri breytingum sem sagðar voru gerðar á sínum tíma í „frjálsræðisátt“ en sem leiddi aukna fátækt og réttleysi yfir leigubifreiðastjóra. Loks er tekið undir umsögn Blíndrafélagsins hvað varðar nauðsyn þess að tryggja þjónustu leigubifreiða allan sólarhringinn og utan mesta annatíma.

Að lokum er rétt að taka fram, að það er álit ASÍ að rétt sé af Alþingi

að huga að bættri réttarstöðu þeirra bifreiðastjóra sem í dag keyra á móti stöðvarleyfishöfum gegn hlutfallslegri af innkomu. Peir eru skilgreindir sem sjálfstæðir verktakar án þess að uppfylla helstu grunnskilyrði til þess að skilgreinast sem slíkir. Raunveruleg staða þeirra er fyllilega sambærileg við stöðu launafólks og réttarstaða þeirra ætti að vera sambærileg hvað varðar grunnréttindi eins og veikinda-, orlofs-, uppsagnar-, lífeyris- og tryggingarátt. Breytingar í þá veru er hægt að gera án þess að bylta núverandi reglum um skipulag á þjónustu leigubifreiða.

Frumvarp til stjórnskipunarlag, 26. mál

Eins og fram kemur í fyrri umsögnum ASÍ um samkynja mál frá árinu 2012 og 2019, styður Alþýðusamband Íslands það sjónarmið, að nauðsyn beri til þess að íslensk þjóð setji sér nýja, skýra og nútímalega stjórnarskrá í opnu og lýðræðislegu ferli. Það frumvarp sem nú er lagt fram er að niðurstöða slíks ferlis og sem ASÍ telur eðlilegt og rétt að tekið verði til efnislegrar meðferðar.

Pann 3.12 2012 veitti ASÍ velferðarnefnd Alþingis umsögn um 2.mgr. 20.gr. og 2.mgr. 25.gr. þess frumvarps sem þá lá frammi sem mál nr. 415 á 141 þingi. Par kemur fram, að ASÍ taldi að þær breytingatillögur sem svokölluð sérfraðinganefnd hafði gert á 20 og 25.gr. í tillögum stjórnlagaráðs hafi með öllu verið óþarfari og fara efnislega gegn tillögum stjórnlagaráðs í sumu tilliti. Í því frumvarpi sem nú er lagt fram, er byggt á niðurstöðum meirihluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis á þingskjölum nr. 1111 og 1112 frá 141 þingi.

ASÍ ítrekar þau sjónarmið sem sett voru fram í fyrrgreindri umsögn um lágmarkslaun, eðli þeirra og ákvörðun og ekki síður hvað varðar hið neikvæða félagafrelsi en til hvort tveggja er tekið tillit í álti meirihluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar á þingskjali 1111 frá 141.þingi.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (bindandi markmið), 32. mál

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru metnaðarfullar og eru stuðningur við það markmið Íslands að stefna að kolefnishlutleysi árið 2040.

ASÍ styður þá leið að lögfesta markmið um samdrátt í losun gróðurhúsa-lofttegunda. Baráttan gegn loftslagsbreytingum er langhlaup og markmið Íslands mega því ekki vera háð tímabundnum áherslum þeirrar ríkisstjórnar sem er við völd hverju sinni. Lögfestingin er einnig mikilvæg fyrir eftirlit og aðhald allra hagaðila og ekki síst almennings.

Breytingar á Loftslagsráði sem lagðar eru til í frumvarpinu eiga sér hliðstæður í nágrannalöndum okkar, það er mismunandi eftir löndum hvernig sambærileg ráð eru samansett. ASÍ styður tillögu um óháð fragráð, sem leggur

reglulega faglegt og hlutlaust mat á árangur stefnumörkunar og aðgerðaráætlunar stjórvalda í loftslagsmálum. ASÍ leggur áherslu á nauðsyn þess að sambærilegur vettvangur og Loftslagsráð er í dag verði einnig til staðar og að skipan þess verði á þeim grundvelli sem það er í dag.

Loftslagsráð lét gera úttekt í byrjun árs á stjórnsýslu loftslagsmála og hefur þegar verið tekið tillit til þeirra tillagna um verk- og ábyrgðarskiptingu innan Stjórnarráðs Íslands.

Loftslagsbreytingar hafa þegar haft viðtæk áhrif á efnahags- og atvinnulíf, lífskjör og afkomu almennings um allan heim og Ísland er engin undantekning. Landið er ríkt af náttúruauðlindum, hagkvæm og sjálfbær nýting og verndun þeirra er hornsteinn að öflugu og fjölbreyttu atvinnulífi og því mikilvægt að aðgerðir og markmið séu skýr og metnaðarfull.

ASÍ leggur áherslu á að réttlát umskipti verði leiðarstef í allri ákvarð-anatöku er varðar markmið að kolefnishlutleysi. Hugmyndafræði réttlátra umskipta gerir ráð fyrir því að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins séu leiðandi í að móta breytingar á samfélaginu með það að markmiði að tryggja viðtæka samstöðu um leiðir til að mæta áskorunum framtíðarinnar, tryggja meiri jöfnuð og afkomuöryggi fyrir alla.

Pingsályktunartillaga um atvinnulýðræði, 40. mál

Á þingi Alþýðusambands Íslands árið 2018 var samþykkt ályktun um tækníþróun og skipulag vinnunnar. Þar segir m.a. að; „atvinnulýðræði með aðild starfsmanna að stjórnnum fyrirtækja hefur aldrei verið mikilvægara.“ Í víðara samhengi fjallar ályktunin um þær áskoranir og tækifæri í því sem nefnt hefur verið fjórða iðnbylttingin. Nánar tiltekið er átt við þá breytingu á framleiðsluháttum og vinnufyrirkomulagi sem kann að hafa áhrif á hugmyndir um ráðningarsambond í náinni framtíð. Ljóst er að vinnandi fólk mun þurfa að hafa sitt að segja um þá aðlögun og viðbrögð við þeim breytingum til að tryggja sem mesta atvinnuþáttöku og velferð sem flestra. Sameiginleg ákvarðanataka atvinnurekenda og launafólks kann að reynast jákvæð í þessu sambandi, í það minnsta verða ekki gerðar breytingar á sambandi þar í milli nema launafólk sé með í ráðum. Rannsóknir hafa sýnt að fast ráðningarsamband getur kynnt undir nýsköpun og framþróun í starfsemi fyrirtækja og atvinnugreina, þótt sumir atvinnurekendur hafi haft horn í síðu þess.

Atvinnulýðræði felst þó ekki eingöngu í því að starfsfólk og/eða fulltrúum þeirra sé falið hlutverk við formlega ákvörðunartöku fyrirtækja. Lýðræði er ekki það einfalt fyrirbæri að nægilegt sé að huga að því með formlegheitum. Raunverulegt lýðræði byggir á upplýstri umræðu, virðingu og að tillit sé tekið til allra sem eiga hagsmuna að gæta. Í raun má segja að kjarninn og einn helsti tilgangur í starfsemi stéttarfélaga sé lýðræðislegur, þ.e. að tryggja að raddir

fjöldans sem vinnur störfin og skapar verðmætin heyst. Má því segja að grundvöllur fyrir atvinnulýðræði sé sterk og öflug samtök vinnandi fólks sem í krafti stærðar sinnar og samstöðu getur veitt valdi atvinnurekenda mótvægi og eftir atvikum aðhald. Í samhengi við framangreint er ekki hægt að segja að samanburður á regluverki þeirra ríkja sem Ísland ber sig gjarnan saman við leiði í ljós að þar sé endilega að finna meira atvinnulýðræði þó svo að þar séu ýmiss konar víðtækari reglur um formlegt lýðræði en finnast hér á landi. Það atvinnulýðræði sem þó fyrirfinnst hér á landi er að mati ASÍ fyrst og fremst til komið vegna víðtækrar stéttarfélagsaðildar og öflugs trúnaðarmannakerfis sem geri það að verkum að fólk getur haft raunveruleg áhrif á örlog sín og afkomu. Því er það jákvætt að þingsályktunartillagan fjalli um atvinnulýðræði almennt en ekki eingöngu afmarkaða hluta þess.

Fyrir utan hefðbundna stéttarfélagastarfsemi hefur mesta þróunin er varðar atvinnulýðræði undanfarna áratugi verið innan ESB og m.a. birst í fjölmörgum réttargerðum þar sem a.m.k. er kveðið á um skyldu fyrirtækja til þess að veita starfsfólk upplýsingar og eiga við það samráð. Nánar tiltekið eru gildandi 37 réttargerðir sem kveða á um þetta með einum eða öðrum haetti og hafa margar þeirra verið innleiddar í íslenskan rétt. Má t.d. nefna með lögum nr. 63/2000 um hópuppsagnir og lögum nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. ASÍ hefur talið mikilvægt að þeim skyldum sem atvinnurekendur takast á herðar í þessum efnum sé fylgt eftir í framkvæmd. Þegar á reynir er það mat ASÍ að í flestum tilvikum hafi samráð reynst báðum aðilum vel hafi þeir raunverulega verið tilbúnir í heiðarlega og uppbyggilega vinnu. Öll frekari þróun í þessum efnum er að mati ASÍ vel þess virði að ræða frekar og styður því samþykkt þeirrar þingsályktunartillögu sem hér um ræðir. Hins vegar hafnar ASÍ einfölduðum hugmyndum sem felast öðru fremur í því að gera einstaka starfsfólk ábyrgt fyrir ákvörðunum stjórnar fyrirtækja með stjórnarsetu fulltrúa launafólks án raunverulegra áhrifa.

Þingsályktunartillaga um aukin atvinnuréttindi útlendinga, 48. mál

Alþýðusamband Íslands telur æskilegt að taka til heildstæðrar endurskoðunar ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga á Íslandi og er reiðubúið, nú sem fyrr, til þess að taka þátt í starfi þar að lítandi. ASÍ vill gjalda varhug við því að blanda um of saman umræðu um rétt fólks til þess að fá hér landvist á grundvelli alþjóðlegrar verndar eða af mannúðarástæðum og sjónarmiðum um atvinnuréttindi útlendinga. Um réttindi fólks til verndar gilda sérstök sjónarmið sem Ísland er bundið við að þjóðarrétti og sem mikilvægt er að skilja frá umræðu um þörf íslensks samfélags fyrir þekkingu og vinnuframlag og frjálsla búsetu og atvinnurétt óháð landamærum.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnufélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um hlutafélög og lögum um sameignarfélög (viðurlög vegna hlutfalls kynja í stjórn), 56. mál
ASÍ ítrekar umsögn sína við sambærilegt frumvarp sem lagt var fram á 150. löggjafarþingi.

ASÍ studdi frumvarp um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög á sínum tíma, lög nr. 13/2010, þar sem var lögfest ákvæði um kynjahlutföll í stjórnunum sem tóku gildi 1. september 2013. Með lögum nr. 49/2011 var gerð sambærileg breyting á lögum um sameignarfélög og lögum um samvinnufélög. Því miður þá hafa markmið laganna ekki borið þann árangur sem til var vænst og í raun ákvæðum laganna ekki verið fylgt.

Því styður ASÍ þær breytingar sem fram koma að leggja dagsektir á þau félög sem ekki fara að ákvæðum um hlutföll kynja í stjórnunum, svo ákvæði laganna sem tóku gildi 2013 nái fram að ganga.

ASÍ hefur ætíð lagt áherslu á að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og einnig að jafna stöðu kvenna og karla í stjórnunar- og áhrifastöðum. Verkalýðshreyfingin lagði strax áherslu, vorið 2013, á að jafna kynjahlutfall fulltrúa í stjórnum lífeyrissjóða launafólks á almenna vinnumarkaðinum. Í flestum lífeyrissjóðum eiga mismunandi hópar launafólks aðild, þrátt fyrir það hefur verkalýðshreyfingunni tekist að jafna hlutfall kynjanna í stjórnunum þeirra lífeyrissjóða sem hún á aðild að. Í upphafi árs 2013 var hlutfall kvenna 15% en strax síðar á árinu varð hlutfallið yfir 40% og frá árinu 2018 hefur kynjahlutfall fulltrúa hreyfingarinnar í stjórnum lífeyrissjóða verið jafnt.

Pennan árangur má þakka lögunum frá 2013. Það eru vonbrigði hversu illa fyrirtækjum hefur gengið að fylgja eftir lögunum og því styður ASÍ þá tillögu sem lögð er fram með þessu frumvarpi.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, með síðari breytingum (atkvæðagreiðslur), 83. mál

Samkvæmt niðurstöðu Félagsdóms frá 11.4. 1988 (Mál nr. 5/1988) um túlkun 15.gr. laga nr. 94/1986, þá ber að túlka atkvæðagreiðsluákvæði laganna þannig að atkvæði þar sem afstaða er ekki tekin (auð atkvæði), teljist með heildar-fjölda greiddra atkvæða. Í dóminum segir: „Hefði ætlun löggjafans verið sú, að afl atkvæða réði úrslitum í slíkri atkvæðagreiðslu, að skilyrði um kosninga-þátttöku uppfylltu, hefði legið beint við að orða lagatextann með þeim hætti. Ákvæði greinarinnar um samþykki meiri hluta þátttakenda til verkfallsboðun-ar áskilur því samþykki hreins meirihluta allra, sem skila atkvæðaseðli í slíkri atkvæðagreiðslu.“ Frá því að dómur þessi féll hefur ASÍ túlkað sambærileg ákvæði laga nr. 80/1938 með sama hætti. Við undirbúning atkvæðagreiðslna

og framkvæmd eru félagsmenn upplýstir um, að skili þeir auðu atkvæði teljist það í reynd með móttkvæðum. Þar sem nánast allar atkvæðagreiðslur innan ASÍ um kjarasamninga og verkföll fara í dag fram rafrænt skv. sérstakri reglugerð ASÍ og samkomulagi við Samtök atvinnulífsins, hafa auð atkvæði ekki skipt málí hvað varðar þáttökuskilyrði laganna. Gildandi lög hafa því ekki valdið vandkvæðum í störfum aðildarsamtaka sambandsins.

Að þessu sögðu þá er ekki lagt mat á það hvort æskilegt kunní að vera að taka lög nr. 80/1938 og lög nr. 94/1986 til einhverrar endurskoðunar. Ákvörðun hefur verið tekin um að vinna sérstaka grænbók um íslenskan vinnumarkað. ASÍ er þeirrar skoðunar að betur fari á því að taka umræðu um hugsanlegar breytingar á lögum er varða grundvallarréttindi verkalýðsfélaga í framhaldi af þeiri vinnu, enda skapist um slíkar breytingar breið samstaða allra heildarsamtaka á vinnumarkaði.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, 86. mál

Næði málið fram að ganga myndi það fela í sér að einstaklingar fengju skattalegan frádrátt sem nemur 1.800.000 kr. á ári vegna kaupa á þjónustu á heimili eða í sumarhúsi einstaklinga. Ær þar sérstaklega vísað til heimilisstarfa, t.d. þrifa og hreingeringa, garðyrkju o.fl.

Núverandi tekjuskattkerfi má rekja til upptöku staðgreiðslu skatta árið 1988. Eitt af einkennum tekjuskattkerfisins fyrir tíma staðgreiðslukerfisins var fjöldinn allur af undanþágum og frádráttarliðum. Við innleiðingu staðgreiðslukerfisins voru frádráttarliðir og undanþágur felldar niður en á móti var innleiddur skattafsláttur í formi persónuafsláttar. Sá persónuafsláttur var í upphafi hafður hár m.a. vegna þeirra frádráttarliða sem voru til staðar í eldra kerfi. Þetta er vel kortlagt í skýrslu nefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins um tekjuskattkerfið frá 2019.

Íslenskt efnahagslíf er um þessar mundir í djúpum samdrætti sem mun hafa veruleg áhrif á ríkisfjármál og þar með velferðarkerfi og samfélag um árabil. Fjármálaráðuneytið hefur lýst því yfir að þörf verði á aðgerðum í ríkisfjármálum til að brúa 35–40 milljarða gat árlega á árunum 2023–2025. Alþýðusambandið telur að við núverandi aðstæður þurfi að fara ítarlega yfir áhrif þeirra ákvárdana sem teknar eru um fjármál ríkisins. Ær þurfi að greina hver sé kostnaður aðgerða og hver áhrif eru á ólíka hópa og jöfnuð.

Ljóst er að breytingin yrði ekki til að einfalda skattkerfið og yrði afturhvarf til tekjuskattkerfisins eins og það var fyrir staðgreiðslu. Breytingin sjálf myndi þó að líkindum vera verulegur skattafsláttur til tekjuhærri heimila en eins og bent var á í skýrslu ASÍ frá árinu 2017 er það skattbyrði hinna tekjulægstu sem aukist hefur mest á undanförnum áratugum. Með framangreint í huga leggst Alþýðusambandið gegn því að frumvarpið nái fram að ganga.

Frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum (launaþróun), 95. mál

Eins og fram kom í umsögn um samkynja mál á síðasta þingi, styður Alþýðusamband Íslands eindregið þau sjónarmið sem frumvarp þetta er byggð á hvað varðar vísítöluviðmiðun skaðabótalaga og telur frumvarpið stuðla að því meginmarkmiði skaðabótalaga að tjónþolar verði eins settir og þeir voru fyrir tjón.

Frumvarp til laga um skaðabótalög (gjafssókn), 96. mál

Í fyrri umsögn ASÍ um sama mál á síðasta þingi segir: „Hvað varðar skilyrðislausá gjafssókn vegna líkamstjóna þá telur ASÍ rétt, að heimildir til gjafssóknar fyrir efnaminni einstaklinga þurfí að rýmka verulega, hvort sem um skaðabótamál sé að ræða eða ekki. ASÍ telur hins vegar að ekki sé ráðlegt að falla alfaríð frá skilyrðum 1.mgr. 126.gr. einkamálalaga en það geti stuðlað að tilefnislausum málaferlum og hamlað samkomulags uppgjörum og sáttum innan og utan réttar.“

ASÍ er enn sömu skoðunar og telur mikilvægt að efnaminna fólk verði tryggður aðgangur að réttarkerfinu til jafns við hina efnameiri.

Þingsályktunartillaga um afnám 70 ára aldurstakmörkunar í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 185. mál

ASÍ er hlynnt því að frá hvers konar órokstuddri og ómálefnalegri mismunun vegna aldurs verði horfið. Markmið tillögunnar er að hefja umræðu í samráði við samtök opinberra starfsmanna um breytingar á lögum nr. 70/1996 sem gert geti starfsmönnum ríkisins kleift að vinna eftir 70 ára aldur, kjósi þeir það. Breytingar í þessu efni varða hins vegar ekki einungis samtök opinberra starfsmanna og munu ef af verður geta haft áhrif á kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ við ríki og sveitarfélög sem ýmist geyma samkynja ákvæði eða vísa til laganna. Það er skoðun ASÍ að allar breytingar sem varða starfskjör launafólks hjá hinu opinbera eigi að vinna í samvinnu viðeigandi aðila kjarasamninga, þar með talið þau aðildarsamtök ASÍ sem semja við ríki og sveitarfélög en ekki einungis samtök opinberra starfsmanna.

Þingsályktunartillaga um undirritun og fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum, 186. mál

Alþýðusamband Íslands styður markmið þingsályktunartillögunnar að fela ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að undirrita og fullgilda samning um bann við kjarnorkuvopnum sem samþykktur var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 2017. Alþýðusambandið á aðild að ITUC (International Trade Union

Confederation) sem hratt af stað herferð árið 2017 til að hvetja til afvopnunar og fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna. ITUC bendir á að fyrir 1% af útgjöldum heimsins til hernaðarmála er hægt að fæða vannærða heimsbúa í fimm ár. Engu að síður hefur vígbúnaður aukist í stað þess að leggja áherslu á félagslegar varnir og uppbyggingu heilbrigðs vinnumarkaðar.

Frumvarp til laga um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til, 206. mál

Megindrættir frumvarpsins og hluti greinarerðar eru hluti kjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 16.1 2020. Frekari vinna við texta þess og greinargerð var jafnframt unnin í góðu samstarfi aðila og ráðuneytisins. Horfið er frá því að stéttarfélögin, að beiðni gagnaðila, veiti undanþágur frá verkfalli til þess að nauðsynlegasta heilbrigði- og öryggisþjónusta við íbúa sveitarfélaga sé veitt og lífi og heilsu þeirra verði ekki ógnað vegna verkfalls, til þess að birta sérstaka lista fyrirfram þar um.

Það verklag sem áður tíðkaðist byggði á túlkun laga nr. 80/1938 og hefðum og venjum á íslenskum vinnumarkaði og byggði m.a. á því að verkfallsréttur stéttarfélaga geti sætt takmörkunum þegar líf og heilsa er að veði. Þau sjónarmið eru viðurkennd í alþjóðlegum vinnurétti og áratuga framkvæmd félagsfrelsisnefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) um túlkun á stjórnarskrá ILO og samþykkt ILO nr. 87, sbr. Freedom of association, Compilation of decisions, 6. útgáfa 2018, bls. 154–162. Íslensk lög ber að túlka til samræmis við skuldbindingar Íslands vegna aðildar að ILO en Ísland hefur meðal annars fullgilt samþykkt ILO nr. 87.

Samþykkt frumvarpsins mun í reynd ekki breyta þeirri réttarstöðu sem fyrir var í samskiptum aðila en formið mun verða annað.

Frumvarp til laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 233. mál

Meginefni þessa frumvarps er í nokkru samræmi við þá afurð sem til varð í þríhliða nefndarstarfi ASÍ, SA og ríkisstjórnarinnar og sem afgreidd hefur verið úr ríkisstjórn. Þær tillögur fela í sér mun umfangsmeiri breytingar og nýmæli sem ASÍ styður. Enn er unnið að því að ná sátt um hugsanlegar breytingar á því máli þannig að endanlegt frumvarp feli í sér ákvæði um févítí vegna brota á lágmarksákvæðum kjarasamninga eins og lagt var upp með í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga 2019. Slíkt ákvæði er ekki í því frumvarpi sem umsögn er nú veitt um.

Þingsályktunartillaga um rafræna birtingu álagningar- og skattskrár, 278. mál

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um ofangreint mál, tillögu til þingsályktunar um rafræna birtingu álagningar- og skattskrár. Lagt er til að Alþingi álykti að álagningar- og skattskrár verði birtar rafrænt og séu opinberar þar til ný skrá sé birt ári síðar. Málið er nú endurflutt í fjórða sinn og hefur Alþýðusambandið áður veitt umsögn.

Alþýðusambandið telur að opinber skatt- og álagningarskrá, sem almenningu hefur hindrunarlausán aðgang að auki gagnsæi, launajafnrétti og leiði til bættra skattskila og dragi úr undanskotum. Miðstjórn ASÍ hefur áður ályktad um mikilvægi opinberra álagningarskrár en í ályktun miðstjórnar um gagnsæi gegn misskiptingu frá 28. ágúst 2019 segir m.a.:

„Það er afar brýnt að allir landsmenn greiði skatta og gjöld til samfélagsins óháð uppruna tekna, svo sem arðgreiðslur úr fyrirtækjum eða fjármagnstekjur. Upplýsingar um slíkt þurfa að vera aðgengilegar og gagnsæjar. Miðstjórn ASÍ hvetur Alþingi jafnframt til að samþykkja að birta álagningarskrár með rafrænum hætti, þar sem birtir eru allir álagðir skattar, þannig að aðgengi að þessum samfélagslega mikilvægu upplýsingum sé tryggt.“

ASÍ tekur undir markmið tillögunnar og hvetur til þess að málið nái fram að ganga.

Frumvarp um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (tekjutengdar bætur), 300. mál

Varðandi 2.gr. frumvarpsins, þá telur ASÍ að miða eigi við aðra og fyrri dagsetningu en 1. júní 2020. Í kjölfar falls WOW air tók atvinnuleysi á Suðurnesjum þegar að vaxa auk þess sem fyrirtæki í ferðaþjónustu hófu að draga saman starfsemi sína með þeim afleiðingum að starfsfólk þeirra varð atvinnulaust, þ.m.t. leiðsögumenn. Upphaf COVID kreppunnar skall síðan á með miklum þunga í mars 2020 með tilheyrandí afleiðingum fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu og þá sem afkomu sína höfðu hjá rekstraraðilum á Keflavíkurflugvelli. Stærstur hluti þeirra kom af Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi er nú það mesta sem mælist á landinu. Fullyrða má að mjög stór hópur launafólks sem missti vinnu þegar á árinu 2019 hafi ekki haft nein tækifæri til að afla sér vinnu og tæmdi því rétt sinn til tekjutengdra bóta vel fyrir 1. júní 2020. Margt þeirra er því í þeirri stöðu að missa rétt til tekjutengdra atvinnuleysisbóta á grundvelli þeirrar lagabreytingar sem lögð er til, verði miðað við 1. júní 2020. ASÍ skorar á stjórnvöld að koma til móts við þennan hóp með viðeigandi breytingum 2.gr. frumvarpsins.

Í ljósi þeirrar óvissu sem enn er um þróun COVID 19 faraldursins, telur Alþýðusamband Íslands eðlilegt, að í stað þess að ákvæði til bráðabirgða XVI

verði framlengt til 31. desember 2020 verði því framlengt til loka febrúar 2021.

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld, 314. mál

Íslenskt efnahagslíf er um þessar mundir í djúpum efnahagssamdrætti sem mun hafa veruleg áhrif á ríkisfjármál og þar með velferðarkerfi og samfélag um árabil. Fjármálaráðuneytið hefur lýst því yfir að þörf verði á aðgerðum í ríkisfjármálum til að brúa 35–40 milljarða gat árlega á árunum 2023–2025. Alþýðusambandið krefst þess að við númerandi aðstæður sé ítarlega farið yfir áhrif þeirra ákvarðana sem tekna eru um tekjuöflun ríkisins til frambúðar. Gera verður þá kröfу að greint sé betur hver kostnaður er við einstakar aðgerðir og hver áhrif þeirra eru á ólíka hópa og jöfnuð.

Með framangreint í huga leggst Alþýðusambandið alfarið gegn því að skattleysismörk kaupréttu verði hækkað úr 600 þús. í 1,5 milljónir líkt og lagt er til í 3. gr. ASÍ gerir athugasemdir við tímasetningu breytinganna í ljósi stöðu ríkisfjármála og telur engin haldbær rök fyrir því að tekjur sem varða kaup á hlutabréfum samkvæmt kauprétti séu meðhöndlaðar með öðrum hætti en aðrar sambærilegar tekjur.

Pingsályktunartillaga um brottfall aldurstengdra starfslokareglna, 324. mál

ASÍ er hlynnt því að frá hvers konar órokstuddri og ómálefnalegri missmunun vegna aldurs verði horfið og styður breytingar í þessu efni. Þær varða bæði samtök opinberra starfsmanna og ASÍ og munu geta haft áhrif á kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ við ríki og sveitarfélög. Það er skoðun ASÍ að allar breytingar sem varða starfskjör launafólks eigi að vinna í samvinnu viðeigandi aðila kjarasamninga.

Frumvarp til laga um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997 (opinberar sóttvarnaráðstafanir o.fl.), 329. mál

Frumvarpinu er að meginstefnu ætlað að tryggja að allar heimildir yfirvalda vegna sóttvarna eigi sér fullnægjandi lagastoð. Sá skýrleiki er til bóta.

Aðgerðir vegna sóttvarna fela óhjákvæmilega í sér inngríp í frelsi einstaklinga. Nauðsynlegt er því að þær eigi sér heimild í lögum sem samræmist stjórnarskrá og alþjóðasáttmálum. Lagt er mat á þá stöðu í greinargerð og álítsgerð dr. jur. Páls Hreinssonar. ASÍ hvetur til þess að Alþingi vandi meðferð málsins með tilliti til samræmis við fyrrgreindar heimildir.

Í frumvarpinu er hugtakið samkomubann skýrt og allur vafi tekinn af um að það hafi getað tekið til stöðvunar á atvinnustarfsemi en þannig hafði

hugtakið áður verið skýrt. ASÍ vekur í sambandi athygli Alþingis á því, að brýna nauðsyn ber til þess að lög geymi skýr ákvæði um réttindi launafólks sem tímabundið missir störf vegna stöðvunar á atvinnustarfsemi eða sóttkvíar. Mikil reynsla hefur fengist í yfirstandandi faraldri hvernig þurfi að bregðast við og bæði eðlilegt og rétt að sað þáttur sóttvarnaraðgerða verði einnig ávarp-aður til frambúðar. Trygg réttarstaða launafólks sem þola má sóttvarnir sjálft eða þarf að sæta þeim vegna nákominna er mikilvægur þáttur í framkvæmd sóttvarnaraðgerða og tryggir að þær séu virtar.

Frumvarp til laga um viðspyrnustyrki, 334. mál

Verði frumvarpið samþykkt gætu rekstraraðilar átt rétt á viðspyrnustyrkjum að uppfylltum vissum skilyrðum. Styrkirnir nema 90% af rekstrarkostnaði rekstraraðila en þó ekki hærri en 400 þús. kr. fyrir hvert stöðugildi hjá rekstraraðila og að hámarki 2-2,5 m. kr. eftir tekjufalli.

Áður höfðu svokallaðir tekjufallsstyrkir verið samþykktir og veitti ASÍ umsögn um málið. Um leið og ASÍ tekur undir að mæta þurfi erfiðri stöðu margra smærri rekstraraðila, einskyrja og sjálfstæðra atvinnurekenda verður að gera þá kröfu í ljósi versnandi stöðu ríkissjóðs að tryggt sé að raunveruleg þörf sé á stuðningi úr ríkissjóði. Á það skal minnt að tekjufall er ekki endilega merki um erfiða fjárhagsstöðu og í ákveðnum tilfellum væri réttara að mæta tímabundnum vanda með hagfelldum lánum eða einfaldlega að ríkið eignist hlut í viðkomandi fyrirtæki. ASÍ lýsir einnig vonbrigðum með að ekki hafi verið gerðar takmarkanir á arðgreiðslum við afgreiðslu tekjufallsstyrka líkt og voru í lögum um hlutabætur.

Á það skal bent að upphaflega var gert ráð fyrir að tekjufallsstyrkir myndu kosta um 14,4 ma. kr. en síðari breytingar hækkuðu kostnaðarmat í 23,3 ma. kr. Uppfært mat bendir nú til þess að tekjufallsstyrkir geti kostað um 31 ma. kr. Við þá fjárhæð bætast nú viðspyrnustyrkir sem áætlað er að kosti 19,8 milljarða. Til samanburðar er vert að benda á að nýleg hækjun grunnbóta atvinnuleysistrygginga var metin á 2 milljarða króna.

ASÍ tekur einnig undir þær ábendingar sem fram koma í umsögn Indriða Þorlákssonar, fv. Ríkisskattstjóra, um að ástæða sé að þrengja skilgreiningu tekna og kostnaðar í frumvarpinu. Eðlilegt væri að undanskilja fjármagnstekjur, t.d. arð, leigutekjur og vexti í ljósi þess að áhrif heimsfaraldurs koma fyrst og fremst fram í beinum áhrifum á sölu á vörum og þjónustu.

Jafnframt telur ASÍ eðlilegt að sett verði sambærileg skilyrði og í lögum um hlutabætur sem takmarka úthlutun arðs þrjú ár eftir styrkveitingu og sú krafa gerð að fyrirtækin hafi ekki starfsemi í skattaskjólum. Að því sögðu, leggst ASÍ ekki gegn samþykkt málsins en telur að ábyrg ráðstöfun eigi að vera höfð að leiðarljósi.

Frumvarp til laga um hálendisþjóðgarð, 369. mál

Málið hefur hlotið þó nokkra umræðu innan sambandsins en ASÍ hefur tekið þátt í samtali um stofnun miðhálendisþjóðgarðs frá árinu 2015. Alþýðusamband Íslands styður stofnun þjóðgarðs og telur að til lengri tíma muni hálendisþjóðgarður gegna mikilvægu hlutverki í að vernda miðhálendið og náttúru þess en einnig hafa jákvæð efnahagsleg áhrif. Pannig geti hálendisþjóðgarður fjölgað góðum störfum í þjóðgarðinum og í kringum hann og þannig ýtt undir atvinnuuppbryggingu og styrkt byggðir landsins. Þá getur stofnun hálendisþjóðgarðs falið í sér jákvæð áhrif á nærsamfélög hans og ýtt undir og aukið stuðning við ýmsa starfsemi tengda ferðaþjónustu, svo sem nýsköpun, rannsóknir og fræða-, lista- og menningarstarf á landsbyggðinni. Þjóðgarður á miðhálendinu getur styrkt ímynd Íslands sem áfangastaðar náttúruverndar og sjálfbærar ferðaþjónustu sem aftur getur ýtt undir aukin gæði í ferðaþjónustu. Til að tryggja fjölgun starfa þarf að tryggja næga fjármögnun, uppbryggingu nauðsynlegra innviða og námsframboð sem styður við starfsemina.

Að mati Alþýðusambands Íslands er jákvætt að frumvarpið kveði á um að margir ólíkir aðilar, þ.m.t. sveitarfélög, hafi aðkomu að stjórn þjóðgarðsins en til að vel takist til skiptir öllu máli að traust sé á milli samstarfsaðila og að samtal og samráð við þau sveitarfélög sem liggja að þjóðgarðinum sé til staðar. Alþýðusamband Íslands telur jákvætt að mat á orkunýtingu landsvæða fari fram í gegnum það faglega og lýðrædislega ferli sem rammaáætlun byggir á. ASÍ telur mikilvægt að uppbrygging innviða atvinnulífs, þ.m.t. raforku, styðji við atvinnuuppbryggingu um land allt en brýnt er að sú uppbrygging sé í sátt við þá hagsmuni sem felast í hreinni og ósnortinni náttúru Íslands og að rask á umhverfi og náttúru sé lágmarkað.

Gjaldtaka

Í frumvarpinu er að finna heimildir til gjaldtöku innan þjóðgarðsins en líkt og fram kemur í greinargerð hefur sú breyting verið gerð að ekki verður tekið gjald fyrir aðgang að þjóðgarðinum heldur einungis fyrir aðgang að veitri þjónustu. Alþýðusambandið telur mikilvægt að frjálst aðgengi um víðerni Íslands verði verndað en sú afstaða hefur áður komið fram, t.d. umsögn ASÍ um náttúrupassa. Í því samhengi telur ASÍ rétt að benda á mikilvægi þess að komið verði á gjaldtöku í ferðaþjónustu enda hagnast ferðaþjónusta á nýtingu sameiginlegrar auðlindar, náttúru Íslands. Komugjöld sem skiliðu tekjum til ríkis og sveitarfélaga um land allt væru þar ein besta leiðin til gjaldheimtu og myndu draga úr beinni þörf á brotakenndu kerfi gjaldheimtu á óliskum svæðum um land allt.

Launafólk á að eiga fulltrúa í stjórnum þjóðgarðs

Alþýðusamband Íslands gagnrýnir að frumvarpið kveði á um að fulltrúar

Samtaka ferðaþjónustunnar og önnur ferðaþjónustusamtök geti sameiginlega tilnefnt fulltrúa í stjórn hálendisþjóðgarðs og í öll þau 6 umdæmisráð sem fara með málefni rekstrarsvæða hálendisþjóðgarðs á meðan samtök launafólks eiga ekki að komu að stjórnum hálendisþjóðgarðsins. Alþýðusamband Íslands telur nauðsynlegt að samtök launafólks eigi að komu að stjórnum hálendisþjóðgarðs og ekki eingöngu hagsmunasamtök þeirra aðila sem hafa hag af nýtingu þeirrar náttúru sem garðinum er ætlað að vernda. Ferðaþjónustan byggir umfram aðrar greinar á launafólki og getur stefna fyrir hálendisþjóðgarð og umhverfi hans ekki verið mótuð án þátttöku fulltrúa vinnandi fólks. Þá er vert að benda á að störf á hálendinu geta krafist annarra samninga um kaup og kjör en venjulegir kjarasamningar þar sem starfsfólk dvelur oft langdvölum á vinnustað og vinnuaðstæður geta verið óvenjulegar.

Alþýðusamband Íslands telur tilfinnanlegan skort vera á stefnu og sýn stjórnvalda á uppbyggingu ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar. Petta bírtist m.a. í því að í fyrirliggjandi frumvarpi virðist ekki gert ráð fyrir að þjóðgarðurinn snerti vinnumarkaðinn á neinn hátt en algjör vontun er á að markmið, áherslur og umfjöllun í frumvarpinu snúi að vinnumarkaði.

Horft verði til hagsmuna launafólks við mótu atvinnustefnu Samkvæmt frumvarpinu skal stjórn hálendisþjóðgarðs móta atvinnustefnu fyrir atvinnutengda starfsemi innan þjóðgarðsins. Nauðsynlegt er að slík stefna verði mótuð sem fyrst og dragist ekki á langinn líkt og gerðist með mótu atvinnustefnu fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Atvinnustefna fyrir hálendisþjóðgarð þarf að stuðla að heilbrigðum vinnumarkaði og starfsumhverfi ásamt því að hafa velferð og hagsmuni starfsfólks hálendisþjóðgarðs og launafólks í ferðaþjónustunni að leiðarljósí.

Mikilvægt er að jafnvægi sé á milli allra undirstöðuþáttu sjálfbærrar þróunar; umhverfis, efnahags og samfélags. Así tekur undir markmið frumvarpsins um verndun hálendisins en telur einnig skorta áherslur á hag þeirra sem starfa í þjóðgarðinum. Það er því ekki nóg að leggja áherslu á umhverfi og efnahag ef engin áhersla er á samfélagslega þáttinn, þ.e. á fólkid sem mun koma til með að starfa í greininni og bera hana uppi. Til að hálendisþjóðgarður geti starfað í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun þarf því að samtvinna og samþætta samfélagslega, efnahagslega og umhverfislega þætti við alla stefnumótun, ákváðanatöku og framkvæmd tengda honum.

Alþýðusamband Íslands telur afar brýnt að stjórnvöld ráðist í stefnumótunum um framtíðaruppgörgingu ferðaþjónustunnar og að réttindi og hagsmunir launafólks verði einn af hornsteinum við þá vinnu. Nauðsynlegt er að ferðaþjónustan greiði sanngjörn laun sem nægi til framfærslu og að ákvæði kjarasamninga séu virt. Þá er nauðsynlegt að ráðast í stefnumótun og gera

nauðsynlegar breytingar á lagaumhverfi og regluverki gegn brotastarfsemi á launafólki. Þenn er beðið eftir efndum á loforðum stjórnvalda í tengslum við Lífskjarasamninginn. Þá telur ASÍ að gera eigi þá kröfu að rekstraraðilar á svæði hálendisþjóðgarðs, sem og á öðrum stöðum á landinu, sækji fræðslu um réttindi og skyldur atvinnurekenda. Stefnumótun fyrir framtíðaruppgöggingu ferðaþjónustunnar og atvinnustefna fyrir hálendisþjóðgarð ættu að taka tillit til framangreindra þáttu. Mikilvægi ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar fyrir íslenskt hagkerfi er ótvíráett og tryggja verður að starfsfólk í ferðaþjónustunni og byggðarlög njóti þess ábata sem greinin skapar. Að tryggja afkomu, velferð og lífsgæði þess fólks sem starfar í ferðaþjónustu og tengdum störfum á að vera jafn mikilvægur þáttur og að vernda náttúru, umhverfi og vistkerfi og er órjúfanlegur þáttur af markmiðum um sjálfbæra ferðaþjónustu.

Frumvarp um breytingu á lögum um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000 (bótaréttur vegna bólusetningar), 371. mál

Samkvæmt gildandi lögum greiðast ekki skaðabætur ef rekja má tjón til eiginleika lyfs sem notað er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Það frumvarp sem óskað er umsagnar um, tekur þetta ákvæði laganna úr sambandi hvað varðar bólusetningu gegn COVID-19-sjúkdómnum á árunum 2021–2023. Frumvarpinu er m.a. ætlað að tryggja góða þáttöku í bólusetningu.

Alþýðusamband Íslands styður frumvarp þetta en vill samhliða vekja athygli á því, að vaxandi hópur fólks um allan heim kýs að forðast ráðlagðar bólusetningar og tekur ákvörðun um að bólusetja hvorki sjálft sig né börn sín vegna órókstudds ótta við bóluefni sem notuð hafa verið um áratuga skeið. Vegna mikilvægis almennra bólusetninga gegn sjúkdómum sem herjað hafa á mannkyrið í aldanna rás, hvetur ASÍ til þess að ákvæðið verði gert almennt gagnvart öllum ráðlöögðum bólusetningum.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (fjármagnstekjuskattur), 374. mál

Áður hafði málið verið til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda en ASÍ telur ástæðu til að gagnrýna afar skamman umsagnarfrest sem varði einungis í fjóra daga, eða frá 18.-22. nóvember, og þar af yfir helgi.

Í frumvarpinu er lagt til að frítekjumark fjármagnstekjuskatts verði tvöfald að, úr 150 þús. í 300 þús., en einnig að frítekjumarkið verði útvíkkað þannig að það nái til arðstekna og söluhagnaðar. Til viðbótar eru gerðar breytingar á skattlagningu söluhagnaðar frístundahúsnaðis og frádráttarheimild komið á vegna innleysingar gengishagnaðar á sérgreindum sparnaðarrekningum.

Áætlað er að kostnaður við tillögurnar hlaupi á 1,6–2 milljörðum króna, þar af 770 milljónir vegna hækunar frítekjumarks fjármagnstekna.

Í greinargerð með frumvarpinu er þess getið að markmið frumvarpsins sé að útfæra tillögur starfshóps um endurskoðun skattstofns fjármagnstekna enda hafi staðið til að endurskoða stofn fjármagnstekjuskatts samhliða hækjun hlutfalls fjármagnstekjuskatts úr 20% í 22%. Þar er endurskoðun skattstofnsins sögð vera nauðsynleg í ljósi áhrifa verðbólgu á skattbyrði fjármagnstekna.

Skattkerfi eru ávallt í endurskoðun til að mæta áherslum og áskorunum samfélaga hverju sinni. Á síðasta ári voru stigin stór skref þegar gerðar voru viðamiklar breytingar á tekjuskattskerfinu í kjölfar skýrslu nefndar um endurskoðun tekjuskatts og bótakerfa. Þar var meðal annars brugðist við gagnrýni Alþýðusambandsins um vaxandi skattbyrði launafólks, sérstaklega hinna tekjulægstu. Ljóst er að ákall um endurskoðun skattkerfa, hvort sem er tekjuskatta eða skatta á fjármagn og fjármagnstekjur, er fjarri því að vera sérslenskt. Skattkerfum þarf að beita í auknum mæli til að mæta vaxandi ójöfnuði og í ljósi sampjöppunar auðs og eigna nægir ekki að líta eingöngu til skatta á launafólks. Varla er hægt að segja að mikil hafi farið fyrir alþjóðlegri umræðu um aðgerðir til að verja fjármagnseigendur fyrir áhrifum verðbólgu. Þvert á móti hafa alþjóðastofnanir í auknum mæli lagt áherslu á að skattkerfið sé skilvirkasta verkfæri stjórnvalda til að stuðla að jöfnuði.

Núverandi kerfi fjármagnstekjuskatta er að mörgu leyti barn síns tíma. Meginrökin fyrir lágu hlutfalli fjármagnstekjuskatts árið 1997 og þróun tvíþætts skattkerfis var ótti við verðbólgu og hræðsla við hreyfanleika fjármagns. Pessi rök eiga mun síður við í dag ólíkt sjónarmiðum um hlutleysi og jöfnuð sem vega mun þyngra í dag.

Nú hefur skýrsla nefndar um endurskoðun skattstofns fjármagnstekjuskatts verið birt en nefndinni var falið að skoða sérstaklega skattstofn fjármagnstekjuskatts og samspil við verðbólgu. Full ástæða er að hrósa vandaðri vinnu nefndarinnar við greiningu á fjármagnstekjuskatti og þá sérstaklega samspili virks fjármagnstekjuskatts við raunvaxtastig og verðbólgu.

ASÍ telur þó að stjórnvöld hafi mátt ganga lengra í úttekt á sköttum á fjármagn og fjármagnstekjur og skoða samspil ólíksra skatta (fjármagnstekjuskatta, eignaskatta o.fl.) og heildar framsækni skattkerfisins í alþjóðlegum samanburði.

EKKI sterk rök fyrir hækjun frítekjumarks

Í skýrslu nefndarinnar er að finna ítarlega samantekt á samspili fjármagnstekjuskatts við verðbólgu og þróun raunvaxta. Þar er þó ekki að finna sterk rök fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til með þessu frumvarpi. Þvert á móti kemur fram að núverandi frítekjumark veiti 90% framteljenda vaxtatekna vörn fyrir áhrifum verðbólgu. Auk þess leggur nefndin í sjálfu sér

ekki til að frítekjumark vaxtatekna verði hækkað heldur er lagt til að það fylgi verðlagsþróun þannig að skjól gagnvart áhrifum verðbólgu haldist óbreytt yfir tíma. Þó er einnig nefnt að við sérstakar aðstæður hárrar verðbólgu mætti útfæra tímabundna hækjun frítekjumarks. Nefndin segir að hækjun frítekjumarks, og þ.a.l. stækjun hópsins sem varinn er fyrir áhrifum verðbólgu, sé fyrst og fremst stjórnsmálaleg ákvörðun.

Það er mat Alþýðusambandsins að lítil rök séu fyrir hækjun frítekjumarks og útvíkkun þess til arðstekna og söluhagnaðar. Líkt og nefndin bendir á fól nafnskattlagning í sér nútímovæðingu skattkerfisins og aðlögun að erlendum skattkerfum. Jafnframt eru veikari rök fyrir skattlagningu raunávöxtunar nú en við upptöku kerfisins 1997 þegar skatthlutfall var ákveðið lágt í ljósi hárrar sögulegrar verðbólgu.

Í skýrslunni má einnig sjá að upptaka frítekjumarks árið 2010 hefur dregið verulega úr áhrifum verðbólgu og vegið á móti hækjun á hlutfalli fjármagnstekjuskatts. Þeir sem eiga allt að 6 milljóna króna höfuðstólf fá því skjól gagnvart áhrifum verðbólgu og greiða að hámarki skatt af raunávöxtun. Sé skoðuð dreifing innstæðna samkvæmt skattgrunnskrá sést að núverandi frítekjumark nýtist um 90% framteljenda, eða 259 þúsund af 292 þúsund framteljendum vaxtatekna. Hækjun frítekjumarks er því aðgerð sem veitir einungis 10% tekjuhæstu framteljendum vaxtatekna viðbótar skjól fyrir áhrifum verðbólgu.

Horft framhjá ábendingum um reiknað endurgjald

Athygli vekur að ekki hefur verið brugðist við ábendingum sem koma fram um veikleika núverandi fyrirkomulags, reiknaðs endurgjalds í skýrslum sem gerðar hafa verið fyrir fjármálaráðuneytið og einnig í eldri úttektum á skattkerfinu. Ákveðin áskorun tvíþættra skattkerfa er aðgreining launa og fjármagnstekna einstaklinga í eigin rekstri. Á Íslandi hefur sú leið verið farin að einstaklingum ber að reikna sér laun sem ekki eru lægri en laun sem hefðu fengist hjá óskyldum aðila og að jafnaði ekki lægri en viðmið Ríkisskattstjóra. Þessi nálgun er ólík þeirri sem þekkist á hinum Norðurlöndunum sem hafa tvíþætt skattkerfi þar sem önnur en eðlileg arðsemi er meðhöndluð sem laun.

Reiknað endurgjald fær sérstaka umfjöllun í skýrslunni frá 2019, en þar er bent á að hvatar séu í núverandi kerfi til að reikna sér sem lægst laun, að tilflutningur eigi sér stað milli launa og fjármagnstekna og að eigendur hafi tilhneigingu til að ofreikna kostnað. Í skýrslunni er þar tekið dæmi að 3.637 einstaklingar hafi fengið hærri arðgreiðslur en launagreiðslur þeirra voru úr sömu félögum. Sem dæmi voru 1.067 af þessum 3.637 framteljendum með heildarlaunatekjur á bilinu 5-8 m.kr. á ári og námu arðgreiðslur til þeirra að jafnaði 8,3 m.kr. á ári, eða 45% hærri arðgreiðslur en launatekjur. 90% þessara launatekna komu frá fyrirtækjunum sem greiddu þeim arð. Í skýrslunni segir

svo, „Pessar tölur benda óneitanlega til þess að tilflutningur kunni að vera á milli launa og arðs í einhverjum tilvikum og að reiknuð laun séu þar af leiðandi ekki að öllu leyti í samræmi við þær reglur sem um þau gilda. Það er hins vegar einungis á færí skattyfirvalda að meta hvert umfang mögulegrar tilfærslu af þessu tagi er, en eins og áður sagði er þessi þáttur skattkerfisins erfiður í framkvæmd.“

Veikleikar reiknaðs endurgjalds hafa enn frekar afhjúpast í núverandi niðursveiflu þar sem lágt reiknað endurgjald takmarkar réttindi til atvinnuleysistrygginga og úr fæðingarorlofssjóði svo dæmi séu nefnd. Þá hefur ASÍ gagnrýnt að þeir sem fái tekjur að stóru leyti eða eingöngu af fjármagni eru undanskildir frá samneyslu sveitarfélaga þar sem þeir greiða ekki útsvar.

ASÍ leggst gegn hækkun frítekjumarksins

Íslenskt efnahagslíf er um þessar mundir í djúpum efnahagssamdrætti sem mun hafa veruleg áhrif á ríkisfjármál og þar með velferðarkerfi og samfélag um árabil. Fjármálaráðuneytið hefur lýst því yfir að þörf verði á aðgerðum í ríkisfjármálum til að brúa 35–40 milljarða gat árlega á árunum 2023–2025. Alþýðusambandið krefst þess að við núverandi aðstæður sé ítarlega farið yfir áhrif þeirra ákvarðana sem teknar eru um tekjuöflun ríkisins til frambúðar. Í þessu frumvarpi eru áhrifin skýr, heildarkostnaður við þann hluta er snýr að frítekjumarki vaxtatekna og brekkun þess er um milljarður og nýttist best 10% tekjuhæstu fjármagnseigendum.

Það brýtur í bága við almenna skynsemi að léttu sköttum af þeim sem helst eru aflögufærir á tínum þegar ríkissjóður þarf að þéttu öryggisnetið til að aðstoða þá sem hafa farið verst út úr efnahagssamdrættinum. Með framan-greint í huga leggst Alþýðusambandið alfarið gegn því að frítekjumarkið verði hækkað og arðgreiðslur og söluhagnaður verði feldl þar undir.

Frumvarp til laga um breytingu á búvorulögum, nr. 99/1993 (úthlutun tollkvóta), 376. mál

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar mál 376, þ.e. breytingu á búvorulögum en málið felur í sér að vikið verði tímabundið frá nýju fyrirkomulagi við útboð tollkvóta, svokölluðu jafnvægisútboði og eldra útboðs-fyrirkomulag endurvakið. Í greinargerð með frumvarpi er farið yfir versnandi stöðu innlendrar matvælaframleiðslu í ljósi heimsfaraldurs en þar er bent á að fækkun erlendra gesta hafi dregið úr eftirspurn eftir innlendri framleiðslu.

Breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi útboðs við úthlutun tollkvóta í byrjun árs 2020 til að mæta sjónarmiðum um að eldra kerfi gæti ekki tryggt ábata neytenda af auknu tollfrelsi. Í nýlegri úttekt Verðlagseftirlits ASÍ sem gerð var fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið voru áhrif framan-

greindra breytinga könnuð á verðþróun landbúnaðarafurða. Samantekið má segja að breytt fyrirkomulag við útboð tollkvóta hafi komið neytendum til góða og hækjun á afurðum sem falla undir útboð tollkvóta reynst hófleg samanborið við verðþróun á annarri matvöru. Pannig jókst vöruúrvval og mældist meðalhækkun á kjötfurðum einungis 1,2-4,9% á sama tímabili og gengi krónunnar veiktist um 17%. Á sama tímabili hækkaði verð á sambærilegum innlendum vörum um á bilinu 1,6-5,1%.

ASÍ tekur undir að full ástæða er að hafa áhyggjur af stöðu innlendra matvælaframleiðenda og störfum í matvælaframleiðslu. Hins vegar skortir rökstuðning á því hvers vegna mæta eigi þeim vanda með jafn íþyngjandi aðgerð og frumvarpið felur í sér. Mikilvægt er að benda nefndinni á að áhrifin kæmu fram á skömmum tíma í frekari hækjun matvælaverðs og áhrifin því einnig kostnaðarauki fyrir þann hót sem glímir við verstu efnahagslegu áhrif heimsfaraldurs, þ.e. atvinnuleysi og verulegan tekjumissi. Jafnframt skortir að tölulegar upplýsingar og greiningu á stöðu matvælaframleiðslunnar, hvert tekjufall hefur orðið og hversu almennur vandinn er. Hafa áhrif heimsfaraldurs eingöngu komið fram í þeirri framleiðslu sem hefur orðið fyrir áhrifum breytingar fyrirkomulags við úthlutun tollkvóta?

Efnahagsleg áhrif heimsfaraldurs hafa komið fram víða og stjórnvöld hafa mætt þeim með fjölbreyttum aðgerðum og umfangsmiklum úrræðum. Má þar nefna stuðnings- og brúarlán til fyrirtækja sem orðið hafa fyrir tímabundnu tekjufalli, tekjufalls- og viðspyrnustyrki, stuðning við greiðslu launakostnaðar á uppsagnarfrest auch fjölda annarra aðgerða.

Alþýðusambandið hefur í þeim efnum tekið undir nauðsyn þess að styðja við rekstraraðila, þar með talið matvælaframleiðendur, sem orðið hafa fyrir neikvæðum áhrifum af heimsfaraldri en hefur þó lagt þunga á herslu á ábyrga ráðstöfun ríkisfjárá. ASÍ telur að breytingar á búvorulögum og fyrirkomulagi útboðs við úthlutun tollkvóta sé ekki skilvirk leið til að mæta rekstrarvanda vegna heimsfaraldurs og að stjórnvöld eigi að mæta rekstrarvanda í greininni með beinum stuðningi þar sem þörfin er mest. ASÍ leggst gegn samþykkt frumvarpsins og kallað eftr betri greiningu á áhrifum Covid-19 á matvælaframleiðendur. Skoða þarf hvort ástæða sé að mæta vanda framleiðenda með frekari úrræðum en nú þegar hafa verið samþykkt vegna heimsfaraldurs. Slík úrræði mega þó ekki hafa íþyngjandi áhrif á þá hópa sem nú þegar glíma við stórfellt tekjufall og erfiða stöðu vegna atvinnumissis.

Frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (hvatar til fjárfestinga), 399. mál

Alþýðusambandinu hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt sem felur í sér að komið verði á hagrænum hvötum

til fjárfestinga. Annars vegar er það gert með heimild til hraðari fyrningar eigna sem aflað er á árinu 2021. Hins vegar er það gert með sérstakri fyrningu umhverfisvænna eigna sem aflað er á árunum 2021-2022.

ASÍ tekur undir markmið frumvarpsins og gerir ekki athugasemd við hagræna hvata sem ætlað er að styðja við markmið Íslands í loftslagsmálum. Alþýðusambandið telur þó ástæðu að leggja áherslu á ábyrga ráðstöfun ríkisfjár við núverandi aðstæður og stöðu í ríkistjármálum. Í því samhengi er nauðsynlegt að gagnsæi ríki um úrræði og þau séu tímabundin. ASÍ telur mikilvægt að Skatturinn birti upplýsingar um þá aðila sem nýta sér fyrningarálag og fjárhæð álagsins og að skatturinn hafi heimildir til að kalla eftir upplýsingum um að skilyrðum sé mætt.

Frumvarp um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórн fiskveiða (veiðistjórн grásleppu, sandkola og hryggleysingja), 419. mál

Í frumvarpinu eru gerð sú breyting að tekin verður upp aflamarksstjórн við veiðar á grásleppu, sandkola o.fl. Hlutdeild skipa verður ákveðin með tilliti til aflareynslu og er þar miðað við þrjú bestu veiðitímabil áranna 2014-2019. Gerðar eru þrengri takmarkanir á hlutdeild í veiðiheimildum grásleppu þar sem hver útgerð getur að hámarki átt 2% af hlutdeild boríð saman við 12% hámarksflahlutdeild í porski.

Alþýðusambandið gerir ekki einstaka athugasemdir við frumvarpið annað en að það leggst gegn framsali á aflaheimildum og telur óeðlilegt að framsal sé heimilað við breytingar á lögum um stjórн fiskveiða grásleppu, sandkola og hryggleysingja.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum slysatryggingar almannatrygginga (atvinnusjúkdómar, miskabætur o.fl.), 424. mál

Alþýðusamband Íslands er sammála meginnefni frumvarpsins. Það felur í sér mikilvægar lagfæringer sem Alþingi lagði ekki í að gera við setningu laga nr. 45/2015 og sem ASÍ benti þá á í umsögn sinni. Þau atriði varða aðallega skilgreiningu slysahugtaksins og slys á leið til vinnu. Jafnframt eru lagðar til löngu tímabærar úrbætur vegna atvinnusjúkdóma.

ASÍ lagði jafnframt til á árinu 2015 að 4.mgr. 5.gr. yrði breytt þannig að tryggingin gildi þó bótaskylda sé fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda, verði slysið utan Íslands. Rökin voru þá og eru enn, að almennt sé verulegum vandkvæðum háð fyrir einstaklinga að sækja skaðabætur úr tryggingum erlendis auk þess sem tryggja verði sönnun í samræmi við þar gildandi rétt, venjur og hefðir

sem oftar en ekki er ekki á færi venjulegs fólks. Breytt ákvæði gæti þá gert ráð fyrir að Tryggingastofnun fengi kröfuna framselda úr hendi hins slasaða kjósi hann að sækja rétt sinn hér á landi fremur en erlendis.

Líklega eru tilvik af þessum toga fá en hagsmunir hvers og eins einstaklings hins vegar miklir. Í greinargerð með því frumvarpi sem nú er veitt umsögn um er sérstaklega tekið fram, að „Ráðuneytið telur það ekki samrýmasti tilgangi og markmiði laganna að bæta slys af framangreindum toga.“ Þessi fullyrðing er ekki rökstudd sérstaklega.

Í 1.mgr. 1.gr. gildandi laga segir: „*Markmið laga þessara er að tryggja slysatryggðum baetur frá almannatryggingum vegna vinnuslysa eða annarra tiltekinna slysa óháð tekjum hins slysatryggða, sbr. einnig lög um almannatryggingar, lög um sjúkratryggingar og önnur lög eftir því sem við á.*“ Efnislegt svigrúm laganna er því talsvert innan þeirra markmiða sem þau setja.

Í 4.mgr. 5 segir nú: „Trygging samkvæmt þessari grein gildir þó ekki ef bótaskylda er fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda.“ Sú breyting sem ASÍ leggur til er sú, að þrátt fyrir þessa meginreglu laganna þá sæti hún undantekningu verði slys erlendis. Skv. lokamálgrein 10.gr. laganna geta lögin gilt vegna slysa sem verða erlendis þ.a. að slysstaður erlendis er nú þegar undir gildissviði laganna.

Í auknum mæli er íslenskt launafólk sent til starfa um skamma stund út um allan heim m.a. vegna uppsetningar á búnaði og tækni sem til verður hér á landi. Peim sem til þekkja er ljóst að réttarstaða fólks sem lendir í umferðarslysi í mörgum ríkjum Afríku, Asíu og S-Ameríku er ekki alltaf góð þar sem innviði skortir, boðleidir eru langar, aðgangur að stjórkerfi ýmsum hindrunum háður auk þess sem bætur eru lágar og miðaðar við efnahagslegan raunveruleika þar sem slys verður.

Í þeim tilvikum er mikilvægt að lögin nr. 45/2015 geti gilt. Í þeim tilvikum þegar bótaskylda úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda er til staðar en slysstaðurinn innan EES svæðisins eða t.d. Bandaríkjanna er staðan allt önnur. ASÍ ítrekar því fyrri sjónarmið síн um þennan þátt og leggur til að velferðarnefnd taki þau til efnislegrar skoðunar, þrátt fyrir ummæli ráðuneytisins í greinargerð.

Frumvarp um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001 (takmarkanir á notkun verðtryggingar í láanasamningumil neytenda), 441. mál

Málið hefur áður verið lagt fram á Alþingi en þá í annarri mynd, og einnig verið til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Frumvarpið á einnig uppruna í yfirlýsingu stjórnvalda um skref til afnáms verðtryggingar. Í umræðum un lán og húsnaðismál á vettvangi aðila vinnumarkaðarins var niðurstaðan að falla

frá einu atriði í yfirlýsingu stjórnvalda sem snýr að því að taka húsnæðisliðinn út úr verðtryggingunni.

Núverandi frumvarp sem felur í sér takmarkanir á veitingu verðtryggðra jafngreiðslulána er ætlað að mæta tveim aðgerðum úr yfirlýsingu stjórnvalda um skref til afnáms verðtryggingar. Það felur í sér að lágmarkstími verðtryggðra lána verður lengdur úr 5 árum í 10 ár og hámarkstími verður 25 ár. Uppfylli lántaki ákveðin skilyrði verður honum þó heimilt að taka lán til lengri tíma en 25 ára en þau skilyrði eru m.a. aldurstengd og tekjutengd.

Alþýðusambandið veitti umsögn um málið í samráðsgátt og taldi að undanþágur væru of rúmar og það rúmar að einungis væri verið að afnema 40 ára jafngreiðslulán í undantekningartilfellum. Í fyrirliggjandi frumvarpi hafa skilyrðin verið þrengd þannig að aldurstengdar undanþágur eru nú þær að einstaklingar geti að hámarki verið 40 ára til að uppfylla skilyrði um 30 ára lán, eða allt að 35 ára til að geta tekið 35 ára lán. Í eldri drögum var miðað við 44 ára hámarksaldur og 40 ára hámarksþánstíma. ASÍ telur að þrenging þessara viðmiða sé til bóta en að aðstæður séu til staðar til að ganga lengra en gert er í frumvarpinu. Í þeim efnunum vísar sambandið til fyrrí umsagnar.

Frumvarp til laga breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008 (borgaraleg skylda), 443. mál

ASÍ veitti Alþingi umsögn um sama mál í mars 2020. Par segir; „*Alþýðusamband Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en vill vekja athygli á eftirfarandi. Samkvæmt texta laganna og greinargerðar er gert ráð fyrir því að starfsmenn skuli njóta óbreyttar launakjara við breyttar starfs-skyldur. Hins vegar eru lögin og greinargerðin þögul um þá stöðu sem upp kann að koma sé starfsmanni gert skylt að sinna starfsskyldum sem tilheyra starfi sem betur er launað skv. kjarasamningum sem það starf sem hann var ráðinn til. Taka þyrfti af allan vafa um túlkun laganna í þessu efni við þinglega meðferð málsins.*“ Sama athugasemd er nú gerð.

Frumvarp um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum (forseti Íslands, ríkisstjórn, verkefni framkvæmdarvalds, umhverfisvernd, auðlindir náttúru Íslands og íslensk tunga), 466. mál

Eins og fram kemur í fyrrí umsögnum ASÍ um stjórnarskrárbreytingar frá árinu 2012, 2019 og 2020 styður Alþýðusamband Íslands það sjónarmið, að nauðsyn beri til þess að íslensk þjóð setji sér nýja, skýra og nútímalega stjórnarskrá í opnu og lýðræðislegu ferli. Það frumvarp sem nú er lagt fram lýtur að afmörkuðum breytingum.

Umsögn um 22. gr.

ASÍ telur að innleiðing umhverfis- og auðlindaákvæða í stjórnarskrá Íslands styðji við þá stefnu ASÍ að atvinnuuppbygging fari fram á forsendum sjálfbærrar þróunar og að almannahagur sé hafður að leiðarljósi við nýtingu náttúrugæða. Liður í því að leggja almannahag til grundvallar sjálfbærrar uppbyggingar vinnumarkaðar sé að tryggja jafnræði og gagnsæi við úthlutun nýtingarheimilda náttúrugæða. Því sé jákvætt að sérstaklega sé kveðið á um þessi atriði í frumvarpinu.

22.gr.a. inniheldur mjög sambærilegt ákvæði og finna má í tillögum stjórnlagaráðs og nær yfir öll þau atriði sem voru í tillögum stjórnlagaráðs um sama efni. Ákvæðið í frumvarpinu er orðað þannig að það nær yfir alla mikilvægustu þætti er varða umhverfismál og náttúruvernd, svo sem mikilvægi náttúrunnar sem undirstöðu lífs í landinu, að stuðlað verði að sjálfbærri þróun og að fjölbreytni náttúrunnar og vöxtur lífríkis sé tryggður. Í ákvæðinu kemur einnig fram að réttur almennings til heilnæms umhverfis skuli tryggður og inn á ferðafreli almennings þar sem kveðið er á um að almenningi sé heimil för um landið. Þá er kveðið á um rétt almennings til upplýsinga um umhverfið, áhrif framkvæmda á það og þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfið. Eftir yfirferð og mat, samanburð við tillögur stjórnlagaráðs og yfirferð greinargerðar sem fylgir frumvarpinu er það mat ASÍ að ákvæðið sé framsækið og að í því felist mikilvægar góðar viðbætur og umbætur á núverandi stjórnarskrá.

22.gr.b. ASÍ telur brýnt að taka allan vafa af um að auðlindir náttúru Íslands séu í eigu þjóðarinnar, að ekki sé heimilt að úthluta þeim til varanlegra afnota og að úthlutun geti aldrei leitt til einkaréttarlegrar eignar eða óafturkallanlegs forrædis. Til þess að taka af allan vafa um að nýtingarréttur sé tímabundinn eigi að gera breytingar til að eyða þeim vafa. ASÍ telur jafnframt að stjórvöldum beri að innheimta gjald af nýtingu sem tryggi að renta af nýtingu auðlinda renni til þjóðarinnar.

ASÍ tekur ekki efnislega afstöðu til annarra ákvæða frumvarpsins en vísar til fyrri umsagna um frumvörp byggða á tillögum stjórnlagaráðs. ASÍ vill þó taka fram, að sambandið sér enga knýjandi ástæðu til þess að lengja kjörtímabil forseta og takmarka embættistíma hans og aðrar breytingar á valdsviði forseta krefjast frekari umræðu. Fjögurra ára kjörtímabil er hæfilegt, í samræmi við embættistíma annarra þáttu ríkisvaldsins og reynst vel án takmörkunar á endurkjöri frá stofnun lýðveldisins.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (aðgangsskilyrði), 536. mál

Það er mat ASÍ að löngu sé orðið tímabært að aðgangsskilyrðum að háskólum sé breytt. Eins og kemur fram í frumvarpinu þá er þessari breytingu ætlað

að jafna stöðu nemenda sem hafa lokið list-, tækni- og starfsnámi af þriðja hæfniþrepi og þeirra sem lokið hafa stúdentsprófi til innögongu í háskóla. Þá er einnig nefnt að frumvarpið feli í sér aukið jafnræði til náms óháð mismunandi námsleiðum nemenda og þeim lokaprófum frá framhaldsskólum sem nemendur hafa. ASÍ styður heilshugar það markmið frumvarpsins að nemendur sem velja list-, tækni- eða starfsnám hafi jafna möguleika og þeir sem ljúka stúdentsprófi, til áframhaldandi náms á háskólastigi.

Alþýðusamband Íslands hefur um áraraðir barist fyrir auknu vægi tækni- og starfsnáms. Það er mikilvægt að stjórnvöld styðji vel við nemendur sem vilja stunda hvers konar iðnnám og að menntakerfið bjóði upp á hvata til þess. Með þessum fyrirhuguðu breytingum á inntökuskilyrðum í háskóla verður komið til móts við þá einstaklinga sem áhuga hafa á áframhaldandi námi á háskólastigi að loknu tækni- eða starfsnámi.

Þá hvetur ASÍ til að lögð verði áhersla á að mótuð verði skýr aðgangsviðmið fyrir nám í einstökum deildum svo nemendur geti skipulagt nám sitt með þær kröfur í huga sem gerðar eru í mismunandi deildum viðkomandi háskóla.

ASÍ telur einnig til mikilla bóta að öllum lokaprófum á þriðja þrepi úr framhaldsskólum sé gert jafn hátt undir höfði og þar með búið að jafna stöðu nemenda sem lokið hafa mismunandi prófum á framhaldsskólastigi. ASÍ hvetur til að frumvarp þetta verði að lögum og með því yrði stigið mikið framfaraskref í íslensku menntakerfi.

Frumvarp til laga um félög til almannuheilla, 603. mál

Alþýðusamband Íslands styður það markmið frumvarpsins að auka gegnsæi og ábyrgð félagasamtaka sem gefa sig út til þess að starfa til almannuheilla og sem njóta vilja tiltekinnar réttarstöðu gagnvart stjórnvöldum og trúverðugleika gagnvart samfélaginu. Líkt og þegar mál þetta var til umræðu á árinu 2006 og aftur á árinu 2019 gerir ASÍ nokkrar athugasemdir við efni þess.

Ein af niðurstöðum úr því nefndarstarfi sem gerð er grein fyrir í athugasemnum með frumvarpinu var sú að „Löggjöfin mætti ekki verða íþyngjandi fyrir félagasamtök og gæta yrði að því að þrengja ekki að möguleikum félagasamtaka til að ákvarða sitt innra skipulag.“ Það frumvarp sem óskað er umsagnar um er nokkuð ýtarlegt og mælir einnig fyrir um strangar refsingar í 9. kafla vegna tiltekenna brota og er fyrirmundur þess sótt í hlutafélagalög að því er best verður séð.

Um er að ræða ramma utan um frjáls félagasamtök sem njóta verndar stjórnarskrár. Ætla má að því ýtarlegri sem ramminn sé aukist líkur á því að löginn kunni að geta stangast á við stjórnarskrá en þessi félög gegna ekki sérstöku lögbundnu hlutverki líkt og á við um stjórnmálauflokkka, stéttarfélög, lífeyrissjóði o.fl.

Sértaka athygli vekja m.a. í þessu efni heimildir stjórvalda í 25.gr. til þess að slíta félagi hafi það m.a. „... brotið gegn lögum eða skilgreindum tilgangi samkvæmt samþykktum sínum að verulegu leyti“. Sama á við um ákvæði 9. kafla. Þar er t.d. í b. lið 35. gr. mælt fyrir um allt að tveggja ára fangelsi vegna brota á því sem lýtur m.a. að innri málefnum félags auk þess sem almenn hegningarlög mæla fyrir um refsingar fyrir sumt af því sem þarna er fjallað er um. Um sérrefsilöggið er því að ræða sem lýtur að starfsemi frjálsra félagsamtaka af þeiri ástæðu einni að þau fá skráningu sem almannaheillafélög.

Pað er álit ASÍ að vel fari á því að Alþingi hyggi vel að því hvort þessu frjálsa félagsformi sé ekki sniðinn of þróngur stakkur í fyrrliggjandi frumvarpi.

Þingsályktunartillaga um fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026, 627. mál

Fjármálaáætlun er lögð fram nú þegar efnahagsleg áhrif útbreiðslu kórónaveirunnar eru farin að skýrast. Langtíma áhrif efnahagsáfallsins á samfélag og vinnumarkað eru hins vegar enn óljós. Afleiðingar fyrir vinnumarkað kunna að vera neikvæðar um árabil. Að vinna bug á atvinnuleysi á að vera forgangsatriði ríkisfjármála á næstu árum. Í fyrrliggjandi áætlun er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði tæplega 5% í lok tímabilsins, það er eftir fimm ár. Slíkt atvinnuleysi er sambærilegt því sem var á atvinnuleysisárunum 1993-1995 og með öllu óviðunandi. ASÍ lýsir yfir þungum áhyggjum af því að ekki liggi fyrir skýr stefna af hálfu stjórvalda um hvernig eigi að bregðast við atvinnuleysisvandanum og koma í veg fyrir langtímaatvinnuleysi. Í þessu sambandi er vert að minna á að atvinnuleysi hefur bæði neikvæðar afleiðingar fyrir einstaklinginn og þjóðarbúið.

Alþýðusambandið hefur í umsögnum sínum um ráðstafanir er varða opinber fjármál lagt þunga áherslu á að opinberum fjármálum sé beitt til að draga úr verstu afleiðingum COVID-kreppunnar og að lærðómur sé dreginn af neikvæðum áhrifum niðurskurðar og aðhaldsaðgerða á samdráttartínum. Þar taldi ASÍ mikilvægt að fjármálareglum skv. lögum um opinber fjármál yrði vikið til hliðar til að takast á við efnahagskrísuna, enda hefði harkaleg aðlögun að reglunum unnið gegn efnahagslegri viðspyrnu og haft í för með sér langvarandi skaða fyrir efnahagslífið og samfélagið. Í raun er það áhyggjuefni ef sjálfar fjármálaeglurnar geta verið hindrun gegn sjálfvirkri sveiflujöfnun en líkt og bent var á í fjármálaáætlun 2021-2025 var „fjármálastefnan endurskoðuð til að gefa ríkissjóði meira svigrúm til að bregðast við breyttum efnahagshorfinum, ekki síst með því að leyfa atvinnuleysisbótum og sköttum sem ráðast af hagpróun (svokölluðum sjálfvirkum sveiflujöfnurum) að virka að fullu“.

Horfur í ríkisfjármálum hafa batnað frá síðustu áætlun. Halli ríkissjóðs var

um 70 milljörðum minni á síðasta ári en áætlað var og er nú gert ráð fyrir að hallarekstur á árinu 2021 nemi 10,2% af VLF. Meginmarkmið fyrirliggjandi áætlunar og þeirrar síðustu er að viðsnúningur náist í ríkisrekstrinum með jákvæðum frumjöfnuði og að hækkun á skuldum hins opinbera sem hlutfall af VLF stöðvist fyrir árslok 2025. Það merkir að skuldir hins opinbera nái hámarki í 53,9% af VLF árið 2025 í stað 60,4% af VLF í fyrri áætlun. Þessu markmiði verður þó ekki náð án þess að ríkið fari í afkomubætandi aðgerðir, þ.e. tekjuöflun eða niðurskurð. ASÍ áréttar að meginmarkmiðið eigi að vera að stuðla að fullri atvinnu. Markmið um lækkað skuldahlutfall komi þar á eftir. ASÍ krefst þess jafnframt að ekki verði gripið til niðurskurðar, enda mun það gera kreppuna dýpri og langvinnari.

Líkt og í fyrri áætlun liggur ekki fyrir með hvaða hætti stjórnvöld ætla sér að ná markmiði um sjálfbærni en skv. fyrirliggjandi áætlun er þörf á aðgerðum sem nema 34 milljörðum kr. á ári á tímabilinu 2023-2025, sem er um 9 milljörðum minna en ráðgert var í síðustu áætlun. Verði efnahagslegur bati hægari en gert er ráð fyrir í áætluninni yrði þörfin fyrir aukna tekjuöflun eða niðurskurð enn meiri. Það er þveröfugt við ríkisfjármálastefnu sem miðar að því að jafna hagsveifluna. Sé unnið eftir því markmiði ættu afkomubætandi aðgerðir að vera umfangsminni ef efnahagslegur bati verður hægari. Miðað við núverandi efnahagshorfur er raunveruleg hætta á að slík sviðsmynd raunerist.

ASÍ varar við því að of þung áhersla á að draga úr skuldum ríkissjóðs geti hægt á efnahagsbatanum og viðhaldið háu atvinnuleysi. Skuldir ríkisjóðs, eins og komið er inn á í áætluninni, eru lágar í öllum alþjóðlegum samanburði. Með þær efnahagsforsendur sem fylgja fjármálaáætlun í huga á meginmarkmið ríkisfjármála að vera að draga úr atvinnuleysi og ýta undir fulla atvinnu.

Tekjuöflun ríkissjóðs

Ríkissjóður hefur orðið fyrir verulegu tekjufalli í kjölfar efnahagslegra áhrifa útbreiðslu Covid-19. Mikilvægt er þó að hafa í huga að ríkisfjármálum var þróngur stakkur sniðinn áður en farsóttin braust út. Alþýðusambandið hefur um árabil í umsögnum sínum um opinber fjármál varað við veikingu tekju-stofna og áhrifum á afkomu ríkissjóðs, m.a. með litlu aðhaldi á þenslutínum. Sömu ábendingu má finna í álti fjármálaráðs en þar segir, „Eins og áður hefur komið fram hafa verið fordæmalausir tímar frá árinu 2020. Þó ber að huga að því að undirliggjandi veikleikar í afkomu hafa verið ljósir um stund. Illa hefur gengið að halda fjármálaáætlunum innan ramma stefnumiða, jafnvel í mikilli uppsveiflu.“

Slík ríkisfjármála- og skattastefna er varhugaverð þar sem hún ýtir undir þá kröfu um að aðhaldi og niðurskurði verði beitt sem afkomubætandi aðgerðum. Í umsögn ASÍ um Fjármálastefnu 2017-2022 var sérstaklega varað við þessari þróun en þar sagði: „Afleiðingarnar verða þær að tekjustofnar ríkisins nægja ekki til að fjármagna nauðsynleg útgjöld til velferðar og innviða þrátt fyrir uppsveiflu. Aðhaldið í stefnunni byggir á því að nota velferðarkerfið sem helsta hagstjórnartækið með aðhaldi í gegnum ófármagnaðar brýnar velferðarárbætur og innviðaframkvæmdir ásamt veikingu á barna- og vaxtabótakerfunum. Fyrirséð er að þegar dregur úr umsvifum mun blasa við niðurskurður í opinberum rekstri og/eða skattahækkanir, þvert á hagsveifluna.”


Mikilvægt verður að huga að styrkingu tekjustofna á komandi árum þannig að eðlilegur viðsnúningur geti náðst í ríkisrekstrinum án þess að ráðist verði í niðurskurð á grunninnviðum samfélagsins. Þar telur Alþýðusambandið ástæðu til að gagnrýna að hluta þær skattabreytingar sem stjórnvöld hafa talið forgangsmál í djúpri efnahagskreppu. Þar má nefna lækkun bankaskatts, breytingu á fjármagnstekjuskattí sem áætlað var að kosti ríkissjóð um milljarð króna árlega og gagnast fyrst og fremst 10% tekjuhæstu framteljendum vaxtatekna eða hækkun á skattleysismörkum kaupréttu úr 600 þús. í 1,5 milljónir. Pessar aðgerðir hafa unnið gegn markmiðum um jöfnuð og dregið úr hlutleysi skattkerfisins án þess að skyr ábati liggi fyrir.

Atvinnuleysi er enn þá stærsta efnahagsáskorunin

Hagstofan áætlar að verg landsframleiðsla hafi dregist saman um 6,6% á síðasta ári, þ.e. djúpur efnahagssamdráttur en þó minni en greiningaraðilar óttuðust. Niðurstaðan er til marks um hagfellda fjárhagsstöðu heimila í aðdraganda krísunnar en heimilin hafa getað haldið uppi neysluútgjöldum, m.a. vegna lægri vaxta og með því að fresta lánaafborgunum og taka út séreignarsparnað. Einkaneysla dróst einungis saman um 3,3% á síðasta ári en til samanburðar dróst einkaneysla saman um að meðaltali 10% á ári árin 2008-2009.

Pessi þróun ætti þó að gefa til kynna hversu ójafnt áhrif efnahagsáfallsins hafa dreifst. Heimilin sem haldið hafa atvinnu og geta nýtt sér lágvaxta umhverfi búa við góðar efnahagslegar aðstæður og aukinn kaupmátt. Heimilin sem misst hafa atvinnu hafa hins vegar orðið fyrir gríðarlegu tekjufalli en þau eru að jafnaði tekjulægri og á leigumarkaði, auk þess sem erlendir ríkisborgarar og innflyttjendur eru hlutfallslega margir í þeim hópi. Þá hafa ákveðin landsvæði orðið sérstaklega illa úti. Atvinnuleysistryggingar verða að tryggja þessum hópum viðunandi tryggingu fyrir tekjufalli, sérstaklega við núverandi aðstæður lítillar vinnuaflseftirsprungar.

Atvinnuleysi - 1991-2026



Í fjármálaáætlun er gert ráð fyrir því að fjölgun ferðamanna skapi forsendur fyrir efnahagslegri viðsprynu á þessu ári og að atvinnuleysi hafi því náð hámarki. Um þessar mundir eru 21 þúsund einstaklingar atvinnulausir sem jafngildir 11% atvinnuleysi á öllu landinu og 23% á Suðurnesjum. Af þessum fjölda eru yfir 6.200 einstaklingar sem hafa verið án atvinnu í meira en tólf mánuði og því búið við langvarandi tekjufall. Þegar litið er á forsendur áætlunarinnar vekur áhyggjur að gert er ráð fyrir viðvarandi atvinnuleysi á tímabilinu og að atvinnuleysi verði í kringum 5% á árunum 2024-2026, eða svipað og á atvinnuleysisárunum 1993-1995.

Brugðist hefur verið við auknu atvinnuleysi með margvíslegum úrræðum. Má þar nefna hlutabótaúrræði, menntaúrræðið Nám er tækifæri og Hefjum störf sem ætlað er að hvetja fyrirtæki til ráðninga á atvinnuleitendum. ASÍ telur að með þessum aðgerðum hafi verð stigin jákvæð skref en leggur áherslu á að bregðast þurfi við atvinnuleysisvandanum sem skemmtir tíma áskorun, þ.e. bein áhrif af Covid-19, og lengri tíma áskorun, þ.e. aukið kerfislægt atvinnuleysi. Í því samhengi skortir enn á sértaðar aðgerðir til að mæta atvinnuleitendum á þeim svæðum sem verst hafa orðið úti. Þá þarf atvinnuleysistryggingakerfið að tryggja viðunandi afkomu á meðan efnahagslífið nær sér á strik.

Helslut áherslur:

- Lengja þarf tímabil atvinnuleysistrygginga úr 30 mánuðum í 36 mánuði til að bregðast við aukningu langtímaatvinnuleysis.
- Hækka þarf grunnbætur atvinnuleysistrygginga í 95% af dagvinnutekjutryggingu til að verja afkomuöryggi atvinnuleitenda.
- Hlutabætur verði virkt úrræði svo lengi sem þörf er á því.

Bregðast þarf við kerfislægu atvinnuleysi

Alþýðusambandið hefur vakið athygli á því að viðvörunarljós hafi verið farin að blikka á vinnumarkaði áður en útbreiðsla Covid-19 hófst. Í skýrslu ASÍ,

Íslenskur vinnumarkaður 2020, var meðal annars bent á hvernig atvinnuleysi hafi vaxið áður en útbreiðsla Covid-19 hófst og að hlutfall óvirkra ungmenna hefði aukist. Í skýrslunni sagði: „Sérstakt áhyggjuefni er að einstaklingum utan vinnumarkaðar fer fjölgandi. Ungmennum sem eru hvorki starfandi né í námi hefur fjölgæð ásamt því að vaxandi hlutfall hverfur brott af vinnumarkaði vegna örorku og tímabundinna veikinda. Verði ekki fjárfest í árangursríkum úrræðum til að styðja við atvinnuleitendur er hætta á því að kostnaður samfélagsins af samdrættinum verði mikill og langvarandi.“ Próunin á vinnumarkaði ber með sér að kerfislægt atvinnuleysi hafi aukist á undanförnum árum og því hætta á að Íslendingar muni búa við hærra stig atvinnuleysis en þeir eigi að venjast.

Fjármálaráð gerir þessa þróun einnig að umtalsefni en þar segir, „kerfislægt atvinnuleysi (e. structural unemployment) lýsir ástandi þegar hæfni fjölda atvinnuleitenda passar illa við þau lausu störf sem eru í boði. Viðkomandi aðilar eru því án starfs í lengri tíma en raunin er í leitaratvinnuleysi sem er tímabundið ástand þar sem fólk er á milli starfa. Í sinni alvarlegustu mynd leiðir kerfislægt atvinnuleysi til þess að einstaklingur hverfur alveg út af vinnumarkaði með tilheyrandi neikvæðum afleiðingum fyrir hann sjálfan og samfélagið.“

EKKI er ein einföld skýring á því hvað kann að útskýra aukið kerfislægt atvinnuleysi á íslenskum vinnumarkaði. Skýringin liggur í samspili margra ólíkra þátta og þá sérstaklega vaxandi misræmis. Íslenskur vinnumarkaður hefur tekið verulegum breytingum frá aldamótum. Veruleg fækkun hefur orðið í uppistöðustörfum utan höfuðborgar, þ.e. sjávarútvegi, og ný störf sem hafa orðið til, t.d. í ferðaþjónustu og tengdum greinum, eru afar frábrugðin þeim sem hurfu. Vinnumarkaður er orðinn fjölbreyttari, alþjóðlegri, kvíkari, ásamt því að þjóðin eldist. Stjórnvöld hafa ekki tekið virkan þátt í að hafa áhrif á þessar breytingar, t.d. með móturn atvinnustefnu, hæfnistefnu eða stefnu í innflytjendamálum.

Ein stærsta áskorun næstu ára er áhrif tækníþróunar á vinnumarkað en í skýrslu forsætisráðuneytisins um fjórðu iðnbyltinguna er bent á að einstaklingar með litla færni eru í mestri hætta á að verða fyrir neikvæðum áhrifum af tæknibreytingum á komandi árum. Að óbreyttu mun vaxandi fjöldi hverfa brott af vinnumarkaði sökum tæknibreytinga þar sem ekki eru til staðar fullnægjandi innviðir til að stuðla að virkni, tryggja sí- og endurmenntun og skapa ný störf.

Vinnumálastofnun mun þurfa að leika lykilhlutverk í að tryggja atvinnuleitendum úrræði sem styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði. ASÍ kallar eftir því að þessi atriði séu tekin til greina við heildarendurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og tryggt að atvinnuleysistryggingakerfið og Vinnumálastofnun

hafi getu til að mæta áskorunum á vinnumarkaði. ASÍ telur rétt að ítreka mikilvægi skilvirkra virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur og einstaklinga utan vinnumarkaðar. Tryggja þarf einstaklingum og atvinnuleitendum virkni, hvort sem er með tryggðum störfum eða úrræðum sem efla færni þeirra á vinnumarkaði og draga úr kerfislægu atvinnuleysi.

ASÍ telur þó rétt að benda á að stjórnvöld hafa ekki lagt nægjanlega áherslu á þessi atriði og aðgerðir hefur skort. Ekki hefur tekist að efla fullorðinsfræðslu og símenntun á undanförnum árum. Þar hafa framlög um langt skeið dregist saman. Í síðustu fjármálaáætlun var boðuð mótnun hæfnistefnu fyrir vinnumarkað ásamt þeirri vinnu að spá fyrir um færniþörf á vinnumarkaði. ASÍ telur þau áform löngu tímabær en stjórnvöld hafa um árabil skort stefnu um menntun og færni einstaklinga á vinnumarkaði. ASÍ hefur um langt skeið kallað eftir skýrri stefnumótun og bent á að Ísland sé eftirbátur flestra Evrópuríksja þegar kemur að málaflokknunum. Reynsla annarra ríkja hefur sýnt fram á mikilvægi þess að fjárfesta í rétti menntun og færni, ekki eingöngu á skólaaldri heldur yfir allan starfsaldurinn. Stefnumótun og aðgerðir sem draga úr færnimisræmi á vinnumarkaði, endurbæta framhaldsfræðslu og símenntun ásamt því að efla færni mannaúðs myndu eingöngu auka og styðja við efna-hagslegan ávinning af nýsköpun, rannsóknun og þróun.

Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, og lögum um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004 (forsendur tekju-marka, raforkuöryggi o.fl.), 628. mál

Alþýðusamband Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við 4.gr. frumvarpsins sem ætlað er að breyta 6.mgr. 8.gr. laganna.

Pað er álit ASÍ að ákvæði 6.mgr. 8.gr. gildandi laga og jafnframt sú breyting sem nú er lögð til á því ákvæði séu að óbreyttu í andstöðu við ákvæði stjórnarskrár og alþjóðlegra mannréttindasáttmála.

Núverandi 6.mgr. 8.gr. hljóðar svo:

„Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn flutningsfyrirtækis þess sem ráðherra veitir rekstrarleyfi skv. 1. mgr. skulu hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.“

Í greinargerð með þessu ákvæði frá 2004 segir:

„*Lag er til að stjórn og fastráðnir starfsmenn flutningsfyrirtækisins hafi stöðu opinberra sýslunarmanna. Er þetta gert í því skyni að þessir aðilar hafi sömu réttarstöðu og þeir starfsmenn er nú starfa í tengslum við flutning raforku. Landsvirkjun hefur hingað til rekið meginflutningskerfið. Fastráðnir starfsmenn þess fyrirtækis hafa stöðu opinberra sýslunarmanna. Af því leiðir að um þá gilda lög nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna. Peir hafa því ekki verfallsrétt og eru kjör þeirra við það miðuð. Telja verður að þung-*

væg rök hnígi að því að tryggt sé að starfsemi flutningsfyrirtækisins verði ekki fyrir truflunum vegna vinnudeilna. Sama fyrirkomulag hefur gilt til þessa hjá þeim aðilum er nú stunda þessa starfsemi og hefur það gefist vel og ríkt um það sátt.“

Með því frumvarpi sem nú er veitt umsögn um er lagt til að þessu ákvæði verði breytt og það hljóði þannig:

„*Stjórnarmenn og þeir starfsmenn flutningsfyrirtækisins sem samkvæmt sérstöku áhættumati þess gegna störfum sem nauðsynleg eru til að tryggja truflunarlausan rekstur flutningskerfisins mega hvorki fara í verkfall né taka þátt í verkfallsbodun. Áhættumat skal endurskoðað reglulega og vera staðfest af Orkustofnun.*“

Gerð er grein fyrir því í greinargerð, að nokkur vafi leiki á því hvernig beri að skýra hugtakið opinberir sýslunarmenn. Notkun þess hugtaks í lögum hefur á síðustu árum verið á reiki en leitast við að skilgreina það skýrar en áður, m.a. við breytingar á hegningarlögum enda getur fjöldi einstaklinga á almennum og opinberum vinnumarkaði skilgreinst þannig að þeir hafi í störfum sínum skyldur sem opinberir sýslunarmenn. Á það t.d. við um lögmenn, fasteignasala og almennt þann hóp sem hefur sérstök opinber starfsleyfi og jafnvel fleiri.

Upphafleg merking hugtaksins var þrengri og á meðan stjórnsýsla ríkis og sveitarfélaga var lítil, náði það nánast til allra í þjónustu hins opinbera. Á síðustu áratugum og í kjölfar ört stækkandi stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, hefur verkfallsréttur opinberra starfsmanna verið viðurkenndur og gilda nú um hann lög nr. 94/1986 en undan þeim lögum er skilinn m.a. sá hluti starfsmanna ríkis og sveitarfélaga sem fer með opinbert vald, þ.e. eru opinberir sýslunarmenn í þrengri merkingu hugtaksins og fer um verkfallsrétt þeirra skv. lögum nr. 33/1915. Fjarri lagi falla því allir sem bera réttindi og skyldur sem opinberir sýslunarmenn sjálfkrafa undir ákvæði laga nr. 33/1915 eins og heldið er fram í kafla 3.15. í greinargerð frumvarpsins og endurómað úr eldri lögskýringargögnum.

Í sama kafla greinargerðarinnar (3.15) eru þau rök færð fram um takmörkun á verkfallsrétti að hann „skuli ekki háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæli fyrir um og nauðsyn beri til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almennaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi.“ Á þetta má fallast enda samræmist það bæði ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að. Hins vegar fer botninn úr rökstuðningi frumvarpshöfunda þegar vísað er til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 167/2002 þar sem fjallað var um setningu laga á verkföll sjómanna.

Afskipti stjórnvalda og löggjafarvaldsins að kjaradeilum sjómanna og m.a. þessi dómur Hæstaréttar, sætti harðri gagnrýni Alþjóðavinnnumálastofnunar-

innar (ILO) og var íslenskum stjórnvöldum boðin tæknileg aðstoð stofnunarinnar til þess að tryggja að Ísland uppfyllti alþjóðlegar skuldbindingar sínar skv. samþykkum ILO nr. 87 og 98. Var það gert samhljóða á þríhliða fundi nefndar um framkvæmd samþykktta stofnunarinnar. Sjá nánar; https://www.ilosc.org/dyn/normlex/en/f?p=1000:50002:0::NO:50002:P50002_COMPLAINT_TEXT_ID:2906722

Grundvöllur gagnrýni ILO laut fyrst og fremst að því, að þrátt fyrir að verkfallsrétt megi takmarka í þágu brýnna almannara- og öryggishagsmunu þá þurfi að kanna hvert tilvik sérstaklega, gæta réttra sjónarmiða og beita meðalhófi. Gildandi 6.mgr. 8.gr. laga nr. 65/2003 gerir það ekki og þess vegna rétt að fagna því að Alþingi hyggist breyta ákvæðinu enda er það barn síns tíma, óskýrt og í andstöðu við ákvæði stjórnarskrár og alþjóðasáttmála um félagafrelsi.

Að þessu leyti styður ASÍ þær breytingar sem lagðar eru til en gagnrýnir harðlega þá nálgun sem tekin er. Skv. frumvarpinu er það flutningafyrirtækið sjálft sem gerir það áhættumat sem leggja skal til grundvallar því hvaða starfsmenn þess skuli sviptir verkfallsrétti og Orkustofnun ætlað að staðfesta það. Samkvæmt fyrrgreindum dómi Hæstaréttar, þó gagnrýni sé verður, þá er það löggjafans að meta hvort og hvenær verkfallsrétt og félagafrelsi launafólks megi takmarka og að þá skuli það gert með lögum. Að fela það mat alfarið í hendur atvinnurekandans sjálfs undir eftirliti opinberrar stofnunar sem ekki fer með löggjafarvald er andstætt félagafrelsísákvæðum stjórnarskrár og alþjóðlegum sáttmálum sem Ísland er bundið af.

Farsæla lausn á því vandamáli sem löggjafinn stendur frammi fyrir er að finna í 2.mgr. 20.gr. laga nr. 94/1986 hvað varðar þann hóp launafólks sem semur undir þeim lögum en þar segir:

„Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu [ráðherra og sveitarfélög, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög, birta skrár um störf þau sem falla undir ákvæði 5.-8. tölul. fyrri málsgreinar þessarar greinar. Ný skrá tekur gildi 15. febrúar næst eftir birtingu. Sé ný skrá ekki birt samkvæmt framangreindu framlengist síðast gildandi skrá um eitt ár. Andmali gegn breytingum á skránum skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.“

Hvað varðar þann hóp sem launafólks sem semur undir lögum nr. 80/1938 við sveitarfélögin er lausn að finna í ákvæðum laga nr. 129/2020 frá 8. desember það ár. Þar er mælt fyrir um sams konar nálgun, samráð og málskotsheimild til Félagsdóms.

Af þessum ástæðum leggur ASÍ til að 6.mgr. 8.gr. frumvarpsins verði breytt til samræmis við ákvæði laga nr. 94/1986 og 129/2020 þannig að flutningsfyrirtækið undirbúi í samráði við viðkomandi stéttarfélög starfsmanna það

sérstaka áhættumat sem mælt er fyrir um og að það skuli reglulega endurskoð-að í samráði við þau. Jafnframt verði heimilt að bera ágreining undir Félagsdóm. Ákvæðið gæti þá hljóðað þannig:

„*Stjórnarmenn og þeir starfsmenn flutningsfyrirtækisins sem samkvæmt sérstöku áhættumati þess sem unnið skal í samráði við viðkomandi stéttarfélög, gegna störfum sem nauðsynleg eru til að tryggja truflunarlausán rekstur flutningskerfisins mega hvorki fara í verkfall né taka þátt í verkfallsboðun. Áhættumat skal endurskoðað reglulega í samráði við viðkomandi stéttarfélög og vera staðfest af Orkustofnun. Áhættumat skal birt opinberlega 1. febrúar ár hvert. Andmæli gegn breytingum á áhættumati skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal ágreiningur sem ekki leysist með samkomulagi lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.“*

Við frumvarpið verði bætt bráðabirgðaákvæði eins og gert var við setningu laga nr. 129/220, svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða

„Innan eins mánaðar frá gildistöku laga þessara skal birt áhættumat skv. 6.mgr. 8.gr. Komi upp ágreiningur við þessu þannig að ekki takist að ljúka gerð þess innan eins mánaðar frá gildistöku laga þessara skal ágreiningurinn lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.“

Frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækunar lágmarskiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.), 700. mál

Málið er liður í framkvæmd loforða í yfirlýsingu stjórnvalda vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði frá því í apríl 2019 og varðar m.a. upptökum á ákvæðum kjarasamnings aðildarfélaga ASÍ og SA um hækjun á lágmarskiðgjaldi til lífeyrissjóðs í 15,5% frá 21. janúar 2016.

Samningur um hækjun á lágmarskiðgjaldi í lífeyrissjóð frá því í janúar 2016 var liður í jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins og má rekja til yfirlýsingar um lífeyrismál í kjarasamningum aðila frá því í maí árið 2011. Með samkomulagi ASÍ og SA frá 15. júní 2016 var samið um nánari útfærslu á fyrirkomulagi hækkunarinnar á iðgjaldi þar sem kveðið er á um heimild sjóðfélaga til þess að ráðstafa allt að 3,5% af lágmarskiðgjaldi í bundinn séreignarsparnað sem síðar hefur fengið heitið tilgreind séreign.

Frumvarp þetta felur að mati ASÍ í sér mikilvægar og nauðsynlegar breytingar til að framfylgja framangreindum yfirlýsingum og samningum og jafna lífeyrisréttindi á milli markaða. Efni frumvarpsins er í samræmi við yfirlýsingu stjórnvalda en þó fjallar frumvarpið jafnframt um atriði sem ekki eru í yfirlýsingunni. Pau atriði voru hvergi nefnd í fyrri drögum og um þau var ekki

haft samráð við fulltrúa launafólks. Þá skortir algjörlega allt mat á áhrifum breytinganna í greinargerð.

ASÍ gagnrýnir harðlega samráðsleysi í aðdraganda framlagningar frumvarpsins í endanlegri mynd. Um lífeyrissjóði var samið með kjarasamningum 1969 og voru þeir nær alfarið á forræði aðila vinnumarkaðarins þar til gildandi lög um lífeyrissjóði tóku gildi árið 1998. Frá upphafi og eins eftir að ríkið kom inn í málaflokkinn hefur ríkt sátt á milli aðila um uppbryggingu sjóðanna og regluverkið sem stýrir þeim. Að frumvarp sé lagt fram þar sem sátt þessi er rofin er alvarlegt mál að mati ASÍ og ekki til þess gert að stuðla að sátt aðila um þau mikilvægu mál sem lífeyrismál eru. Enda kom á daginn að í frumvarpinu er að finna atriði sem ekkert hafa verið rædd á milli aðila og því engin sátt um.

ASÍ krefst þess að þau ákvæði sem ekki hafa verið rædd aðila í milli verði numin á brott úr frumvarpinu við meðferð málsins á þingi. Lúta þau 1) að lækkun upphafsviðmiðunaraldurs réttindaávinnslu úr 18 í 16 ár (1. gr.); minna innheimtuöryggi með afnámi skilaskyldu til skyldutryggingarsjóðs (4. gr.); og 3) áform um að verðtryggja lífeyrisgreiðslur árlega í stað mánaðarlega (6. gr.).

Athugasemdir ASÍ eru sem hér segir:

1. gr. – Upphafsviðmiðunaraldur réttindaávinnslu færður úr 16 í 18 ár
 - ASÍ leggst skilyrðislaust gegn því að skylda til aðildar að lífeyrissjóðum verði færð úr 16 ára aldri í 18 ár. Breytt aldursviðmið í frumvarpi er órokstutt, ekkert mat er lagt á áhrif breytingarinnar og er hún lögð til án nokkurs samráðs við aðila vinnumarkaðarins sem almennt leiða breytingar á lífeyriskerfinu.
 - Í greinargerð er breytt aldursviðmið tengt samræmingu við aldursviðmið réttindaávinnslu í almannatryggingum. Að fára aldursviðmið til samræmis við ellilífeyri almannatrygginga réttlætir ekki að skerða réttindi ungs fólks á vinnumarkaði. Hafa ber í huga að lífeyrisréttindi mynduð snemma á starfsævinni eru þau verðmætustu í krafti vaxtavaxta sem endurspeglast í aldurstengdri ávinnslu lífeyrisréttinda.
 - Í gildi eru samningar milli ASÍ og SA þar sem upphafsviðmiðunaraldur er 16 ár. Setji Alþingi lög sem eru á skjön við þá samninga er vegið að samningsrétti aðila á vinnumarkaði.
2. gr. – Hækkan á lágmarksíðgjaldi úr 12% í 15,5%
 - ASÍ leggur ríka áherslu á að hækkan á iðgjaldi til samræmis við kjarasamning ASÍ og SA frá því í janúar 2016 verði leidd í lög án tafar til að tryggja samræmt skyldutryggingariðgjald á öllum vinnumarkaðnum.
3. gr. – Tilgreind séreign
 - Regluverk um lífeyrissjóði á kjarasamningssviði aðildarfélaga ASÍ

er ákvarðað í lögum um lífeyrissjóði annars vegar og kjarasamningum aðila hins vegar. ASÍ telur rétt að löginn þrengi ekki um of að ákvörðunarvaldi aðila með kjarasamningum og eðlilegt sé að aðilar hafi svigrúm til að ákvarða með sínum hætti hvernig sjálfvali á 3,5% sé háttad.

- ASÍ telur því að fela eigi aðilum kjarasamnings og eftir atvikum hverju um lífeyrissjóði fyrir sig, í gegnum samþykkir sínar, heimild til að ákvarða hvort 3,5% af skyldutryggingariðgjaldi sé sjálfkrafa ráðstafað í sameign eða séreign við upphaf iðgjaldsgreiðslna. Mikilvægast sé í þessu samhengi að einstaklingurinn eigi þó alltaf val og það sé upplýst. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ráðstöfun í sameignarluta nema einstaklingur velji ráðstöfun í tilgreinda séreign, enda er það í samræmi við útfærslu í viðeigandi kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál.
 - ASÍ leggur til að svigrúm sé veitt til að ákvarða í samþykktum hvers lífeyrissjóðs hvernig sjálfkrafa ráðstöfun sé hagað enda samrýmist það kjarasamningum hverju sinni. Rétt er að taka af allan vafa um þá heimild í lögunum. Samsetning sjóðsfélaga og hagsmunir eru mjög ólíkir eftir starfsgreinum og landsvæðum og það sé í anda við annað í frumvarpinu að gefa hverjum sjóði svigrúm til slíkra ákvarðana. Eftir sem áður er mikilvægast að sjóðirnir hlutist til um fræðslu og að upplýsingar séu aðgengilegar til einstaklinga um þýðingu ráðstöfunar og þess sé gætt að upplýstar ákvarðanir séu teknar um hvernig iðgjaldi sé ráðstafað.
4. gr. – Ráðstöfun tilgreindrar séreignar, innheimtuöryggi og kostnaður við flutning
- Í samkomulagi ASÍ og SA frá 15. júní 2016, um framkvæmd á hækku framlags atvinnurekenda í lífeyrissjóði, segir: Samningsaðilar eru sammála að atvinnurekendur skuli undir öllum kringumstæðum skila bæði sínu framlagi og framlagi launamanns til skyldutryggingarlífeyrissjóðs viðkomandi launamanns á grundvelli gildandi kjarasamnings ASÍ og SA [...] ASÍ leggur áherslu á að tryggja áfram innheimtuöryggi skyldutryggingariðgjalds eins og lög um lífeyrissjóði og kjarasamningar aðila kveða á um.
 - Í sameiginlegu bréfi ASÍ og SA til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sent 1. september 2020, greindu samningsaðilar frá tilgangi ákvæða í samkomulagi um framkvæmd á hækku framlags atvinnurekenda til lífeyrissjóða, m.a. er varðar bundna, nú nefnd tilgreind, séreign. Kom þar fram að ætlunin væri að tryggja full skil launagreiðenda á skyldutryggingariðgjaldinu og tryggja yfirlit og innheimtuöryggi iðgjaldsins

svo réttindi sjóðfélaga töpuðust ekki og ekki myndaðist glufa fyrir sérstök vanskil tilgreinds séreignarsparnaðar. Þá segir í bréfinu frá áltí samningsaðila að í frumvarpsdögum væri viðunandi málamiðlun milli túlkunar FME, um að ekki mætti binda vörslu tilgreindrar séreignar við lífeyrissjóði á samningssviði ASÍ og SA, og fyrirætlana samningsaðila um að tilgreind séreign rynni til sjóða á samningssviðinu, með því að gera ráð fyrir skylduskilum til skyldutryggingarsjóðs en að heimila flutning til annars vörluaðila að ósk sjóðsfélaga.

- Í frumvarpi er ekki skýrt kveðið á um að skil á skylduiðgjaldi í formi tilgreindrar séreignar skuli fara til skyldutryggingarsjóðs sem hafi síðan heimild til þess að taka þóknun fyrir kostnað við flutning tilgreindrar séreignar til annars sjóðs. Í drögum að frumvarpi sem birt voru á samráðsgátt stjórnvalda í nóvember 2019 var tryggt að lífeyrissjóðir sem sjá um að taka við skyldutryggingariðgjaldi megi taka þóknun fyrir umsýslu. Telur ASÍ að rétt sé að halda til haga að megi taka þóknun fyrir umsýslukostnað svo ágreiningur vakni ekki síðar.

6. gr. – Um árlega verðtryggingu í stað mánaðarlegrar

- Alþýðusamband Íslands telur skorta rök í frumvarpi fyrir því að lífeyrisgreiðslur séu verðtryggðar árlega í stað mánaðarlega. Við 2,5% verðbólgu, verðbólgyggingarsjóð Seðlabanka Íslands, yrði lífeyrisréttindi af 1,1% af lífeyri við árlega uppfærslu skv. verðlagsþróun þegar miðað er við að lífeyristaki taki lífeyri frá 67 ára aldri til 83 ára aldurs.

Rök um að draga úr endurgreiðslum til Tryggingastofnunar vegna hærri lífeyris en var gefinn upp í tekjuáætlun vega ekki þungt. Einfalt væri að breyta verklagi hjá TR þannig að inn í áætlunar væri spá um hóflega verðbólgu t.a.m. eða hafa uppgjör örarár en árlegt.

9. gr. – Bráðabirgðaákvæði um undanþágu frá 15,5% iðgjaldi

- ASÍ mótmælir því harðlega að ótímbundið bráðabirgðaákvæði verði sett við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda sem undanskilur gildandi kjarasamninga sem kveða á um 12% lágmarksíðgjald þar til samkomulag hefur náðst milli aðila og nýr kjarasamningur tekið gildi. Sjómann á fiskiskipum eru eina stéttin sem enn hafa lausa kjarasamninga og ASÍ telur ótækt að stéttin búi við lakari lífeyrisréttindi en meginþorri launafólks. ASÍ leggur því til að ákvæði þetta verði fellt úr frumvarpinu eða í öllu falli verði markað endalok þannig að undanþágan falli úr gildi innan tveggja ára. Þá vakna spurningar um hvort ákvæðið opni fyrir þann möguleika að einstaka aðilar semji um lægra iðgjald í kjarasamningum og hafi þar með lægri skyldutryggingu en almennt ákvæði laganna gerir ráð fyrir. Slíkt getur skapað mikinn vanda til framtíðar.

5., 14. 15. og 16. gr. – Aukið jafnræði gagnvart réttindum almannatrygginga

- Samkvæmt núgildandi lögum standa sjóðfélagar frjálsu lífeyrissjóðanna, sem setja aðeins hluta skylduiðgjaldsins í samtryggingu og hefja margir hverjur ekki útgreiðslur úr samtryggingadeild fyrr en um og eftir 80 ára aldur, mun betur að vígi gagnvart tekjuskerðingum almannatrygginga en sjóðfélagar almennu og opinberu lífeyrissjóðanna. Frjálsu lífeyrissjóðirnir ná þannig lágmarkstryggingarvernd skv. lögunum með því að setja hluta skyldutryggingariðgjaldsins skv. 1. mgr. 2 gr. í séreign og staðri hluti lífeyris sjóðfélaga þeirra sjóða kemur því úr séreign sem er að fullu undanskilin tekjuskerðingum almannatrygginga ólíkt lífeyri úr samtryggingu.
- Alþýðusambandið hefur ítrekað vakið athygli stjórvalda á því órétt-læti og ójafnræði sem felst í núgildandi tekjuskerðingareglum almannatrygginga hvað þetta varðar og hvernig þær hygla sjóðfélögum frjálsu sjóðanna sem í mörgum tilvikum eru tekjuháir hópar á vinnumarkaði sem sæta umtalsvert minni tekjuskerðingum almannatrygginga en lág-tekuhópar í sjóðum almenns launafólks.
- ASÍ leggur því ríka áherslu á að ákvæði 14. og 16. gr. frumvarpsins, sem kveða á um að lífeyrisréttindi í séreign sem myndast á grundvelli lágmarksíðgjalds skv. 1.mgr 2 gr. séu ekki undanskilin við ákvörðun um lífeyri almannatrygginga, verði leidd í lög án tafar.
- Samkvæmt 15. og 17. gr. frumvarps er einungis gert ráð fyrir að ákvæði 14. og 16. gr. nái til þeirra sem hefja töku lífeyris, eða greiðsluþátt-töku, eftir gildistöku laganna. Því munu þeir sem þegar fá greiðslur almannatrygginga á grundvelli séreignar innan lágmarksíðgjalds áfram fá ríkari réttindi í almannatryggingum en einstaklingur sem byggir lífeyrisréttindi sín alfarið á réttindum úr samtryggingu. Ásamt því verður greiðsluþátttaka í kostnaði við öldrunarþjónustu ólís eftir því hvenær einstaklingur tekur fyrst þátt í greiðslu dvalarkostnaðar. Þessu mótmælir ASÍ harðlega og telur rétt að ákvæðið nái til allra þeirra sem fá greiddan lífeyri úr almannatryggingum.

14. og 16. gr. – Nýtt ójafnræði gagnvart réttindum almannatrygginga

- Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins bentu á, 1. september síðastliðinn, í sameiginlegum viðbrögðum við frumvarpsdrögum úr samráðsgátt stjórvalda, að nýtt ójafnræði yrði ef drögin stæðu. Í framlögðu frumvarpi hefur ekki verið brugðist við athugasemdum samtakanna. Vöktu samtökin athygli á nýju ójafnræði sem skapast í almannatryggingum, samkvæmt frumvarpsdrögum um breytingu á lögum nr. 100/2007, þar sem gert er ráð fyrir því að tilgreind séreign

verði undanskilin tekjuskerðingum almannatrygginga. Ójafnræðið felst í minni tekjuskerðingu lífeyris almannatrygginga þeirra sem velja tilgreinda séreign en hinna sem ekki gera það. Val einstaklings á samsetningu tryggingaverndar innan skyldutryggingar mun þannig hafa áhrif á réttindi í almannatryggingum.

- Sama ójafnræði, eftir vali einstaklings á samsetningu tryggingarverndar innan skyldutryggingar, er komið á í frumvarpinu varðandi greiðsluþátttöku aldraðra í kostnaði við öldrunarþjónustu. Tilgreind séreign er undanskilin þátttöku skv. frumvarpi meðan kostnaðarþátttaka er af allri skyldutryggingunni hjá þeim sem velja að láta hana alla renna í samtryggingu.

Alþýðusamband Íslands telur rétt að frumvarpið hljóti brautargengi að teknu tilliti til framangreindra athugasemda.

Frekari athugasemdir ASÍ við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækunar lágmarksíðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.); 700. mál

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar kom fram ósk frá nefndinni um að skila viðbrögðum við umsögnum annarra aðila skriflega. Er það hér með gert. Þá er rétt að ítreka að ASÍ leggur áherslu á að frumvarpið verði að lögum, að teknu tilliti til athugasemda í fyrri umsögn ASÍ, í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar um stuðning stjórnvalda við lífskjarasamning.

- Félagsmenn aðildarfélaga ASÍ eru bróðurpartur vinnumarkaðarins. Meginstoð lífeyriskerfisins byggir á samningum ASÍ við atvinnurekendasadamtök. Breytingar á kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál, sem frumvarpið lögfestir m.a., voru bornar undir félagsmenn í lýðræðislegu ferli. Í umsögnum er bent á að sjóðir á samningssviði ASÍ og SA standi undir minna en helmingi eigna lífeyriskerfisins. Félagsmenn aðildarfélaga ASÍ eru almennt ekki hálaunafolk og eignir sjóða í hlutfalli við það. Ágætt er að á Íslandi er lýðræði þar sem áhrif og vægi í umræðu fer ekki eftir efnahagsstöðu heldur er það fjöldinn sem telur.
- Í umsögnum koma fram ábendingar um aukið flækjustig lífeyriskerfis. Þær ábendingar koma einkum frá sjóðum með frjálsa aðild. Í lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ og SA hefur verið samtrygging og meðfram því viðbótarlífeyrissparnaður. Með breytingunum á kjarasamningi, sem frumvarpið leiðir í lög, varð til valkvæð tilgreind séreign.

Hjákátlegt er að þaðan sem lífeyriskerfið er helst flækt komi rök um flækjustig gegn lögfestingu frumvarps sem miðar að því að samræma áhrif greiðslna úr lífeyrissjóðum við greiðslur almannatrygginga. Erfitt er að sjá

aðrar ástæður fyrir flækjum búnar til innan svokallaðra frjálsu sjóða en að þær séu kúnstir miðaðar að því að spila á almannatryggingar.

- Ástæða er til að benda á að frumvarpið er hljótt um fjárfestingarheimildir í tilgreindri séreign. Í kjarasamningum SA/ASÍ um lífeyrismál eru fjárfestingarheimildir festar við heimildir samtryggingasjóða.
- Pörf er á að endurtaka áherslu Alþýðusambandsins um að skylduiðgjald renni í skyldutryggingarsjóði eins og samið er um í kjarasamningum ASÍ og SA. Með því móti er innheimtuöryggi tryggara og gætt þess að yfirlit á skilum skylduiðgjalds sé haldið á einum stað. Hætta á launaþjófnaði er aukin með því að yfirsýn og eftirlit er ekki á einum stað. Renni hluti skylduiðgjalds, sem ætlað er í tilgreinda séreign, beint annað er alls óvist að þar sem tekið er við iðgjaldinu sé brugðist við hætti það að berast vegna vanefnda eða af öðrum ástæðum.

Frumvarp til laga um áhafnir skipa, 701. mál

Alþýðusamband Íslands tekur undir og gerir að sinni, umsögn Félags skipstjórnarmanna, VM - Félags vélstjóra og málmiðnaðarmanna og Sjómannasambands Íslands.

Frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð, 703. mál

Alþýðusambandið vill ítreka ádur innsendar athugasemdir í samráðsgátt þann 19. mars sl., um efni skýrslu verkefnishóps um endurskoðun lagaumhverfis Vísinda- og tækniráðs, sem þetta frumvarp byggir á.

Það eru nokkur áhersluatriði sem Alþýðusambandið vill árétta.

Alþýðusambandið telur það veikleika hversu lítil umræða og samtal á sér stað um vinnumarkað, efnahagslíf og samspil þeirra við nýsköpun og atvinnuþróun. Sá vandi er ekki sérlenskur. Hagkerfi heimsins hafa á undanförnum árum öðlast betri skilning á mikilvægi þess að stefnumótun í menntun og fræðslu haldist í hendur við þarfir atvinnulífs. ASÍ hefur í þeim eftirnum kallað eftir að spáð sé fyrir um færniþörf á vinnumarkaði og að mótuð sé hæfnistefna til að bregðast við færniþörf og fyrirséðu misræmi á vinnumarkaði. Enn fremur er brynt að símenntun á Íslandi verði stórefld en þar þarf að bæta getu fyrirtækja og vinnumarkaðar til að bregðast við kvíkum breytingum með símenntun og færniþróun starfsfólks yfir allan starfsaldurinn til að styrkja samkeppnishæfni atvinnulífs.

Vaxandi misræmi er nú þegar sýnilegt á íslenskum vinnumarkaði og var sérstakt umfjöllunarefní í úttekt OECD á íslensku efnahagslffi árið 2019. Misræmi á vinnumarkaði hefur neikvæð áhrif á vöxt og framleiðni atvinnulífs, þá sérstaklega hratt vexandi nýsköpunarfyrirtæki sem treysta á sérhæfða þekkingu, t.d. úr STEM greinum. Alþýðusambandið lýsir yfir vonbrigðum

að ekki sé horft til þessara áskorana við breytingu á lögum um Vísinda- og tækniráð.

ASÍ telur jafnframt að það skorti fullnægjandi rökstuðning fyrir því að draga úr breiðu samtali við mótnun vísinda- og tæknistefnu og gerir athugasemd við að ekki skuli gert ráð fyrir fulltrúa samtaka launafólks, hvorki í Vísinda- og nýsköpunarráð né í tilnefningarnefnd. Ekki verður betur séð en að með því að falla frá viðtæku samtali við aðila vinnumarkaðarins er verið að þrengja hópinn umtalsvert og mikil hætta á að hann verði afskaplega einsleitur. Eins og fram kemur í kafla 2.4. í greinargerð þá er lagt til að í stað þess að margir aðilar tilnefni í ráðið leggi sérstök tilnefningarnefnd fram tillögu fyrir forsætisráðherra um skipan ráðsins og með því eigi að efla heildarhugsun við skipun í ráðið. Ekki verður séð hvernig þessum markmiðum eigi að ná, með þrjá tilnefningaraðila.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, lögum um viðspyrnustyrki og lögum um tekjuskatt (framhald úrræða og viðbætur), 769. mál

Frumvarpið felur í sér framlengingu og hækkan á hámarki lokunarstyrkja ásamt útvíkkun og framlengingu viðspyrnustyrkja. Í frumvarpinu er einnig að finna sérstakan barnabótaauka sem greiddur verður út til viðtakenda barnabóta.

ASÍ hefur ádur gefið umsagnir um bæði tekjufalls- og viðspyrnustyrki og lagt áherslu á ábyrga ráðstöfun ríkisfjármuna. ASÍ tekur undir að mæta þurfi erfiðri stöðu margra smærri rekstraraðila, einyrkja og sjálfstæðra atvinnurekenda en kallar eftir því í ljósi versnandi stöðu ríkissjóðs að tryggt sé að raunveruleg þörf sé á stuðningi.

ASÍ lýsir yfir vonbrigðum með að ekki hafi verið gerðar takmarkanir á arðgreiðslum við afgreiðslu styrkja líkt og voru í lögum um hlutabætur og telur rétt að sú krafa yrði gerð að fyrirtæki sem þiggi styrki hafi ekki starfsemi í skattaskjólum og geti ekki úthlutað arði í þrjú ár eftir styrkveitingu.

ASÍ telur einnig að gera þurfi breytingar á skilgreiningu tekna og kostnaðar í lögum um viðspyrnustyrki en þar er miðað við tekjur skv. B-lið 7. gr. laga um tekjuskatt. Sú skilgreining felur í sér allar tekjur, þ.m.t. fjármagnstekjur og leigutekjur, og gætu fyrirtæki átt rétt á styrkjum úr ríkissjóði vegna fjármagnshreyfingar fyrir heimsfaraldur. Eðlilegt væri að undanskilja fjármagnstekjur, t.d. arð, leigutekjur og vesti, í ljósi þess að áhrif heimsfaraldurs koma fyrst og fremst fram í beinum áhrifum á sölu á vörum og þjónustu.

Frumvarp til laga um um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016 (hámark greiðslubyrðar, undanþágur o.fl.), 791. mál

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016, sem fjalla um heimildir Seðlabanka Íslands til að setja reglur um notkun þjóðhagsvarúðartækja. Þar geti verið hægt að takmarka heildarfjárhæð fasteignaláns við fimmfalda til nífaldra árlegra ráðstöfunartekna neytenda og greiðslubyrði við 25-50% af mánaðarlegum ráðstöfunartekjum neytenda.

ASÍ telur mikilvægt að slíkar heimildir séu til staðar til að vinna gegn ofhitnun á fasteignamarkaði. ASÍ telur jafnframt að við ákveðnar aðstæður geti verið heppilegra að þjóðhagsvarúðartækjum sé beitt fremur en vaxta-hækkunum. Í núverandi umhverfi takmarkaðs framboðs húsnæðis eigi þó fyrsta skref að vera að vinna gegn spákaupmennsku með því að takmarka svigrúm til kaupa á fleiri en einni eign. Þar væri þrengt að fjárfestingum áður en takmarkanir væru settar á almenn húsnæðiskaup heimila. Hvað varðar stöðu á fasteignamarkaði er einnig hætta á því að viðsnúningur í ferðajónustu geti aukið að nýju ásókn í húsnæði með það að markmiði að koma í skamm-tímaleigu. Slíkar fjárfestingar hafa ýtt undir þenslu á fasteignamarkaði og þrýst upp leiguverði. Því sé mikilvægt að gripið sé til úrræða sem takmarka ásókn fjárfesta í ísbúðarhúsnæði við núverandi aðstæður.



Fulltrúar ASÍ í nefndum og ráðum

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Nýsköpunarmiðstöð Íslands - Ráðgjafarnefnd

Tilnefning: 20. apríl 2016

Signý Jóhannesdóttir.

Til vara: Róbert Farestveit

Skipunartími: Til maí 2019

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Tilnefning: 17. apríl 2019

Kristján Pórður Snæbjarnarson.

Til vara: Helga Ingólfssdóttir

Skipunartími: Til aðalfundar Nýsköpunarsjóðs 2020

Dómsmálaráðuneytið

Samráðshópur vegna mansals

Tilnefning: 19. júní 2019

Drifa Snædal

Skipunartími: Ótilgreindur

Félagsmálaráðuneytið

Atvinnuleysistryggingasjóður

Tilnefning: 22. ágúst 2018

Helga Ingólfssdóttir og Kolbeinn Gunnarsson

Til vara: Sólveig Anna Jónsdóttir og Hilmar Harðarson

Skipunartími: Ágúst 2022

Ábyrgðarsjóður launa

Tilnefning: 24. september 2020

Halldór Oddsson.

Til vara: Magnús M. Norðdahl

Skipunartími: 8. október 2024

Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt

Tilnefning 20. nóvember 2019

Magnús M. Norðdahl

Til vara: Halla Gunnarsdóttir

Skipunartími: Ótilgreindur

Félagsdómur

Tilnefning: 21. nóvember 2019

Karl Ó. Karlsson.

Til vara: Eva Dís Pálmadóttir

Skipunartími: Desember 2023

Félagsdómur iðngreina

Fulltrúar ASÍ í Félagsdómi á grundvelli 3. mgr. 39. gr. laga nr. 80, 11. júní 1938. með síðari breytingum, en þar er m.a. vísað í 2. mgr. 44. gr. laganna.

Raf- og tækniiðngreinar:

Þórunn Stefanía Jónsdóttir. Til vara: Eiríkur Jónsson.

Málmiðnaðar- og vélstjórnargreinar:

Halldór Arnar Guðmundsson. Til vara: Jóhann Rúnar Sigurðarson.

Matvælaiðnaður og framreiðsla:

Óskar Hafnfjörð Gunnarsson. Til vara: Viktor Ragnar Þorvaldsson.

Bókagerðargreinar:
Heimir Örn Gunnarsson. Til vara: Erna Kristjánsdóttir.

Bílgreinar:
Helgi Ólafsson. Til vara: Erlendur K. Ólafsson.

Byggingariðnaður, garðyrkja, málun, bípulagnir, hársvyrtning og aðrar iðn greinar sem falla undir iðnaðarlög og ekki eru nefndar hér að framan:
Heimir Kristinsson. Til vara: Þorsteinn Kristmundsson.

Skipunartími: Desember 2023

Félagsmálaskóli alþýðu

Tilnefning: 6. september 2017 með síðari breytingum

Fulltrúi ASÍ í skólanefnd: Fríða Rós Valdimarsdóttir.

Til vara: Hilmar Harðarson

Fulltrúar Menningar- og fræðslusambands alþýðu – MFA – í skólanefnd
Félagsmálaskóla alþýðu

Kristján Þórður Snæbjarnarson, Kolbeinn Gunnarsson, Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir og Kristín M. Björnsdóttir.

Til vara: Guðni Gunnarsson, Áðalsteinn Baldursson, Katrín Jónsdóttir og Ingibjörg Ósk Birgisdóttir.

Skipunartími: 30. október 2021

Nefnd um heildarendurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar

Tilnefning 23. nóv 2020

Halla Gunnarsdóttir

Verkefnastjórn um ráðgjafarstofu fyrir innflytjendur

Tilnefning 7. janúar 2021

Guðrún Margrét Guðmundsdóttir

Til vara: Aleksandra Leonardsdóttir

Skipunartími: Ótilgreindur

Nefnd um móturn vinnuverndarstefnu

Tilnefning: 20. ágúst 2014

Björn Águst Sigurjónsson. Hjörðís Þóra Sigurþórsdóttir

Skipunartími: Ótilgreindur

Nefnd um gerð og hagnýtingu tölfræðigagna um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum

Tilnefning: 21. ágúst 2019

Pórir Gunnarsson

Skipunartími: Ótilgreindur

Nefnd um réttindi starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)

Tilnefning: 3. október 2018

Viðar Porsteinsson.

Skipunartími: Ótilgreindur

Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd

Tilnefning: 8. september 2010

Að höfðu samráði við BSRB og BHM ákvað miðstjórn ASÍ að skipa Björn Ágúst Sigurjónsson sem fulltrúa samtaka launafólks. Til vara: Helga Jónsdóttir frá BSRB

Skipunartími: Ótilgreindur

Samráðshópur um breytt framfærslukerfi almannatryggings

Tilnefning: 9. mars 2018

Að höfðu samráði við önnur samtök launafólks var Henny Hinz skipuð fulltrúi samtaka launafólks. Til vara: Georg Brynjarsson frá BHM

Skipunartími: Ótilgreindur

Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið

Tilnefning: Desember 2020

Halla Gunnarsdóttir

Til vara: Magnús M. Norðdahl

Skipunartími: Ótilgreindur

Samstarfsnefnd um atvinnuréttindi útlendinga

Tilnefning: 21. febrúar 2007

Halla Gunnarsdóttir

Skipunartími: Ótilgreindur

Starfshópur um tillögur að aðgerðum fyrir heimilin vegna Covid-19

Tilnefning 16. desember 2020

Ragnar Pór Ingólfsson

Skipunartími: Ótímbundið

Starfshópur um heildarendurskoðun laga um fæðingar- og foreldraorlof

Tilnefning: 28. ágúst 2019

Halldór Oddsson

Skipunartími: Haustmánuðir 2020

Stjórn Húsnaðismálasjóðs

Tilnefning: 9. janúar 2019

Magnús M. Norðdahl. Til vara: Arna Jakobína Björnsdóttir (BSRB)

Skipunartími: Byrjun árs 2021

Stjórn Vinnuverndarstofnunar Evrópu - áheyrnarfulltrúi

Tilnefning: 8. september 2010

Að höfðu samráði við BSRB og BHM ákvað miðstjórn ASÍ að skipa Björn Águst Sigurjónsson. Til vara: Helga Jónsdóttir (BSRB)

Skipunartími: Ótilgreindur

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Tilnefning: 17. september 2014

Árni Leósson. Til vara: Halldór Oddsson

Skipunartími: Águst 2018

Velferðarvaktin

Tilnefning: 18. september 2019

Sólveig Anna Jónsdóttir.

Varamaður: Eyþór P. Árnason.

Skipunartími: Ótilgreindur

Vinnumarkaðsráð

Tilnefning: 7. janúar 2020

Vinnumarkaðsráð höfuðborgarsvæðisins

Sara S. Öldudóttir. Varamaður: Björn Águst Sigurjónsson.

Vinnumarkaðsráð Vesturlands

Daði Jørgensen. Varamaður: Anna Ágústa Halldórsdóttir.

Vinnumarkaðsráð Vestfjarða

Agnieszka Tyka. Varamaður: Hrund Karlsdóttir.

Vinnumarkaðsráð Norðurlands vestra

Aðalbjörg Valdimarsdóttir. Varamaður: Þórarinn Sveinsson.

Vinnumarkaðsráð Norðurlands eystra
Heimir Kristinsson. Varamaður: Svava Árnadóttir.

Vinnumarkaðsráð Austurlands
Porkell Kolbeins. Varamaður: Sigurbjörgu Kristmundsdóttir.

Vinnumarkaðsráð Suðurlands
Halldóra Sveinsdóttir. Varamaður: Gils Einarsson.

Vinnumarkaðsráð Suðurnesja
Guðbjörg Kristmundsdóttir. Varamaður: Bryndís Kjartansdóttir.

Skipunartími: Desember 2023

Vinnueftirlit ríkisins

Tilnefning: 6. nóvember 2019
Björn Águst Sigurjónsson og Hjörðís Þóra Sigurþórsdóttir
Til vara: Sara S. Öldudóttir
Skipunartími: Desember 2023

Vinnumálastofnun

Tilnefning: 22. ágúst 2018
Drífa Snædal og Björn Snæbjörnsson
Til vara: Kristín María Björnsdóttir og Finnbjörn A. Hermannsson
Skipunartími: Ágúst 2022

Þríhliða nefnd um ILO

Tilnefning: 2005
Magnús M. Norðdahl
Skipunartími: Ótilgreindur

Þing 109 Alþjóðavinnumálastofnunarinnar 2020

Tilnefning: 18. mars 2020
Magnús M. Norðdahl.
Til vara: Trausti Jörundarson.
Skipunartími: Fram að þungi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar 2021

Samstarfsnefnd um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar

Tilnefning 31. mars 2021
Magnús M. Norðdahl
Til vara: Sara S. Öldudóttir

Forsætisráðuneytið

Jafnréttisráð

Tilnefning: 10. janúar 2018

Maríanna Traustadóttir. Til vara: Jóhann R. Sigurðsson.

Skipunartími: Fram yfir alþingiskosningar 2021

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur

Tilnefning: 1. mars 2017

Halldór Oddsson. Til vara: Magnús M. Norðdahl

Skipunartími: 3 ár

Vísinda- og tækniráð

Tilnefning: 3. október 2018

Eyrún Valsdóttir og Róbert Farestveit

Til vara: Finnbjörn A. Hermannsson og Kristján Þórður Snæbjarnarson

Skipunartími: 3 ár

Ráðgjafarnefnd um vísitölu neysluverðs

Auður Alfa Ólafsdóttir. Til vara: Róbert Farestveit

Skipunartími: Ótilgreindur

Starfshópur um endurmat á störfum kvenna

Tilnefning 5. nóv. 2020

Drifa Snædal

Til vara: Halldór Oddsson

Skipunartími til ágúst 2021

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Stjórn Fræðslusjóðs

Tilnefning: 16. desember 2020

Finnbogi Sveinbjörnsson og Eyrún Björk Valsdóttir

Til vara: Stefán Sveinbjörnsson og Hilmar Harðarson

Skipunartími: Byrjun árs 2023

Höfundarréttarráð

Tilnefning: 6. júní 2018

Magnús M. Norðdahl

Skipunartími: Til 2022

Samráðshópur um nám fullorðinna

Tilnefning: 20. desember 2017

Eyrún Valsdóttir

Skipunartími: Ótilgreindur

Samstarfsráð um fagháskólanám

Tilnefning: 9. janúar 2019

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Skipunartími: Tímabundið verkefni

Verkefnisstjórnum fagháskólanám

Tilnefning: 9. janúar 2019

Finnbjörn A. Hermannsson

Skipunartími: Tímabundið verkefni

Starfsgreinaráð skv. lögum um framhaldsskóla

Tilnefningar Alþýðusambands Íslands í starfsgreinaráð skv. 24. laga um framhaldsskóla.

Starfsgreinaráð bygginga- og mannvirkjagreina:

Vilhjálmur Pór Grétarsson

Finnbjörn A. Hermannsson

Ólafur Sævar Magnússon

Varamenn Vilhjálms, Finnbjörns og Ólafs:

Heimir P. Kristinsson

Hallgrímur Gunnar Magnússon

Helgi Pálsson

Starfsgreinaráð samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina:

Hilmar Harðarson

Helgi Ólafsson

Pórarinn Sverrisson

Varamenn Hilmars og Helga:

Jóhann R. Sigurðsson

Birgir Ö Guðmundsson

Varamaður Pórarins:

Árni Steinar Stefánsson

Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina:
Sigurrós Kristinsdóttir
Til vara:
Árni Steinar Stefánsson

Starfsgreinaráð hönnunar- og handverksgreina:
Sveinn Guðnason
Porbjörn Guðmundsson
Guðrún Elín Pálsdóttir
Varamenn Sveins og Porbjarnar:
Guðrún Katrín Bryndíssardóttir
Sigurður Björnsson
Varamaður Guðrúnar:
Drífa Snædal

Starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og ferðapjónustugreina:
Benóný Valur Jakobsson
Finnbogi Sveinbjörnsson
Óskar Hafnfjörd Gunnarsson
Varamaður Benónýs:
Selma Kristjánsdóttir
Varamaður Finnboga:
Drífa Snædal
Varamaður Óskars:
Stefán Einar Jónsson

Starfsgreinaráð málm-, véltækni- og framleiðslugreina:
Halldór Arnar Guðmundsson
Vignir Eyþórsson
Logi Hermann Halldórsson
Kolbeinn Gunnarsson
Varamenn Halldórs og Vignis:
Sigurður Gunnar Kristinsson
Guðni Gunnarsson
Varamaður Loga:
Einar Gunnarsson
Varamaður Kolbeins:
Sigurey Agatha Ólafsdóttir

Starfsgreinaráð rafiðngreina:

Svanborg Hilmarsdóttir

Bjarni Þór Ólafsson

Jón Ingi Skúlason Öfjörð

Til vara:

Þórunn S. Jónsdóttir

Jakob Tryggvason

Stefán Sveinsson

Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina:

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Eiður Stefánsson

Varamenn Sólveigar og Eiðs:

Teitur Lárusson

Kristín M. Björnsdóttir

Starfsgreinaráð snyrtigreina:

Lilja K. Sæmundsdóttir

Til vara: Sigríður Hannesdóttir

Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina:

Heimir Janusarson

Halldóra Sveinsdóttir

Varamaður Heimis:

Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir

Varamaður Halldóru:

Drífa Snædal

Starfsgreinaráð upplýsinga- og fjölmíðlagreina:

Georg Páll Skúlason

Kalman le Sage de Fontenay

Til vara:

Hrafnhildur Ólafsdóttir

Hrönn Jónsdóttir

Starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina:

Halldór Arnar Guðmundsson

Aðalsteinn Baldursson

Varamaður Halldórs:

Valmundur Valmundarson

Varamaður Aðalsteins:
Árni Steinar Stefánsson

Stjórn vinnustaðanámssjóðs

Tilnefning: 18. júní 2021

Hilmar Harðarson. Til vara: Lilja Sæmundsdóttir
Skipunartími: Júní 2025

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Loftslagsráð

Tilnefning: 6. janúar 2021

Auður Alfa Ólafsdóttir.

Til vara: Heimir Björn Janusarson

Skipunartími: Maí 2022

Umhverfisviðurkenning á Degi umhverfisins

Tilnefning: 19. febrúar 2020

Heimir Björn Janusarson

Skipunartími: Fram yfir Dag umhverfisins 2021

Utanríkisráðuneytið

Ráðgjafarnefnd EFTA

Halldór Oddsson. Til vara Magnús M. Norðdahl.

Skipunartími: Ótilgreindur.

Samráðsnefnd utanríkisráðuneytisins um alþjóðaviðskipti

Tilnefning: 19. febrúar 2003, uppfært

Halldór Oddsson

Skipunartími: Ótilgreindur

Þróunarsamvinnunefnd

Tilnefning: 7. janúar 2021

Aðalmaður: Guðrún Margrét Guðmundsdóttir

Til vara: Valmundur Valmundsson

Skipunartími: Ótilgreindur

Samstarfsverkefni með stjórnvöldum og hagsmunasamtökum *Bjarg - íbúðafélag*

